# SKÝRSLA ÓBYGGÐANEFNDAR

## FYRIR ÁRIÐ 2007









ÓBYGGÐANEFND

# SKÝRSLA
# ÓBYGGÐANEFNDAR

fyrir árið 2007

# SKÝRSLA

# ÓBYGGÐANEFNDAR

fyrir árið 2007

ÓBYGGÐANEFND

**Skipan óbyggðanefndar árið 2007:**

Kristján Torfason fyrrverandi dómstjóri, formaður
Karl Axelsson hæstaréttarlögmaður, varaformaður
Allan Vagn Magnússon héraðsdómari

**Varamenn**:

Benedikt Bogason héraðsdómari
Halldór Jónsson hæstaréttarlögmaður (veitt lausn á árinu)
Sif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri
Hulda Árnadóttir héraðsdómslögmaður (skipuð á árinu)

**Ritarar:**

Kristín María Gunnarsdóttir lögfræðingur
Guðjón Ármannsson lögfræðingur

Umbrot og prentun: Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja

Forsíðumyndir: Snæfell, Brúaröræfi og Smjörfjöll © Mats Wibe Lund – www.mats.is
Garðsdalur; Hermundarfell t.v. og Flautafell t.h. © Hjörleifur Guttormsson

1. prentun, janúar 2010

Útgefandi: Óbyggðanefnd

# Efnisyfirlit

**Formáli** . . . . . . . . . . 7

**Yfirlitskort um stöðu þjóðlendumála á landinu öllu** . . . . . . . . . . 10

**Úrskurður í máli nr. 1/2005, Fljótsdalur og Jökuldalur austan Jökulsár á Jökuldal**
Niðurstaða óbyggðanefndar var að sá hluti Vatnajökuls sem til umfjöllunar var í málinu var úrskurðaður þjóðlenda. Landsvæðin Vesturöræfi, Rani, Undir Fellum, Múli, Suðurfell og Villingadalur voru úrskurðuð þjóðlendur í afréttareign tiltekinna jarða. Öðrum þjóðlendukröfum íslenska ríkisins í málinu var hafnað þar sem ágreiningssvæðin voru talin eignarlönd, innan marka jarða. . . . . . . . . . . 13

**Úrskurður í máli nr. 2/2005, Jökuldalur norðan og vestan Jökulsár á Jökuldal ásamt Jökulsárhlíð**
Sá hluti Vatnajökuls sem til umfjöllunar var í málinu var úrskurðaður þjóðlenda. Landsvæði norðan Þjóðfells var úrskurðað þjóðlenda. Brúaröræfi, sunnan Álftadyngju og að Vatnajökli, samkvæmt tiltekinni afmörkun, voru úrskurðuð þjóðlenda í afréttareign Brúar. Öðrum þjóðlendukröfum íslenska ríkisins í málinu var hafnað þar sem ágreiningssvæðin voru talin eignarlönd, innan marka jarða. . . . . . . . 241

**Úrskurður í máli nr. 3/2005, Vopnafjarðarhreppur**
Landsvæði vestan vatnaskila, upp af jörðunum Hvammsgerði, Hróaldsstöðum, Áslaugarstöðum, Þorvaldsstöðum og Hamri, voru úrskurðuð þjóðlendur í afréttareign jarðanna. Mælifell, Selsárvellir, Steinvarartunga og Þorbrandsstaðatungur voru úrskurðuð þjóðlendur í afréttareign tiltekinna jarða. Afréttur Vopnafjarðarhrepps var úrskurðaður þjóðlenda og afréttur. Þjóðlendukröfum á Smjörfjallasvæði var hafnað sem og öðrum þjóðlendukröfum íslenska ríkisins í málinu þar sem ágreiningssvæðin voru talin eignarlönd, innan marka jarða. . . . . . . . . . 467

**Úrskurður í máli nr. 4/2005, Svalbarðshreppur, Þórshafnarhreppur og Skeggjastaðahreppur**
Heiðarmúli var úrskurðaður þjóðlenda. Vatnsendi og afréttir Þórshafnarhrepps og Svalbarðshrepps voru úrskurðaðir þjóðlendur og afréttir. Þverfellsland og Hvappur og land sunnan tiltekinna merkja, innan kröfusvæða eigenda jarðanna Laxárdals, Hvamms, Syðralóns, Kverkártungu, Miðfjarðar, Gunnarsstaða og Þorvaldsstaða voru úrskurðuð þjóðlendur í afréttareign tiltekinna jarða. Öðrum þjóðlendukröfum íslenska ríkisins í málinu var hafnað þar sem ágreiningssvæðin voru talin eignarlönd, innan marka jarða. . . . . . . . . . 727

**Úrskurður í máli nr. 5/2005, Öxarfjarðarhreppur**
Afréttarland á Hólsfjöllum, Hvannstaðir og landsvæði norðaustan Grímsstaða voru úrskurðuð þjóðlendur og afréttur tiltekinna jarða. Öðrum þjóðlendukröfum íslenska ríkisins í málinu var hafnað þar sem ágreiningssvæðin voru talin eignarlönd, innan marka jarða. . . . . . . . . . 973

**Kort af þjóðlendulínu á Norðausturlandi sbr. úrskurði óbyggðanefndar í málum nr. 1–5/2005** . . . . . . . . . . 1097

**Ítarlegt efnisyfirlit** . . . . . . . . . . 1099

# FORMÁLI

Skýrsla óbyggðanefndar kemur nú út í fimmta sinn og tekur til ársins 2007. Birtast þá á prenti úrskurðir í málum nr. 1–5/2005 á Norðausturlandi (svæði 5 hjá óbyggðanefnd), sem kveðnir voru upp 29. maí 2007. Nánar tiltekið er um að ræða niðurstöður óbyggðanefndar í ágreiningi annars vegar íslenska ríkisins og hins vegar gagnaðila þess um eignarréttarlega stöðu tiltekinna landsvæða í Öxarfjarðarhreppi, Svalbarðshreppi, Þórshafnarhreppi, Skeggjastaðahreppi, Vopnafjarðarhreppi, Norður-Héraði, Fellahreppi og Fljótsdalshreppi. Þess skal getið að úrskurðir þessir hafa verið aðgengilegir á heimasíðu óbyggðanefndar frá uppkvaðningardegi.

Auk umræddra fimm úrskurða voru helstu verkefni ársins umfjöllun um mál nr. 1–5/2007 á austanverðu Norðurlandi (svæði 6) og undirbúningur mála á vestanverðu Norðurlandi (svæði 7A). Að því er varðar skipan óbyggðanefndar varð sú breyting þar á að Halldóri Jónssyni, varamanni, var veitt lausn að eigin ósk og Hulda Árnadóttir var skipuð í hans stað. Á skrifstofu óbyggðanefndar störfuðu Sif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri, Kristín María Gunnarsdóttir lögfræðingur, Guðjón Ármannsson lögfræðingur (lét af störfum snemma árs), og Ingibjörg Marta Bjarnadóttir landfræðingur, auk tveggja laganema hluta ársins, þeirra Valborgar Steingrímsdóttur og Þorsteins Magnússonar.

Að því er varðar framvindu verkefna á svæðum 6 og 7 ber þess fyrst að geta að kröfur fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, um þjóðlendur á austanverðu Norðurlandi (svæði 6) bárust í nóvember 2006 og kröfur gagnaðila íslenska ríkisins í mars 2007. Kynningu á heildarkröfum lauk sumarið 2007. Ákveðið var að skipta svæðinu í fimm mál og fóru fyrstu fyrirtökur fram um vorið. Málin taka til tiltekinna landsvæða í Grýtubakkahreppi, Svalbarðsstrandarhreppi, Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppi, Aðaldælahreppi, Tjörneshreppi og þess hluta Norðurþings sem áður tilheyrði sveitarfélögunum Húsavíkurkaupstað og Kelduneshreppi. Þá fellur til þess svokölluð Krepputunga, en hún var á sínum tíma skilin frá svæði 5 hjá óbyggðanefnd.

Í mars 2007 tók óbyggðanefnd til umfjöllunar vestanvert Norðurland, (svæði 7), nánar tiltekið landsvæði í sveitarfélögum Eyjafjarðar-, Skagafjarðar- og Austur-Húnavatnssýslna, austan Blöndu, ásamt Hofsjökli. Síðari hluta ársins var svæði 7 skipt upp í tvennt og syðri hlutinn (7A) tekinn til umfjöllunar. Fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, var veittur frestur til ársloka til að lýsa kröfum ríkisins um þjóðlendur á svæðinu en sá frestur var síðar framlengdur.

Á árinu 2007 voru kveðnir upp í Hæstarétti fimmtán dómar sem vörðuðu tiltekin þjóðlendumál á svæði 3 (sveitarfélög Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu). Í þremur þessara mála reyndi fremur á reglur um einkamálaréttarfar og málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd en efnislegt mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða. Þetta eru nánar tiltekið dómur frá 16. janúar 2007 í máli nr. 650/2006 (Skaftártunguafréttur), dómur frá 31. janúar 2007 í máli nr. 2/2007 (Hólatungur og Borgartungur) og dómur frá 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (vestasti hluti Rangárvallaafréttar). Í síðastnefnda dómnum er áréttuð sú afstaða réttarins að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verði að leysa úr máli á þeim grundvelli. Mikilvægt er þannig að málsaðilar vandi til kröfugerðar sinnar fyrir nefndinni.

Í tólf af áðurnefndum fimmtán dómsmálum reyndi á heimildamat og sönnunarkröfur við úrlausn um eignarréttarlega stöðu landsvæða. Nánar tiltekið er hér um að ræða þrjá dóma réttarins frá 16. maí 2007, þ.e. í málum nr. 448/2006 (Stórhöfði), nr. 536/2006 (Hvítmaga) og nr. 24/2007 (Skógafjall); fimm dóma frá 14. júní, þ.e. í

málum nr. 22/2007 (Þórsmörk og Goðaland), nr. 23/2007 (Steinsholt), nr. 25/2007 (Almenningar), nr. 26/2007 (Merkurtungur) og nr. 28/2007 (Stakkholt) og loks fjóra dóma frá 4., 11. og 18. október, í málum nr. 27/2007 (Fljótshlíðarafréttur), nr. 99/2007 (Skaftártunguafréttur), nr. 47/2007 (Núpsstaður o.fl.) og nr. 79/2007 (Mörtunga og Prestbakkajarðir).

Í framangreindum tólf dómum um efnisleg atriði var niðurstaða óbyggðanefndar staðfest í níu tilvikum en hnekkt í þremur tilvikum. Þannig dæmdi Hæstiréttur eignarland í Stórhöfða, Skógafjalli og Hvítmögu en óbyggðanefnd hafði úrskurðað að þar væru þjóðlendur. Önnur af framangreindum landsvæðum voru dæmd þjóðlendur og úrskurðir óbyggðanefndar staðfestir í meginatriðum.

Sex af framangreindum fimmtán dómum frá árinu 2007 lágu fyrir þegar óbyggðanefnd kvað upp úrskurði þá sem ársskýrsla þessi inniheldur. Þrír þeirra fjölluðu um heimildamat og sönnunarkröfur og urðu óbyggðanefnd tilefni til sérstakrar athugunar á því hvort ástæða væri til að herða sönnunarkröfur til landamerkjabréfa jarða. Niðurstaðan var sú að svo væri ekki en um þetta efni er nánar fjallað í kafla 6.1.1. í úrskurðunum fimm.

Frá uppkvaðningu úrskurða vorið 2007 og fram til ársloka gengu í Hæstarétti níu dómar í þjóðlendumálum til viðbótar. Úrlausnir réttarins voru annars vegar fremur til staðfestingar á þeirri niðurstöðu um sönnunarkröfur og landamerkjabréf jarða sem áður greindi og hins vegar tilefni til athugunar á samhengi eldri og yngri dóma um eignarréttarlega stöðu tiltekinna afrétta einstakra jarða og/eða stofnana. Kom þar sérstaklega til athugunar hvort ástæða væri til breytinga á sönnunarmati óbyggðanefndar í sambærilegum tilvikum. Niðurstaðan var sú að svo væri ekki en um þetta efni er nánar fjallað í kafla 6.1.3. í úrskurðum frá 6. júní 2008 í málum nr. 1-5/2007 (svæði 6).

Umsjón með útgáfu þessa rits hefur verið í höndum Kristínar Maríu Gunnarsdóttur, lögfræðings og skrifstofustjóra hjá óbyggðanefnd. Færi ég henni bestu þakkir fyrir framlag hennar.

Reykjavík, 15. desember 2009

*Kristján Torfason*


YFIRLITSKORT UM STÖÐU ÞJÓÐ
SVÆÐI 10
VESTFIRÐIR
SVÆÐI 7b
VESTANVERT
NORÐURLAND
(NYRÐRI HLUTI)
TRÖLLASKAGI NORÐAN
ÖXNADALSHEIÐAR
SVÆÐI 8a
NORÐVESTURLAND
HÚNAVATNSSÝSLA
VESTAN BLÖNDU
ÁSAMT SKAGA
SVÆÐI 9
VESTURLAND
SNÆFELLSNESSÝSLA,
DALASÝSLA, BÆJAR- OG
BRODDANESHREPPUR
SVÆÐI
VESTANVERT NOR
(SYÐRI HLUTI
VESTAN FNJÓSKÁR OG AU
SVÆÐI 8b
MÝRAR- OG
BORGARFJARÐARSÝSLA
SVÆÐI 1
UPPSVEITIR
ÁRNESSÝSLU
SVÆÐI 4
SUÐVESTURLAND
SUNNAN HVALFJARÐARBOTNS,
EFSTU JARÐA Í ÁRNESSÝSLU
OG VESTAN ÞJÓRSÁR
SVÆÐ
RANGÁRVALLA
VESTUR-SKAFTAI
ÓBYGGÐANEFND
ÞJÓÐLENDUMÁL
Grunnkort: Birt með leyfi Landmælinga Íslands (L02030013)

# ÐLENDUMÁLA Á LANDINU ÖLLU




Málsmeðferð lokið og úrskurðir kveðnir upp

Málsmeðferð á lokastigi og úrskurða að vænta

Málsmeðferð hafin

Málsmeðferð ekki hafin

LANDFORM ehf

# ÚRSKURÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

**mál nr. 1/2005**
**Fljótsdalur og Jökuldalur**
**austan Jökulsár á Jökuldal**

ÓBYGGÐANEFND

## EFNISYFIRLIT


**1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD ..... 17**

**2. MÁLSMEÐFERÐ ..... 18**

2.1. Hlutverk óbyggðanefndar ..... 18
2.2. Norðausturland tekið til umfjöllunar ..... 18
2.3. Lýstar kröfur og kynning ..... 19
2.4. Mál nr. 1/2005, Fljótsdalur og Jökuldalur austan Jökulsár á Jökuldal ..... 20

**3. KRÖFUGERÐ ..... 21**

3.1. Kröfur íslenska ríkisins ..... 21
*3.1.1. Þjóðlenda ..... 21*
*3.1.2. Skriðuklaustur ..... 22*
*3.1.3. Aðalból ..... 22*
*3.1.4. Þuríðarstaðir ..... 23*
*3.1.5. Egilsstaðir ..... 23*
*3.1.6. Kleif ..... 23*
*3.1.7. Sturluflöt ..... 23*
3.2. Kröfur Hallgríms Þórhallssonar og Önnu Bryndísar Tryggvadóttur, ábúenda, vegna Skriðuklausturs ..... 24
3.3. Kröfur Fljótsdalshrepps um afréttarnýtingu Rana og undir Fellum, innan lands Skriðuklausturs ..... 24
3.4. Kröfur Prestasetrasjóðs vegna Valþjófsstaðar ..... 25
3.5. Kröfur Gísla Pálssonar og Sigurðar Ólafssonar, ábúenda Aðalbóls, vegna Vesturöræfa ..... 26
3.6. Kröfur Aðalsteins Aðalsteinssonar, eiganda Vaðbrekku, vegna Vesturöræfa ..... 26
3.7. Kröfur Fljótsdalshrepps um afréttarnýtingu Undir Fellum, á Vesturöræfum og Rana, utan lands Skriðuklausturs ..... 26
3.8. Kröfur Hallgríms Kjartanssonar vegna Glúmsstaðasels og Múla ..... 27
3.9. Kröfur Hallgríms Kjartanssonar og fleiri vegna Glúmsstaða I-II og Múla ..... 27
3.10. Kröfur Þórarins Þórhallssonar og Gísla Guðmundssonar f.h. db. Þórhalls Björgvinssonar vegna Þorgerðarstaða og Múla ..... 28
3.11. Kröfur Fljótsdalshrepps um afréttarnýtingu Múla ..... 28
3.12. Kröfur Fljótsdalshrepps um afréttarnýtingu Suðurfells ..... 29
3.13. Kröfur Sveins Ingimarssonar, ábúanda, vegna Sturluflatar og Suðurfells ..... 29
3.14. Kröfur Gunnþórunnar Ingólfsdóttur og Jósefs Valgarðs Þorvaldssonar, eigenda Víðivalla fremri, vegna Villingadals ..... 30

**4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN ..... 31**

4.1. Inngangur ..... 31
4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar ..... 31
4.3. Vettvangsferð ..... 32
4.4. Skýrslutökur ..... 33

**5. SAGA JARÐA OG ANNARRA LANDSVÆÐA ..... 34**

5.1. Landnám ..... 34
5.2. Skriðuklaustur ..... 35
5.3. Brattagerði og Þorskagerði ..... 44
5.4. „Valþjófsstaðarkirkjueign“ ..... 47
5.5. Glúmsstaðir, Glúmsstaðasel og Múlaafréttur ..... 64
5.6. Þorgerðarstaðir og Múlaafréttur ..... 67
5.7. Víðivellir fremri, Víðivallagerði og Villingadalur ..... 70
5.8. Sturluflöt ..... 73
5.9. Afréttarlönd almennt ..... 76

**6. NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR ..... 84**

6.1. Almenn atriði og dómafordæmi í þjóðlendumálum ..... 84
*6.1.1. Gildi landamerkjabréfa jarða ..... 85*

*6.1.2. Heiðarbýli á Norðausturlandi ... 87*
6.2. Landnám ... 89
6.3. Skriðuklaustur ... 89
*6.3.1. Almenn atriði ... 89*
*6.3.2. Sjónarmið aðila ... 90*
*6.3.3. Jörðin Skriða og afréttarlönd í Rana og Undir Fellum ... 92*
*6.3.4. Afmörkun Skriðuklausturs, Rana og Undir Fellum ... 94*
*6.3.5. Eyðibýli í Rana, innan merkja Skriðuklausturs ... 97*
*6.3.6. Niðurstaða ... 98*
6.4. „Valþjófsstaðarkirkjueign“ ... 102
*6.4.1. Almenn atriði ... 102*
*6.4.2. Sjónarmið aðila ... 103*
*6.4.3. Skipting „Valþjófsstaðarkirkjueignar“ ... 105*
*6.4.4. „Heimaland“ ... 108*
*6.4.5. „Undir Fellum“ ... 111*
*6.4.6. „Rani“ ... 113*
*6.4.7. Vesturöræfi ... 115*
*6.4.8. Niðurstaða ... 116*
6.5. Múli (Glúmsstaðir, Glúmsstaðasel og Þorgerðarstaðir) ... 120
*6.5.1. Inngangur ... 120*
*6.5.2. Sjónarmið aðila ... 121*
*6.5.3. Niðurstaða ... 124*
6.6. Suðurfell ... 129
*6.6.1. Inngangur ... 129*
*6.6.2. Sjónarmið aðila ... 130*
*6.6.3. Niðurstaða ... 132*
6.7. Villingadalur ... 137
*6.7.1. Inngangur ... 137*
*6.7.2. Sjónarmið aðila ... 138*
*6.7.3. Niðurstaða ... 139*
6.8. Sturluflöt ... 142
*6.8.1. Inngangur ... 142*
*6.8.2. Sjónarmið aðila ... 143*
*6.8.3. Niðurstaða ... 143*
6.9. Hluti Vatnajökuls ... 145
6.10. Um málskostnað ... 146

**7. ÚRSKURÐARORÐ ... 147**

**VIÐAUKI**
Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

**FYLGISKJÖL**
I. Kort
II. Aðila- og eigendaskrá
III. Skjalaskrá

## 1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Þriðjudaginn 29. maí 2007 er tekið fyrir mál nr. 1/2005, Fljótsdalur og Jökuldalur austan Jökulsár á Brú, og í því kveðinn upp svohljóðandi

**ÚRSKURÐUR**

Úrskurð þennan kveða upp Kristján Torfason, formaður óbyggðanefndar, og nefndarmennirnir Allan V. Magnússon og Sif Guðjónsdóttir.

Aðilar málsins eru:[1]
Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna og jarðanna, Aðalbóls, Egilsstaða, Kleifar, Skriðuklausturs, Sturluflatar og Þuríðarstaða.
(Andri Árnason hrl.)
Hallgrímur Kjartansson vegna Glúmsstaðasels og Múla.
Dánarbú Þórhalls Björgvinssonar vegna Þorgerðarstaða og Múla.
Gunnþórunn Ingólfsdóttir og Jósef Valgarður Þorvaldsson, Víðivöllum fremri, vegna Villingadals.
Aðalsteinn Aðalsteinsson, Vaðbrekku, vegna Vesturöræfa
Hallgrímur Þórhallsson og Anna B. Tryggvadóttir (ábúendur) vegna Skriðuklausturs.
Sveinn Ingimarsson (ábúandi) vegna Sturluflatar og Suðurfells.
Hallgrímur Kjartansson og fleiri vegna Glúmsstaða I–II og Múla.
Gísli Pálsson og Sigurður Ólafsson (ábúendur Aðalbóls) vegna Vesturöræfa.
Fljótsdalshreppur vegna afréttarnýtingar Múla.
Fljótsdalshreppur vegna afréttarnýtingar Suðurfells.
Fljótsdalshreppur vegna afréttarnýtingar Undir Fellum, á Vesturöræfum og Rana utan marka Skriðuklausturs.
Fljótsdalshreppur vegna afréttarnýtingar Rana og Undir Fellum innan marka Skriðuklausturs.
(Friðbjörn Garðarsson hdl.)
Prestssetrasjóður vegna Valþjófsstaðar.
(Ólafur Björnsson hrl.)

[1] Sjá nánar í aðilaskrá (fylgiskjal II).

# 2. MÁLSMEÐFERÐ

## 2.1. Hlutverk óbyggðanefndar

Hinn 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, sbr. einnig lög um breytingar á þeim, nr. 65/2000, 7/2005 og 19/2006. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr.:

a) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
b) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
c) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og úrskurðir óbyggðanefndar fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

## 2.2. Norðausturland tekið til umfjöllunar

Með bréfi, dagsettu 1. mars 2004, tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra þá ákvörðun sína að taka til umfjöllunar tiltekið landsvæði á Norðausturlandi, sbr. 8., 11. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Landsvæði þetta, hið fimmta í röðinni hjá óbyggðanefnd, var að vestanverðu afmarkað af meginfarvegi Jökulsár á Fjöllum, allt frá Jökulsárósi í Öxarfirði og að aðalupptökum árinnar í Dyngjujökli. Þaðan er jaðri Dyngjujökuls fylgt þar til komið er vestur undir Kverkfjöll í Hveradal og þaðan er dregin lína áfram í suður, til skurðar við línu þá á Vatnajökli sem afmarkar svæðið til suðurs.

Hér ber þess að geta að framangreindum vesturmörkum var síðar breytt að því leyti að svokölluð Krepputunga, austan Jökulsár á Fjöllum og vestan Kreppuár, var skilin undan svæðinu, sbr. 8. gr. laga nr. 58/1998.[2]

Að austan afmarkast svæðið af farvegi Lagarfljóts, allt frá ósum þess á Héraðssandi þangað sem Gilsá rennur í það. Síðan fylgja mörk svæðisins Gilsá og austurmörkum Fljótsdalshrepps við Austur-Hérað, Djúpavogshrepp og Sveitarfélagið Hornafjörð.

Framangreind afmörkun til austurs endar í Geldingafelli. Þaðan er dregin lína til suðvesturs inn á Vatnajökul, yfir hnjúk í 1438 m hæð og áfram í Grendil, þaðan í nafnlausan hnjúk skammt sunnan Grendils, áfram yfir Goðahnjúka og í miðja Breiðabungu og loks í stefnu á Svíahnjúk eystri til skurðar við framangreind vesturmörk. Afmörkun á Vatnajökli byggir á markalínum þeim sem samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendis Íslands hefur notað við vinnu sína.

Að norðan afmarkast svæðið af hafi.

---

[2] Sjá bókun í fundargerð 2. fyrirtöku í máli nr. 2/2005.

Fjármálaráðherra var veittur frestur til 1. ágúst 2004 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á þessu svæði, væri um slíkar kröfur að ræða. Sýslumönnum og fyrirsvarsmönnum viðkomandi sveitarfélaga, þ.e. Öxarfjarðarhrepps, Raufarhafnarhrepps, Svalbarðshrepps, Þórshafnarhrepps, Skeggjastaðahrepps, Vopnafjarðarhrepps, Norður-Héraðs, Fellahrepps og Fljótsdalshrepps, var tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar og gerð grein fyrir framhaldinu.

Kröfulýsingarfrestur fjármálaráðherra var fyrst framlengdur til 15. október 2004 og síðar til 12. nóvember sama árs og með því orðið við rökstuddri beiðni ráðuneytisins.

## 2.3. Lýstar kröfur og kynning

Kröfulýsingar fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendur á Norðausturlandi bárust 11. nóvember 2004. Óbyggðanefnd birti tilkynningu um málsmeðferð á framangreindu svæði og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrætti, í *Lögbirtingablaðinu* 28. desember 2004, *Fréttablaðinu* 7. janúar 2005 og *Morgunblaðinu* 9. janúar, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 31. mars 2005. Þá kom fram að yfirlýsingu um kröfugerð og málsmeðferð yrði þinglýst á þær fasteignir á svæðinu sem skráðar væru í þinglýsingabók og málið varðaði, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Kröfur fjármálaráðherra voru gerðar aðgengilegar almenningi á skrifstofum sýslumanna á Seyðisfirði og Húsavík, auk sveitarfélaga á kröfusvæðum og heimasíðu óbyggðanefndar. Þá var málið kynnt í fjölmiðlum.

Frestur annarra til að lýsa kröfum á kröfusvæði ríkisins var framlengdur lítillega í þeim tilvikum að leitað var eftir slíku með rökstuddum hætti og bárust síðustu kröfulýsingar í maí 2005.

Gefið var út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og þær færðar inn á uppdrátt. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofum sýslumanna á Seyðisfirði og Húsavík, frá 25. maí til og með 30. júní 2005, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 11. júlí 2005. Framangreind kynningargögn voru jafnframt aðgengileg á skrifstofum viðkomandi sveitarfélaga, skrifstofu óbyggðanefndar og heimasíðu óbyggðanefndar. Vakin var athygli á kynningunni í fjölmiðlum. Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdafrests.

Fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins lagði fram kröfulýsingar um þjóðlendur á svæðinu í sex hlutum og níu kröfulýsingar vegna jarðeigna ríkisins. Á móti barst 101 kröfulýsing ýmissa aðila sem sumar sköruðust eða náðu til fleiri en eins landsvæðis.

## 2.4. Mál nr. 1/2005, Fljótsdalur og Jökuldalur austan Jökulsár á Jökuldal

Í júlí 2005 var lögmönnum aðila tilkynnt að óbyggðanefnd hefði ákveðið að skipta þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins niður í fimm mál, þ.e. mál nr. 1/2005, Fljótsdal og Jökuldal austan Jökulsár á Jökuldal; mál nr. 2/2005, Jökuldal norðan og vestan Jökulsár á Jökuldal ásamt Jökulsárhlíð; mál nr. 3/2005, Vopnafjarðarhrepp; mál nr. 4/2005, Svalbarðshrepp, Þórshafnarhrepp og Skeggjastaðahrepp og mál nr. 5/2005, Öxarfjarðarhrepp.

Mál nr. 1/2005 var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og forsvarsmanna málsaðila 17. ágúst 2005. Gerð var grein fyrir því að óbyggðanefnd skipuðu í málinu þeir Kristján Torfason formaður, Karl Axelsson og Allan Vagn Magnússon. Gefið var færi á athugasemdum en engar slíkar komu fram. Lögð voru fram skjöl málsins ásamt skjalaskrá og upplýst um ýmis atriði varðandi gagnaöflun. Skorað var á lögmenn að fara yfir umrædd atriði af sinni hálfu og gera hið fyrsta athugasemdir ef þeir teldu ástæðu til. Þá var vakin athygli á þinglýsingu athugasemdar um yfirstandandi þjóðlendumál á jarðir á ágreiningssvæði, skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, og óskað eftir að lögmenn gerðu umbjóðendum sínum grein fyrir því. Einnig var óskað eftir að lögmenn skiluðu umboðum hið fyrsta og gerð grein fyrir mikilvægi þess að lögmenn og óbyggðanefnd ynnu saman að því að þeir sem hagsmuna ættu að gæta gerðust aðilar að málinu. Enn fremur var sérstaklega vakin athygli á ákvæði 17. gr. þjóðlendulaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl. Þá var því beint til lögmanna að kanna hvort ljúka mætti málinu að einhverju eða öllu leyti með sátt, sbr. 15. gr. þjóðlendulaga. Jafnframt kom fram að í lok september væri fyrirhugað að skoða vettvang en þess ber að geta að sú ferð var síðar felld niður vegna óhagstæðs veðurs.

Við aðra fyrirtöku málsins, 20. desember 2005, var lögmönnum málsaðila kynnt sú breyting á skipan óbyggðanefndar í málinu að Halldór Jónsson tæki sæti Karls Axelssonar. Ekki var gerð athugasemd við þessa breytingu. Við sömu fyrirtöku var lögð fram greinargerð af hálfu íslenska ríkisins og fleiri gögn. Þá var öðrum málsaðilum veittur frestur til 1. mars 2006 til skila á greinargerðum. Við þriðju fyrirtöku málsins, 9. mars, voru síðan lagðar fram greinargerðir vegna fjölda jarða og fleiri gögn.

Aðalmeðferð fór fram dagana 20. og 24. júní 2006. Við upphaf hennar kom fram að Sif Guðjónsdóttir hefði tekið sæti Halldórs Jónssonar í málinu vegna búsetu hans erlendis. Sú breytta skipan óbyggðanefndar hafði verið kynnt lögmönnum fyrir aðalmeðferð og engar athugasemdir verið gerðar af því tilefni.

Fyrri dagur aðalmeðferðar hófst með skoðun vettvangs og að henni lokinni voru teknar skýrslur, sjá nánar í köflum 4.3 og 4.4. Laugardaginn 24. júní fór síðan fram munnlegur málflutningur á Hótel Héraði, Egilsstöðum. Við það tækifæri kom m.a. fram að lögmenn teldu ekki sáttagrundvöll í málinu, sbr. 1. mgr. 15. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998. Var málið tekið til úrskurðar að málflutningi loknum.

Við aðalmeðferð var einnig fært til bókar að þeim hluta Vatnajökuls sem til meðferðar væri í málum á svæði 5 hefði verið skipt á milli mála nr. 1/2005 og 2/2005. Sú skipting hefði verið kynnt lögmönnum, þeim gefinn frestur til athugasemda en engar slíkar komið fram. Sá hluti sem fjallað er um í máli þessu afmarkast svo: Frá upptökum Jökulsár á Jökuldal við jaðar Brúarjökuls er dregin lína til suðvesturs í miðja Breiðubungu og þaðan til norðausturs yfir Goðahnjúka í nafnlausan hnjúk skammt sunnan Grendils, áfram í Grendil, þaðan yfir hnjúk í 1438 m hæð og í Geldingafell. Suðurmerki byggja á markalínu sem samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendis Íslands hefur notað við vinnu sína.

Málið var endurupptekið 17. ágúst 2006 og lögð fram ný gögn. Þau höfðu áður verið kynnt lögmönnum og tækifæri gefið til athugasemda. Engar athugasemdir komu fram. Var málið síðan tekið til úrskurðar að nýju.

Málið var síðan endurupptekið að nýju 12. febrúar 2009 að beiðni ábúenda ríkisjarðarinnar Skriðuklausturs í tilefni þess að ný gögn höfðu komið fram sem vörðuðu landsvæðið Brattagerði.

## 3. KRÖFUGERÐ[3]

### 3.1. Kröfur íslenska ríkisins

Í máli þessu gerir íslenska ríkið annars vegar kröfu um þjóðlendu og hins vegar kröfur vegna ríkisjarðanna Skriðuklausturs, Þuríðarstaða, Egilsstaða, Kleifar og Sturluflatar. Hinar síðarnefndu miða við að eignarland umræddra jarða nái ekki lengra en að þjóðlendukröfulínu.

#### 3.1.1. Þjóðlenda

Af hálfu fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins eru gerðar þær endanlegu aðalkröfur að eftirfarandi lína verði úrskurðuð þjóðlendumörk í máli nr. 1/2005, Fljótsdalur og Jökuldalur austan Jökulsár á Jökuldal: „Fyrsti punktur í kröfulínu er við Gilsá (1), þar sem bein austurlína frá Sturlá, þar sem hún rennur í brúnum fyrir ofan Sturluflöt sker ána. Næsti punktur er við Strútsá austur á Hraunum (2). Þaðan er dregin lína niður Strútsá allt í Fellsá (3) og svo niður Fellsá allt að ármótum við Kelduá (4), síðan upp eftir Kelduá allt að ármótum við Innri-Sauðá (5) á móti Grasnesi, þaðan beint yfir Tungná og í Þverfell (6), síðan í Stórahnjúk (7) og þaðan í Ytri-Sníkilsá við 400 m hæðarlínu (8), síðan í ármótin við Jökulsá (9) og svo yfir Jökulsá og í Axará (10) og upp eftir henni og svo allt að Svartöldu (11), þaðan í ósinn úr Hólmavatni (12), þaðan beint í innri merkjavörðu (merkt L.M.) í Miðheiðarhálsi (13), sem er hornmark við Fossgerðisland. Síðan er dregin lína þvert vestur heiði í merkjavörðu í svokölluðum Klappalækjarflóa (14) og þaðan í Eyvindará (15) og síðan

[3] Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (kort) og II (aðilaskrá).

haldið niður Eyvindará allt að Jökulsá (16), svo upp Jökulsá og allt að ármótum Hölknár (17), þaðan upp eftir farvegi Hölknár, allt þar til línan, Búrfell, Tungusporður og Kálffell sker ána (18). Þar sem þessi lína sker Jökulsá er punktur (19), síðan er fylgt miðjum farvegi Jökulsár allt þangað sem kröfulínan gagnvart Brú byrjar og endar kröfulínan þar í punkti (20).“

Við meðferð málsins færði íslenska ríkið framangreindan punkt nr. 1 nokkru sunnar en hann var upphaflega merktur á kröfulínukort, án þess þó að texta kröfugerðar hafi verið breytt. Verður að líta svo á að með þessu hafi þjóðlendukrafa verið færð út fyrir kröfusvæði eiganda Víðvallagerðis, sem af því tilefni dró til baka við aðalmeðferð málsins aðrar kröfur sínar en um málskostnað.

Af hálfu íslenskra ríkisins er gerð eftirfarandi varakrafa: „Þaðan sem Axará kemur í Jökulsá (A), er dregin lína meðfram Jökulsá allt að jökli (B), síðan meðfram jökli inn í Maríutungur á móts við Hátungu (C), svo beina stefnu þaðan í 1044 m hæðarpunkt í Snæfellshálsi (D), þaðan beina sjónhendingu í Hafursfell (E) og að lokum þaðan beina sjónhendingu í aðalkröfulínuna í Svartöldu (F).“

### 3.1.2. Skriðuklaustur

„Þær kröfur eru gerðar til óbyggðanefndar að viðurkenndur verði beinn eignarréttur íslenska ríkisins til þess lands jarðarinnar Skriðuklausturs, sem dregið er upp á meðfylgjandi kröfukorti upp að hinni rauðu kröfulínu ríkisins um þjóðlendumörk.

Gerð er krafa til þess að viðurkenndur sé afréttarréttur í því landi jarðarinnar sem er innan landamerkja, en sem liggur utan eignarlands jarðarinnar samkvæmt þessari kröfulýsingu.“

Við aðalmeðferð málsins var því lýst yfir af hálfu lögmanns ríkisins að gerð væri hefðbundin krafa um beitarafnot fyrir ríkisjarðir í þjóðlendum. Við sama tækifæri var því lýst að í þjóðlendukröfu ríksins fælist ekki afsal á landi í eigu ríkisins og því ætti niðurstaða óbyggðanefndar gagnvart ríkisjörðum að ráðast af sömu atriðum og lögð væru til grundvallar um annað eignarland.

### 3.1.3. Aðalból

„Þær kröfur eru gerðar til óbyggðanefndar að viðurkenndur verði beinn eignarréttur íslenska ríkisins til alls lands jarðarinnar Aðalbóls samkvæmt landamerkjabréfi, sem dregið er upp á meðfylgjandi kröfukorti upp að hinni rauðu kröfulínu ríkisins, en lengra nær jörðin ekki til óbyggða.“

Við aðalmeðferð málsins var því lýst yfir af hálfu lögmanns ríkisins að gerð væri hefðbundin krafa um beitarafnot fyrir ríkisjarðir í þjóðlendum. Við sama tækifæri var því lýst að í þjóðlendukröfu ríksins fælist ekki afsal á landi í eigu ríkisins og því ætti niðurstaða óbyggðanefndar gagnvart ríkisjörðum að ráðast af sömu atriðum og lögð væru til grundvallar um annað eignarland.

### 3.1.4. Þuríðarstaðir

„Þær kröfur eru gerðar til óbyggðanefndar að viðurkenndur verði beinn eignarréttur íslenska ríkisins til alls lands jarðarinnar Þuríðarstaða samkvæmt landamerkjabréfi, sem dregið er upp á meðfylgjandi kröfukorti upp að hinni rauðu kröfulínu ríkisins, en lengra nær jörðin ekki til óbyggða.“

Við aðalmeðferð málsins var því lýst yfir af hálfu lögmanns ríkisins að gerð væri hefðbundin krafa um beitarafnot fyrir ríkisjarðir í þjóðlendum. Við sama tækifæri var því lýst að í þjóðlendukröfu ríksins fælist ekki afsal á landi í eigu ríkisins og því ætti niðurstaða óbyggðanefndar gagnvart ríkisjörðum að ráðast af sömu atriðum og lögð væru til grundvallar um annað eignarland.

### 3.1.5. Egilsstaðir

„Þær kröfur eru gerðar til óbyggðanefndar að viðurkenndur verði beinn eignarréttur íslenska ríkisins til alls lands jarðarinnar Egilsstaða samkvæmt landamerkjabréfi, sem dregið er upp á meðfylgjandi kröfukorti upp að hinni rauðu kröfulínu ríkisins, en lengra nær jörðin ekki til óbyggða.“

Við aðalmeðferð málsins var því lýst yfir af hálfu lögmanns ríkisins að gerð væri hefðbundin krafa um beitarafnot fyrir ríkisjarðir í þjóðlendum. Við sama tækifæri var því lýst að í þjóðlendukröfu ríksins fælist ekki afsal á landi í eigu ríkisins og því ætti niðurstaða óbyggðanefndar gagnvart ríkisjörðum að ráðast af sömu atriðum og lögð væru til grundvallar um annað eignarland.

### 3.1.6. Kleif

„Þær kröfur eru gerðar til óbyggðanefndar að viðurkenndur verði beinn eignarréttur íslenska ríkisins til alls lands jarðarinnar Kleifar samkvæmt landamerkjabréfi, sem dregið er upp á meðfylgjandi kröfukorti upp að hinni rauðu kröfulínu ríkisins, en lengra nær jörðin ekki til óbyggða.“

Við aðalmeðferð málsins var því lýst yfir af hálfu lögmanns ríkisins að gerð væri hefðbundin krafa um beitarafnot fyrir ríkisjarðir í þjóðlendum. Við sama tækifæri var því lýst að í þjóðlendukröfu ríksins fælist ekki afsal á landi í eigu ríkisins og því ætti niðurstaða óbyggðanefndar gagnvart ríkisjörðum að ráðast af sömu atriðum og lögð væru til grundvallar um annað eignarland.

### 3.1.7. Sturluflöt

„Þær kröfur eru gerðar til óbyggðanefndar að viðurkenndur verði beinn eignarréttur íslenska ríkisins til þess lands jarðarinnar Sturluflatar samkvæmt landamerkjabréfi, sem dregið er upp á meðfylgjandi kröfukorti upp að hinni rauðu kröfulínu ríkisins, en lengra nær jörðin ekki til óbyggða.“

Við aðalmeðferð málsins var því lýst yfir af hálfu lögmanns ríkisins að gerð væri hefðbundin krafa um beitarafnot fyrir ríkisjarðir í þjóðlendum. Við sama tækifæri var því lýst að í þjóðlendukröfu ríksins fælist ekki afsal á landi í eigu ríkisins og því ætti niðurstaða óbyggðanefndar gagnvart ríkisjörðum að ráðast af sömu atriðum og lögð væru til grundvallar um annað eignarland.

### 3.2. Kröfur Hallgríms Þórhallssonar og Önnu Bryndísar Tryggvadóttur, ábúenda, vegna Skriðuklausturs

„Krafa ábúenda er að viðurkenndur verði réttur þeirra til nýtingar lands Skriðuklausturs í samræmi við ábúðarsamning þeirra, eins og að land Skriðuklausturs sé eignarland innan þeirra merkja sem lýst er í framlögðum landamerkjabréfum, þ.e. allt land, innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Að austan ræður Jökulsá í Fljótsdal. Að framan á Skriðuklaustur land að merkigarði þeim, sem að fornu og nýju haldinn hefur verið landamerki og liggur frá Jökulsá (punktur 1) fram og upp eftir nesinu, upp undir fjall (punktur 2), þaðan sjónhending upp á fjall (punktur 3). Þá í stóran stein, sem stendur utan til á ytra Eyvindarfjalli (punktur 4) og þaðan réttlínis norður í Jökulsá á Jökuldal (punktur 5). Að norðan ræður Jökulsá á Jökuldal allt að Eyvindará (punktur 5B). Að utan ræður úr Jökulsá í Fljótsdal Melakvísl og Bessastaðaá (punktur 10), allt upp á fjallsbrún í Eyvindarkeldu (punktur 9), og þaðan bein stefna í Miðheiði á merkjavörðu ytri (merkt L.M á jarðfastan stein og hlaðin varða ofan á) (punktur 8), þaðan þvert vestur heiði í merkjavörðu í svokölluðum Klappalækjarflóa (punktur 7) og þaðan í Eyvindará (punktur 6) allt þar hún rennur í Jökulsá á Jökuldal (punktur 5 B).

Til vara krefjast ábúendur þess að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt þeirra að landi innan áður lýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda, og felst í ábúðarrétti. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum, með takmörkunum sem felast í ábúðarsamningi.“

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns ábúanda.

### 3.3. Kröfur Fljótsdalshrepps um afréttarnýtingu Rana og undir Fellum, innan lands Skriðuklausturs

Krafa Fljótsdalshrepps er að viðurkenndur verði réttur jarða í Fljótsdal til afréttarnýtingar lands í samræmi við fornar venjur, þ.á m. upprekstrar- og beitarréttur, ásamt veiði í vötnum, í Rana og svokallað svæði Undir Fellum innan landamerkja Skriðuklausturs sem lýst er, þ.e. svæðis innan eftirfarandi merkja: Þar sem Hölkná rennur í Jökulsá á Dal út með Jökulsá á Dal þar sem Eyvindará rennur í hana, þaðan upp með Eyvindará að merkjavörðu í svokölluðum Klappalækjarflóa og þaðan í beina stefnu í Miðheiði í Merkjavörðu fremri. Þaðan inn eftir sveitarfélagamörkum á

Miðheiði allt þar til hún sker línu frá fjallsbrún að stórum steini, sem stendur utan til á ytra Eyvindarfjalli, skv. landamerkjum Skriðuklausturs. Þaðan að framangreindum steini á ytra Eyvindarfjalli og þaðan réttlínis norður í Jökulsá á Dal. Jafnframt svæði innan lands Skriðuklausturs sem er framan við Bessastaðaá ofan brúna.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns sveitarfélagsins.

### 3.4. Kröfur Prestasetrasjóðs vegna Valþjófsstaðar

„Aðalkrafa: Að allt land Valþjófsstaðar sé eignarland í samræmi við kröfulýsingu sem er í samræmi við landamerkjabréf jarðarinnar frá 1885. Að utan, gagnvart Skriðuklaustri, ræður merkigarður sá sem að fornu og nýju hefur verið landamerki og liggur frá Jökulsá fram (pkt. $F_3$) og upp eftir nesinu upp undir fjall, þaðan sjónhending upp á fjall. Þá í stóran stein sem stendur utan til í ytra Eyvindarfjalli (pkt. $F_4$) og þaðan réttlínis norður í Jökulsá á Jökuldal (pkt. 17).

Að norðan og vestan ræður Jökulsá á Jökuldal (pkt 17) inn í Vatnajökul (pkt C) og þaðan í (pkt. B) eftir jaðri Vatnajökuls.

Að austan og sunnan Jökulsá í Fljótsdal (pkt. $F_3$) inn í Vatnajökul (pkt. B). Þar sem landið nær að Vatnajökli er þess krafist að miðað sé við jökulrönd eins og hún er á hverjum tíma en til vara að miðað sé við jökulbrún við gildistöku þjóðlendulaga 1998.

Varakrafa: Sú sama og aðalkrafa, þó þannig að Vesturöræfi innan neðangreindra merkja séu þjóðlenda en afréttareign Valþjófsstaðar, þ.e. úr Þrælahálsi (pkt. $D_2$) í (pkt. 18) landamerki Aðalbóls og í punkt 19 við Jökulsá á Dal síðan eftir Jökulsá í upptök í punkt C, þaðan í Snæfell (pkt. $D_1$) og þaðan í Þrælaháls (pkt. $D_2$).

Þrautavarakrafa: Að fallist verði á varakröfu ríkisins, þ.e. mörk eignarlands og þjóðlendu innan merkja Valþjófsstaðar séu úr pkt. C, Hátungu við Vatnajökul, í pkt. D, Snæfellsháls, og þaðan í pkt. E, Hafursfell, en þó þannig aðallega að fara eigi í pkt. $D_3$, Bræðraöldu/Svartöldu, og þaðan í pkt. $D_4$, skurðpunkt við landamerki Valþjófsstaðar og Skriðuklausturs.

Til vara úr pkt. E í pkt. $F_1$, Svartöldu, og þaðan eftir vatnaskilum í pkt. $F_2$ (skurðpunkt Gilsárvatns við merki Valþjófsstaðar).

En til þrautavara eins og ríkið dregur merki heimalands Valþjófsstaðar og kirkjujarðanna, þ.e. úr pkt. E í pkt. F, Svartöldu, og þaðan í pkt. 12, ós úr Hómavatni, og þaðan í pkt. $12_1$, skurðpunkt við merki Valþjófsstaðar og Skriðuklausturs, en alltaf síðan eftir merkjum Valþjófsstaðar og Skriðuklausturs í pkt. $F_3$ við Jökulsá í Fljótsdal.

Að öðru leyti vísast til kröfugerðar varðandi varakröfu um hefðbundin afréttarnot er afréttareign fylgja, þ.m.t. einkaréttur eiganda til arðs af hreindýraveiðum.

Þess er krafist að teljist land innan merkja Valþjófsstaðar til þjóðlendu þá sé það afréttareign Valþjófsstaðar.

Þá er krafist beins eignarréttar að svokölluðu „Felli fram til jökla“ sem einnig var kallað Kiðafell og liggur milli Kelduár að vestanverðu og Fellsár að austanverðu.“

Loks er gerð er krafa um greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

### 3.5. Kröfur Gísla Pálssonar og Sigurðar Ólafssonar, ábúenda Aðalbóls, vegna Vesturöræfa

Krafa ábúenda er að viðurkenndur verði réttur þeirra til afréttarnýtingar lands í samræmi við fornar venjur, þ. á m. upprekstrar- og beitarréttur ásamt veiði í vötnum, á Vesturöræfum innan þeirra merkja sem lýst er í framlögðum landamerkjabréfum, þ.e. svæðis innan eftirfarandi merkja: Frá Jökulsá á Dal um Búrfell utanvert, þvert yfir Hrafnkelsdal inni undir Tungusporði, um Kálfafell að Hölkná. Þaðan upp með Hölkná, allt að upptökum í Sæfelli, og inn að jökli. Þaðan ræður jökuljaðarinn allt þar til Jökulsá á Dal rennur undan Brúarjökli og þaðan út með Jökulsá á móts við Hnitasporð.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns ábúanda.

### 3.6. Kröfur Aðalsteins Aðalsteinssonar, eiganda Vaðbrekku, vegna Vesturöræfa

Krafa jarðeiganda er að viðurkenndur verði réttur hans til afréttarnýtingar lands í samræmi við fornar venjur, þ.á m. upprekstrar- og beitarréttur ásamt veiði í vötnum, á Vesturöræfum innan þeirra merkja sem lýst er í framlögðum landamerkjabréfum, þ.e. alls lands innan eftirfarandi merkja: Frá Jökulsá á Dal um Búrfell utanvert, þvert yfir Hrafnkelsdal inni undir Tungusporði, um Kálfafell að Hölkná. Þaðan upp með Hölkná, allt að upptökum í Snæfelli, og inn að jökli. Þaðan ræður jökuljaðarinn allt þar til Jökulsá á Dal rennur undan Brúarjökli og þaðan út með Jökulsá á móts við Hnitasporð.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeiganda.

### 3.7. Kröfur Fljótsdalshrepps um afréttarnýtingu Undir Fellum, á Vesturöræfum og Rana, utan lands Skriðuklausturs

Krafa Fljótsdalshrepps er að viðurkenndur verði réttur jarða í Fljótsdal til afréttarnýtingar lands í samræmi við fornar venjur, þ.á m. upprekstrar- og beitarréttur, ásamt veiði í vötnum, á svokölluðu svæði Undir Fellum, á Vesturöræfum og Rana utan lands Skriðuklausturs innan þeirra merkja sem lýst er, þ.e. alls lands innan eftirfarandi merkja: Frá upptökum Jökulsár á Dal undan jökli, út með ánni að

landamerkjum við Aðalból um Búrfell utanvert, þvert yfir Hrafnkelsdal inni undir Tungusporði, um Kálfafell að Hölkná. Þaðan niður með Hölkná, allt þar til Hölkná rennur í Jökulsá. Þaðan á merkjum lands Skriðuklausturs og Valþjófsstaðar réttlínis í stein framan til á ytra Eyvindarfjalli og eftir beinni línu yfir Gilsárvötn að fjallsbrún. Þaðan inn með fjallsbrún en fer aftur inn á heiðina og fylgir þá landamerkjum jarða í Norðurdal allt að Öxará, niður með Öxará að Jökulsá í Fljótsdal og þaðan upp með Jökulsá í Fljótsdal að jökli. Þá ræður jökullinn allt þar til Jökulsá á Dal rennur undan honum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns sveitarfélagsins.

### 3.8. Kröfur Hallgríms Kjartanssonar vegna Glúmsstaðasels og Múla

„Aðalkrafa landeiganda er að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt hans á landi jarðarinnar innan þeirra merkja sem lýst er í framlögðu landamerkjabréfi, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Frá Sníkilsárós við Jökulsá (punktur 1) ræður Sníkilsá að upptökum þaðan á Þverfell á vatnaskilum (punktur 2) og þaðan í Tunguá á móts við Grasanes (punktur 3) og þaðan eftir landamerkjum Þorgerðarstaða móts við Fossá sem ræður í Jökulsá.

Til vara krefst landeigandi þess að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt hans að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Enn fremur krefst landeigandi þess að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur hans á landi á Múlanum fyrir sunnan Glúmsstaðasel, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda.“

### 3.9. Kröfur Hallgríms Kjartanssonar og fleiri vegna Glúmsstaða I–II og Múla

„Aðalkrafa landeigenda er að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt þeirra á landi jarðarinnar á hinum svonefnda Múla innan eftirtalinna merkja, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til meðfylgjandi uppdráttar: Að sunnan ræður Vatnajökull, að vestan Jökulsá, að norðan landamerki Glúmsstaðasels og að austan vatnaskil á móti Þorgerðarstaðalandi.

Enn fremur krefjast landeigendur þess að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt þeirra að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða

úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ.á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda.“

### 3.10. Kröfur Þórarins Þórhallssonar og Gísla Guðmundssonar f.h. dánarbús Þórhalls Björgvinssonar vegna Þorgerðarstaða og Múla

„Aðalkrafa landeigenda er að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt þeirra á landi jarðarinnar innan eftirtalinna merkja, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Að utan ræður Marklækur úr Keldá (punktur 1) að vestan Þverfell (punktur 2) og á vatnaskilum inn til jökuls (punktur 3). Að austan ræður Keldá (punktur 4) frá Marklæk til jökuls á móti landi Valþjófsstaðakirkju á Suðurfellsafrétti.

Til vara krefjast landeigendur þess að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt þeirra á landi jarðarinnar innan eftirtalinna merkja, sbr. framlagt landamerkjabréf, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti:

Að utan ræður Marklækur úr Keldá (punktur 1) að vestan Þverfell (punktur 2) og á vatnaskilum að upptökum Tunguár á móts við Grasanes (punktur 3) þaðan í Grasanesið (punktur 4). Að austan ræður Keldá.

Enn fremur krefjast landeigendur þess að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt þeirra að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda.“

### 3.11. Kröfur Fljótsdalshrepps um afréttarnýtingu Múla

Krafa Fljótsdalshrepps er að viðurkenndur verði réttur jarða í Fljótsdal til afréttarnýtingar lands í samræmi við fornar venjur, þ.á m. upprekstrar- og beitarréttur, ásamt veiði í vötnum, á Múla innan þeirra merkja sem lýst er, þ.e. alls lands innan eftirfarandi merkja með vísan til meðfylgjandi uppdráttar: Frá Techníkilsá þar sem hún rennur í Jökulsá í Fljótsdal og þaðan upp með Jökulsá í Fljótsdal þar sem hún rennur úr jöklinum. Þá ræður jökullinn allt að upptökum Kelduár, þaðan út með Kelduá allt að Grasanesi og á Tungufelli að upptökum Tungnár á Þverfellum og niður með Sníkilsá.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns sveitarfélagsins.

### 3.12. Kröfur Fljótsdalshrepps um afréttarnýtingu Suðurfells

Krafa Fljótsdalshrepps er að viðurkenndur verði réttur jarða í Fljótsdal til afréttarnýtingar lands í samræmi við fornar venjur, þ.á m. upprekstrar- og beitarréttur, ásamt veiði í vötnum, í Suðurfelli innan þeirra merkja sem lýst er, þ.e. alls lands innan eftirfarandi merkja: Frá því að Fellsá rennur í Kelduá rétt innan við Sturluflöt, þaðan upp með Kelduá inn að jökli og þaðan meðfram jökli að sýslumörkum við Austur-Skaftafellssýslu. Þaðan ráða vatnaskil að sunnan allt að mörkum Austur-Skaftafellssýslu við Suður- og Norður-Múlasýslu og út Hraunin eftir mörkum Norður- og Suður-Múlasýslu að drögum Fellsár og út með Fellsá.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns sveitarfélagsins.

### 3.13. Kröfur Sveins Ingimarssonar, ábúanda, vegna Sturluflatar og Suðurfells

Krafa ábúanda er að viðurkenndur verði réttur hans til nýtingar Sturluflatar í samræmi við ábúðarsamning, eins og land jarðarinnar sé eignarland innan þeirra merkja sem lýst er í framlögðum landamerkjabréfum, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til meðfylgjandi uppdráttar: Að neðan Kelduá (punktur 1) þangað til Fellsá rennur í hana (punktur 2), þaðan er Fellsá fylgt uns Strútsá rennur í hana (punktur 3) og Strútsá fylgt upp að vatnaskilum. Síðan er vatnaskilum fylgt norður að Sturluá (punktur 4) og síðan er ánni fylgt í Kelduá (punktur 1).

Einnig krefst ábúandi þess að viðurkenndur verði réttur hans til nýtingar lands Suðurfells í samræmi við ábúðarsamning hans. Þannig verði viðurkenndur réttur til nýtingar ysta hluta Suðurfells, þ.m.t. lands innan girðingar í eigu Sturluflatar í Suðurfelli og lands við fjárhús í eigu Sturluflatar í Suðurfelli, innan eftirfarandi merkja: Frá því að Fellsá rennur í Kelduá rétt innan við Sturluflöt og þann geira sem fæst ef dregin er bein lína frá stað 1 km upp með Kelduá og 1 km upp með Fellsá.

Þá er þess krafist af ábúanda að viðurkenndur verði réttur hans til afréttarnýtingar lands í samræmi við fornar venjur, þ.á m. upprekstrar- og beitarréttur ásamt veiði í vötnum, á Suðurfelli, innan þeirra merkja sem lýst er í framlögðum landamerkjabréfum, þ.e. alls lands innan eftirfarandi merkja: Frá því að Fellsá rennur í Kelduá rétt innan við Sturluflöt, þaðan upp með Kelduá inn að jökli og þaðan meðfram jökli að sýslumörkum við Austur-Skaftafellssýslu. Þaðan ráða vatnaskil að sunnan allt að mörkum Austur-Skaftafellssýslu við Suður- og Norður-Múlasýslu og út Hraunin eftir mörkum Norður- og Suður-Múlasýslu að drögum Fellsár og út með Fellsá.

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns ábúanda.

### 3.14. Kröfur Gunnþórunnar Ingólfsdóttur og Jósefs Valgarðs Þorvaldssonar, eigenda Víðivalla fremri, vegna Villingadals

Aðalkrafa landeigenda er að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt þeirra á landi jarðarinnar (Villingadals) innan þeirra merkja sem lýst er í framlögðum landamerkjabréfum, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Strútsá ræður að utan (punktur 1) en Fellsá að framan (punktur 2), vatnaskil að sunnan en ármót Fellsár og Strútsár að norðan.

Til vara krefjast landeigendur þess að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt þeirra að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ.á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda.

# 4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN

## 4.1. Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1–28 ásamt undirskjölum eða samtals 407 skjöl auk 29 hliðsjónargagna. Sjá nánar í fylgiskjali nr. III (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

## 4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að eiga frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll., nr. 58/1998. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fáist um einstök álitaefni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til umfjöllunar. Verkið var unnið á hlutlausan og fræðilegan hátt. Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar og grundvallast á „Yfirliti yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Yfirlit þetta hefur verið kynnt lögmönnum málsaðila og engar athugasemdir komið fram. Við samningu þess hefur óbyggðanefnd notið ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands, Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar.

Fyrirsvarsmönnum aðila í máli þessu var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt átti óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmenn um þessi atriði. Þeir gátu einnig bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna eða afla. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. þjóðll. Lögmönnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til greinargerða Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar um þetta efni, skjöl nr. 2 og 4. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. III, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (þ.e. undir yfirnúmerum 2 og 4) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

### 4.3. Vettvangsferð

Haldið var af stað í vettvangsferð frá Hótel Héraði að morgni þriðudagsins 20. júní 2006. Auk óbyggðanefndar, starfsmanna nefndarinnar og lögmanna málsaðila voru þeir Hjörleifur Guttormsson náttúrufræðingur, Páll Pálsson frá Aðalbóli og Friðrik Ingi Ingólfsson, bóndi á Valþjófsstað II, með í för.

Ekið var sem leið liggur frá Egilsstöðum um Fellabæ og beygt inn á veg nr. 931, Upphéraðsveg, vestan við Lagarfljót, inn eftir Fellum inn í Fljótsdal. Þegar komið var að jörðinni Brekku var staðnæmst og fjallaði Friðrik um staðhætti á landsvæðinu. Jafnframt fjallaði Páll um samgöngur við landnám og stöðu skóga á svæðinu fyrr og nú. Áfram var haldið inn Fljótsdal sem leið liggur inn á veg nr. 933, Fljótsdalsveg. Áð var við Valþjófsstað þar sem Hjörleifur greindi stuttlega frá sögu staðarins. Að því loknu var ekið áfram til suðvesturs inn á veg nr. 934, Norðurdalsveg, að jörðinni Egilsstöðum. Þar var gert stutt stopp og staðhættir skoðaðir.

Frá Egilsstöðum var haldið til baka og farið yfir brúna á Jökulsá í Fljótsdal og þaðan ekið sem leið liggur meðfram jörðinni Glúmstöðum. Farið var fyrir Múla hjá Langhúsum yfir brúna á Kelduá á móts við Ytri-Víðivelli og þaðan yfir Hlíðarhúsakvísl. Þar var beygt suður eftir vegi nr. 935, Suðurdalsveg, inn Suðurdal, og ekið sem leið lá að jörðinni Sturluflöt þar sem var staðnæmst. Hjörleifur greindi frá ólíku veðurfari í Suðurdal og Norðurdal.

Frá Sturluflöt var snúið til baka og haldið til norðurs eftir Suðurdal og þaðan í Végarð, félagsheimili Fljótsdælinga. Í Végarði var snæddur hádegisverður jafnframt því sem staðhættir voru skoðaðir á upphleyptu líkani af Fljótsdalshéraði sem þar hefur verið komið upp.

Frá Végarði var ekið norður eftir vegi nr. 934, Norðurdalsvegi, og inn á veg nr. 933, Fljótsdalsveg, norður að jörðinni Bessastöðum. Þar var beygt til vesturs inn á veg nr. F910, Austurleið. Þaðan var ekið upp á Fljótsdalsheiði sem leið lá í átt að Laugarfelli. Áð var við Axará þar sem Hjörleifur, Friðrik og Páll greindu frá staðháttum, veðurfari og nýtingu svæðisins. Ekið var áfram suður hjá Laugarfelli til austurs, á afleggjarann að Hraunaveitu, þar sem sást móta fyrir Ragnaborg til norðausturs. Farið var yfir brúna á Jökulsá í Fljótsdal við Hraksíðu yfir í Múla eftir nýjum vegarslóða. Vegarslóðinn var ekinn þar til honum sleppir í Heiðarárbungu sem er í 680 metrum yfir sjávarmáli. Hjörleifur og Friðrik fræddu menn um staðhætti svæðisins, og töluðu sérstaklega um Folavatn og Múlahraun. Slóðinn var ekinn til baka inn á veg nr. 923, Jökuldalsveg, til vesturs með Laugará inn á veg nr. F910, Austurleið. Síðastnefnd leið liggur yfir á Vesturöræfi, norðan Sauðafells, og Geldærhnjúk.

Ekið var að virkjunarsvæðinu við Kárahnjúka og þar staðnæmst sunnan við stíflusvæðið, austan Jökulsár á Jökuldal. Horft var til suðurs með ánni. Ekið var upp á útsýnisstæði þar sem horfa mátti yfir yfir svæðið.

Áfram var haldið og ekið yfir brúna á Jökulsá, út eftir Skógarhálsi yfir Laugarvalladal og út eftir Fiskidalshálsi. Þar var beygt til austurs og inn á veg nr. F910, Austurleið, og hann ekinn að bænum Brú á Jökuldal. Við Brú tók við vegur nr. 923, Jökuldalsvegur. Þaðan var ekið sem leið liggur inn á þjóðveg nr. 1 og haldið til Egilsstaða þar sem vettvangsferð lauk að kvöldi.

### 4.4. Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins gáfu eftirtaldir skýrslur og svöruðu spurningum óbyggðanefndar og lögmanna: Friðrik Ingi Ingólfsson, ábúandi á Valþjófsstöðum II; Hallgrímur Þórhallsson, bóndi í Hvammi ásamt því að nytja jörðina Skriðuklaustur; Anna Bryndís Tryggvadóttir, bóndi í Hvammi ásamt því að nytja jörðina Skriðuklaustur; Páll Pálsson, fræðimaður frá Aðalbóli.

Að einstökum efnisatriðum í skýrslum aðila er vikið í úrskurði þessum, eftir því sem tilefni er til, en uppskriftir á þeim eru meðal gagna málsins.

## 5. SAGA JARÐA OG ANNARRA LANDSVÆÐA

Hér verður í fyrstu greint frá elstu ritheimildum um landnám á svæði því sem til umfjöllunar er. Því næst verða raktar heimildir um jarðir, afrétti og önnur landsvæði sem þjóðlendukrafa íslenska ríkisins í máli þessu nær til, að því leyti sem þær varða afmörkun, eignarréttindi og nýtingu. Er þar að mestu fylgt efnisþáttum og síðan tímaröð. Loks er gerð grein fyrir notkun afrétta á svæðinu almennt.[4]

### 5.1. Landnám

*Landnáma* segir:

> Skjöldólfr Vémundarson, bróðir Berðlu-Kára, nam Jökulsdal fyrir austan Jökulsá upp frá Knefilsdalsá ok bjó á Skjöldólfsstöðum. [...][5]
>
> Þorgeirr Vestarsson hét maðr göfugr; hann átti þrjá sonu; var einn Brynjólfr enn gamli, annarr Ævarr enn gamli, þriði Herjólfr. Þeir fóru allir til Íslands á sínu skipi hverr þeirra. Brynjólfr kom skipi sínu í Eskifjörð ok nam land fyrir ofan fjall, Fljótsdal allan fyrir ofan Hengiforsá fyrir vestan, en fyrir ofan Gilsá fyrir austan, Skriðudal allan, ok svá Völluna út til Eyvindarár ok tók mikit af landnámi Una Garðarssonar ok byggði þar frændum sínum og mágum.[6]
>
> Hrafnkell hét maðr Hrafnsson; hann kom út síð landnámatíðar. Hann var enn fyrsta vetr í Breiðdal, en um várit fór hann upp um fjall. [...] Síðan nam Hrafnkell Hrafnkelsdal ok bjó á Steinröðarstöðum. Hans son var Ásbjörn, faðir Helga, ok Þórir, faðir Hrafnkels goða, föður Sveinbjarnar.[7]

*Landnáma* getur ekki býlis Brynjólfs og Steinröðarstaðir eru ekki þekktir.

Sveinbjörn Rafnsson hefur fjallað um byggðasögu Hrafnkelsdals samkvæmt ritheimildum í bókinni *Byggðaleifar í Hrafnkelsdal og á Brúardölum*. Þar segir hann m.a.:

> Samkvæmt Landnámabókum var Hákon landnámsmaður alls Jökuldals vestan Jökulsár fyrir ofan Teigará. Hafa þá Eiríksstaða- og Brúarlönd ásamt afréttum verið í landnámi Hákonar. Hrafnkell var samkvæmt Landnámabókum landnámsmaður í Hrafnkelsdal og Brynjólfur gamli Þorgeirsson nam innanverðan Fljótsdal. Hafa þá landnám þeirra Hrafnkels og Brynjólfs náð hvort að öðru, væntanlega einhvers staðar í Fljótsdalsheiðinni. Þannig eiga þrír landnámsmenn að hafa eignað sér land á svæði því sem hér er til umfjöllunar, Hákon nemur Eiríksstaða- og Brúarlönd, Hrafnkell Hrafnkelsdal og Brynjólfur Fljótsdal. Jökulsá á Brú skilur að landnám þeirra Hákonar og Hrafnkels, Fljótsdalsheiði skilur að landnám Hrafnkels og Brynjólfs.

---

[4] Þessi kafli er byggður á greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands, sbr. skjal nr. 28. Þó hefur verið felld út eða stytt umfjöllun um heimildir sem ekki þykja hafa þýðingu fyrir úrlausn málsins.
[5] Skjal nr. 4 (74), bls. 294.
[6] Skjal nr. 4 (74), bls. 294.
[7] Skjal nr. 4 (74), bls. 299.

> Landnámamörkin inni á hálendinu og öræfunum eru ekki tiltekin. Landnámabækur eru samhljóða um afmörkun þessara landnáma og um landnámsmenn þeirra. En eins og bent hefur verið á telja Landnámabækur meðal annars þá sem á 12. og 13. öld voru taldir hafa haft heimildir á búlöndum Íslands í öndverðu.
>
> Yngri heimildir en Landnáma og að nokkru háðar henni eru Droplaugarsona saga, Brandkrossa þáttur, Hrafnkels saga og Fljótsdæla saga og kunna þær allar að varpa nokkru ljósi á byggðasögu svæðisins og viðhorf manna til hennar á 12., 13. og 14. öld. Það er eitt af einkennum hinna fornu héraðasagna, sem að nokkru styðjast við Landnámu, að í þeim er oft farið frjálslega með efnið eða lauslega rakið þegar um ábúð og eignarhald ákveðinna jarða er að ræða.[8]

Sveinbjörn bendir á þögn fornsagnanna áðurnefndu um stórbýlin á landsvæðinu, Eiríksstaði og Brú á Jökuldal og Valþjófsstað í Fljótsdal. Hann telur frásagnir *Landnámu* geta verið frá byrjun 12. aldar.

## 5.2. Skriðuklaustur

Jarðarinnar Skriðu finnst fyrst getið í vitnisburðarbréfi um landamerki og ítök Víðivalla ytri árið 1467.[9]

Séra Páll Grímsson segir í vitnisburði frá árinu 1491, að skorið væri upp á 20 hesta létorf ár hvert í Skriðujörð en á móti kæmi lambarekstur í Tungurnar [Maríutungur, sjá Valþjófsstað] frá þeim bónda sem byggi á Skriðu.[10] Þessara ítaka er víða getið í tengslum við Skriðuklaustur og Valþjófsstað.

Hallsteinn Þorsteinsson og Cecilia Þorsteinsdóttir gáfu jörðina Skriðu með reka á Helmingasandi, skógarparti í Víðivallalandi og selför í Seljadal (sem giskað hefur verið á að sé Hrafnkelsdalur[11]) til klausturs 8. júní 1500.[12]

Í vígslubréfi Skriðuklausturskirkju 3. maí 1512 segir að kirkjan eigi heimaland með gögnum og gæðum, sem fylgt hefur að fornu og nýju, og þær allar aðrar eignir í föstum og lausum sem segir í registrum.[13]

Gíslamáldagar 1570 og síðar nefna aðeins heimaland allt með gögnum og gæðum sem eign kirkju og klausturs að Skriðu.[14] Ljóst er þó að klaustrið átti miklu fleiri eignir svo að Gíslamáldagar veita hér harla litla vitneskju.

---

[8] Sveinbjörn Rafnsson: *Byggðaleifar í Hrafnkelsdal og á Brúardölum*, bls. 10.
[9] Skjal nr. 4 (52).
[10] Skjal nr. 4 (55).
[11] Skjal nr. 2 (166).
[12] Skjal nr. 4 (59).
[13] Skjal nr. 4 (61).
[14] Skjal nr. 4 (68).

Jón Þorláksson var sýslumaður í Múlaþingi en hann fékk veitingu fyrir 14 þingstöðum og Skriðuklaustri 9. maí 1671, eftir beiðni fékk hann lausn frá sjö þingstöðum og hálfu klaustrinu 8. október 1684.[15] Varðveitt er lögfesta Jóns fyrir Skriðuklaustri frá 11. maí 1673 en vitni að henni voru Ísleifur Jónsson, Jón Vigfússon og Þorkell Þórðarson. Engin takmörk eru tilgreind í lögfestunni en þar segir:

> Jeg Jon Thorlaksson lögfeste hier j dag konunglegrar Majestatis mijns nádugasta Herra Kóngsens Eign Skriduklaustur j Fliótsdal og j sinne Eigenn kyrkiu sokn. akra og skóga. Tödur og Engiar. hollt og hæder. votn og veidestade. og allar þær landsnytiar Er greindu klaustre filgia og filgt hafa ad fornu og nyu. og ej Eru med Riettumm lögumm frá komenn. til þeirra Istu og fremstu vmmmerkia er adrer menn a móte Eiga. firerbyd eg huorium manne þessa Skriduklausturs land edur heimaklaustursens jardar Eign ad brúka sier ad nytka Edur j ad vinna nema mitt sie loff og leife til.[16]

Fram kemur aftan við lögfestuna að hún hafi verið endurnýjuð og upplesin á Bessastaðaþingi 15. júní 1674. Einnig var sama dag lögð við fimmtarstefna og lagadómur af sýslumanni Jóni Þorlákssyni í viðurvist Sigurðar Jónssonar, Hjalta Jónssonar og Ólafs Jónssonar.

Hinn 18. mars 1679 sóru tíu menn, þ.á m. var Ólafur Sigfússon, prestur á Skriðuklaustri, svohljóðandi vitnisburð um Ranaafrétt:

> [...] vier höfumm vitad Rana afriett kallada. allt land a mille Hölknaar og Eyvindaraar framm a mille Eyvindarfialla og offann ad Jökulsaa. So og lijka vitnumm vier og berum. ad þesse afriett og land var veniuleg og almennelegust afriett allra fliótsdalsmanna vt yfer Hrafnsaa edur jafnvel leingra ut j fell adur firer þetta hallære næsta sem upp kom medann menn attu saudfiendad. Enn aflagdest j hallærenu þá griperner mistust og sijdann til þessa. Játumm Eirnenn og vitnumm med gódre samvitsku. ad firrnefnd Rana afriett sie og vered haffe halldenn filleleg Eign Skriduklausturs og lient og leift aff Skriduklausturs hölldurumm.[17]

Umrætt hallæri sem hafði þvílík áhrif var árið 1674 en um það hefur Oddur Eiríksson (1640–1719) þetta að segja í *Fitjaannál* sínum:

> Anno 1674. Var vetur harður. Peningafellir mikill fyrir norðan og í Austfjörðum, og þar eptir hungur og manndauði, mest fyrir norðan Vöðluheiði. Strádó niður bæði fé og menn, svo margir bæir lögðust í eyði og hartnær heilar sveitir; hafði sumarið fyrir verið mjög votviðrasamt, svo hvorki nýttist eldiviður né hey, en veturinn eptir strangur; fylgdi þar eptir fiskileysi

---

[15] Páll Eggert Ólason: *Íslenzkar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940* III, bls. 315.

[16] Skjal nr. 2 (60). Afrit Jóns Þorkelssonar er gert eftir AM 265 4to, bl. 7–12, en það er afskrift fjögurra manna af Skriðuklaustursbréfum, gerð að Skriðuklaustri 26. apríl 1704, sbr. skjal nr. 2 (59) og skjal nr. 2 (62).

[17] Skjal nr. 2 (62). Afrit Jóns Þorkelssonar er gert eftir AM 265 4to, bl. 7–12, en það er afskrift fjögurra manna af Skriðuklaustursbréfum, gerð að Skriðuklaustri 26. apríl 1704, sbr. skjal nr. 2 (59) og skjal nr. 2 (62).

> og allskyns óáran. Sanntrúanlegir menn hafa það uppspurt, samanreiknað og sagt, að frá páskum Anno 1674 og til hvítasunnu Anno 1675 hafi fyrir norðan Vöðluheiði dáið af vesöld og hungri 11 hundruð manns og það að auk, sem dó á hálsum og heiðum, er sig vildi burt draga til annara sveita.[18]

Hinn 6. maí 1679 nefndi Jón Þorláksson, sýslumaður og klausturhaldari, sex menn í dóm og bað þá að álykta um hvort sér leyfðist að:

> [...] laata affleggiast þa Skriduklausturs affriett Er Rane kallast. og vane heffur til vered ad brúkud være firer affriettarpenijng j hanns formanna tijd.[19]

Dómsmenn bentu á að svo kvæði á um í veitingarbréfi Jóns fyrir klaustrinu að gengi eitthvað undan því með ólögum bæri honum að endurheimta það með lögum og dómi. Jafnframt tilfæra þeir 52. kafla búnaðarbálks *Jónsbókar* um að efri og ytri mörk „afrétta“ skuli haldast eins og þau hafi verið að fornu. Því næst segir:

> Tilbydur Syslumadurenn þessa affriett firer eitt lamb edur þess virde aff tiju Eff Rekenn Eru. og ej frekara þo tuttugu edur hundrad frá Einumm manne Rekenn sieu. Þui virdest oss ecke leiffelegt ad þesse klaustursens afriett aldeiliss affleggest aff klaustursens landsetum. helldur ad þeir henne fillelega vppehalde og þangad Reke sijn lömb firer tilbodenn betalijng. Nefnelega þeir j fliótsdal búa.[20]

Jón Þorláksson vottar ásamt tveimur öðrum mönnum á Víðivöllum ytri 1. ágúst 1685 að rétt sé skrifað eftir þingbókinni.

Árið 1641, í tíð Brynjólfs Sveinssonar, biskups í Skálholti, var Skriðuklaustur vísiterað:

> Klaustur Kyrkia ad Skridu j Fliotsdal vígd 1512 af Biskupi Stephani og Nefnd Corporis Christi a eptir [yfirstrikað: Visitatiubokum hr] Vigslu brefinu heima land allt med gögnum og giædum, er gaf Hallsteirn Þorsteinsson og Sesilia Þorsteinsdotter hanns Kona, sem giafa bref vottar med hanns Jnnsigli Datum þess 1500. [...]
>
> Lysingarbref Pals p(rests) Grymssonar, umm atian edur Nytian ára hefd a Torfskurdi, a xx hesta, af lietorfi árliga, j Skridu Jördu er þá hefur leigid j Val þiófsstada Kyrkiusokn Huor Jtala væri frá Val Þjófs stad, Enn þar j moti kiæmi lambarekstur j tungurnar, frá þeim bonda er byggi a Skridu. Datum þess brefs ad Desiarmyri j Borgarfirdi Anno 1491 med ejnu Jnnsigli.[21]

Í vísitasíu frá 1677 kemur fram að Skriðuklaustur eigi þær eignir sem nefndar séu í fornum máldögum og vísitasíunni frá 1641. Síðan segir:

---

[18] *Annálar 1400–1800* II, bls. 234-235.
[19] Skjal nr. 2 (62).
[20] Skjal nr. 2 (62).
[21] Skjal nr. 2 (44) a-b.

> [...] enn þad Kirkiann hefur adur utann Sig átt er nu Komid under Kongs vallded undann andlegrj Inspection allt nema þad Kirkian a Jnnann sig.[22]

Í vísitasíu árið 1706 segir:

> Anno ut Supra, 28. Augusti Visiterud Kirkian ad Skridu Klaustre, Hun a Heimaland med gögnum og giædum, er Gaf Hallsteirn Þorsteinsson og Sesselia Þorsteins dotter hans Kona, epter þvj sem vottar vititatio Anni 1641. [...] og Selför i Seliadal epter sama giafabrefs innehallde, lambarekstur i Tungurnar, á móte torfskurde af lietorfe á xx hesta árlega i Skridu iördu frá valþiofstad. Á Kirkiunne liggia videmeradar Copiur, epter Kalfskinns brefum Klaustursins, med 7 manna underskriftum, sem þær hafa vid þau samanlesed, ad Skorastad i Nordfirdi, settu þinge þann 17. Septembris Anno 1697. [Síðan eru bréfin talin upp - þau munu að líkindum ekki skipta máli - en síðan segir:] Þesse bref voru á Kirkiunne skrifud a pergament, inn til annum 1697. Voru þau þá send til Kaupinhafn med Reidefiardar skipe, og hefur Kaupmadurin Monsr. Jacob Nielssen gefed Syslumanninum Monsr. Bessa Gudmundssyne revers med Hans eigenhende underskrifad, ad hann þesse bref medteked hafe, enn skiped fórst, og eru þvj brefen töpud, Copiurnar hefur Syslumadurin láted samanlesa vid originalana, og eru þær videmeradar af hönum og þessum mönnum Sr. Arna Sigurdssynj, Sr. Torfa Bergssyne, Jsleife Jónssyne, Eireke Biarnasyne lögrettumönnum, Halle Högnasyne og Ólafe Magnússyne Hreppstiórum. Framar liggia á Kirkiunne þesse Bref, skrifud a pappyr in originali. [...] Lögfesta Skridu Klausturs in originali 1673, 11. Maii. Lögfesta Sturluflatar og Hrackelstada, sem Jon Biörnsson hefur lögfest án votta og ártals. Lögfesta in originali med underskrift Arna Jónssonar og Stephans Eirekssonar. [...] Copia af vitnisburde og dóme umm Rana afriett videmerud af þremur mönnum, Jóne Þorlakssyne Gisla Eirekssyne og Benedict Jónssyne med þeirra signetum Anno 1685, 1sta Aug. Á Kirkiunne liggur regestur uppa öll þesse bref med underskrift Söslumannssins Bessa Gudmundssonar, skrifad á pappir Anno 1686.[23]

Vísitasíur 1727 og 1734 eru byggðar á eldri vísitasíum. Því er ekki ástæða til þess að vitna í þær hér.[24] Vísitasía Ólafs Gíslasonar frá 1748 hefur ekkert fram yfir eldri visitasíur varðandi landaeign.[25] Vísitasía árið 1779 sækir efni sitt í fyrri vísitasíur og er því ekki ástæða til að minnast á efni hennar hér.[26]

Jón Eyjólfsson vitnaði um landamerki Valþjófsstaðar og Skriðuklausturs árið 1670. Sagði hann þau úr merkigarði, upp eftir nesinu, sjónhending upp í fjall, svo í þann stóra stein, sem stendur utan á Ytra-Eyvindarfjalli og þaðan réttlínis norður í

[22] Skjal nr. 2 (46) a-b.
[23] Skjal nr. 2 (48) a-b.
[24] Skjöl nr. 2 (51) og (52).
[25] Skjal nr. 2 (53) a-b.
[26] Skjal nr. 2 (56).

Jökulsá.[27] Sömu merki koma fram í lögfestum Valþjófsstaðarpresta árin 1794 og 1840.[28]

Hinn 30. maí 1794 á manntalsþingi að Valþjófsstað birti Guðmundur Pálsson lögfestu fyrir Skriðuklaustri auk undirliggjandi jarða. Lögfestan var dagsett 24. sama mánaðar en inntaksins er ekki getið. Hún var lesin upp á þinginu, árituð af sýslumanni og svo afhent klausturhaldaranum á ný.[29]

Úttekt á jörðum Skriðuklausturs fór fram haustið 1828. Í úttekt á sjálfu Skriðuklaustri er getið eftirfarandi takmarka jarðarinnar:

> Landamerki ad framan: frá Jökulsá rædr Merkigardr upp til Fialls, en ad utan: rædr Bessastada á [up]ptil brúna, allt þar til hún fer ad buga sig frammá vid, þadan og þvert nordur i Eÿvindar kéldu.[30]

Páll Melsteð sýslumaður var staddur að Skriðuklaustri 22. september 1828 til þess að hafa umsjón með úttekt á heimajörð klaustursins að beiðni Gríms Jónssonar amtmanns. Ástæða úttektarinnar var dauði Guðmundar Pálssonar klausturhaldara en við klaustrinu átti að taka Bergvin Þorbergsson stúdent. Í úttektinni koma fram eftirfarandi upplýsingar um takmörk heimajarðarinnar:

> Landamerki ségir Abúandinn séu ad framan: frá Jökulsá rædr Merkigardr upptil Fialls, enn ad utan rædr Bessastada á, upp til brúna allt þar til hún fer ad buga sig framm á vid, Þadan og Þvert nordr i Eyvindarkéldu.[31]

Samkvæmt sóknarlýsingu 1840-1841 var dýrleiki Skriðuklausturs óviss en þá metið til afgjalds 24 hundruð og nýbýlið Brattagerði þá talið með. Einnig var allgóð grasatekja í heiðinni talin til kosta.[32]

Hinn 23. maí 1856 hélt Þorsteinn Jónsson sýslumaður manntalsþing að Valþjófsstað í Fljótsdal. Þar var auglýst lögfesta fyrir Víðivöllum ytri, sem einnig eru í Fljótsdal, dagsett 22. maí 1856. Efni lögfestunnar er ekki tilgreint en Björn Skúlason umboðsmaður Skriðuklausturs mótmælti henni:

> [...] bædi hvad landamerkin ad [strikað yfir, framan] utan nidur vid Jökulsá og skógar ítakid í Hrafnkelsstadalandi ə: í Rana snertir.[33]

Árið 1878 var framkvæmt mat á jörðum Skriðuklausturs en þar segir m.a. um sjálft Skriðuklaustur:

> Afrétt hefir jörðin næga fyrir sína gripi. [...] Jörð sú hefir afrétt [...] langt umfram aðrar þjóðjarðir í þessum hrepp.[34]

---

[27] Skjal nr. 2 (148) a-b.
[28] Skjöl nr. 2 (85 og 145) og 2 (107).
[29] Skjal nr. 2 (83) a-b.
[30] Skjal nr. 2 (125) a-b.
[31] Skjal nr. 2 (87) a-b.
[32] *Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874*, bls. 140.
[33] Skjal nr. 2 (101) a-b. Um Björn Skúlason, sjá Bogi Benediktsson: *Sýslumannaæfir* IV, bls. 797-798.
[34] Skjal nr. 2 (121).

Einnig er þar að finna eftirfarandi upplýsingar sem eiga almennt við Skriðuklaustur og jarðir þess:

> Afréttir eða önnur ítök eiga ekki jarðir þessar nema Skriðuklaustur eitt og Víðivellir fremri dálítinn afréttarskika. [...] Flestar eru þær erviðar og mannfrekar, einkum vegna heiðar og fjalllendis þess sem þeim fylgir.[35]

Í áliti umboðsmanns Skriðuklausturs á beiðni um kaup á Skriðuklaustri, sem samið var 23. apríl 1893, kemur fram að á báðum hjáleigum jarðarinnar, Klausturseli og Fossgerði, séu sérstakir ábúendur.[36]

Sýslunefnd Norður-Múlasýslu gaf álit sitt á sölu Skriðuklausturs 24. apríl 1893. Í því stendur eftirfarandi:

> Ábúandi Skriðuklausturs kveðst ekki krefjast kauprjettar á öðru en heimajörðinni Skriðuklaustri með eyðibýlinu Brattagerði, sem er í afrjett með þeim landamerkjum er þinglesin voru á Valþjófsstaðamanntalsþingi árið 1884. Hvað Skriðuklaustur snertir, vill nefndin láta það álit í ljós, að jörðin hefur lítið heimaland, en afrjettarland mikið, sem tekur við af heimalandi [...]
>
> Brattagerði er nú gjörsamlega óbyggilegt og lítur út fyrir að verða það framvegis.[37]

Íslenska stjórnardeildin veitti leyfi 5. júlí 1895, á grundvelli laga frá 26. október 1893, fyrir því að Skriðuklaustur ásamt eyðijörðinni Brattagerði yrði selt.[38]

Hinn 23. ágúst 1895 seldu yfirvöld Halldóri Jónssyni, ábúanda Skriðuklausturs, ábýlisjörð hans ásamt eyðijörðinni Brattagerði. Tekið er fram í afsalsbréfinu að jörðin sé seld með öllu því sem henni fylgir.[39]

Landamerki Skriðuklausturs voru skráð 18. júní 1884. Þau voru lesin á manntalsþingi 19. júní sama ár:

> Þessi eru landamerki milli Skriðuklausturs í Fljótsdalshrepp og Valþjófsstaðar. Hin fyrnefnda jörð á land „að merkigarði þeim, sem að fornu og nýju haldinn hefur verið landamerki“ og sem liggur frá Jökulsá fram og upp eptir nesinu upp undir fjall, þaðan sjónhending upp á fjall, og þaðan í stóran stein, sem stendur utan til á ytra Eyvindarfjalli, og þaðan réttlínis norður í Jökulsá á Jökulsdal.
>
> Að austan ræður Jökulsá í Fljótsdal. Að utan ræður úr nefndri á Melakvísl og Bessastaðaá allt upp á fjallsbrún í Eyvindarkeldu, og svo beina stefnu yfir miðheiði, ofan með svo nefndum Stóralæk, allt í Eyvindará, sem greinir Skriðuklaustursland frá Brattagerðislandi, allt að þeirri stefnilínu, sem aður var greint að aðgreindi Valþjófsstaðar- og Klaustursland.

---

35 Skjal nr. 2 (121).
36 Skjal nr. 2 (120).
37 Skjal nr. 2 (120).
38 Skjal nr. 2 (120).
39 Skjal nr. 2 (120).

Fyrir norðan Eyvindarfjöll á einnig Skriðuklaustur land allt frá nefndri línu út að Sauðá, sem skilur það aptur frá Brattagerðislandi.

Í landi Víðivalla ytri á Skriðuklaustur skógarteig „fyrir utan svo nefndan Lingrima“ út að Hrafnkelsstaðalandi, og svo langt upp sem skógur er.

Í Skriðuklaustri eiga Víðivellir ytri þessi ítök:

1. Reiðingaskurð á 10 hesta árlega.

2. 5 stóðhrossa beit á vetur og taka ei folöld frá

3. Engjateig fyrir framan Skógargötur, sem liggja niður frá bænum og er sá teigur 40 faðmar á hverja hlið af fjórum.[40]

Sæbjörn Egilsson skrifaði undir fyrir hönd Páls Ólafssonar umboðsmanns. Jón Einarsson eigandi Víðivalla var samþykkur landamerkjabréfinu. Það var einnig Sigurður Gunnarsson fyrir hönd Valþjófsstaðarkirkju.

Annað landamerkjabréf fyrir jörðina Skriðuklaustur, með eyðijörðinni Brattagerði, var útbúið 17. maí 1896 í Nesi í Loðmundarfirði. Bréfið var lesið á manntalsþingi 3. júní sama ár:

Að framan á Skriðuklausturland „að merkigarði þeim, sem að fornu og nýju haldinn hefur verið landamerki“ og sem liggur frá Jökulsá fram og upp eptir nesinu upp undir fjall, þaðan sjónhending upp á fjall og þaðan í stóran stein sem stendur utan til á ytra Eyvindarfelli og þaðan rjettlínis norður í Jökulsá á Jökuldal.

Að austan ræður Jökulsá í Fljótsdal.

Að utan ræður úr nefndri á Melakvísl og Bessastaðaá allt upp á fjallsbrún í Eyvindarkeldu, og þaðan bein stefna yfir miðheiði ofan með svonefndum Stóralæk allt í Eyvindará, þaðan Eyvindará í Jökulsá á Jökuldal.

Að norðan ræður Jökulsá á Jökuldal.

Þessi eru ítök Skriðuklausturs:

1. Hálfur allur reki til móts við Kirkjubæ á Helmingasandi.

2. Í landi Víðivalla ytri Skógarteigur fyrir utan svo nefndan „Lyngrima“ út að Hrafnkelsstaðalandi og svo langt upp sem skógur er.

3. Selför í Seljadal.[41]

[40] Skjal nr. 2 (4).
[41] Skjal nr. 2 (7).

Páll Ólafsson skrifaði undir fyrir hönd umboðsins. Þórarinn Þórarinsson [prestur] var samþykkur framangreindum landamerkjum fyrir hönd Valþjófsstaðakirkju. Hann skrifaði undir 27. maí 1896.

Landamerkjabréf Skriðuklausturs, ásamt eyðijörðinni Brattagerði, var útbúið 27. ágúst 1922. Það var þinglesið 23. júlí 1923:

> Að framan á Skriðuklaustur land að merkigarði þeim, sem að fornu og nýju haldinn hefur verið landamerki og sem liggur frá Jökulsá fram og upp eftir nesinu upp undir fjall, þaðan sjónhending upp á fjall, þaðan í stóran stein sem stendur utantil á ytra Eyvindarfjalli, þaðan réttlínis norður í Jökulsá á Jökuldal. Að austan ræður Jökulsá í Fljótsdal.
>
> Að utan ræður úr nefndri á Melakvísl og Bessastaðaá alt upp á Fjallsbrún í Eyvindarkeldu og þaðan bein stefna á miðheiði í merkjavörðu (ytri) (merkt L.M. á jarðfastan stein og hlaðin varða ofan á), þaðan um miðheiðarháls í merkjavörðu fremri (merkt L.M. eins og hin varðan). Þaðan þvert vestur heiði í merkjavörðu í svokölluðum Klappalækjarflóa og þaðan í Eyvindará. Þaðan Eyvindará í Jökulsá á Jökuldal.
>
> Að norðan ræður Jökulsá á Jökuldal.[42]

Undir bréfið skrifar Sigmar G. Þormar, eigandi 13/16 úr Skriðuklaustri, auk Guðmundar Snorrasonar, eiganda Fossgerðis.

Landamerkjaágreiningur kom upp milli Skriðuklausturs og Fossgerðis um 1922. Sýslumaðurinn, Ari Arnalds, setti landamerkjadóm að Skriðuklaustri 12. ágúst 1922. Fyrir réttinn mættu Guðmundur Snorrason eigandi Fossgerðis og Sigmar G. Þormar eigandi að 13/16 hlutum Skriðuklausturs, sem mætti einnig fyrir hönd Halldórs Stefánssonar á Torfastöðum sem átti 3/16 í Skriðuklaustri, til að fá skorið úr um landamerkjaágreining. Sýslumaðurinn leitaði árangurslaust sátta og tilnefndi svo fjóra menn í merkjadóm. Eftir að hvor málsaðili um sig hafði rutt sínum hvorum manninum úr dómnum stóðu eftir þeir Eiríkur Sigfússon á Skjöldólfsstöðum og séra Þórarinn Þórarinsson á Valþjófsstað. Málsaðilar lögðu fram gögn sín í málinu og að því búnu ákvað dómurinn að gera áreið á svæðið sem ágreiningurinn stóð um. Því næst óskaði Guðmundur Snorrason frests vegna viðbótarskjala sem hann átti von á og því var ákveðið að halda réttarhaldinu áfram að Egilsstöðum á Völlum hinn 15. september.[43] Ekki sjást þó merki um að réttarhaldinu hafi verið framhaldið þá.

Ástæðan mun sú að sættir hafi komist á en 27. ágúst 1922 var útbúið landamerkjabréf fyrir Fossgerði sem var þinglýst 25. júlí 1923. Landamerkjalýsingin er svohljóðandi:

> Að utan ræður Holtavörðulækur á fjallsbrún upp, þaðan sjónhending í vörðu á svonefndri Fossáröldu og þaðan beint á Miðheiði. Svo inn Miðheiðarháls í

[42] Skjal nr. 2 (8) a-b.
[43] Skjal nr. 2 (174).

innri merkjavörðu (merkt L.M.) þaðan þvert vestur heiði í merkjavörðu í svokölluðum Klapparlækjarflóa og þaðan í Eyvindará. Þaðan ræður Eyvindará í Jökulsá á Jökuldal.

Jökulsá ræður að norðanverðu.[44]

Guðmundur Snorrason eigandi Fossgerðis og Pétur Halldórsson eigandi Klaustursels skrifa undir lýsinguna ásamt Sigmari G. Þormar eiganda 13/16 hluta Skriðuklausturs.

Kafli er um Skriðu í jarðamatinu 1804. Þar kemur fram að dýrleiki hennar sé óviss. Á jörðinni má fá 10 tunnur af fjallagrösum sem metin eru á 2 hundruð og 60 álnir. Hún á „afrétt“ fyrir geldfé og lömb sem metin eru á 44 álnir.[45]

Í jarðamatinu 1849 er Skriða tekin fyrir ásamt afbýlinu Hantón. Þar segir:

[...] auk þess er og tilflugt med heyskap uppá fjalli ef á þarf ad halda, sem ad vísu er ördugt ad ná, enn þó einginn frágángssök. - Hagi er hér meiri part grasgéfinn og landstærdinn mikil, med því ad land nær þvert yfir Fljótsdalsheidi ad svokalladri Eyvindará, [...] jördin hefir lítil not ens vídlenda heidarlands sökum fjarlægdar. - Til hlynninda má telja jördunni ad hún á afréttarland fyrir sig í svokölludum Rana fyrir 400 fjár.[46]

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916-1918 er kafli um Skriðuklaustur. Þar stendur:

Jörðinni fylgir afréttarland 2/3 Rana og eyðibýlið Brattagerði á Jökuldal, sem lagðist í eyði við öskufallið 1875 og hefur eigi byggs<t> síðan, en verið notað sem afréttarl. ásamt Ranaafréttinni sem eyðikot þetta var áður byggt úr.[47]

*Sveitir og jarðir í Múlaþingi* segja um Skriðuklaustur:

Segja má að Skriðuklaustursland nái þvert yfir Fljótsdalsheiði milli Jökulsánna beggja, í Fljótsdal og á Jökuldal, og land þess deilist milli tveggja hreppa, því að Skriðubændur áttu og nýttu eða leigðu öll gögn og gæði Klaustursels og býlanna í Rana (sjá Klaustursel, Stuðlafoss, Brattagerði og Þorskagerði).

Heimaland er Klausturnesið, [...] Heiðin var og er aðeins nýtt sem afrétt og fyrrum leigður upprekstur þar. [...] en mörk við Valþjófsstað við girðingu og skurð 500-600 m utan við þjóðveginn þvert yfir Valþjófsstaðanes - upp á Klausturhæð og síðan vestur á Miðheiðarháls norðarlega yfir eða norðan við Gilsárvötn. [...]

Rekaítök átti jörðin á Héraðssöndum, [...] og selstöðu í Melalandi (sjá þar). Síðast var haft í seli frá S í Brattagerði kringum miðja 19. öld.[48]

---

[44] Skjal nr. 2 (184).
[45] Skjal nr. 2 (109).
[46] Skjal nr. 2 (76).
[47] Skjal nr. 2 (25).
[48] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* II, bls. 35-36.

Heimildir benda ekki til annars en samfelld búseta hafi verið á Skriðuklaustri frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.

### 5.3. Brattagerði og Þorskagerði

Þessum býlum er svo lýst í *Sveitum og jörðum í Múlaþingi*:

> Þorskagerði og Brattagerði í Rana
>
> Svo heita eyðibýli tvö ofarlega á Jökuldal austan ár. Býli þessi eru sérstæð að því leyti, að þau eru bæði í eigu Skriðuklausturs og voru löngum nytjuð þaðan í svo ríkum mæli, að á þau var litið sem hluta af Skriðujörð. [...]
>
> Bæði býlin eru í Rana, en svo heitir landssvæðið milli Eyvindarár og Hölknár og hefur að líkindum heitið Eyvindarárrani í öndverðu. [...]
>
> Raunar eru eyðibýlin í Rana þrjú. Rústir Eiríkshúsa eru á sléttri grund skammt utan við Þ. Sennilega er býlið kennt við Eirík Eiríksson frá Brú, [...] hann bjó þar nokkur ár , 1801-´10, [...]
>
> Þ er undan Mógilshálsi miðja vegu milli Hölknár og Sauðár á grundum í grunnri sveif skammt upp frá Jökulsá. Býlisins er ekki getið í opinberum jarðabókum, og ætla má, að það hafi í öndverðu verið sumarsel frá klaustrinu á Skriðu. Meðan Sigfús Stefánsson bjó á hálfri Skriðu (1863-´71) lét hann byggja fjárhús fyrir 150 fjár á Þ og hafði þar í seli nokkur ár (Óðinn 5. ár). Líklegt er, að hann hafi haft geldfé á húsunum á vetrum og smalinn búið í B. [...]
>
> B er um 5 km út af Þ og Sauðá á milli.[49]

Brattagerðis er getið í umfjöllun um stríðshjálparskattinn 1681.[50]

Aukaréttur var settur á Ketilsstöðum á Völlum af sýslumanninum, Páli Melsteð, 2. október 1828. Fyrir réttinn lögðu þeir Jón Jónsson í Bót og Jón Árnason á Urriðavatni, hreppstjórar í Tungu- og Fellahreppum, úttekt á jörðum Skriðuklausturs sem fram hafði farið 8.-20. september. Úttekt Klaustursels fór fram 16. september. Ábúandinn þar, Einar Rollandsson, sagði að hann gæti útvegað votta því til sönnunar að jörðin hafi verið byggð fyrir sex hundruð með afnotum til heys og beitar af svokölluðum Rana sem væri „afrétt“ Fljótsdælinga. Þessi afnot sagði hann að hefðu verið metin til tveggja hundraða og því væri sjálft Klaustursel einungis fjögur hundruð að dýrleika. Einar sagðist engin afnot geta lengur haft af Rananum ef sú ábúð sem

---

[49] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 291-292.
[50] Skjal nr. 2 (155) a-b.

Magnús Snorrason hefði haft þar undanfarin þrjú ár héldi áfram en hann hafi byggt sér þar bæ.[51]

Útmæling á landi handa Brattagerði fór fram 20. ágúst 1835, gerð af settum sýslumanni og fjórum virðingarmönnum. Umboðsmaður Skriðuklausturs, „innan hvörs landamerkja þad land liggr, sem nú skal útvísast til áminnstrar jardar“, var viðstaddur, svo og nýbýlingurinn, Magnús Snorrason. Hreppstjóri Fljótsdalshrepps hafði mótmælt útmælingunni. Síðan var

> á landid ridid í svokalladri Skridu klaustri tilheyrandi Rana Afrétt.

Vegna mótmæla hreppstjóra Fljótsdalshrepps var úrskurðað:

> Þar Hreppstióri í Fliótsdals Hrepp Gudmundr Marteinsson ekki hefr framkomid med neina Heimild til greinds Afréttarlands Rana, sem eftir því sem eldstu Menn tilvita er Skridu Klausturs mótmælalaus Eign, svo verdr sú áminnsta Mótsögn ekki heldr giörd ad nokkrum Alytum og þad því sídr sem Forordningin af 15d. April 1776 ségir ad þó Einhvör kunni ad hafa notad eitt óbyggt Landspláts fyrir afrétt géti þad þar fyrir ei matist hans Eign, og þetta skuli ei vera til Hindrunar þvi ad Nýbyggiari fái þar útvisad Bygdarland.

Voru mótmæli hreppstjórans metin ógild og landamerki nýbýlisins úrskurðuð:

> út vísast Land til Meðallags Bújarðar í áminnstri Rana Afrétt frá eptir skrifudum Landamerkium nl.
>
> frá Saudá úteptir med Jökulsá til þess ad Eyvindará fellr í hana; Þadan sudr ad vestanverdu med nefndri Eyvindará þángad sem Eyriksstada Vegur yfir Heidina liggr útí ána og þadann í beinni Línu til Vesturs uppá Ranan til Vördu sem hladin er upp á millum tveggia stórra jardfastra Steina; sídan til næstu vördu þar fyrir Vestan í sömu Línu, og loksins til Saudár þar sem hún fellr nidr af efstu Fiallsbrúninni, hvar eptir nefnd á rædr Landi ad sunnann allt nidr í Jökulsá.

Skoðunarmenn töldu nýbýlingnum nauðsynlegt að fá að heyja í flóanum með fram Eyvindará, fyrir sunnan ákveðin landamerki. Samþykkti klausturhaldarinn það ef afréttarfé yrði ekki látið mæta styggð.[52]

J. Pétur Havsteen sýslumaður var mættur að Brattagerði 18. ágúst 1845 til þess að stýra skoðunar- og skiptagjörð á þeim parti Ranaafréttar sem lá undir Skriðuklaustur. Auk skoðunarmanna voru Sigurður Guðmundsson umboðsmaður Skriðuklausturs, Stefán Árnason prófastur á Valþjófsstað og fyrrverandi ábúandi Skriðuklausturs Árnibjörn (Árni Björn) Stefánsson í Geitagerði mættir til að vera viðstaddir. Eftir áreið á Ranann greindi séra Stefán á Valþjófsstað frá þeim félagsskap sem staðið hafði fram að þessu á milli Valþjófsstaðarprestakalls og Skriðuklausturs um Ranaafrétt. Hann gat þess að forveri sinn í embætti, séra Vigfús Ormsson sem hélt

[51] Skjal nr. 2 (80) a-b.
[52] Skjöl nr. 2 (26) og 2 (81).

staðinn frá 1789-1836, hafi látið ábúendunum á Skriðu eftir öll afnot af þeim parti Ranaafréttar sem tilheyrði Valþjófsstaðarprestakalli gegn því að Valþjófsstaðarkýrnar mættu ganga í svonefnda Klausturpytti á sumardag. Valþjófsstaðarprestur taldi að forsendur fyrir umræddum samningi væru brostnar því að Skriða hafði misst engjastykkið Breiðumýri og hlyti því að þurfa að brúka pyttina sem slægjuland. Skoðunarmennirnir töldu að ætti núverandi afgjald Skriðu að haldast þá mætti nýbýlinu Brattagerði, í Ranaafrétt, ekki tilleggjast meira land af þeim parti „afréttarinnar“ er liggur undir Skriðuklaustur en

> [...] frá þeim stóra steini er stendur utan til á Ytra Eivindarfialli eins og áhlödum rétt andspænis á móti Þórir [strikað yfir: stada] kvíslar ósi, beinlínis í vördu þá sem hladin er upp á milli tveggia jardfastra steina hiá Eiriksstada vegi á ranahálsinum, þadan nidur til Saudar þar sem hún fellur af efstu fiallsbrúninni nidur í Jökulsá, sídan nidur med Jökulsá þar til Eivindará í hana rennur og svo upp med Eivindará eptir sem hún rennur uns þess Þórirsqvísl í hana fellur, og frá þessari kvísl uppí fyrrnefndan stein. Allt Land þetta eptir tilgreindum takmörkum var því útvísad Nýlendumanninum Magnusi Snorrasyni til allra afnota samqvæmt tilskipuninni af 15da April 1776.[53]

Skoðunarmennirnir segja að landið eftir ofangreindri útvísun sé mjög grýtt, hrjóstugt, hafi mjög litlar slægjur og lélegt tún og því meti þeir dýrleika þess til fjögurra hundraða. Auk ofangreindra aðila settu skoðunarmennirnir Guttormur Vigfússon stúdent á Arnheiðarstöðum, Sveinn Pálsson hreppstjóri á Bessastöðum, Þorsteinn Jónsson á Brekkugerði og Hallgrímur Eyjólfsson á Glúmsstöðum nöfn sín undir skoðunar- og skiptagjörðina. Magnús Snorrason á Brattagerði handsalaði og þeir Gunnlaugur Þorkelsson og Pétur Pétursson settu nöfn sín undir sem vottar.

Sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu skrifaði amtmanni 24. mars 1849 um nýbýlismenn sem höfðu að undanförnu sett sig niður í Möðrudalsheiði, þ.e.a.s. fjalllendinu á milli Möðrudals, Vopnafjarðar og Jökuldals. Þar minnist hann á Jón Guðmundsson sem hafi stofnað nýbýlið Mela og segir að það sé sá sami sem sótti um að fá Þorskagerði í Ranaafrétt til ábúðar á sínum tíma.[54]

Um Brattagerði segir í lýsingu Hofteigsprestakalls árið 1874 að heyskapur sé þar erfiður og mestallan í heiði að sækja. Í sömu lýsingu er sagt, að Þorskagerði hafi verið fyrst byggt fá ár um 1789 en lagst í eyði í móðuharðindum 1783-1784, aftur 1809-1812 [leiðrétt í athugasemdum útgefanda í 1807-1810] og byggt sem sel frá Skriðuklaustri 1868, þar hafi verið búið í ár en selförin lögð niður.[55] [Útgefandi segir að búið hafi verið á Þorskagerði 1872-1875.]

---

[53] Skjal nr. 2 (82) a-b. Um embættisár Vigfúsar Ormssonar, sjá Sveinn Níelsson: *Prestatal og prófasta á Íslandi*, bls. 10.
[54] A.6 30 a-b.
[55] *Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 88.

Um Brattagerði segir í mati á jörðum Skriðuklausturs frá 1878 að jörðin sé alveg í eyði og engar líkur til þess að hún byggist framar. Fram kemur að til standi að leigja land jarðarinnar fyrir afréttarland en enginn samningur hafi enn verið gerður þar að lútandi og því sé óljóst hversu miklum tekjum það muni skila.[56]

Sýslunefnd Norður-Múlasýslu gaf álit sitt á sölu Skriðuklausturs 24. apríl 1893. Í því stendur eftirfarandi:

> Ábúandi Skriðuklausturs kveðst ekki krefjast kauprjettar á öðru en heimajörðinni Skriðuklaustri með eyðibýlinu Brattagerði, sem er í afrjett með þeim landamerkjum er þinglesin voru á Valþjófsstaðamanntalsþingi árið 1884. Hvað Skriðuklaustur snertir, vill nefndin láta það álit í ljós, að jörðin hefur lítið heimaland, en afrjettarland mikið, sem tekur við af heimalandi [...]
>
> Brattagerði er nú gjörsamlega óbyggilegt og lítur út fyrir að verða það framvegis.[57]

Brattagerði var selt með Skriðuklaustri 23. ágúst 1895.[58]

Brattagerðisland er innan landamerkja Skriðuklausturs samkvæmt landamerkjalýsingu 1896.[59] Það sama er uppi á teningnum í landamerkjalýsingu Skriðuklausturs frá 1922.[60]

Samkvæmt jarðamatinu 1849 er Brattagerði nýlenda byggð í Skriðuklausturslandi, fjögur hundruð að dýrleika. Í jarðamatinu stendur einnig:

> [...] lángsóktur heyskapur [...] útigángur á vetrum allgódur, enn stórgripahagar litlir bædi sumar og vetur, landid blásid og undirorpid sandfoki.[61]

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916-1918 kemur fram að Brattagerði hafi lagst í eyði eftir öskufallið 1875 og að jörðin hafi verið notuð frá þeim tíma sem afréttarland. Tiltekinn túnbali og útengi hafi síðan verið lánuð til slægna af og til. Samkvæmt fasteignamatinu er ólíklegt að jörðin byggist upp aftur því hún sé svo nálægt „afrétti“.[62]

## 5.4. „Valþjófsstaðarkirkjueign“

*Sveitir og jarðir í Múlaþingi* segja svo um Valþjófsstað:

> Jarðarinnar mun fyrst getið í Njálu í upphafi 11. aldar, er þar bjó Sörli Brodd-Helgason. Á 12. og 13. öld var V eitt af höfuðbólum Svínfellinga, sem voru á þeim tíma valdamesta ætt á Austurlandi, og frægastir þeirra

[56] Skjal nr. 2 (121).
[57] Skjal nr. 2 (120).
[58] Skjal nr. 2 (120).
[59] Skjal nr. 2 (7).
[60] Skjal nr. 2 (8) a-b.
[61] Skjal nr. 2 (76) a-b.
[62] Skjal nr. 2 (25).

> Valþjófsstaðabræður, Þorvarður og Oddur Þórarinssynir, Þorvarður „síðasti goðinn“, (sbr. rit Björns Þórðarsonar með þessu nafni), er gekk konungi á hönd síðastur íslenskra höfðingja og sá, sem Barði Guðmundsson telur, að skrifað hafi Njálu [...]
>
> [Fjallað er um eignir Valþjófsstaðar milli Jökulsánna og afréttarlöndin og síðan segir:] Það er auðsætt, að landsetum hefur verið ætluð hlutdeild í þessu landi, enda eru mörk milli jarða óljós enn ofan brúna.[63]

Graftarkirkja var á Valþjófsstað þegar um 1200 samkvæmt kirknaskrá Páls biskups Jónssonar.[64]

Samkvæmt Gottskálksannál var gerður staður á Valþjófsstað árið 1306:

> gior stadr aa Valþiofs stodum er adr uar half lendi.[65]

Í máldagasafni Vilchins biskups frá 1397 segir m.a. um Valþjófsstað:

> Mariukirkia aa walþiofstodum aa heimaland allt. mulaland milli merkigardz oc wt fra aRnnallzstödum oc þess merkigardz sem wt er fra gnufsstödum [Gnupstodum, í öðru handriti]. Þorgerdarstade. [...] land vnder kleif fram fra ÞuRidarstödum wnder iokla med ollum gædum. wtan skog. selland at laugarhusum. fiordung j kelldudal. backaskog j wideualla land. [...] skogarteig wt fra ytRum wideuöllum. [...] Þangat liggia tíunder af xj bæium vtan bessastödum oc vídivollum.[66]

Kirkjan að Hallormsstað á samkvæmt sama máldaga fjórðung í Keldudal [Þorgerðar(staða)dal[67]] og mannsför í gæsaveiði í Þóriseyjar.[68]

Í óársettum máldaga Valþjófsstaðarkirkju sem þó er talinn frá því um 1471 eða úr tíð Sveins biskups Péturssonar er að finna sömu upplýsingar og í máldaganum frá 1397 ef frá er skilið upphaf textans:

> Mariu kirkia a valþiofstödum a heima land allt. mula land allt mille merkegardz uth fra arnalldzstödum oc þess merkegardz sem uth er fra gnupsstödum. þorgerdarstade. jördina arnalldzstade j fliotzdal. halfa hrollavgsstade. [...] land vnder kleif fram fra þuridarstödum.[69]

Í lögfestu Valþjófsstaðar frá Maríumessu um sumarið 1484 [2. júlí?] segir um land kirkjunnar:

---

[63] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* II, bls. 38-39.
[64] Skjal nr. 4 (65).
[65] *Islandske Annaler indtil 1578*, bls. 340.
[66] Skjal nr. 4 (1).
[67] *Múlasýslur. Sýslu- og sóknarlýsingar*, bls. 160-161.
[68] Skjal nr. 4 (50). Það er eins í máldaga Gísla biskups Jónssonar frá 1570 og síðar (1576), sbr. skjal nr. 4 (71).
[69] Skjal nr. 4 (3).

> Heima landid utan fra merkegarde og ad liosaa allt riettsyni nordur i Jökuls A, Kleifarland riettsyni þadann aainn fellur ofan og nordur j Jokulsz A motz Vid Þurijdarstadi.[70]

Þeir Gunnlaugur Bjarnarson, Þorleifur Barkarson og Þorbjörn [óskýrt, fyrst skrifað *Þórður* svo *Þorleifur* en *Þorkell,* skv. annarri uppskrift] Þorsteinsson votta að hafa heyrt séra Árna Þorsteinsson lögfesta Valþjófsstað, hinn 15. ágúst 1484, með eftirfarandi ummerkjum:

> heimalandit vtan frá merkigardi og ad liosa allt riettsyni nordur i jokulsá kleifarland riettsyne þadan aenn fellur ofan og nordur j jokulsá mots vid þurijdarstadi suo undir iokla. Molaland [Mulaland, skv. bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar] allt nordur i merkigard [ur merkegarde, skv. bréfabók Brynjólfs biskups]. langhusaeyrar [bréfið ólæsilegt hér í tíð Árna Magnússonar]. æfir [yfir, skv. bréfabók Brynjólfs biskups] fiall svdur i merkigard. suo langt þadan þar til kelldaa er aull frame og suo riettsyne vt i iokulsá. þesse vmmmerki baru med nefndum sira arna ad riett og saunn hefdi hallden verit marger dugandi menn.[71]

Að mati Árna Magnússonar handritasafnara er bréfið falsað og eru rök hans fyrir því svohljóðandi:

> Ex membr. fra Valþiofsstadar kirkiu. 3 innsigle hanga vid brefed þeirra manna er fyrer þad eru skrifader. hvaraf þad sidarsta er ecke vel læst. Brefed er skrifad med ymsu bleke. og greihende. kannske og fleirum enn einne. Er blettott og illa umvendad. Mier virdest brefed vera *falsbref.* og vera uppskafed gamallt bref til ad skrifa á. ad visu giet eg eigi sied. þad sie so gamallt ad skriftenne. sem árstaled seiger.[72]

Séra Páll Grímsson segir í vitnisburði, sem er annaðhvort frá 9. maí eða 19. september 1491 en láðst hefur að geta hvort átt sé við krossmessu að vori eða hausti í dagsetningu bréfsins, að hann hafi verið heimilisfastur að Valþjófsstað í 18-19 vetur og hafi vitað

> [...] ad skored var upp á .xx. hesta letorf hvert aar j Skridu jördu er liggur j Valþiofstadar kirkiusokn. og vissa engann ad finna. og engann heyrda eg ákiæra. at su jtala være kirkiunnar eign og stadarens á Valþiofsstad. enn þar j mote kiæme lambarekstur j Tungurnar frá þeim bonda sem bygge á Skridu.[73]

Umræddar Tungur eru vafalaust Maríutungur eins og sjá má á vitnisburði séra Kollgríms Koðránssonar frá 10. júní 1517.

---

[70] Skjal nr. 2 (136).
[71] Skjal nr. 4 (4).
[72] Skjal nr. 4 (4). Afrit af bréfinu er einnig að finna í bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar í AM 368 fol., ritað 24. febrúar 1653 eftir frumritinu og vottað af séra Böðvari Sturlusyni og Tómasi Finnssyni, eiðsvara konungs.
[73] Skjal nr. 4 (55).

Í ódagsettum máldaga sem er talinn frá árunum 1491-1518, eða úr biskupstíð Stefáns Jónssonar segir:

> Kirkian ad Valþiofsstad a heima land alltt og ad auk lx hndr. j fasta eign:[74]

Hinn 10. júní 1517 skráði séra Kollgrímur Koðránsson og innsiglaði vitnisburð sinn um fyrirkomulag lambareksturs er hann hélt Valþjófsstað. Vitnisburðurinn er svohljóðandi:

> ek hiellt ualþiofstad uppaa. xij. aar og rak eingi laumb ne annad fie fram aa auræfi huorki enu nyrdre ne sydre nema j minu leyfi og aunguan penning annan utan lambarekstur fra skridu j mariutwngur. en fra aungre iörd annare.[75]

Frá 15. maí 1552 er varðveitt svokallað Hrafnkelsdalsbréf sem er vitnisburður Magnúsar Þorvaldssonar um landareign á milli Jökulsár og Snæfells fram undir jökul og í utanverðan Hrafnkelsdalsenda hinn ytra. Í vitnisburðarbréfi þessu segir Magnús:

> ec var j Fliotzdal þriatigi ara. heyrdi eg alldri tvimeli a leika at þat veri ecki stadar eign allt land [Við þennan stað tilgreinir útgefandi fornbréfasafns eftirfarandi neðanmáls: Hér er skafin út freklega 1 ½ lína þegar í öndverðu, og sýnist þó allt vera hrekklaust. Eitthvað hefir ofskrifazt.] millvm Jokvlsar ok Snefellz fram vnder jokvl og j vtanverdan Hrafnkelsdallsenda en ytra ok j þessv fyrrgreindv landi fra stadnum fvglar veidder ok fiskar ok aller peningar j hafder ok alldri akert af neinum manni til ok alldri mvtvr til teknar.[76]

Varðveist hefur svohljóðandi vitnisburður Gissurar Helgasonar frá 31. maí 1552 um ítölu í Staðaröræfi frá Valþjófsstöðum:

> Þath giore Eg Gizvr Helgason godvm mavnnvm kvnnigt med þessv minv opnv brefi. at eg kom xi vetra gamall i Valþiofstadar kirkiv sokn. og þar olst eg vpp. og sidan bio eg fyrst ellefv ar heima a stadnvm og i Gavrdvm. viij aar aa Arnollstavdvm. i savmv þingaa. xij aar aa Glvmstaudvm. og eitt aar aa Þvridarstavdvm. Og heyrda eg alldre a þessvm arvm. at navckur ætti neina jtavlv fram a stadar ayræfi. hvorki lamba rekstur. nie annars penings. vtan hvndrat lamba rekstvr fra Skridv j Marivtvngur. enn staduren ætti j stadin vpp aa xx hesta torfskvrd arliga j Skridv land. Og einginn madur Rak sina peninga þessi fyrr greind aar hvorki fram af Seliadal. eda vnder Snæfell. Og eigi hinv nyrdre ayræfin. Vtan med þess leyfi sem Valþiofstad hiellt. vtan busmala rekstur. sem i selivm var hafdur.[77]

---

[74] Skjal nr. 4 (56).
[75] Skjal nr. 4 (5).
[76] Skjal nr. 4 (66).
[77] Skjal nr. 4 (6).

Hinn 27. júlí 1582 samdi séra Hallvarður Einarsson kvittunarbréf um þá peninga sem hann veitti viðtöku árið 1560 er hann tók við Valþjófsstað. Þar er m.a. minnst á leigur af jörðunum Þuríðarstöðum og Þorgerðarstöðum.[78]

Aftan á transskrift sem séra Þorsteinn Jónsson stóð fyrir ásamt öðrum árið 1441 af máldaga Valþjófsstaðakirkju, eftir máldagasafni Vilchins biskups, var að finna jarðaskrá Valþjófsstaða. Árni Magnússon lét taka afrit af þessari skrá og getur þess að hún hafi verið með hendi frá því um 1550-1560. Fyrir neðan hana var skrifað með annarri hendi ártalið 1560 sem Árni taldi merkja að þá hefði séra Hallvarður Einarsson tekið við Valþjófsstað. Skráin greinir frá því hvaða jörðum séra Hallvarður tók við og þar kemur m.a. þetta fram:

> Alla jordina Þurijdarstadi med .ij. kwm gomlum med Kleifarlandi sem fyr seiger. [Hér er átt við máldaga Vilchins biskups] [...] Þorgerdarstadi. allar Mariutungur og .xx. hesta reidingsskurd i Skriduland.[79]

Valþjófsstaðar og Hóls er getið í umfjöllun um stríðshjálparskattinn 1681. Hjáleigumenn Valþjófsstaðar eru sagðir eiga átta kúgildi.[80]

Máldagi Gísla Jónssonar biskups fyrir Valþjófsstöðum sem saminn var um 1570 [1570-1576] er svipaður þeim sem samdir voru 1397 og (líklega) 1471. Í honum stendur m.a.:

> Kirkian ad Valthioffsstaudum. á heimaland alltt. Mulaland alltt. mille merkegardz vt fra Arnalldz stødum og thess merkegards, sem vt er frá Gnupstødum. Thorgerdarstade. Jørdina Arnalldzstade. i Fliotzdal hálffa Hrollaugsstade. fiordung i Arneidarstødum. Land vnder Kleiff framm frá Thuridarstødum vnder Jokla med øllum giædum [leiðrétt prentvillan: giædmu]. vtan skög. Selland ad Laugarhusum. h[álffan] fiordung i Kielldudal. Backaskóg i Vijdevallaland. og alla skóga frá Lækium fijrer vtann Mariutungur og til Stulla ár. Skógarteig vt frá ijtrum Vijdevøllum. [...] Budartungur.[81]

Í sama máldaga kemur fram að kirkjan að Hallormsstöðum eigi fjórðung í Keldudal og mannsfar í Þóriseyjar í gæsaveiði.[82]

Árið 1641, í tíð Brynjólfs Sveinssonar biskups í Skálholti, var Valþjófsstaður vísiteraður. Vísitasían var byggð á máldögum sem samdir höfðu verið fyrir staðinn á öldum áður:

> Mariu Kyrkia ad Valþiófstödum á Heimaland allt eftir gomlum Kyrkunnar malddaga, huor ed samann var lesinn vid Wilchins máldaga, under godra manna heirn. Og bar ei mun á milli, Var þad bref fyrerskrifad af 6 mönnum

---

[78] Skjal nr. 4 (67).
[79] Skjal nr. 4 (67).
[80] Skjal nr. 2 (155) a-b.
[81] Skjal nr. 4 (69). Gíslamáldagar voru að konungsboði 5. apríl 1749 löggiltir að sönnunargagni í málaferlum sem varða kynnu kirkjueignir, sbr. *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 545.
[82] Skjal nr. 4 (69).

> eftir Registrum Kyrkunar j Skalholti, Mulaland milli merkigards, ut fra Arnalldstodum og þess merki gards, sem er utfrá Gnupstödum kallast nu ad meiningu Glumstader, Þorgerdarstader leigd 4 ærgilldum, fiórdung j Arneidarstodum mote Christfienu, leiga halft fiórda ærgilldi, land under Kleif framm frá Þurydarstödum under Jokla med öllum giædum, utan skóg, enn ad gömlu hefdar halldi fylger nu Skógur landi, Selland ad laugar húsum, Fiórdung j Kelldudal, Backaskog j Vidivallalandi Og alla skoga frá læk<n>um fyrer utann Marju tungur Og til Sturlu ár, Skogar teig ut fra Ytri Vidiuöllum, Skogar teig j Hrafnkelstada land, Budar tungu, Slefholls teyg, Þurijdarstade leigd ij [leggurinn á j-i yfirstrikaður, merkir því 1 1/2] hndr. Arnold Stade leigd siö ærgilldum.

Þá er í vísitasíunni tekið upp úr áðurnefndum vitnisburðum frá árinu 1552, svo og vitnisburði séra Kollgríms, nema hann er sagður frá 1514. Síðan segir:

> Domsbref uppa fyrrskrifada Vitnisburdi ad Nyter Sieu. Og Hrafnkels Dalur og Oræfi, millum Jokuls anna beggia, Sieu eign Valþiofs stadar Datum Eigelstödum 1621 Domarar S Olafur Einarsson profastur[83] Og Arni Magnusson Syslumadur med þeirra underskriftum Og Sex Dóms manna.

Til þessa skjals er síðan oft vitnað en það hefur verið glatað a.m.k. frá því á áttunda áratug 18. aldar.

Loks er lýst landamerkjum heimalands Valþjófsstaðar og vikið að kirkjujörðum:

> Landamerki Stadarins ad framann. Mula land milli merki gards ut fra Arnalldstodum, Og þess merkigards sem er ut fra Gnupstödum. Þetta fyrer Sunnan Jokuls aa. Enn fyrer Nordann framm j Þann gard, sem liggur fyrer utann Liósar Og landa merki deyler milli Valþiofsstadar og Þurjdarstada. Þetta ad framann. Enn ad Vestann Rædur fiallid, ad utann ur Fiallinu j Griothryggenn sem ofan efter liggur Fiallinu þadan ofan efter merkia gardi J Jokuls aa enn hun rædur ad austann. Enn aa landamerkium Kyrkiunnar Jarda lofar Presturinn S Einar Þoruardsson grein ad giöra þad frekasta hefdar uitni uita. Og Senda til Skalholts ad næst komanda Alþyngi 1642 Seinast.[84]

Gildi dómsbréfsins frá árinu 1621 átti eftir að verða mikið þrætuepli Finns Jónssonar biskups og Thodals stiftamtmanns í bréfaskiptum þeirra varðandi Hrafnkelsdal.

Eftirtektarvert er það, sem segir í vísitasíunni varðandi skóg á landi undir Kleif, að nú fylgi skógur landi eftir gömlu hefðarhaldi.

---

[83] Séra Ólafur Einarsson var prófastur í öllu Múlaprófastsdæmi á bilinu 1609-1652, sama heimild, bls. 34.

[84] Skjal nr. 2 (45) a-b. - Bps. A. II, 8 (1641), bls. 42-51, glatast hefur eitt blað (47-48) (sjá einkum 42, 44-46).

Vísitasíu fyrir Valþjófsstað árið 1677 svipar til þeirrar frá árinu 1641. Athugandi er að lögð er megináhersla á elstu eignaskráninguna af því að upptalningin endar á Slefholtsteigum. Síðar segir:

> Framar eignar Visitatiubok M. Brijnolfs SS Kyrkiunnj Jardernar Þuridarstadj og Þorgrimz Stadj Sem enn nu vidhalldast, Jtem Kleijfarlandz Skóg efter gömlu hefdar halldj. [...] Hvad framar Stadarenz eignum og Jtökum vidvijkur ma Siast visitatiu bok M Brijnjolfz SS in visitatione Annj 1641.[85]

Síðan kemur lýsing landamerkja heimalandsins.

Vísitasía á Valþjófsstað árið 1706 er fyrst og fremst byggð á vísitasíu 1677. Um skjalaeign staðarins segir:

> Þesse bref liggia á Kirkiunnj: Maldage skrifadur á Kalfskin, sem kiemur Saman vid Vilchins Máldaga nem j einu atride, sem er vatnskietel, Hvern Maldagaboken hefur enn brefed ecke. Dat. 1441, Hafa vered under 6 innsigle Sem nu eru öll i burtu. Vitnisburdur tveggia Presta á Kalfskinn, Sr Olafs Oddssonar og Sr Einars Olafssonar, sem seigiast hafa yferlesed Maldagan Kirkiunnar á Valþiófstödum i Registrum bók Skalholltz Kirkiu, so látande ord fyrer ord sem á þad bref er skrifad, Arstalded er i burt rifed med nockru fleiru nedan af brefinu. Vitnisburdur Jons Magnussonar med Einu Hangande innsigle löskudu, Dat. 1602, um ófærureka [...] Vitnisburdur Kollgrims prest Bodvarssonar [úti á spássíu er skrifað: Kodrans en strikað undir Bodvars] med einu Hangande Jnnsigle, Dat. 1514, ad i Hans tíd hafe hverke lömb nie annad fie vered reken á öræfe enu nyrdre nie sydre nema med Sinu leife. Vitnisburdur þriggia manna Dat. 1484, med þremur Heilum Hangandi innsiglum ad Arne prestur Þorsteinsson hafe i þeirra áheyrn lögfest Valþiófstad med þessum ummmerkium Heimalanded ut fra Merkegarde etc. Vitnisburdur Magnusar Þorvalldssonar Dat. 1552 med einu brákudu innsigle, ad Hann hafe alldrej heyrt tvjmæle á leika, ad ecke være Stadareign allt land, millum Jökulsar og Snæfells, framm under iökul, og i utanverdan Hrafnkelsdals enda enn ytra etc. [...] Vitnisburdur Gissurs Helga Sonar med einu brotnu innsigle Dat. a Valþiofstad 1552, ad hann hafe alldrej heyrt ad nockur ætte neina itölu framm á stadar öræfe, Hverke lambarekstur nie annars penings, utan Hundrad lambarekstur frá Skridu i Mariutungur, enn Staduren ætte i Staden uppa 20 Hesta torf skurd árlega i skriduland, enn nu er þad Reidings skurdur.[86]

Í vísitasíunni á Valþjófsstað árið 1727 stendur ekkert um land staðarins umfram það sem kemur fram í vísitasíunni frá 1706. Vísað er til bréfa sem nefnd voru 1706.[87] Í vísitasíu 1748 stendur m.a.:

---

[85] Skjal nr. 2 (47) a-b.
[86] Skjal nr. 2 (49).
[87] Skjal nr. 2 (50).

> Öllum þessum Jtökum behelldur Kirkian ennnu, efter Medkienning Ehruverdugs Stadarhalldarans Sr. Hiörleifs Þórdarsonar fyrer utann þesse Reka Mörk og Örnefne: Kelldudal, Slefholltsteiga, Sverristeig, Ketels Stada Sand, AskeltsÁ, Uxafalls fiörur, Wogsfiöruflesiar; Veit nu eingenn hvar þesse Mörk og Örnefne liggia, so vidt sem Stadarhalldaranum er ummkunnugt, Enn Hann skal þó efter þeim spyriast, so vidt Hönum er Mögulegt.[88]

Vísitasía árið 1763 sækir efni sitt í fyrri vísitasíur og er því ekki ástæða til að minnast á innihald hennar hér.[89]

Í vísitasíu Valþjófsstaðar frá 1779 stendur m.a.:

> [...] land under Kleif fram frá Þuridarstödum under Jökla med öllumm Giædumm utann Skóg, hvar vid Visitatia Biskups Magr. Brinjulfs Sveinssonar 1641 bætir, ad Skógur fylge lande efter gömlu Hefdarhallde sem sidann hefur vidvarad ad þvi er Menn tilvita.[90]

Valþjófsstaður var vísiteraður enn á ný árið 1850. Í vísitasíunni stendur m.a.:

> [...] hún á heimaland allt með gögnum og gæðum, Múlaland allt milli merkigarðs útfrá Arnaldsstöðum og þess merkigarðs sem út er frá Gnúpsstöðum, sem nú kallast Glúmsstaðir, Þorgerðarstaði, Arnaldsstaði í Fljótsdal, hálfa Hrollaugsstaði, Þuríðarstaði, Þorgrímsstaði, í Breiðdal, fjórðúng í Arneyðarstöðum, land undir Kleyf, – jörðina Kleijf – framfrá Þuríðarstöðum undir jökla með öllum gæðum utan skóg, hvarvið vísitasía Biskups Brinjólfs Sveinssonar 1641 bætir, að skógur fylgi landi eptir gömlu hefðarhaldi, sem síðan hefir viðhaldist til þessa dags. – (Nú hagar so til að 3 kyrkjujarðir Þuríðarstaðir, Egilsstaðir og Kleyf liggja hver framaf annari í sokölluðum Norðurdal.) Selland að Laugarhúsum, sem Máldagarnir eigna [yfirstrikað: kyrkjunni] Valþjófsstaðar kyrkju, liggur í Hrafnkelsdal, sem nú er allur eign téðrar kyrkju, sem þar á 2 lögbýli, Aðalból og Vaðbrekku. [Yfirstrikað: fjórð] Staðarhaldarin tilkynnir, að eptir hefðarhaldi tilheyri kirkjunni sokallað Fell framtil jökla, – líkl. hið sama sem í gamla daga var kallað Kyðafell, og liggur á milli Kelduár að vestanverðu og Fellsár að austanverðu; fjórðúng í Kéldudal, sem engin veit hvar er. [Síðan kemur upptalning á skógar- og rekaítökum.][91]

Árið 1670 gaf Jón Eyjólfsson svohljóðandi vitnisburð um landamerki Valþjófsstaðar og Skriðuklausturs:

> Þad giaure Jeg Jon Eyolfsson kunnugt med þessu minu opnu br[e]fe ad Jeg er uppalinn i Fliotzdal og hefe þar buande verid allt til þess nu eg hef Nyu um sextugtt og visse til þess ad a aullum þeim tyma voru Landamerki haldinn mille Walþiofstadar og Skriduklausturs gardurinn sem liggur upp eptir Nesinu

---

[88] Skjal nr. 2 (54) a-b.
[89] Skjal nr. 2 (55).
[90] Skjal nr. 2 (57) a-b.
[91] Skjal nr. 2 (58) a-b.

> þadann sionhending uppi fiall og i þann stora stein sem stendur utanntil I Eivindarfialli Ytra enn þadann riettlynis Nordur J Jökulsaa og so heirda Jeg af af [af tvítekið] ödrum mier eldre mönnum ad fornu hefdi halded verid
>
> Skrifad ad Walþiofstad þridiudaginn J fimtu viku Sumars Anno D[omi]ni þusund sexhundrud siötiu
>
> Jon Eiolfs son. e.h.[92]

Varðveist hefur ódagsett yfirlit yfir eignir og skjöl Valþjófsstaðarkirkju. Sennilegast er það frá 1791 en frá þeim tíma er elsti varðveittur kirkjustóll Valþjófsstaðarkirkju. A. Thorsteinsson vottar að uppskriftin sé rétt saman lesin við frumritið en það mun væntanlega vera Árni Þorsteinsson, prófastur í Norður-Múlasýslu 1789-1810.[93] Þar má m.a. finna máldaga kirkjunnar eftir vísitasíum og máldögum sem við hana liggja eftir átta biskupa frá Vilchin til Hannesar Finnssonar sem var biskup 1785-1796. Eftir þessum máldögum, vísitasíum og öðrum pappírum kirkjunnar hefur verið sett saman eftirfarandi eignaskrá:

> A Hun (Kirkann ad Walþiofsstad) Heima-land alt med gögnum og giædumm, Mula-land alt mille Merkegards utfra Arnaldsstödum og þess Merkegárd<s> sem ut er fra Glumstödum; Þorgerdarstade, Arnaldsstade i Fliotsdal, Halfa Hrollaugstade, Þuridarstade, Þorgrimsstade, Fiordung i Arneidarstodum, Land under Kleif, framm fra Þuridarstodum under Jökla, med öllum gögnum og giædum, utan Skóg, enn ad gömlu Hefdar halde filger nu Skógur lande, Sellánd ad Laugarhusum, Fiórdung i Kieldudal, Backa-Skóg i Videvallaland.

Af yfirlitinu má sjá að fjórtán skjöl liggja við kirkjuna og er efnisútdráttur þess tíunda svohljóðandi:

> Dóms-bref uppa firskrifada Vitnis-burde ad Nyter sieu, og Hrafnkielsdalur og Öræfe mille Jökuls Ánna begga, sieu Eign Walþiofsstadar. Datum Eigilstodum 1621 Dómarar Sra. Olafur Einarsson Profastur, og Arne Magnusson Sysslumadur, med þeirra Underskriftum og Sex Dómsmanna.

Efniságrip fjórtánda og síðasta skjalsins hljóðar svo:

> Fullmagt Pressens Sra Einars Þorvardssonar gefenn Lögrettu Mannenum Tomase Finnssyne ad upplesa og efter þeim ad K Framanskrifada Maldaga og Vitnesburde Valþiofsstadar Kirku, og eftir þeim ad logfesta alla henar eign ə. Lond og itök a Bessastada Þinge Datum Valþiofsstad 24 Aprilis 1655 Einar Þorvardsson Prestr med eigen hende (L.S.).[94]

---

[92] Skjal nr. 2 (148).

[93] Um prófaststíð Árna Þorsteinssonar, sjá Sveinn Níelsson: *Prestatal og prófasta*, bls. 34.

[94] Skjal nr. 2 (154). Hannes Finnsson var settur föður sínum, Finni biskupi Jónssyni, til aðstoðar árið 1777 og var þá vígður biskupsvígslu Hann tók við biskupsembættinu að fullu 1785 og hélt til dánardags 1796, sjá Páll Eggert Ólason: *Íslenzkar æviskrár frá landnámstíð til ársloka 1940* II, bls. 308-309. LS þýðir Locum sigilli eða staður innsiglis, þ.e. þar hefur innsigli séra Einars verið fyrir

Í lýsingu Valþjófsstaðar frá 1752 kemur fram að meðal gæða hans sé:

> [...] god Græsgang, Skov.[95]

Um 1778 kviknuðu deilur milli Valþjófsstaðarpresta og sýslumanns vegna Hrafnkelsdals. Prestarnir töldu að dalurinn tilheyrði Valþjófsstaðarkirkju en sýslumaðurinn gerði tilkall til Þórisstaða og Glúmsstaðasels í Hrafnkelsdal. Þetta mál er rakið stuttlega í greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands, sbr. skjal nr. 28.

Valþjófsstaðarprestur lögfesti staðinn með öllum sínum eignum, þ.e. heimalandið og undirliggjandi jarðir, Hrafnkelsdal og öræfi öll milli Jökulsár á Jökuldal og Jökulsár í Fljótsdal og ítök 30. maí 1794. Var lögfestan lesin á manntalsþingi sama dag og lesin við kirkju 18. júní 1797. Aftur lesin á manntalsþingi 22. júní 1808 og manntalsþingi 23. maí 1856:

> Her med Lögfeste Eg Underskrifadur alla efterskrifada Valþiófstadar Kirkiu-Eign, sem hennar Máldagar og Document henne eigna og tilskrifa, og miner Formenn hafa under hana halded med eigenn brukun, Bigging til annara, Lögfestum Vitnesburdum og Dome.
>
> 1° Heima Stadarens Land og Underliggiande Jarda, Rafnkiellsdal og Öræfe öll, millum Jökuls Aar á Jökulsdal, og Jökulsaar i Fliotsdal, Frammunder Jökla & ad Merkegarde þeim, sem ad fornu og nyu haldenn hefur vered Landamerke millum Valþiofstadar & Skridu Klavsturs og liggur rett uppefter Nesenu, þadann Siónhending uppi Fiall, og so i þann stóra Stein, sem stendur utann til á itra-Eivindar-Fialle og þadann rettlynes Nordur i Jökuls Á, med ollum Lands Nitium og Herlegheitum, sem greindre Kirkiunnar Eign hafa filgt og filgia eiga;
>
> 2° Múla Land alt mille Jökuls aar og Keldaar uta móts vid Lánga brot edur þángad sem þær samann koma móts vid Steckiar-tánga, og framad Merkegarde þeim, sem er fyrer utann Glumstade med Skoge og öllum giædum sem Kirkiunne filgt hafa og filgia eiga. Backa-Skóg i Vydevallalande og alla Skóga frá Læk<i>unum fyrer utann Mariutungu (sem meinast nu Biarnaeirar eftir Sögu-Sögn elstu manna) til Sturlu ár.
>
> Skógarteig þann sem Máldagarner tilskrifa Kirkiuni ut frá itre Vydevollum og þan sem þeir seigia hun eige i Rafnkelsstada lande ( til þeirra um merkia sem adrer þari mot eiga). Fyrer byd eg hvorium Manne i ad vinna edr ser i Nockru ad nyta greinda Kirkiunnar Eign utann mitt se lof eda leife til under tiltal og Sekter ad lögum
>
> Valþiófstad d. 30ta Maii 1794 V. Ormsson

---

bréfinu. Einar Þorvarðsson var prestur á Valþjófsstað frá 1616-1657, sbr. Sveinn Níelsson: *Prestatal og prófasta*, bls. 10.

[95] Skjal nr. 2 (124).

Upplesed og áskrifad fyrer Manntalsþingsrette ad Valþiofstad þ. 30 Maii 1794

Vitnar G. Petersen

upplesed og askrifad vid Kirk<i>u ad Valþiofsstad þann 18 Junii edur 1ta Sunudag efter Trinitatis 1797 Vitnum vid

Gudmundur Pállsson Jon Pavlsson

Upplesid fyrir Manntalsþíngsrétti ad Walþjófstad þ. 22n Jun. 1808

testr. P. Gudmundsson

Lesin fyrir manntalsþingsrétti ad Valþjófsstad 23 Maí 1856 og ritad í Nordurmúla sýslu eignarskjala- og vedmálabók bls. 106-107; og motmælti eigandi Vídivalla ytri henni hvar hólmana milli Jökulsár og Keldár snertir.[96]

Í byggingarbréfi Jóns Andréssonar fyrir Vaðbrekku, sem Valþjófsstaðarprestur gaf út 24. september 1824, er áskilið að hann ásamt bóndanum á Aðalbóli leiti grenja, fyrir utan þau sem vera kynnu og verða í þeirra ábýlislöndum, á svokölluðum Vesturöræfum. Fyndust grenlægjur átti að tilkynna það viðkomandi hreppstjóra eða sjá til þess, upp á hreppsins kostnað að grenin yrðu unnin.[97]

Hinn 10. júní 1839 var útbúin skýrsla fyrir Valþjófsstaðarbrauð. Þar kemur m.a. fram:

Medal Hlunninda Prestakallsins má einnig telja 2 Afréttarlönd er hún á, sem árlega eru brúkud í meir og minna lagi til Skiptis fyrir hér umm 1500 Fiár.

I hvörjumm einnig er nockur Grasatekja, sem þó ej notud verdur utan í gódumm Árferdumm. - Afréttir þessir eru millumm beggja Jökulsánna í Fljótsdal og á Jökulsdal og ná inn til Jökla, og út til Landamerkia millumm Valþjófstadar og Skriduklausturs. Þridje Afrétturinn tilheÿrir einnig Prestakallinu, nefndur Sudurfell, sem notast fyrir Lömb í bágumm Arfedrumm, og á hvörjumm er lítil Grasatekja. - Þessi Afréttur, sem Máldagarnir nefna ecki, meinast undir Prestakallid kominn undir því Nafni í Máldögunumm, ad Kyrkjan égi: „Fiórdúng í Kéldudal. „ án þess þó, ad þetta sé med nockurri Vissu, annars vegar vita Menn ei, hvar Kéldudalur liggur. - [...]

Ad Lÿktumm má þess géta, ad þad í Máldögunumm ummgétna Selland ad Laugarhúsum, er nú byggt ə: Med Adalbóls Heimalandi, samt ad sá í Vitnisburdinum Ltr C, nefndi Seliadalur meinast þad sama sem

[96] Skjöl nr. 2 (85) og 2 (145).
[97] Skjal nr. 2 (152).

> Hrafnkellsdalr med Dölunumm fram af hönumm Þurídarstada- og Glumsstada-dal.[98]

Lögfesta fyrir Valþjófsstaðarkirkjueign var samin hinn 12. maí 1840. Hún var þinglesin samdægurs og aftur 7. júní 1845:

> Eg Stephán Prestur Arnason lögfesti hér med alla eptirskrifada Valþiófsstadar Kyrkiu Eign, sem hennar Máldagar og Skiöl henni eigna og tilskrifa, og mínir Formenn hafa undir hana haldid med égin Brúkun, Byggingu til annara Lands láni og Lögfestum.
>
> 1. Heimastadarins Land og undir liggiandi Jarda, Hrafnkellsdal, og Öræfi öll millum Jökulsár á Jökuldal, og Jökuls ár í Fliótsdal framm undir Jökla og út ad Merkigardi, þeim sem ad fornu og nyu haldin hefr verid Landamerki millum Valþiófsstadar og Skriduklaustrs og liggr beinlinis uppeptir Nesinu; Þadan Siónhending uppá Fiall, svo i þann Stóra Stein sem stendr utan til á Ytra Eivindarfialli og þadan réttlínis nordr i Jökulsá á Jökuldal, med öllum Lands nytium og Herlegheitum sem greindri Kyrkiunar Eign fylgt hafa og fylgia éga.
>
> 2 Múlaland allt millum Jökulsar (i Fliótsdal), og Kélduár frá Merkigardi þeim sem er fyrir utan Glúmstadi, og út á móts vid svokallad Lángabrot á Kelduá edr þángad sem tédar Ár renna saman móts vid Stekkiartánga á Valþiófsstadarnesi; -
>
> Einnig Arnaldsstada og Þórgerdarstadaland á Austan verdum Múlanum frá Kelduá og uppá svoköllud Þverfell sem liggia framm eptir Múlanum alt ad Tunguá, svo framm á Tungufell og framm i Grasanes - Med Skógi og öllum Giædum sem Kyrkiunni fylgt hafa og fylgia eiga.
>
> 3, Þad svokallada Fell edur Sudurfell, sem liggr á millum Kelduár og Fellsár allt framm til Jökla med öllum Giædum og Lands nytium.
>
> 4 Allan Skóg frá Lækiunum fyrir utan Mariu Túngur (nú nefndar Bjarnaeyrar) og til Sturluár; Skógarteig út frá Ytri Viduvöllum, og Skógarteig i Hrafnkelsstada Landi.
>
> Fyrirbíd eg hvörium Manni ad nota edr nýta þessar af mér lögfestu Valþiófsstadar Kyrkiu eignir edr í þeim ad vinna utan med minu fullkomnu Leyfi og lofordi.
>
> Sérilagi fyrirbíd eg hvörium Manni, ad nota fram vegis til Fiár upprreksturs edur Géldfiárgaungu á Sumardag þad Land af Rana Afrétt og Fliotsdals heidi sem liggr fyrir framan ádrgreind Landa merki millum Skriduklausturs og Valþiófsstadar, nema med mínu leyfi og samþykki, edr Skriduklausturs

[98] Skjal nr. 2 (166).

> Abúanda, hvörium þetta Afréttar Land hingad leigt hefur hefur verid af Formanni mínum og mér, á móti vissu Endrgialdi.[99]

C. F. Walsöe, sýslumaður í Norður-Múlasýslu, vottar að lögfestan hafi verið lesin fyrir manntalsþingsrétti á Valþjófsstað 12. maí 1840. Það sama gerir J. C. Voigt, sýslumaður í Suður-Múlasýslu, sem settur var yfir Norður-Múlasýslu frá 1842 til 1845, á Valþjófsstað 7. júní 1845 en hann getur þess jafnframt að lögfestan hafi verið innfærð í afsals- og veðmálabók Norður-Múlasýslu.[100]

Í *Jarðatali Johnsens* segir um Valþjófsstað:

> Kirkjan á enn fremur 2 afréttarlönd, millum beggja Jökulsánna í Fljótsdal og á Jökuldal, sem árlega eru brúkuð til skiptis fyrir hérum 1,500 fjár, og er þar nokkur grasatekja; svo og þriðja afréttarlandið, á Suðurfelli, og er það notað fyrir lömb, og þar sömuleiðis nokkur grasatekja.[101]

Í skýrslu um tekjur og útgjöld Valþjófsstaðarprestakalls frá 12. júní 1867 er minnst á eftirfarandi ítök: a) „afrétt“ undir Fellum, b) Vesturöræfi og c) Suðurfell.[102]

Þorvaldur Ásgeirsson samdi lýsingu Hofteigsprestakalls árið 1874.[103] Þar segir m.a. um takmörkin móti Áss- og Valþjófsstaðarsóknum:

> Hér eftir ræður Miðheiðarháls takmörkum allt fram til öræfa, sem er óslitinn, víðast hvar öldumyndaður (og álitinn á miðri Fljótsdalsheiði) hryggur frá norðaustri til suðvesturs, þar sem heiðin kallast að enda, suður af syðsta bæ í prestakallinu. Eftir þetta verða takmörkin óglöggari þar sem hér liggja saman tvær afréttar, Fellnaafrétt sunnar og Vesturöræfa vestar sem báðar eru eign Valþjófsstaðarkirkju. Þessar afréttar liggja þvert fyrir innan alla byggð milli Jökulsár í Fljótsdal og Jökulsár á Jökuldal. Gangnamenn skipta venjulega afréttunum þannig: Af Miðheiðarhálsi í suðvestur á Grjótárhnjúka, þaðan sömu stefnu í Sauðárhnjúk, þaðan í Fitjahnjúk og þaðan í Vatnajökulsbrún sem nú ræður takmörkum í vestur allt að Kistufelli, hvaðan Jökulsá á Fjöllum hefur upptök sín og sem skiptir takmörkum alla leið út á bak við Möðrudalsland og Grímsstaða á Fjöllum

Til er óársett skýrsla um eignir og ítök Valþjófsstaðarkirkju. Meðal þess helsta sem þar má telja og gæti skipt hér máli er:

> Uppteiknan Yfir Valþjófstadar Kirkju Eignir og Itök
>
> A I Fasteign — Jarda Dyrleiki
> Kugyldatala

[99] Skjal nr. 2 (107) a-b.
[100] Um sýslumennina, sjá Bogi Benediktsson: *Sýslumannaæfir* IV, bls. 766 og 794-795.
[101] Skjal nr. 4 (7). Þetta mun komið úr skýrslu prests frá 1839.
[102] Skjal nr. 2 (134).
[103] Þorvaldur Ásgeirsson (1836-1887) var prestur í Hofteigi 1864-1880. (Páll Eggert Ólason: *Íslenzkar æviskrár* V, bls. 237-238).

6. Eigilstadir (með Eyrarseli) 8 [hndr.]
1½

C. Afrettarlönd

a. Allt Afrettar Land, - millum Jokulsanna á Jokuldal og i Fljotsdal, fra Lamdamerkjum [svo í forriti] millum Skridu Klausturs og Valþjofsstadar (sem ad er Gardur við utan verdt Hrisnes, liggjande uppepter Nesinu uppa Fjalls brun þadan sjonhending i Storann stein utaní ytra Eyvindarfjalli, og úr Honum Norðurí Jokulsa) og fram adJöklum.

b. Múlaland ad austanverdu fra Tungua fram á motsvid Grafarnes, edur fram til Jökla.

c. Suðurfell (forte: Kidufell í gamladaga) fram til Jökla. -

d Budartungur á Geitdals afrett. -

E. Tapadar Eignir

a. Fjórdungur í Keldudal.[104]

Landamerkjalýsing Valþjófsstaðarkirkjueignar, þ.e. heimastaðarins og undirliggjandi jarða með Hrafnkelsdal og öræfum öllum, var samin 6. júní 1885. Hún var þinglesin tveimur dögum síðar:

> Að utan, gagnvart Skriðuklaustri, ræður merkigarður sá, sem að fornu og nýju haldinn hefur verið landamerki, og liggur frá Jökulsá fram og upp eftir nesinu upp undir fjall; þaðan sjónhending upp á fjall. Þá í stóran stein, sem stendur utan til á ytra Eyvindarfjalli og þaðan réttlínis norður í Jökulsá á Jökuldal. Að norðan og vestan ræður Jökulsá á Jökuldal inn í Vatnajökul. Að austan og sunnan Jökulsá í Fljótsdal inn í Vatnajökul.
>
> Landamörk Valþjófsstaðar heimalands með hjáleigunni „Hóli“ eru: að utan gegn Skriðuklaustri þau, er fyrir greinir; en að framan ráða mörk úr Klifaklett við Jökulsá, þaðan bein stefna í vörðu á Selhlíð, þaðan í Grástein, þá sömu stefnu norður svo langt sem heimaland nær. Að austan eða sunnan ræður Jökulsá.[105]

Sigurður Gunnarsson, umboðsmaður Valþjófsstaðarkirkju, skrifaði undir. Einnig skrifuðu undir Jón Einarsson, eigandi Víðivalla ytri, og Sæbjörn Egilsson, í

[104] Skjal nr. 2 (147) a-b.
[105] Skjal nr. 2 (9).

umboði Páls Ólafssonar umboðsmanns Skriðuklausturs. Helgi Hermannsson og Friðrik Eiríksson, meðeigendur Glúmsstaða, handsöluðu samþykki sitt.

Ítök Valþjófsstaðarkirkju voru skráð 6. júní 1885 og lesin á manntalsþingi tveimur dögum síðar:

a. Svokallað Fell eður Suðurfell, sem liggur á millum Kelduár og Fellsár allt fram til jökla.

b. Skógarítak millum Sturluár og lækjar þess, sem kemur ofan af fjallsbrún og rennur í farveg beint ofan fjallið. Til einkennis er hlaðin hjá honum grjótvarða þar sem hann kemur úr fjallinu.

c. Skógarteigur út frá ytri Víðivöllum.

Valþjófsstað, 6. júní 1885. Sigurðr Gunnarsson (fyrir hönd Valþjófsstaðarkyrkju)

Jón Einarsson (eigandi Víðvalla ytri) Sæbjörn Egilsson (í umboði Páls Ólafssonar)

Itök sem aðrir eiga í Valþjófsstaðarkyrkjuland:

Víðivellir ytri eiga:

1. Selland að Þórisstöðum í Hrafnkelsdal.

2. Selför í Seljadal.

3. Fjárgöngu fyrir 100 fjár í mánuð í Hrísnesi.[106]

Undir þessa ítakaskrá skrifaði Sigurður Gunnarsson.
Eftirfarandi er útdráttur úr byggingarbréfi fyrir Valþjófsstað II en þar segir:

Land nýbýlisins er ákveðið samkvæmt landskiptagjörð, dags. 21. júní 1949 þannig:

1. Tún 1.a. Í hlut Valþjófsstaða II. Einars Sv. Magnússonar – komi úr heimatúni allt fyrir innan núverandi heimreiðarveg í vesturhorn gamla kirkjugarðsins, þá bein lína þaðan út í lindamót við austurodda Fjósatungu. Þaðan bein lína í hamrana neðan Torfhjalla, þar sem núverandi girðing liggur að þeim.

1.b. Hvammstún allt, innan núverandi girðingar, kemur og í hlut Valþjófsstaða II.

[106] Skjal nr. 2 (10).

II. Aðrar nytjar:

Valþjófsstaður II skal hafa óskoraðan rétt til hverskonar nytja í því landi, sem liggur innan götunnar, ofan melanna, að Jökulsá og neðan Selhjalla, svo langt inn eftir sem hann tekur, og út ofan ytri enda Vatnsleysu.

Af Valþjófsstaðanesi fær Valþjófsstaður II allt neðan Stararkíls, frá landamerkjagarði inn í Gamlagarð, niður hann móts við Löngutjörn, þaðan bein lína, inn hana, í Rebekkulónsgarð, og eins og hann stefnir niður að Jökulsá. Að öðru leyti, en að framan greinir, er bithagi jarðarinnar óskiptur.

Landamerki Valþjófsstaðar og aðliggjandi jarða eru ágreiningslaus.[107]

Í jarðamatinu frá 1804 kemur fram að Garðar séu hjáleiga frá Valþjófsstað. Þar má fá eina tunnu af fjallagrösum sem metin er á þrjátíu álnir. Jörðin hefur sama útigang og á Skriðu. Í kaflanum um Valþjófsstað í sama jarðamati kemur fram að hann er metinn á níu hundruð og sextíu álnir. Þetta er kirkjujörð. Hún notar eyðihjáleiguna Hvamm. Á jörðinni má fá tíu tunnur af fjallagrösum sem metnar eru á tvö hundruð. Jörðin á „afrétt“ sem metin er á eitt hundrað og 100 álnir.[108]

Um Hól segir jarðamatið 1804 að hann sé kirkjujörð frá Valþjófsstað. Þar má fá þriðjung úr tunnu af fjallagrösum sem metin er á tíu álnir. Dýrleiki er óviss.[109]

Samkvæmt jarðamatinu 1849 á Valþjófsstaður eyðibýlin Hvamm og Garða. Þar stendur einnig:

Hlynnindi eru hin vídlendu öræfi er stadurinn á hér og hvar umhverfis og innaf sveitinni, og sem stadarhaldarinn lénar þeim ábuendum í hreppnum, er ekki hafa sumarhagbeit fyrir géldfé sitt [...] Skógarítök þau er stadurinn á, eru ad vísu ad mestu geingin til þurdar, enn veita þó stadarhaldaranum ennþá nægilegt tród og kol til eiginn brúkunar.[110]

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916-1918 er kafli um Valþjófsstað. Þar stendur:

Jörðinni fylgja afréttarlöndin: Fell, Vesturöræfi, 1/3 Rana, Suðurfell. [...] Jörðin á skógarítak í landi Víðivalla – ytri og annað milli Sturlár og lækjar þess er kemur af fjallsbrún og rennur beint ofan fjallið.[111]

Biskup Íslands sendi sýslumanni í Norður-Múlasýslu bréf 29. apríl 1954 og bað hann að lýsa ítökum kirkna í sýslunni samkvæmt ósk dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og lögum nr. 113/1952 um lausn ítaka af jörðum. Þar á meðal voru þessi ítök Valþjófsstaðarkirkju:

---

[107] Skjal nr. 2 (11).
[108] Skjal nr. 2 (109).
[109] Skjal nr. 2 (109).
[110] Skjal nr. 2 (76).
[111] Skjal nr. 2 (25).

> a. Land undir Kleif fram frá Þuríðarstöðum undir jökla með öllum gæðum utan skóg. Má vera, að hér sé um sama land að ræða og Valþjófsstaðarprestur sundurgreinir þannig: Hellnaafrétt [hér er ritvilla fyrir Fellnaafrétt] fyrir 200 fjár metið að fornu á 2 Rd. Þriðjungur af Ranaafrétt metin á 3 Rd. Suðurfellsafrétt metin á 2 Rd. og 44 sk.[112]

Á landsvæði því sem hér er til umfjöllunar er stór hluti áhrifasvæðis Kárahnjúkavirkjunar. Með lögum nr. 38/2002 heimilaði Alþingi Landsvirkjun að reisa og reka vatnsaflsvirkjun í Fljótsdal með allt að 750 MW afli ásamt aðalorkuveitum og virkja til þess vatnsföllin Jökulsá á Jökuldal og Jökulsá í Fljótsdal. Framkvæmdir hófust á haustmánuðum 2002 og standa enn yfir.

Með Kárahnjúkavirkjun eru virkjaðar í einni virkjun jökulárnar á Jökuldal og í Fljótsdal. Árnar koma upp undan Brúarjökli annars vegar og Eyjabakkajökli hins vegar í norðaustanverðum Vatnajökli og renna í norðaustur, önnur um Jökuldal og hin um Fljótsdal, að sameiginlegum ósi við Héraðsflóa.

Virkjunartilhögun mun í megindráttum þannig að Jökulsá á Jökuldal er stífluð við Fremri-Kárahnjúk og myndað miðlunarlón. Lónið nefnist Hálslón og verður vatnsyfirborð þess í 625 m yfir sjávarmáli þegar það er fullt og 57 $km^2$ að stærð. Er það myndað með þremur stíflum. Stærsta stíflan, Kárahnjúkastífla, er í Jökulsá á Jökuldal, nærri syðri enda Hafrahvammagljúfra við Fremri-Kárahnjúk. Hinar tvær stíflurnar eru mun minni og eru Desjarárstífla í drögum undir austanverðum Fremri-Kárahnjúki, og Sauðárdalsstífla í dalverpi að vestanverðu. Í Jökulsá í Fljótsdal verður myndað svonefnt Ufsarlón með stíflu austur af Hafursárufs.

Úr Hálslóni rennur vatnið um jarðgöng austur um Fljótsdalsheiði en tengist þar öðrum göngum úr Ufsarlóni, suðaustan við Þrælaháls. Eftir það rennur allt vatnið í einum göngum til norðausturs út í Teigsbjarg og að stöðvarhúsi inni í fjallinu um tvenn fallgöng. Stöðvarhúsið er neðanjarðar og um 115 metra langt, 14 metra breitt og mesta hæð um 34 metrar. Vatninu verður veitt úr stöðvarhúsinu um frárennslisgöng sem opnast út í Fljótsdal. Frá gangamunnanum verður grafinn frárennslisskurður út í farveg Jökulsár í Fljótsdal austur undan Valþjófsstað þar sem áin er í um 26,5 metra hæð yfir sjó.

Með samningi, dags. 11. mars 2003, gerðu Prestssetrasjóður og Landsvirkjun með sér samning um landnot og efnisnám á jörðinni Valþjófsstað vegna Kárahnjúkavirkjunar. Samningurinn tók ekki til vatnsréttinda og lóðar undir stöðvarhús. Að öðru leyti fól samningurinn í sér endanlegt uppgjör milli aðila vegna virkjunarinnar.

Mörkum Fljótsdalshrepps að vestanverðu er í stórum dráttum þannig lýst í *Sveitum og jörðum í Múlaþingi*:

---

[112] A. 12. 5 a-c.

> Að vestan ræður Jökulsá [á Brú] mörkum frá upptökum og norður á milli Kárahnúka inn og suður af Hrafnkelsdal. Mörk við Jökuldal eru víða óljós á Fljótsdalsheiði, en þó ákveðin frá Kárahnúkum þvert austur yfir Tungusporð, þar sem saman koma ár Glúmsstaðadals og Þuríðarstaðadals í Hrafnkelu. og austur á Kálffell. Miðheiðarháls er á vatnaskilum heiðarinnar og nær suður á móts við Kleif. Að minnsta kosti eftir að kemur norður fyrir Gilsárvötn ræður hann hreppamörkum. [...]
>
> Fjallaskil fylgja ekki þessum mörkum fullkomlega, t.d. á suðausturafréttunum.[113]

Heimildir benda ekki til annars en samfelld búseta hafi verið á Valþjófsstöðum frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Valþjófsstaður er þinglýst eign Ríkissjóðs en tekið er fram á þinglýsingavottorði að hann sé prestssetursjörð. Samkvæmt samkomulagi milli íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um prestssetur og afhendingu þeirra, dags. 20. október 2006, mun Valþjófsstaður verða eign íslensku þjóðkirkjunnar á árinu 2007. Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp (þskj. 645, 466. mál) um breytingu á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, til samræmis við samkomulagið.

## 5.5. Glúmsstaðir, Glúmsstaðasel og Múlaafréttur

Í Vilchinsmáldaga 1397 segir varðandi eignir Valþjófsstaðakirkju:

> Mariukirkia aa walþiofstodum aa heimaland allt. mulaland milli merkigardz oc wt fra aRnnallzstödum oc þess merkigardz sem wt er fra gnufsstödum [114]

Gnúpsstaðir munu vera Glúmsstaðir, sbr. vísitasíu Brynjólfs biskups Sveinssonar árið 1641:

> Mulaland milli merkigards, ut fra Arnalldstodum og þess merki gards, sem er utfrá Gnupstödum kallast nu ad meiningu Glumstader,[115]

Glúmsstaða er getið í Fljótsdæla sögu sem Jón Jóhannesson taldi frá síðari hluta 15. aldar.[116] Sveinbjörn Rafnsson virðist telja þá sögu heldur eldri eða frá 14. öld.[117]

Um Glúmsstaði segir m.a. í lýsingu Valþjófsstaðarsóknar 1840-1841:

> Á jörð þessari er landrými mikið, þareð hún á heimaland allt fram allan Norðurdalinn fyrir sunnan ána og svo eftir það afréttarland á Múlanum fast fram að jökli. Útigangur er hér sem oftast rétt góður og heyskapur í betra lagi

[113] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* II, bls. 6.
[114] Skjal nr. 4 (1).
[115] Skjal nr. 2 (45).
[116] *Austfirðinga sögur*, Íslenzk fornrit XI, bls. 215 og XCVIII-XCIX.
[117] Sveinbjörn Rafnsson: *Byggðaleifar í Hrafnkelsdal og á Brúardölum*, bls. 10.

> og á Múlanum góður afréttur og góð grasatekja. Á Glúmstöðum er á sumrum haft í seli inn með Múlanum móts við Kleif og á vetrum er þar beitarhús.[118]

Pétur Jónsson segir í sóknarlýsingu sinni árið 1873 að þriðja „afréttin" sem Fljótsdælir noti sé á Múlanum sem Glúmsstaðaeigendur eigni sér.[119]

Landamerki jarðarinnar Glúmsstaða voru skráð og þinglesin 8. júní 1885. Þau eru svohljóðandi:

> að utan þverlína yfir dalinn úr Bjarnagjá í Teigsbjargi í stóran stein efst uppi á Múla á Heiðarenda.
>
> Að innan í svo kallaða Fossá, sem rennur þvert ofan Múlan, allt suður í Þverfell.[120]

Eigendur Glúmsstaða, Friðrik Eiríksson og Helgi Hermannsson, skrifuðu undir. Það gerði einnig Sigurður Gunnarsson fyrir hönd Valþjófsstaðarkirkju. Bjarni Jónsson, eigandi Glúmsstaðasels, handsalaði samþykki sitt.

Í landskiptagerð milli Glúmsstaða I og II frá 20. júlí 1958 stendur eftirfarandi:

> Allt beitiland er óskipt og eiga Glúmsstaðir I 2/3 partanna en Glúmsstaðir II 1/3.[121]

Kjartan Hallgrímsson skrifar undir landamerkjabréfið. Það er staðfest af Vigfúsi Hallgrímssyni fyrir hönd Ásdísar Methúsalemsdóttur.

Glúmsstaðir eru sjálfseignarjörð samkvæmt jarðamatinu 1804. Þeir eru metnir á tuttugu hundruð. Þar má fá fjórar tunnur af fjallagrösum sem metnar eru á eitt hundrað og jörðin á „afrétt" sem metin er til 20 álna.[122]

Í jarðamatinu frá 1849 stendur eftirfarandi um Glúmsstaði:

> [...] eingjar eru snoggvar og grýttar og hvergi einlægar nema skéfjur kríngum túnid, heldur liggja þær á strjáli híngad og þángad eptir öllum Glúmsstadadal, landid liggur allt á einn veg inn af bænum fjarska lángt [...] hefir ei einúngis nægilegt land fyrir sitt eigid géldfé, heldur einnig gétur sér ad skadlausu midlad ödrum afrétt fyrir 400 fjár.[123]

Samkvæmt fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916-1918 eiga Glúmsstaðir nægilegt upprekstrarland. Einnig kemur fram að fjárgeymsla sé mjög erfið haust og vor.[124]

*Sveitir og jarðir í Múlaþingi* segja eftirfarandi um Glúmsstaði:

> Glúmsstaðaland nær frá Jökulsá neðan og upp á Múla miðjan. Mörk við Glúmsstaðasel eru nú við Illagil, (áður utar, við Fossá), en að utan móti

---

[118] *Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 141.
[119] *Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 166.
[120] Skjal nr. 2 (17).
[121] Skjal nr. 2 (18) a-b.
[122] Skjal nr. 2 (109).
[123] Skjal nr. 2 (76).
[124] Skjal nr. 2 (25).

Langhúsum nokkuð mitt á milli bæjanna (miðað við ytri G). [...] Þá má gera ráð fyrir, að á Glúmsstaðaseli hafi fyrrum verið sel frá G. Annað Glúmsstaðasel er í Glúmsstaðadal inn úr Hrafnkelsdal, og er talið, að jörðin hafi átt selför þar, [...] Hins vegar eru G taldir eiga Múlaafrétt inn af byggð milli Jökulsár og Kelduár og inn að jökli austan Eyjabakkajökuls. Á mörkum G og Langhúsa er garðbrot fornt, sem Gnúpsstaðagerði heitir. Kemur það nafn heim við fornan máldaga frá Valþjófsstað, þar sem G eru nefndir Gnúpsstaðir. [...]

Á kortum eru merktir Glúmsstaðir á tveim stöðum og 1-2 km á milli. Ytri bærinn er hinn upprunalegi, G I. Hinn, Glúmsstaðir II, er nýbýli stofnað 1948. [...] Afrétt er óskipt[125].

Glúmsstaðasel er byggt á selstöðu og beitarhúsastæði frá Glúmsstöðum, sbr. sóknarlýsingu 1840-1841.[126]

Landamerkjabréf Glúmsstaðasels var skráð og þinglesið 8. júní 1885:

Glúmsstaðasel á land inn að Sníkilsá og í Stórahnúk, þaðan í Þverfell; að utan ræður Fossá allt suður í Þverfell; að neðan Jökulsá.[127]

Bjarni Jónsson, eigandi Glúmsstaðasels, handsalaði samþykki sitt. Sigurður Gunnarsson skrifaði undir fyrir hönd Valþjófsstaðarkirkju. Helgi Hermannsson og Friðrik Eiríksson, meðeigendur Glúmsstaða, handsöluðu samþykki sitt.

Í fasteignamatinu 1916-1918 er m.a. eftirfarandi upplýsingar að finna í umfjöllun um Glúmsstaðasel:

Engjar eru snögglendar mýrar út frá túninu, og reitingur hér og þar í bithögum lengra burtu.[128]

*Sveitir og jarðir í Múlaþingi* lýsa Glúmsstaðaseli svo:

Jörðin er ekki nefnd í Jarðatali Johnsens né jarðabók 1861, en þó getið í F ´18 um mat á henni frá 1861. G mun vera hjáleiga eða nýbýli frá Glúmsstöðum.

[...] Landamörk eru að innan við Snikilsá (Sníkilsá á korti) og afréttir þar fyrir innan, hálendið inn af Múla, [...] Mörk við Glúmsstaði II eru nú við Illagil uppi í Múlanum og bein lína úr því niður í Jökulsá, en áður við Fossá. [...] Að ofan eru landamörk við Þorgerðarstaði á Þverfellum austanvert við mitt fjall. Þar er Stórihnúkur hæstur (702 m). [...]

Trönuár tvær koma úr samnefndum vötnum í flóum á Múlanum og falla niður í Jökulsá. Þar er Trönusel á Seldal, og mótar fyrir tóttum beitarhúsanna, sem voru aflögð fyrir aldamót. Enn innar, um klukkustundar gang frá Trönuseli, er

[125] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* II, bls. 51-52.
[126] *Múlasýslur. Sýslu- og sóknarlýsingar*, bls. 141.
[127] Skjal nr. 2 (16).
[128] Skjal nr. 2 (25).

> Bjargsendasel. Þar eru tættur margar og dreifðar, og bendir gerð þeirra til búsetu. Afbýli, Dýjasel, er við Dýjafell inni á Dal, þar var búið á f.hl. 19. aldar, það gæti verið sama og Bjargsendasel, sem er við Dýjafell.
>
> Aðalengjar voru á mýrunum utan við bæinn. [...] Einnig voru slegnar starengjar uppi á Múla og harðvellismóar inni við Bjargsenda. [...] Afréttir eru á Múla [...].[129]

Heimildir benda ekki til annars en samfelld búseta hafi verið á Glúmsstöðum frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett. Sama máli gegnir um Glúmsstaðasel sem þó mun ekki hafa verið byggt frá 1990.

Hinn 29. júní 1999 skrifuðu fulltrúar íslenska ríkisins, Norsk Hydro og Landsvirkjunar undir viljayfirlýsingu um Fljótsdalsvirkjun og byggingu álvers á Reyðarfirði. Vegna virkjunarinnar voru uppi áform um gerð miðlunarlóns við Eyjabakka. Miklar deilur stóðu um Fljótsdalsvirkjun og í marsmánuði árið 2000 var fallið frá gerð hennar.

Með lögum nr. 38/2002 heimilaði Alþingi Landsvirkjun að reisa og reka vatnsaflsvirkjun í Fljótsdal (Kárahnjúkavirkjun) með allt að 750 MW afli ásamt aðalorkuveitum og virkja til þess vatnsföllin Jökulsá á Jökuldal og Jökulsá í Fljótsdal. Taka framkvæmdir vegna virkjunarinnar að hluta til þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar. Mun Jökulsá í Fljótsdal verða stífluð norðan votlendisins á Eyjabökkum og austur af Hafursárufs og mun þar myndast Ufsarlón, um 1 ferkílómetri að flatarmáli. Vatnsborð Ufsarlóns verður í 625 metra hæð yfir sjó og nær upp í Eyjabakkafoss. Þremur þverám á Múla og Hraunum austan Jökulsár í Fljótsdal verður veitt í Ufsarlón, þ.e. Kelduá, Grjótá, Innri-Sauðá, ásamt útrennsli úr Sauðárvatni (Hraunaveita). Langstærsta stíflan í Hraunaveitu verður í Kelduá. Þar myndast um 7,5 $km^2$ miðlunarlón sem ná mun m.a. yfir Folavatn. Áætlanir gera ráð fyrir að framkvæmdum við Ufsarlón og Hraunaveitu ljúki á miðju árið 2008.

## 5.6. Þorgerðarstaðir og Múlaafréttur

Þorgerðarstaðir eru nefndir í *Vopnfirðinga sögu* sem ætluð hefur verið rituð á öðrum fjórðungi 13. aldar.[130] Einnig er þeirra getið í *Fljótsdæla sögu*.[131]

Í Vilchinsmáldaga 1397 eru Þorgerðarstaðir taldir meðal eigna Valþjófsstaðarkirkju:

---

[129] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* II, bls. 49.
[130] *Austfirðinga sögur*, bls. 36 og XXVII.
[131] *Austfirðinga sögur*, bls. 215.

> Mariukirkia aa walþiofstodum aa heimaland allt. mulaland milli merkigardz oc wt fra aRnnallzstödum oc þess merkigardz sem wt er fra gnufsstödum [Gnupstodum, í öðru handriti]. Þorgerdarstade. [...] fiordung j kelldudal.[132]

Þarna er einnig talinn meðal eigna kirkjunnar fjórðungur í Keldudal. Þá skal vakin eftirtekt á því að kirkjan að Hallormsstað á samkvæmt máldaga Hallormsstaða frá 1397 fjórðung í Keldudal.[133] Raunar segir staðarhaldari á Valþjófsstað við vísitasíu árið 1748 að enginn viti hvar ýmis ítök liggi, þar á meðal Keldudalur.[134] Keldudalur er oftar nefndur sem glatað ítak. Athugandi er þó að í sóknarlýsingu Valþjófsstaðarsóknar 1873 segir í umfjöllun um dali:

> Auk þessara áðurnefndu dala, Suður- og Norðurdals, sker sig dalur inn til öræfa fyrir sunnan [á að vera austan skv. athugasemd útgefanda] Múlann, kallaður Þorgerðardalur (í fornöld Keldudalur), norðan megin við Suðurfellið en sunnanmegin Villingadalur. [Í neðanmálsathugasemd segir að Þorgerðardalur kallist nú Þorgerðarstaðadalur.][135]

Þorgerðarstaðir eru síðan taldir með eignum Valþjófsstaðarkirkju í máldögum og vísitasíum.

Á Valþjófsstað 12. maí 1840 lögfesti presturinn þar, séra Stefán Árnason, alla Valþjófsstaðarkirkjueign. Þar er m.a. lögfest:

> Einnig Arnaldsstada og Þórgerdarstadaland á Austan verdum Múlanum frá Kelduá og uppá svoköllud Þverfell sem liggia framm eptir Múlanum alt ad Tunguá, svo framm á Tungufell og framm i Grasanes - Med Skógi og öllum Giædum sem Kyrkiunni fylgt hafa og fylgia eiga.[136]

Þetta Múlaland er einnig nefnt í óársettri skýrslu um eignir og ítök Valþjófsstaðarkirkju.[137]

Hinn 6. júní 1885 var útbúið landamerkjabréf fyrir jörðina Þorgerðarstaði. Það var þinglesið tveimur dögum síðar:

> Þorgerðarstaðir. Landamörk millum Þorgerðarstaða og Arnaldsstaða eru: Marklækur úr Kelduá norður í Þverfell á Múla. Að austan ræður Kelduá. Að norðan Þverfellin allt að Tungná fram í Tungufell og fram í Grasanes.[138]

Sigurður Gunnarsson skrifaði undir fyrir hönd Valþjófsstaðarkirkju. Einnig skrifaði Sæbjörn Egilsson undir í umboði Páls Ólafssonar, umboðsmanns Skriðuklausturs (væntanlega vegna Sturluflatar). Helgi Hermannsson og Friðrik Eiríksson, meðeigendur Glúmsstaða, handsöluðu samþykki sitt.

---

[132] Skjal nr. 4 (1).
[133] Skjal nr. 4 (50). Það er eins í máldaga Gísla biskups Jónssonar frá um 1570, sbr. skjal nr. 4 (71).
[134] Skjal nr. 2 (54).
[135] *Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 160-161.
[136] Skjal nr. 2 (107).
[137] Skjal nr. 2 (147).
[138] Skjal nr. 2 (19).

Hinn 20. mars 1930 keypti ábúandi kirkjujarðarinnar Þorgerðarstaða, Þórarinn Stefánsson, jörðina af ríkinu. Í kaupsamningnum kemur fram að fossar og námur sem fundist hafa á jörðinni eða kunna að finnast þar, séu undanskildir sölunni. Samkvæmt mati, sem útbúið var fyrir jörðina af þessu tilefni, liggur hún fremst í Suðurdal og hefur engjar á víð og dreif upp á fjalli.[139]

Þorgerðarstaðir eru Valþjófsstaðarkirkjujörð samkvæmt jarðamatinu 1804. Hún á skóg, líkt og undanfarið, og jörðin gefur hálfa tunnu af fjallagrösum. Hún er metin til átta hundraða.[140]

Samkvæmt jarðamatinu 1849 þurfa Þorgerðarstaðir ekki að kaupa „afrétt“ fyrir sig. Hluti engja jarðarinnar eru til fjalls. Hlunnindi hennar eru smá skógur. Jörðin er metin til sex hundraða.[141]

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916-1918 er kafli um Þorgerðarstaði. Þar stendur m.a.:

> Uppi á fjalli – svokölluðum „Múla“ má oft fá nokkurn heyskap, en bæði er hann langsóttur og heyflutningur afar erfiður þaðan.[142]

Í því mati kemur einnig fram að ekkert upprekstrarland sé fyrir ábúanda Þorgerðarstaða.

*Sveitir og jarðir í Múlaþingi* segja um Þorgerðarstaði:

> Þ er innsti bær í Suðurdal vestan Kelduár, og nær land utan frá Marklæk og inn að Tunguá. Lengd landsins meðfram Kelduá er um 11 km (kort). Að sunnan og sv. á jörðin land upp á Þverfell, og síðan norður eftir vatnaskilum.
>
> [...] Er inn hjá Dalshúsum, sem eru beitarhús í mynni Þorgerðardals (aflögð 1958), kemur, breytir fjallið um svip og verður hlíð þess þar brött skriða með grasgeirum upp undir Bjargið, sem heldur áfram inn fyrir Sveinssel (beitarhús á 19. öld), en þar inn af verður hlíðin brattaminni [...] Allmörg seljaörnefni eru í landi Þ, [...] Auk Sveinssels eru Hringsel, Stöppusel, (sagt afbýli, en kunnugir telja það ólíklegt), og Randalínusel á Þorgerðarstaðadal, kennt við Randalín Filippusdóttur á Valþjófsstað konu Odds Þórarinssonar, og mun það hafa fyrr verið nytjað frá Valþjófsstað [...]
>
> Engjar voru á harðvelli út frá túni [...] og uppi á Múla starengi og laufslægjur, oft slegnar árlega og síðast 1938.[143]

Heimildir benda ekki til annars en nokkuð samfelld búseta hafi verið á Þorgerðarstöðum frá því að jarðarinnar er fyrst getið og til 1992. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.

---

[139] Skjal nr. 2 (116).
[140] Skjal nr. 2 (109) a-b.
[141] Skjal nr. 2 (76).
[142] Skjal nr. 2 (25).
[143] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* II, bls. 57.

## 5.7. Víðivellir fremri, Víðivallagerði og Villingadalur

Víðivalla fremri er getið í *Droplaugarsona sögu* og þar nefndir Víðivellir hinir syðri. Sú saga er ætluð samin á fyrstu fjórum áratugum 13. aldar.[144] Víðvellir fremri eru einnig nefndir í arfleiðslubréfi 1470 ásamt Skriðu í Fljótsdal.[145] Síðar komust þeir í eigu Skriðuklausturs.

Úttekt á jörðum Skriðuklausturs fór fram um haustið 1828. Í úttekt Víðivalla fremri frá 17. september 1828 er getið eftirfarandi takmarka:

> Landamerki jardarinnar qvedst Abuandinn heyrt hafa ad væru: ad utanverdu úr Kÿl, sem rennur í Kaldá, í Merkegard, úr hönum og til Fialls, ad framan veit hann ecki.[146]

Um Víðivallagerði segir m.a. svo í *Sveitum og jörðum í Múlaþingi*:

> V var hjáleiga frá Víðivöllum fremri og Skriðuklausturseign, [...] Í nýrri Jarðabók 1861 (F ´61) er býlið talið sjálfstæð jörð og nefnd hjáleiga, Víðivallasel, en ekki sérmetin [...][147]

Er Víðivallasel sagt nær fjóra km inn af bæ.

Í úttekt Víðivallagerðis frá 18. september 1828 er getið eftirfarandi takmarka:

> Landamerki jarðarinnar skulu vera: Sturlá ad framan en Mógils lækur ad utan.[148]

Úttekt á Skriðuklaustursjörðum var gerð á ný um vorið 1841. Víðivellir fremri voru teknir út 27. apríl 1841 og er þar getið svohljóðandi landamerkja:

> Landamerki ad framan þau sömu sem Vidivallagerdis ad utan; en ad utan sonefndur Hagag[ar]dur úr Kéldá og upp til Fialls; ad nedan rædur Kéldá.[149]

Undir þessi landamerki skrifa S. Gunnarsson og M. Pétursson en ábúandinn, E. Bjarnason, handsalar nafn sitt.

Víðivallagerði var tekið út 27. apríl 1841 og er þar getið svohljóðandi landamerkja:

> Landamerki ad framan er Sturlá uppá Fiall; en ad útan rædur Skridulækr úr Kéldá og upptil Fialls. Einginn Túngardur né Kálgardur. Eingin hlunnindi.[150]

Undir þessi landamerki skrifa S. Gunnarsson, M. Pétursson og ábúandinn, Þ. Einarsson.

---

[144] *Austfirðinga sögur*, bls. 142 og LXXXI.
[145] Skjal nr. 4 (53).
[146] Skjal nr. 2 (125) a-b.
[147] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* II, bls. 60-61.
[148] Skjal nr. 2 (125) a-b.
[149] Skjal nr. 2 (126).
[150] Skjal nr. 2 (126).

Í mati á jörðum Skriðuklausturs árið 1878 segir:

> Afréttir eða önnur ítök eiga ekki jarðir þessar nema Skriðuklaustur eitt og Víðivellir fremri dálítinn afréttarskika.[151]

Jafnframt segir í matinu að flestar séu klausturjarðirnar erfiðar og mannfrekar, einkum vegna heiðar- og fjalllendis sem þeim fylgi.[152]

Landamerkjabréf fyrir jarðirnar Víðivallagerði og Víðivelli fremri var útbúið 16. júní 1884. Þremur dögum síðar var landamerkjabréfið þinglesið:

> Landamerki Víðivallagerðis í Fljótsdal eru: að neðan Keldá, að framverðu Sturlá upp á fjall og svo bein stefna austur í Hraungarð og Gilsá. - Að utan ræður - milli þessarar jarðar og Víðivalla fremri - Skriðulækur úr Keldá og austur til fjalls beina stefnu.
>
> Ítak á Valþjófsstaðarkyrkja hér: allan skóg frá læknum fyrir utan Maríutungur (nú nefndar Bjarnareyrar) og til Sturluár.
>
> Landamerki Víðivalla fremri í Fljótsdal eru hin sömu að framan sem Víðivallagerðis að utan. Fyrir utan land Víðivalla ræður svo nefndur Hagagarður, og greinir hann það frá landi Víðivalla ytri. Síðan eru landamerki þaðan beina stefnu austur yfir fjallgarð, allt í Gilsá á Gilsárdal, sem ræður að austanverðu.
>
> Undir Víðivelli fremri liggur „Villingadalur“, sem nær frá Strútsá - sem aðskilur hann frá Sturluflatar landi - austur og suður til öræfa; að vestan við hann og norðan rennur Fellsá og Sultarranaá, og greina þær ár nefndan dal frá Kiðjafellsafrétti (Suðurfelli).[153]

Undir bréfið skrifar Sæbjörn Egilsson fyrir hönd Páls Ólafssonar, umboðsmanns Skriðuklausturs. Einnig skrifaði Sigurður Gunnarsson undir fyrir hönd Valþjófsstaðarkirkju. Sameigendur jarðarinnar Víðivalla ytri, Jón Einarsson og Ólafur V. Frydendal, voru einnig samþykkir landamerkjunum.

Hinn 29. júní 1911 var útbúin lýsing á jörðinni Víðivallagerði vegna fyrirhugaðra kaupa á jörðinni. Þar kemur fram að útengi hennar séu víðlendar sléttur milli Keldár og fjalls og hún hafi litla sumarhaga nema lítils háttar til fjalls. Einnig kemur þar fram að jörðin hafi enga „afrétt“ og að skógarítak það, sem samkvæmt landamerkjalýsingu jarðarinnar er eign Valþjófsstaðakirkju, sé nú upp urið.[154] Ráðherra seldi Sigurði Þorsteinssyni Víðivallagerði 28. ágúst 1912.[155]

Hinn 10. ágúst 1914 var útbúin lýsing á jörðinni Fremri-Víðivöllum í tengslum við fyrirhugaða sölu. Þar stendur:

---

[151] Skjal nr. 2 (121).
[152] Skjal nr. 2 (121).
[153] Skjal nr. 2 (22).
[154] Skjal nr. 2 (133).
[155] Skjal nr. 2 (133).

> Land jarðarinnar er: engjar og hagar á sléttlendi meðfram Keldá sunnanvert að fráskildum engjateig svokölluðum „Parti“ er þjóðjörðin Sturluflötur á í engjum jarðarinnar – og ógrösugt fjalllendi þar upp frá og afrétt á Villingadal. [...]
>
> Afrétt á Villingadal fylgir jörðinni, er mun hafa verið fenginn í skiftum á engjaparti við jörðina Sturluflöt er fyrr greinir. En vegna staðhátta hefir jörðin lítil not afréttarins og notar hana ekki fyrir búfé ábúenda, vegna þess að fé rennur þaðan á afrétt fjarlægra sveita (suðurhluta S. Múlasýslu), né heldur fá aðrir upprekstur á afrétt þessa [...]
>
> Landamerki eru þau er greinir í meðfylgjandi útskrift. [Fylgir ekki með.][156]

Landamerkjabréf Víðivalla fremri frá 1. desember 1921, sem þinglesið var 25. júlí 1922, er svohljóðandi:

> Að neðan Keldá, sem skilur Langhúsaland frá Víðivallalandi. Að framanverðu Skriðulækur úr Keldá suðaustur til fjalls beina stefnu í Gilsá. Fyrir utan land Víðivalla ræður svonefndur Hagagarður og greinir hann það frá landi Klúku. Síðan eru landamerki þaðan bein stefna suðaustur yfir fjallgarð, alt í Gilsá á Gilsárdal, sem ræður landamerkjum að austanverðu.
>
> Undir Víðivelli fremri liggur Villingadalur frá Strútsá, sem skilur hann frá Sturluflatarlandi austur og suður til öræfa; að norðan og vestan við hann rennur Fellsá og Sultarranaá og greina þær ár nefndan dal frá Kiðjafellsafrétti (Suðurfelli).[157]

Undir bréfið skrifar Tryggvi Ólafsson. Samþykk lýsingunni voru þau Mekkín Ingibjörg Ólafsdóttir eigandi Klúku og Sigurður Þorsteinsson eigandi og ábúandi Víðivallagerðis. Sölvi Vigfússon, sem umboðsmaður Langhúsa, var sömuleiðis samþykkur landamörkunum milli Víðivalla fremri og kirkjujarðarinnar Langhúsa.

Jarðamatið 1804 getur þess að Víðivallagerði sé hjáleiga frá Víðivöllum fremri. Jörðin á skóg til eigin nota en útengið er undirorpið skriðuföllum. Í sama jarðamati kemur fram að Víðivellir fremri séu Skriðuklaustursjörð. Líkt og Víðivallagerði á jörðin skóg. Hún er undirorpin skriðuföllum.[158]

Í jarðamatinu frá 1849 stendur eftirfarandi um Víðivelli fremri sem taldir eru sex hundruð:

> Þessi jörd á tiltölu til afréttar fyrir sig á svokölludum Villíngadal.

Þar stendur einnig að Víðivallasel sé talið með Víðivallagerði. Saman eru býlin talin átta hundruð. Jörðin þarf ekki að kaupa upprekstur geldfjár á sumrin.[159]

---

[156] Skjal nr. 2 (130).
[157] Skjal nr. 2 (23).
[158] Skjal nr. 2 (109) a-b.
[159] Skjal nr. 2 (76).

Samkvæmt fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916-1918 fylgir ekkert upprekstrarland Víðivallagerði og Víðivöllum fram [fremri]. Í matinu kemur einnig fram að fjallskil af „afréttum“ á haustin reynist býlunum erfið og séu þeim dýr.[160]

Eftirfarandi er í *Sveitum og jörðum í Múlaþingi* um Víðivallagerði:

> V var hjáleiga frá Víðivöllum fremri og Skriðuklausturseign, [...] Í nýrri Jarðabók 1861 (F ´61) er býlið talið sjálfstæð jörð og nefnd hjáleiga, Víðivallasel, en ekki sérmetin [...]
>
> Auk Víðivallasels sem er nær 4 km inn af bæ heitir Hjáleiga yst og neðst í túninu [...]
>
> Bærinn stendur nálægt miðjum Suðurdal, og jörðin nær frá Kelduá yfir fjall á Gilsárdal að Gilsá (sýslumörk). Ytri mörk eru rétt utan við tún og þvert yfir hálsinn í Blautanes við Gilsá, en innri mörkin við Sturluá og um 6 km milli marka við Kelduá.
>
> [...] Um 5 km löng tunga teygist inn í Hornbrynjuslakka milli Sturluár og Gilsár, og nær totan upp í 900 m hæð.[161]

Um Víðivelli fremri er þessi umsögn:

> Jörðin á land frá Kelduá og þvert yfir Víðivallaháls í Gilsá. Að innan eru mörk við Skriðulæk rétt utan við tún í Víðivallagerði, en að utan móti Klúku við hagagarð og Hagagarðslæk skammt utan við V. Breidd landsins við Kelduá er 1,5-2 km.[162]

Heimildir benda ekki til annars en samfelld búseta hafi verið á Víðivöllum fremri frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfa hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.

## 5.8. Sturluflöt

Sturluflatar er getið í gerningi um máldaga og landamerki Möðrudals árið 1408. Þá átti kirkjan skógarhögg í Sturluflatarskóg.[163] Er sú skógareign endurtekin víðar í máldögum og vísitasíum Möðrudals.

Hinn 22. apríl 1485 var bréfaður próventusamningur Jóns Ólafssonar við séra Árna Þorsteinsson á Valþjófsstað. Jón gaf m.a. í próventu sína:

> [...]hálfa jörd er Sturluflötur [Stullaflötur, skv. annarri uppskrift] heiter er liggur j fliotzdal j Valþiofstadar kirkiu sokn. med öllum þeim gögnum og

[160] Skjal nr. 2 (25).
[161] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* II bls. 60-61.
[162] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* II, bls. 62.
[163] Skjal nr. 4 (82) í máli nr. 2/2005.

> giædum. skogum og landznytium sem greindre halfre jördu fylger og fylgt hefur ad fornu og nyiu epter þvi sem hann vard fremst eigande ad.[164]

Hálf Sturluflöt komst í eigu Narfa, príors á Skriðuklaustri, og þar með klaustursins árið 1497.[165] Síðan er Sturluflöt talin meðal eigna Skriðuklausturs í heimildum.

Úr klausturhaldaratíð Jóns Björnssonar, en hann hélt Skriðuklaustur um hríð og lést árið 1657,[166] er varðveitt óársett lögfesta Sturluflatar sem er þó frá því fyrir 1657 eins og gefur að skilja. Hún er svohljóðandi en veitir engar upplýsingar um landamerki:

> Eg Jon Biornsson lögfeste hier j dag Kongl. Majest. og Skriduklausturs jord Sturlaflöt vj hndr. ad dyrleika liggiande j Valþiófsstadar þyngaa. akra og skóga. Tödur og Eingiar. hollt og hæder. vötn og veidestade. og allar þær landsnitkar sem greindre jordu filgia og filgt hafa ad fornu og nyu. til þeirra jstu og fremstu landamerkia sem adrer menn eiga á móts vid hana. firerbyd eg huoriumm manne þessarar adur nefndrar jardar Eign ad brúka. sier ad nyta edur j ad vinna. edur þeirra griper. vtann mitt sie lof og leife til. Ellegar Biarna Ogmundssonar so mikid sem hanns leigumála a þessare jördu ahrærer. Legg eg eirnenn lög og dóm firer þessa lód og land.[167]

Á manntalsþingi á Valþjófsstað 30. maí 1794 var upplesin lögfesta, dagsett þann sama dag, fyrir Skriðuklaustursjörðinni Sturluflöt. Inntaksins er að engu getið en að upplestri loknum var lögfestan árituð af sýslumanni og afhent Guðmundi [Pálssyni] klausturhaldara á ný.[168]

Aukaréttur var settur á Ketilsstöðum á Völlum af sýslumanninum, Páli Melsteð, 2. október 1828. Fyrir réttinn lögðu þeir Jón Jónsson í Bót og Jón Árnason á Urriðavatni, hreppstjórar í Tungu- og Fellahreppum, úttekt á jörðum Skriðuklausturs sem fram hafði farið 8.-20. september. Úttekt Sturluflatar fór fram 17. september og þar koma fram eftirfarandi upplýsingar um mörk jarðarinnar:

> Landamerki hennar eru Sturlá ad Utanverdu [strikað yfir: Nord, og Ut skrifað ofan línu] og Fellsá ad framann, Kéldá ad Nordann.[169]

Úttekt á Skriðuklaustursjörðum var gerð á ný vorið 1841. Sturluflöt var tekin út 26. apríl 1841 og er þar getið svohljóðandi landamerkja:

---

[164] Skjal nr. 4 (54).
[165] Skjal nr. 4 (57).
[166] Páll Eggert Ólason: *Íslenzkar æviskrár* III, bls. 74.
[167] Skjal nr. 2 (61). Afrit Jóns Þorkelssonar er gert eftir AM 265 4to, bl. 7-12, en það er afskrift fjögurra manna af Skriðuklaustursbréfum, gerð að Skriðuklaustri 26. apríl 1704, sbr. skjal nr. 2 (59) og skjal nr. 2 (62).
[168] Skjal nr. 2 (84) a-b.
[169] Skjal nr. 2 (89) a-b. Í annarri útgáfu af þessari úttekt stendur: „Landamerki jardarinnar eru Sturlá ad utan verdu og Fellsá ad framan, Strúgsá ad ofan, og Kéldá ad nordan.“ Sjá skjal nr. 2 (125) a-b.

> Landamerki kvedst ábuandin hafa heyrt: ad nedan Kéldá ad utan Sturlá uppfyrir brúnir ad innan Strútsá uppa heidi sem liggur ofan vid landid alt austur ad hraungardi.
>
> Mælt er og ad jördinni tilheyri landspartur fyrir utan Sturlá enn mörk hans eru óvisss, sama er ad segja um Villingadal. Saudatadi er mest brennt þó eru sprek brúkud til léttis. - Eingin hlunnindi.[170]

Undir þessi landamerki skrifa S. Gunnarsson og M. Pétursson en ábúandinn, Jón Þorsteinsson, handsalar nafn sitt.

Í mati Skriðuklaustursjarða frá 1878 kemur fram að Sturluflöt sé erfitt kot og landstórt. Þar segir enn fremur að það eigi hvorki „afrétt" né ítök og flestar Skriðuklaustursjarðirnar séu erfiðar og mannfrekar, einkum vegna heiðar- og fjalllendis sem þeim fylgi.[171]

Landamerkjabréf fyrir Sturluflöt var útbúið 18. júní 1884. Það var þinglesið næsta dag:

> Landamerki Sturluflatar í Fljótsdal eru: að neðan Keldá, að framan Fellsá og Strútsá austur á Hraun, að utan Sturluá upp fyrir brúnir og síðan bein stefna austur í Hraun.
>
> Sturluflötur á ítak í eingjum Víðvalla fremri, út við Hagagarð, ofan að Kíl og fram að Gróf, sem er utan við svo nefndan Engjatanga; að ofan verðu greina þetta ítak. Marksteinar, frá engjum Víðivalla, og er stefna þeirra út í Hagagarð neðanverðan.[172]

Undir bréfið skrifar Sæbjörn Egilsson fyrir hönd P. Ólafssonar umboðsmanns. Einnig skrifaði Sigurður Gunnarsson undir fyrir hönd Valþjófsstaðarkirkju (væntanlega vegna Suðurfells eða jarða handan Kelduár).

Annað landamerkjabréf fyrir Sturluflöt var útbúið 16. desember 1921 og þinglesið 25. júlí 1922. Efni þess er svohljóðandi:

> Að neðan Keldá, að framan Fellsá og Strútsá austur á Hraun, að utan Sturlá upp fyrir brúnir og síðan bein stefna austur á Hraun. Sturluflöt á ítök í engjum Víðivalla fremri, út við Hagagarð, ofan að Kíl og fram að Gróf, sem er utan við svonefndan Engjatanga. Að ofanverðu greina ítak þetta marksteinar frá engjum Víðivalla og er stefna þeirra út í Hagagarð neðanverðan.[173]

Undir bréfið skrifar Kári Guðmundsson. Sigurður Þorsteinsson á Víðivallagerði og séra Þórarinn Þórarinsson á Valþjófsstað (væntanlega vegna Suðurfells) vottuðu að landamerkjalýsingin væri rétt. Einar Sv. Magnússon vottaði sömuleiðis að lýsingin væri rétt gagnvart Þorgerðarstöðum.

---

[170] Skjal nr. 2 (126).
[171] Skjal nr. 2 (121).
[172] Skjal nr. 2 (20).
[173] Skjal nr. 2 (21).

Samkvæmt jarðamatinu 1804 er Sturluflöt Skriðuklaustursjörð. Hún er metin til sex hundraða.[174]

Í jarðamatinu 1849 stendur eftirfarandi um Sturluflöt:

> [...] haglendid, sem ad vísu ekki er mjög lítid, ad stærd, getur ei ordid ad neinum sérlegum notum vegna heyskaparleysisins.[175]

Í fasteignamatinu 1916-1918 koma m.a. eftirfarandi upplýsingar fram í umfjöllun um Sturluflöt:

> Mjög langsótt heiðarengi um 30 hesta, = 55 hesta. [...] Fjallskil á haustin dýr og erfið.[176]

Svo segir í Sveitum og jörðum í Múlaþingi:

> [...] Landskipting og staðhættir benda til, að S hafi verið hluti Víðivallatorfunnar fyrr, en um það skortir heimildir. [...]
>
> S er innsti bær í Suðurdal suðaustan Kelduár. Að utan, við Víðivallagerði, eru mörk við Sturluá, sem fellur í Kelduá á móti Þorgerðarstöðum og fylgja ánni sa. og upp að sýslumörkum norðan í Hornbrynju (961 m). Kelduá skiptir löndum við Þorgerðarstaði, en síðan liggja mörk inn með Fellsá í Villingadal og með Strútsá suður fyrir Hornbrynju.
>
> [...] Afréttarlönd eru góð í heiðartungunum milli ánna suður í Hornbrynju.
>
> [...] engjar mjög litlar, [...] og flóaengi í heiði erfitt og langsótt [...] Jafnan var leigt engi í Valþjófsstaðanesi og hagaganga í Suðurfelli, og eru þar enn fjárhús (Fellshús) um 5 mín. gang frá bæ.
>
> [...] Innan við Fellsá eru seljaörnefnin Broddaselsbotnar norðan í Suðurfelli og Prestasel rétt innan við Fellshús.[177]

Heimildir benda ekki til annars en samfelld búseta hafi verið á Sturluflöt frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Fjársýsla ríkisins er þinglýstur eigandi jarðarinnar.

## 5.9. Afréttarlönd almennt

Þess skal fyrst getið að um afréttarlöndin Rana, Vesturöræfi og Undir Fellum er einnig fjallað í köflum um Skriðuklaustur og Valþjófsstaðarkirkjueign, um Múlaafrétt í köflum um Glúmsstaði, Glúmsstaðasel og Þorgerðarstaði, um Suðurfell í kafla um Valþjófsstaðarkirkjueign og Villingadal í kafla um Víðivallagerði og Víðivelli fremri.

Stefán Árnason, prestur á Valþjófsstað,[178] kemst svo að orði í umsögn um takmörk, fjöll og heiðar Valþjófsstaðarsóknar 1840-1841:

---

[174] Skjal nr. 2 (109) a-b.
[175] Skjal nr. 2 (76).
[176] Skjal nr. 2 (25).
[177] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* II, bls. 58-59.
[178] Stefán Árnason (1787-1857) varð aðstoðarprestur á Valþjófsstað 1812, fékk kallið 1836 og hélt til dd. Kona hans var prestsdóttir frá Valþjófsstað (Páll Eggert Ólason: *Íslenzkar æviskrár* IV, bls. 312).

> Fram af Múlanum og Fellinu [þ.e. Suðurfelli] ganga láglendari öræfi fram til jökla er kallast Múla- og Fellsafréttir.[179]

Almennt svar séra Stefáns Árnasonar á Valþjófsstað í sóknarlýsingum 1840-1841 um „afrétti" er á þessa leið:

> Fyrir utan Múla- og Fellsafréttir, sem nefndar eru í svari upp á 1.-2. spm. og 30sta við bókstaf i, er heiðin öll millum byggð[a]rlanda, Jökuldals með Hrafnkelsdal og Fljótsdal út að Hrafngerðisá og fram til Jökla, brúkuð fyrir afréttir. Hafa Fellna- (þ.e. Ássóknarinnbúar) menn mest gagn af heiðinni til geldfjárgöngu á sumardag, allt fram að Bessastaðaá, en eftir það brúka Fljótsdælingar einir afréttirnar sem kallast ýmsum nöfnum, svo sem Rani; tilheyrir Skriðuklaust[ri]. [...]; Vesturöræfi, fram af Hrafnkelsdalnum, og Fellnaafréttur, í kringum Snæfellið, báðir tilheyrandi Valþjófstað ásamt heiðinni út á móts við landamerki millum Skriðu og Valþjófstaðar. Líka er Suðurfellið brúkað fyrir afrétt handa lömbum í hörðum vorum, tilheyrir Valþ[jófstaðar]kirkju.[180]

Eftirmaður séra Stefáns á Valþjófsstað, Pétur Jónsson,[181] samdi aðra sóknarlýsingu árið 1873. Hann nefnir Fellnaafrétt sem nái fram undir jökul (Vatnajökul).[182] Meginhluti afréttarlýsingar hans er á þessa leið:

> Heiðin hér á bak við byggðina er brúkuð sem afrétt og heyrir til bæjunum eftir sérhvers landstærð en þar fyrir innan tekur við Fellnaafrétt sem Valþjófstaðarkirkja á. Í hana reka engir vissir búendur, heldur fer það eftir því sem best þykir henta í hvert skipti. [Pétur notar orðið afrétt bæði yfir afrétt og skilarétt.] Þriðja afréttin sem dalbúendur brúka er á Múlanum sem Glúmsstaðaeigendur eigna sér.[183]

Á fimmta áratug 18. aldar var sýslumönnum á Íslandi boðið að semja lýsingar á sýslum sínum. Lýsing Þorsteins Sigurðssonar á Norður-Múlasýslu, sem er ein sú nákvæmasta, er dagsett á Víðivöllum 5. júní 1745. Þar segir m.a. að „afréttir" þekkist aðeins sunnan Jökulsár á Brú:

> Ingen Stutterie er her, [...] men der imod har vi paa fiældene og udi de ubebygte Dale vores Kvæg om Sommertiden neml. Heste, Studer, Lambe og Gieldfaar og kalder vi desse Stæder Afrett; hvor om meldes i vores islandske Lov udi Landsleyebalken. Saadan Afretter er synden for Jökulsaae og Jökulsaaedal i de ubebygte Dale som der ligge neml. Eivinderdal, Holknardal og Hrafnkielsdal samt paa der i kring grænsende Fiælde, hvilke dog egentlig

---

179 *Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 134.
180 *Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 144.
181 Pétur Jónsson (1802-1883) var fæddur á Arnheiðarstöðum í Fljótsdal, prestur á Valþjófsstað 1858-1877 (Páll Eggert Ólason: *Íslenzkar æviskrár* IV, bls. 161).
182 *Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 160.
183 *Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 166.

> höre til Fliotsdal udi Middeelen af Sysselet, skiönt de ligge paa Nordersiden af Fieldet Fliotsdalsheide som deeler sysselet. Dend forommeldte Afrett har til forne aarlig voren brugt, men nu siden Kvæget formedelst ydelige haarde Aaringer er formindsket er dend snart ganske kommen af Brug. Ingen anden lovlig Afrett er her i Sysselets Norderdeel, men Böndene lade deres Kvæg gaae i de Daler og Marker som ligger i kring Gaardene.[184]

Þá tilheyrði Fljótsdalur Suður-Múlasýslu. Hafa verður í huga að Þorsteinn Sigurðsson bjó á Víðivöllum ytri[185] og sonur hans, Pétur Þorsteinsson, átti eftir að gera tilkall til hluta úr Hrafnkelsdal (Þórisstaða) vegna þeirrar jarðar.

Sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu, Ole Vorm Smith, skrifaði öllum hreppstjórum í sýslunni 13. júní 1864 og fól þeim á hendur að gera uppástungur um hvaðeina, sem þeir álitu nauðsynlegt varðandi fjallgöngur á haustum í hreppum þeirra, m.a.:

> c, hvar hverjir skulu gjöra gangnaskil og hvað langt skuli gengið til öræfa eða mots við aðrar sveitir eða sýslur;[186]

Ætlaðist hann til þess, að uppástungurnar yrðu gerðar í samþykktarformi fyrir hverja sveit og komnar til sín fyrir miðjan ágústmánuð næstkomandi. Síðan mundi hann kveðja til tvo eða þrjá menn úr hverjum hreppi til fundar til þess að gera frumvarp til samþykktar fyrir alla sýsluna sem síðan yrði send amtmanni til samþykktar. Svör bárust úr flestum hreppum, þó ekki Jökuldals- og Hlíðarhreppum, Hróarstungu- og Seyðisfjarðarhreppum. Ekki verður séð af bréfa- og bréfadagbókum sýslumanns að orðið hafi úr frekari framkvæmdum.

Hreppstjóri Fljótsdalshrepps, ásamt meðráðamönnum sínum, lagði til þessi gangnamörk 18. desember 1864:

> d, Takmörk hvurrar afrjettar fyrir sig er hreppnum til heira skulu vera þessi.
>
> 1, Rana afrjett, takmörk hennar að utan skulu vera Eyriksstaðavegur norður að Eivindará
>
> að austan frá Eyrikstaðaveigi innað Gilsárvötnum og þaug ráði svo beint inn að Aðalbólsveigji síðan ræður hann norður að Þórirstaðakvísl, - þá ræður hún innað drægi því sem liggur innog suður af þrælahálsi, og þaðan beint innað laugarárdrægi, og með því að norðan beina leið í grábergshnúk, þaðan norður í höltná og ræður hún úr því útí Jökulsá. - Á þessa afrjett ályst að þurfi 13 menn í fyrstu gaungu með þremur eins og verið hefur sem fara skuli á Þuríðarstaðadal.
>
> 2. Fellnaafrjett, - takmörk hennar að utan er Bessastaða á norður að Gilsárvötnum síðan ráða þaug, enn frá þeim beina línu að Aðalbolsveigji þá

---

[184] *Sýslulýsingar 1744-1749*, bls. 261-262.
[185] Páll Eggert Ólason: *Íslenzkar æviskrár* V, bls. 226-227.
[186] Skjal nr. 2 (143).

ræður hann norður að Þorirstaðakvísl síðan hún inn í drag það sem liggur, inn með öldu þeirri sem er inn og suður [yfirstrikað: með] af þræla hálsi, þaðan beint inni laugarárdrag og svo inn með því að austan beint i grábergshnúk, þaðan vestur í grjótárdrag, og svo inn alla sanda fyrir austan hnúka, alt að Jökulkvisl þá ræður hún að innan suður að vatni því, er hún fellur úr við Jökulinn, enn þaðan ræður jökullinn að Jökulsá og hún úr því út að agsará, - Á þessa afrjett þurfa 10 menn

3, Múlaafrjett, takmörk hennar eru að austan Kjeldá, innað sauðá innri á Felli, þaðan suður á öldu þá sem liggur millum grjótárdals og sauðárdældar, síðan ræður hún innað gjeldinga felli, og þaðann jökulinn vestur að jökulsá, enn hún úr því útí bigð, á þessa afrjett þurfa 7 menn.

4, Suðurfell, takmörk þess að utan og austan eru Fellsá og Sultarrranaá alt suður i hraungarð þann sem liggur inn og vestur frá, sauða hnúk, þá ræður sá hraungarður alt inn i hraun það, sem liggur fyrir innan sauðárdæld, og suðaustan geldingafell, þaðan norður i grjótár dal, síðan út hann alt að sauð á innri, þaðan ræður Kjeldá út i bigd, á þessa afrjett þarf 6 menn[187]

Þorvaldur Thoroddsen segir í *Lýsingu Íslands*:

Upp af Múlasýslum [...] eru afarvíðáttumikil beitarlönd og afréttir, enda fjárrækt þar víða með miklum blóma, t.d. á Jökuldal, Fljótsdalshéraði [...] Þár eru beitarlönd mikil [...] á Jökuldalsheiði og Fljótsdalsheiði; á Möðrudalsöræfum og Brúaröræfum eru sauðsnöp víða og sumstaðar stórir hagablettir, alt suður að jöklum, sumstaðar jafnvel loðin graslendi alveg við jökulröndina, einsog t.d. Eyjabakkar hjá Þjófahnúkum.[188]

Hinn 29. desember 1919 sendi Stjórnarráð Íslands öllum sýslumönnum landsins bréf. Þar kemur fram að vegna þingsályktunar um rétt ríkisins til vatnsorku í almenningum frá 27. september skuli þeir skila skýrslu við fyrsta tækifæri um svæði í sýslum þeirra sem teljast vera almenningar og um afréttarlönd sem hafa ekki sannanlega tilheyrt eða tilheyri nú nokkru lögbýli.[189] Ari Arnalds, sýslumaður í Norður-Múlasýslu, svaraði bréfinu 4. nóvember 1920 og sagðist hafa skrifað öllum hreppstjórum sýslunnar um málið og sendi með bréfi sínu svör þeirra þar að lútandi. Einar Eiríksson, hreppstjóri Jökuldalshrepps, segir í bréfi frá 3. júní 1920 að hann viti ekki til þess að í hreppnum sé nokkur slíkur almenningur eða afréttarlönd. Sölvi Vigfússon, hreppstjóri Fljótsdalshrepps, svaraði með bréfi 22. maí 1920 og sagði að engin slík svæði væri að finna í hreppnum.[190]

Afréttarsvæðum í Fljótsdalshreppi er þannig lýst í *Göngum og réttum*:

Vestan Jökulsár í Fljótsdal.

---

[187] Skjal nr. 2 (144).
[188] Þorvaldur Thoroddsen: *Lýsing Íslands* III, bls. 195.
[189] Skjal nr. 2 (77).
[190] Skjal nr. 2 (78).

*Undir Fellum*

Svo er nefnt afréttarsvæði það, er næst liggur byggð innan Bessastaðaár, sem ræður mörkum þess að utan. Austurmörkum þess ráða heimalönd inn að Öxará, en að henni ná heimahagar Kleifar, innsta bæ í Norðurdal að vestan. Frá Öxará nær það að Jökulsá, allt að upptökum hennar við Eyjabakkajökul.

Maríutungur heita innst á hávaða þeim, er skilur á milli Eyjabakkajökuls og Brúarjökuls. Um það bil eru innstu takmörk þessa afréttahluta, „Undir Fellum“, að vestan. Frá Maríutungum liggja þau svo um sandana vestan við Snæfell, vestan við Sauðahnjúk, að Þórustaðakvísl, meðfram henni vestan Bræðraöldu að innri enda Miðheiðarháls við Aðalbólsveg. Þaðan eftir Miðheiðarhálsi út á móts við Gilsárvatn ytra, en það ræður mörkum eftir það að vestan að upptökum Bessastaðaár.

*Rani*

Raninn mun taka nafn sitt af tungu þeirri, er verður milli Eyvindarár í Fljótsdalsheiði og Jökulsár á Dal, en er annars haft um miklu stærra svæði. Mörk þess að utan eru landamerki Skriðuklausturs og Stuðlafoss af Miðheiðarhálsi að Eyvindará, en af henni markast það að Jökulsá.

Milli Eyvindarár og Hölknár, sem báðar koma austan úr Fljótsdalsheiði og falla í Jökulsá á Dal, liggja afréttarlönd Fljótsdælinga „í byggð“ á Jökuldal. Eru þar tvær eyðijarðir, Brattagerði, [...] og Þorskagerði innar, [...] Eru heimalönd þeirra nú lögð til afréttarinnar, enda líklegt að þau hafi alltaf verið smöluð í sambandi við göngur í Rana á svipaðan hátt og enn er um heimalönd í Hrafnkelsdal.

Hölkná ræður mörkum Ranans að vestan, allt inn á sandana út og norður af Snæfelli, um það bil sem Grjótá fellur vestur af þeim til lægðarinnar inn af Þuríðarstaðadal. Lengra inn á öræfin er Raninn ekki talinn að ná.

*Vesturöræfi*

Þau liggja innan við heimaland Aðalbóls í Hrafnkelsdal, frá Hnitarsporði við Jökulsá á Dal um Búrfell utanvert, þvert yfir Hrafnkelsdal inni undir Tungusporði, um Kálfafell að Hölkná. Að austan eru þau mörkuð af Rananum svo langt inn, sem hann tekur, en þar fyrir innan af innri hluta afréttarinnar „Undir Fellum“, sem einnig liggur að Rananum að austan.

Að vestan afmarkast Vesturöræfi af Jökulsá á Dal frá Hnitarsporði til upptaka hennar undan Brúarjökli.

[...]

Austan Jökulsár í Fljótsdal.

*Múli*

Hann er afréttarland þeirra, er í Múlanum búa, milli Jökulsár og Kelduár. Liggur það inn frá heimalöndum innstu jarðanna þar, Þorgerðarstaða í austanverðan Múlann og Glúmsstaðasels að vestan, meðfram Jökulsá, allt til jökla. Að austan liggur það upp að afréttarlöndum Austur-Skaftfellinga að Sauðárvatni á vatnaskilum Víðidals í Lóni og Fljótsdals. Frá Sauðárvatni liggja svo mörkin um svonefnt Múlahraun, þangað sem Innri-Sauðá kemur austan úr „Hrauninu" og fellur í Kelduá, en hún afmarkar svo þessa afrétt að heimalandi Þorgerðarstaða.

*Suðurfell*

Rétt innan við túnið á Sturlufleti fellur Fellsá í Kelduá, og nær heimaland þeirrar jarðar ekki nema að henni. Innan við hana tekur við afréttarskák sú, er Suðurfell nefnist. Liggur hún að Kelduá þangað inn, sem Innri-Sauðá fellur í hana, en þá tekur við afréttarland Múlans, eins og getið hefir verið. Þessi afréttarlönd liggja svo hvort við annað að Sauðárvatni. Þaðan eru mörk Suðurfellsafréttarinnar um grýtt og gróðurlítil „hraun" á Sauðahnjúk upp af Hamarsdalsbótinni á mörkum Suður- og Norður-Múlasýslna. Eftir það takmarkast hún svo að utan og austan af Sultarranaá og Fellsá, allt til byggðar.

*Villingadalur*

Þetta afréttarland er langsamlega minnst allra afréttarskáka Fljótsdalshrepps. Má svo heita, að það markist af straumvötnum á allar hliðar, Strútsá að utan og austan inn að Sauðahnjúk, sem fyrr er getið, Sultarranaá að innan, og Fellsá að vestan. Er Strútsá fyrst á mörkum heimalands Sturluflatar og Villingadals, en eftir það sem næst eða alveg á sýslumörkum Múlasýslna á Sauðahnjúk.

Þessi eru þá afréttarlönd Fljótsdalshrepps austan Jökulsár. [...]

Meðan fært var frá ám og sumarbeit þeirra mæddi á heimahögum, mun það hafa verið undantekningarlaus venja að reka allt geldfé og fráfærð lömb á afrétt. Múlinn var þá, eins og enn, upprekstrarland Múlabænda, en lömb og geldfé Sturluflatarbænda var rekið á Suðurfell. Og enn er fé þaðan sleppt þar. Aðrir bændur dalsins munu oftast hafa rekið fé sitt á afrétt vestan Jökulsár, einkum í Rana, og „Undir Fell".[191]

Aðalsteinn Aðalsteinsson segir í *Göngum og réttum*, rituðum1986-1987, um Vesturöræfi:

Vesturöræfi sem smalasvæði takmarkast að austan af Hölkná, Snæfelli, Þjófahnúkum og Litla-Snæfelli sem er innsti hnúkurinn í röðinni inn frá

[191] Bragi Sigurjónsson: *Göngur og réttir* V, bls. 368-372.

Snæfelli. Þá er Vatnajökull suðurmörk en að vestan Jökulsá á Dal. Að norðan gilda landamörk Aðalbóls sem eru Innra-Kálfafell, Tungusporður og þaðan vestur í Jökulsá sem mun vera um Kárahnúka.[192]

Í *Sveitum og jörðum í Múlaþingi* er þetta dregið saman:

Fljótsdælingar hafa um langan tíma haft beitarnytjar og fjallskil allt vestur að Jökulsá á Brú, nú í Rana milli Eyvindarár og Hölknár og áður á stærra svæði. Jarðirnar í Hrafnkelsdal og þaðan út með Jökulsá að austan, Brattagerði, Þorskagerði, Fossgerði, Klaustursel og Merki, voru fyrr eign Valþjófsstaðar, Skriðu og Arnheiðarstaða og nytjaðar sem hjáleigur, en samt sem áður í Jökuldalshreppi og Hofteigs- og Brúarsókn. Þau eignarhaldstengsl munu valda því, að óljóst er um hreppamörk á heiðinni.

Afréttarlönd og heimalönd Fljótsdals eru innan þeirra marka, sem hér hafa verið rakin. Afréttarlöndin skiptast í sjö aðskilin gangnasvæði: 1. Útheiði, milli Hrafnsgerðisár og Bessastaðaár. 2. „Undir Fellum" frá Bessastaðaá inn í Maríutungur við jökulbrún, vestur fyrir Snæfell og Sauðahnúka og norður að enda Miðheiðarháls við Aðalbólsveg milli Aðalbóls og Kleifar. 3. Vesturöræfi inn af Hrafnkelsdal. 4. Rana áðurnefndan, þ.e. svæðið milli Eyvindarár annars vegar og Jökulsár á Brú og Hölknár hins vegar, svæðið nær inn undir Grjótá vestur af Nálhúsahnúkum. 5. Múli milli Jökulsár í Fljótsdal og Kelduár, og nær svæðið suður á mörk Austur-Skaftafellssýslu innan við Sauðárvatn og þaðan vestur undir Eyjabakkajökul. 6. Suðurfell (Kiðafell) milli Kelduár og Fellsár, að Innri-Sauðá og Sauðárvatni og um Hraun á Sauðahnúk (848 m) suður og upp af Sultarrana. 7. Austasta og minnsta gangnasvæðið er Villingadalur, og afmarkast afréttin af Strútsá að austan, en Sultarranaá og Fellsá að suðvestan og vestan.[193]

Eftirfarandi umsögn er um Suðurfell í *Sveitum og jörðum í Múlaþingi*:

Hálendið suðaustan Jökulsár.

Þessi heiðarflæmi allt vestan frá Jökulsá og inn til jökla og austur að Strútsá og Fellsá og að meðtöldum mestum hluta Villingadals og Þorgerðarstaðadal austan Kelduár teljast nú almenningur, þar eð Fljótsdalshreppur sér um göngur á svæðinu. Áður virðist Valþjófsstaðakirkja hafa verið hæstráðandi á hluta af þessu svæði, en sitthvað fer þó á milli mála í því efni. Kirkjan átti 200 lamba upprekstur á Suðurfell, og hún leigði Sturluflatarbændum upprekstur þar langt fram á þessa öld. Víðivellir fremri eiga upprekstrarland á Villingadal að talið er gegn engjaeign eða ítaki Sturluflatar í Víðivallalandi; ótvíræð gögn um þetta finnast þó ekki. Í þriðja lagi hefur verið ræktað um 5

[192] Bragi Sigurjónsson: *Göngur og réttir* V, bls. 362.
[193] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* II, bls. 6.

> ha tún frá Sturluflöt í sporðinum norðan undir Suðurfelli, og þar eru beitarhús frá sama bæ.[194]

Mörkum Fljótsdalshrepps að austan- og sunnanverðu er í stórum dráttum þannig lýst í *Sveitum og jörðum í Múlaþingi*:

> Að austan við Gilsá, er fellur í Lagarfljót við austanverðan Fljótsbotn og rennur um Gilsárdal, sem liggur austan við Víðivallaháls, sem bæirnir á Suðurbyggð í Fljótsdal standa vestan undir. Síðan liggur markalínan, sem jafnframt er sýslumörk Norður- og Suður-Múlasýslu, áfram í suð-suðvestur um Hornbrynju (961 m), Sauðahnúk og eftir vatnaskilum við Hamarsdal og Geithellnadal allt þangað sem mörk við Austur-Skaftafellssýslu taka við skammt austur af Víðidalsvarpi. Þaðan þverbeygir markalínan til vesturs í norðausturhorn Vatnajökuls, þar sem Geldingafjall (1087) stendur við jökulbrún, og ráða jöklar síðan mörkum vestur til Jökulsár á Brú. [...] Fjallaskil fylgja ekki þessum mörkum fullkomlega, t.d. á suðausturafréttunum.[195]

Elsta fjallskilareglugerð Norður-Múlasýslu er frá árinu 1893 en síðasta fjallskilasamþykkt fyrir Norður-Múlasýslu og Seyðisfjörð sérstaklega er frá árinu 1989.[196] Árið 1991 var staðfest fjallskilasamþykkt fyrir Múlasýslur.[197]

Í ritinu *Göngur og réttir* er að finna ítarlega lýsingu á fjárleitum, eins og þær voru um 1950, og náðu allt undir jökul.[198] Talsverðar breytingar hafa orðið síðan, einkum með tilkomu bíla, dráttarvéla og torfæruhjóla. Lýsa Aðalsteinn Aðalsteinsson og Anna Bryndís Tryggvadóttir í *Göngum og réttum* hvernig þessu var háttað árið 1987. Í greinargerð Hjörleifs Guttormssonar náttúrufræðings um staðhætti og náttúrufar á því svæði sem hér er til umfjöllunar, dags. 15. maí 2006, er einnig lýsing á afréttarlöndum og leitarsvæðum. Er hún í samræmi við eldri heimildir um sama efni. Að hálfu aðila, sbr. m.a. skýrslutökur fyrir óbyggðanefnd, hefur komið fram að sauðfé hefur nú fækkað nokkuð en tilteknar jarðir nýti þó afréttina enn sem fyrr. Leitir eru skipulagðar af fjallskilastjórn í samræmi við fjallskilareglugerð.

---

194 *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* II, bls. 60.
195 *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* II, bls. 6.
196 Skjal nr. 4 (12) og (20).
197 Skjal nr. 4 (21).
198 Bragi Sigurjónsson: *Göngur og réttir* V, bls. 374-387.

# 6. NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

## 6.1. Almenn atriði og dómafordæmi í þjóðlendumálum

Í úrskurðum óbyggðanefndar á fyrsta landsvæðinu sem tekið var til meðferðar, sjá mál nr. 1-7/2000, er í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum á næsta landsvæði sem tekið var til meðferðar er í kaflanum *Viðauki við almennar niðurstöður óbyggðanefndar* aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við, sjá mál nr. 1–5/2001. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki með úrskurðum í málum á þriðja svæðinu, nr. 1–9/2003, og því fjórða, nr. 1–6/2004. Sami viðauki fylgir hér og með öðrum úrskurðum í málum á fimmta landsvæðinu sem óbyggðanefnd hefur tekið til umfjöllunar, nr. 1–5/2005.

Á þeim tíma sem liðinn er frá því að *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og viðauki við þær birtist hefur Hæstiréttur kveðið upp nokkurn fjölda dóma sem fela í sér afstöðu réttarins til atriða sem almenna þýðingu hafa við efnislega úrlausn þjóðlendumála. Skal þar fyrst getið um dóm Hæstaréttar frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005, sem fjallað var um í inngangi að niðurstöðum óbyggðanefndar í málum á svæði 4. Svo sem þar segir verður sú ályktun af honum dregin, sbr. nú einnig dóm Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006, að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verði að leysa úr málinu á þeim grundvelli. Í tilvikum ríkisjarða hefur því þó verið lýst yfir af hálfu íslenska ríkisins að í þjóðlendukröfu felist ekki afsal á eignarlandi og því eigi niðurstaða óbyggðanefndar, að því leyti sem hún tekur til ríkisjarða, að ráðast af sömu atriðum og lögð séu til grundvallar um annað eignarland. Aðrir dómar varða fremur heimildamat og sönnunarkröfur, nánar tiltekið tveir dómar Hæstaréttar frá 21. október 2004 (mál nr. 47 og 48/2004); þrír dómar frá 11. maí 2006 (mál nr. 496/2005, 454/2005 og 345/2005); tveir dómar frá 28. september 2006 (mál nr. 497/2005 og 498/2005); tveir dómar frá 5. október 2006 (mál nr. 67/2006 og 133/2006) og nú síðast þrír dómar frá 16. maí 2007 (mál nr. 448/2006, 536/2006 og 24/2007).

Sú umfjöllun um einstök landsvæði sem hér fer á eftir er í beinu samhengi og samræmi við framangreindar *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*, ásamt viðauka við þær, og vísar til þeirra. Fyrirliggjandi dómar og úrskurðir óbyggðanefndar eru einnig fordæmi við úrlausn málsins í þeim tilvikum að reynt hefur á atriði sem almenna þýðingu hafa.

Hér á eftir verður fyrst lagt mat á hvort dómar gefi tilefni til að herða sönnunarkröfur til landamerkjabréfa jarða og að því loknu fjallað almennt um stofnun heiðarbyggðar á Norðausturlandi. Þá verður gerð grein fyrir landnámi á því svæði sem mál þetta varðar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega

stöðu einstakra landsvæða, í staðfræðilegri röð.[199] Loks verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar.

### 6.1.1. Gildi landamerkjabréfa jarða

Í forsendum dóms Hæstaréttar í máli nr. 48/2004, sem birtur er í dómasafni þess árs á bls. 3796, tók rétturinn almenna afstöðu til mats á gildi landamerkjabréfa, annars vegar jarða og hins vegar annarra landsvæða, og inntaks eignarréttar á svæði sem lýst er í landamerkjabréfi jarðar, sbr. einnig tilvísanir í síðari dómum í þjóðlendumálum, t.d. máli nr. 345/2005. Orðrétt segir svo:

> Við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði, sem þar er lýst, skiptir almennt máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði, en þekkt er að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig til dæmis afrétti, sem ekki tengjast sérstaklega tiltekinni jörð. Felur landamerkjabréf fyrir jörð í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega.

Einnig kemur fram það álit réttarins að áritun um samþykki eigenda aðliggjandi jarða, þinglýsing og innfærsla í landamerkjabók auki sönnunargildi landamerkjabréfs. Sama máli gegnir ef ekki hefur verið ágreiningur um merki viðkomandi jarðar. Hins vegar verði ekki litið fram hjá þeirri staðreynd að fyrir gildistöku laga nr. 58/1998 hafi engum verið til að dreifa sem gat sem handhafi beins eignarréttar gert samninga um mörk þess lands sem nú nefnist þjóðlenda. Þá verði þess að gæta að með því að gera landamerkjabréf gátu menn ekki einhliða aukið við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Verði til þess að líta hvort til séu eldri heimildir sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfi enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu lands.

Segja má einnig að í nýjustu dómum, sbr. mál nr. 536/2006 og 24/2007, hafi enn verið hnekkt á þýðingu þess að landsvæði teljist innan merkja jarðar. Samkvæmt þessu er óbyggðanefnd rétt að leggja áfram áherslu á landamerkjabréf jarða, sbr. umfjöllun um þau í *Almennum niðurstöðum*, enda þótt með skýrum fyrirvörum sé.

Umfjöllun dómstóla um landamerkjabréf jarðanna Úthlíðar, Stafafells (hluta), Skaftafells og Hóla gefur þó tilefni til að huga sérstaklega að því hvort óbyggðanefnd beri að herða kröfur til sönnunar eignarlands innan landamerkjabréfa jarða frá því sem lagt er til grundvallar í *Almennum niðurstöðum*. Viðkomandi landsvæði voru öll talin eignarlönd en í forsendum dóma samt sem áður lýst efasemdum um að svo væri að öllu leyti.

---

[199] Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á skýrslu Hjörleifs Guttormssonar náttúrufræðings, sbr. skjal nr. 27, útgefnum kortum Landmælinga Íslands, örnefnaskrám frá Örnefnastofnun Íslands, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3., og almennum uppsláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

Í tilvikum Úthlíðar og þess hluta Stafafellslands sem liggur sunnan og vestan Jökulsár, sbr. mál nr. 48/2004 og 498/2005, lágu fyrir bæði landamerkjabréf og eldri heimildir um merki. Lýsingar þessar fengu vel samrýmst en beinn eignarréttur á hluta þeirra landsvæða sem afmörkuð voru þrátt fyrir það talinn vafa undirorpinn. Fram kemur að staðhættir og fyrirliggjandi heimildir um gróðurfar styðji ekki að þar hafi verið stofnað til beins eignarréttar með námi. Ekki voru þó talin skilyrði til að skilja þessi landsvæði undan eignarlandi jarðanna, einkum þar sem ekkert hefði komið fram af hálfu íslenska ríkisins sem leggja mætti til grundvallar við nánari afmörkun að þessu leyti. Varðandi umræddan hluta Úthlíðar var einnig tekið fram að ekki hefði verið sýnt fram á að landsvæðið hefði verið nýtt sem samnotaafréttur.

Í tilvikum Skaftafells og Hóla, sbr. mál nr. 496/2005 og 48/2004, voru landamerkjabréf fyrir hendi en engar eldri heimildir. Um landamerkjabréf Skaftafells, sem er ódagsett en var þinglesið á árinu 1890, segir svo í dómi Hæstaréttar:

> Þótt landamerkjabréfið geti haft sönnunargildi um mörk eignarlands Skaftafells með því að það var áritað um samþykki af eigendum aðliggjandi jarða, þinglesið og fært í landamerkjabók, verður að líta til þess að ekki var á valdi eigenda jarðarinnar að auka með landamerkjabréfinu við land sitt eða annan rétt umfram það, sem áður hafði verið. Getur landamerkjabréf þetta því ekki eitt og sér nægt gegn andmælum áfrýjanda til að sanna beinan eignarrétt eigenda Skaftafells II að landinu á Skeiðarársandi, sem deilt er um í málinu, heldur verða önnur atriði jafnframt að koma til, sem stutt geta sömu niðurstöðu, sbr. dóm Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 [sem fjallar m.a. um Hóla], sem birtur er í dómasafni þess árs á bls. 3796.

Hér skal einnig getið dóms í máli nr. 345/2004, varðandi jörðina Fell í Suðursveit. Þar lá fyrir skýr eldri heimild, nánar tiltekið lögfesta frá árinu 1851, þar sem merki inn til landsins voru m.a. miðuð við aðliggjandi jökul. Landamerkjabréf jarðarinnar frá árinu 1922 var mun óskýrara, náði skemur inn til landsins, þ.e. í átt að jökli, og gat ekki sérstaklega um merki gagnvart jöklinum. Fjalllendið næst jökli var dæmt þjóðlenda og þannig fremur miðað við hina yngri heimild, þ.e. landamerkjabréfið, sem náði skemur en hin eldri. Þar höfðu þó önnur atriði einnig vægi.

Óbyggðanefnd hefur nú þegar kveðið upp úrskurði sem fjalla um fjölda jarða á sunnanverðu landinu, þ.e. svæðum 1-4, og heimilda um afmörkun og eignarréttindi á ágreiningssvæðum verið skipulega leitað, m.a. á Þjóðskjalasafni og hjá sýslumannsembættum. Séu þær skoðaðar heildstætt kemur í ljós að landamerkjabréf hátt í tvöhundruð jarða hafa verið könnuð sérstaklega. Í upp undir helmingi tilvika hefur það verið elsta lýsing á merkjum jarðar og beinn samanburður við eldri heimildir þannig ekki mögulegur. Því fer einnig fjarri að eldri heimildir séu almennt heildstæðar merkjalýsingar. Þvert á móti geta þær verið brotakenndar og jafnvel fremur falið í sér vísbendingar en ótvíræðar lýsingar. Loks eru tíu tilvik þar sem

ekkert landamerkjabréf, í skilningi landamerkjalaga, er fyrir hendi og verður ekki séð að það hafi nokkurn tíma verið gert. Að því er varðar mikinn meirihluta jarða á svæðum 1-4 var niðurstaðan sú að aðrar heimildir um merki, væru þær til, ýmist styddu lýsingu bréfs eða mæltu henni ekki í mót. Merkjum væri því rétt lýst í landamerkjabréfi, svo sem óbyggðanefnd skýrði það. Tekið skal fram að sú skýring var í ákveðnum tilvikum önnur en málsaðila.

Svo sem að framan greinir virðast dómstólar þannig gera fremur strangar kröfur til landamerkjabréfa jarða, þ.á m. að þau hafi stuðning af öðru og þá einkum eldri heimildum. Til þess ber þó að líta að fleiri atriði eru hér samofin og lögð til grundvallar niðurstöðu hverju sinni, þar á meðal mismunandi vægi eða trúverðugleiki einstakra heimilda, nýting, gróðurfar og staðhættir. Með hliðsjón af því og með tilliti til stjórnskipulegrar jafnræðisreglu telur óbyggðanefnd að fara beri varlega í að draga víðtækar ályktanir af þessari umfjöllun. Líta ber til þess að eftir að gengið hafði verið frá landamerkjabréfi, með tilheyrandi opinberri skráningu, hafði jarðeigandi síður ástæðu til að varðveita skjöl sem þar kann að hafa verið byggt á. Eðlilegt verður að telja að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem fyrir hendi kann að vera í slíkum tilvikum.

Niðurstaða óbyggðanefndar er því sú að ekki sé ástæða til að herða sérstaklega kröfur um sönnun eignarlands innan lýsingar í landamerkjabréfi jarðar, umfram það sem áður hefur verið lagt til grundvallar og samrýmist vel þeirri almennu afstöðu Hæstaréttar til landamerkjabréfa sem áður var lýst. Eftir sem áður er ljóst að dómstólar gera nokkuð strangar kröfur til sönnunar eignarlands, sbr. einnig þá meginreglu í íslenskum rétti að sá sem telur til eignarréttar yfir landi verður að færa fram heimildir fyrir eignartilkalli sínu. Jafnframt liggur fyrir að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2005, þar sem segir svo:

> [...] nær frá upphafi Íslandsbyggðar mörkuðu menn sér ekki eingöngu ákveðin landsvæði, sem voru háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu manna. Meðan landsvæði gaf eitthvað af sér lágu hagsmunir til þess að halda merkjum réttindanna við, hvers eðlis sem þau voru. Af framanrituðu þykir leiða að skýra verði hvaða réttindi það séu sem menn voru að skipta á milli sín.

### 6.1.2. Heiðarbýli á Norðausturlandi

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er gerð almenn grein fyrir þeirri stofnun eignarréttar sem heimilaður var í nýbýlatilskipun frá 15. apríl 1776, um landnám og byggingu eyðijarða, og síðar nýbýlalögum, nr. 15/1897.[200] Að því er varðar Norðausturland sérstaklega í þessu sambandi benda heimildir til að í kjölfar

[200] Sbr. kafla 3.3. í viðauka.

nýbýlatilskipunar og fram yfir miðja 19. öld hafi þar verið stofnað til heiðarbyggðar í meiri mæli en í þeim landshlutum sem áður hafa komið til umfjöllunar hjá óbyggðanefnd. Byggð þessi stóð að jafnaði stutt, oft slitrótt, og þegar komið var fram á miðja 20. öld var henni nær alveg lokið. Í kjölfar gildistöku landamerkjalaga voru ýmist gerð sérstök landmerkjabréf fyrir slík heiðarbýli eða þau felld innan landamerkjalýsingar tiltekinnar jarðar.

Samkvæmt ákvæðum nýbýlatilskipunar gat slík býlisstofnun hvort heldur er verið í landi jarðar eða utan þess. Kveðið var á um útmælingu viðkomandi landsvæðis undir stjórn sýslumanns og útgáfu amtmanns á byggingarbréfi til handa nýbýlingi enda hefði skilyrðum verið fullnægt.

Í þeim tilvikum að stofnað var til nýbýlis í landi jarðar með lögformlegum hætti, sbr. einkum 2. gr. nýbýlatilskipunar, er ljóst að með því hefur ekki orðið breyting á eignarréttarlegri stöðu landsvæðisins. Hér gegnir sama máli og ef þar var stofnað til byggðar með öðrum hætti, svo sem leigu eða sölu hluta jarðar.[201] Um slík landsvæði hlýtur því að fara eftir sömu sjónarmiðum og jarðir almennt, hvernig sem formlegum frágangi hefur verið háttað. Um jarðir almennt vísast nánar til *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*.

Hafi hins vegar tekist byggð utan jarðar, sbr. einkum 4. gr. nýbýlatilskipunar, verður að kanna hvort þar hafi verið stofnað til lögformlegs nýbýlis. Hafi svo verið er ljóst að viðkomandi landsvæði er eignarland, þá þegar af þeirri ástæðu. Ella verður að líta svo á að ekki hafi verið stofnað til beins eignarréttar á grundvelli þeirrar löggjafar. Eignarréttarleg staða viðkomandi landsvæðis breyttist því ekki, hvernig sem henni var farið. Annað mál er að í kjölfarið kann að hafa stofnast þar eignarland á öðrum grundvelli, sbr. lög nr. 46/1905 um hefð.

Heiðarbyggð á Norðausturlandi er nefnd ýmsum nöfnum í heimildum, einkum nýbýli, afbýli, heiðarkot og hjáleiga. Notkun þessara hugtaka er misvísandi og tekur ekki endilega mið af ákvæðum nýbýlatilskipunar eða nýbýlalaga. Þannig kann tiltekið býli að vera nefnt nýbýli í heimildum án þess að byggingarbréf liggi fyrir. Málsmeðferð nýbýlaumsóknar getur þá af einhverjum ástæðum hafa lokið á einhverju stigi, svo sem eftir útmælingu, eða jafnvel ekki hafist yfirleitt. Á hinn bóginn getur verið að byggingarbréf hafi verið gefið út en býlið þrátt fyrir það nefnt annað en nýbýli, t.d. hjáleiga.

Útgáfa byggingarbréfs, sem stundum er nefnt nýbýlaleyfi, tekur af vafa um stofnun eignarlands og að landsvæði hafi frá þeim tíma öðlast stöðu jarðar að lögum. Að öðru leyti hlýtur að þurfa að leggja mat á eignarréttarlega stöðu viðkomandi landsvæðis áður en þar tókst byggð og hvort sú staða hafi tekið breytingum síðan. Í því sambandi ber að líta til þeirra krafna sem Hæstiréttur hefur gert til sönnunar eignarlands, sbr. kafla 6.1.1.

---

[201] Sbr. kafla 4.2. í viðauka.

## 6.2. Landnám

Í kafla 5.1. hér að framan er gerð grein fyrir frásögn *Landnámu* varðandi þau landsvæði sem hér eru til umfjöllunar. Þannig á Hrafnkell Hrafnsson að hafa numið Hrafnkelsdal og Brynjólfur gamli Fljótsdal. Uppi hafa verið getgátur um að bær Hrafnkels hafi staðið þar sem í dag heitir Aðalból. Engin vitneskja liggur fyrir um það hversu langt til austurs landnám Hrafnkels kann að hafa náð. Á sama hátt liggur engin vitneskja fyrir um það hversu langt til vesturs landnám Brynjólfs hefur náð. Alls óljóst er því um Fljótsdalsheiði, þar á milli, í þessu sambandi. Landnámsmörk inn til hálendis og öræfa eru ekki heldur tiltekin.

Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrlausnum sínum byggt á því að skýrar frásagnir *Landnámu* hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar en talið hæpið að af takmörkuðum lýsingum í *Landnámu* verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi, sbr. einnig dóm Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2005, sem fjallaði um Hoffells-Lambatungur í Nesjum. Af framangreindum frásögnum *Landnámu* verður ekki ráðið hversu langt inn til landsins landnám náði og að því leyti verða þannig engar afdráttarlausar ályktanir af þeim dregnar. Að öðru leyti vísast til þeirrar umfjöllunar um einstök landsvæði sem hér fer á eftir.

## 6.3. Skriðuklaustur

### 6.3.1. Almenn atriði

Hér verður fjallað um landsvæði það sem lýst er í landamerkjabréfi fyrir Skriðuklaustur ásamt eyðijörðinni Brattagerði, dags. 27. ágúst 1922 og þingl. 23. júlí 1923. Innan þessa landsvæðis eru nyrðri hlutar afréttarsvæðanna „Undir Fellum“ og „Rani“. Þá var heiðarbýlið Brattagerði staðsett innan Rana, vestan Eyvindarár en austan Jökulsár á Jökuldal, sem einnig er nefnd Jökulsá á Dal, Jökulsá á Brú og Jökla.

Að Skriðuklaustri, eins og það er afmarkað í landamerkjabréfinu, liggja til vesturs jarðirnar Eiríksstaðir og Grund á Jökuldal, handan Jökulsár á Jökuldal. Til norðurs eru jarðirnar Hamborg og Klaustursel ásamt Fossgerði. Að austan liggja jarðirnar Hrafnkelsstaðir og Víðivellir ytri, austan Jökulsár í Fljótsdal. Til suðurs er Valþjófsstaðarkirkjuland, þ.m.t. syðri hlutar Rana og Undir Fellum.

Íslenska ríkið miðar kröfugerð sína við að innan landmerkjabréfs Skriðuklausturs sé tvenns konar eignarréttur, eignarland að hluta og þjóðlenda að hluta. Nánar tiltekið hefur íslenska ríkið dregið þjóðlendukröfulínu sína úr ósi Hólmavatns og þaðan beint í innri merkjavörðu í Miðheiðarhálsi sem er hornmark við Fossgerðisland. Síðan er dregin lína þvert vestur heiði í merkjavörðu í svokölluðum

Klappalækjarflóa og þaðan í Eyvindará og síðan haldið niður Eyvindará allt að Jökulsá, sjá nánar kafla 3.1. Samkvæmt þessu eru m.a. Eyvindarfjöll, Grautarflói og Gilsárvötn innan þjóðlendu. Að því er varðar jörðina Skriðuklaustur krefst sami aðili viðurkenningar á rétti til afréttarnota innan þjóðlendu en beins eignarréttar austan þjóðlendukröfulínu, sbr. kafla 3.1.2. Hins vegar hefur ábúandi Skriðuklausturs lýst kröfu um að allt land innan merkja samkvæmt landamerkjabréfi verði talið eignarland, sbr. kafla 3.2. Þá hefur Fljótsdalshreppur gert kröfu um að viðurkenndur verði réttur jarða í Fljótsdal til afréttarnýtingar á hluta þess landsvæðis innan merkja Skriðuklausturs sem gerð er þjóðlendukrafa til, sbr. kafla 3.3.

### 6.3.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(6), er því haldið fram að af frásögnum *Landnámu* verði ekki ráðið að landsvæði þetta hafi verið numið. Eftir landnám hafi lönd undirorpinn beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalausum svæðum fjölgað með tímanum. Byggt er á því að almenningar, eins og þeir voru skilgreindir fyrir gildistöku þjóðlendulaga, hafi verið eignarréttarlegt hugtak yfir það sem nú heitir þjóðlenda. Vísað er til vitnisburðar um Ranaafrétt, dags. 18. maí 1678, um að Ranaafréttur hafi verið afréttur allra Fljótsdælinga. Jafnframt er byggt á svokölluðum „dómtitli“ um Ranaafrétt, dags. 6. maí 1679, um heimild til að afleggja afrétt Skriðuklausturs. Þá er byggt á því að stofnun heiðarbýlanna Þorskagerðis og Brattagerðis í Rana styðji að afrétturinn sé þjóðlenda. Ekki hafi farið fram landskipti né liggi fyrir afsöl eða byggingarbréf vegna stofnunar nýbýlanna. Þeirri útvísun sem fram fór vegna Brattagerðis hafi ekki verið fylgt eftir með byggingarbréfi og þannig hafi engin breyting orðið á eignarréttarlegri stöðu landsins.

Við aðra fyrirtöku málsins, hinn 9. mars 2006, tilkynnti óbyggðanefnd að hún teldi rétt að kröfur ábúenda ríkisjarða í málinu kæmu til athugunar. Af hálfu ábúenda Skriðuklausturs, sbr. skjöl nr. 5(5), 11 og 11(8), er því haldið fram að land Skriðuklausturs í Fljótsdal sé innan landnáms Brynjólfs gamla Þorgeirssonar en land jarðarinnar á Jökuldal, þ.e. svokallaður Rani, sé innan landnáms Skjöldólfs Vémundarsonar. Því er mótmælt að óljósar lýsingar *Landnámu* geti orðið til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi Skriðuklausturs verði dregin í efa. Vísað er til þess að jörðin Skriða hafi verið gefin til klausturhalds árið 1493 og í kjölfarið hafi klaustrið eignast miklar jarðeignir, þar á meðal aðliggjandi landsvæði. Byggt er á því að hluti Skriðuklausturs í svokölluðum Rana hafi verið nýttur til afréttar fyrir bændur í Fljótsdal gegn afréttargjaldi. Nýting hafi farið fram í skjóli eignarréttar eiganda Skriðuklausturs á landinu, sbr. vitnisburði og dómtitils um Rana afrétt, dags. 6. maí 1679. Í skjóli sama eignarréttar hafi farið fram útmæling á landi fyrir nýbýlið Brattagerði, dags. 20. ágúst 1835. Við útmælinguna hafi verið hafnað þeim mótmælum hreppstjóra Fljótsdalshrepps að hún takmarkaði afrétt Fljótsdælinga. Þá er

jafnframt vísað til síðari útmælingar Brattagerðis, dags. 15. ágúst 1845 sem mótmælt hafi verið.

Ábúendur Skriðuklausturs vísa einnig til byggingarbréfs þeirra, þingl. 31. maí 1999. Byggt er á landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 27. ágúst 1922 og þingl. 23. júlí 1923, en bréfið sé m.a. samþykkt af eigenda Fossgerðis sem sé aðliggjandi jörð að Rana. Þá er vísað til landsbrigðaþáttar *Grágásar* og landabrigðabálks *Jónsbókar* um merkjagöngur. Merkjalýsingar hafi sjaldan verið að finna í kaupbréfum en haldið gildi sínu enda þótt þær hefðu aðeins varðveist í munnlegri geymd. Með setningu landamerkjalaga, nr. 5/1882 og nr. 41/1919, hafi stjórnvöld átt frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi, væri hann fyrir hendi. Í miklum fjölda tilfella hafi elstu upplýsingar um landamerki ekki orðið til fyrr en í kjölfar þess. Byggt er á því að lýsingum landamerkjabréfa verði ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um inntak eignarréttar að landi jarðarinnar hvíli jafnframt á íslenska ríkinu. Vísað er til þess að ábúendur Skriðuklausturs hafi fengið greitt svokallað felligjald af hreindýrum innan þjóðlendukröfusvæðis og það vakið réttmætar væntingar hjá ábúendum um að landið væri undirorpið beinum eignarrétti. Loks er vísað til ákvæða stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, en með hliðsjón af meðalhófsreglu 12. gr. laganna sé óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á eigendur réttinda að þeim sé ómögulegt að mæta þeim.

Af hálfu Fljótsdalshrepps, sbr. skjöl nr. 5(5), 16 og 16 (2), er því haldið fram að samkvæmt forni venju eigi jarðir í Fljótsdal rétt til afréttarnýtingar Rana innan lands Skriðuklausturs, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga um afréttarmálefni og fjallskil, nr. 6/1986. Vísað er sérstaklega í vitnisburð og dómtitil um Ranaafrétt frá árunum 1673 og 1674. Af dómtitlinum megi ráða að afréttarnýting bænda í Fljótsdal hafi þá varað lengi með þeim réttindum og skyldum sem henni fylgja. Þá er vísað til útmælingar á nýbýlinu Brattagerði í Rana, dags. 20. ágúst 1835. Vegna skorts á heyöflunarmöguleikum innan útskipts lands hafi nýbyggjaranum verið fenginn réttur til að heyja eftir þörfum í flóanum fram með Eyvindará enda kæmi ekki styggð að afréttarfé. Þannig hafi réttur Fljótsdælinga til afréttarnýtingar verið verndaður þrátt fyrir útskiptingu sérstaks býlis í Rana. Vísað er til þess að eftir að byggð lagðist af í Rana hafi Fljótsdælingar haft afréttarnýtingu í honum öllum. Jafnframt er vísað til þess að réttur til afréttarnýtingar Fljótsdælinga í Rana sé ekki vefengdur af hálfu ábúanda Skriðuklausturs. Þá er því haldið fram að afréttarnýtingin sé eignarréttindi og njóti sem slík verndar 72. gr. stjskr., sbr. einnig 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1992 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Loks er vísað til þess að málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd lúti ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu 12. gr. laganna sé óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á eigendur réttinda að þeim sé ómögulegt að mæta henni.

### 6.3.3. Jörðin Skriða og afréttarlönd í Rana og Undir Fellum

Í köflum 5.2. og 5.3. hér að framan eru rakin þau gögn málsins sem fjalla um landsvæði það sem liggur innan Skriðuklausturs samkvæmt landamerkjabréfi þess, þar á meðal um landsvæðin Rana og Undir Fellum, sbr. einnig kafla 5.9. um afréttarlönd í málinu almennt. Gögn þessi eru afrakstur af framlögðum skjölum málsaðila, skýrslutökum við aðalmeðferð málsins og kerfisbundinni leit á vegum óbyggðanefndar að frumheimildum um merki, ráðstafanir að eignarrétti og nýtingu þessa landsvæðis.[202]

Jarðarinnar Skriðu er getið í heimildum allt frá 15. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða og þar var snemma stofnað klaustur.[203] Svo sem rakið er í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámabók* hvort og þá að hvaða marki landnám á þessu svæði náði upp á Fljótsdalsheiði eða suður inn til landsins. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landanámslýsinga verður þó að telja að vafi um það atriði vaxi eftir því sem vestar og sunnar dregur og land hækkar.

Réttur Skriðuklausturs til lands á Fljótsdalsheiði, vestur að Jökulsá á Jökuldal, er tiltekinn í fjölda heimilda. Þar má í meginatriðum greina á milli svokallaðs Rana að vestanverðu og Undir Fellum að austanverðu. Afréttarlönd þessi liggja, ásamt láglendi við Jökulsá í Fljótsdal, innan þess landsvæðis sem afmarkað er í landamerkjabréfi Skriðuklausturs 1922. Rani og Undir Fellum teygja sig einnig til suðurs, inn fyrir lýsingu í landamerkjabréfi Valþjófsstaðar, en um það vísast nánar til kafla 6.4.

Fljótsdalsheiði er víðáttumikið og gróið heiðarflæmi milli Jökuldals og Fljótsdals. Liggur það að stærstum hluta í sveitarfélaginu Fljótsdalshéraði en bæjarstæði Skriðuklausturs og heiðin þar upp af tilheyra hins vegar Fljótsdalshreppi. Heiðin er háslétta í 600 til 700 m hæð yfir sjávarmáli og hallalítil milli brúna. Þar er fjöldi vatna, þeirra stærst eru Gilsárvötn (628 m). Í lægðum eru stórir flóar en melar á milli. Á Fljótsdalsheiði er Miðheiðarháls, aflangur háls með leguna norðaustur-suðvestur í rúmlega 600 m hæð yfir sjávarmáli. Um hann liggja vatnaskil og sveitarfélagamörk Fljótsdalshéraðs og Fljótsdalshrepps. Frá bæjarstæði Skriðuklausturs, við Jökulsá í Fljótsdal, og vestur í Jökulsá á Jökuldal, við Eiríksstaði, eru u.þ.b. 24 km í beinni loftlínu.

Talið er að við landnám hafi Fljótsdalur verið vaxinn birkiskógi og kjarri upp undir fjallsbrúnir í 300-400 m hæð. Gert hefur verið ráð fyrir að gróðurþekja á Fljótsdalsheiði hafi þá náð talsvert hærra yfir sjó en síðar varð, jafnvel svo að nemi 100 til 200 metrum, mismunandi eftir aðstæðum. Skógareyðing mun hafa verið hvað stórfelldust á 18. öld, af ýmsum ástæðum.

Um Rana er fyrst getið í vitnisburði, dags. 8. maí 1679, en þá vitnuðu tíu bændur um að Ranaafréttur hafi verið „veniuleg og almennelegust afriett allra

[202] Sjá nánar í kafla 4.
[203] Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

fliótsdalsmanna“. Jafnframt vitnuðu þeir um að „Rana afriett“ væri „filleleg eign“ Skriðuklausturs en lánuð og leyfð af klausturhöldurum. Næst er fjallað um Rana í svokölluðum dómtitli um Ranaafrétt, dags. 6. maí 1697, en þar var úrskurðað hvort klausturhaldaranum á Skriðuklaustri væri heimilt að afleggja afréttinn. Niðurstaðan var sú að honum væri það ekki heimilt og var vísað til ákvæða Jónsbókar um að „svo skuli almenningar vera sem að fornu hefði verið“.

Í úttekt Klaustursels, dags. 16. september 1828, segir að jörðin hafi haft afnot af Rana til heys og beitar en tekið fram að hann sé afréttur Fljótsdælinga. Í lögfestu Valþjófsstaðar 12. maí 1840 er fyrirboðið að nota megi Ranaafrétt, sem liggi fyrir framan landamerki Skriðuklausturs og Valþjófsstaðar, nema með leyfi prests eða ábúanda Skriðuklausturs sem hefði haft afréttarlandið á leigu af sér og formanni sínum. Í sóknarlýsingu Valþjófsstaðar 1840-1841 segir að öll heiðin milli Jökuldals og Fljótsdals sé notuð sem afréttur. Segir að Fellnamenn hafi mest gagn „af heiðinni til geldfjárgöngu á sumardag, allt fram að Bessastaðaá, en eftir það brúki Fljótsdælingar einir afréttirnar sem kallast ýmsum nöfnum, svo sem Rani; tilheyrir Skriðuklaust[ri].“ Í sömu lýsingu segir um Fellnaafrétt (Undir Fellum) að afrétturinn tilheyri „Valþjófstað ásamt heiðinni út á móts við landamerki millum Skriðu og Valþjófstaðar“. Samkvæmt jarðamati 1849 segir að til hlunninda Skriðuklausturs teljist að jörðin eigi afréttarland fyrir sig í svokölluðum Rana fyrir 400 fjár. Þá segir í mati á Skriðuklaustri frá árinu 1878 að jörðin eigi afrétt „langt umfram aðrar þjóðjarðir“. Þau ummæli eru í samræmi við álit sýslunefndar Norður-Múlasýslu vegna sölu Skriðuklausturs, dags. 24. apríl 1893, um að jörðin eigi lítið heimaland „en afrjettarland mikið, sem tekur við af heimalandi“. Í jarðamati 1916-1918 segir að Skriðuklaustri fylgi „afréttarland 2/3 hluti í Rana og eyðibýlið Brattagerði“.

Yngri heimildir bera einnig með sér að Rani og Undir Fellum hafa verið í afréttarnotum jarðeigenda í Fljótsdal undir stjórn sveitarfélagsins fram á þennan dag.

Hér ber þess að geta að í svari hreppstjóra Fljótsdalshrepps vegna fyrirspurnar Stjórnarráðs Íslands um afrétti og almenninga í Múlasýslu, dags. 22. maí 1920, segir að „ [...] hjer í hreppi er ekkert svæði sem talin er almenníngur, og að ekkert afréttar land er hjer, sem ekki sannanlega tilheyrir einhverju býli“. Svar hreppstjóra Jökulsdalshrepps, dags. 3. júní 1920, var efnislega á sama veg.

Óbyggðanefnd telur ótvírætt að við gildistöku þjóðlendulaga hafi Rani og Undir Fellum talist til afrétta samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að þeim tíma.[204] Svör hreppstjóra Fljótsdalshrepps og Jökuldalshrepps, sem áður voru rakin, mæla þessu ekki í mót. Jafnframt er ljóst að á Skriðuklaustri hefur um aldir verið sjálfstæð jörð. Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*, sbr. kafla 4.4. í viðauka, eru afréttir flokkaðir í þrennt. Í fyrsta lagi er um þá afrétti að ræða sem kalla má samnotaafrétti. Það eru þeir afréttir sem

[204] Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

samkvæmt elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélaga eða á afmörkuðu svæði. Í öðru lagi eru afréttir einstakra jarða og stofnana en það eru þeir afréttir sem samkvæmt elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lögpersónum og stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Upprekstur annarra aðila var þá heimill samkvæmt venjum og samningum en gegn greiðslu afréttartolls. Það hvort tiltekinn afréttur einstakrar jarðar eða stofnunar er undirorpinn beinum eða óbeinum eignarrétti heimajarðar er að mati óbyggðanefndar ekki einhlítt og verður að meta í hverju tilviki fyrir sig. Í þriðja lagi er svo um að ræða að land eða hluti lands einstakra jarða hafi verið lagt til afréttar.

Inntak eignarheimilda Skriðuklausturs til þess landsvæðis sem afmarkað er í landamerkjabréfi árið 1922, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. þjóðlendulaga, er þannig atriði sem þarfnast nánari athugunar. Í því sambandi skal áréttuð umfjöllun í kafla 6.1.1. þar sem gerð er grein fyrir þeirri niðurstöðu Hæstaréttar að landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða en hins vegar verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega.

### 6.3.4. Afmörkun Skriðuklausturs, Rana og Undir Fellum

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Skriðuklausturs er lýst í landamerkjabréfum og hvað ráðið verður af eldri heimildum um sama efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Skriðuklaustri. Athugun þessi tekur til vesturmerkja og vestanverðra norður- og suðurmerkja, innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Landamerki Skriðuklausturs að austan liggja hins vegar utan kröfusvæðis og koma því ekki nánari athugunar. Að lokinni athugun á merkjum Skriðuklausturs verður tekið til skoðunar hvernig afréttarsvæðin Rani og Undir Fellum eru afmörkuð í fyrirliggjandi heimildum.

Merkjum Skriðuklausturs er fyrst lýst í úttekt jarðarinnar, dags. 19. september 1828, og skoðunargjörð sýslumanns, dags. 22. september 1828. Vesturmerkjum er fyrst sérstaklega lýst í jarðamati Skriðuklausturs frá 1849. Þá liggja fyrir þrjú landamerkjabréf Skriðuklausturs, hið fyrsta dags. 18. júní 1884 og þingl. 19. júní sama ár, það næsta dags. 17. maí 1896 og þingl. 3. júní 1896, og hið síðasta, dags. 27. ágúst 1922 og þingl. 23. júlí 1923. Tvö hin yngri eru sameiginleg fyrir Skriðuklaustur og heiðarbýlið Brattagerði en hið elsta tekur ekki til hins síðarnefnda. Í landamerkjabréfinu frá 1922 er að finna ítarlegustu lýsinguna. Í þessu máli er ekki ágreiningur um afmörkun jarðarinnar samkvæmt lýsingu bréfanna.

Verður þá fyrst litið til suðurmerkja jarðarinnar, gagnvart Valþjófsstaðarlandi. Samkvæmt landamerkjabréfi Skriðuklausturs ásamt Brattagerði, dags. 27. ágúst 1922, eru merki jarðarinnar til suðurs miðuð við merkigarð þann „sem að fornu og nýju haldinn hefur verið landamerki og sem liggur frá Jökulsá fram og upp eftir nesinu upp undir fjall, þaðan sjónhending upp á fjall, þaðan í stóran stein sem stendur utantil á ytra Eyvindarfjalli, þaðan réttlínis norður í Jökulsá á Jökuldal“. Landamerkjabréfið er

ekki áritað vegna Valþjófsstaðar. Þessi lýsing er í samræmi við eldri bréf Skriðuklausturs, frá 1884 og 1896, og þau eru árituð vegna Valþjófsstaðar. Þá er landamerkjabréf Valþjófsstaðarkirkjueignar, dags. 6. júní 1885 og þingl. 8. júní 1885, nær orðrétt í samræmi við landamerkjabréf Skriðuklausturs frá 1922, og það er áritað vegna þess. Eldri lýsingar á merkjum Skriðuklausturs lýsa hins vegar suðurmerkjunum jarðarinnar skemur til vesturs. Í úttekt á jörðum Skriðuklausturs frá 1828 segir þannig um merki heimalandsins að framan [sunnan] að „frá Jökulsá rædr Merkigardr upp til Fialls“. Sama lýsing kemur fram í skoðunargjörð sýslumanns skömmu síðar. Í jarðamati 1849 segir að land Skriðuklausturs nái þvert yfir Fljótsdalsheiði að Eyvindará.

Samkvæmt landamerkjabréfi Skriðuklausturs ásamt Brattagerði frá 1922 eru merki jarðarinnar til norðvesturs, gagnvart Eiríksstöðum og Grund á Jökuldal, miðuð við Jökulsá á Jökuldal. Landamerkjabréf jarðarinnar frá 1896 miðar við það sama. Landamerkjabréfið frá 1884 lýsir einnig suðurmerkjum í Jökulsá en norðurmerkjum er hins vegar lýst í Eyvindará en þar fyrir vestan var heiðarbýlið Brattagerði. Landamerkjabréf Skriðuklausturs er ekki áritað vegna Eiríksstaða og Grundar á Jökuldal og gagnkvæmt. Í tveimur framangreindum heimildum frá árinu 1828 er merkjum heimalands jarðarinnar ekki lokað að vestan. Þar kemur hins vegar fram að suðurmerki jarðarinnar nái „upp til fialls“ en norðurmerkin eru sögð ná „nordur i Eÿvindar kéldu“. Eins og áður segir miðar lýsing í jarðamati 1849 við að land Skriðuklausturs að vestan nái að Eyvindará.

Verður þá næst litið til norðurmerkja Skriðuklausturs. Þar liggur austast, og næst Jökulsá í Fljótsdal, jörðin Hamborg og vestan hennar tekur við jörðin Klaustursel ásamt Fossgerði. Samkvæmt landamerkjabréfi Skriðuklausturs frá 1884, sem tekur ekki til Brattagerðis, eru merki að norðan miðuð við „Melakvísl og Bessastaðaá allt upp á fjallsbrún í Eyvindarkeldu, og svo beina stefnu yfir miðheiði, ofan með svo nefndum Stóralæk, allt í Eyvindará, sem greinir Skriðuklaustursland frá Brattagerðislandi“. Samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1922 eru merkin gagnvart jörðunum Hamborg og Fossgerði miðuð við „Melakvísl og Bessastaðaá alt upp á Fjallsbrún í Eyvindarkeldu og þaðan bein stefna á miðheiði í merkjavörðu (ytri) (merkt L.M. á jarðfastan stein og hlaðin varða ofan á), þaðan um miðheiðarháls í merkjavörðu fremri (merkt L.M. eins og hin varðan). Þaðan þvert vestur heiði í merkjavörðu í svokölluðum Klappalækjarflóa og þaðan í Eyvindará. Þaðan Eyvindará í Jökulsá á Jökuldal.“ Lýsing í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1896 er í samræmi við þessa lýsingu. Þá eru landamerkjabréf Hamborgar og Bessastaða frá 1884, Klaustursels með hjáleigunni Fossgerði frá 1884 og Fossgerðis frá 1922 að meginstefnu til í samræmi við landamerkjabréf Skriðuklausturs og öll árituð vegna þeirrar jarðar. Landamerkjabréf Skriðuklausturs eru hins vegar ekki árituð vegna aðliggjandi jarða til norðurs utan bréfsins frá 1922 sem er áritað vegna Fossgerðis.

Eldri lýsingar á merkjum Skriðuklausturs lýsa norðurmerkjum jarðarinnar skemur til vesturs en miðað er við í landamerkjabréfum hennar. Í úttekt á jörðum Skriðuklausturs frá 1828 segir um merki að utan [norðan] „rædr Bessastada á, upp til brúna, allt þar til hún fer ad buga sig framm á vid, Þadan og Þvert nordr i Eyvindarkéldu“. Nefnd Eyvindarkelda liggur upp á fjallinu ofan Skriðuklaustursbýlisins, rúma þrjá km frá Jökulsá í Fljótsdal. Sama lýsing kemur fram í skoðunargjörð sýslumanns frá 1828 á takmörkum heimalands. Í jarðamati 1849 segir að land Skriðuklausturs nái þvert yfir Fljótsdalsheiði að Eyvindará. Áin liggur norðan og austan Eyvindarfjalla, í tæplega tuttugu km fjarlægð frá Skriðuklaustursbýlinu.

Samkvæmt framangreindu ná norður- og suðurmerki Skriðuklausturs eins og þeim er lýst í elstu heimildum, þ.e. skoðunargjörð frá 1828 og úttekt frá sama ári, mun skemmra til vesturs en þau mörk sem tilgreind eru í landamerkjabréfum 1884-1992. Í hinum eldri heimilum frá 1828 er vesturmerkjum þó ekki sérstaklega lýst.

Vestast á því landsvæði sem samkvæmt framangreindu fellur innan lýsinga í landamerkjabréfum Skriðuklausturs, en utan heimilda frá 1828, liggur svokölluð „Rana afrjett“ og þar austan við er afréttarsvæðið Undir Fellum. Bæði þessi svæði teygja sig til suðurs inn í Valþjófsstaðarland og vísast um þar nánar í kafla 6.4. Afmörkun Rana og Undir Fellum til austurs, innan afmörkunar í landamerkjabréfum Skriðuklausturs, þarfnast hins vegar nánari athugunar hér.

Ekki liggur fyrir lögformleg lýsing á þeim afréttarsvæðum er liggja að hluta innan merkja Skriðuklausturs. Í vitnisburði, dags. 18. mars 1679, vitnuðu tíu menn um að til Ranaafréttar teldist allt land milli Hölknár og Eyvindarár, fram á milli Eyvindarfjalla og ofan að Jökulsá. Síðar var farið að nota nafnið Rana yfir mun stærra svæði. Í bréfi hreppstjóra Fljótsdalshrepps og meðráðamanna hans, dags. 18. desember 1864, kemur fram tillaga að afmörkun á afréttarsvæðunum Undir Fellum og Rana. Að því leyti sem lýsingin tekur til þess lands sem hér er til umfjöllunar lagði hreppstjórinn til að norðausturmörk Ranafréttar mörkuðust af Eiríksstaðavegi „norður að Eivindará að austan frá Eyrikstaðaveigi innað Gilsárvötnum“. Að vestan gerði hann tillögu um að afrétturinn lægi frá „grábergshnúk, þaðan norður í höltná og ræður hún úr því úti Jökulsá“. Að því er varðaði Fellaafrétt (Undir Fellum) lagði hann til að mörk hans að utan væru „Bessastaða á norður að Gilsárvötnum“. Mörk afréttarins að austan gagnvart heimalandi jarða í Fljótsdal eru hins vegar ekki tiltekin.

Afréttarlýsingar í bókinni Göngur og réttir V, útgefinni 1987, eru að meginstefnu til í samræmi við tillögur hreppstjórans. Þar segir að Rani afmarkist að utan af landamerkjum Skriðuklausturs „og Stuðlafoss af Miðheiðarhálsi að Eyvindará, en af henni markast það að Jökulsá“. Um afréttarsvæðið „Undir Fellum“ segir að það sé næst „byggð innan Bessastaðaár, sem ræður mörkum þess að utan. Austurmörkum þess ráða heimalönd inn að Öxará.“ Um afmörkun svæðisins að vestan segir m.a. að Gilsárvatn ytra ráði mörkum að upptökum Bessastaðaár.

Af framangreindu er ljóst að samkvæmt heimildum frá 1864 nær Ranaafréttur allt austur að Gilsárvötnum og Bessastaðaá, a.m.k. þangað sem þjóðlendukröfulína íslenska ríkisins sker Bessastaðaá. Í vitnisburði frá 1679 er merkjum hins vegar ekki lýst lengra en austur að Eyvindará.

Kröfugerð Fljótsdalshrepps um rétt Fljótsdælinga til afréttingarnýtingar Rana miðar austurmörk ekki við framangreindar heimildir heldur verður að skilja hana svo að afrétturinn afmarkist til austurs af sveitarfélagamörkum á Miðheiði, þ.e.a.s. vestan Gilsárvatna og Bessastaðaár en austan Eyvindarár. Elsta heimild um merki „Fellnaafrjettar" (Undir Fellum) miðar við að afrétturinn nái vestur að Gilsárvötnum og Bessastaðaá. Krafa Fljótsdalshrepps er í samræmi við þetta.

Þannig er ekki fyllilega ljóst hvernig afréttarsvæðin Rani og Undir Fellum afmarkast til austurs, sbr. einnig það sem framan greindi um vesturmörk heimalands Skriðuklausturs samkvæmt úttekt og skoðunargjörð frá 1828.

### 6.3.5. Eyðibýli í Rana, innan merkja Skriðuklausturs[205]

Kemur þá til skoðunar hvort heiðarbýli innan þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar hafi sjálfstæða þýðingu við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæðisins. Eins og rakið er í kafla 5.3. liggja eyðibýlin Þorskagerði og Brattagerði, í svokölluðum Rana innan merkja Skriðuklausturs.

Ráða má af heimildum að Magnús Snorrason hafi byrjað búskap í Brattagerði 1825. Á grundvelli 1. gr. nýbýlatilskipunar um landnám og byggingu eyðijarða, útgefinnar 15. apríl 1776, var Brattagerði útvísað land í Ranaafrétti 18. ágúst 1835. Var útvísunin framkvæmd af sýslumanni ásamt fjórum virðingarmönnum. Við sama tilefni var úrskurðað að afrétturinn tilheyrði Skriðuklaustri en væri ekki afréttur Fljótsdælinga, svo sem hreppstjóri hélt fram.

Samkvæmt nýbýlatilskipuninni var gerður greinarmunur á útvísun lands eftir því hvort landsvæðið væri sannarlega í eigu annars manns, sbr. 3. gr. hennar, eða hvort landsvæðið væri í afréttum eða óbyggðum landsvæðum ofan byggða sbr. 4. gr. tilskipunar. Væri landsvæðið í eigu annars manns hélt hann óskertan eignarrétti sínum. Af gögnum málsins er ekki ljóst hvort Brattagerði var útvísað á grundvelli 3. eða 4. gr. tilskipunarinnar.

Heimildir bera það ekki með sér að byggingarbréf samkvæmt 6. gr. nýbýlatilskipunar hafi verið gefið út í kjölfar útvísunarinnar. Raunar fór fram ný útvísun 18. ágúst 1845 þegar sýslumaður Múlasýslu, Júlíus Havstein, framkvæmdi skoðunar- og skiptagjörð á þeim hluta Ranaafréttar sem tilheyrði Skriðuklaustri. Var

---

[205] Við endurupptöku málsins 12. febrúar 2009 var niðurstöðu óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu Brattagerðis breytt vegna nýrra gagna. Hér á eftir kemur fyrst texti sem var í úrskurði óbyggðanefndar frá 24. maí 2007 þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að Brattagerði værði þjóðlenda. Í lok kaflans er síðan tekin upp sú bókun sem gerð var við endurupptökuna en samkvæmt henni er Brattagerði eignarland.

Magnúsi Snorrasyni útvísað landi með tilteknum merkjum til allra afnota samkvæmt nýbýlatilskipuninni. Í lýsingu á landinu sagði að það væri grýtt, hrjóstrugt með mjög litlum slægjum og lélegum túnum. Byggingarbréf samkvæmt 6. gr. nýbýlatilskipunar virðist ekki hafa verið gefið út vegna þessarar síðari útvísunar. Í gerðabók fasteignamats Múlasýslu 1916-1918 segir að Brattagerði hafi lagst í eyði 1875 og hafi frá þeim tíma verið notuð sem afréttur.

Afbýlið Þorskagerði stóð vestan Sauðár, nokkru sunnar en Brattagerði en þar var búið á árunum 1783-1784, 1807-1810 og árið 1868. Engar upplýsingar liggja fyrir um landamerki Þorskagerðis né heimildir um að landi þess hafi verið útvísað með formlegum hætti.

Með því að fyrirmælum nýbýlatilskipunar var ekki fullnægt er ljóst að ekki var stofnað til beins eignarréttar á grundvelli þeirrar löggjafar. Eignarréttarleg staða viðkomandi landsvæðis tók því ekki breytingum á þeim grundvelli. Í þessu sambandi ber að vísa til þeirra krafna sem Hæstiréttur hefur gert til sönnunar eignarlands, sbr. kafla 6.1.2. um heiðarbýli á Norðausturlandi.

[„Framangreindur úrskurður óbyggðanefndar var kveðinn upp 29. maí 2007. Eftir þann tíma hafa ný gögn komið í leitirnar á Þjóðskjalasafni. Ber þar fyrst að geta um bréf amtmanns til umboðsmanns Skriðuklausturs frá 8. mars 1836. Þar kemur fram að meðfylgjandi sé „...Nybyggerbrev for Bonden Magnus Snorresen til Brattagerde...“ Einnig hefur komið fram færslu í dóma- og þingabók N-Múlasýslu 1829-1843, þess efnis að þann 11. maí 1837 hafi byggingarbréfi Brattagerðis verið þinglýst á manntalsþingi á Fossvöllum.

Upplýsingar þessar komu fram í tilefni af gagnaöflun Friðbjörns Garðarssonar hdl. vegna málskots úrskurðarins til héraðsdóms.

Óbyggðanefnd telur að framangreind gögn sýni fram á að byggingarbréf hafi verið gefið út í kjölfar útmælingar Brattagerðis árið 1835. Með því hefur verið leitt í ljós að fyrirmælum nýbýlatilskipunar var fullnægt og stofnað til beins eignarréttar á grundvelli þeirrar löggjafar, sbr. kafla 6.1.2 í máli þessu. Með því að ekki hefur tekist að upplýsa um staðsetningu vörðu vestan þekktrar vörðu á milli tveggja stórra jarðfastra steina er óhjákvæmilegt að miða einungis við þá vörðuna sem þekkt er.“][206]

### 6.3.6. Niðurstaða

Í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi, fyrst nr. 5/1882 og síðan nr. 41/1919, voru gerð þrjú landamerkjabréf fyrir Skriðuklaustur. Skjöl þessi voru þinglesin og innfærð í landamerkjabók sýslumanns. Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir þeirri niðurstöðu Hæstaréttar að landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því

[206] Innan hornklofans er bókun úr fundargerð endurupptöku málsins frá 12. febrúar 2009 en þá var niðurstöðu óbyggðanefndar um eignarréttarlegu stöðu Brattagerðis breytt úr þjóðlendu í eignarland vegna nýrra gagna.

að um eignarland sé að ræða en hins vegar verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega, sjá nánar í kafla 6.1.1. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað einhliða aukið við land sitt eða annan rétt. Frá upphafi Íslandsbyggðar helguðu menn sér ekki eingöngu ákveðin landsvæði, sem voru háð beinum eignarrétti, heldur einnig ítök, afrétti og öll önnur réttindi sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra. Meðan landsvæði gaf eitthvað af sér lágu hagsmunir til þess að halda við merkjum réttindanna, hvers eðlis sem þau voru. Ber um þetta efni sérstaklega að vísa til dóms Hæstaréttar 5. október 2006 í máli nr. 67/2006.

Af heimildum má skýrt ráða að innan þeirra merkja sem lýst er í landamerkjabréfum Skriðuklausturs eru afréttarsvæðin Rani og Undir Fellum. Landamerkjabréfin lýsa merkjum mun vestar en úttekt frá 1828 og skoðunargjörð frá sama ári. Merkjalýsingar Skriðuklausturs frá 1828 falla vel að austurmerkjum afréttarins Undir Fellum og eru í samræmi við umsögn sýslunefndar Norður-Múlasýslu, dags. 24. apríl 1893, þess efnis að jörðin hafi „lítið heimaland, en afrjettarland mikið, sem tekur við af heimalandi“.

Að slepptum heimildum um nýbýlastofnun á Ranaafrétti er ljóst að um Rana og Undir Fellum er fyrst og fremst fjallað í tengslum við upprekstur og afréttarnot. Gerður er greinarmunur á þeim og öðru landi tilheyrandi Skriðuklaustri með því að þau eru jafnan tiltekin sérstaklega og þess getið að Skriðuklaustur eigi þar afrétt eða hlunnindi. Heimildir benda þannig til að þar sé um að ræða afrétt stofnunar í þeim skilningi að Skriðuklaustur hafi átt þar óbein eignarréttindi, sbr. m.a. dómtitil frá 1679, úrskurð sýslumanns frá 1835 og landamerkjabréf Skriðuklausturs. Engin gögn liggja fyrir um að fyrir gildistöku þjóðlendulaga hafi þessi landsvæði nokkurn tíma verið nýtt til annars en sumarbeitar og e.t.v. annarra takmarkaðra nota. Staðhættir styðja þá niðurstöðu en land þetta liggur í um 600 metra hæð yfir sjávarmáli. Fjallskil hafa verið á hendi sveitarfélags, svæðið er ekki afgirt og þangað hefur búfénaður leitað frá öðrum jörðum án hindrana. Svör hreppstjóra Fljótsdalshrepps og Jökuldalshrepps frá árinu 1920 við fyrirspurn sýslumanns Múlasýslu samrýmast þessu.

Að því er varðar greiðslu felligjalda hreindýra til ábúanda Skriðuklausturs telur óbyggðanefnd að slíkar greiðslur séu í samræmi við þann rétt sem afréttareign veitir. Um hreindýraveiðar er fjallað sérstaklega í 14. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994. Meginreglu laganna er hins vegar að finna í 8. gr., þar sem segir að öllum íslenskum ríkisborgurum, svo og erlendum ríkisborgurum með lögheimili hér á landi, séu dýraveiðar heimilar í almenningum og á afréttum utan landareigna lögbýla, „enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra“. Með setningu laga nr. 64/1994, sbr. áður lög nr. 63/1954 um

fuglaveiðar og fuglafriðun, voru reglur um dýraveiðar á afréttum rýmkaðar frá því sem áður gilti. Réttur sem áður var bundinn við þá sem afréttur heyrði til, sbr. tilskipun um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849, náði nú til mun stærri hóps. Fyrirvari 8. gr. um sönnuð eignarréttindi, sbr. einnig lög nr. 63/1954 áður, tekur mið af þeirri óvissu um eignarréttarlega stöðu afrétta og almenninga sem fyrir hendi var á þeim tíma. Eftir gildistöku þjóðlendulaga hefur sú staða verið að skýrast, með þeim dómum og úrskurðum sem fyrir liggja. Ljóst er orðið að til eru þjóðlendur þar sem sérstaklega hefur verið sýnt fram á „afréttareign“ einnar eða fleiri jarða.

Ákvæði 14. gr. um hreindýraveiðar er þannig undantekning frá meginreglunni með því að um hreindýraveiðar fer eftir sérstökum reglum. Þar gildir m.a. reglugerð um skiptingu arðs af hreindýraveiðum, nr. 487/2003. Í henni kemur hugtakið afréttur hvergi fyrir og einungis fjallað um jarðir í því sambandi. Óbyggðanefnd telur að ákvæði reglugerðarinnar beri að skýra með hliðsjón af 8. gr. laga nr. 64/1994, forsögu þess og þeirra úrlausna á grundvelli þjóðlendulaga sem nú liggja fyrir. Telja verður að þau tilvik þegar sérstaklega hefur verið sýnt fram á „afréttareign“ einnar eða fleiri jarða í þjóðlendu falli undir áðurnefndan fyrirvara 8. gr. Þar tilheyri því veiðirétturinn þeim sem afréttur heyrir til. Af framangreindu leiðir að í afréttareigninni felst réttur til arðs af hreindýraveiðum á viðkomandi landi. Um afrétti heilla sveitarfélaga, eða svokallaða samnotaafrétti, liggur hins vegar til grundvallar að nýting hefur snemma verið heimiluð með lögum og stýrt af opinberum aðilum. Framangreindri rýmkun á veiðirétti sýnist einmitt ætlað að ná til þeirra.

Ekkert liggur fyrir um hvernig Skriðuklaustur er komið að rétti til þeirra landsvæða sem hér hefur verið fjallað um. Óbyggðanefnd telur hvorki hægt að útiloka að þau séu að einhverju leyti innan upphaflegs landnáms né að þau hafi upphaflega verið samnotaafréttir jarða á svæðinu en síðar komist undir Skriðuklaustur. Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en réttur til afréttarsvæðanna Undir Fellum og Rana hafi orðið til á þann veg að þau hafi verið tekin til sumarbeitar fyrir búpening og ef til vill annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur sem sveitarstjórnum var falið að annast framkvæmd á.

Samkvæmt framanröktu er það niðurstaða óbyggðanefndar að land innan lýsingar í landamerkjabréfum Skriðuklausturs hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu, þ.e. afréttarsvæðin tvö, þ.e. Rani og Undir Fellum, þjóðlenda í afréttareign Skriðuklausturs en annað land eignarland. Þar sem afréttareignin tilheyrir Skriðuklaustri í báðum tilvikum er ekki þörf á að afmarka afréttarsvæðin innbyrðis. Að því er varðar afréttarnýtingu annarra jarða í Fljótsdal á þessum sömu svæðum verður að skilja málatilbúnað Fljótsdalshrepps þannig að litið sé svo á að þau séu í eigu Skriðuklausturs að því leyti sem þau eru þar innan merkja. Afréttarnýting jarða í Fljótsdal hafi þannig farið fram í skjóli þess eignarréttar og með samkomulagi aðila. Með hliðsjón af framangreindri niðurstöðu um afréttareign Skriðuklausturs verður ekki talið að þessar kröfur þarfnist frekari umfjöllunar. Þá eru kröfur ábúenda

Skriðuklausturs byggðar á meintum rétti eiganda Skriðuklausturs en ekki á sjálfstæðum grundvelli. Úr þeim verður því einungis leyst með óbeinum hætti, þ.e. niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu umrædds landsvæðis.

Eftir er þá að leysa úr því hver séu mörk eignarlands og þjóðlendu. Með hliðsjón af merkjalýsingum Skriðuklausturs, afréttarlýsingum og staðháttum telur óbyggðanefnd þó ljóst að þau liggi ekki vestar en þjóðlendukröfulína íslenska ríkisins. Með hliðsjón af dómum Hæstaréttar frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 og 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 getur ekki komið til álita hvort þau liggi austar. Verður því kröfulína íslenska ríkisins lögð til grundvallar um mörk eignarlands og þjóðlendu enda er fjármálaráðherra er í máli þessu fyrirsvarsmaður bæði jarðarinnar Skriðuklausturs og þjóðlendu, sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 58/1998.

Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið fjallað um og talið þjóðlenda í afréttareign eigenda Skriðuklausturs eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitarsvæði taka þó breytingum auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði [...] sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að afréttarsvæðin Rani og Undir Fellum, þ.e. land á þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins innan landamerkja Skriðuklausturs, sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttað hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að framangreint svæði sé þjóðlenda.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. þeir hlutar Rana og Undir Fellum að frátöldu Brattagerði[207],sem eru innan þess landsvæðis sem afmarkað er í landamerkjabréfi Skriðuklausturs, dags 27. ágúst 1922 og þingl. 23. júlí 1923, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Frá merkjavörðu (merkt L.M.) í Miðheiðarhálsi er dregin lína í stefnu á ósinn úr Hólmavatni, þar til kemur að skurðpunkti við línu sem liggur frá merkigarði þeim, sem liggur frá Jökulsá í Fljótsdal fram og upp eftir nesinu upp undir fjall, þaðan sjónhending upp á fjall og áfram í stóran stein, sem stendur utan til á ytra Eyvindarfjalli. Frá þeim skurðpunkti er þeirri línu fylgt að framangreindum stórum steini á ytra Eyvindarfjalli og þaðan í Jökulsá á Jökuldal, þar sem Hölkná rennur í hana. Jökulsá á Jökuldal ræður síðan [þangað sem Sauðá fellur í hana og síðan Sauðá þangað sem hún fellur niður af efstu fjallsbrúninni.*

[207] Við endurupptöku málsins, 12. febrúar 2009, var bókað um breytt úrskurðarorð, nánar tiltekið þannig að nýbýlið Brattgerði er utan þjóðlendu.

*Þaðan er dregin lína í vörðu sem hlaðin er upp á millum tveggja stórra jarðfastra steina og síðan að þeim stað þar sem Eiríksstaðavegur yfir heiðina liggur út í Eyvindará. Eftir það er Eyvindará fylgt]*[208] *þar til kemur að skurðpunkti við línu sem dregin er frá merkjavörðu (merkt L.M.) í Miðheiðarhálsi og þvert vestur heiði í merkjavörðu í svokölluðum Klappalækjarflóa og í Eyvindará. Er þá miðað við þá línu sem aðilar eru ásáttir um. Þessari línu er fylgt frá framangreindum skurðpunkti hennar við Eyvindará og að upphafspunkti lýsingar þessarar, þ.e. merkjavörðu (merkt L.M.) í Miðheiðarhálsi.*

Sama landsvæði er í afréttareign Skriðuklausturs, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

## 6.4. „Valþjófsstaðarkirkjueign"

### 6.4.1. Almenn atriði

Hér verður fjallað um stærstan hluta þess landsvæðis sem afmarkað er í landamerkjabréfi „Valþjófsstaðarkirkjueignar, þ.e. heimastaðarins og undirliggjandi jarða með Hrafnkelsdal og öræfum öllum", dags. er 6. júní 1885 og þingl. 8. júní 1885. Auk Valþjófsstaðar og hjáleigunnar Hóls falla þar innan afréttarsvæðið „Vesturöræfi" og syðri hlutar afréttarsvæðanna „Rana" og „Undir Fellum". Sama máli gegnir um jarðirnar Aðalból, Vaðbrekku, Þuríðarstaði, Egilsstaði og Kleif en samkvæmt afmörkun eigenda þeirra liggja þær allar utan þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins. Jarðir þessar eru því að mestu undanskildar í þeirri umfjöllun um einstaka hluta Valþjófsstaðarkirkjueignar sem hér fer á eftir.

Að Valþjófsstaðarkirkjulandi, eins og það er afmarkað í landamerkjabréfinu, liggur til norðurs Skriðuklaustursland, þ.m.t. nyrðri hluti afréttarsvæðanna Rana og Undir Fellum. Að austan, handan Jökulsár í Fljótsdal, eru Víðivellir, Glúmsstaðasel og Glúmsstaðir og að vestan, handan Jökulsár á Jökuldal, eru ágreiningssvæði í máli 2/2005 hjá óbyggðanefnd. Til suðurs er Vatnajökull.

Íslenska ríkið miðar kröfugerð sína við að innan landmerkjabréfs Valþjófsstaðarkirkjueignar sé tvenns konar eignarréttur, eignarland að hluta og þjóðlenda að hluta. Nánar tiltekið hefur íslenska ríkið dregið kröfulínu sína úr Axará og upp eftir henni og svo allt að Svartöldu, þaðan í ósinn úr Hólmavatni, þaðan beint í innri merkjavörðu (merkt L.M.) í Miðheiðarhálsi sem er hornmark við Fossgerðisland. Síðan er dregin lína þvert vestur heiði í merkjavörðu í svokölluðum Klappalækjarflóa og þaðan í Eyvindará og síðan haldið niður Eyvindará allt að Jökulsá, svo upp Jökulsá og allt að ármótum Hölknár, þaðan upp eftir farvegi Hölknár, allt þar til lína, Búrfell, Tungusporður og Kálffell sker ána. Þar sem þessi

[208] Textinn í hornklofa er úr fyrrnefndri bókun frá 12. febrúar 2009.

lína sker Jökulsá er punktur, síðan er fylgt miðjum farvegi Jökulsár, sbr. kafla 3.1. Samkvæmt þessu eru m.a. Gilsárvötn, Rani, Vesturöræfi, Snæfell, Fremri-Kárahnjúkur og Maríutungur innan þjóðlendu. Á móti hefur eigandi Valþjófsstaðar lýst kröfu um beinan eignarrétt að því landsvæði sem gerð er þjóðlendukrafa til. Þá hefur Fljótsdalshreppur krafist þess að viðurkenndur verði réttur jarða í Fljótsdal til afréttarnýtingar Rana, Undir Fellum og Vesturöræfa, innan merkja Valþjófsstaðar. Loks hefur eigandi Vaðbrekku og ábúandi Aðalbóls lýst kröfum um að viðurkenndur verði réttur jarðanna til afréttarnýtingar Vesturöræfa. Gerð er nánari grein fyrir kröfum aðila í 3. kafla og vísast þangað.

### 6.4.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(6), er því haldið fram að af frásögnum *Landnámu* verði ekki ráðið að landsvæði þetta hafi verið numið. Eftir landnám hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalausum svæðum fjölgað með tímanum. Byggt er á því að almenningar, eins og þeir voru skilgreindir fyrir gildistöku þjóðlendulaga, hafi verið eignarréttarlegt hugtak yfir það sem nú heitir þjóðlenda. Efni máldaga, vitnisburða og vísitasía um eignir Valþjófsstaðarkirkju bendi til að hún hafi eignast Hrafnkelsdal og Vesturöræfi með þrálátri ágengni. Vísað er til landamerkjabréfs Valþjófsstaðar, dags. 6. júní 1885 og þingl. 8. júní 1885, en samkvæmt efni þess sé ekki verið að lýsa eignarlandi kirkjunnar heldur heimalandi hennar, undirliggjandi jörðum og öræfum. Beinn eignarréttur hafi verið á heimajörðinni en öræfin hafi allt frá landnámi verið þjóðlenda. Nú séu undirliggjandi jarðir í Norðurdal og Hrafnkelsdal gengnar undan Valþjófsstað og með þeim hafi fylgt afréttarréttindi í öræfum norðan Vatnajökuls. Byggt er á því að afréttarlöndin hafi ekki með neinum skjallegum gerningum verið skilin undan jörðunum. Beitarnýting hafi verið búendum heimil og smölun og fjallskil á hendi viðeigandi opinberra aðila. Af fyrri heimildum megi ráða að jarðir í Fljótsdal hafi átt sín heimalönd en síðan hafi hálendið upp af byggðinni verið nýtt til sumarbeitar eftir því sem þörf hafi þótt til. Loks er vísað til kenninga um ástæður þess að kirkjur hafi eignast víðlenda afrétti.

Af hálfu eiganda Valþjófsstaðar, sbr. skjöl nr. 18 og 18(4), er því haldið fram að land jarða og afrétta hafi frá landnámi verið undirorpið beinum eignarrétti. Landnámsheimildir fari ekki í bága við þessa kenningu og ljóst sé að við landnám hafi landið verið gróið til jökla. Vísað er til þess að eignarrétturinn sé friðhelgur, sbr. 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu. Byggt er á landamerkjabréfi Valþjófsstaðar, dags. 6. júní 1885 og þingl. 8. júní 1885, en bréfið sé þinglýst, fært í landamerkjabók og hafi síðan ráðið merkjum Valþjófsstaðar. Þá er vísað til eldri heimilda um merki jarðarinnar og máldaga Valþjófsstaðar frá 1397 sérstaklega. Ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að land innan þessara merkja sé undirorpið fullkomnum eignarrétti. Hafi

ríkisvaldið nokkru sinni getað haft upp vefengingarkröfu á hendur eigendum Valþjófsstaðar sé ljóst að hún sé niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Byggt er á því að öll landgæði hafi verið nýtt af eigendum Valþjófsstaðar og samþykki þeirra þurft við nýtingu annarra, sbr. samning við Landsvirkjun vegna virkjunarframkvæmda. Þá hafi skattar og önnur lögboðin gjöld verið greidd af öllu landinu og eignarnámsbætur til eigenda vegna línustæða og veglagningar.

Af hálfu eigenda Valþjófsstaðar er einnig byggt á sjónarmiðum um réttmætar væntingar. Mannréttindadómstóll Evrópu hafi litið til þess í dómum sínum um eignarrétt hvaða væntingar menn hafi mátt hafa um eignarhald sitt. Þessar væntingar styðjist meðal annars við framkomu ríkisins gagnvart þeim með athöfn og athafnaleysi. Vísað er til jafnræðisreglu stjórnarskrár og stjórnsýslulaga um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu. Ekki verði gerðar ríkari sönnunarkröfur á hendur eigendum Valþjófsstaðar en annarra landeigenda. Loks er vísað til hefðar og venjuréttar.

Af hálfu Fljótsdalshrepps, sbr. skjöl nr. 5(5), 16 og 16(2), er því haldið fram að samkvæmt fornrii venju eigi jarðir í Fljótsdal rétt til afréttarnýtingar Undir Fellum, Rana og Vesturöræfa, innan lands Valþjófsstaðar, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga um afréttarmálefni og fjallskil, nr. 6/1986. Vísað er til vitnisburðar og dómtitils um Ranaafrétt frá árunum 1673 og 1674. Af heimildunum megi ráða að afréttarnýting bænda í Fljótsdal hafi þá varað lengi. Þá er vísað til vitnisburðar Kolgríms prests Koðranssonar, dags. 10. júní 1517, um afréttarnýtingu Fljótsdælinga á Vesturöræfum og Undir Fellum. Í vitnisburðinum komi fram að staðurinn hafi átt lambarekstur í Maríutungur. Byggt er á því að afréttarnýting á landi innan landamerkja Valþjófsstaðar hafi farið fram í skjóli eignarréttar Valþjófsstaðar að landinu. Afréttarnýtingunni hafi fylgt skyldur og þeir sem nýtt hafi afréttinn hafi greitt fyrir og lagt til menn í göngur. Vísað er til umfjöllunar um afréttarnýtingu Fljótsdælinga á fyrrnefndum landsvæðum í bókinni *Göngur og réttir V* frá 1987. Einnig er byggt á svörum hreppstjóra Fljótsdalshrepps og Jökuldalshrepps frá 1920 um að ekkert afréttland né almenningur sé í hreppunum sem sannarlega tilheyri ekki einhverri jörð. Þá er því haldið fram að afréttarnýting Fljótsdælinga á svæðunum séu eignarréttindi og njóti sem slík verndar 72. gr. stjskr., sbr. einnig 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1992 um mannréttindasáttmála Evrópu. Loks er vísað til þess að málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd lúti ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu 12. gr. laganna sé óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á eigendur réttinda að þeim sé ómögulegt að mæta henni.

Af hálfu ábúenda jarðarinnar Aðalbóls í Hrafnkelsdal er því haldið fram að jörðinni hafi fylgt réttur til nýtingar Vesturöræfa eftir útskiptingu hennar úr Valþjófsstaðarlandi enda hafi verið goldið afréttargjald fyrir. Hér skal þess getið að við aðra fyrirtöku málsins 9. mars 2006 tilkynnti óbyggðanefnd að hún teldi rétt að kröfur ábúenda ríkisjarða í málinu kæmu til athugunar. Ábúendur vísa til

byggingarbréfs Aðalbóls frá 1835 en þar komi fram að bóndinn á Aðalbóli hafi verið „afréttartollsfrjáls“ gegn grenjavinnslu á Vesturöræfum. Einnig er vísað til byggingarbréfs frá árinu 1845 um að bóndanum á Aðalbóli hafi verið byggður allur afréttur á Vesturöræfum. Þessi skipan hafi haldist þar til Aðalból fór í eyði í kjölfar Öskjugoss 1875. Afréttarnýtingin sé í öllu falli venjuhelguð en ábúendur í Hrafnkelsdal hafi tekið þátt leitum á Vesturöræfum og skipan gangnamála verið ágreiningslaus. Vísað er til þess að eigandi Vesturöræfa viðurkenni kröfur ábúenda Aðalbóls til afréttarnýtingar á svæðinu. Þá er því haldið fram að afréttarnýting ábúenda séu eignarréttindi og njóti verndar 72. gr. stjskr., sbr. einnig 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1992 um mannréttindasáttmála Evrópu. Loks er vísað til þess að málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd lúti ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu 12. gr. laganna sé óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á eigendur réttinda að þeim sé ómögulegt að mæta henni.

Af hálfu eiganda jarðarinnar Vaðbrekku í Hrafnkelsdal er því haldið fram að jörðin hafi átt rétt til nýtingar Vesturöræfa sem afréttar eftir útskiptingu jarðarinnar úr Valþjófsstaðarlandi enda hafi afréttargjald verið goldið. Byggt er á því að afréttarnýtingin sé í öllu falli venjuhelguð. Vísað er til þess að eigendur Vaðbrekku hafi tekið þátt í leitum á Vesturöræfum og skipan gangnamála hafi verið ágreiningslaus enda viðurkenni landeigandi Vesturöræfa kröfur Vaðbrekku til afréttarnýtingar þar. Þá er vísað til þess að afréttarnýting Vaðbrekku á Vesturöræfum séu eignarréttindi og njóti sem slík verndar 72. gr. stjskr., sbr. einnig 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1992 um mannréttindasáttmála Evrópu. Loks er vísað til þess að málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd lúti ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu 12. gr. laganna sé óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á eigendur réttinda að þeim sé ómögulegt að mæta henni.

### 6.4.3. Skipting „Valþjófsstaðarkirkjueignar“

Í kafla 5.4. hér að framan eru rakin þau gögn málsins sem fjalla um „Valþjófsstaðarkirkjueign“, þ.á m. afréttarlönd staðarins, sbr. einnig kafla 5.9. um afréttarlönd í málinu almennt. Gögn þessi eru afrakstur af framlögðum skjölum málsaðila, skýrslutökum við aðalmeðferð málsins og kerfisbundinni leit á vegum óbyggðanefndar að frumheimildum um merki, ráðstafanir að eignarrétti og nýtingu þessa landsvæðis.[209]

Valþjófsstaðar er þannig getið í heimildum allt frá 12. öld og af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.[210] Sagnir um búsetu þar má rekja enn lengra aftur. Svo sem rakið er í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámabók* hvort og þá að hvaða marki landnám á þessu svæði náði upp á Fljótsdalsheiði eða suður inn til

[209] Sjá nánar í 4. kafla.
[210] Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

landsins. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landanámslýsinga verður þó að telja að vafi um það atriði vaxi eftir því sem vestar og sunnar dregur og land hækkar.

Réttur Valþjófsstaðar til hálendisins norðan Vatnajökuls, milli Jökulsár á Jökuldal og Jökulsár í Fljótsdal, er tiltekinn í fjölda heimilda. Þar má í meginatriðum greina á milli svokallaðra „Vesturöræfa“ að vestanverðu, „Undir Fellum“ að austanverðu og „Rana“ þar á milli. Afréttarlönd þessi liggja ásamt „heimastaðnum“ og hjáleigunni Hóli innan þess landsvæðis sem afmarkað er í landamerkjabréfi Valþjófsstaðarkirkjueignar 1885. Þar gegnir sama máli um jarðirnar Þuríðarstaði, Egilsstaði og Kleif, sem einnig voru gerð sérstök landamerkjabréf fyrir samdægurs, og jarðirnar Aðalból og Vaðbrekku sem gerð voru sérstök landamerkjabréf fyrir á árinu 1921. Afréttirnir í Rana og Undir Fellum teygja sig einnig til norðurs, inn fyrir lýsingu í landamerkjabréfi Skriðuklausturs, en um það vísast nánar til kafla 6.3.

Framangreind þrjú afréttarsvæði tilheyra Fljótsdalsheiði, hásléttu í 600 til 700 m hæð yfir sjávarmáli sem þó er að mestu gróin. Í lægðum eru víðáttumiklir flóar en melar á milli. Á Fljótsdalsheiði er fjöldi vatna, þeirra stærst eru Gilsárvötn (628 m), og nokkurt fjalllendi. Að norðanverðu má þar nefna Eyvindarfjöll (884 og 847 m), Grjótöldu (882 m) og Þrælaháls (879 m). Að vestanverðu liggur Innri-Kárahnjúkur (838 m) og suðaustan hans eru Sauðahnjúkar (1060 og 1004 m). Inn af Sauðahnjúkum, undir jökli, eru Maríutungur. Þegar austar dregur að sunnanverðu kemur að svonefndu Snæfellssvæði, en það samanstendur af fjölda stakra fella og hnjúkaraða í 900--1338 m hæð yfir sjávarmáli. Snæfellið sjálft er 1833 m hátt og hæsta fjall á Íslandi utan jökla. Á Fljótsdalsheiði er Miðheiðarháls, aflangur háls með leguna norðaustur-suðvestur í rúmlega 600 m hæð yfir sjávarmáli. Vatnaskil og sveitarfélagamörk Fljótsdalshéraðs og Fljótsdalshrepps liggja um Miðheiðarháls að norðanverðu en Snæfellssvæðið að sunnanverðu. Frá bæjarstæði Valþjófsstaðar, við Jökulsá í Fljótsdal, og beint vestur í Jökulsá á Jökuldal, vestur undir Fjallkolli, eru u.þ.b. 31,5 km í beinni loftlínu og suðvestur að upptökum Jökulkvíslar í Maríutungum eru um 53 km í beinni loftlínu.

Talið er að við landnám hafi Fljótsdalur verið vaxinn birkiskógi og kjarri upp undir fjallsbrúnir í 300-400 m hæð. Gert hefur verið ráð fyrir að gróðurþekja á Fljótsdalsheiði hafi þá náð talsvert hærra yfir sjó en síðar varð, jafnvel svo að nemi 100 til 200 metrum, mismunandi eftir aðstæðum. Skógareyðing mun hafa verið hvað stórfelldust á 18. öld - af ýmsum ástæðum.

Um þetta landsvæði er fjallað í fjölda heimilda, fyrst í Vilchinsmáldaga frá 1397 en einnig í yngri máldögum, vísitasíum, lögfestum, vitnisburðum og fleiri heimildum. Samkvæmt því sem þar kemur fram hefur réttur Valþjófsstaðar til Fljótsdalsheiðar farið vaxandi með tímanum, frá því að ná til Lands undir Kleif í lok 14. aldar, Maríutungna að auki við lok 15. aldar, ótilgreindra öræfa frá 16. öld og frá

17. öld til alls landsvæðisins milli Jökulsár á Jökuldal og Jökulsár í Fljótsdal sem þá er ýmist kallað öræfi eða afréttarland.

Að því er varðar nánar hinar almennari og víðtækari heimildir, um öræfi og afréttarlönd, segir þannig í vitnisburðum frá árunum 1517 og 1552 að enginn hafi rekið á öræfi Valþjófsstaðar nema með leyfi staðarins. Þá er í vísitasíu frá árinu 1641 vísað til dómsbréfs frá 1621 um að Hrafnkelsdalur og öræfi milli jökulsánna beggja séu „eign“ Valþjófsstaðar. Í lögfestu frá árinu 1794 eru kirkjunni talin til „Öræfe öll, millum Jökuls Aar á Jökulsdal, og Jökulsaar i Fliotsdal, Frammunder Jökla“. Þess skal getið að á þeim tíma voru jarðirnar Aðalból og Vaðbrekka í Hrafnkelsdal, norðan Vesturöræfa og vestan Hölknár, undir Valþjófsstað. Í skýrslu um Valþjófsstaðarbrauð, dags. 10. júní 1839, segir að meðal „hlunninda“ kirkjunnar séu tvö afréttarlönd „millumm beggja Jökulsánna í Fljótsdal og á Jökulsdal og ná inn til Jökla, og út til Landamerkia millumm Valþjófstadar og Skriduklausturs“. Hinn 12. maí 1840 lögfesti séra Stefán Árnason á Valþjófsstað „Heimastadarins Land og undir liggiandi Jarda, Hrafnkellsdal, og Öræfi öll millum Jökulsár á Jökuldal, og Jökuls ár í Fliótsdal framm undir Jökla og út ad Merkigardi, þeim sem ad fornu og nyu haldin hefr verid Landamerki millum Valþiófsstadar og Skriduklausturs“. Meðal þeirra hlunninda Valþjófsstaðar sem talin eru upp í jarðamati 1849 eru „hin vídlendu öræfi“, sem staðurinn er sagður eiga „hér og hvar umhverfis og innaf sveitinni“ sem staðarhaldarinn láni bændum í hreppnum sem ekki hafi sumarhagbeit fyrir geldfé sitt. Í óársettri skýrslu um eignir og ítök Valþjófsstaðarkirkju kemur fram að þar á meðal sé allt afréttarland milli jökulsánna á Jökuldal og íFljótsdal.

Er þá ótalinn fjöldi heimilda sem fjalla sérstaklega um heimaland eða einstök afréttarsvæði, sjá nánar í þeim köflum sem hér fara á eftir. Hér ber þess að geta að í svari hreppstjóra Fljótsdalshrepps vegna fyrirspurnar stjórnarráðs Íslands um afrétti og almenninga í Múlasýslu, dags. 22. maí 1920, segir að „hjer í hreppi er ekkert svæði sem talin er almenníngur, og að ekkert afréttar land er hjer, sem ekki sannanlega tilheyrir einhverju býli“. Svar hreppstjóra Jökulsdalshrepps, dags. 3. júní 1920, var efnislega á sama veg.

Óbyggðanefnd telur ótvírætt að við gildistöku þjóðlendulaga hafi Vesturöræfi, Undir Fellum og Rani talist til afrétta, samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að þeim tíma.[211] Svör hreppstjóra Fljótsdalshrepps og Jökuldalshrepps sem áður voru rakin mæla þessu ekki í mót. Jafnframt er ljóst að á Valþjófsstað hefur um aldir verið sjálfstæð jörð. Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*, sbr. kafla 4.4. í viðauka, eru afréttir flokkaðir í þrennt. Í fyrsta lagi er um þá afrétti að ræða sem kalla má samnotaafrétti. Það eru þeir afréttir sem samkvæmt elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Í öðru lagi eru afréttir einstakra jarða og

[211] Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

stofnana en það eru þeir afréttir sem samkvæmt elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lögpersónum og stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Upprekstur annarra aðila var þá heimill samkvæmt venjum og samningum en gegn greiðslu afréttartolls. Það hvort tiltekinn afréttur einstakrar jarðar eða stofnunar er undirorpinn beinum eða óbeinum eignarrétti heimajarðar er að mati óbyggðanefndar ekki einhlítt og verður að meta í hverju tilviki fyrir sig. Í þriðja lagi er svo um að ræða að land eða hluti lands einstakra jarða hafi verið lagt til afréttar.

Inntak eignarheimilda Valþjófsstaðar til þess landsvæðis sem í landamerkjabréfi er nefnt Valþjófsstaðarkirkjueign, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. þjóðlendulaga, er þannig atriði sem þarfnast nánari skoðunar. Hér á eftir koma því til sérstakrar umfjöllunar einstakir hlutar Valþjófsstaðarkirkjueignar, þ.e. heimaland, Undir Fellum, Rani og Vesturöræfi, samkvæmt landamerkjabréfi staðarins frá 1885 og eldri heimildum um sama efni. Einnig verður litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Í þessu sambandi skal áréttuð umfjöllun í kafla 6.1.1. þar sem gerð er grein fyrir þeirri niðurstöðu Hæstaréttar að landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða en hins vegar verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega.

### 6.4.4. „Heimaland“

Býlið á Valþjófsstað stendur austan Fljótsdalsheiðar, nánar tiltekið undir Valþjófsstaðarfjalli, við Jökulsá í Fljótsdal. Valþjófsstaðarfjall er með hamrabeltum og hjöllum er aukast eftir því sem innar dregur. Má sums staðar telja eina 12-14 hjalla frá dalbotni og að brún. Á 0,5 km kafla rís landið um rúma 500 metra. Efst heita Rákar (562 m) og Þverfell (694 m). Á hjöllunum er sums staðar vallendi en þar má einnig finna víðigróður sem eykst eftir því sem innar kemur.

Um heimaland Valþjófsstaðarkirkju sést fyrst fjallað í máldaga Vilchins biskups 1397. Þar segir svo: „Mariukirkia aa walþiofstodum aa heimaland allt.“ Verður máldaginn skilinn þannig að annað land sem þar er tiltekið falli ekki undir heimalandið. Má þar nefna „land vnder kleif“ sem talið er upp á eftir Múlalandi og jörðinni Þorgerðarstöðum. Tvö síðastnefndu landsvæðin liggja austan Jökulsár í Fljótsdal og geta á engan hátt talist til heimalands Valþjófsstaðar. Aðgreiningu á heimalandi Valþjófsstaðar og öðru landi staðarins, án sérstakrar afmörkunar, er einnig að finna í máldögum frá 1471 og 1570, lögfestu 1794, vísitasíu frá 1850 og eignaskrá frá lokum 18. aldar. Af þessu má ráða að snemma hafi verið gerður greinarmunur á heimalandi Valþjófsstaðar og öðru landi hans.

Sérstök afmörkun á heimalandi kemur fyrst fram í lögfestu frá 1484. Það er sagt vera landið sem liggur milli merkigarðs og Ljósár og „norður“ í Jökulsá. Upptök Ljósár eru í Teigsbjargi sem liggur austan Hólmavatns og því utan við þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins. Á héraði mun lengi hafa tíðkast að láta norður og austur tákna gagnstæðar áttir, þannig að norður í þessu samhengi vísar í raun til

vesturs. Sé sá skilningur lagður til grundvallar virðist heimalandinu lýst allt vestur að Jökulsá á Jökuldal. Allt að einu er lýsing lögfestunnar óljós, auk þess sem Árni Magnússon handritasafnari taldi hana falsaða. Á hana verður því ekki litið sem trausta heimild.

Í vísitasíu Brynjólfs biskups um merki Valþjófsstaðar frá 1641, sbr. vísitasíu 1677, er hins vegar að finna aðra afmörkun á heimalandinu en þar segir: „ad Vestann Rædur fiallid, ad utann ur Fiallinu j Griothryggenn sem ofan efter liggur Fiallinu þadan ofan efter merkia gardi J Jokuls aa enn hun rædur ad austann.“ Af þeirri merkjalýsingu má ráða að heimaland Valþjófsstaðar hafi ekki verið talið ná lengra frá Jökulsá í Fljótsdal en að hryggnum sem liggur vestan við bæjarstæðið á Valþjófsstað.

Í vitnisburði Jóns Eyjólfssonar frá árinu 1670 er aftur miðað við Jökulsá á Jökuldal þegar segir að merki milli Valþjófsstaðar og Skriðuklausturs séu „gardurinn sem liggur upp eptir Nesinu þadann sionhending uppi fiall og i þann stora stein sem stendur utanntil I Eivindarfialli Ytra enn þadann riettlynis Nordur J Jökulsaa“. Ekkert kemur fram um sérstaka aðgreiningu eða afmörkun á einstökum svæðum. Lögfestur Valþjófsstaðarpresta 1794 og 1840 lýsa norðurmerkjum einnig vestur að Jökulsá á Jökuldal. Af samhengi þess texta sést að sú lína er bæði sögð skilja á milli „öræfa“ Valþjófsstaðar og lands Skriðuklausturs og á milli Valþjófsstaðar og Skriðuklausturs. Hér ber einnig að geta um framangreinda skýrslu um Valþjófsstaðarbrauð frá 1839 þar sem fram kemur að meðal hlunninda prestakallsins séu tvö afréttarlönd sem nái frá jöklum og út til landamerkja Valþjófsstaðar og Skriðuklausturs.

Samkvæmt þessu eru elstu heimildir misvísandi um hversu langt heimaland Valþjófsstaðar náði til vesturs og norðurs. Jafnframt virðist sem þær lýsingar norðurmerkja sem ná alla leið vestur að Jökulsá á Jökuldal geri ráð fyrir að sunnan merkja séu bæði öræfi eða afréttir Valþjófsstaðar og heimaland staðarins.

Loks er landamerkjum Valþjófsstaðarkirkjulands lýst heildstætt í landamerkjabréfi, dags. 6. júní 1885 og þingl. 8. júní 1885. Tekið er fram að merkjalýsingin taki til „heimastaðarins og undirliggjandi jarða með Hrafnkelsdal og öræfum öllum“. Fjallað er sérstaklega um merki „heimalands“ Valþjófsstaðar, að hjáleigunni Hóli meðtalinni.

Til norðurs, gagnvart Skriðuklaustri, er um merki vísað til norðurmerkja Valþjófsstaðarkirkjueignar. Þar er miðað við merkigarð „sem að fornu og nýju haldinn hefur verið landamerki, og liggur frá Jökulsá fram og upp eftir nesinu upp undir fjall; þaðan sjónhending upp á fjall. Þá í stóran stein, sem stendur utan til á ytra Eyvindarfjalli og þaðan réttlínis norður í Jökulsá á Jökuldal.“ Þessi lýsing er í samræmi við þær eldri lýsingar norðurmerkja sem áður var lýst og ná vestur á Jökuldal. Landamerkjabréf Valþjófsstaðarkirkjueignar er áritað vegna Skriðuklausturs og er orðrétt í samræmi við landamerkjabréf þeirrar jarðar, dags. 18. júní 1884 og þingl. 19. júní sama ár. Þess ber að geta að í kafla 6.3. er komist að þeirri niðurstöðu

að innan þeirra merkja sem lýst er í landamerkjabréfum Skriðuklausturs séu hlutar afréttarsvæðanna Rana og Undir Fellum.

Merkjum „Valþjófsstaðar heimalands með hjáleigunni Hóli“ til suðvesturs, gagnvart Þuríðarstöðum, er lýst „úr Klifaklett við Jökulsá, þaðan bein stefna í vörðu á Selhlíð, þaðan í Grástein, þá sömu stefnu norður svo langt sem heimaland nær“. Í máli þessu liggur fyrir ódagsett merkjalýsing hjáleigunnar Hóla gerð af Benedikt Friðrikssyni, oddvita og bónda þar frá 1950 til 1987. Suðurmörk Hóla eru þar tilgreind með sama hætti og suðurmörk Valþjófsstaðarkirkjulands í landamerkjabréfinu. Um merki Hóla að norðan, þ.e. gagnvart heimalandi, segir að þau séu „Úr klöpp við Teigshúshyl beint upp í Bjarg á milli Teighúsgjár og Bjarnargjár, öllu nær hinni fyrrnefndu, og síðan sömu stefnu í Hólmavatn“. Þess skal getið að íslenska ríkið dregur kröfulínu sína í ós Hólmavatns en að öðru leyti liggur það utan við þjóðlendukröfusvæði.

Verður þá næst hugað að heimildum um afmörkun aðliggjandi jarða til suðvesturs, þ.e. Þuríðarstaða, Egilsstaða og Kleifar, sem liggja í röð við Jökulsá í Fljótsdal, suðvestur af heimalandi Valþjófsstaðar með Hóli en austur af Rana og Undir Fellum. Þuríðarstaðir eiga norðausturmörk að Valþjófsstað og suðvesturmörk að Egilsstöðum. Syðst er Kleif, með norðausturmörk að Egilsstöðum, en afrétturinn Undir Fellum til suðvesturs. Lýsingar landamerkjabréfs Valþjófsstaðar og merkjalýsing Hóla á suðurmerkjum eru orðrétt í samræmi við landamerkjabréf Þuríðarstaða, dags. 6. júní 1885 og þingl. 8. júní 1885, þ.e. „úr Klifaklett við Jökulsá, þaðan bein stefna í vörðu á Selhlíð, þaðan í Grástein, þá sömu stefnu norður svo langt, sem heimaland nær“. Í landamerkjabréfi Þuríðarstaða kemur þannig ekki fram hve langt til vesturs norðausturmerki jarðarinnar nái. Í bókinni *Sveitir og jarðir í Múlasýslu* segir hins vegar að mörkin að ofan miðist við Gilsárvötn. Samkvæmt landamerkjabréfum Egilsstaða og Kleifar, en bæði eru dags. 6. júní 1885 og þingl. 8. júní sama ár, ná jarðirnar vestur að Svartöldu sem er á kortum staðsett suðaustan undir Langavatni. Sama viðmiðun er að vestanverðu í áðurnefndu landamerkjabréfi Þuríðarstaða.

Austurmerki heimalands Valþjófsstaðar liggja í Jökulsá í Fljótsdal, utan við kröfusvæði íslenska ríkisins, og koma ekki til nánari umfjöllunar hér.

Þannig verður ekki ráðið af landamerkjabréfi Valþjófsstaðar hve langt heimaland nær til vesturs og eins og áður sagði eru eldri heimildir misvísandi. Samkvæmt vísitasíu biskups frá 1641 nær heimaland Valþjófsstaðar þannig ekki lengra en að heiðarbrúninni vestan við Jökulsá í Fljótsdal. Þar eru glögg skil frá náttúrunnar hendi með því að land rís hratt úr tæplega 30 metra hæð yfir sjávarmáli og í um 600 m. Samkvæmt eldri heimild sem þó verður ekki talin traust, þ.e. lögfestu Valþjófsstaðar frá 1484, nær heimalandið hins vegar alla leið vestur að Jökulsá. Fleiri heimildir lýsa merkjum alla leið vestur að Jökulsá á Jökuldal en virðast þá almennt gera ráð fyrir að sunnan merkja séu öræfi eða afréttir, auk heimalands Valþjófsstaðar.

Svo sem nánar er rakið í þeim köflum sem hér fara á eftir bera aðrar heimildir með sér að þar sé nánar tiltekið að finna afréttarsvæðin Rana, Undir Fellum og Vesturöræfi. Fær það þannig ekki staðist að heimaland Valþjófsstaðar nái alla leið vestur að Jökulsá á Jökuldal.

Í kafla 6.4.5. er komist að þeirri niðurstöðu að heimildir bendi til þess að afrétturinn Undir Fellum liggi vestan heimalands Valþjófsstaðar, sunnan Bessastaðaár og austan Gilsárvatna. Ofan brúna Valþjófsstaðafjalls er Þverfell (694 m) og vestan þess tekur við mólendi, fjöldi vatna og votlend háslétta í um 600 m hæð yfir sjávarmáli. Þeirra stærst eru Gilsárvötn, þaðan sem Bessastaðaá teygir sig til norðausturs. Landamerkjalýsing hjáleigunnar Hóls miðar norðvesturmerki, gagnvart heimalandi Valþjófsstaðar, við ós Hólmavatns, austan Gilsárvatna en vestan Teigsbjargs, og í landamerkjabréfum Þuríðarstaða, Egilsstaða og Kleifar er miðað við Svartöldu, suðvestan Gilsárvatna. Svartalda er u.þ.b. 15 km í beinni loftlínu frá bæjarstæði Valþjófsstaðar við Jökulsá í Fljótsdal og ós Hólmavatns er u.þ.b. 7 km í beinni loftlínu frá sama stað.

Samkvæmt framangreindu benda fyrirliggjandi gögn til þess að heimaland Valþjófsstaðar og hjáleigan Hóll eigi merki gagnvart afréttarsvæðinu Undir Fellum í ósi Hólmavatns. Heimildir um afmörkun afréttarsvæðisins Undir Fellum, jarðanna Þuríðarstaða, Egilsstaða og Kleifar, og staðhættir á svæðinu austan Gilsárvatna og sunnan Bessastaðaár styðja þetta og benda jafnframt til að merki heimalands Valþjófsstaðar gagnvart afréttinum Undir Fellum að öðru leyti liggi a.m.k. ekki vestar en krafa ríkisins um þjóðlendu miðar við en hún er dregin úr ósi Hólmavatns í stefnu á Svartöldu til suðvesturs og úr sama ósi til norðvesturs í stefnu á merkjavörðu í Miðheiðarhálsi.

Tekið skal fram að hér er ekki tekin afstaða til eignarréttarlegrar stöðu lands á þjóðlendukröfusvæði, sjá kafla 6.4.8.

### 6.4.5. „Undir Fellum“

Hér verður fjallað um afréttarsvæði það, innan merkja Valþjófsstaðarkirkjueignar, sem nefnt er „Undir Fellum“ og liggur á austanverðri Fljótsdalsheiði, vestan heimalands Valþjófsstaðar en austan afréttarsvæðanna Rana og Vesturöræfa. Til norðurs teygir Undir Fellum sig inn fyrir landamerkjabréf Skriðuklausturs, sjá nánar í kafla 6.3, og til suðurs er Vatnajökull.

Í kafla 6.4.3. er rakinn fjöldi heimilda frá 16. öld og síðar sem lýsa rétti Valþjófsstaðar til landsvæðisins á milli Jökulsár á Jökuldal, Jökulsár í Fljótsdal og Vatnajökuls og það þá eftir atvikum kallað öræfi eða afréttarland. Jafnframt er því lýst í kafla 6.4.4. að þær lýsingar norðurmerkja Valþjófsstaðar sem ná alla leið vestur að Jökulsá á Jökuldal geri ráð fyrir að sunnan merkja séu bæði öræfi eða afréttir Valþjófsstaðar og heimaland staðarins.

Elsta heimildin sem fjallar sérstaklega um rétt Valþjófsstaðar til þess hluta Fljótsdalsheiðar sem hér er til umfjöllunar er máldagi Vilchins biskups frá árinu 1397. Þar segir að Valþjófsstað fylgi auk annarra landsvæða „land vnder kleif fram fra ÞuRidarstödum wnder jokla med öllum gædum. wtan skog". Í máldaga Valþjófsstaðarkirkju, sem talinn er frá 1471, segir einnig „að land vnder kleif fram fra þuridarstödum" tilheyri kirkjunni. Ljóst er að Kleifarland er landfræðilega aðskilið frá „heimalandi" Valþjófsstaðar, með því að þar var yfir jörðina Þuríðarstaði að fara, hvort sem jarðirnar Egilsstaðir og Kleif voru þá hlutar hennar eða ekki. Af framsetningu máldaganna má einnig ráða að land undir Kleif telst ekki til heimalands jarðarinnar enda er það talið upp á eftir landsvæðum austan Jökulsár í Fljótsdal sem augljóslega teljast ekki til heimalands Valþjófsstaðar. Þá vekur athygli að sérstaklega er tekið fram 1397 að skógur fylgi ekki þessu eignarhaldi en í vísitasíu 1641 segir fyrst að skógur fylgir landi „ad gömlu hefdar halldi". Lögfesta Valþjófsstaðar frá 1484, sem Árni Magnússon handritasafnari taldi falsbréf, samræmist framangreindum máldaga frá 1471 enda þótt ekki sé skilið jafn glögglega milli heimalands og þess sem þar er kallað Kleifarland. Í máldaga frá árinu 1570 og vísitasíum frá árunum 1641, 1677, 1706, 1779 og 1850 er land undir Kleif tiltekið meðal eigna kirkjunnar með sambærilegum hætti og í eldri máldögunum.

Landið undir Kleif er syðsti hluti þess landsvæðis sem nú kallast Undir Fellum. Það er fyrst tilgreint sérstaklega í sóknarlýsingu Stefáns Árnasonar frá árinu 1840-1841. Þar segir m.a. að Fellnaafréttur sé í kringum Snæfellið og tilheyri Valþjófsstað. Fram kemur að afréttarsvæði kirkjunnar séu brúkuð af Fljótsdælingum einum. Í jarðatali Johnsens frá árinu 1847 segir að Valþjófsstaðarkirkja eigi tvö afréttarlönd milli Jökulsánna í Fljótsdal og á Jökuldal og árlega „brúkuð til skiptis fyrir hérum 1.500 fjár og er þar nokkur grastekja". Vafalaust virðist að hér er átt við afréttarlöndin Undir Fellum og Vesturöræfi. Í skýrslu um eignir Valþjófsstaðar, dags. 12. júní 1867, er afrétt Undir Fellum talin til ítaka kirkjunnar. Þess er næst getið í sóknarlýsingu Péturs Jónssonar, prests á Valþjófsstað, frá árinu 1873 en þar segir að heiðin fyrir innan byggðina sé afréttur og tilheyri sérhvers landstærð. Þar fyrir innan taki við „Fellnaafrétt sem Valþjófstaðarkirkja á. Í hana reka engir vissir búendur, heldur fer það eftir því sem best þykir henta í hvert skipti." Þá segir í sóknarlýsingu Þorvaldar Ásgeirssonar á Hofteigssókn frá árinu 1874 að á sóknarmörkum „liggi saman tvær afréttar, Fellnaafrétt sunnar og Vesturöræfa vestar sem báðar eru eign Valþjófsstaðarkirkju". Einnig segir í gerðabók fasteignamats Norður-Múlasýslu 1916-1918 að afréttarlandið Fell fylgi Valþjófsstað og árið 1954 lýsir biskup Íslands landi undir Kleif, eða Fellnaafrétti, sem ítaki Valþjófsstaðarkirkju.

Yngri heimildir bera einnig með sér að landsvæðið Undir Fellum hefur verið í afréttarnotum jarðeigenda í Fljótsdal undir stjórn sveitarfélagsins fram á þennan dag.

Ekki liggur fyrir lögformleg lýsing á afréttarsvæðinu Undir Fellum. Elsta heimildin um afmörkun þess er tillaga hreppstjóra Fljótsdalshrepps og meðráðamanna

hans um gangnamörk, dags. 18. desember 1864. Þar segir að afrétturinn markist af „Bessastaða á norður að Gilsárvötnum síðan ráða þaug, enn frá þeim beina línu að Aðalbolsveigji þá ræður hann norður að Þorirstaðakvísl síðan hún inn í drag það sem liggur, inn með öldu þeirri sem er inn og suður af þræla hálsi, þaðan beint inni laugarárdrag og svo inn með því að austan beint i gråbergshnúk, þaðan vestur í grjótárdrag, og svo inn alla sanda fyrir austan hnúka, alt að Jökulkvisl þá ræður hún að innan suður að vatni því, er hún fellur úr við Jökulinn, enn þaðan ræður jökullinn að Jökulsá og hún úr því út að agsará." Lýsing á afréttinum í byggðasögunni *Sveitir og jarðir í Múlaþingi,* II. bindi frá árinu 1975, og í bókinni *Göngur og réttir,* V. bindi frá árinu 1987, eru efnislega á sama veg.

Samkvæmt framangreindu benda heimildir til þess að hluti þess landsvæðis sem afmarkað er í landamerkjabréfi Valþjófsstaðarkirkjueignar tilheyri afréttinum Undir Fellum. Afmörkun á aðliggjandi afréttarsvæðum, þ.e. Rana og Vesturöræfum, í heimildum er að meginstefnu til í samræmi við framangreinda lýsingu frá 1864, sbr. þá kafla sem hér fara á eftir. Að norðanverðu afmarkast afréttarsvæði þetta í megindráttum af Bessastaðaá til norðurs, Gilsárvötnum til vesturs og heimalandi Valþjófsstaðar, Þuríðarstöðum, Egilsstöðum og Kleif til austurs. Þess skal getið hér að í kröfugerð Fljótsdalshrepps um afréttarnýtingu að viðurkenndum beinum eignarrétti Valþjófsstaðar, Undir Fellum ásamt Vesturöræfum og Rana utan lands Skriðuklausturs er ekki greint á milli afréttanna þriggja með sérstökum merkjalýsingum. Að því er varðar afmörkun heildarsvæðisins til norðausturs, þ.e. á milli merkja við Skriðuklaustursland og Jökulsár í Fljótsdal, er miðað við fjallsbrún, farið inn með brúninni, síðan aftur inn á heiðina og með landamerkjum jarða í Norðurdal að Öxará.

Um nánari afmörkun á heimalandi Valþjófsstaðar, og þar með norðanverð austurmerki Undir Fellum, er fjallað í kafla 6.4.4. og komist að þeirri niðurstöðu að merki heimalands Valþjófsstaðar gagnvart afréttinum Undir Fellum liggi a.m.k. ekki vestar en krafa ríkisins um þjóðlendu miðar við en hún er dregin úr ósi Hólmavatns í stefnu á Svartöldu til suðvesturs og úr sama ósi til norðvesturs í stefnu á merkjavörðu í Miðheiðarhálsi.

Tekið skal fram að hér er ekki tekin afstaða til eignarréttarlegrar stöðu lands Undir Fellum, sjá kafla 6.4.8.

### 6.4.6. „Rani"

Hér verður fjallað um afréttarsvæði það innan merkja Valþjófsstaðarkirkjueignar sem nefnt er „Rani" og liggur á miðri Fljótsdalsheiði. Austan þess er afréttarsvæðið Undir Fellum og vestan megin eru jarðirnar Vaðbrekka, Aðalból og afréttarsvæðið Vesturöræfi þegar sunnar dregur. Til norðurs teygir Rani sig inn fyrir landamerkjabréf Skriðuklausturs, sjá nánar í kafla 6.3.

Í kafla 6.4.3. er rakinn fjöldi heimilda frá 16. öld og síðar sem lýsa rétti Valþjófsstaðar til landsvæðisins á milli Jökulsár á Jökuldal, Jökulsár í Fljótsdal og Vatnajökuls og það þá eftir atvikum kallað öræfi eða afréttarland. Jafnframt er því lýst í kafla 6.4.4. að þær lýsingar norðurmerkja Valþjófsstaðar sem ná alla leið vestur að Jökulsá á Jökuldal geri ráð fyrir að sunnan merkja séu bæði öræfi eða afréttir Valþjófsstaðar og heimaland staðarins.

„Ranaafréttar" er fyrst sérstaklega getið í vitnisburði, dags. 18. mars 1679. Segir þar að afrétturinn tilheyri Skriðuklaustri en hafi verið „afriett allra fliótsdalsmanna". Í lögfestu Valþjófsstaðar frá 1840 fyrirbýður séra Stefán Árnason upprekstur fjár á „Rana Afrétt og Fliotsdals heidi sem liggr fyrir framan [...] Landa merki millum Skriduklausturs og Valþiófsstadar", nema með hans leyfi eða samþykki eða ábúanda Skriðuklausturs. Í sóknarlýsingu séra Stefáns frá árinu 1840-1841 segir að Ranaafréttur tilheyri Skriðuklaustri en sé brúkaður af Fljótsdælingum einum. Í sóknarlýsingu Hofteigssóknar frá 1874 segir að Fljótsdælingar og Fellnamenn hafi átt upprekstur fyrir norðan Miðheiði (Fljótsdalsheiði), einkum á Ranaafrétt og tilheyri Skriðuklaustri og Valþjófsstað. Einnig segir í gerðabók fasteignamats frá 1916–1918 að Valþjófsstað fylgi 1/3 hluti Rana og árið 1954 lýsir biskup Íslands þriðjungi af Ranaafrétt sem ítaki Valþjófsstaðarkirkju. Yngri heimildir bera einnig með sér að Rani hefur verið í afréttarnotum jarðeigenda í Fljótsdal undir stjórn sveitarfélagsins fram á þennan dag.

Ekki liggur fyrir lögformleg afmörkun á afréttarsvæðinu Rana. Örnefnið *Rani* virðist fyrst hafa verið notað um það svæði sem liggur milli Eyvindarfjalla og Hölknár, sbr. framangreindan vitnisburð frá 1679. Síðar var farið að nota það yfir mun stærra svæði. Þannig segir í tillögu hreppstjóra Fljótsdalshrepps og meðráðamanna hans um gangnamörk, dags. 18. desember 1864, að afrétturinn markist af Eiríksstaðavegi „norður að Eivindará að austan frá Eyrikstaðaveigi innað Gilsárvötnum og þaug ráði svo beint inn að Aðalbólsveigji síðan ræður hann norður að Þórirstaðakvísl, - þá ræður hún innað drægi því sem liggur innog suður af þrælahálsi, og þaðan beint innað laugarárdrægi, og með því að norðan beina leið í grábergshnúk, þaðan norður í höltná og ræður hún úr því útí Jökulsá". Í sóknarlýsingu Hofteigsprestakalls frá 1874 segir að Ranaafréttur hafi „á fáum árum orðið óbyggt land sem náði yfir þvera Fljótsdalsheiði ofan á móts við Eiríksstaði". Yngri lýsingar á afréttinum er meðal annars að finna í bókinni *Göngur og réttir*, V. bindi frá árinu 1987, og byggðasögunni *Sveitir og jarðir í Múlaþingi,* II. bindi frá árinu 1975. Þær eru að meginstefnu í samræmi við afréttarlýsingu hreppstjórans.

Samkvæmt framangreindu benda heimildir til þess að hluti þess landsvæðis sem afmarkað er í landamerkjabréfi Valþjófsstaðarkirkjueignar tilheyri afréttinum Rana. Afmörkun á aðliggjandi afréttarsvæðum, þ.e. Undir Fellum og Vesturöræfum, í heimildum er að meginstefnu til í samræmi við framangreinda lýsingu frá 1864, sbr. kafla 6.4.5 og 6.4.7, enda þótt um nokkra skörun sé að ræða. Að norðvestanverðu,

gagnvart jörðunum Aðalbóli og Vaðbrekku, afmarkast afréttarsvæði þetta óumdeilt af Hölkná.

Tekið skal fram að hér er ekki tekin afstaða til eignarréttarlegrar stöðu Rana, sjá kafla 6.4.8.

### 6.4.7. Vesturöræfi

Hér verður fjallað um afréttarsvæði það, innan merkja Valþjófsstaðarkirkjueignar, sem nefnt er Vesturöræfi og liggur á vestanverðri Fljótsdalsheiði, sunnan jarðarinnar Aðalbóls. Til vesturs er Jökulsá á Jökuldal, til austurs afréttarsvæðið Rani og Undir Fellum þegar sunnar dregur. Til suðurs er Vatnajökull.

Í kafla 6.4.3. er rakinn fjöldi heimilda frá 16. öld og síðar sem lýsa rétti Valþjófsstaðar til landsvæðisins á milli Jökulsár á Jökuldal, Jökulsár í Fljótsdal og Vatnajökuls og það þá eftir atvikum kallað öræfi eða afréttarland. Jafnframt er því lýst í kafla 6.4.4. að þær lýsingar norðurmerkja Valþjófsstaðar sem ná alla leið vestur að Jökulsá á Jökuldal geri ráð fyrir að sunnan merkja séu bæði öræfi eða afréttir Valþjófsstaðar og heimaland staðarins.

Elsta heimildin sem fjallar sérstaklega um rétt Valþjófsstaðar til þess hluta Fljótsdalsheiðar sem hér er til umfjöllunar er vitnisburður frá 1491. Þar og í mörgum síðari heimildum er greint frá því að eigendur Valþjófsstaðar hafi leyft eigendum Skriðu lambaupprekstur á Maríutungur gegn torfskurði í Skriðu. Maríutungur eru staðsettar innst á því landsvæði sem nú er nefnt Vesturöræfi. Það nafn virðist fyrst koma fyrir í byggingarbréfi Jóns Andréssonar fyrir Vaðbrekku sem Valþjófsstaðarprestur gaf út 24. september 1824. Þar er áskilið að hann ásamt bóndanum á Aðalbóli leiti grenja, fyrir utan þau sem vera kynnu og verða í þeirra ábýlislöndum, á svokölluðum Vesturöræfum. Fyndust grenlægjur átti að tilkynna það viðkomandi hreppstjóra eða sjá um, á kostnað hreppsins, að grenin yrðu unnin. Næst er getið um Vesturöræfi í sóknarlýsingu Stefáns Árnasonar frá árinu 1840–1841. Segir þar að afrétturinn Vesturöræfi tilheyri Valþjófsstað og sé brúkaður af Fljótsdælingum einum. Í jarðatali Johnsens frá árinu 1847 kemur fram að Valþjófsstaðarkirkja eigi tvö afréttarlönd milli Jökulsánna í Fljótsdal og á Jökuldal og árlega „brúkuð til skiptis fyrir hérum 1.500 fjár og er þar nokkur grastekja“. Öruggt má telja að hér sé átt við afréttina Undir Fellum og Vesturöræfi. Í skýrslu um eignir Valþjófsstaðar, dags. 12. júní 1867, er Vesturöræfa getið meðal ítaka kirkjunnar. Í sóknarlýsingu Hofteigsstaðaprestakalls frá 1874, sem áður er nefnd, segir að afrétturinn Vesturöræfi sé í eign Valþjófsstaðar. Loks kemur fram í gerðabók fasteignamats Norður-Múlasýslu 1916–1918 að afréttarlandið Vesturöræfi fylgi Valþjófsstað. Yngri heimildir bera einnig með sér að Vesturöræfi hafi verið í afréttarnotum jarða í Fljótsdal auk Vaðbrekku og Aðalbóls í Hrafnkelsdal, undir stjórn sveitarfélagsins fram á þennan dag.

Ekki liggur fyrir lögformleg afmörkun á afréttarsvæðinu Vesturöræfum. Í sóknarlýsingu Valþjófsstaðar 1840–1841 segir að Vesturöræfi gangi fram af Hrafnkelsdal. Í sóknarlýsingu Þorvaldar Ásgeirssonar á Hofsteigsprestakalli 1874 eru gangnamörk Fellnaafréttar og Vesturöræfa sögð vera Miðheiðarháls „suðvestur á Grjótárhnjúka, þaðan sömu stefnu í Sauðárhnjúk, þaðan í Fitjahnjúk og þaðan í Vatnajökulsbrún“. Fyrsta heildstæða afmörkunin á Vesturöræfum kemur fram í bókinni *Göngur og réttir* V frá árinu 1987 og er hún á þessa leið:

> [...] frá Hnitarsporði við Jökulsá á Dal um Búrfell utanvert, þvert yfir Hrafnkelsdal inni undir Tungusporði, um Kálfafell að Hölkná. Að austan eru þau mörkuð af Rananum svo langt inn, sem hann tekur, en þar fyrir innan af innri hluta afréttarinnar „Undir Fellum“, sem einnig liggur að Rananum að austan.
>
> Að vestan afmarkast Vesturöræfi af Jökulsá á Dal frá Hnitarsporði til upptaka hennar undan Brúarjökli.

Í sömu bók lýsir Aðalsteinn Aðalsteinsson austurmörkum Vesturöræfa með nákvæmari hætti og segir þau vera „austan af Hölkná, Snæfelli, Þjófahnúkum og Litla-Snæfelli sem er innsti hnúkurinn í röðinni inn frá Snæfelli. Þá er Vatnajökull suðurmörk“. Í kröfugerð ábúenda Aðalbóls og eiganda Vaðbrekku vegna Vesturöræfa eru mörkin sögð „upp með Hölkná allt að upptökum í Snæfelli, og inn að jökli. Í varakröfu Valþjófsstaðar eru mörkin hins vegar tilgreind frá Maríutungum á móts við Hátungu, þaðan í Snæfell og þaðan í Þrælaháls“.

Samkvæmt framangreindu benda heimildir til þess að hluti þess landsvæðis sem afmarkað er í landamerkjabréfi Valþjófsstaðarkirkjueignar tilheyri afréttinum Vesturöræfum. Austurmörk Vesturöræfa skarast við aðliggjandi afréttarsvæði, sbr. heimildir, framangreinda kröfugerð málsaðila og umfjöllun um Rana og Undir Fellum. Norðurmörk gagnvart jörðinni Aðalbóli liggja hins vegar óumdeilt frá Jökulsá á Jökuldal um Búrfell utanvert, þvert yfir Hrafnkelsdal inni undir Tungusporði, um Kálfafell að Hölkná. Er þá miðað við farveg Jökulsár á Jökuldal eins og hann var fyrir gerð Hálslóns og stíflna Kárahnjúkavirkjunar. Af hálfu íslenska ríkisins er afmörkun þjóðlendukröfusvæðis gagnvart eignarlandi Aðalbóls þó miðuð við þá kvísl Hölknár sem rennur vestar og nær Kálffelli, en ekki meginána nokkru austar, svo sem aðrir málsaðilar gera.

Tekið skal fram að hér er ekki tekin afstaða til eignarréttarlegrar stöðu Vesturöræfa, sjá kafla 6.4.8.

### 6.4.8. Niðurstaða

Í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882 var gerð „Landamerkjalýsing Valþjófsstaðarkirkjueignar, þ.e. heimastaðarins og undirliggjandi jarða með Hrafnkelsdal og öræfum öllum“. Skjalið var þinglesið 8. júní 1885 og innfært í

landamerkjabók sýslumanns. Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir þeirri niðurstöðu Hæstaréttar að landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða en hins vegar verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega, sjá nánar í kafla 6.1.1. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað einhliða aukið við land sitt eða annan rétt. Frá upphafi Íslandsbyggðar helguðu menn sér ekki eingöngu ákveðin landsvæði, sem voru háð beinum eignarrétti, heldur einnig ítök, afrétti og öll önnur réttindi sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra. Meðan landsvæði gaf eitthvað af sér lágu hagsmunir til þess að halda við merkjum réttindanna, hvers eðlis sem þau voru. Ber um þetta efni sérstaklega að vísa til dóms Hæstaréttar 5. október 2006 í máli nr. 67/2006.

Af heimildum er ljóst að afréttarsvæðin Undir Fellum, Rani og Vesturöræfi taka við þar sem „heimalandi“ sleppir. Þegar þeirra er getið í skriflegum heimildum er það fyrst og fremst tengt upprekstri og afréttarnotum. Gerður er greinarmunur á þeim og heimalandi með því að þau eru jafnan tiltekin sérstaklega og þess getið að Valþjófsstaður eigi þar afrétt, hlunnindi eða ítak. Umfjöllun um þau bendir þannig til að um sé að ræða kirkjuafrétt í þeim skilningi að Valþjófsstaðarkirkja hafi átt þar óbein eignarréttindi, sbr. m.a. lögfestu kirkjunnar frá 1794 og landamerkjabréf frá 1885.

Engin gögn liggja fyrir um að fyrir gildistöku þjóðlendulaga hafi þessi landsvæði nokkurn tíma verið nýtt til annars en sumarbeitar og e.t.v. annarra takmarkaðra nota. Staðhættir og fjarlægð frá byggð styðja þá niðurstöðu en landsvæðið liggur í um 600 m hæð yfir sjávarmáli og rís hæst við Snæfell í 1833 m. Fjallskil hafa verið á hendi sveitarfélags, landsvæðið er ekki afgirt og þangað hefur búfénaður leitað frá öðrum jörðum án hindrana. Svör hreppstjóra Fljótsdalshrepps og Jökuldalshrepps frá árinu 1920 við fyrirspurn sýslumanns Múlasýslu samrýmast þessu.

Að því er varðar greiðslu felligjalda hreindýra til eiganda Valþjófsstaðar telur óbyggðanefnd að slíkar greiðslur séu í samræmi við þann rétt sem afréttareign veitir. Um hreindýraveiðar er fjallað sérstaklega í 14. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994. Meginreglu laganna er hins vegar að finna í 8. gr. þar sem segir að öllum íslenskum ríkisborgurum, svo og erlendum ríkisborgurum með lögheimili hér á landi, séu dýraveiðar heimilar í almenningum og á afréttum utan landareigna lögbýla „enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra“. Með setningu laga nr. 64/1994, sbr. áður lög nr. 63/1954 um fuglaveiðar og fuglafriðun, voru reglur um dýraveiðar á afréttum rýmkaðar frá því sem áður gilti. Réttur sem áður var bundinn við þá sem afréttur heyrði til, sbr. tilskipun um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849, náði nú til mun stærri hóps. Fyrirvari 8. gr. um sönnuð eignarréttindi, sbr. einnig lög nr. 63/1954 áður, tekur mið af þeirri óvissu um eignarréttarlega stöðu afrétta og almenninga sem fyrir hendi var á þeim tíma. Eftir gildistöku þjóðlendulaga hefur sú staða verið að skýrast, með þeim dómum og

úrskurðum sem fyrir liggja. Ljóst er orðið að til eru þjóðlendur þar sem sérstaklega hefur verið sýnt fram á „afréttareign“ einnar eða fleiri jarða.

Ákvæði 14. gr. um hreindýraveiðar er þannig undantekning frá meginreglunni með því að um hreindýraveiðar fer eftir sérstökum reglum. Þar gildir m.a. reglugerð um skiptingu arðs af hreindýraveiðum, nr. 487/2003. Í henni kemur hugtakið afréttur hvergi fyrir og einungis fjallað um jarðir í því sambandi. Óbyggðanefnd telur að ákvæði reglugerðarinnar beri að skýra með hliðsjón af 8. gr. laga nr. 64/1994, forsögu þess og þeirra úrlausna á grundvelli þjóðlendulaga sem nú liggja fyrir. Telja verður að þau tilvik þegar sérstaklega hefur verið sýnt fram á „afréttareign“ einnar eða fleiri jarða í þjóðlendu falli undir áðurnefndan fyrirvara 8. gr. Þar tilheyri því veiðirétturinn þeim sem afréttur heyrir til. Af framangreindu leiðir að í afréttareigninni felst réttur til arðs af hreindýraveiðum á viðkomandi landi. Um afrétti heilla sveitarfélaga, eða svokallaða samnotaafrétti, liggur hins vegar til grundvallar að nýting hefur snemma verið heimiluð með lögum og stýrt af opinberum aðilum. Framangreindri rýmkun á veiðirétti sýnist einmitt ætlað að ná til þeirra.

Ekkert liggur fyrir um hvernig Valþjófsstaður er kominn að rétti til þeirra landsvæða sem hér hefur verið fjallað um. Óbyggðanefnd telur hvorki hægt að útiloka að þau séu að einhverju leyti innan upphaflegs landnáms né að þau hafi upphaflega verið samnotaafréttir jarða á svæðinu en síðar komist undir Valþjófsstað. Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en réttur til umræddra afréttarsvæða hafi orðið til á þann veg að þau hafi verið tekin til sumarbeitar fyrir búpening og ef til vill annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur sem sveitarstjórnum var falið að annast framkvæmd á.

Samkvæmt framangreindu er það niðurstaða óbyggðanefndar að land innan lýsingar í landamerkjabréfi Valþjófsstaðarkirkjueignar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu, heimalandið eignarland en umrædd þrjú afréttarsvæði þjóðlenda, í afréttareign Valþjófsstaðar. Þar sem afréttareignin tilheyrir Valþjófsstað í öllum tilvikum er ekki þörf á að afmarka afréttarsvæðin innbyrðis. Að því er varðar afréttarnýtingu annarra jarða á þessum sömu svæðum verður að skilja málatilbúnað Fljótsdalshrepps þannig að litið sé svo á að þau séu í eigu Valþjófsstaðar að því leyti sem þau eru þar innan merkja. Hið sama gildir um kröfur eiganda Vaðbrekku og ábúenda Aðalbóls að því er varðar Vesturöræfi. Afréttarnýting annarra jarða hafi þannig farið fram í skjóli eignarréttinda Valþjófsstaðar og með samkomulagi aðila. Með hliðsjón af framangreindri niðurstöðu um afréttareign Valþjófsstaðar verður ekki talið að þessar kröfur þarfnist frekari umfjöllunar.

Eftir er þá að leysa úr því hver séu mörk eignarlands og þjóðlendu. Eins og áður var rakið er mörkum „heimalands“ Valþjófsstaðarkirkjueignar gagnvart afréttarlandi jarðarinnar ekki nákvæmlega lýst í heimildum. Með hliðsjón af merkjalýsingum Valþjófsstaðar, afréttarlýsingum og staðháttum telur óbyggðanefnd þó ljóst að þau liggi ekki vestar en þjóðlendukröfulína íslenska ríkisins. Með hliðsjón

af dómum Hæstaréttar frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 og 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 getur ekki komið til álita hvort þau liggi austar. Verður því kröfulína íslenska ríkisins lögð til grundvallar um mörk eignarlands og þjóðlendu.

Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið fjallað um og talið þjóðlenda í afréttareign eigenda Valþjófsstaðar eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitarsvæði taka þó breytingum auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði [...] sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998. Að því leyti sem þetta landsvæði liggur að jökli telur óbyggðanefnd ljóst að ákvarða þurfi mörk þess til frambúðar, sbr. b-lið 7. gr. l. nr. 58/1998. Með hliðsjón af því að hér er um einhliða ákvörðun afréttarmarka að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands telur óbyggðanefnd þó fullnægjandi að miða einfaldlega og án nánari afmörkunar við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna. Ekki verður séð að frekari rannsókn á þessu atriði hafi hagnýta þýðingu í þessu sambandi enda er eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðast af gróðurfari og hefur ekki þýðingu í öðru sambandi.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu eiganda Valþjófsstaðar að afréttarsvæðin Vesturöræfi, Rani og Undir Fellum, þ.e. land á þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins innan landamerkja „Valþjófsstaðar-kirkjueignar“, sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttað hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að framangreint svæði sé þjóðlenda.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Vesturöræfi ásamt þeim hlutum Rana og Undir Fellum sem eru innan merkja „Valþjófsstaðarkirkjueignar“, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Að vestan ræður hinn forni farvegur Jökulsár á Jökuldal þar til kemur að suðurmörkum Aðalbóls, þ.e. línu sem dregin er yfir Búrfell utanvert, þvert yfir Hrafnkelsdal inni undir Tungusporði, um Kálfafell í Hölkná. Ræður sú á merkjum þar til hún kemur niður í Jökulsá á Jökuldal. Frá þeim stað er dregin lína í suðaustur að stórum steini sem stendur utan til á ytra Eyvindarfjalli. Þaðan er dregin lína til austurs, í stefnu á merkigarð við Jökulsá, og fer hún saman við kröfulínu gagnaðila ríkisins í máli þessu. Þar sem lína þessi sker línu sem dregin úr ósi Hólmavatns í innri merkjavörðu í Miðheiðarhálsi er hornmark. Frá því hornmarki er dregin lína í ós Hólmavatns og að Svartöldu austan Langavatns. Þaðan er farið í Axará og henni fylgt austur í Jökulsá í Fljótsdal sem ræður merkjum þar til komið er að upptökum hennar í Vatnajökli. Þaðan ræður jökuljaðarinn þar til komið er að upptökum*

*Jökulsár á Jökuldal. Að því leyti sem fylgt er jökuljaðri er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.*

Sama landsvæði er í afréttareign eiganda Valþjófsstaðar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Hluti þess svæðis sem hér hefur verið lýst þjóðlenda og í afréttareign Valþjófsstaðar er háður sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. náttúruminjaskrá og auglýsingu nr. 181/2003.

## 6.5. Múli (Glúmsstaðir, Glúmsstaðasel og Þorgerðarstaðir)

### 6.5.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig hafa verið gerðar kröfur til sem eignarlands Glúmsstaðasels, Glúmsstaða og Þorgerðarstaða, í aðskildum hlutum, og jafnframt, að hluta,sem afnotasvæðis Glúmsstaðasels og jarða í Fljótsdal.

Nánar tiltekið hefur íslenska ríkið gert þjóðlendukröfu til þess lands sem liggur sunnan við línu sem dregin er frá ármótum Kelduár og Innri-Sauðár (punktur 5) á móti Grasnesi, þaðan beint yfir Tungná og í Þverfell (6), síðan í Stórahnjúk (7) og þaðan í Ytri-Sníkilsá við 400 m hæðarlínu (8), síðan í ármótin við Jökulsá (9), sbr. kafla 3.1.1. Á móti hafa þinglýstir eigendur Glúmsstaðasels og Glúmsstaða gert kröfu um beinan eignarrétt að vestari hluta svæðisins, hinir fyrrnefndu að norðanverðu og hinir síðarnefndu að sunnanverðu, og eigendur Þorgerðarstaða gert aðalkröfu um beinan eignarrétt að eystri hluta þess. Varakröfulína vegna Þorgerðarstaða í því sambandi liggur norðar en aðalkröfulína. Þá krefjast eigendur Glúmsstaða og Þorgerðarstaða þess til vara að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur þeirra að þeim hlutum umræddra landsvæða sem úrskurðaðir kunni að verða þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ.á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Einnig hefur eigandi Glúmsstaðasels gert kröfu um að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur hans á „landi á Múlanum fyrir sunnan Glúmsstaðasel“ sem kunni að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ.á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum. Loks er þess krafist af hálfu Fljótsdalshrepps að viðurkenndur verði réttur jarða í Fljótsdals til afréttarnýtingar lands á Múla, bæði að vestan- og austanverðu, þ.á m. upprekstrar- og beitarréttar ásamt veiði í vötnum. Kröfum þessum er nánar lýst í köflum 3.8.-3.11.

Landsvæði það sem hér um ræðir er háslétta í um 650 m hæð yfir sjávarmáli en syðst mætir land jökli í um 900 m hæð. Til vesturs er afréttarlandið Undir Fellum og til norðurs liggur óumdeilt eignarland jarðanna Þorgerðarstaða, Glúmsstaðasels og Glúmsstaða. Fyrstnefnda jörðin er við Kelduá en hinar tvær við Jökulsá í Fljótsdal.

Þessar ár renna saman framan við nyrsta hluta þess sem nefnt hefur verið Múli, norðan og utan við þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins. Til austurs eru Suðurfell (Kiðufell) en Vatnajökull til suðurs. Frá ármótum Jökulsár í Fljótsdal og Ytri-Sníkilsár og suður í jökul eru u.þ.b. 26 km í beinni loftlínu.

Nær samfelld gróðurþekja er allt frá byggð og dölum inn á hálendi að jöklum. Uppblástur er óvíða að finna nema á hæstu ásum og öldum. Á Eyjabökkum, inn undir Vatnajökli, eru flóar og mýrar en einnig þurrlendisgróður með mólendi þar sem hallar að árfarvegum. Eyjabakkasléttan er í um 650 m hæð yfir sjávarmáli.

Gera má ráð fyrir að við landnám hafi jarðvegs- og gróðurþekja á þessu svæði náð talsvert hærra yfir sjó en síðar varð, jafnvel svo að nemi 100–200 metrum. Fullvíst má telja að víða hafi land blásið upp og gróður eyðst frá landnámi auk svæða sem farið hafa undir jökul. Leiddar hafa verið að því líkur að drjúgur hluti hins svokallaða Hrauns hafi fyrstu aldir eftir landnám verið þakinn jarðvegi og samfelldum gróðri í allt að 800 m hæð.

### 6.5.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(6), er því haldið fram að af frásögnum *Landnámu* verði ekki ráðið að landsvæði þetta hafi verið numið. Eftir landnám hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalausum svæðum fjölgað með tímanum. Byggt er á því að almenningar, eins og þeir hafi verið skilgreindir fyrir gildistöku þjóðlendulaga, hafi verið það sem nú heitir þjóðlenda. Byggt er á landamerkjalýsingum Þorgerðarstaða og Glúmsstaðasels að því er varðar afmörkun Múla til norðurs. Austurmörk svæðisins séu við Kelduá og miðað við landnámsheimildir sé vart hægt að telja að Kelduá liggi að heimalandi nema þar sem Þorgerðarstaðadalur endi og öræfin taka við. Vísað er til fyrirkomulags gangna og þess að á svæðinu séu gerð hefðbundin fjallskil.

Af hálfu eigenda Glúmsstaða, sbr. skjöl nr. 5, 5(3) og 5(5), er því haldið fram að Glúmsstaðir hafi verið innan landnáms Brynjólfs hins gamla. Því er mótmælt að óljósar lýsingar *Landnámu* verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðarinnar verði dregin í efa. Glúmsstaðir séu önnur tveggja jarða í Fljótsdal sem aldrei hafi komist í eigu kirkjustofnana og land jarðarinnar hafi náð allt til Vatnajökuls í suðri. Glúmsstaðaseli hafi verið skipt úr landi Glúmsstaða og myndi því eins konar eyland í hinu forna landi Glúmsstaða en sérstakt landamerkjabréf hafi ekki verið gert fyrir landinu sunnan Glúmsstaðasels. Einnig er vísað til sýslu- og sóknarlýsingar frá 1840–1841 og síðar um að Glúmsstaðir eigi afréttarland á Múlanum fast fram að jökli. Eigendur Glúmsstaða hafi frá öndverðu séð um fjallskil af Múlanum. Eignarréttur landeiganda njóti verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. viðauka 1. gr. laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu. Ekki megi leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta henni, sbr. meðalhófsreglu stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Þannig verði landeiganda ekki gert að

sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Landamerkjabréf sé oftast eina gagnið sem landeigendur hafi undir höndum sem sanni beinan eignarrétt þeirra. Þá er vísað til hefðar enda hafi landeigendur byggt landið og nýtt, langt umfram óskertan hefðartíma. Eigendur Glúmsstaða hafi fengið greidd felligjöld af hreindýrum sem felld hafi verið á landi sem þjóðlendukröfur hafi verið gerðar í. Slík gjöld skuli greidd ábúanda eða umráðamanni jarðar skv. lögum nr. 64/1994 og reglugerð nr. 487/2003. Með því, sem og öðrum athöfnum sínum áratugum og jafnvel öldum saman, hafi ríkið vakið hjá eigendum jarðarinnar réttmætar væntingar til þess að landið sé undirorpið beinum eignarrétti. Loks er byggt á svarbréfi hreppstjóra Fljótsdalshrepps til sýslumanns Norður-Múlasýslu, dags. 20. maí 1920, um að í hreppnum væri ekki að finna neina almenninga eða afréttarland sem ekki sannanlega tilheyrði einhverju býli.

Af hálfu eigenda Glúmsstaðasels, sbr. skjöl nr. 5(5), 6 og 6(3), er vísað til landamerkjabréfs Glúmsstaðasels frá 1885. Jörðin sé byggð út úr landi Glúmsstaða og innan landnáms á þessu svæði. Því er mótmælt að óljósar lýsingar *Landnámu* verði til þess að fumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðarinnar verði dregnar í efa. Byggt sé á eignarheimildum sem eigi grundvöll í landamerkjalögum og landeigandi hafi athugasemdalausa og þinglýsta eignarheimild fyrir landi sínu. Samkvæmt landamerkjalögum sé opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar að formi og efni. Það styðji þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðar verði ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin hvíli þannig á íslenska ríkinu, sbr. einnig meðalhófsreglu stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Eignarréttur landeiganda njóti verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. viðauka 1. gr. laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu. Einnig er byggt á því að íslenska ríkið hafi margsinnis beint og óbeint viðurkennt fullkominn eignarrétt innan lýstra merkja. Eigendur jarðarinnar hafi því í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að landið væri undirorpið fullkomnum eignarrétti. Einnig er vísað til hefðar. Loks er byggt á svarbréfi hreppstjóra Fljótsdalshrepps til sýslumanns Norður-Múlasýslu, dags. 20. maí 1920, um að í hreppnum væri ekki að finna neina almenninga eða afréttarland sem ekki sannanlega tilheyrði einhverju býli.

Af hálfu eigenda Þorgerðarstaða, sbr. skjöl nr. 9, 9(6), og 5(5), er því haldið fram að Þorgerðarstaðir hafi verið innan landnáms Brynjólfs hins gamla. Því er mótmælt að óljósar lýsingar *Landnámu* verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðarinnar verði dregin í efa. Til stuðnings aðalkröfu, um eignarland suður að Vatnajökli, er vísað til handrits er ber heitið „Uppteiknan yfir Valþjófsstaðakirkjueignir og ítök“ frá 19. öld. Þar segi svo um afréttarland kirkjunnar fyrir sunnan Þorgerðarstaði: „Múlaland allt að austanverðu frá Tunguá á móts við Grasanes, eður fram til jökla.“ Það bendi til beins eignarréttar á Múlanum allt suður til jökla að ábúendur Þorgerðarstaða hafi frá öndverðu séð um fjallskil þar á móti

Glúmsstaðabændum. Til stuðnings varakröfu er vísað til þess að frá öndverðu hafi lög kveðið á um merkjagerð í það minnsta við aðilaskipti. Samkvæmt landamerkjalögum sé opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar að formi og efni. Það styðji þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðar verði ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Byggt er á landamerkjabréfi Þorgerðarstaða, dags. 8. júní 1885 og þingl. 8. júní 1885. Sönnunarbyrðin hvíli þannig á íslenska ríkinu, sbr. einnig meðalhófsreglu stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Eignarréttur landeiganda njóti verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. viðauka 1. gr. laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu. Ekki megi leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta henni, sbr. meðalhófsreglu stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Þannig verði landeiganda ekki gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Landamerkjabréf sé oftast eina gagnið sem landeigendur hafi undir höndum sem sanni beinan eignarrétt þeirra. Einnig er byggt á því að íslenska ríkið hafi margsinnis beint og óbeint viðurkennt fullkominn eignarrétt innan lýstra merkja. Jörðin hafi verið kirkjujörð þar til hún komst í einkaeigu 1930 og réttur innan merkja samkvæmt landamerkjabréfi hafi þá verið framseldur án þess að getið væri um annað en um fullkomna eign væri að ræða. Eigendur jarðarinnar hafi því í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að landið væri undirorpið fullkomnum eignarrétti. Einnig er vísað til hefðar enda hafi landið verið byggt og nýtt langt umfram tilskilinn hefðartíma. Loks er byggt á svarbréfi hreppstjóra Fljótsdalshrepps til sýslumanns Norður-Múlasýslu, dags. 20. maí 1920, um að í hreppnum væri ekki að finna neina almenninga eða afréttarland sem ekki sannanlega tilheyrði einhverju býli.

Af hálfu Fljótsdalshrepps, sbr. skjöl nr. 15, 15(3) og 5(5), er vísað til vitnisburðar Gizurar Helgasonar frá 31. maí 1552 um ítölu í Staðaröræfi frá Valþjófsstöðum. Þar komi fram að enginn hafi rekið pening fram af Seljadal (Þorgerðarstaðadal) utan leyfis Valþjófsstaðar. Þorgerðarstaðir hafi þá verið í eigu Valþjófsstaðar. Að því er varðar afréttarnýtingu Múlalandsins upp af Glúmsstöðum er vísað til matsgagna frá 1849 vegna jarðamats. Þar komi fram að jörðin geti miðlað öðrum afrétt fyrir 400 fjár. Í matsgögnum fyrir jarðamat 1916 komi einnig fram að jörðin hafi tekjur af upprekstri. Þá sé afréttarnýting Fljótsdælinga í Múlanum í öllu falli venjuhelguð, sbr. m.a. umfjöllun í bókinni *Göngur og réttir*. Fljótsdælingar taki þátt í leitum þar. Afréttarnýting Fljótsdælinga á Múlanum séu eignarréttindi og njóti sem slík verndar 72. gr. stjskr., sbr. einnig 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1992 um mannréttindasáttmála Evrópu. Loks er vísað til þess að málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd lúti ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu 12. gr. laganna sé óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á eigendur réttinda að þeim sé ómögulegt að mæta þeim. Loks er byggt á svarbréfi hreppstjóra Fljótsdalshrepps til sýslumanns Norður-Múlasýslu, dags. 20. maí 1920,

um að í hreppnum væri ekki að finna neina almenninga eða afréttarland sem ekki sannanlega tilheyrði einhverju býli.

### 6.5.3. Niðurstaða

Í köflum 5.4., 5.5. og 5.6. hér að framan eru rakin þau gögn málsins sem fjalla um Glúmsstaði, Glúmsstaðasel, Þorgerðarstaði og Múla, sjá einnig kafla 5.9. um afréttanot almennt. Gögn þessi eru afrakstur af framlögðum skjölum málsaðila, skýrslutökum við aðalmeðferð málsins og kerfisbundinni leit á vegum óbyggðanefndar að frumheimildum um merki, ráðstafanir að eignarrétti og nýtingu þessa landsvæðis.[212] Af þeim er ótvírætt að við gildistöku þjóðlendulaga hefur Múli talist til afrétta samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að þeim tíma.[213] Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. þjóðlendulaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar.

Kemur þá fyrst til athugunar hvað ráðið verður af þessum heimildum um afmörkun Múlaafréttar. Að því loknu verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins.

Ekki var gert landamerkjabréf fyrir Múla eftir setningu landamerkjalaga, nr. 5/1882. Afmörkun landsvæðisins verður helst ráðin af landamerkjabréfum jarðanna Glúmsstaðasels, Glúmsstaða og Þorgerðarstaða, almennum afréttalýsingum, svo sem tillögum hreppstjóra Fljótsdalshrepps að gangnamörkum 1864, og bókinni *Göngur og réttir* V frá árinu 1987 auk heimilda um afmörkun Suðurfells eins og því er lýst í heimildum um Valþjófsstaðarkirkju.

Verður þá fyrst litið til vesturmerkja Múla þar sem afréttarlandið „Undir Fellum“ liggur á móti, sbr. kafla 6.3. Samkvæmt tillögum hreppstjóra Fljótsdalshrepps 1864, *Göngum og réttum* og byggðasögunni *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* miðast vesturmerki Múla einnig við Jökulsá í Fljótsdal. Það er í samræmi við afmörkun aðila í máli þessu og heimildir um afmörkun afréttarins „Undir Fellum“, sbr. umfjöllun um Valþjófsstaðarkirkjuland hér að framan.

Norðurmerki Múlaafréttar eru að vestanverðu gagnvart Glúmsstaðaseli. Í tillögum hreppstjóra 1864 segir einungis að Jökulsá ráði vesturmerkjum „útí bigð“. Í ritinu *Göngur og réttir* er ekki heldur að finna aðra lýsingu á norðurmerkjum afréttarins að þessu leyti en að þau nái að heimalandi Glúmsstaðasels. Samkvæmt landamerkjabréfi Glúmsstaðasels, dags. og þingl. 8. júní 1885, eru merki til suðurs dregin úr Jökulsá í Fljótsdal í „Sníkilsá og í Stórahnúk, þaðan í Þverfell“. Bréfið er ekki áritað vegna þessara merkja og ekki kemur fram hvort miða eigi við Ytri- eða

---

212 Sjá nánar í 4. kafla.
213 Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Innri-Ioníkilsá. Samkvæmt þeim kortagrunni Landmælinga Íslands sem kröfulínur aðila í máli þessu eru dregnar á liggur Ytri-Sníkilsá nokkru sunnar en Innri-Sníkilsá. Sé hins vegar litið til Atlaskorta Landmælinga Íslands er þessu öfugt farið. Málsaðilar miða kröfur sínar við Ytri-Sníkilsá og merkja við hana á umræddu kröfulínukorti, þ.e. þá Sníkilsána sem sunnar liggur. Í þjóðlendukröfu íslenska ríkisins er þó einungis miðað við Ytri-Sníkilsá þar til komið er í 400 metra hæð yfir sjávarmáli og þá dregin lína þaðan og í Stórahnúk. Ekki eru færð fram sérstök rök fyrir því að ánni skuli ekki fylgt lengra en að greindri hæðarlínu.

Óbyggðanefnd telur heimildir benda til þess að suðurmerki Glúmsstaðasels miðist við Sníkilsá, þá er sunnar liggur, og aðilar miða við í kröfugerð sinni, frá þeim stað þar sem hún rennur í Jökulsá í Fljótsdal og allt að upptökum. Þaðan er dregin lína í Þverfell og Stórahnúk. Samkvæmt því liggur þjóðlendukrafa íslenska ríkisins inn fyrir merkjalýsingu í landamerkjabréfi Glúmsstaðasels.

Eldri heimildir um merki Glúmsstaðasels liggja ekki fyrir. Fram kemur í heimildum að Glúmsstaðasel, sem fyrst er getið í heimildum frá miðri 19. öld, hafi verið byggt frá jörðinni Glúmsstöðum. Sú jörð liggur norðan við Glúmsstaðasel og um hana má finna heimildir allt frá 14. öld. Engar lýsingar finnast á afmörkun Glúmsstaða áður en gerð voru tvö landamerkjabréf samdægurs árið 1885, annað fyrir Glúmsstaði og hitt fyrir Glúmsstaðasel.

Austanverð norðurmerki Múlaafréttar eru gagnvart Þorgerðarstöðum. Í tillögum hreppstjóra Fljótsdalshrepps að gangnamörkum 1864 er gert ráð fyrir því að mörk séu „að austan Kjeldá, innað sauðá innri“. Samkvæmt því eru merki Múla gagnvart heimalandi Þorgerðarstaða norðan við þann stað þar sem Innri-Sauðá rennur í Kelduá. Ármót Innri-Sauðár og Kelduár eru einnig höfð til viðmiðunar í ógleggri lýsingu í bókinni *Göngur og réttir*. Samkvæmt landamerkjabréfi Þorgerðarstaða, dags. 6. júní og þingl. 8. júní 1885, ráða Þverfellin merkjum jarðarinnar að norðan (norðvestan) „allt að Tungná fram í Tungufell og fram í Grasanes“. Bréfið var ekki áritað vegna Múlaafréttar. Í lögfestu Valþjófsstaðar, dags. 12. maí 1840, eru staðnum eignaðir Þorgerðarstaðir „á Austan verdum Múlanum frá Kelduá og uppá svoköllud Þverfell sem liggia framm eptir Múlanum alt ad Tunguá, svo framm á Tungufell og framm i Grasanes“. Er merkjalýsing lögfestunnar þannig í samræmi við landamerkjabréfið.

Samkvæmt framangreindu telur óbyggðanefnd að norðurmerki Múlaafréttar, gagnvart jörðunum Glúmsstaðaseli að vestanverðu og Þorgerðarstöðum að austanverðu, miðist við Sníkilsá, þá er sunnar liggur, og aðilar miða við í kröfugerð sinni, frá þeim stað þar sem hún rennur í Jökulsá í Fljótsdal og allt að upptökum. Þaðan er dregin lína í Þverfell við Tunguá og þeirri á fylgt fram á Tungufell og síðan dregin lína fram í Grasanes.

Austan við Múlaafrétt er afréttarlandið Suðurfell, sbr. kafla 6.6. Í tillögu hreppstjóra Fljótsdalshrepps frá 1864 er miðað við að austurmörk Múlaafréttar séu

„Kjeldá, innað sauðá innri á Felli, þaðan suður á öldu þá sem liggur millum grjótárdals og sauðárdældar, síðan ræður hún innað gjeldinga felli, og þaðann jökulinn“. Um vesturmörk Suðurfells er miðað við Geldingafell „þaðan norður i grjótár dal, síðan út hann alt að sauð á innri, þaðan ræður Kjeldá út i bigd“. Í bókinni *Göngur og réttir* V segir að austurmörk Múla liggi „upp að afréttarlöndum Austur-Skaftfellinga að Sauðárvatni á vatnaskilum Víðidals í Lóni og Fljótsdals. Frá Sauðárvatni liggja svo mörkin um svonefnt Múlahraun, þangað sem Innri-Sauðá kemur austan úr „Hrauninu“ og fellur í Kelduá, en hún afmarkar svo þessa afrétt að heimalandi Þorgerðarstaða.“ Í lýsingu á vesturmörkum Suðurfells í sömu bók segir að þau séu „Kelduá þangað inn, sem Innri-Sauðá fellur í hana, en þá tekur við afréttarland Múlans [...] Þessi afréttarlönd liggja svo hvort við annað að Sauðárvatni.“ Samkvæmt ritinu *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* afmarkast Múli af Kelduá og nær „suður á mörk Austur-Skaftafellssýslu innan við Sauðárvatn og þaðan vestur undir Eyjabakkajökul“. Sama rit afmarkar Suðurfell með Kelduá, Innri-Sauðá og Sauðárvatni.

Framangreindum, almennum afréttalýsingum ber þannig ekki saman um mörk Múla og Suðurfells. Lýsingar á vesturmerkjum Suðurfells í heimildum um Valþjófsstað miða við Kelduá, sbr. lögfestu Valþjófsstaðarkirkjueignar 1840, vísistasíu 1850 og þinglýsta skrá yfir ítök Valþjófsstaðarkirkju 1885. Eigendur Þorgerðarstaða miða afmörkun á kröfusvæði sínu að þessu leyti einnig við Kelduá til jökuls. Kröfugerð Fljótsdalshrepps um afréttarnýtingu Múlans miðar einnig við upptök Kelduár við jökul og áfram eftir Kelduá að Grasanesi og á Tungufelli að upptökum Tungnár á Þverfellum. Sama máli gegnir um afmörkun Suðurfells í kröfugerð eiganda Valþjófsstaða, Fljótsdalshrepps og ábúanda Sturluflatar. Með vísan til framangreinds telur óbyggðanefnd rétt að miða við Kelduá í þessu sambandi.

Verður þá loks litið til suðurmerkja Múlaafréttar. Samkvæmt tillögu hreppstjóra Fljótsdalshrepps frá 1864 er miðað við Geldingafell og „þaðann jökulinn vestur að jökulsá“. Þetta er í samræmi við lýsingu í bókinni *Göngur og réttir* sem segir að afréttarland þetta, Múlinn, nái allt til jökla. Í byggðasögunni *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* segir að suðurmörk Múlaafréttar miðist við „mörk Austur-Skaftafellssýslu innan við Sauðárvatn og þaðan vestur undir Eyjabakkajökul“. Hér ber þess einnig að geta að í bók Þorvaldar Thoroddsens*, Lýsing Íslands,* segir um afréttarlönd í Múlasýslum, að þar séu „sumstaðar jafnvel loðin graslendi alveg við jökulröndina, einsog t.d. Eyjabakkar hjá Þjófahnúkum“.

Samkvæmt því sem að framan greinir miðast afmörkun Múlaafréttar í heild sinni við Sníkilsá, þá er sunnar liggur og aðilar miða við í kröfugerð sinni, frá þeim stað þar sem hún rennur í Jökulsá í Fljótsdal og allt að upptökum. Þaðan er dregin lína í Þverfell, við Tunguá, þeirri á fylgt fram á Tungufell og síðan dregin lína fram í Grasanes. Þaðan er Kelduá fylgt til jökuls, síðan jökuljaðrinum að upptökum Jökulsár í Fljótsdal við Eyjabakkajökul og loks þeirri á að fyrstnefndri Sníkilsá.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan merkja Múlaafréttar, svo sem þau hafa verið skilgreind hér að framan. Svo sem rakið er í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámabók* hvort og þá að hvaða marki landnám á þessu svæði náði inn til landsins. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landanámslýsinga verður þó að telja fremur ólíklegt að Múli hafi verið numinn. Óvissa um aðferðir við landnám er þó of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Svo sem fram er komið benda heimildir um merki Glúmsstaða, Glúmsstaðasels og Þorgerðarstaða ekki til þess að Múlaafréttur hafi verið innan merkja jarðanna. Á hann er ekki minnst í landamerkjabréfum þessara jarða. Ýmsar heimildir geta þó um rétt Glúmsstaða til Múla. Í sóknarlýsingu 1840–1841 segir þannig um Glúmsstaði að þeir eigi „heimaland allt fram allan Norðurdalinn fyrir sunnan ána og svo eftir það afréttarland á Múlanum fast fram að jökli“. Í jarðamati frá árinu 1804 kemur fram að Glúmsstaðir eigi „afrétt“ sem metinn sé til 20 álna og í sóknarlýsingu frá árinu 1873 segir að þriðji afrétturinn sem Fljótsdælingar noti sé á Múlanum sem Glúmsstaðaeigendur eigni sér. Jarðamatið 1849 greinir einnig frá því að Glúmsstaðir eigi ekki „einúngis nægilegt land fyrir sitt eigid géldfé, heldur einnig gétur sér ad skadlausu midlad ödrum afrétt fyrir 400 fjár“. Þegar gert er sitt hvort landamerkjabréfið fyrir Glúmsstaði og Glúmsstaðasel samdægurs 1885 er ekkert tekið fram um hvernig farið skuli með framangreint afréttarland á Múlanum. Landsvæðið mun hafa verið nýtt til beitar frá báðum jörðunum, sbr. t.d. umfjöllun um Glúmsstaðasel í ritinu *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* II (1975) þar sem segir m.a. svo: „Afréttir eru á Múla, og taka fyrstu göngur þar 4 daga.“ Verður því að líta svo á að þau réttindi sem þar um ræddi hafi verið óskipt.

Að því er varðar Þorgerðarstaði ber þess fyrst að geta að sú jörð var lengst af meðal eigna Valþjófsstaðakirkju sem kallaði til réttinda á Múla. Heimildir um það tilkall virðast þó taka til lands á norðan- og austanverðum Múla, þ.e. innan merkja jarða á því svæði, sbr. t.d. lögfestu Valþjófsstaðarprests frá 1840. Í óársettri skýrslu um eignir og ítök kirkjunnar er þó að finna lista yfir „Afréttarlönd“ og þar segir m.a. svo: „Múlaland ad austanverdu fra Tungua fram á motsvid Grafarnes, edur fram til Jökla.“ Þetta svæði er hins vegar hvorki nefnt í landamerkjabréfi Valþjófsstaðar-kirkjueignar né ítakaskrá, frá 6. júní 1885, en þar er hins vegar getið um Suðurfell. Um Þorgerðarstaði sjálfa segir í jarðamatinu 1849 að jörðin þurfi ekki að kaupa afrétt fyrir sig. Í *Göngum og réttum* segir að Múlinn sé afréttarland þeirra sem í Múlanum búa. Af hálfu Glúmsstaða og Glúmsstaðasels er ekki gerð krafa til þess landsvæðis á sunnan- og austanverðum Múla sem eigendur Þorgerðarstaða gera kröfur til í máli þessu. Kröfulínur aðila í því sambandi eru miðaðar við vatnaskil inn til jökuls.

Óbyggðanefnd telur framangreint benda til þess að Múlaafréttur sé afréttur jarða í þeim skilningi að Glúmsstaðir, Glúmsstaðasel og Þorgerðarstaðir eigi þar óbein

eignarréttindi fremur en beinan eignarrétt, sbr. einnig landamerkjabréf þessara jarða, sem ekki taka til þessa landsvæðis. Engin gögn liggja fyrir um að fyrir gildistöku þjóðlendulaga hafi Múlaafréttur nokkurn tíma verið nýttur til annars en sumarbeitar og e.t.v. annarra takmarkaðra nota. Staðhættir styðja þá niðurstöðu en land þetta liggur í um 650–900 metra hæð yfir sjávarmáli og fjarri byggð. Svör hreppstjóra við fyrirspurn sýslumanns Múlasýslu árið 1920 samrýmast þessu. Að því er varðar greiðslu felligjalda hreindýra til Glúmsstaðabænda telur óbyggðanefnd að slíkar greiðslur séu í samræmi við þann rétt sem afréttareign veitir, sjá nánari umfjöllun í kafla 6.4.8.

Ekkert liggur fyrir um hvernig eigendur framangreindra jarða á hverjum tíma eru komnir að rétti sínum til þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar. Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en réttur til Múlaafréttar hafi orðið til á þann veg að landsvæðið hafi verið tekið til sumarbeitar fyrir búpening og ef til vill annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur sem sveitarstjórnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að afréttarsvæðið Múli, þ.e. land á þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins og sunnan þeirra landamerkja jarðanna Glúmsstaðasels og Þorgerðarstaða sem skilgreind hafa verið hér að framan sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttað hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að framangreint svæði sé þjóðlenda, að hluta í afréttareign Glúmsstaða og Glúmsstaðasels og að hluta í afréttareign Þorgerðarstaða.[214]

Íslenska ríkið hefur hins vegar ekki sýnt fram á að land norðan við þau merki Glúmsstaðasels og Þorgerðarstaða sem tilgreind eru hér að framan sé þjóðlenda. Um þýðingu landamerkjabréfa fyrir jarðir við mat á sönnun um eignarhald að landi vísast til þess sem rakið er í kafla 6.1.1. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir þannig einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[215]

Að því er varðar kröfur Fljótsdalshrepps verður að skilja málatilbúnað sveitarfélagsins þannig að litið sé svo á að nýting annarra jarða á Múlaafrétti byggist á réttindum Glúmsstaða og Þorgerðarstaða. Hún hafi farið fram í skjóli þess eignarréttar og með samkomulagi aðila. Með hliðsjón af framangreindri niðurstöðu um afréttareign Glúmsstaða, Glúmsstaðasels og Þorgerðarstaða verður ekki talið að þessar kröfur þarfnist frekari umfjöllunar.

Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið fjallað um og talið þjóðlenda í afréttareign eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitarsvæði taka þó

---

[214] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.
[215] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

breytingum auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði [...] sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998. Að því leyti sem þetta landsvæði liggur að jökli telur óbyggðanefnd ljóst að ákvarða þurfi mörk þess til frambúðar, sbr. b-lið 7. gr. l. nr. 58/1998. Með hliðsjón af því að hér er um einhliða ákvörðun afréttarmarka að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands telur óbyggðanefnd þó fullnægjandi að miða einfaldlega og án nánari afmörkunar við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna. Ekki verður séð að frekari rannsókn á þessu atriði hafi hagnýta þýðingu í þessu sambandi enda er eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðast af gróðurfari og hefur ekki þýðingu í öðru sambandi.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Múlaafréttur, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Eftir Sníkilsá, þeirri er sunnar liggur og aðilar miða við í kröfugerð sinni, frá þeim stað þar sem hún rennur í Jökulsá í Fljótsdal og allt að upptökum. Þaðan er dregin lína í Þverfell, við Tunguá, þeirri á fylgt fram á Tungufell og síðan dregin lína í Grasanes. Þaðan er Kelduá fylgt til jökuls, síðan jökuljaðrinum, eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, að upptökum Jökulsár í Fljótsdal við Eyjabakkajökul og loks þeirri á að fyrstnefndri Sníkilsá.*

Sama landsvæði er í afréttareign Glúmsstaða og Glúmsstaðasels vestan megin við vatnaskil en Þorgerðarstaða austan megin, sbr. kröfulínur aðila, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Hluti þess svæðis sem hér hefur verið lýst þjóðlenda og afréttur jarða í Fljótsdalshreppi er háður sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. nánari skilgreiningu í náttúruminjaskrá: „Eyjabakkar“.

## 6.6. Suðurfell

### 6.6.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands Valþjófsstaðar, nýtingarsvæðis og afréttar jarðarinnar Sturluflatar og sem afréttar jarða í Fljótsdal.

Nánar tiltekið hefur íslenska ríkið gert þjóðlendukröfu til þess lands sem liggur sunnan við línu sem dregin er frá Strútsá austur á Hraunum (punktur 2), niður Strútsá allt í Fellsá (3), niður Fellsá allt að ármótum við Kelduá (4) og síðan upp eftir Kelduá

allt að ármótum við Innri-Sauðá (5) á móti Grasnesi. Á móti hefur eigandi Valþjófsstaðar gert kröfu um beinan eignarrétt að Suðurfelli, þ.e.a.s. svæðinu á milli Kelduár, Fellsár og jökla. Þá hafa ábúendur ríkisjarðarinnar Sturluflatar gert kröfur um rétt til nýtingar nyrsta hluta sama landsvæðis í samræmi við ábúðarsamning og einnig til afréttarnýtingar á Suðurfelli, þ.á m. upprekstrar- og beitarréttur ásamt veiði í vötnum. Íslenska ríkið sem eigandi Sturluflatar miðar hins vegar við að eignarland jarðarinnar nái einungis að þjóðlendukröfulínu, þó þannig að niðurstaða gagnvart ríkisjörðum eigi að ráðast af sömu atriðum og lögð séu til grundvallar um annað eignarland. Loks hefur Fljótsdalshreppur krafist þess að viðurkenndur verði réttur jarða í Fljótsdal til afréttarnýtingar Suðurfells, þ.á m. upprekstrar- og beitarréttur ásamt veiði í vötnum. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í köflum 3.4., 3.12. og 3.13.

Að Suðurfelli liggur Múlaafréttur til vesturs og jörðin Þorgerðarstaðir til norðvesturs. Til austurs er Villingadalur og jörðin Sturluflöt til norðausturs. Til suðausturs eru landsvæði í fyrrum Geithellnahreppi, nú í Djúpavogshreppi, og að sunnanverðu liggja Lónsöræfi í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Landsvæði það sem hér um ræðir er fjalllent og mætir jökli sunnan Geldingafells í um 1000 m hæð yfir sjávarmáli. Nyrst á þessu svæði og næst byggð er fjallið Kiðafell (690 m) en þegar sunnar dregur tekur við rýrt mólendi í 600–700 m hæð yfir sjávarmáli þar til komið er að svonefndum Hraunum. Hraunin taka til stórs landsvæðis norðaustan Vatnajökuls. Þau standa í um 800 m hæð yfir sjávarmáli og eru að mestum hluta fjalllendi. Þar setja svip sinn á landið gróðurvana jökulurðir, öldur og fell. Syðst er Markalda (982 m). Frá ármótum Kelduár og Fellsár og í Marköldu eru u.þ.b. 28 km í beinni loftlínu.

Gera má ráð fyrir að við landnám hafi jarðvegs- og gróðurþekja á þessu svæði náð talsvert hærra yfir sjó en síðar varð, jafnvel svo nemi 100 til 200 metrum. Fullvíst má telja að víða hafi land blásið upp og gróður eyðst frá landnámi auk svæða sem farið hafa undir jökul. Leiddar hafa verið að því líkur að drjúgur hluti hins svokallaða Hrauns hafi fyrstu aldirnar eftir landnám verið þakinn jarðvegi og samfelldum gróðri í allt að 800 m hæð yfir sjávarmáli.

### 6.6.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(6), er því haldið fram að af frásögnum *Landnámu* verði ekki ráðið að landsvæðið hafi verið numið. Eftir landnám hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalausum svæðum fjölgað með tímanum. Byggt er á því að almenningar, eins og þeir hafi verið skilgreindir fyrir gildistöku þjóðlendulaga, hafi verið eignarréttarlegt hugtak yfir það sem nú heiti þjóðlenda. Þá er því haldið fram að heimaland Sturluflatar nái ekki nema að Fellsá. Suðurfellsafréttur sé óumdeilanlega utan heimalanda og því þjóðlenda. Vísað er til þess að heimildir um ítak Valþjófsstaðar í Suðurfelli breyti engu um

eignarréttarlega stöðu landsvæðisins. Aldrei hafi verið litið á ítak sem grundvöll beins eignarréttar að landi.

Af hálfu eiganda Valþjófsstaðar, sbr. skjöl nr. 18 og 18(4), er því haldið fram að land jarða og afrétta hafi frá landnámi verið undirorpið beinum eignarrétti. Landnámsheimildir fari ekki í bága við þá kenningu og ljóst sé að landið hafi við landnám verið gróið til jökla. Vísað er til jarðatals Johnsens frá 1847 um að Valþjófsstaðir hafi átt fjögur afréttarlönd, þar á meðal Suðurfell (Kiðafell). Sama komi fram í brauðamati frá árinu 1854. Þá er byggt á vísitasíu Valþjófsstaða frá 1850 um að kirkjunni tilheyri svokallað Fell fram til jökla. Það sé að öllum líkindum hið svonefnda Kiðafell sem liggi milli Kelduár og Fellsár. Þá er byggt á landamerkjabréfi Valþjófsstaða, dags. 6. júní 1885 og þingl. 8. júní sama ár, um að kirkjan hafi átt ítak í Suðurfelli. Vísað er til þess að eignarrétturinn sé friðhelgur, sbr. 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu. Byggt er á sjónarmiðum um réttmætar væntingar en Mannréttindadómstóll Evrópu hafi litið til þess í dómum sínum hvaða væntingar menn máttu hafa um eignarhald sitt. Þessar væntingar styðjist meðal annars við framkomu ríkisins gagnvart þeim með athöfn eða athafnaleysi. Jafnframt er vísað til jafnræðisreglu stjórnsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu. Ekki verði gerðar ríkari sönnunarkröfur á hendur eigendum Valþjófsstaðar en til annarra landeigenda. Loks er vísað til hefðar og venjuréttar.

Af hálfu Fljótsdalshrepps, sbr. skjöl nr. 17, 17 (1) og 5 (5), er því haldið fram að samkvæmt fornri venju eigi jarðir í Fljótsdal rétt til afréttarnýtingar í Suðurfelli, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga um afréttarmálefni og fjallskil. Rétturinn sé í öllu falli venjuhelgaður í fullan hefðartíma. Vísað er til vitnisburðar Kolgríms prests Koðranssonar um að engir hafi rekið lömb né annan fénað á Öræfi, nyrðri og syðri, án leyfis Valþjófsstaðaprests en Suðurfell falli undir öræfi syðri. Um yngri heimildir um afréttarnýtingu svæðisins er vísað til ritsins *Göngur og réttir* og fjallskilaframkvæmdar. Réttur Fljótsdælinga á Suðurfelli sé ekki vefengdur í kröfulýsingu Valþjófsstaðar. Þá er því haldið fram að afréttarnýting Fljótsdælinga á Suðurfelli séu eignarréttindi og njóti sem slík verndar 72. gr. stjskr., sbr. einnig 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1992 um mannréttindasáttmála Evrópu. Loks er vísað til þess að málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd lúti ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu 12. gr. laganna sé óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á eigendur réttinda að þeim sé ómögulegt að mæta henni. Loks er byggt á svarbréfi hreppstjóra Fljótsdalshrepps til sýslumanns Norður-Múlasýslu, dags. 20. maí 1920, um að í hreppnum væri ekki að finna neina almenninga eða afréttarland sem ekki sannanlega tilheyrði einhverju býli.

Ábúandi ríkisjarðarinnar Sturluflatar gerir einnig kröfur til þess svæðis sem hér er til umfjöllunar, sbr. bókun óbyggðanefndar við aðra fyrirtöku málsins um að kröfur ábúenda ríkisjarða komi til athugunar í málinu. Af hálfu ábúanda, sbr. skjöl nr.

12, 12 (5) og 5 (5), er því haldið fram að nýting Sturluflatar á landi Suðurfells sé athugasemdalaus og venjuhelguð í fullan hefðartíma. Vísað er til byggingarbréfs frá árinu 2000 og þingl. 22. mars. 2004. Þar sé getið um tún, girðingar og fjárhús sem staðsett séu á Suðurfelli. Þá komi fram upplýsingar um nýtingu lands og landgæða á Suðurfelli í eldra byggingarbréfi, frá árinu 1971, og úttekt frá 2000. Byggt er á að afréttarnýting ábúenda Sturluflatar falli að þeim kröfum sem Fljótsdalshreppur geri um afréttarnýtingu í hreppnum. Ábúendur Sturluflatar hafi tekið þátt í leitum á Suðurfelli. Einnig er byggt á því að afréttarnýting ábúanda Sturluflatar á Suðurfelli og víðtækari nýting lands á svæðinu séu eignarréttindi og njóti verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. einnig 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1992 um mannréttindasáttmála Evrópu. Málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd lúti ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu 12. gr. laganna sé óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á eigendur réttinda að þeim sé ómögulegt að mæta henni.

Ábúendur Sturluflatar vísa til þess að þeir hafi fengið greidd felligjöld af hreindýrum sem felld hafi verið á landi sem þjóðlendukröfur hafi verið gerðar í. Slík gjöld skuli greidd ábúanda eða umráðamanni jarðar, samkvæmt lögum nr. 64/1994 og reglugerð nr. 487/2003. Með því, sem og öðrum athöfnum sínum áratugum og jafnvel öldum saman, hafi ríkið vakið hjá ábúendum jarðarinnar réttmætar væntingar til þess að landið sé undirorpið beinum eignarrétti. Loks er byggt á svarbréfi hreppstjóra Fljótsdalshrepps til sýslumanns Norður-Múlasýslu, dags. 20. maí 1920, um að í hreppnum væri ekki að finna neina almenninga eða afréttarland sem ekki sannanlega tilheyrði einhverju býli.

### 6.6.3. Niðurstaða

Í kafla 5.4. hér að framan eru raktar heimildir sem fjalla um „Valþjófsstaðarkirkjueign“ og Suðurfell í því sambandi, sjá einnig kafla 5.9. um afréttarnot almennt. Gögn þessi eru afrakstur af framlögðum skjölum málsaðila, skýrslutökum við aðalmeðferð málsins og kerfisbundinni leit á vegum óbyggðanefndar að frumheimildum um merki, ráðstafanir að eignarrétti og nýtingu þessa landsvæðis.[216] Af þeim er ótvírætt að við gildistöku þjóðlendulaga hefur a.m.k. nyrsti hluti Suðurfells talist til afrétta samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að þeim tíma.[217] Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. þjóðlendulaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar.

---

[216] Sjá nánar í 4. kafla.
[217] Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvað ráðið verður af þessum heimildum um afmörkun Suðurfellsafréttar. Að því loknu verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins.

Ekki var gert landamerkjabréf fyrir Suðurfell eftir setningu landamerkjalaga nr. 5/1882. Merki landsvæðisins verða því helst ráðin af landamerkjabréfum jarðanna Þorgerðarstaða og Sturluflatar, heimildum um Valþjófsstaðarkirkjueign og almennum afréttalýsingum, svo sem tillögum hreppstjóra Fljótsdalshrepps að gangnamörkum 1864 og bókinni *Göngur og réttir* V frá árinu 1987.

Verður þá fyrst litið til vesturmerkja Suðurfells, gagnvart Þorgerðarstöðum að norðanverðu og afréttarlandinu Múla þegar sunnar dregur. Landamerkjabréf Þorgerðarstaða, dags. 6. júní 1885 og þingl. 8. júní s.á., miðar við að Kelduá ráði merkjum jarðarinnar að austan, sbr. einnig merkjalýsingu fyrir Þorgerðarstaði í lögfestu frá 1840. Um merki Suðurfells, Múla og Þorgerðarstaða er fjallað ítarlega í kafla 6.5. og vísast þangað um það efni. Svo sem þar kemur fram er niðurstaðan sú að rétt sé að miða við Kelduá í þessu sambandi.

Austurmerki Suðurfells eru gagnvart Sturluflöt að norðanverðu og Villingadal þegar sunnar dregur. Heimildir um Valþjófsstaðarkirkju gera ráð fyrir að austurmerki Suðurfells séu í Fellsá, sbr. lögfestu frá 1840, vísitasíu 1850 og ítakaskrá Valþjófsstaðarkirkju, sem dags. er 6. júní 1885 og þingl. 8. júní sama ár. Sama máli gegnir um norðanverð austurmörk í tillögum hreppstjóra Fljótsdalshrepps 1864 og ritinu *Göngur og réttir*. Í hinu síðarnefnda riti segir jafnframt að rétt „innan við túnið á Sturlufleti fellur Fellsá í Kelduá, og nær heimaland þeirrar jarðar ekki nema að henni“. Samkvæmt fyrra landamerkjabréfi Sturluflatar, dags. 18. júní 1884 og þingl. 19. júní sama ár, eru vesturmerki jarðarinnar „að framan Fellsá og Strútsá austur á Hraun“. Merkjum Sturluflatar er lýst með sama hætti í síðara landamerkjabréfi hennar, dags. 16. desember 1921 og þingl. 25. júlí 1922. Eldri heimildir um merki Sturluflatar eru í samræmi við landamerkjabréf jarðarinnar. Samkvæmt þessu ber öllum heimildum saman um að Fellsá skilji Sturluflöt frá Suðurfelli.

Verður þá litið til afmörkunar Suðurfells þegar sunnar dregur að austanverðu, gagnvart Villingadal, og til suðurs, gagnvart landsvæðum í Djúpavogshreppi (Suður-Múlasýslu), og Sveitarfélaginu Hornafirði (Austur-Skaftafellssýslu). Heimildum um Valþjófsstaðarkirkju var áður lýst að hluta en til viðbótar ber þess að geta að þar er miðað við að merki Suðurfells nái fram til jökla. Fellsá og Sultarranaá ná þó ekki þangað. Í tillögum hreppstjóra Fljótsdalshrepps frá 1864 er miðað við að austurmörk Suðurfells séu Fellsá, svo sem áður sagði, „og Sultarranaá alt suður i hraungarð þann sem liggur inn og vestur frá, sauða hnúk, þá ræður sá hraungarður alt inn i hraun það, sem liggur fyrir innan sauðárdæld, og suðaustan geldingafell“. Í bókinni *Göngur og réttir* segir að frá Sauðárvatni liggi „mörk Suðurfellsafréttarinnar um grýtt og gróðurlítil „hraun“ á Sauðahnjúk upp af Hamarsdalsbótinni á mörkum Suður- og Norður-Múlasýslna. Eftir það takmarkast hún svo að utan og austan af Sultarranaá og

Fellsá, allt til byggðar.“ Í byggðasögunni *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* eru austurmörk Suðurfells miðuð við Sauðárvatn „og um Hraun á Sauðahnúk [...] suður og upp af Sultarrana“. Samkvæmt framangreindu eru heimildir um merki Suðurfells misvísandi um hvort austurmerki miðist við Sauðárhnjúka eða Sultarranaá. Jafnframt er óljóst hvernig suðurmerki skuli dregin yfir að Kelduá í vesturmörkum, svo sem fyrr greindi.

Í landamerkjabréfi Víðivalla fremri og Víðivallagerðis, dags. 16. júní 1884 og þingl. 19. júní sama ár, eru vesturmörk Villingadals miðuð við „Fellsá og Sultarranaá, og greina þær ár nefndan dal frá Kiðjafellsafrétti“. Sama máli gegnir um aðrar heimildir sem lýsa merkjum Villingadals, sbr. kafla 6.7. Endanleg kröfugerð gagnaðila íslenska ríkisins í máli þessu, að því er varðar bæði Suðurfell og Villingadal, miðar merki þessara landsvæða við Fellsá og Sultarranaá. Með vísan til framangreinds telur óbyggðanefnd rétt að miða við Fellsá og Sultarranaá í því sambandi. Sú síðarnefnda nær suður að sýslumörkum Norður- og Suður-Múlasýslu. Óbyggðanefnd telur eðlilegt að miða afmörkun þess landsvæðis sem hér verður tekin afstaða til við sýslu- og sveitarfélagamörk gagnvart Djúpavogshreppi og síðan Sveitarfélaginu Hornafirði, sbr. dóm Hæstaréttar frá 28. september 2006 í máli nr. 498/2005 (Stafafell í Lóni) og úrskurð óbyggðanefndar 6. október 2005 í máli nr. 5/2001 (Lón). Með þessari afmörkun umfjöllunarsvæðisins felst ekki afstaða til eignarréttarlegrar stöðu þess.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan merkja Suðurfells, svo sem þau hafa verið skilgreind hér að framan. Þar ber þess fyrst að geta að engar skriflegar heimildir styðja að nokkurn tíma hafi verið búið heilsársbúsetu á því landsvæði sem að framan er lýst. Svo sem rakið er í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámabók* hvort og þá að hvaða marki landnám á þessu svæði náði inn til landsins. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landanámslýsinga verður þó að telja fremur ólíklegt að Suðurfell hafi verið numið. Óvissa um aðferðir við landnám er þó of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Suðurfell er fyrst talið til eigna Valþjófsstaðar um miðja 19. öld og tekið fram að það sé „eptir hefdarhaldi“. Þannig telur óbyggðanefnd ekki hægt að fullyrða að vitnisburður séra Kolgríms Koðráðssonar um lambarekstur á öræfi nyrðri taki til þess lands sem nú er nefnt Suðurfell og hvað þá alls þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar. Í lögfestu Valþjófsstaðar frá 1794 er Suðurfells í engu getið en lögfestan var lesin á fjórum manntalsþingum, síðast 1856. Fyrsta ótvíræða heimildin um rétt eða tilkall Valþjófsstaðar til Suðurfells er brauðmat kirkjunnar frá 1839 en þar segir að „afrétturinn“ tilheyri Valþjófsstað og notist fyrir lömb í bágu árferði. Tekið er fram að þessi afréttur „meinist“ undir prestakallið kominn sem fjórðungur sá í Keldudal sem máldagar nefni, „án þess þó, ad þetta sé med nockurri Vissu“, enda örnefnið Keldudalur þá ekki lengur þekkt. Í lögfestu Valþjófsstaðar, dags. 12. maí 1840, er Suðurfell lögfest staðnum „með öllum gæðum og landsnytjum“. Í sóknarlýsingu frá

árunum 1840–1841 er Suðurfell talið til afrétta kirkjunnar og notist fyrir lömb í hörðum vorum. Í vísitasíu 1850 segir að „eptir hefðarhaldi tilheyri kirkjunni sokallað Fell framtil jökla, - líkl. hið sama sem í gamla daga var kallað Kyðafell, og liggur á mili Kelduár að vestanverðu og Fellsár að austanverðu“. Í öðrum heimildum er að finna dæmi þess að afréttarsvæðið sé nefnt meðal ítaka kirkjunnar, t.a.m. í skýrslu um tekjur og útgjöld hennar frá 1867. Þá er Suðurfells getið í skrá um ítök Valþjófsstaðar, dags. 6. júní 1885 og þingl. 8. júní sama ár, sem útbúin var samhliða gerð landamerkjabréfs staðarins. Í Jarðatali Johnsens og gerðabók fasteignamats frá 1916–1918 er Suðurfell einnig talið til afréttarlanda Valþjófsstaðar.

Af framansögðu er ljóst að þegar Suðurfells er á annað borð getið í heimildum er ýmist talað um að Valþjófsstaður eigi þar afrétt eða ítak. Í bréfi biskups Íslands til sýslumanns Norður-Múlasýslu, dags. 29. apríl 1954, biður hann m.a. um að ítaki Valþjófsstaða í Suðurfelli verði lýst í samræmi við lög nr. 113/1952 um lausn ítaka af jörðum. Samkvæmt lögunum var sú skylda lögð á þá sem töldu sig eiga slík ítök að lýsa þeim í samræmi við efni laganna. Væri það ekki gert féll ítakið úr gildi. Þar sem engar heimildir liggja fyrir um að Suðurfell hafi nokkru sinni verið jörð gat ítakalýsing biskups ekki átt við. Engu að síður verður beiðni biskups að teljast sterk vísbending um að af hálfu kirkjunnar hafi ekki verið litið svo á Suðurfell væri háð beinum eignarrétti hennar.

Óbyggðanefnd telur heimildir benda til þess að Suðurfell sé afréttur stofnunar í þeim skilningi að Valþjófsstaður hafi átt þar óbein eignarréttindi fremur en beinan eignarrétt. Svo sem áður greindi eru heimildir um merki Suðurfells misvísandi um hvort austurmerki miðist við Sauðárhnjúka eða Sultarranaá. Jafnframt er óljóst hvernig suðurmerki skuli dregin yfir að Kelduá í vesturmörkum svo sem fyrr greindi. Kemur því næst til athugunar að hvaða marki landsvæði það sem hér er til umfjöllunar hefur verið undirorpið afréttarnotum.

Svo sem áður hefur verið rakið eru hraunbreiðurnar norðaustan Vatnajökuls gróðurvana hásléttur þar sem grýttir hálendismelar og urðarranar eru einkennandi. Samkvæmt skýrslu um Valþjófsstaðarbrauð frá 1839 og sóknarlýsingu frá 1840–1841 var einungis rekið á Suðurfell í hörðum árum. Lýsingar á fyrirkomulagi fjallskila, sbr. einkum *Göngur og réttir*, benda ekki til að skipulagðar leitir hafi náð til alls þess svæðis sem hér er til umfjöllunar. Sjaldnast hafi verið farið inn að Sauðárvatni og ekki eru heimildir um að svæðið sunnan og austan Sauðárvatns hafi verið leitað. Þetta fær stuðning í staðháttum og gróðurfari svæðisins en þar er nær gróðurlaust land, í 800–1000 m hæð yfir sjávarmáli. Með hliðsjón af afréttarlýsingum, nýtingu og staðháttum telur óbyggðanefnd ljóst að afréttarnot hafa einungis tekið til lands norðan við línu sem dregin er úr jaðri Vatnajökuls yfir Geldingafell og Sauðárvatn að Sultarranaá, í beina stefnu á Sauðahnjúka.

Sérstök nýting ábúenda jarðarinnar Sturluflatar á nyrsta hluta Suðurfells er grundvölluð á samningi hans við eiganda þeirrar jarðar, íslenska ríkið. Er skilyrðum

hefðar þannig ekki fullnægt, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um hefð, nr. 46/1905. Að því er varðar greiðslu felligjalda hreindýra til ábúenda Sturluflatar telur óbyggðanefnd að slíkar greiðslur séu í samræmi við þann rétt sem afréttareign veitir, sjá nánari umfjöllun í kafla 6.4.8.

Að því er varðar kröfu Fljótsdalshrepps og ábúanda Sturluflatar um afréttarnýtingu svæðisins ber þess fyrst að geta að sá upprekstur hefur lengi verið látinn átölulaus af hálfu Valþjófsstaðar og verið í umsjón sveitarfélagsins. Af því sem fram er komið í málinu þykir verða að ætla að þeim sem rekið hafa fé til afréttar á Suðurfelli, þ.á m. frá Sturluflöt, hafi verið kunnugt um heimildir Valþjófsstaðar til svæðisins og sú vitneskja komið í veg fyrir að þeir hafi mátt vinna hefð á sjálfstæðum rétti til upprekstrar þar, sbr. 2. gr. hefðarlaga, nr. 46/1905.

Engin gögn liggja fyrir um hvernig Valþjófsstaður er kominn að rétti sínum til þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar. Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en réttur til Suðurfells hafi orðið til á þann veg að landsvæðið hafi verið tekið til sumarbeitar fyrir búpening og ef til vill annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur sem sveitarstjórnum var falið að annast framkvæmd á.

Nýtur þannig ekki við heimilda sem bent geta til þess að afréttarsvæðið Suðurfell hafi nokkurn tíma verið undirorpið beinum eignarrétti. Svar hreppstjóra Fljótsdalshrepps frá árinu 1920 við fyrirspurn sýslumanns Múlasýslu samrýmist þessu.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að Suðurfell sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttað hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda, í afréttareign Valþjófsstaðar norðan þeirrar línu sem að framan var lýst.[218] Ljóst er einnig að einstakir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið fjallað um og talið þjóðlenda í afréttareign Valþjófsstaðar eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitarsvæði taka þó breytingum auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði [...] sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Suðurfell, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Frá ármótum Kelduár og Fellsár er síðarnefndu ánni fylgt þar til Sultarranaá rennur í hana. Ræður síðan Sultarranaá að sýslu- og sveitarfélagamörkum gagnvart Djúpavogshreppi. Þeim mörkum er*

---

[218] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

> *fylgt áfram þar til mörk gagnvart Sveitarfélaginu Hornafirði taka við og nær síðarnefnda viðmiðunin allt að jaðri Vatnajökuls við Geldingafell. Síðan er jökuljaðrinum fylgt að upptökum Kelduár og loks þeirri á allt að fyrrnefndum ármótum við Fellsá.*

Hluti þessa landsvæðis er jafnframt í afréttareign Valþjófsstaðar, nánar tiltekið sá hluti þess sem liggur norðan við línu sem dregin er úr jaðri Vatnajökuls yfir Geldingafell og Sauðárvatn að Sultarranaá, í beina stefnu á Sauðahnjúka, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

Hluti þess svæðis sem hér hefur verið lýst þjóðlenda og að hluta í afréttareign Valþjófsstaðar, nánar tiltekið „Eyjabakkar“, er háður sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. nánari skilgreiningu í náttúruminjaskrá.

## 6.7. Villingadalur

### 6.7.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands tilheyrandi jörðinni Víðivöllum fremri, nánar tiltekið svokallaðs Villingadals.

Íslenska ríkið hefur m.a. dregið kröfulínu sína frá Strútsá austur á Hraunum (2) og þaðan niður Strútsá, allt í Fellsá (3), sbr. kafla 3.1. Á móti hafa þinglýstir eigendur jarðarinnar Víðivalla fremri lýst kröfu um beinan eignarrétt að Villingadal. Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur að þeim svæðum sem kunni að verða úrskurðuð þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ.á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum. Kröfum þessum er nánar lýst í kafla 3.14.

Vestan við Villingadal er Suðurfell, sbr. kafla 6.6., og til austurs kröfusvæði ábúenda ríkisjarðarinnar Sturluflatar. Svæði þessi liggja saman norðan Villingadals. Til suðausturs eru landsvæði í Djúpavogshreppi (Suður-Múlasýslu). Nyrst í Villingadal rís Villingafell í um 600–700 m hæð yfir sjávarmáli. Þar er rýrt mólendi en land er lítt gróið til hálfgróið þegar sunnar dregur. Svonefnd Hraun taka við þar sem samfelldum gróðri sleppir. Þau standa hátt og flokkast að stórum hluta sem fjallendi. Þar setja svip sinn á landið gróðurvana jökulurðir, öldur og fell. Við sýslumörk Norður- og Suður-Múlasýslna, skammt suðvestan Sauðahnjúka, rís land í um 850 m hæð yfir sjávarmáli.

Gera má ráð fyrir að við landnám hafi jarðvegs- og gróðurþekja á þessu svæði náð talsvert hærra yfir sjó en síðar varð, jafnvel svo nemi 100–200 metrum. Fullvíst má telja að víða hafi land blásið upp og gróður eyðst frá landnámi auk svæða sem farið hafa undir jökul. Leiddar hafa verið að því líkur að drjúgur hluti hins svokallaða

Hrauns hafi fyrstu aldir eftir landnám verið þakinn jarðvegi og samfelldum gróðri í allt að 800 m hæð.

### 6.7.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1(21) og 1, er því haldið fram að af frásögnum *Landnámu* verði ekki ráðið að landsvæði þetta hafi verið numið. Eftir landnám hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalausum svæðum fjölgað með tímanum. Byggt er á því að almenningar, eins og þeir voru skilgreindir fyrir gildistöku þjóðlendulaga, hafi verið eignarréttarlegt hugtak yfir það sem nú heitir þjóðlenda. Að því er varðar Villingadal sé hann afmarkaður af straumvötnum á allar hliðar. Þannig sé Villingadalur ekki innan heimalands nokkurrar jarðar og því óumdeilanlega þjóðlenda.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl nr. 5(5), 7 og 7(5), er því haldið fram að Villingadalur sé innan landnáms Brynjólfs hins gamla. Því er mótmælt að óljósar lýsingar *Landnámu* verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja Víðivalla fremri verði dregin í efa. Víðivellir hafi verið geysivíðlend jörð og náð suður undir jökul en snemma verið skipt upp í Víðivelli hina ytri og Víðivelli hina fremri. Á Víðivöllum hafi verið sýslumannssetur og árið 1493 hafi sýslumaðurinn á Víðivöllum gefið land Skriðu til klausturs. Telja megi öruggt að jarðirnar Sturluflöt, Víðivellir fremri ásamt Villingadal og hjáleiga hennar, Víðivallagerði, hafi fylgt með enda lengi taldar með eignum Skriðuklausturs. Samkvæmt landfræðilegri legu séu framangreindar jarðir greinilega innan Víðivallatorfu. Byggt er á þinglýstu landamerkjabréfi Víðivalla fremri frá 1884 en þar komi fram landamerkjalýsing fyrir Villingadal. Jafnframt sé að finna lýsingu á merkjum Villingadals í síðara landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 1. desember 1921 og þingl. 25. júlí 1992.

Gagnaðili byggir einnig á því að með setningu landamerkjalaga, nr. 5/1882 og nr. 41/1919, hafi stjórnvöld átt frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi væri hann fyrir hendi. Í fjölda tilvika hafi elstu merkjalýsingar ekki orðið til fyrr en í kjölfar þessa. Byggt er á því að lýsingum landamerkjabréfa verði ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvíli á íslenska ríkinu. Eignarréttur landeiganda njóti verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. viðauka 1. gr. laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu. Ekki megi leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta henni, sbr. meðalhófsreglu stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Þannig verði landeiganda ekki gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Landamerkjabréf sé oftast eina gagnið sem landeigendur hafi undir höndum sem sanni beinan eignarrétt þeirra. Einnig er byggt á því að íslenska ríkið hafi margsinnis beint og óbeint viðurkennt fullkominn eignarrétt

innan lýstra merkja. Víðivellir fremri hafi verið eign Skriðuklausturs til 1917 en þá hafi handhafar ríkisvalds framselt rétt sinn til jarðarinnar innan þeirra merkja sem lýst sé í landamerkjabréfum hennar og ekki getið um annað en um fullkomna eign væri að ræða. Eigendur Víðivalla fremri hafi fengið greitt svokallað felligjald af hreindýrum sem felld hafi verið innan þjóðlendukröfusvæðis. Slík gjöld skuli greidd ábúanda eða umráðamanni jarðar samkvæmt lögum nr. 64/1994 og reglugerð nr. 487/2003. Eigendur jarðarinnar hafi því í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að landið væri undirorpið fullkomnum eignarrétti. Einnig er vísað til hefðar enda hafi landið verið byggt og nýtt langt umfram tilskilinn hefðartíma. Loks er byggt á svarbréfi hreppstjóra Fljótsdalshrepps til sýslumanns Norður-Múlasýslu, dags. 20. maí 1920, um að í hreppnum væri ekki að finna neina almenninga eða afréttarland sem ekki sannanlega tilheyrði einhverju býli.

### 6.7.3. Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Víðivalla fremri og Víðivallagerðis er rakin í kafla 5.7., sjá einnig kafla 5.9. um afréttarnot almennt. Þar kemur fram að Víðivalla er getið í heimildum allt frá 13. öld. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða og Víðivallagerði upphaflega hjáleiga hennar.[219] Í landamerkjabréfi, sem gert var 16. júní 1884 og þinglýst næsta dag, er fyrst að finna lýsingu á landamerkjum Víðivallagerðis, síðan ítaki Valþjófsstaðarkirkju í það land og því næst landamerkjum Víðivalla fremri. Loks segir svo: „Undir Víðivelli fremri liggur Villingadalur“ og er merkjum hans lýst. Á milli Víðivalla fremri og Villingadals liggja jarðirnar Víðivallagerði og Sturluflöt. Í yngra landamerkjabréfi, dags. 1. desember 1921 og þingl. 25. júlí 1922, er sambærilegur greinarmunur gerður og í hinu eldra bréfi á annars vegar merkjalýsingu Víðivalla fremri og hins vegar Villingadal.

Kemur þá fyrst til athugunar hvað ráðið verður af framangreindum landamerkjabréfum frá 1884 og 1921 um afmörkun Villingadals auk lýsinga í ritunum *Göngur og réttir* V og byggðasögunni *Sveitir og jarðir í Múlaþingi*. Í því sambandi verður einnig litið til merkja aðliggjandi landsvæða. Að því loknu verður fjallað um eignarréttarlega stöðu Villingadals.

Verður þá fyrst litið til vesturmerkja Villingadals, gagnvart Suðurfelli. Bæði landamerkjabréfin miða við að vestan og norðan við dalinn renni Fellsá og Sultarranaá og greini nefndan dal frá Kiðufellsafrétti (Suðurfelli). Efnislega sömu lýsingar koma einnig fram í bókunum *Göngur og réttir* og *Sveitir og Jarðir í Múlaþingi*. Þessar lýsingar eru í ágætu samræmi við lýsingar á merkjum Suðurfellsafréttar. Svo sem rakið er í kafla 6.6. eru heimildir um afmörkun Suðurfells

---

[219] Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

ekki eins skýrar en niðurstaðan er sú að miða þar við Fellsá og Sultarranaá í því sambandi.

Samkvæmt landamerkjabréfunum frá 1884 og 1921 eru merki Villingadals að austan sögð í Strútsá, sem aðskilji hann frá Sturluflatar landi, austur og suður til öræfa. Í bókinni *Göngur og réttur* V segir að merkin að austan séu „Strútsá fyrst á mörkum heimalands Sturluflatar og Villingadals, en eftir það sem næst eða alveg á sýslumörkum Múlasýslna á Sauðahnjúk“. Í lýsingu á austurmerkjum í byggðasögunni *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* segir hins vegar einungis að þau afmarkist af Strútsá.

Suðurmerkjum Villingadals, gagnvart landsvæðum í Djúpavogshreppi, er ekki sérstaklega lýst. Óbyggðanefnd telur eðlilegt að á milli Sultarranaár og Strútsár verði miðað við sveitarfélaga- og sýslumörk, gagnvart Djúpavogshreppi (Suður-Múlasýslu).

Af lýsingum framangreindra landamerkjabréfa, auk tveggja landamerkjabréfa jarðarinnar Sturluflatar sem einnig eru frá árunum 1884 og 1921, liggja jarðirnar Víðivallagerði og Sturluflöt á milli Víðivalla fremri og Villingadals. Sturluflöt á þannig suðurmerki að Villingadal, Víðivallagerði að Sturluflöt og Víðivellir fremri að Víðivallagerði. Eldri heimildir um merki þessara jarða benda til hins sama, sbr. einnig kafla 6.8. um Sturluflöt.

Í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882 var gert landamerkjabréf fyrir Víðivelli fremri og Víðivallagerði og nýtt bréf fyrir Víðivelli fremri eftir að ný landamerkjalög tóku gildi 1919. Í þessum bréfum er lýst sérstaklega aðskildu landsvæði, svokölluðum Villingadal. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum Villingadals sé þar rétt lýst. Skjöl þessi voru þinglesin og innfærð í landamerkjabók sýslumanns. Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir þeirri niðurstöðu Hæstaréttar að landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða en hins vegar verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega, sjá nánar í kafla 6.1.1. Með því að gera landamerkjabréf hafa menn ekki getað einhliða aukið við land sitt eða annan rétt. Frá upphafi Íslandsbyggðar helguðu menn sér ekki eingöngu ákveðin landsvæði, sem voru háð beinum eignarrétti, heldur einnig ítök, afrétti og öll önnur réttindi sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra. Meðan landsvæði gaf eitthvað af sér lágu hagsmunir til þess að halda við merkjum réttindanna, hvers eðlis sem þau voru. Ber um þetta efni sérstaklega að vísa til dóms Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2006 (Hoffellslambatungur).

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Þar ber þess fyrst að geta að engar skriflegar heimildir styðja það að nokkurn tíma hafi verið búið heilsársbúsetu í Villingadal. Svo sem rakið er í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámabók* hvort og þá að hvaða marki landnám á þessu svæði náði inn til landsins. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landanámslýsinga verður þó að telja fremur ólíklegt að Villingadalur hafi verið numinn. Óvissa um aðferðir við landnám er þó of mikil til þess að hægt sé að fullyrða

um stærð landnáma á þeim grundvelli, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Villingadals sést fyrst getið í úttekt á Skriðuklaustursjörðum 1841, þar sem segir að „mælt sé“ að dalurinn tilheyri Sturluflöt. Í úttektum á Víðivöllum fremri frá árunum 1828 og 1841 er Villingadals í engu getið. Í jarðamati 1849 segir að Víðivellir fremri eigi „að tiltölu til afréttar fyrir sig á svokölludum Villíngadal“. Í mati Skriðuklaustursjarða frá 1878 segir að fyrir utan Skriðuklaustur sjálft og Víðivelli fremri eigi engar klausturjarðir afrétti. Í landamerkjabréfi Víðivallagerðis og Víðivalla fremri frá árinu 1884 segir að undir Víðivelli fremri liggi Villingadalur. Næst er fjallað um landsvæðið í lýsingu Víðivalla fremri, dags. 10. ágúst 1914, þar sem segir að jörðinni fylgi afréttur á Villingadal sem muni hafa verið fenginn í skiptum á engjaparti við jörðina Sturluflöt. Tekið er fram að vegna staðhátta hafi jörðin „lítil not afréttarins og notar hana ekki fyrir búfé ábúenda, vegna þess að fé rennur þaðan á afrétt fjarlægra sveita (suðurhluta S. Múlasýslu), né heldur fá aðrir upprekstur á afrétt þessa“. Í landamerkjabréfi Víðivalla fremri frá árinu 1921 segir að undir jörðina liggi Villingadalur. Í ritinu *Göngur og réttir* er Villingadalur talinn upp meðal afréttarlanda í Fljótsdal og í byggðasögunni *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* segir að Villingadalur sé meðal afréttarlanda í hreppnum. Þar segir einnig að heiðarflæmin allt vestan frá Jökulsá, inn til jökla og austur að Strútsá og Fellsá, „teljist nú almenningur, þar eð Fljótsdalshreppur sér um göngur á svæðinu“.

Óbyggðanefnd telur að framangreindar heimildir bendi til þess að Villingadalur hafi verið afréttur í þeim skilningi að jörðin Víðivellir fremri eigi þar óbein eignarréttindi fremur en beinan eignarrétt, sbr. einnig orðalag og efnisskipan í landamerkjabréfum 1884 og 1921. Eldri heimildir um merki jarða á þessu svæði benda ekki heldur til þess að Villingadalur hafi talist innan þeirra. Ekkert liggur fyrir um að Villingadalur hafi nokkurn tíma verið nýttur til annars en sumarbeitar fyrir búfé og ef til vill annarra takmarkaðra nota. Sama verður einnig ráðið af staðháttum og gróðurfari en um er að ræða fjallaland, fjarri byggð. Svör hreppstjóra við fyrirspurn sýslumanns Múlasýslu árið 1920 samrýmast þessu. Að því er varðar greiðslu felligjalda hreindýra til eigenda Víðivalla fremri telur óbyggðanefnd að slíkar greiðslur séu í samræmi við þann rétt sem afréttareign veitir, sjá nánari umfjöllun í kafla 6.4.8.

Ekki liggur fyrir hvernig eigendur Víðivalla fremri eru komnir að rétti sínum til þessa landsvæðis. Í máli þessu er ekki sýnt fram á annað en réttur til Villingadals hafi orðið til á þann veg, að landsvæðið hafi verið tekið til sumarbeitar fyrir búpening og ef til vill annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur sem sveitarstjórnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að Villingadalur sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttað hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi

verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.[220] Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að Villingadalur sé í afréttareign Víðivalla fremri.

Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið fjallað um og talið þjóðlenda í afréttareign eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitarsvæði taka þó breytingum auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði [...] sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé", sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem nefnt er Villingadalur, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Frá þeim stað þar sem Strútsá fellur í Fellsá og þaðan eftir Fellsá í Sultarranaá og síðan Sultarranaá í sveitarfélaga- og sýslumörk gagnvart Djúpavogshreppi. Þeim mörkum er fylgt norður þar til komið er að Strútsá og ræður síðan sú á þar til hún fellur í Fellsá.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Víðivalla fremri, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Hluti þess svæðis sem hér hefur verið lýst þjóðlenda og í afréttareign Víðivalla fremri, nánar tiltekið „Strútsfoss", er háður sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. nánari skilgreiningu í náttúruminjaskrá.

## 6.8. Sturluflöt

### 6.8.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem ábúandi ríkisjarðarinnar Sturluflatar gerir einnig kröfu til að talinn verði eignarland þeirrar jarðar og háð nýtingarrétti hans í samræmi við ábúðarsamning.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá suðurmörkum kröfusvæðis eiganda Víðivallagerðis úr Gilsá þar sem bein austurlína frá Sturluá, þar sem hún rennur í brúnum fyrir ofan Sturluflöt, sker ána. Þaðan er dregin lína í Strútsá austur á Hraunum og Strútsá síðan fylgt í Fellsá. Samkvæmt þessari kröfugerð er landsvæði vestan undir Hornbrynju í þjóðlendu. Á móti hafa ábúendur Sturluflatar lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggi innan merkja jarðarinnar. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.13.

Að Sturluflöt liggja Villingadalur og Suðurfell til suðvesturs og Þorgerðarstaðir til vesturs. Víðivallagerði liggur til norðurs og landsvæði í fyrrum

[220] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Geithellnahreppi, nú í Djúpavogshreppi, til austurs. Bæjarstæði Sturluflatar liggur norðan Fellsár við Kelduá. Ágreiningssvæðið er um 5 km frá bæjarstæðinu og tekur til Hornbrynju og landsvæðis vestan við hana. Það liggur í um og yfir 700 m og rís hæst við Hornbrynju í 981 m hæð. Inn á svæðið ganga hin svonefndu Hraun sem eru stórt landsvæði norðaustan Vatnajökuls. Nákvæmt afmörkun Hrauna liggur ekki fyrir en ljóst að þau taka hvergi við fyrr en samfelldum gróðri sleppir. Þar setja svip sinn á landið gróðurvana jökulurðir, öldur og fell.

### 6.8.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(6), er því haldið fram að af frásögnum *Landnámu* verði ekki ráðið að landsvæði þetta hafi verið numið. Eftir landnám hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist, heldur hafi eigendalausum svæðum fjölgað með tímanum. Byggt er á því að almenningar, eins og þeir hafi verið skilgreindir fyrir gildistöku þjóðlendulaga, hafi verið eignarréttarlegt hugtak yfir það sem nú heiti þjóðlenda. Vísað er til landamerkjabréfs Sturluflatar frá árinu 1884. Lýsing þess verði ekki skilin þannig að hún taki til lands alla leið að hreppamörkum heldur nái hún einungis inn á Hraun. Þannig verði þjóðlenda á þeim hluta Hornbrynju sem til meðferðar sé í málinu. Slíkt sé í samræmi við annað þjóðlendukröfusvæði.

Við aðra fyrirtöku málsins 9. mars 2006 tilkynnti óbyggðanefnd að hún teldi rétt að kröfur ábúenda ríkisjarða í málinu kæmu til athugunar. Af hálfu ábúenda Sturluflatar, sbr. skjöl nr. 5(5), 12 og 12(5), er byggt á þinglýstum landamerkjabréfum Sturluflatar frá 1884 og 1921. Skýra verði þau svo að þau taki til lands allt að vatnaskilum í austri. Sjá einnig umfjöllun um sjónarmið ábúenda Sturluflatar í kafla 6.8.2.

### 6.8.3. Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Sturluflatar er rakin í kafla 5.8. Þar kemur fram að Sturluflatar er getið í heimildum allt frá byrjun 15. aldar. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.[221] Svo sem fram kemur í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámabók* hversu langt landnám í Fljótsdal náði inn til landsins. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að hluta innan þess. Einnig ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Fljótsdal, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 27.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Sturluflatar er lýst í heimildum. Þar liggja fyrir tvö landamerkjabréf, hið eldra dags. 18. júní 1884 og þing. næsta dag, hið yngra dags. 16. desember 1921 og þingl. 25. júlí 1922, auk tveggja eldri úttekta, frá

[221] Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

17. september 1828 og 26. apríl 1841. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að jörðinni. Athugun þessi tekur fyrst og fremst til austurmerkja og austanverðra suður- og norðurmerkja, inn til fjalla og innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Sturluflatar verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins.

Samkvæmt báðum landamerkjabréfum Sturluflatar eru suðvesturmörk hennar, gagnvart Suðurfelli og Villingadal, „að framan Fellsá og Strútsá austur á Hraun“. Bréfið eru árituð vegna Valþjófsstaðar. Í úttekt Sturluflatar frá 1828 er miðað við Fellsá einungis eða „Fellsá ad framan, Strúgsá ad ofan“, eftir því hvaða útgáfa úttektarinnar er skoðuð. Í síðari úttekt jarðarinnar, frá 1841, eru merkin miðuð við „Strútsá uppa heidi sem liggur ofan vid landid alt austur ad hraungardi“. Framangreind merki eru í samræmi við merkjalýsingar Suðurfells og Villingadal, sbr. kafla hér að framan, enda glögg skil frá náttúrunnar hendi.

Að vestan miðast merki Sturluflatar við Kelduá, samkvæmt öllum framangreindum lýsingum. Er þá komið út fyrir ágreiningssvæði í máli þessu.

Verður þá næst litið til norðurmerkja Sturluflatar, gagnvart Víðivallagerði. Samkvæmt báðum landamerkjabréfum Sturluflatar miðast þau við „Sturluá upp fyrir brúnir“. Síðara bréfið er áritað vegna Víðivallagerðis. Í úttekt Sturluflatar frá 1828 er einnig miðað við „Sturlá ad utan verdu“. Í úttektinni frá 1841 segir „Sturlá upp fyrir brúnir“. Landamerkjabréf Sturluflatar eru í samræmi við landamerkjabréf Víðivallagerðis og Víðivelli fremri, dags. 16. júní og þingl. 19. júní sama ár, sem segir að merki fyrrnefndu jarðarinnar séu að framan „Sturluá upp á fjall“.

Að því er varðar austurmerki Sturluflatar, gagnvart Hornbrynju og landsvæðum í fyrrum Skriðdalshreppi sem taldist til Suður-Múlasýslu. Elstu heimildir um merki Sturluflatar, úttektirnar frá 1828 og 1841, lýsa þeim ekki sérstaklega, miða einungis við Sturluá að norðan og Strútsá að sunnan. Í landamerkjabréfunum er hins vegar tekið fram að frá „Sturluá upp fyrir brúnir“ sé farin „bein stefna austur í Hraun“.

Hin svokölluðu Hraun taka yfir mjög víðfeðmt svæði og afmörkun þess er óljós. Hornbrynja (961 m) hefur verið talin innan þess og þar eiga Sturluá og Strútsá upptök sín. Ábúandi Sturluflatar túlkar heimildir þannig að merki jarðarinnar til austurs nái að vatnaskilum á Hornbrynju þar sem jafnframt hafa verið sveitarfélaga- og sýslumörk. Af hálfu eiganda jarðarinnar, íslenska ríkisins, er hins vegar litið svo á að merki hennar nái ekki svo langt austur. Af hálfu íslenska ríkisins er hins vegar litið svo á að jörðin Sturluflöt sé háð beinum eignarrétti innan réttra merkja.

Óbyggðanefnd telur að eldri heimildir um Sturluflöt og staðhættir styðji þá skýringu á landamerkjabréfum jarðarinnar að merki hennar til norðvesturs miðist við sveitarfélagamörk á Hornbrynju, svo sem ábúandi hefur haldið fram í málinu.

Við aðalmeðferð þessa máls lýsti lögmaður íslenska ríkisins því yfir að ekki bæri að líta svo á að í þjóðlendukröfu ríkisins fælist afsal á landi í eigu ríkisins. Samkvæmt því ætti niðurstaða óbyggðanefndar gagnvart ríkisjörðum að ráðast af

sömu atriðum og lögð eru til grundvallar um annað eignarland. Samkvæmt því ber ekki að úrskurða umrætt landsvæði þjóðlendu þá þegar af þeirri ástæðu að íslenska ríkið dró þjóðlendukröfulínu sína með þeim hætti sem raun ber vitni.

Í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882 var gert landamerkjabréf fyrir jörðina Sturluflöt og annað eftir setningu nýrra landamerkjalaga 1919. Þau eru efnislega samhljóða um merki og eldri heimildir benda til þess að landamerkjum hennar sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Bréfin voru undirrituð af fyrirsvarsmönnum jarðarinnar, þinglesin, færð í landamerkjabók og á þeim byggt síðan um merki jarðarinnar án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir eða ágreiningur. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um þýðingu landamerkjabréfa almennt fyrir jarðir við mat á sönnun um eignarhald að landi vísast til þess sem rakið er í kafla 6.1.1.

Ekki eru heimildir um annað en jörðin Sturluflöt hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem nánar er lýst hér framar hafa fyrirsvarsmenn jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Hálendari hluti jarðarinnar hefur þar ekki verið undanskilinn enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Ekki verður annað séð en þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingar-möguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja Sturluflatar sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[222]

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Sturluflatar, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.9. Hluti Vatnajökuls

Hér verður tekin afstaða til eignarréttarlegrar stöðu þess hluta Vatnajökuls sem til umfjöllunar er í máli þessu, sbr. kafla 2.4., og liggur sunnan þeirra landsvæða sem fyrri kaflar í úrskurði þessum taka til.

---

[222] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Kröfugerð íslenska ríkisins felur í sér að umrætt jökulsvæði sé þjóðlenda, sbr. kafla 3.1.1. Aðrir hafa ekki gert kröfu um eignarréttindi þar, að öðru leyti en því að jökulrönd á hverjum tíma ráði merkjum aðliggjandi kröfusvæða.

Óbyggðanefnd hefur áður komist að þeirri niðurstöðu að um eignarréttarlega stöðu jökulsvæða almennt fari eftir sömu reglum og um önnur landsvæði.[223] Að því er varðar þann hluta Vatnajökuls sem hér um ræðir er ekkert sem bendir til að þar hafi stofnast til beins eignarréttar eða takmarkaðra eignarréttinda fyrir nám, löggerninga, hefð eða með öðrum hætti.

Að því leyti sem jökulsvæði þetta liggur að afréttum í þjóðlendu, svo sem þær hafa verið skilgreindar fyrr í úrskurði þessum og í úrskurðarorðum, telur óbyggðanefnd fullnægjandi að miða einfaldlega og án nánari afmörkunar við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði þetta á Vatnajökli, svo sem það er afmarkað hér á eftir, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Frá jaðri Brúarjökuls, við upptök Jökulsár á Jökuldal, er dregin lína til suðurs í miðja Breiðubungu og þaðan til norðausturs yfir Goðahnjúka í nafnlausan hnjúk skammt sunnan Grendils, áfram í Grendil, þaðan yfir hnjúk í 1438 m hæð og að jökuljaðrinum, í stefnu á Geldingafell. Síðan er jökuljaðrinum fylgt þar til kemur að framangreindum punkti við upptök Jökulsár á Jökuldal. Að því leyti sem fylgt er jökuljaðri er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.*

## 6.10. Um málskostnað

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat hefur nefndin m.a. litið til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eiga að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga enda rekist hagsmunir ekki á. Við mat á fjárhæð kostnaðar hefur nefndin enn fremur litið til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu.

[223] Sjá umfjöllun um jökla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

## 7. ÚRSKURÐARORÐ[224]

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. nyrðri hluti afréttarlandanna Rana og Undir Fellum að frátöldu Brattagerði,[225] er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Frá merkjavörðu (merkt L.M.) í Miðheiðarhálsi er dregin lína í stefnu á ósinn úr Hólmavatni, þar til kemur að skurðpunkti við línu sem liggur frá merkigarði þeim, sem liggur frá Jökulsá í Fljótsdal fram og upp eftir nesinu upp undir fjall, þaðan sjónhending upp á fjall og áfram í stóran stein, sem stendur utan til á ytra Eyvindarfjalli. Frá þeim skurðpunkti er þeirri línu fylgt að framangreindum stórum steini á ytra Eyvindarfjalli og þaðan í Jökulsá á Jökuldal, þar sem Hölkná rennur í hana. Jökulsá á Jökuldal ræður síðan [þangað sem Sauðá fellur í hana og síðan Sauðá þangað sem hún fellur niður af efstu fjallsbrúninni. Þaðan er dregin lína í vörðu sem hlaðin er upp á millum tveggja stórra jarðfastra steina og síðan að þeim stað þar sem Eiríksstaðavegur yfir heiðina liggur út í Eyvindará. Eftir það er Eyvindará fylgt]*[226] *þar til kemur að skurðpunkti við línu sem dregin er frá merkjavörðu (merkt L.M.) í Miðheiðarhálsi og þvert vestur heiði í merkjavörðu í svokölluðum Klappalækjarflóa og í Eyvindará. Er þá miðað við þá línu sem aðilar eru ásáttir um. Þessari línu er fylgt frá framangreindum skurðpunkti hennar við Eyvindará og að upphafspunkti lýsingar þessarar, þ.e. merkjavörðu (merkt L.M.) í Miðheiðarhálsi.*

Sama landsvæði er í afréttareign Skriðuklausturs, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Vesturöræfi ásamt syðri hluta afréttarlandanna Rana og Undir Fellum, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Að vestan ræður hinn forni farvegur Jökulsár á Jökuldal þar til kemur að suðurmörkum Aðalbóls, þ.e. línu sem dregin er yfir Búrfell utanvert, þvert yfir Hrafnkelsdal inni undir Tungusporði, um Kálfafell í Hölkná. Ræður sú á merkjum þar til hún kemur niður í Jökulsá á Jökuldal. Frá þeim stað er dregin lína í suðaustur að stórum steini sem stendur utan til á ytra Eyvindarfjalli. Þaðan er dregin lína til austurs, í stefnu á*

[224] Sjá til skýringar fylgiskjal nr. I (kort). Við afmörkun þjóðlendu í hverju máli fyrir sig er miðað við orðalag í fyrirliggjandi heimildum um það landsvæði sem til meðferðar er. Blæbrigðamunur kann því að vera á lýsingum á sömu línu á milli einstakra mála.

[225] Við endurupptöku málsins, 12. febrúar 2009, var bókað um breytt úrskurðarorð, nánar tiltekið þannig að nýbýlið Brattgerði er utan þjóðlendu.

[226] Textinn í hornklofa er úr fyrrnefndri bókun frá 12. febrúar 2009.

*merkigarð við Jökulsá, og fer hún saman við kröfulínu gagnaðila ríkisins í máli þessu. Þar sem lína þessi sker línu sem dregin úr ósi Hólmavatns í innri merkjavörðu í Miðheiðarhálsi er hornmark. Frá því hornmarki er dregin lína í ós Hólmavatns og að Svartöldu austan Langavatns. Þaðan er farið í Axará og henni fylgt austur í Jökulsá í Fljótsdal sem ræður merkjum þar til komið er að upptökum hennar í Vatnajökli. Þaðan ræður jökuljaðarinn þar til komið er að upptökum Jökulsár á Jökuldal. Að því leyti sem fylgt er jökuljaðri er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.*

Sama landsvæði er í afréttareign eiganda Valþjófsstaðar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Múlaafréttur, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*EftirEftir Eftir Sníkilsá, þeirri er sunnar liggur og aðilar miða við í kröfugerð sinni, frá þeim stað þar sem hún rennur í Jökulsá í Fljótsdal og allt að upptökum. Þaðan er dregin lína í Þverfell, við Tunguá, þeirri á fylgt fram á Tungufell og síðan dregin lína í Grasanes. Þaðan er Kelduá fylgt til jökuls, síðan jökuljaðrinum, eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, að upptökum Jökulsár í Fljótsdal við Eyjabakkajökul og loks þeirri á að fyrstnefndri Sníkilsá.*

Sama landsvæði er í afréttareign Glúmsstaða og Glúmsstaðasels vestan megin við vatnaskil en Þorgerðarstaða austan megin, sbr. kröfulínur aðila, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Suðurfell, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Frá ármótum Kelduár og Fellsár er síðarnefndu ánni fylgt þar til Sultarranaá rennur í hana. Ræður síðan Sultarranaá að sýslu- og sveitarfélagamörkum gagnvart Djúpavogshreppi. Þeim mörkum er fylgt áfram þar til mörk gagnvart Sveitarfélaginu Hornafirði taka við og nær síðarnefnda viðmiðunin allt að jaðri Vatnajökuls við Geldingafell. Síðan er jökuljaðrinum fylgt að upptökum Kelduár og loks þeirri á allt að fyrrnefndum ármótum við Fellsá.*

Hluti þessa landsvæðis er jafnframt í afréttareign Valþjófsstaðar, nánar tiltekið sá hluti þess sem liggur norðan við línu sem dregin er úr jaðri Vatnajökuls yfir Geldingafell og Sauðárvatn að Sultarranaá, í beina stefnu á Sauðahnjúka, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Villingadalur, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Frá þeim stað þar sem Strútsá fellur í Fellsá og þaðan eftir Fellsá í Sultarranaá og síðan Sultarranaá í sveitarfélaga- og sýslumörk gagnvart Djúpavogshreppi. Þeim mörkum er fylgt norður þar til komið er að Strútsá og ræður síðan sú á þar til hún fellur í Fellsá.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Víðivalla fremri, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Sá hluti Vatnajökuls sem afmarkaður er hér á eftir er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Frá jaðri Brúarjökuls, við upptök Jökulsár á Jökuldal, er dregin lína til suðurs í miðja Breiðubungu og þaðan til norðausturs yfir Goðahnjúka í nafnlausan hnjúk skammt sunnan Grendils, áfram í Grendil, þaðan yfir hnjúk í 1438 m hæð og að jökuljaðrinum, í stefnu á Geldingafell. Síðan er jökuljaðrinum fylgt þar til kemur að framangreindum punkti við upptök Jökulsár á Jökuldal. Að því leyti sem fylgt er jökuljaðri er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.*

Útlagður kostnaður málsaðila, annarra en fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins, utan þóknunar lögmanna, hefur þegar verið endurgreiddur úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998. Þóknun málflytjenda ákvarðast svo: Friðbjörn E. Garðarsson hdl. kr. 3.980.000.– og Ólafur Björnsson hrl. kr. 1.320.000.– og greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

Gerður er fyrirvari um hnitasetningu þjóðlendulínu að liðnum málsskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu. Þá getur skipan þjóðlendu innan staðarmarka sveitarfélaga komið til endurskoðunar.

Kristján Torfason

Allan Vagn Magnússon

Sif Guðjónsdóttir

## VIÐAUKI

# A L M E N N A R N I Ð U R S T Ö Ð U R
# Ó B Y G G Ð A N E F N D A R

**í málunum nr. 1-7/2000 (uppsveitir Árnessýslu)**
**og 1-5/2001 (sveitarfélagið Hornafjörður)**

**Sérprentun 3. júní 2004**

# EFNISYFIRLIT

**FORMÁLI** ... **154**

**1. INNGANGUR** ... **155**

**2. GRÓÐURFAR VIÐ LANDNÁM OG SÍÐARI BREYTINGAR** ... **155**

**3. STOFNUN EIGNARRÉTTINDA** ... **156**

3.1. Landnám ... 156
3.2. Hefð ... 159
3.3. Lög ... 163

**4. FLOKKUN LANDS** ... **164**

4.1. Almennt ... 164
4.2. Jörð ... 165
4.3. Almenningar ... 171
4.4. Afréttir ... 173
4.5. Jörð eða afréttur? ... 180
4.6. Jöklar ... 181
4.7. Fjallskil ... 187
4.8. Ítök ... 190
4.9. Fjörur og rekaeign ... 193

**5. HEIMILDIR UM EIGNARHALD** ... **198**

5.1. Almennt ... 198
5.2. Jarðamöt og jarðabækur ... 198
5.3. Máldagar og vísitasíur ... 200
5.4. Lögfestur ... 203
5.5. Jarðabréf og landamerkjabréf ... 204
5.6. Afsals- og veðmálabækur ... 208
5.7. Aðrar heimildir ... 209

**6. NIÐURSTAÐA** ... **210**

## FORMÁLI

Í úrskurðum óbyggðanefndar á fyrsta landsvæðinu sem tekið var til meðferðar, sjá mál nr. 1-7/2000, er í kaflanum „Almennar niðurstöður óbyggðanefndar“ gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þeirra mála sem undir nefndina heyra. Í úrskurðum óbyggðanefndar á næsta landsvæði sem tekið var til meðferðar er í kaflanum „Viðauki við almennar niðurstöður óbyggðanefndar“ aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við, sjá mál nr. 1-5/2001. Framangreindir tveir kaflar hafa nú verið felldir saman, með lítils háttar breytingum, og fara hér á eftir.

## 1. INNGANGUR

Hér verður gerð grein fyrir almennum athugunum og niðurstöðum óbyggðanefndar um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu geta haft við úrlausn þeirra mála sem undir nefndina heyra.

Í upphafi verður gefið yfirlit um gróðurfar á Íslandi við landnám og þeim breytingum sem á því hafa orðið síðan. Þá verður fjallað um landnám, hefð og lög sem stofnunarhætti eignarréttinda.

Því næst verður gerð grein fyrir flokkun lands í *jarðir*, *almenninga* og *afrétti* og eignarréttarlegri þýðingu þessara hugtaka. Hugað verður sérstaklega að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka ásamt eignarhaldi á landi undir jöklum og mörk við jökul eða á. Þá verður fjallað um hvort og þá hvaða vísbendingar um eignarréttarlega stöðu lands má draga af fyrirkomulagi fjallskila og tilvist ítaka til lands eða sjávar, hvaða réttur felist í fjörueign og hver séu merki sjávarjarða til hafsins.

Loks verður fjallað um efni og gildi þeirra heimilda sem einna helst fjalla um eignarréttindi fyrr á tímum. Gerð verður sérstök grein fyrir jarðamötum og jarðabókum, máldögum og vísitasíum, lögfestum, jarðabréfum og landamerkjabréfum, afsals- og veðmálabókum.

## 2. GRÓÐURFAR VIÐ LANDNÁM OG SÍÐARI BREYTINGAR

Íslandi má skipta í þrjú hæðar- eða gróðurbelti, þ.e. *láglendisbelti, hlíðabelti og hálendis- eða fjallbelti.*[1] Þessi skipting byggist á því að lífsskilyrði fyrir plöntur og aðrar lífverur, þ.á m. búsetuskilyrði fyrir fólk, fara stigversnandi með vaxandi hæð yfir sjávarmáli og lækkandi meðalhita. Höfuðeinkenni gróðurfars breytast því frá láglendisbelti og upp til efstu gróðurmarka á hálendi, tegundum plantna fækkar mjög, harðgerar tegundir verða ríkjandi, uppskerumagn minnkar og gróðurþekjan verður gisnari.

Gróðurbeltin eru í mismunandi hæð í hinum ýmsu landshlutum, eftir því hvort um er að ræða innhéruð eða útnes, eftir snjóalögum o.s.frv. Milli gróðurbeltanna eru að sjálfsögðu ekki skörp skil heldur breytist gróðurfar stig af stigi með vaxandi hæð yfir sjávarmáli. Í grófum dráttum nær láglendisbelti landsins upp í 100-150 m hæð og sums staðar nokkru hærra sunnanlands. Hlíðabeltið tekur við og nær upp í 300-400 m hæð, en þar ofan við er hálendisbeltið. Ætla má að um landnám hafi mörkin legið nokkru ofar.

[1] Steindór Steindórsson, 1964: *Gróður á Íslandi*. Reykjavík. S. 28.

Talið er að við landnám hafi gróður þakið um $^{2}/_{3}$ hluta af yfirborði landsins.[2] Mikill hluti láglendis- og hlíðabelta, svo og hálendisbeltis upp að 600-700 m hæð á miðhálendinu, hefur verið þakinn nokkuð samfelldum gróðri og jarðvegi. Ofar hefur gróðurinn orðið stöðugt gisnari, uns hann hefur horfið að mestu í 800-1000 m hæð. Í fjalllendi útnesja og í bröttum fjallahlíðum hafa efri mörk samfellds gróðurs legið neðar.

Við landnám hefur birkiskógur og kjarr sett mestan svip á gróðurfar í láglendis- og hlíðabeltum og jafnvel teygt sig upp í hálendisbelti við bestu aðstæður. Áætlað er að skóglendi og kjarr hafi þakið um $^{1}/_{4}$ hluta landsins. Það var lang-verðmætasta gróðurlendi landsins vegna mikillar grósku, fjölþættra nota og jarðvegs-verndar. Ofan skógarmarka hafa smárunnar, ýmsar lyngtegundir og harðgerar jurtir verið ríkjandi tegundir. Þar sem jarðvatnsstaða var há, á láglendi og hálendi, var gróskumikill votlendisgróður. Rýr mosagróður tók við þegar nálgaðist efri mörk gróðurs, og loks voru plöntur á stangli á því landi sem í daglegu tali er nefnt ógróið.

Nú þekur gróður aðeins um $^{1}/_{4}$ hluta landsins í heild og um $^{10}/_{100}$ hluta ísfrírra svæða miðhálendisins, í stað nær helmings um landnám. Aðeins um $^{1}/_{100}$ hluti lands-ins er skógi eða kjarri vaxinn. Gróðurþekja landsins hefur þannig bæði dregist saman og gæði hennar rýrnað.

Langmest hefur rýrnun landgæða orðið í hálendisbeltinu, einkum á mið-hálendinu. Afleiðingar þessa eru m.a. þær að verulegur hluti miðhálendisins, sem um landnám og fram eftir öldum var vel fallið til sumarbeitar, er nú gróðursnauðar auðnir.

## 3. STOFNUN EIGNARRÉTTINDA

Þeir stofnunarhættir eignarréttinda sem huga þarf sérstaklega að í þessu sambandi eru landnám, hefð og lög.

### 3.1. Landnám

Hér á landi var fyrst stofnað til eignarréttar yfir landi með námi. Telja verður líklegt að eigi síðar en með gildistöku ákvæða Jónsbókar um afrétti og almenninga hafi nám verið útilokað. Vafalaust er þó að eftir lögtöku nýbýlatilskipunar 1776 er nám úr sögunni sem stofnunarháttur eignarréttar hér á landi.[3]

Landnámabók hefur löngum verið talin mikilvægasta heimildin um upphaf byggðar á Íslandi. Þar eru nefndir um 430 karlar og konur sem námu land eða eignuð-ust það úr landnámi annarra. Þá eru þar nöfn um 600 bæja sem risið eiga að hafa á

---

[2] Ingvi Þorsteinsson og Sigurður Blöndal, 1986: *Gróðureyðing og endurheimt landgæða*. Reykjavík. S. 13.

[3] Sbr. Gaukur Jörundsson: „Um afrétti og almenninga", óbirt fjölrit, bls. 10-11. Gaukur Jörundsson, 1982-83: *Eignaréttur* II (fjölr.). Reykjavík, S. 133-134. Þorgeir Örlygsson, 1994: „Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum." *Afmælisrit. Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 565.

landnámsöld, þ.e. á árunum 874-930. Efni Landnámu er spunnið úr þremur meginþáttum: landnámafrásögnum, greinargerð fyrir landnámsmönnum, ætt þeirra og niðjum og fróðleik af ýmsum toga sem lýsir m.a. viðskiptum manna, stjórnarfari, trú og siðum, skipakosti, húsakynnum, búpeningseign og landsháttum.

Landnáma er varðveitt í fimm gerðum, misjafnlega heillegum. Þrjár þeirra eru að stofni til frá miðöldum en tvær voru ritaðar á 17. öld. Melabók mun vera elst þeirra og standa næst frumgerð Landnámabókar, sem talin er rituð á fyrri hluta 12. aldar en er nú glötuð. Ljóst er því að tvö hundruð ár hið minnsta hafa liðið þar til frásagnir um landnám voru skráðar. Allmikill efnislegur munur er á varðveittum gerðum Landnámabókar en þó eru landnámalýsingar yfirleitt nokkuð samhljóða.

Ýmsar sagnir er að finna í Landnámu um það hvernig menn fóru að því að nema land. Í Hauksbókargerð Landnámu er greint frá því að Íslendingar hafi leitað til Haralds konungs hárfagra um aðstoð við að setja reglur um stærð landnáma. Þá voru sett ákvæði um að enginn skyldi víðara nema en hann mætti eldi yfir fara á einum degi með skipverjum sínum.[4] Um konur virðist hins vegar hafa gilt sú regla að þær skyldu ekki nema víðara land en leiða mætti kvígu tvævetra vorlangan dag sólsetra á milli, vel fóðraða.[5] Fleiri aðferðir eru tilfærðar. Helgi magri, sem nam allan Eyjafjörð, er t.d. sagður hafa gert eld mikinn við hvern vatnsós og helgað sér svo allt hérað, væntanlega allt vatnasvæði árinnar. Stundum virðist kvikféð sjálft hafa ráðið ferðinni. Í upphafi þess hluta Landnámu sem fjallar um Sunnlendingafjórðung segir m.a. á þessa leið: „Sumir þeir, er fyrstir kómu út, byggðu næstir fjǫllum ok merkðu at því landskostina, at kvikféit fýstisk frá sjónum til fjallanna.“[6]

Á síðustu áratugum hafa ýmsir fræðimenn á sviði sagnfræði og bókmennta sett fram kenningar um sannfræði Landnámu. Annars vegar hefur því verið haldið fram að treysta megi frásögnum Landnámu í meginatriðum. Hér má nefna kenningar eins og þær að markmiðið með ritun Landnámu hafi verið að skapa grundvöll fyrir innleiðingu óðalsréttar hér á landi, undirbúa skiptingu landsins í kirkjusóknir eða varðveita ættartölur, með tilliti til erfða, hjúskapar o.fl., auk áhuga á sögu forfeðranna.[7] Hins vegar hefur því verið haldið fram að frásagnir Landnámu eigi lítið skylt við sögulegan veruleika. Í því sambandi ber að nefna þá kenningu að markmiðið hafi verið að renna stoðum undir eignarheimildir höfðingjaættanna fyrir þeim jörðum, einkum aðalbólum, sem þær töldu sig eiga á ritunartíma Landnámu.[8] Enn fremur

[4] *Landnámabók*, 1986. Jakob Benediktsson gaf út. (Íslensk fornrit. 1. b.) Reykjavík, s. 337.
[5] *Landnámabók* 1986, s. 321.
[6] *Landnámabók* 1986, s. 337.
[7] Sbr. Barði Guðmundsson, 1938: „Uppruni Landnámabókar.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*, S. 6-7, 20. Jón Jóhannesson, 1954-58: „Sannfræði og uppruni Landnámu.“ *Saga. Tímarit Sögufélags,* S. 225-226. Einar Gunnar Pétursson, 1986: „Efling kirkjuvalds og ritun Landnámu.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 193-222.
[8] Sveinbjörn Rafnsson, 1974: *Studier i Landnámabók. Kritiska bidrag till den isländska fristatstidens historia.* Lundi, S. 203-217. Sveinbjörn Rafnsson, 1976: „Aðferðir og viðhorf í Landnámurannsóknum.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*, s. 222-225, 231-233.

hefur því verið haldið fram að sum nöfn landnámsmanna séu dregin af kennileitum, náttúrufari eða búskaparháttum.[9] Heimildargildi Landnámu er því umdeilt meðal fræðimanna.

Í úrlausnum dómstóla hafa skýrar lýsingar Landnámu á umfangi landnáms verið taldar hafa sönnunargildi við mat á því hvort stofnast hafi til eignarréttar yfir tilteknu landsvæði. Þessi afstaða kemur fram í H 1994 2227 (Geitland). Þar er frásögn Landnámu um nám Geitlands talin sanna að í kjölfar landnáms hafi landsvæðið verið eignarland. Jafnframt ber að nefna H 1960 726 (Skeljabrekka) þar sem talið var auðsætt af frásögn Landnámu að landspilda hefði í öndverðu verið hluti af landi jarðarinnar Skeljabrekku. Takmarkaðar lýsingar í Landnámu hafa hins vegar fremur verið taldar mæla gegn því að land hafi verið numið og þannig orðið undirorpið beinum eignarrétti, sbr. H 1997 1162 (Auðkúluheiði), H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), H 1999 111 (Gilsá) og H 1999 2006 (Sandfellshagi). Þá hafa dómstólar litið til gróðurfars og staðhátta við mat á því hvort líkur séu á að landsvæði hafi verið numið, sbr. einkum H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá).

Það er álit óbyggðanefndar að Landnáma lýsi a.m.k. þeirri skiptingu lands sem menn töldu rétta eða voru ásáttir um á ritunartíma einstakra gerða. Þá er ljóst að landnámalýsingar hennar hafa verið vel kunnar landsmönnum og sannleiksgildi þeirra óumdeilt fram á síðustu áratugi. Þetta endurspeglast í úrlausnum dómstóla. Nefndin telur því að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar. Jafnframt benda frásagnir Landnámu almennt séð til þess að landnám hafi í einhverjum tilvikum náð lengra inn til landsins en lýst landamerki jarða á síðari tímum. Rannsóknir á sviði sagnfræði, fornleifafræði og náttúrufræði styðja þetta.[10] Svo sem fram kemur í kafla 2. hefur gróðurfar inn til landsins verið þannig að landnámsmenn kunna að hafa séð sér hag í að nema land ofar en byggð hefur náð á síðari tímum. Hins vegar hljóta staðhættir, þar á meðal hæð yfir sjávarmáli og fjarlægð frá byggð, að hafa takmarkað möguleika á nýtingu. Afar takmarkaðar ályktanir verða því dregnar af gróðurfari.

Í Landnámu er hins vegar sjaldan lýst nákvæmlega umfangi landnáms eða landamerkjum. Þetta á ekki hvað síst við inn til landsins. Óbyggðanefnd telur hæpið að af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.

Þá er ýmislegt óljóst um aðferðir við landnámið og hverju landnámsmenn sóttust eftir, þ.e.a.s. hvort þeir hafi einvörðungu miðað við gróðurfar og staðhætti eða

---

[9] Sbr. Þórhallur Vilmundarson, 1982: „- stad. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 16. b. Kaupmannahöfn. s. 578-584. Sjá ennfr. greinar Þórhalls Vilmundarsonar í *Grímni. Riti um nafnfræði*. 1-3. b. (1980-1996).
[10] Sbr. Kristján Eldjárn, 1974: „Fornþjóð og minjar.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 115. Jakob Benediktsson, 1974: „Landnám og upphaf allsherjarríkis.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 165.

hvort önnur atriði skiptu einnig máli, svo sem heppileg kennileiti, samgönguleiðir, völd og áhrif o.s.frv. Óvissa um aðferðir við landnám er of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli.

### 3.2. Hefð

Hugtakið hefð er hvorki að finna í Grágás né Jónsbók. Í Jónsbók má þó sjá þess merki að afnot manna af tilteknum fasteignatengdum hlunnindum hafi þótt benda til ákveðinna réttinda. Í 26. kapítula landsleigubálks stendur m.a.: „Nú hefir maður skóg, eng eða haga, reka eða aðrar landsnytjar .xx. [þ.e. 20] vetr eða lengr átǫlulaust, þá á sá er haft hefir, nema hinn hafi lǫgleg vitni til, at hann á, ef hann skal úræntr vera.“[11]

Enda þótt hugtakið komi ekki fyrir í lögbókunum virðist sem mönnum hafi snemma verið það kunnugt. Undir lok 12. aldar deildu leikmenn og Þorlákur biskup Þórhallsson um yfirráð kirkjueigna (staðamál fyrri). Bændur kröfðust forræðis yfir kirkjueignum í krafti „landsskapar ok fornrar hefðar“ en biskupinn kvað forna hefð ekki vega þyngra en lög kirkjunnar[12]. Þessi frásögn getur ekki ein og óstudd talist heimild um hefð í lagalegum skilningi. Allt eins er líklegt að orðið sé hér notað um eitthvað sem haldist hafi órofa um ótiltekinn tíma (sbr. orðasambandið „í hefð og haldi“).

Sumir fræðimenn hafa getið sér þess til að *hefð* sé komin inn í norræn lög úr kanónískum rétti. Í því sambandi er bent á að orðasamböndin „…sem að fornu hefir verið“ og „frá arilds tíð“ gætu verið þýðingar á latneska hugtakinu „praescriptio immemorialis“.[13]

Kaldangursrecess (Koldinghúsrecess) frá 13. desember 1558 var lögleiddur með konungsbréfi 20. mars 1563. Í konungsbréfi þessu segir að recessinn „skuli einnig ganga fyrir lög um þau efni, „sem íslensk lög þar um ekki áhræra né forklára“.“ Í recessnum, 50. kapitula, segir m.a. um 20 vetra hefð:

> Jtem huada godz og eigner nauckur madur hefur med haund haft og halldit xx wetur oklagad og okiært. þui ma hann kuijdulaust hallda og skal þad ecki wndan honum ganga nema suo finnist og bijuijsist þad sie j panta sett edur lient.[14]

Jón Þorkelsson þjóðskjalavörður athugaði á sínum tíma hvar vitnað væri til Kaldangursrecess í dómum og skjölum. Nefndi hann að í alþingisdómi 30. júní 1581, um Bjarneyjartolla, og í dómi Erlends sýslumanns Magnússonar 9. apríl 1594, um

---

[11] *Jónsbók*. Kong Magnus Hakonssons lovbog for Island vedtaget paa Altinget 1281 og réttarboetr de for Island givne retterbøder af 1294, 1305 og 1314. Kaupmannahöfn 1904. S. 156.

[12] Sbr. *Biskupa sögur*. 1. b. Kaupmannahöfn 1858. S. 281 (Oddaverja þáttur, ritaður í byrjun 13. aldar).

[13] Wallén, Per-Edwin, 1981: „Hævd. Sverige.“ *Kulturhistorisk lexikon for nordisk middelalder*. 7. b. Kaupmannahöfn (2. útg.). D. 285. Magnús Már Lárusson, 1981: „Hævd. Island.“ Sama rit, d. 287-288.

[14] *Íslenskt fornbréfasafn*. 13. b. Reykjavík 1933-1939. S. 355. Sbr. *Alþingisbækur Íslands*. 1. b. Reykjavík 1912-1914. S. 425-426. *Alþingisbækur Íslands*. 3. b. Reykjavík 1917-1918. S. 33-35.

Kleifarblá, sé vitnað í 50. kapitula í recessinum.[15] Af rannsókn Jóns verður ekki séð að recess þessi hafi haft þýðingu utan þessa.

Rétt er að taka fram að Kaldangursrecess er að engu getið í þeim umræðum sem fram fóru um miðja 19. öld um setningu hefðarlaga.

Af athugun á dómum í Íslensku fornbréfasafni og Alþingisbókum Íslendinga verður ekki dregin önnur og víðtækari ályktun en sú, að sá sem hafði haft umráð eignar um árabil væri líklegur eigandi hennar nema annað kæmi fram í dómum eða skjölum, svo sem oft er gerður fyrirvari um. Er sá fyrirvari einnig í samræmi við fyrrnefnt ákvæði Jónsbókar.

Í Dönsku lögum Kristjáns V. frá 1683 voru ákvæði um hefð og fleira. Samsvarandi ákvæði voru í Norsku lögum frá 1687 og segir þar m.a. svo í 5. bók, 5. kapitula, 3. gr:

> Hvis andet Gods og Ejendom nogen haver haft i Haand og Hævd i tyve Aar ulast og ukært til Tinge, det beholder hand uden anden Adkomst at fremvise, angerløst og uafvundet, med mindre det bevisis, at hand hafde det, enten til Pant, eller i Forlæning, eller i Forsvar.

Ákvæði þessi voru aldrei birt hér á landi en mörg dæmi eru þess að Yfirréttur og Landsyfirréttur beittu þessum lögum, sbr. t.d. dóm frá 5. maí 1830 þar sem vitnað er án nokkurs fyrirvara til Norsku laga 5-5-3.[16]

Þá var í erindisbréfi fyrir biskupana á Íslandi frá 1. júlí 1746 ákvæði í 16. gr. þar sem gert var ráð fyrir því að á 100 árum mætti hefða eignir og réttindi, sem verið hefðu kirkjueign.[17]

Vorið 1836 lagði Bjarni Thorsteinson amtmaður til við kansellíið í Kaupmannahöfn að 26. kapituli landsleigubálks Jónsbókar yrði numinn úr gildi og tekin upp ákvæði Dönsku laga um hefð. Fram kom að óljóst þætti hvort reglan í Jónsbók tæki einungis til hlunninda eða einnig til fasteigna. Kansellíið bar málið undir Landsyfirrétt og síðan embættismannanefndina sem skipuð var 22. ágúst 1838. Við athugun lögfróðra manna kom í ljós að íslenskir dómstólar á 17. og 18. öld og fram á þá 19. höfðu í langflestum tilvikum tekið mið af Dönsku og Norsku lögum í þeim málum sem snertu hefð. Flestir nefndarmanna voru þeirrar skoðunar að rétt væri að innleiða hér dönsk hefðarlög.[18]

Árið 1845 var lagt fyrir ráðgjafaþingið frumvarp kansellísins til tilskipunar um hefð og fyrningu. Var þar gert ráð fyrir að ákvæði Dönsku laga um hefð og fyrningu yrðu lögleidd hér á landi.

---

[15] *Íslenskt fornbréfasafn*. 13., s. 351.
[16] *Landsyfirrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenzkum málum 1802-1873*. 3. b. Reykjavík 1925-1931. S. 360-374.
[17] *Lovsamling for Island*. 2. b. Kaupmannahöfn 1853. S. 653.
[18] *Tíðindi frá Alþíngi Íslendinga. Fyrsta þing 1. júlí til 5 ágúst 1845*. Reykjavík 1845. S. 2-12.

Í umræðum á ráðgjafaþinginu kom fram að algengt var að farið væri að ákvæðum Dönsku og Norsku laga um hefð enda þótt þau ákvæði hefðu ekki verið lögleidd hér. Skiptar skoðanir voru um þetta frumvarp. Þeir sem voru því fylgjandi töldu að hefðarlög gætu verndað eignarréttinn og leyst úr þeirri réttaróvissu sem ríkt hefði. Þeir sem andvígir voru tilgreindu ýmis rök gegn frumvarpinu. Í fyrsta lagi væru eignir og ítök oft langt hvert frá öðru og frá eigendum og þess vegna væri erfitt fyrir þá að verja rétt sinn gagnvart þeim sem vildu sölsa undir sig eignir þeirra í skjóli hefðarlaga. Að auki vísaði frumvarpið almennt til danskra lagareglna um hefð án þess að ljóst væri hver ákvæði lögleiða ætti hér. Ef hin danska hefð fengi lagagildi hér á landi gegn vilja þjóðarinnar þá væri það band á komið sem ekki yrði seinna leyst. Einnig var bent á að ákvæði Jónsbókar hefði ekki valdið neinum ágreiningi eða misskilningi fyrr en á síðustu tímum þegar íslenskir lögfræðingar hefðu farið að meta íslensk lög minna en hin dönsku. Loks tóku þeir fram að búast mætti við málaferlum sem ekki yrði séð fyrir endann á og myndu valda ærnum kostnaði ef frumvarpið yrði samþykkt. Lyktir málsins urðu þær að frumvarpið var fellt með 16 atkvæðum gegn 8 og engin tilskipun sett.[19]

Þrátt fyrir að Landsyfirréttur hefði um árabil dæmt eftir Dönsku og Norsku lögum fór að bera á efasemdum um gildi þeirra er leið á 19. öld. Loks var kveðið á um það í dómi 19. desember 1887 að enda þótt „eignar-hald á fasteign (possessio)“ hafi varað óátalið í 30-40 ár, veitti það eigi eignarheimild eftir íslenskum lögum.[20] Í dómi Landsyfirréttar frá 12. október 1896 var upprekstrarfélagi fjögurra hreppa í Mýrasýslu hins vegar dæmdur beinn eignarréttur að landsvæðinu Hellistungum á grundvelli uppreksturs „um ómuna tíð“ og með skírskotan til Jónsbókar, 26. kap. llb. i.f.[21]

Samkvæmt framansögðu voru réttarreglur um hefð yfir fasteignum óljósar og lagaframkvæmd misvísandi allt til loka 19. aldar. Með setningu hefðarlaga, nr. 46/1905, fengust loks skýrar reglur á þessu sviði. Felld voru úr gildi þau ákvæði hér að lútandi sem löggjafinn taldi gildandi rétt, þ.e. ákvæði 26. kapítula landsleigubálks Jónsbókar sem og 16. gr. í erindisbréfi til biskupa frá 1. júlí 1746. Fleiri atriði tengd lögtöku hefðarlaga skipta og verulegu máli í þessu sambandi. Í greinargerð með frumvarpi til hefðarlaga segir svo:

> Þar sem nú hefur fundizt ástæða til að leggja fyrir alþingi frumvarp til laga um hefð, þá byggist þetta ekki að eins á því, að eins og hefð er til í lögum allra siðaðra þjóða og hefur verið álitin nauðsynleg til að tryggja viðskiptalífið, eins muni vera þörf á þessu rjettartæki hjer á landi, heldur miklu fremur á því, að svo að segja árlega eykst þörfin á því fyrir landbúnaðinn að hafa greið og góð lántökuskilyrði, en eitt aðalskilyrði fyrir

---

[19] *Tíðindi frá Alþíngi…1845*, s. 466.
[20] *Landsyfirrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenzkum málum.* 3. b. (1886-1889) Reykjavík 1890. S. 236-241.
[21] *Landsyfirrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenzkum málum.* 5. b. (1895-1898) Reykjavík 1901. S. 327-330.

> því er, að eigendur jarðanna hafi formlega eignarheimild fyrir jörðum sínum. Nú er það vitanlegt, að hjer á landi hafa menn verið mjög skeytingarlausir með að láta þinglýsa eignarheimildum sínum. Hefur löggjafinn fundið það vel, að þetta var óheppilegt fyrir viðskiptalífið, og sjest það meðal annars af því, að með lögum 15. febr. 1895 var fasteignarsölugjaldið afnumið, til þess að fá menn því heldur til að láta þinglýsa eignarheimildum sínum. …
>
> Auk framangreindra ástæðna fyrir því að lögleiða hefð hjer á landi, skal það einnig tekið fram, að með því að nú mun víðast vera búið að þinglýsa landamerkjum fyrir jörðum samkv. landamerkjalögum 17. marz 1882, þá er þar viss grundvöllur á að byggja um eignarhaldið milli jarðanna innbyrðis, og virðast því að miklu leyti burtfallnar ástæður þær, er menn höfðu á móti hefðinni 1845...[22]

Af þessu má ráða að setning laga um hefð 1905 hafi verið þáttur í viðleitni löggjafans í lok 19. aldar og byrjun þeirrar 20. að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna, sjá einnig í köflum 5.2. og 5.5. Þess er jafnframt að geta að eitt meginhlutverk hefðar er að styðja við og auka réttarvernd eignarréttinda sem eru lögmæt einnig af öðrum ástæðum.[23]

Samkvæmt 1. gr. hefðarlaga má vinna hefð á hverjum hlut, jafnt fasteign sem lausafé, er getur verið eign einstakra manna, án tillits til þess, hvort hann var áður einstaks manns eign eða opinber eign. Niðurlag ákvæðisins verður ekki skilið svo að hefð verði ekki unnin á verðmætum sem ekki eru beinum eignarrétti háð. Þvert á móti verður að líta svo á að þar sem hægt er að hefða eign einstaklings eða hins opinbera sé því fremur hægt að hefða fasteignaréttindi sem ekki eru beinum eignarrétti háð.[24] Meginskilyrðið fyrir hefð á fasteign er 20 ára óslitið eignarhald sem fullnægir tilteknum huglægum og hlutlægum skilyrðum, sbr. 2. gr. laganna.

Ótvírætt er að virk yfirráð og bein hagnýting án löggernings eru veigamiklir þættir við mat á eignarhaldi samkvæmt hefðarlögum. Jafnframt hafa ráðstafanir að lögum, t.d. afsal eignar, veðsetning, stofnun ítaks og veiting leyfa til hagnýtingar eignar, verið taldar veigamikil vísbending um eignarhald. Þá getur viðhorf hefðanda og annarra aðila haft þýðingu í þessu sambandi, auk annarra atriða sem minna máli skipta.

Í Hæstarétti hafa gengið nokkrir dómar þar sem reynt hefur á hvort aðilar hafi hefðað beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum svæðum utan landamerkja jarða. Ber hér að nefna H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1981 1584 (Landmanna-afréttardómur síðari), H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaða-heiði). Í öllum tilvikum var eignarhefð talin ósönnuð en ekki örlar á ráðagerð um að eigendalaus svæði verði ekki hefðuð. Af þessum dómum er ljóst að hefðbundin

---

22 *Alþingistíðindi* 1905. A. Þingskjöl. Reykjavík 1905. S. 148, sbr. s. 426-428.
23 *Alþingistíðindi* 1905, A, s. 140. Gaukur Jörundsson, 1982-1983: *Eignarréttur* II, s. 156, 159.
24 Sbr. Gaukur Jörundsson: „Um afrétti og almenninga“ (óbirt fjölrit), s. 14-15.

afréttarnot, þ.e.a.s. sumarbeit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein sér. Jafnframt virðast ráðstafanir að lögum, svo sem sala tiltekinna réttinda, ekki hafa þýðingu við þetta mat. Samt sem áður verður af þessum dómum ráðið að ekki sé útilokað að hefða eignarrétt að slíku landsvæði. Skilyrði til þess eru hins vegar þröng.

Þá kemur til skoðunar hverjar séu kröfur dómstóla til eignarhefðar þegar um er að ræða land sem liggur innan merkja jarðar. Í H 1997 2792 (Laugavellir) var eignarhefð viðurkennd, enda þótt not hefðanda, sem jafnframt studdi rétt sinn við kaupsamning, hefðu verið sambærileg afréttarnotum, þ.e. beit og eftir atvikum önnur þrengri nýting. Í H 1939 28 (Einarsnes) taldist eignarhefð einnig fullnuð, enda þótt eignarheimild væri sögð glötuð og ekki annar grundvöllur fyrir hendi en takmörkuð not.

Þá er og ljóst að nytjar af þessu tagi hafa ekki nægt til að vinna eignarhefð með útrýmandi hætti innan marka jarðar svo sem þau hafa verið afmörkuð í landamerkjabréfi hennar, sbr. H 1991 1444 (Skógar og Brúsholt) og H 1995 2120 (Nefsholt og Gata).

Það er áður rakið að skýrum réttarreglum um hefð var ekki til að dreifa fyrir setningu hefðarlaga nr. 46/1905. Í 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til hefðartíma, þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrr en í árslok 1910. Ljóst er að með þessu var ákveðið að hefðarlög giltu afturvirkt en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.

Um þýðingu venjuréttar er það að segja að afnot lands sem ekki uppfylla skilyrði hefðarlaga til hefðarhalds, geta ekki stofnað til eignarréttinda yfir landinu. Hins vegar kann viðurkennd beiting tiltekinna eignarráða, sem styðjast við aðrar eignarheimildir, að hafa áhrif á mat á því hvers eðlis eignarráðin eru, t.d. um sönnunarbyrði fyrir gildi eða efni eignarheimildar. Þýðing venju er því sönnunarlegs eðlis fremur en að þar geti verið um að ræða sjálfstæða eignarheimild.

### 3.3. Lög

Þá verður hugað að stofnun eignarréttinda með lögum. Átjánda öldin hefur löngum verið talin eitt mesta harðindatímabil í sögu þjóðarinnar og fjöldi jarða lagðist í eyði. Viðbrögð stjórnvalda voru þau að senda til landsins þriggja manna nefnd (landsnefndina fyrri) til að kynna sér landshagi og leggja fram tillögur um úrbætur. Það var við þessar aðstæður sem nýbýlatilskipunin um landnám og byggingu eyðijarða var gefin út, 15. apríl 1776. Í henni fólst heimild til að byggja jarðir á óbyggðum svæðum, jafnvel innan eignarlanda. Tilgangurinn var að hamla gegn fólksfækkun og eyðingu jarða með því að hvetja ungt fólk til að stofna heimili og byggja upp hin eyddu býli.

Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar var skylt að taka í notkun „útlendi" jarða sem lá notalaust og átti jarðeigandinn að hafa forgangsrétt til að byggja þar upp

nýbýli. Ef hann gerði það ekki var öðrum látið það eftir. Á öðrum óbyggðum landsvæðum, þ. á m. „afréttaralmenningum", höfðu allir jafnan rétt til að stofna nýbýli samkvæmt tilteknum reglum. Þetta gilti einnig um lönd og jarðir sem forðum voru í byggð en höfðu um langan aldur legið í eyði. Var þá litið svo á að enginn gæti lengur talist eigandi eða erfingi slíkra jarða.

Nýbýlatilskipunin var í gildi í rúm hundrað ár en ekki verður séð að hún hafi borið þann árangur sem til var ætlast. Þó er talið að um þrjátíu jarðir og hjáleigur hafi verið byggðar fyrstu tíu árin sem tilskipunin var í gildi, flestar að frumkvæði þeirra sem töldust eigendur þessara eyðijarða. Sjaldgæft er því að stofnað hafi verið til eignarréttinda á grundvelli nýbýlatilskipunar.[25]

Í 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1897, sem við tóku af nýbýlatilskipuninni var kveðið á um að nýbýli mætti stofna á eyðijörðum og í öðrum óbyggðum löndum, er enginn gæti sannað sína eign. Í 2. gr. laganna var kveðið sérstaklega á um það að nýbýlingur skyldi láta vita um fyrirætlun sína ef hann vildi stofna nýbýli á eyðijörð eða í óbyggðu landi og var þá gefinn sex mánaða frestur ef einhver vildi gefa sig fram með heimildarskírteini fyrir landinu. Skilyrði til stofnunar nýbýla voru þannig þrengd verulega og munu þess engin þekkt dæmi að nýbýli hafi verið reist á grundvelli þessara nýbýlalaga.[26]

## 4. FLOKKUN LANDS

### 4.1. Almennt

Flokkun lands á grundvelli eignarhalds hefur verið með ýmsu móti í íslenskum rétti og hugtakanotkun ekki alltaf samræmd. Lengst af var að meginstefnu til greint á milli *jarða* og *afrétta*, auk *almenninga*. Þessi skipting kemur þegar fram í Grágás og má glögglega sjá í eftirfarandi ákvæði Jónsbókar:

> Svá skulu almenningar vera sem at fornu hafa verit, bæði hit efra ok hit ytra; en ef menn skilr á, kallar annarr sér, annar afrétt eða almenning, þá festi sá lǫg fyrir er sér kallar ok stefni þing er menn eigu því máli at skipta, ok hafi haft upp þingboð fyrir fimt.[27]

Hér má að auki nefna tilskipun um veiði á Íslandi 1849 og frumvarp til landbúnaðarlaga 1878.[28] Í nýbýlatilskipun 1776 og landamerkjalögum, bæði 1882 og 1919, er gengið út frá flokkun lands í jarðir og afrétti en hugtakið almenningur er ekki

---

[25] Þorkell Jóhannesson, 1950: *Saga Íslendinga*. 7. b. Reykjavík. S. 254-255.

[26] Þorkell Jóhannesson, 1948: *Alþingi og atvinnumálin. Landbúnaður og útvegsmál. Höfuðþættir*. (Saga Alþingis IV.) Reykjavík. S. 70.

[27] *Jónsbók* 1904, s. 185 (52. k. llb). Sbr. einnig *Grágás. Lagasafn íslenska þjóðveldisins.* Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson, Mörður Árnason sáu um útgáfuna. Reykjavík 1992. S. 342, 369 (46. k., 74. k. lbþ.).

[28] Frumvarp til landbúnaðarlaga fyrir Ísland (álit meirihlutans), Reykjavík 1877. Frumvarp til landbúnaðarlaga fyrir Ísland (álit minnihlutans). Reykjavík 1878. Sjá einnig 1.-2. gr. veiðitilskipunar frá 20. júní 1849 (*Lovsamling for Island*. 14. b. Kaupmannahöfn 1868. S. 316).

notað. Þess í stað er í nýbýlatilskipun talað um „afréttaralmenninga“ og í landamerkjalögum um „aðrar óbyggðar lendur“.[29] Á síðari tímum hefur þessi flokkun riðlast, ný hugtök komið fram og hin eldri verið notuð í fleiri en einni merkingu.

Með þjóðlendulögunum er komið á þeirri nýskipan að land er flokkað í tvennt, *eignarland* og *þjóðlendu*, sjá 1. gr. laga nr. 58/1998. Eignarland er skilgreint sem „landsvæði sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.“ Þjóðlenda er skilgreind sem „landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.“ Hugtakið afréttur er ekki lengur notað sem lýsing á ákveðnu eignarformi lands og er skilgreint sem „landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé.“ Afréttur getur þannig verið hvort heldur er í eignarlandi eða þjóðlendu.

Hugtökin jörð, afréttur og almenningur samkvæmt hinni eldri flokkun hafa þýðingu við úrlausn mála á grundvelli þjóðlendulaga. Ræðst hún nánar af því hvernig þau falla að hugtökunum *eignarland* og *þjóðlenda*. Verður nú hugað að *jörðum*, *afréttum* og *almenningum* í þessu sambandi og einkanlega litið til stofnunar, nýtingar, afmörkunar og inntaks réttinda og skyldna. Óbyggðanefnd leggur þó áherslu á að sú flokkun er ekki fortakslaus og að dæmi finnist um landsvæði sem ekki verða felld í neinn framangreindra flokka, sbr. einnig umfjöllun í kafla 4.5.

## 4.2. Jörð

Komið hefur fram að helstu stofnunarhættir beins eignarréttar hér á landi eru nám, hefð og lög. Samkvæmt því sem í Landnámu greinir voru sum landnám í öndverðu mjög stór en var smám saman skipt niður í smærri einingar, jarðir. Um þetta eru ýmis dæmi, sbr. t.d. eftirfarandi frásögn af Skalla-Grími Kveldúlfssyni:

> Skalla-Grímr var þar um vetrinn, sem hann kom af hafi, ok kannaði þá allt herað. Hann nam land útan frá Selalóni ok et efra til Borgarhrauns ok suðr allt til Hafnarfjalla, herað allt svá vítt sem vatnfǫll deila til sjóvar. …Síðan skipaði hann heraðit sínum félǫgum, ok þar námu margir menn síðan land með hans ráði. Skalla-Grímr gaf land Grími enum háleyska fyrir sunnan fjǫrð á milli Andakílsár ok Grímsár; hann bjó á Hvanneyri. Úlfr hét son hans, faðir Hrólfs í Geitlandi.[30]

Allt frá tíma Grágásar hafa íslensk lög gert ráð fyrir að landsvæði jarðar væri afmarkað með landamerkjum.[31] Þannig er mælt fyrir um það í Jónsbók að við sölu lands skyldu aðilar „kveða á um merki með sér, um land ok skóga ok engjar ok reka,

---

[29] Í nýbýlatilskipuninni er greint á milli víðátta í byggðum sveitum, eignarlanda, afréttaralmenninga og loks eyðilanda og eyðijarða í byggð (*Lovsamling for Island.* 4. b. Kaupmannahöfn 1854. S. 251-257). Sjá 1. gr. landamerkjalaga nr. 5/1882 og 41/1919.

[30] *Landnámabók* 1986, s. 71, sbr. einnig s. 139-146, 230-232.

[31] *Grágás* 1992, s. 342 (46. k. lbþ.).

veiðar ok afréttu ef eru, ok allra gœða skulu þeir geta þeira, er því landi eigu at fylgja, þó at þat sé í ǫnnur lǫnd, eða aðrir menn eigi þanneg ítǫk". Jafnframt var seljanda jarðar skylt að ganga á merki innan tólf mánaða, með þeirri undantekningu m.a. að eigi var „skylt at ganga á merki þar er fjǫll þau eru, er vatnfǫll deilaz millum heraða, ok eigi er skylt at ganga ór búfjárgangi á fjǫll upp, kveða skal þar á merki"[32]. Væri uppi ágreiningur um eignarhald á tilteknu landsvæði og „kallar annarr sér, annarr afrétt eða almenning" skyldi leysa úr því máli eftir ákveðnum reglum. Í því fólst m.a. að sá „er sér kallar þá jǫrð" þurfti að leiða fram vitni máli sínu til stuðnings. Svardagi vitnis skyldi vera á þessa leið: „þat hefir ek heyrt, at þar skilr mark á meðal eignar bónda ok almennings eða afréttar... "[33]

Með landamerkjalögum, nr. 5/1882, var þó fyrst kveðið á um almenna skyldu landeiganda eða umráðamanns jarðar til að setja glögg landamerki fyrir jörð sinni, þar sem þau voru ekki fyrir, halda þeim við og skrásetja, sbr. 1.-3. gr. Samsvarandi ákvæði eru í 1.-3. gr. núgildandi landamerkjalaga, nr. 41/1919.

Þá kemur til skoðunar hver hafi verið réttur jarðeiganda innan merkja jarðar sinnar. Þar verður einna helst litið til þeirra landsnytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. beitar, veiði, vatns, reka og jarðefna. Síðar verður vikið að hliðstæðum atriðum varðandi afrétti.

Frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hefur landeigandi átt beit og annan jarðargróður á jörð sinni, sjá nánar í kafla 4.7. Hann hefur sjálfur stjórnað því hvenær, hversu lengi og hvaða fjölda fjár þar væri beitt.

Á sama tíma hefur að meginreglu verið kveðið á um einkarétt jarðeiganda til veiði fugla, fiska og annarra nytjadýra á jörð sinni.[34] Í sumum tilvikum hefur beinlínis verið tekið fram að rétt landamerki jarðar hverrar skyldu ráða veiði á landi.[35]

Hér má að auki nefna þá meginreglu vatnalaga, nr. 15/1923, að vatnsréttindi fylgi landareign hverri, sbr. ákvæði 2. gr.[36] Regla þessi á rætur að rekja til ákvæða Grágásar og Jónsbókar.[37] Um vatnsréttindi voru þó að sönnu fábrotin fyrirmæli lengst af í íslenskri löggjöf og lutu þá fyrst og fremst að notum vatns til neyslu og áveitu. Stóð um það nokkur fræðilegur ágreiningur í hvaða mæli vatnsréttindi tilheyrðu

---

[32] *Jónsbók* 1904, s. 124 (6. k. lbb). Samkvæmt ákvæðum Jónsbókar voru menn einnig í vissum tilvikum skyldir til að gera svokallaðan „löggarð" um töðuvöll sinn, engjar og einnig bæja á milli, sbr. bls. 159-163 (31.-32. k. llb.).

[33] *Jónsbók* 1904, s. 186 (52. k. llb.).

[34] Sjá t.d. *Jónsbók* 1904, s. 188-192 (56.-57. k. llb.); 1. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 1. mgr. 121. gr. vatnalaga, nr. 15/1923; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/1932; 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 112/1941; 1. mgr. 2. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 53/1957; 1. mgr. 2. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, og 2. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

[35] Sjá t.d. 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 1. mgr. 4. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954 og 1. mgr. 4. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966.

[36] Sjá nú einnig 2.-3. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

[37] Sjá t.d. *Grágás* 1992, s. 324-325, 350-351 (34., 35. og 52. k. lbþ.). *Jónsbók* 1904, s. 188-190 (56. k. llb.).

viðkomandi fasteign og endurspeglast sá ágreiningur m.a. í viðhorfum innan Fossanefndarinnar svokölluðu sem lagði drögin að gildandi löggjöf um vatnsréttindi, vatnalögum nr. 15/1923.[38] Með þeim var sú tilhögun þó óumdeilanlega staðfest að allir helstu þættir vatnsréttinda og vatnsnota tilheyrðu þeirri fasteign sem land ætti undir vatninu, þ.m.t. orkunýtingarrétturinn, sbr. 49. gr. laganna. Hefur það enn frekar verið staðfest með síðari niðurstöðum Hæstaréttar, sbr. t.d. H 1955 431 og H 1963 173. Með lögtöku laga nr. 57/1998 var jafnframt staðfest að eigandi fasteignar færi með eignarráð þess grunnvatns sem undir fasteign hans fyndist.

Á sama hátt hefur sú meginregla gilt að hver maður ætti reka fyrir sínu landi.[39] Rekabálkur Jónsbókar er að stærstum hluta enn í gildi, sjá nánar í kafla 4.9.

Af ákvæðum Grágásar um rétt leiglendings til mótaks í leigulandi og Jónsbókar um sams konar rétt til torfskurðar verður jafnframt ályktað að jarðeigandi hafi átt einkarétt til jarðefna á jörð sinni.[40] Sama meginregla virðist koma óslitið fram í síðari tíma löggjöf.[41] Framangreind lagaákvæði miðast við og endurspegla tilganginn með stofnun hverrar jarðar, að stunda þar búskap og nýta þannig landið til viðurværis.

Þá hafa eigendur og ábúendur jarða átt sérstökum lögákveðnum skyldum að gegna. Nefna má að samkvæmt ákvæðum Grágásar og Jónsbókar skyldu þeir bera boð um þinghald milli bæja.[42] Höfuðskyldan hefur þó fyrr og síðar falist í skattgreiðslum.

Elsta dæmi um jarðamat á Íslandi er að finna í tíundarlögunum 1096/97.[43] Tíund var í reynd 1% eignarskattur sem lagður var á jarðnæði bænda og flestar aðrar eigur landsmanna. Með jarðabókum á 17. öld og síðar leituðust stjórnvöld við að fá sem gleggsta hugmynd um skattskyldar jarðeignir í landinu og verðmæti þeirra og eru dæmi um að reynt hafi verið að meta jarðir að nýju til að komast sem næst raunvirði þeirra. Sjá nánar í kafla 5.2.

Notkun hugtaksins *jörð* í löggjöf hefur verið breytileg og á stundum óljós. Þannig bregður fyrir hugtakinu *aðalbóli* í Grágás og *höfuðbóli* í Jónsbók þegar rætt er um þær jarðir sem síst skyldi farga undan ættargóssi. Hugtakið *staður* er einnig víða notað í heimildum um sérstakan flokk kirkjujarða. Það táknaði fyrst og fremst full eignarráð kirkjustofnunar yfir heimalandi sínu.[44]

---

[38] Ólafur Lárusson sýnist þó hafa verið þeirrar skoðunar að vatnsréttindi, þ.m.t. réttur til grunnvatns, hafi jafnan fylgt landareign og studdi þá skoðuna sína m.a. túlkun ákvæða Grágásar og Jónsbókar þ.a.l., sbr. Ólafur Lárusson, Skrifaðir kaflar úr hlutarétti, Vatnsrjettur, Reykjavík 1929. Í H 1963 173 segir síðan beinlínis að það sé forn regla í íslenskum rétti að hver maður eigi vatn og veiði fyrir sinni jörð, sbr. 56. kap. llb. Jónsbókar.

[39] Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 134-136, 194-196 (6. og 60. k. llb.).

[40] Sjá *Grágás* 1992, s. 345 (48. k. lbþ.). *Jónsbók* 1904, s. 135-136 (6. og 7. k. llb.).

[41] Sjá 3. k., 8.-10. gr. tilskipunar frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi (*Lovsamling for Island*. 5. b. Kaupmannahöfn 1855. S. 454-455), 1. mgr. 3. gr. og 13. gr. námulaga, nr. 61/1907, 1. gr. námulaga, nr. 24/1973 og 3. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998.

[42] *Grágás* 1992, s. 182 (42. k. um fjárleigur). *Jónsbók* 1904, s. 106-108, 110-112 (29. og 32. k. ffb.).

[43] Sjá einnig t.d. lög um fasteignamat, nr. 22/1915, 3/1938, 70/1945, 28/1963, 94/1976, 6/2001.

[44] Sbr. Magnús Stefánsson 2000: *Staðir og staðamál. Studier i islandske egenkirkelige og beneficialrettslige forhold i middelalderen*. I. Bergen. S. 35.

Í Grágás og Jónsbók er ekki minnst á hjáleigur enda var leiguliða óheimilt að leigja út frá sér nema með leyfi landeiganda.[45] Ekkert virðist þó hafa verið því til fyrirstöðu að sjálfseignarbóndi leigði öðrum skika af landi sínu. Sjálft hugtakið *hjáleiga* kemur ekki fyrir í heimildum fyrr en í byrjun 15. aldar.[46] Fram að þeim tíma voru önnur hugtök notuð eins og *heimalönd*, *smálönd* og *hjábýli*.[47] Hjáleigubyggð mun fyrst hafa myndast á 13. öld en vaxið mjög á 14. öld.[48]

Sumar hjáleigur urðu til í sellöndum þegar reynt var að breyta selstæði í varanlegan bústað.[49] Á grundvelli nýlegra rannsókna hefur þeirri kenningu verið haldið fram að seljabúskapur hafi mjög snemma orðið mikilvægur þáttur í íslenskum landbúnaði. Þar er jafnframt dregin sú ályktun að selstæði hafi í fyrstu verið í heimalöndum en snemma færst yfir á svæði sem öllum var heimilt að nýta. Þessi sameiginlegu sellönd hafi síðan komist í einkaeigu eða ábúendur einstakra jarða gert tilkall til þeirra.[50] Um þetta verður þó varla fullyrt nema hvert tilvik sé skoðað sérstaklega.

Hvernig sem til hjáleigubúskapar var stofnað í öndverðu var lengi ekki gert ráð fyrir að hjáleigur væru tíundaðar sérstaklega í jarðabókum. Það er ekki fyrr en í tilskipun um nýtt jarðamat frá 1. september 1848 að kveðið er á um að hjáleigur skuli metnar sem sérstakar jarðir ef þær hafi sín sérstöku landmerki og virðist þeirri reglu hafa verið fylgt í löggjöf eftir þann tíma.

*Lögbýli* var annað hugtak yfir jörð og þá gjarnan notað til að greina á milli *heimajarðar* og hjáleigu. Elstu dæmi þess í Orðabók Háskólans eru frá 16. öld. Í Grágás kemur þó fyrir hugtakið *lögbú* þegar rætt er um þá menn sem rétt sé að kveðja til búakviðar, en merkingin er að öðru leyti óljós. Í Jarðabók Árna og Páls má einnig sjá þess merki að lögbýli hafi verið skilgreint sem jörð er ætti skyldurekstur á afrétt.[51] Þau hugtök sem hér hefur verið gerð grein fyrir lýsa mismunandi tegundum jarða en veita ekki frekari vitneskju um eignarréttarlega þýðingu hugtaksins jörð í samanburði við hugtökin afréttur og almenningur.

Þá kemur til athugunar hvort land innan jarðar geti haft mismunandi eignarréttarlega stöðu.

---

[45] *Grágás* 1992, s. 344 (48. k. lbþ.).
[46] *Íslenskt fornbréfasafn*. 3. b. Kaupmannahöfn 1896. S. 660 (árið 1401). Ólafur Lárusson (1944) telur elstu öruggu heimildina þar sem *hjáleiga* kemur fyrir vera frá 1431 (*Byggð og saga*. Reykjavík. S. 55).
[47] Árni Daníel Júlíusson, 1996: *Bønder i pestens tid. Landbrug, godsdrift og social konflikt i senmiddelalderens islandske bondesamfund*. Kaupmannahöfn. S. 94.
[48] Helgi Þorláksson, 1991: *Vaðmál og verðlag*. Reykjavík. S. 462-463.
[49] Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 4. b. Kaupmannahöfn 1925 og 1927. S. 398. *Jarðabók Árna og Páls* 5 (Kph. 1931-1933), s. 98. *Jarðabók Árna og Páls* 6 (Kph. 1938), s. 231. *Jarðabók Árna og Páls* 7 (Kph. 1940), s. 232. *Jarðabók Árna og Páls* 8 (Kph. 1926), s. 382, 398, 431. *Jarðabók Árna og Páls* 9 (Kph. 1930), s. 335. *Jarðabók Árna og Páls* 10 (Kph. 1943), s. 4, 298. *Jarðabók Árna og Páls* 11 (Kph. 1943), s. 13, 66, 96, 98, 111, 123, 148, 153, 225, 252, 257, 272, 280, 333, 347, 368.
[50] Hitzler, Egon 1979: *Sel – Untersuchungen zur Geschichte des isländischen Sennwesens seit der Landnahmezeit.* Ósló. S. 213-215, 226.
[51] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 13. b. Fylgiskjöl. Reykjavík. S. 24.

Hugtakið *heimaland* kemur víða fyrir í heimildum, ekki síst máldögum. Í Jónsbók birtist það fyrst í fyrirsögn 53. kafla landsleigubálks: „Um afréttarfé ef það gengur í heimaland.“ Einnig er minnst á það í réttarbót Hákonar Magnússonar konungs árið 1305:

> Þat er góðr vilji várr um geldfé at þat sé sektalaust í heimalǫndum ef hreppstjórar og grannar lofa ok gefa enga sǫk á því.[52]

Hér sýnist *heimaland* merkja jörð aðskilda frá því landsvæði þar sem geldfé gengur að jafnaði, þ.e. afrétti.

Í máldögum er heimaland haft um þá jörð sem kirkja stóð á, stundum til aðgreiningar frá öðrum jörðum sem eignaðar voru kirkjunni. Í yngri heimildum eru þó dæmi um að heimaland hafi verið sérstök bújörð, aðskilin frá þeirri jörð sem hún heyrði undir. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir t.d. um jörðina Íshól í Ljósavatnshreppi að hún sé eign staðarins í Laufási og kallist „heimaland þess staðar“, þó að þaðan liggi næstum hálf önnur þingmannaleið, eða 50 km, til Íshóls.[53]

Einnig hefur verið bent á að í heimildum frá 18. öld virðist *heimaland* stundum vera haft um „einskonar millistig á milli lögbýlis og hjáleigu, þó skyldara hjáleigu“. Býli sem á þennan hátt nefnist heimalönd í fyrrgreindum heimildum séu einatt mjög forn hjálönd eða hjáleigur sem byggst hafi áður en kom til hinnar eiginlegu hjáleigubyggðar. Venjuleg merking orðsins heimaland sé önnur, þ.e. afmörkuð landareign ákveðinnar, einstakrar jarðar heima fyrir, gagnstætt afrétti.[54]

Hugtök þau sem hér hefur verið fjallað um koma víða fyrir í fjallskilareglugerðum án þess að þau séu skilgreind nánar. Þó er að finna undantekningar eins og fjallskilareglugerð fyrir Mýrasýslu, nr. 88/1892, en þar segir meðal annars svo í 4. gr.:

> *Heimalönd*. Heimaland jarðar liggur umhverfis bæ hennar og út frá túni, og er hvergi sundur skorið af annarri landareign. Sumra jarða heimalandi utanhúss má aftur skipta í tvennt:
>
> *a. Búfjárhagar* er sá hluti af landareign jarðar, er búpeningur hennar gengur jafnaðarlega í árið um kring. Hér með teljast og engjar í heimalöndum. Flestra jarða heimaland heyrir allt undir þennan staflið.
>
> *b. Útlenda* kallast hér sá hluti af heimalandi jarðar, er liggur út frá búfjárhögum hennar á eina hlið eða fleiri, og verður sökum fjarlægðar eða afstöðu eigi varinn almennings fé, eða notaður stórum meir til sumarbeitar af

[52] *Jónsbók* 1904, s. 292.
[53] *Jarðabók Árna og Páls* 11, s. 143.
[54] Björn Teitsson,1973: *Eignarhald og ábúð á jörðum í Suður-Þingeyjarsýslu 1703-1930*. Reykjavík. S. 78-79.

> ábúanda þeirrar jarðar en mörgum öðrum. Þetta á aðeins við um landmiklar jarðir, er liggja við afrétt.[55]

Í tilvitnaðri fjallskilareglugerð er gert ráð fyrir að útlenda sé hluti heimalands. Sami eða svipaður skilningur kemur reyndar fram í nýbýlatilskipuninni 15. apríl 1776 þegar fjallað er um „útlendi“ eignarlanda en þar skyldi jarðeigandinn hafa forgangsrétt til að byggja upp nýbýli. Einnig er rétt að benda á það sem Þorvaldur Thoroddsen segir í riti sínu Lýsing Íslands að útlendur „[heiti] þeir hlutir af heimalandi, er liggja út frá búfjárhögum“.[56]

Í löggjöf tuttugustu aldar gætir þess í sívaxandi mæli að þær fasteignir eða fasteignaréttindi sem áður höfðu án sundurgreiningar verið felld undir jarðarhugtakið séu flokkaðar og skipt upp með nýjum hætti. Í fjölda laga er vikið að hugtökunum jörð, lögbýli, landareign lögbýla, eyðijarðir og heimaland jarða. Settar eru fram ýmsar skilgreiningar, sem oft vísa til annarra laga að einhverju leyti.[57]

Niðurstaða óbyggðanefndar er sú að almennt megi gera ráð fyrir því að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Tilgangurinn með stofnun hverrar jarðar hefur verið að stunda þar búskap árið um kring. Samt sem áður getur að sjálfsögðu verið land innan jarðar sem ekki verður nýtt til landbúnaðar, enda getur setning merkja hæglega hafa tekið mið af öðrum atriðum. Nýting landsins hefur ráðist af búskaparháttum og umfangi bús á hverjum tíma. Innan merkja jarðar sinnar hefur eigandi farið með umráð og hagnýtingu, ráðstafanir með löggerningum, veðsett jörðina og látið hana ganga að erfðum, á sama hátt og gildir um eignarland almennt.

Landsvæði hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Óbyggðanefnd telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Heimaland jarðar sýnist að jafnaði hafa tekið til alls lands henni tilheyrandi, gagnstætt hins vegar afréttum. Ekki virðist almennt hafa verið gert ráð fyrir skiptingu jarðar í heimaland, undirorpið sérstakri og meiriháttar nýtingu, og annað land, úthaga eða afréttarland, í takmarkaðri notum. Einstök dæmi um slíka skiptingu finnast þó og eins kann það í öðrum tilvikum að valda nokkrum vafa þegar undir einstakar jarðir lá eða liggur sjálfstætt afréttur, sjá einnig kafla 4.4. og 4.5. Í slíkum tilvikum er þó oft fyrir að fara glöggum og óumdeildum merkjum milli heimajarðar og afréttar, sbr. t.d. afréttina Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði. Af slíkum einstökum dæmum verða hins vegar engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar. Sýnist þvert á móti mega leggja þá meginreglu til grundvallar að heimaland jarðar nái til alls lands henni tilheyrandi, nema sérstök frávik leiði til annars.

---

55 *Stjórnartíðindi fyrir Ísland árið 1892*. B-deild. Reykjavík 1892. S. 140.
56 Þorvaldur Thoroddsen, 1919: *Lýsing Íslands*. 3. b. Kaupmannahöfn. S. 189.
57 Sjá t.d. vatnalög, lög um lax- og silungsveiði, jarðalög, ábúðarlög og lög um fasteignamat.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum er eða hefur verið jörð eða hluti hennar sé beinum eignarrétti háð.

Þó svo að hugtakanotkun hafi ekki fyrr og síðar verið samræmd milli einstakra laga á þessu sviði, er ekki þar með sagt að hún stangist á. Mestu máli skiptir í þessu sambandi að við það mat sem fram fer fyrir óbyggðanefnd sýnist eftir sem áður mega líta til hinnar fornu og almennu skiptingar í *jarðir*, *afrétti* og *almenninga*, þar sem *jörð* hefur þá réttarstöðu og réttarsögulegu stöðu, sem hér hefur verið gerð grein fyrir.

## 4.3. Almenningar

Hugtakið almenningur hefur haft margræða merkingu í löggjöf fyrr og síðar. Hefðbundin greining gerir ráð fyrir að almenningar séu á landi, hafi og í vötnum en hugtakið hefur allt eins verið notað um ítaksrétt, t.d. rétt til nytja af skógi eða fjöru.[58] Eftirfarandi umfjöllun miðast fyrst og fremst við landalmenninga, þ.e. afmarkað landsvæði. Um slík landsvæði giltu tilteknar reglur sem einkum vörðuðu rétt til beitar, veiði og reka.

Fræðimenn hefur greint á um hvernig háttað sé eignarrétti að almenningum og hvort þá sé fyrst og fremst að finna inn til lands eða út við haf.[59] Sett hefur verið fram sú kenning að land sé annað hvort eignarland eða almenningur. Almenningar séu svæði inn til lands sem fjórðungsmenn hafi átt saman á grundvelli Grágásar og síðar Jónsbókar. Þar væri um að ræða sektarfé til fjórðungsmanna, land sem varð eftir þegar farið var að setja merki á milli býla, eða ónumið land.[60] Eignarrétturinn hefði flust yfir til ríkisins ekki síðar en við gildistöku nýbýlatilskipunarinnar 1776. Hugtakið afréttur fæli einvörðungu í sér ítaksrétt í almenningsland, þ.e. ríkisland, að þeim tilvikum undanskildum þegar um beitiland tilheyrandi einstökum jörðum væri að ræða.[61] Ítaksrétturinn fæli fyrst og fremst í sér rétt til beitar og veiði. Þessum sömu sjónarmiðum var haldið fram af hálfu ríkisins í H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari) en var hafnað.

Einnig hafa komið fram gerólíkar kenningar um almenninga. Almenningar hafi legið við sjó og verið veiðistöðvar en ekki grasnytjar eða upprekstrarlönd til fjalla. Þeir hafi orðið til löngu eftir að landið var numið, með samkomulagi við land-

---

[58] Sjá t.d. *Íslenskt fornbréfasafn.* 2. b. Kaupmannahöfn 1893. S. 305, 310, 620, 708, 866, 868-869. *Íslenskt fornbréfasafn.* 4. b. Kaupmannahöfn 1897. S. 141. *Íslenskt fornbréfasafn.* 9. b. Reykjavík 1909-1913. S. 642.

[59] Sbr. Þorvaldur Thoroddsen 1919, s. 187-189.

[60] Bjarni Jónsson frá Vogi, 1917-1919: *Almenningar og afrjettir.* Nefndarálit meiri hluta Fossanefndar (B). S. 20-22, 24. Sjá hins vegar Eggert Briem, 1917: „Um afrjettir og almenninga." *Lögrjetta* 11. apríl 1917. S. 61-62.

[61] Bjarni Jónsson frá Vogi 1917-1919, s . 27-30.

eiganda. Alþýða manna í fjórðungnum hafi þá öðlast þar þau réttindi sem lög gerðu ráð fyrir í almenningum, yfirleitt gegn greiðslu tolls.[62]

Helsta ákvæði Grágásar um almenninga hljóðar svo:

> Það er mælt að almenningar eru á landi hér. Það er almenning er fjórðungsmenn eiga allir saman. Þar eiga menn að fiskja og fygla svo að koma þangað er mánaður lifir vetrar og vera þar sjö mánaði. Þá skal almenning liggja fimm mánaði svo að sá einn skal þá beita er næstur býr. Þar eiga menn að höggva við og telgja og færa til skips eða búða, og er þá heilagur viðurinn.[63]

Helsta ákvæði Jónsbókar um almenninga hljóðar svo:

> Þat eru almenningar er at fornu hafa verit. Sætr má hverr þeira gera er þann almenning eigu er vill at sitja í sumarsetri, ef þat er ór búfjárgangi. En ef tveir menn ganga báðir í eina sláttu senn, hafi báðir þat er þeir slá. En ef þá skilr á, hvárr þeira fyrri orti á, hafi sá sitt mál er sannar með einseiði, nema hinn hafi fleiri vátta í móti. Fiskivǫtn ǫll i almenningi eru ǫllum jafnheimil; þar megu menn fiskja ok fygla. Engi skal beita almenning frá krossmessu á vár ok til Bótólfsvǫku; þar eigu menn at telgja við ok fœra til skips eða búða, ok er þá heilagr viðrinn. Nú koma menn þar ǫðru skipi ok fá eigi þar farm, en aðrir hafa meirr en farm sínu skipi, hvárt er þat er viðr eða hvalr, þá er rétt at þeir taki farm sínu skipi, ok bœti hinum fyrir starf sitt. Nú kemr hvalr, þá er menn eru í almenningi, þá skal boð upp skera sá er næstr býr ok láta fara alla vega sem dagr deiliz; sekr er hann sex aurum við konung, ef hann skerr eigi boð upp, en eyri hverr er fellir, nema nauðsyn banni...[64]

Samkvæmt Jónsbók var gerður sá meginmunur á almenningum og afréttum að í þeim fyrrnefndu mátti slá og gera sel en í þeim síðarnefndu ekki.[65]

Því hefur verið haldið fram að ýmis ákvæði Jónsbókar um almenninga upp til fjalla miðist við aðstæður í Noregi en ekki á Íslandi.[66] Í því sambandi hefur verið bent á beina samsvörun tveggja helstu ákvæða Jónsbókar um þetta efni, í 52. og 59. k. llb., við norsk lög.[67] Óvíst er því að hve miklu leyti þau hafa haft raunverulega þýðingu hér á landi, a.m.k. er ljóst að afréttarsvæði er að finna víða um land en almenninga „hið efra“ sér lítinn stað. Að löggjöf frátalinni eru heimildir um þá ekki aðrar en örnefni á stöku stað. Heimildir um almenninga við sjávarsíðuna eru hins vegar all-nokkrar. Þá sjaldan vísað er í fyrrnefnt ákvæði Jónsbókar virðist hafa verið um slíka

---

[62] Eggert Briem 1917, s. 61-62.
[63] *Grágás* 1992, s. 369 (74. k. lbþ.).
[64] *Jónsbók* 1904, s. 193-194 (59. k. llb.).
[65] *Jónsbók* 1904, s. 176, 193 (46. og 59. k. llb.).
[66] Eggert Briem 1917, s. 61-62.
[67] Sjá eldri Frostaþingslög (k. XIV, 7 og 8) og landslög Magnúsar Hákonarsonar (llb., 61. k.) í *Norges gamle love indtil 1387*. 1. b. Christiania 1846. S. 250-251. *Norges gamle love indtil 1387.* 2. b. Christiania 1848. S. 144-145.

almenninga að ræða.[68] Hins vegar verður ekki séð að almenningur hafi almennt verið notað um óbyggð svæði sem enginn hafði nytjar af. Um slík svæði virðist fremur hafa verið notað orðið óbyggðir, stundum e.t.v. einnig öræfi.[69]

Þess eru samt sem áður ýmis dæmi í síðari tíma löggjöf að fjallað sé um almenninga.[70] Hugtakið er þá oft notað í mun víðtækari merkingu en áður. Þannig er gert ráð fyrir að almenningar séu landsvæði sem enginn aðili geti talið til einstaklingseignarréttinda yfir.[71] Ekki er þá gerður greinarmunur á annars vegar almenningum skv. hinum eldri skilningi hugtaksins, og hins vegar öræfasvæðum, sem engar hefðbundnar nytjar eru af.[72]

Óbyggðanefnd telur að heimildir bendi ekki til að hér á landi hafi verið að finna afmörkuð landsvæði inn til landsins sem lotið hafi reglum um almenninga. Hafi einhvern tíma svo verið, hefur munur á þeim og afréttum orðið lítill eða enginn er tímar liðu fram.[73] Heimildir skortir hins vegar um hvernig það kann að hafa gerst. Í því sambandi má benda á að í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns eru jöfnum höndum notuð orðin afréttur og almenningur eða almenningsafrétt, þegar um er að ræða afrétt sem margir nota sameiginlega.[74] Þá er ljóst að stærstur hluti lands utan einstakra jarða hefur fyrr og síðar verið í afréttarnotum. Samkvæmt þessu verður ekki talið að hugtakið almenningur hafi mikið sjálfstætt gildi við mat á grunneignarrétti á landi sem verið hefur í slíkum notum. Ekki er þó útilokað að slík landsvæði finnist og eins getur hugtakið haft þýðingu við mat á takmörkuðum eignarréttindum.

## 4.4. Afréttir

Uppruni hugtaksins *afréttur* er óljós en sett hefur verið fram sú kenning að afréttur hafi í upphafi merkt þá athöfn að reka geldfé úr heimahögum til fjarlægara beitilands.

---

[68] Sjá t.d. *Íslenskt fornbréfasafn.* 8. b. Reykjavík 1906-1913. S. 485. Að vísu kemur hugtakið almenningur fyrir sem afmarkað beitiland í svonefndum Þjórsártungudómi, en um sanngildi hans leikur vafi. Sbr. Aðalgeir Kristjánsson og Stefán Karlsson, 1979: „Fimm hundruð ára dómur eða fals?“ *Gripla* III. S. 104-114.

[69] Sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 43.

[70] Sjá t.d. 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1879 ásamt fylgiskjölum þeirra laga, 4. gr laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969, 4. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.

[71] Gaukur Jörundsson, 1982-1983: *Eignaréttur* II, s. 133. Þorgeir Örlygsson: „Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 576. Sjá einnig 2. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954; 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966; 1. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994; 8.-1. gr. tilskipunar frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi. Sjá einnig 1. gr. námulaga, nr. 50/1909.

[72] Sbr. t.d. 1. gr. landamerkjalaga, nr. 5/1882, 1. mgr. 1. gr. landamerkjalaga, nr. 41/1919.

[73] Ólafur Lárusson, 1950*: Eignarréttur.* Reykjavík. S. 83.

[74] Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 12. b. Atriðisorðaskrá. Reykjavík 1990. S. 7 (almenningsafrétt, almenningur).

Síðar hafi það að auki farið að merkja réttinn til að reka fé í þetta beitiland. Loks hafi þriðja merkingin komið við hlið hinna, þ.e. svæðið sem rekið var á.[75]

Afréttur hefur oft verið skilgreindur sem afmarkað landsvæði, að jafnaði utan byggðar, sem að fornu og/eða nýju hefur verið nýtt sem sumarbeitiland.[76] Þessi skýring virðist komast einna næst því sem sagt er um afrétti í Grágás og Jónsbók.[77]

Allt frá tíma Grágásar hafa íslensk lög fyrst og fremst gert ráð fyrir að afréttur væri afmarkaður frá aðliggjandi jörðum, fremur en að þess gerðist þörf að hann væri skýrt afmarkaður í heild sinni. Í kafla 4.2. var gerð grein fyrir ákvæðum Jónsbókar um úrlausn ágreinings er „kallar annarr sér, annarr afrétt eða almenning“ og merkjalýsingu (eða merkjagöngu) við sölu lands. Sá er næstur bjó afrétt gat stefnt þeim við sig til garðlags er afréttinn áttu, að tilteknum skilyrðum uppfylltum.[78] Ákvæði Grágásar voru mjög keimlík því sem hér hefur verið lýst en ekki eins ítarleg. Í landamerkjalögum, nr. 5/1882, er einungis kveðið á um að landamerkjum afrétta og annarra óbyggðra lendna skuli haldið við „að því leyti því verður við komið“. Skylda jarðeigenda til merkjasetningar, viðhalds merkja og skrásetningar þeirra er hins vegar afdráttarlaus. Landamerkjalög, nr. 41/1919, sem enn gilda, verður að skilja svo að landamerki afrétta skuli skrásett. Hins vegar kemur skýrt fram að einungis skuli setja merki og halda við merkjum ef sá krefst þess sem land á að afrétti. Enn sem fyrr miðast því ákvæði landamerkjalaga fyrst og fremst við að afmarka lönd jarða. Síður er talin þörf á að afmarka afrétti í heild sinni með skýru móti. Sjá nánar í kafla 5.5.

Ætla má að sum afréttarlönd hafi legið innan upphaflegra landnáma. Önnur hafa legið utan þeirra. Sú kenning hefur verið sett fram að réttur til afrétta hafi í upphafi orðið til með afnotanámi á landi sem hvorki var háð eignarrétti einstaklinga né ríkis.[79] Af heimildum verður hins vegar ekki ráðið að landnámsmenn hafi numið land til annars en fullrar eignar. Afréttir virðast þannig hafa orðið til á þrennan hátt. Í fyrsta lagi er mögulegt að landsvæði hafi verið numið, gengið kaupum og sölum og fyrr eða síðar verið lagt til afréttar. Í öðru lagi getur verið um það að ræða að land hafi verið numið en beinn eignarréttur ekki yfirfærst og fallið niður. Í aldanna rás hafi menn óátalið farið að nýta svæðið sem afrétt. Í þriðja lagi kann ónumið landsvæði að hafa verið tekið til afnota sem afréttur, enda þótt með óformlegum hætti væri.

Með tilliti til uppruna afrétta má flokka þá í þrennt. Í fyrsta lagi er um þá afrétti að ræða sem kalla má *samnotaafrétti*. Þar er um að ræða afrétti sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Sýnast afréttir þeir sem lögbækurnar tóku til einkum falla í þennan

---

[75] Bjarni Jónsson frá Vogi 1917-1919, s. 43.

[76] Efnislega svo í lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. Sjá jafnframt 1. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998.

[77] *Jónsbók* 1904, s. 176-177, 187 (46. og 54. k. llb.). Sbr. einnig Grágás 1992, s. 330-331, 340, 342 (38., 44. og 46. k. lbþ.).

[78] *Jónsbók* 1904, s. 187 (54. k. llb.).

[79] Þórður Eyjólfsson: „Um afrétti og réttindi, sem afréttareign fylgja.“ September 1970 (ópr. fjölr.). S.1.

flokk. Óhætt sýnist að álykta sem svo að hluti þeirra landsvæða, a.m.k., sem viðkomandi afréttir taka og/eða tóku til hafi legið utan þeirra svæða sem numin voru en eignarheimildir snemma fallið niður, hafi svo verið. Rétturinn til þeirra hafi orðið til með því að íbúar byggðarlagsins hafi tekið viðkomandi landsvæði, sem legið hefur utan þáverandi byggðarmarka, til sumarbeitar fyrir búpening og eftir atvikum annarra takmarkaðra nota.

Í öðru lagi er um að ræða *afrétti einstakra jarða og stofnana*, en þar er um þá afrétti að ræða sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lögpersónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Rekstur annarra aðila var þá heimill skv. venjum og samningum, en gegn greiðslu afréttartolls. Umræddir afréttir eru að meginstefnu til skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða í sumum tilvikum af öðrum fasteignum. Tilurð þessara afrétta er ekki með öllu ljós en þeim skýringum hefur m.a. verið hreyft að umræddir afréttir hafi verið hluti af landnámi einstakra landnámsjarða, en vegna legu sinnar, landkosta og búskaparhátta verið nýttir til upprekstrar.

Í þriðja lagi er svo um það að ræða að land eða hluti lands einstakra jarða hafi verið lagt til afréttar.

Eignarréttarleg þýðing hugtaksins í löggjöf hefur verið á reiki. Hefðbundin greining gerir ráð fyrir að afréttir verið flokkaðir í þrennt. Í fyrsta lagi er um að ræða afrétti sem eru fullkomið eignarland, t.d. þegar lönd jarðar hafa verið lögð til afréttar. Í öðru lagi geta afréttir verið í afréttareign, og hún eingöngu talin fela í sér þrengri eignarráð, fyrst og fremst beitarrétt og veiði. Í þriðja og síðasta lagi er um að ræða afréttarítök sem felast þá í rétti jarðar eða jarða til uppreksturs á afrétt tilheyrandi annarri jörð eða stofnun, oftast gegn gjaldi. Sá afréttur getur verið hvort heldur er háður beinum eignarrétti eða einungis afréttareign, sbr. fyrri flokkana tvo. Hugtakið afréttareign getur svo haft víðtækari skírskotun, þ.e. framangreint afbrigði takmarkaðra eignarréttinda að landi.

Þá kemur til skoðunar hver hafi verið réttur manna til landsnytja innan afrétta (og almenninga). Þar verður einna helst litið til þeirra landsnytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. beitar, reka, veiði, vatns og jarðefna, sbr. kafla 4.2.

Frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hefur verið kveðið á um það í löggjöf hverjir mættu reka á afrétt, hvenær, hversu lengi mætti beita þar og hverjar skorður yrðu settar við fjölda fjár. Ákvæði Grágásar og Jónsbókar miðuðust við afrétt er menn „eigu tveir eða fleiri saman.“ Samkvæmt lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969 áttu „allir búfjáreigendur, sem landsafnot hafa í hreppi eða á félagssvæði...“ upprekstrarrétt á afrétt hrepps eða annars upprekstrarfélags. Um upprekstrarrétt á afréttarland, sem lá undir einstaka jörð eða stofnun, fór hins vegar eftir fornri venju

eða samningum. Sömu reglur er að finna í núgildandi lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.[80] Sjá nánar í kafla 4.7.

Ákvæði lögbókanna um beit í almenningi voru rýmri en varðandi afréttina. Enn fremur var tekið fram að hver sem vildi mætti gera sel í almenningi, en það var bannað í afréttum, og öllum var heimilt að nýta sér reka í almenningi, hvort heldur var viður eða hvalur, svo framarlega sem hann hafði ekki áður verið öðrum merktur, sjá nánar í kafla 4.9.[81]

Í Grágás er kveðið á um rétt manna til að veiða í almenningum.[82] Sams konar ákvæði voru í gildi samkvæmt Jónsbók.[83] Ekki er minnst á afrétti sérstaklega í þessu sambandi. Árið 1849 er gefin út tilskipun um veiði á Íslandi og réttur til veiði á afréttum, sem fleiri eigi saman, bundinn við þá menn sem afrétt heyri til en í almenningum er veiði öllum mönnum jafnheimil.[84] Með lögum nr. 63/1954 eru reglur um fuglaveiðar rýmkaðar mjög og öllum íslenskum ríkisborgurum heimilaðar fuglaveiðar í almenningum og afréttum utan landareigna lögbýla, enda gæti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra. Heimild til dýraveiða í almenningum og afréttum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra, er veitt íslenskum ríkisborgurum og erlendum ríkisborgurum með lögheimili hér á landi með lögum nr. 64/1994.[85]

Engin sérákvæði hafa verið í íslenskri löggjöf um vatnsréttindi á afréttum og almenningum. Miklar deilur urðu um það í byrjun síðustu aldar hvernig eignarrétti að vatni væri háttað, í tilefni af auknum möguleikum til nýtingar vatnsorku. Lyktir urðu þær að í vatnalögum, nr. 15/1923, er sett sú almenna regla að vatnsréttindi fylgi eignarrétti að landi. Þess skal þó getið að við undirbúning vatnalaganna var Fossanefndin svokallaða sammála um að ríkið ætti öll vatnsréttindi utan landareigna einstakra manna.[86]

Með vatnalögum, nr. 15/1923, var heimild til veiða í vötnum á afréttum og almenningum, sem héruð ættu eða notuðu með löglegri heimild og væru ekki einstaks manns eign, bundin við héraðsmenn. Öllum var hins vegar heimil veiði í vötnum á afréttum og almenningum og öðrum lendum utan landareigna lögbýla, enda gæti enginn sannað einstaklingsréttar heimild til þeirra. Umrædd regla þótti ekki fyllilega skýr og var það fyrst með dómi Hæstaréttar í Landmannaafréttarmálinu, H 1955 108

---

[80] *Jónsbók* 1904, s. 176-177 (46. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 330-331 (38. k. lbþ.). Lög um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969, 7.-8. gr., og nr. 6/1986, 7.-8. gr.
[81] *Jónsbók* 1904, s. 193-194 (59. k. llb.). Grágás 1992, s. 369 (74. k. lbþ.).
[82] *Grágás* 1992, s. 349, 369 (50. og 74. k. lbþ.).
[83] *Jónsbók* 1904, s. 193-194 (59. k. llb.).
[84] Sjá 2. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.
[85] Sjá 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954, 2. mgr. 5. gr. laga fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966 og 1. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.
[86] Nefndarálit minnihluta Fossanefndar, bls. IV og 32 og Nefndarálit meirihluta Fossanefndar, sbr. 16. og 17. gr. þess frumvarps og athugasemdir við þær greinar.

og með gildistöku 5. gr. lax- og silungsveiðilaga nr. 53/1957 sem tekið var af skarið um það, og án tillits til þess hvort að fyrir lægi sönnun um eignarrétt að viðkomandi landsvæði, að veiði í vötnum á afrétti tilheyrði búendum sem upprekstrarrétt ættu á afréttinn til búsþarfa á sama hátt sem verið hefði enda væri veiðiréttur í þeim vötnum ekki í einkaeign, sbr. nú 5. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Allt að einu þykir verða að skýra 5. gr. lax- og silungsveiðilaga til samræmis við eignarhald viðkomandi afréttar/landsvæðis og að hún samkvæmt hljóðan sinni taki fyrst og fremst til samnotaafrétta. Lúti viðkomandi landsvæði, þ.e. afréttur beinum eignarrétti er veiðirétturinn að sama skapi á hendi þess sama aðila og fer með hinar beinu eignarréttarheimildir, skv. meginreglu 1. mgr. 2. gr. laga nr. 76/1970, einstaklinga, sveitarfélaga eða annarra. Sé afréttarland ekki undirorpið beinum eignarrétti, en allt að einu í afréttareign ákveðinna aðila, sbr. flokkunin í afrétti kirkna og stofnana hér að framan og afréttareignin eftir atvikum verið framseld sem slík, þá er ástæða til þess að ætla að veiðiréttur sé á hendi þess aðila sem er handhafi afréttareignarinnar. Á öðrum þeim landsvæðum sem hvorki falla í flokk afrétta né sýnt verði fram á tilvist einstaklingseignarréttarheimilda til veiði þá tilheyrir veiðiréttur, að óbreyttu, íslenska ríkinu, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 58/1998.[87]

Í Grágás og Jónsbók er ekki fjallað um rétt til jarðefna utan eignarlanda. Með tilskipun frá árinu 1878 er mælt fyrir um heimild hvers og eins til hagnýtingar tilgreindra jarðefna á fjöllum, þjóðvegum og öðrum stöðum, sem einskis eign væru. Árið 1907 er kveðið á um það í lögum að landssjóður teljist námueigandi í „afrjettum, almenningum og öræfum, sem ekki eru metin til dýrleika“.[88]

Skyldur þeirra er hagsmuna hafa átt að gæta á afréttum hafa fyrst og síðast falist í að fylgja lagareglum, samþykktum eða samningum um tilhögun nýtingarinnar. Heimildir benda ekki til þess að afréttir hafi verið tíundaðir sérstaklega til skatts fyrr en á 20. öld. Sjá nánar í kafla 5.2.

Frá tíma nýbýlatilskipunarinnar 1776 má, a.m.k. framan af, merkja þann mun á samnotaafréttum og afréttum einstakra jarða og stofnana að löggjafinn hefur talið sig hafa rýmri heimildir til að skipa málum á hinum fyrrnefndu.[89] Í nýbýlatilskipuninni er einn flokkur óbyggðra landsvæða nefndur *afréttaralmenningur,* sbr.

---

[87] Sjá 123. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, lög um lax- og silungsveiði, nr. 61/1932; lög um lax- og silungsveiði, nr. 112/1941; 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 53/1957 og 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

[88] Sbr. tilskipun frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi, 8.-10. gr.; 13. gr. námulaga, nr. 61/1907; og 1. gr. námulaga, nr. 50/1909. Í síðari löggjöf um þetta efni er ekki fjallað sérstaklega um afrétti og almenninga.

[89] Skýr dæmi um þetta má sjá í 1. og 4. gr. nýbýlalaga frá 1897, hugsanlega 2. gr. veiðitilskipunar frá 20. júní 1849, 1. og 13. gr. námulaga nr. 61/1907, 1. mgr. 12. gr. laga um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28/1963, 7. og 8. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, sbr. greinargerð með upphaflegu frumvarpi til þeirra laga. Auk þess má benda á þau gögn sem lágu til grundvallar þingsályktunartillögum frá 1917 og 1919 og svo sjálfum vatnalögunum frá 1923. Það veldur þó vafa að í viðkomandi lögum eru ekki alltaf gerðir fyrirvara vegna þeirra landsvæða eða

kafla 4.3. Það hugtak á sér eldri sögu og kemur m.a. fyrir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns í svipaðri merkingu og *samnotaafréttur*. Í nýbýlatilskipuninni virðist ekki gert ráð fyrir að afréttaralmenningar séu háðir beinum eignarrétti en viðurkennt að eigendur og ábúendur nærliggjandi jarða kunni að eiga þar einhvern nýtingarrétt.

Í 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1897, sem við tóku af nýbýlatilskipuninni segir svo:

> Nýbýli má stofna á eyðijörðum og í öðrum óbyggðum löndum, er enginn getur sannað sína eign. Svo má og stofna nýbýli í afrjettum, er sveitarfélög eiga, og almenningum, ef sveitarstjórnir þeirra sveitarfélaga er afrjettina eiga eða eiga hagsmuna að gæta í almenningnum, leyfa það, og sýslunefndin veitir til þess samþykki sitt.

Í 2. gr. laganna er kveðið sérstaklega á um það að nýbýlingur skuli láta vita um fyrirætlun sína ef hann vilji stofna nýbýli á eyðijörð eða í óbyggðu landi og var þá gefinn sex mánaða frestur ef einhver vildi gefa sig fram með heimildarskírteini fyrir landinu.

Í upphaflegu frumvarpi til nýbýlalaga var ekki miðað við afrétti sveitarfélaga heldur afrétti ótilgreint. Stjórnarráðið taldi það hins vegar ekki ætlun þingsins að lögin tækju til afrétta sem væru eign einstakra aðila, jarða eða kirkna og því var orðalagi ákvæðisins breytt til þessa horfs.

Á sama tíma sýnast afréttir einstakra jarða og stofnana hafa verið aðgreindir frá samnotaafréttum og þá yfirleitt ekki neinir fyrirvarar gerðir varðandi grunneignarrétt jarðeigandans. Sama afstaða endurspeglast og í þeim sölum ríkisjarða sem áttu sér stað á fyrstu áratugum aldarinnar en þá voru afréttir einstakra jarða og stofnana seldir, að því er virðist sem bein og fyrirvaralaus eignarlönd.[90] Breytingar má þó merkja í síðari tíma löggjöf þar sem ekki virðist gerður neinn grundvallarmunur á samnotaafréttum og afréttum einstakra jarða og stofnana.[91]

Dómstólar hafa frá árinu 1955 fjallað um eignarréttartilkall einstaklinga, sveitarfélaga og ríkis til einstakra afrétta.[92] Í H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri) og H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari) var tekist á um eignarréttartilkall að Landmannaafrétti. Í fyrra málinu var beinu eignarréttartilkalli afréttarhafa hafnað, enda voru þeir ekki taldir hafa sýnt fram á tilvist slíks réttar, hvorki fyrir nám, löggerninga, hefð né með öðrum hætti. Afnot sem falist hefðu í sumarbeit fyrir sauðfé, veiði og öðrum takmörkuðum notum styddu ekki eignarréttartilkall í beinni

afrétta sem sveitarfélög hafa eignast á síðari tímum og eiga hugsanlega fullkomnar eignarheimildir fyrir.

[90] Sjá H 1994 2227 (Geitland) og H 1997 1162 (Auðkúluheiði).

[91] Í dæmaskyni má benda á að samkvæmt ákvæði 2. mgr. 5. gr. laga nr. 33/1966 um fuglaveiði og fuglafriðun og 2. gr. námulaga nr. 24/1973, sbr. athugasemdir með þeirri grein, sýnist sönnunarbyrðin um beinan eignarrétt að afrétti í öllum tilvikum hvíla á þeim aðila, sem heldur slíkum rétti fram.

[92] Sjá jafnframt Lyfrd. eldri VII-223 og Lyfrd. yngri V-327.

merkingu. Í H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur), H 1971 1137 (Reyðarvatn) um afrétt Lundarreykjadalshrepps austan Reyðarvatns, H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði) var eignarréttartilkalli afréttarhafa í öllum tilvikum hafnað.

Auk þeirra atriða sem réðu tilhögun sönnunarbyrði í Landmannaafréttardóminum fyrri sýnast lega, staðsetning og landshættir hafa áhrif, sem og upplýsingar sem raktar verða til Landnámu og þá eru gerðar kröfur um heimildir varðandi órofa framsal réttinda yfir viðkomandi afréttum. Afsöl og/eða aðrar eignarheimildir sýnast þá ekki heldur duga einar og sér heldur eru þær kröfur gerðar að meintur rétthafi sýni fram á að sá sem afsalaði hafi í raun verið réttilega komin að umræddum réttindum. Í H 1971 1137 (Reyðarvatn) var eignarréttur Andakílshrepps að afrétti sínum staðfestur en til afréttarins hafði sérstaklega verið lögð Gullberastaðatunga, úr landi jarðarinnar Gullberastaða. Til athugunar í því sambandi er einnig niðurstaðan í H 1975 55, landamerkjamáli á Arnarvatnsheiði, þar sem engir fyrirvarar voru a.m.k. gerðir um eignarrétt Hálsa- og Reykholtsdalshreppa að afrétti sínum, landsvæði sem fyrrum hafði verið skipt út úr jörðinni Kalmanstungu.

Séu framangreindir dómar skoðaðir með hliðsjón af því sem áður greindi um flokkun afrétta með tilliti til uppruna virðist óhætt að fella Landmannaafrétt undir *samnotaafrétt*, sbr. H 1955 108 og H 1981 1584. Þá sýnast afréttir Lundarreykjadalshrepps austan Reyðarvatns, Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði verða felldir undir flokkinn *afréttir einstakra jarða og stofnana*, sbr. H 1971 1137, H 1997 1162, H 1997 1183 og að auki H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur). Loks virðast Gullberastaðatunga við Reyðarvatn og Kalmanstunguland á Arnarvatnsheiði dæmi um það að *lönd eða hluti lands einstakra jarða hafi verið lögð til afréttar*, sbr. H 1971 1137 og H 1975 55.

Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að landsvæði sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum eru samnotaafréttir hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti. Samhengi eignarréttar og sögu liggur hins vegar ekki fyrir. Nýting landsins hefur fyrr og síðar fyrst og fremst falist í sumarbeit fyrir búfénað. Reglur um afmörkun á afréttum hafa verið mun rýmri en varðandi jarðir og fyrst og fremst miðast við hagsmuni eigenda aðliggjandi jarða. Þá er ljóst að löggjafinn hefur ráðstafað eignarréttindum á afréttum til annarra en afréttarhafa og ekki lagt á þá sömu skyldur og eigendur jarða. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv. sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með hefur einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðrar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum er samnotaafréttur sé þjóðlenda.

Að því er varðar afrétti einstakra jarða og stofnana, virðist munurinn sá að réttindi einstakra jarða til landsvæðisins og tilheyrsla þess í því sambandi eru meiri en varðandi samnotaafréttina. Jafnframt hefur löggjafinn ekki ráðstafað eignarréttindum á slíkum svæðum á sama hátt og á samnotaafréttum. Hvort tiltekinn afréttur einstakrar

jarðar eða stofnunar er undirorpinn beinum eða óbeinum eignarrétti heimajarðar er hins vegar ekki einhlítt og verður að meta í hverju tilviki fyrir sig. Kröfur dómstóla til sönnunar að því er varðar annars vegar afrétti einstakra jarða og stofnana og hins vegar samnotaafrétti virðast þó sambærilegar.

Um lönd eða hluta lands einstakra jarða sem lagt hefur verið til afréttar vísast til kafla 4.2. um hugtakið *jörð*, sbr. einnig H 1971 1137 (Reyðarvatn) og H 1975 55 (Arnarvatnsheiði).

### 4.5. Jörð eða afréttur?

Hér hefur að framan verið gerð grein fyrir þeirri flokkun lands sem byggt var á fram að gildistöku þjóðlendulaga og fól í sér skiptingu í jarðir, afrétti og almenninga. Í kafla 4.2. kemur fram að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Um hugtakið jörð segir einnig að þó svo hvorki verði ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt sé gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu, annars vegar heimaland, undirorpið sérstakri og meiriháttar nýtingu, og hins vegar annað land, úthagi eða afréttarland í takmarkaðri notum, þá finnist allt að einu einstök dæmi um slíka skiptingu. Af slíkum dæmum verði þó engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar.

Afrétti hefur óbyggðanefnd flokkað í þrennt á grundvelli uppruna, sbr. kafla 4.4. Í fyrsta lagi samnotaafrétti, þ.e. þá afrétti sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Í öðru lagi afrétti einstakra jarða og stofnana, sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lögpersónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Umræddir afréttir eru að meginstefnu skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða, í sumum tilvikum, af öðrum fasteignum. Í þriðja lagi er um að ræða jarðir sem að hluta eða öllu leyti hafa verið lagðar til afréttar og gilda þar um sambærilegar sönnunarkröfur og um eignarhald að landi jarða yfirleitt.

Til viðbótar og fyllingar þessum meginforsendum er óhjákvæmilegt að huga nokkru nánar að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka. Innan merkja jarða kunna að finnast svæði sem kölluð eru afréttur en hafa þó ekki sjálfstæða afmörkun. Jafnvel er sá möguleiki fyrir hendi að þau séu á einhvern hátt afmörkuð. Hér má einnig nefna svæði sem kölluð eru afréttarland, fjallhagi, beitiland, upprekstrarland eða eru auðkennd með sambærilegum hætti. Í þessu þarf ekki að felast mismunandi eignarréttarleg staða lands innan jarðarinnar. Hugsanlegt er að vísað sé til gamalgróinnar notkunar á viðkomandi jarðarhluta sem beitarlandi. Þýðing hugtaksins afréttur hefur lengi verið á reiki og ekki ósennilegt að notkun þess í tímans rás sé með einhverjum afbrigðum, e.t.v. tengdum staðháttum. Í sveitarfélögum þar sem ekki finnast afréttir samkvæmt þeirri flokkun sem óbyggðanefnd hefur lagt til grundvallar kann það jafnvel að vera notað um fjalllendi jarða á svæðinu almennt. Það

er mat óbyggðanefndar að slík aðstaða ein og sér, og þá einkum ef svæði er kallað afréttur án sjálfstæðrar afmörkunar, raski ekki þeim eignarréttarlegu forsendum, þ.m.t. sönnunarstöðu, sem óbyggðanefnd hefur byggt á viðvíkjandi réttarstöðu jarða. Gera þarf hins vegar skýran greinarmun á tilvikum af þessu tagi og afréttum einstakra jarða eða stofnana sem eru skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða öðrum fasteignum.

Í þessu samhengi skal það rifjað upp að land jarða kann að vera nýtt sem beitiland með svipuðum hætti og afréttir, jafnvel þannig að viðkomandi landsvæði sé alfarið tekið undir fjallskilaframkvæmd. Eins og fram kemur í almennri umfjöllun óbyggðanefndar um fjallskil, sbr. kafla 4.7., gefur slík tilhögun ein og sér hins vegar enga vísbendingu um eðli eignarhalds að því landi. Í sögulegu ljósi getur það þó haft þýðingu við sönnunarmat um tilvist eignarréttar ef einstök landsvæði, sem gert er tilkall til sem hluta jarðar, hafa verið nýtt sem upprekstrarland af einhverju tagi af eigendum og ábúendum annarra jarða. Einstök tilvik af þessum toga verður að meta sérstaklega.

## 4.6. Jöklar

Í Landnámu er þess hvergi getið að menn hafi numið jökla til eignar, og kann því að hafa verið trúað að þar byggju hálftröll eða goðumlíkar persónur (sbr. frásagnirnar um Bárð Snæfellsás og Hallmund í Balljökli). Enda þótt jöklar séu ekki nefndir sérstaklega í lögbókunum fornu verður sú ályktun dregin að lögsaga þjóðveldisins hafi einnig náð til þeirra; sakamenn voru a.m.k. ekki óhultir á „fjöllum“ og í „óbyggðum“.[93] Ef marka má frásögn Grettis sögu hafa grið milli manna tekið jafnt yfir fjöll og jökla sem byggðar lendur.[94]

Því hefur verið haldið fram að einhverjir hinna norsku landnámsmanna hafi þekkt jökla af eigin raun úr heimkynnum sínum. Hins vegar er erfitt að segja til um hversu nákvæm og víðtæk þekking þeirra á jöklum var.[95] Elsta lýsing á jöklum á Íslandi er í riti Saxo Grammaticus (Saxa hins málspaka), *Gesta Danorum*, sem samið var um 1200. Þar er í fyrsta skipti lýst hreyfingu skriðjökla, nánar tiltekið hverfihreyfingu, þegar neðri hluti jökulsins hverfist upp á yfirborðið.[96] Saxi lýsir þessu sem furðufregn, og er alls ekki víst að frumbyggjar Íslands hafi í öndverðu verið betur að sér en hann um þann eiginleika skriðjökla að færast úr stað.[97] Hér er einnig ástæða til

---

[93] Sbr. *Grágás* 1992, s. 472. *Jónsbók* 1904, s. 43, 272-273.

[94] *Íslendinga sögur*. 6. b. Guðni Jónsson bjó til prentunar. [Reykjavík] 1953. S. 233 (72. k.): „Nú skulum vér vera sáttir ok sammála hverr við annan í huga góðum, hvárt sem vér finnumst á fjalli eða fjöru, skipi eða skíði, jörðu eða jökli, í hafi eða á hestbaki…“

[95] Sigurður Þórarinsson, 1960: „Glaciological Knowledge in Iceland before 1800. A Historical Outline.“ *Jökull. Ársrit Jöklarannsóknafélags Íslands*. S. 1-2, 15.

[96] Sigurður Þórarinsson 1960, s. 14-15.

[97] Sbr. Saxo Grammaticus, 1985: *Danmarks Krønike*. Kaupmannahöfn. S. XXII-XXIII.

að benda á það sem stendur í formála Guðmundar sögu Arasonar eftir Arngrím ábóta Brandsson (rituð um 1350):

> Á sjánum liggja þeir hafísar, at með sínum ofvægilegum vexti taka þeir at fylla norðrhöfin, en yfir háfjöll landsins svo *óbræðiligir jöklar* með yfirvættis hæð og vídd, at þeim mun ótrúligt þykkja, sem fjarri eru fæddir.[98]

Landsmenn áttu eftir að komast að því, þótt síðar yrði, að stærð jökla var ekki föst og óbreytanleg heldur gátu þeir hlaupið fram í náttúruhamförum eins og gerðist við eldgosið í Knappafellsjökli 1362. En hægfara breytingar gátu einnig átt sér stað, og má nefna sem dæmi að um 1700 var landnámsbærinn Fell (Fjall) við Breiðá kominn undir jökul.[99] Um svipað leyti (1695) lauk Þórður Þorkelsson Vídalín Skálholtsrektor við ritgerð sína um jökulfjöll á Íslandi þar sem hann, sennilega fyrstur manna, setti fram frostþenslukenninguna svonefndu til skýringar á jöklaskriði.[100] Þá er þess að geta að jökulhlaup voru eitt af því sem Árni Magnússon og Páll Vídalín áttu að gefa sérstakan gaum að þegar þeir voru sendir í rannsóknarleiðangur um landið í byrjun 18. aldar.[101]

Jökull hefur verið skilgreindur sem massi af ís og snjó sem orðinn er þjáll og hreyfanlegur og hnígur og skríður undan eigin fargi.[102] Í aðdraganda að setningu vatnalaga í byrjun 20. aldar var ágreiningur um eignarrétt að vatni og eignarhæfi þess. Niðurstaðan varð sú að í vatnalögum, nr. 15/1923, er ekki kveðið á um eignarrétt landeiganda að vatni á landi sínu heldur felst í þeim að landeigandi á aðeins þann rétt sem lögin heimila honum sérstaklega. Þar var raunar um að ræða allar helstu hagnýtingarheimildir vatns.[103] Vatnalögin gera mun á mismunandi afbrigðum vatns en um jökla er ekki fjallað sérstaklega.

Eignarréttarleg staða jökulsvæða hefur ekki verið til sérstakrar umfjöllunar í íslenskri lögfræði. Jöklar hafa einna helst verið nefndir sem dæmi um óbyggð svæði sem enginn hafi nytjar af, eða landalmenninga samkvæmt síðari tíma flokkun. Með því hefur þó alls ekki verið útilokað að jökull geti fallið innan eignarlands og jafnvel gerður skýr fyrirvari um að sá möguleiki væri fyrir hendi.[104]

---

[98] *Byskupa sögur*. 3. b. Hólabyskupar. Guðni Jónsson bjó til prentunar. [Reykjavík] 1953. S. 150. (Skáletur óbn.)

[99] *Landnámabók* 1986, s. 233 (1. nmgr.).

[100] *Dissertationcula de montibus Islandiæ chrystallinis* (Smárit um jökulfjöll Íslands) (sbr. Sigurður Þórarinsson 1960, s. 16-17).

[101] *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 38.

[102] Minnisblað Odds Sigurðssonar, jöklafræðings, til óbyggðanefndar, dags. 13.1.2003.

[103] Um aðdragandann að setningu vatnalaganna, sjá t.d. Gaukur Jörundsson, 1982-83: *Eignaréttur* I. Reykjavík. S. 43.

[104] Sbr. þessi orð Sigurðar Líndals: „Auk afrétta og almenninga kunna að vera til lönd inni á hálendinu, til dæmis öræfa- og jöklasvæði, sem enginn einstaklingur getur leitt heimildir að eða skírskotað til sérréttinda yfir né heldur neinn almannaréttur er bundinn við“ („Eignarréttur á landi og orkulindum.“ *Sérprentun úr skýrslu aðalfundar Sambands íslenskra rafveitna* 1983. S. 18). – Sbr. einnig Þorgeir Örlygsson: „Landalmenningur er landsvæði, sem enginn aðili telur til einstaklingseignarréttinda yfir. Nú á tímum er erfitt að benda á staði, sem ótvírætt verða taldir til landalmenninga, þótt e.t.v. sé það ekki útilokað. Miðað við landnýtingu og búskaparhætti síðustu áratugi má ætla, að erfitt sé að finna

Í almennum athugasemdum við frumvarp til þjóðlendulaga kemur fram að byggt sé á nokkrum meginatriðum, m.a. þessum:

> Tekið verði upp nýtt hugtak fyrir landsvæði utan eignarlanda, þjóðlenda. Þetta hugtak taki til þeirra landsvæða sem nú eru ýmist nefnd afréttur, almenningur, óbyggðir eða hálendi utan eignarlanda. Jöklar, sem ekki teljast innan eignarlanda, falli undir flokk þjóðlendna.[105]

Um jökla er ekki fjallað að öðru leyti í greinargerðinni og þeir eru ekki nefndir í ákvæðum laganna.

Um ákvörðun eignarmarka/landamerkja að eða á jökli hefur ekki verið tekið af skarið í íslenskri réttarframkvæmd. Jaðrar jökla taka breytingum, ýmist ganga fram eða hopa. Meginálitaefnið er hvernig með skuli fara þegar landamerki virðast miðuð við jökuljaðar og merkjum jarðar að jökli því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi.

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 er vikið að mörkum afréttar innan þjóðlendu við jökul og talið að með hliðsjón af því að um einhliða ákvörðun afréttarmarka sé að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands sé fullnægjandi að miða við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna, enda eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðist af gróðurfari og hafi ekki þýðingu í öðru sambandi. Engin afstaða er tekin til þessa álitamáls að því er eignarland varðar, enda ekki gefið að sömu reglur eigi að gilda. [106] Verður nú hugað nánar að því atriði.

Í grein sinni „Landamerki fasteigna" reifar Tryggvi Gunnarsson þrjár leiðir sem til álita komi um mörk eignarlanda við jökul. Í fyrsta lagi mætti hugsa sér að merkin væru breytileg og miðuðust við jökulbrún á hverjum tíma. Í öðru lagi gætu þau náð að elstu þekktu jökulbrún, sbr. reglu vatnalaga um „fornan miðjan farveg" í ám. Loks væri í þriðja lagi hægt að taka mið af jökulbrún á þeim tíma þegar landamerkin voru skráð eða þau ákveðin með öðrum hætti.[107] Taka ber fram að grein þessi er rituð fyrir gildistöku þjóðlendulaganna 1998. Niðurstaða Tryggva er sú að réttast sé að landamerkin séu breytileg og miðist við jökulbrúnina eins og hún er á hverjum tíma. Telur Tryggvi að þeir sem völdu jökul sem landamerkjaviðmiðun hafi gert sér grein fyrir því að jökulbrúnin færðist til. Með vísan til reglna íslensks réttar varðandi breytingu á fjöru og landauka sem þar myndast sé ástæða til að ætla að

---

landsvæði utan fullkominna eignarlanda og sérstakra friðlanda, sem ekki hafa að einhverju marki verið nýtt til sauðfjárbeitar eða sauðfé farið þar um á sumrin og verið smalað að hausti. Ekki er þó hægt að útiloka, að slík svæði finnist inni á hálendinu. Jöklar landsins, að því marki sem þeir falla ekki innan fullkominna eignarlanda, teljast að öllum líkindum almenningar" („Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum." *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík 1994. S. 592).

[105] Þskj. 598. Alþtíð. 1997-1998, 122. lögþ. A: 2598.

[106] Sjá t.d. kafla 12.10. í máli nr. 5/2000 hjá óbyggðanefnd.

[107] Tryggvi Gunnarsson, 1994: „Landamerki fasteigna." *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 510-512.

dómstólar beiti hliðstæðri reglu varðandi breytingar á landamerkjum þar sem jökulbrún færist til og landamerki í samræmi við breytingar á jökulbrúninni. Sérstök sjónarmið kunni síðan að koma upp, ef jökull hverfi með öllu þar sem hann hafi áður skilið að fasteignir.

Ástæða er til að huga hér nánar að reglum um merki sjávarjarða til hafsins, sjá einnig kafla 4.9. Þau hafa ýmist verið miðuð við neðri mörk fjöru eða netlög.[108] Fjaran er svæðið á milli stórstraumsflóðmáls og stórstraumsfjörumáls. Netlög eru í ýmsum lögum skilgreind sem sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjörumáli landareignar. Dómstólar hafa lagt til grundvallar að eigandi sjávarjarðar eignist landauka til sjávar.[109] Fjara jarðarinnar og netlög færast út og inn í samræmi við landauka eða landtap, þ.e. breytt stórstraumsfjörumál, og landamerki hennar þar með. Með lögum nr. 73/1990 voru auðlindir hafsbotnsins utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 1. gr. Netlög eru þar skilgreind með sama hætti og áður, sbr. 3. mgr. 2. gr., og ekki verður talið að ætlunin hafi verið að afnema til frambúðar áðurgreindan rétt sjávarjarða til landauka og fastsetja þar með í eitt skipti fyrir öll mörk sjávarjarða til hafsins. Vilji löggjafans til slíkrar breytingar hefði þurft að koma skýrt fram. Gildistaka laga nr. 73/1990 hafði þannig ekki í för með sér að merki sjávarjarða til hafsins væru endanlega fastsett.

Samkvæmt ákvæði 1. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, er eignarhaldi á landi skipt í tvo flokka, eignarlönd og landsvæði utan eignarlanda, þ.e. þjóðlendur. Um leið eru þjóðlendur lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 2. gr. Í greinargerð með frumvarpi til þjóðlendulaganna kemur skýrt fram að jökull getur hvort heldur er verið í eignarlandi eða þjóðlendu, sbr. þá athugasemd sem að framan greindi. Þetta bendir ótvírætt til þess að löggjafinn hafi ekki álitið að jökulrönd væri í eðli sínu afmörkun á eignarlandi og þjóðlendu. Breytingar á stöðu jökuls ættu því ekki að hafa í för með sér að eignarland breyttist í þjóðlendu og öfugt. Um eignarréttarlega stöðu þess lands sem hulið er jökli fer þannig eftir sömu reglum og um önnur landsvæði. Gildistaka þjóðlendulaganna hafði í för með sér endanlega skiptingu lands í annars vegar eignarland og hins vegar þjóðlendur. Hér skilur á milli laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins og þjóðlendulaga. Í fyrra tilvikinu er gert ráð fyrir að nýtt land, þ.e. landauki, eigi eftir að verða til og merki eða eignamörk því ekki fastsett. Í síðara tilvikinu er hins vegar fjallað um allt land sem við gildistöku laganna var ofan sjávar, þ.m.t. landsvæði undir jökli, og merki endanlega fastsett. Land sem kemur undan jökli er þannig ýmist eignarland eða þjóðlenda, um það fer ekki eftir reglunni um merki sjávarjarða til hafsins.

[108] Í H 1996 2518 og 2525 er talinn vafi um beinan eignarrétt fasteignareiganda í netlögum.

[109] Sbr. H 1946 345. Sjá einnig Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I. Reykjavík. S. 45. Gaukur Jörundsson, 1982-83: *Eignaréttur* II. Reykjavík. S. 136.

Vatnsréttindi á jökulsvæðum í eignarlandi og túlkun vatnalaga í því sambandi er ekki til úrlausnar fyrir óbyggðanefnd. Tilkall annarra en íslenska ríkisins til vatnsréttinda á jökulsvæðum í þjóðlendum verður að meta í hverju tilviki fyrir sig.

Kemur þá til skoðunar hvort taka skuli mið af elsta þekkta jökuljaðri, legu jökuls þegar landamerki voru skráð, við gildistöku þjóðlendulaganna eða einhverju öðru, í þeim tilvikum að landamerki virðast miðuð við jökuljaðar.

Vísindamenn hafa slegið því föstu að jöklar landsins séu stærri nú en á landnámstíma.[110] Hafi landnám náð að jökli hefur það land sem horfið hefur undir jökul tilheyrt aðliggjandi jörðum. Þar getur jafnvel verið um að ræða heilar jarðir sem lítið eða ekkert er vitað um í dag. Lega jökuls á landnámstíma verður ekki ákvörðuð með nokkurri vissu. Töluvert er hins vegar vitað um stöðu jökuls við lok nítjándu aldar og byrjun þeirrar tuttugustu, þegar sett höfðu verið landamerkjalög og ætla má að flest landamerkjabréf hafi verið gerð. Jöklar voru þá stærstir á sögulegum tíma en síðan hafa þeir almennt hopað, þó ekki alla leið aftur til stöðu sinnar um landnám. Innan þess jökuljaðars sem miðað kann að hafa verið við í kringum 1900 er í sumum tilvikum jökullaust land nú. Við gildistöku þjóðlendulaga 1998 lá jökuljaðarinn þannig á milli upphaflegra landnámsmarka og stöðu við gerð flestra landamerkjabréfa um aldamótin 1900, almennt séð þó nær hinni síðarnefndu. Óhætt er þannig að slá fastri þeirri meginreglu að land sem komið hefur undan jökli á tímabilinu frá því landamerkjalög eru sett 1882 og þar til þjóðlendulög taka gildi 1998 var jökullaust við landnám.

Óljóst er hvort landnámsmenn hafa gert sér grein fyrir því að jökuljaðar væri breytingum undirorpinn en ekki fer á milli mála að um aldamótin 1900 var löngu orðið ljóst að svo væri. Jaðar jökulsins hefur að sjálfsögðu afmarkað það landsvæði sem nýtanlegt hefur verið og með honum eru dregin glögg skil frá náttúrunnar hendi. Eðli máls samkvæmt er hins vegar erfitt að finna þar fastan viðmiðunarpunkt. Mun þetta ástæða þess að merkjum er oft lýst „í jökul“ ótilgreint eða kennileiti skammt undan jökli. Sums staðar á landinu hagar þannig til að ein og sama jörðin liggur milli sjávar og jökuls. Jafnglögg merki af völdum náttúrunnar kunna að hafa verið talin svo sjálfsögð viðmiðun að ekki þyrfti umfjöllunar við í landamerkjalýsingu. Gagnvart jöklinum sjálfum er þá engri landamerkjalínu lýst. Ekki verður talið að viðkomandi jarðeigandi hafi þar með lýst því yfir að hann gæfi eftir eignarrétt eða afsalaði sér tilkalli til þess lands sem í tímans rás hefur horfið undir jökul. Líkur eru hins vegar á að í flestum tilvikum sé útilokað að afmarka það. Óbyggðanefnd ber að draga mörk á

---

[110] Sjá eftirfarandi greinar Odds Sigurðssonar jarðfræðings: „Útbreiðsla jökla á Íslandi á sögulegum tíma.“ Greinargerð, júlí 2001. „Minnispunktar um breytingar jökla frá landnámi Íslands“, dags. 7.6.2002. „Variations of termini of glaciers in Iceland in recent centuries and their connection with climate.“ Óbirt handrit, ódags. Minnisblað Odds Sigurðssonar, jarðfræðings, um hugtakið jökul o.fl., dags. 13.1.2003. – Helgi Björnsson, 1979: „Glaciers in Iceland.“ *Tímaritið Jökull. Jöklarannsóknafélag Íslands*. 29. árg. – Sigurður Þórarinsson, 1974: „Ofgnótt jökla.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 43-48.

milli eignarlanda og þjóðlendna, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998, og niðurstaðan hverju sinni hlýtur að ráðast af tiltækum heimildum og almennum sönnunarreglum. Staðhættir og sönnunarstaða geta því leitt til sambærilegrar niðurstöðu og ef eignarréttur hefði verið gefinn eftir.

Ef líkindi eru fyrir því að land hafi verið numið inn til jökla styður það  þá niðurstöðu að land sem jökullinn hefur skilað frá gerð landmerkjabréfanna falli til aðliggjandi jarða. Ekki verður talið að jökull hafi hopað svo hratt undanfarna rúma öld að komið sé í ljós að ráði land jarða sem ofar kunna að hafa legið, enda staða jökuls 1998 nær því sem var um 1900 en um landnám. Tilkall til lands sem komið hefur undan jökli kann jafnframt að byggjast á hefðarreglum. Til skoðunar koma þá almenn atriði eins og tímalengd, yfirráð, hagnýting, ráðstafanir að lögum, viðhorf hefðanda og annarra aðila o.fl. Staðhættir kunna að vera með þeim hætti að um eðlilegt framhald tiltekinnar jarðar sé að ræða, líkt og landauki til hafs, og nýting annarra útilokuð. Frávik frá þessum almennu ályktunum eru þó að sjálfsögðu möguleg og verður að skoða hvert tilvik fyrir sig. Jafnframt hlýtur réttur þessi að takmarkast við land sem komið var undan jökli við gildistöku þjóðlendulaga 1998, þegar löggjafinn kvað á um eignarhald ríkis á öllu því landi sem ekki væri sannanlega undirorpið beinum eignarrétti. Mögulegar væntingar jarðeigenda um rétt til þess lands sem kemur undan jökli eftir þann tíma njóta ekki réttarverndar sem eignarréttindi í skilningi 72. gr. stjórnarskrár. Þá ber þess að geta að frá gildistöku þjóðlendulaganna er ekki unnt að öðlast eignarréttindi innan þjóðlendna fyrir nám eða hefð, sbr. 8. mgr. 3. gr.

Niðurstaða óbyggðanefndar er því sú að gildistaka þjóðlendulaga hafi undir þessum kringumstæðum haft það í för með sér að merki jarða gagnvart jökli væru fastsett, án tillits til síðari breytinga á jökuljaðrinum. Sú niðurstaða er jafnframt í eðlilegu samræmi við markmið og tilgang löggjafarinnar. Þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi ber þannig að miða við stöðu jökuljaðarsins 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll., enda sé jökullinn í þjóðlendu. Lega jökuljaðarsins kann þó að virðast óljós þar sem smájöklar eða fannir liggja aðskilið frá meginjöklinum. Í þeim tilvikum þar sem eignarland liggur að jökli í þjóðlendu verður að telja eðlilegt að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem þannig kann að vera fyrir hendi. Óbyggðanefnd telur því eðlilegt að í slíkum tilvikum miðist þjóðlendulína við jaðar meginjökuls, eins og hann er skilgreindur af sérfræðingum á því sviði. Smájöklar og fannir verða þá innan eignarlands á sama hátt og jökulsker eða annað land umlukið jökli verður innan þjóðlendu.

Sé jökulsvæði innan merkja jarðar gilda hins vegar þau almennu sjónarmið um túlkun landamerkja sem óbyggðanefnd hefur áður gert grein fyrir. Ljóst er að enda þótt lega jökuljaðarsins verði ákvörðuð með landfræðilegum gögnum er hann óhentug viðmiðun vegna lögunar sinnar og breytileika. Önnur og e.t.v. heppilegri útfærsla er hins vegar ekki á valdsviði óbyggðanefndar, en sá möguleiki fyrir hendi að ríkisvaldið

og einstakir jarðeigendur nái um slíkt samkomulagi, eftir atvikum með nauðsynlegri aðkomu löggjafarvalds, sbr. ákvæði 40. gr. stjórnarskrár og II. kafla þjóðll.

## 4.7. Fjallskil

Af dómsúrlausnum má ráða að fyrirkomulag og tilhögun fjallskila og smölunar og nýting því tengd kunni að hafa áhrif við mat á eðli og inntaki eignarréttar að viðkomandi landi og þá þannig að litið sé til þess hvort með land hefur verið farið sem eignarland varðandi fjallskil eða ekki.

Lagafyrirmæli um smölun og fjallskil hafa haldist í hendur við byggð og búskap í landinu. Í þjóðveldislögunum, Grágás, voru allmörg ákvæði um afrétti, almenninga og ágang búfjár og munu þau flest hafa verið tekin upp í Jónsbók. Þá voru ennfremur tekin upp ákvæði í þessa veru í Réttarbót Eiríks konungs frá 1294. Þessi ákvæði giltu, a.m.k. að formi til, allt til þess að sett voru lög nr. 42/1969, um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

Í Jónsbók kemur skýrt fram að landeigandi eða leiguliði hans átti einn beit á jörð sinni og skyldi greiða honum bætur, áverkabót og landnám, ef þessi réttur var brotinn.[111] Í réttarbót Hákonar konungs frá 1305 er þó mælst til þess að geldfé sé sektarlaust í heimalöndum ef hreppstjórar og grannar lofa og gefa enga sök á því.[112] Jarðeigandi átti einnig gróður á jörð sinni að því undanskildu að sá sem átti engi á annars manns landi mátti eiga þar rifhrís.[113]

Í Grágás og Jónsbók giltu mjög svipaðar reglur um hvenær mætti fara með búfé í sel, almenninga og afrétti og hvaða leiðir skyldu farnar. Markmiðið var hvort tveggja að vernda nærliggjandi bújarðir fyrir ágangi upprekstrarfjár og tryggja hagsmuni allra þeirra sem hlut áttu í afréttinum. Meginreglan var sú að allir þeir sem afrétt áttu skyldu reka fé sitt í miðjan afrétt er átta vikur voru af sumri en úr afrétti er fjórar vikur lifðu sumars. Tekið var sérstaklega fram að menn skyldu ekki reka málnytu sína í afrétt nema ítala væri. Samkvæmt Grágás máttu þeir menn er næstir bjuggu afrétti beita þangað búfé sínu yfir vetrarmánuðina en í Jónsbók var þetta bundið því skilyrði að þeir ættu hlut í afréttinum. Afréttareiganda var vetrarbeit því aðeins heimil að hann þyrfti ekki að reka fé sitt yfir land annarra. Þó skyldi ævinlega hvíla afrétt í tvær vikur, frá því er sex vikur voru af sumri til áttundu viku.[114]

Fleiri ákvæði voru sett til að vernda hina sameiginlegu beit afréttareigenda; t.d. mátti ekki gera sel og slá í afrétti.

Um lögréttir á haust og fjallgöngur sagði svo m.a. í 49. kapítula landsleigubálks Jónsbókar:

---

[111] Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 134-136, 144-145 (6. og 18. k. llb.).
[112] *Jónsbók* 1904, s. 292.
[113] *Jónsbók* 1904, s. 152-154 (24. k. llb.).
[114] *Jónsbók* 1904, s. 176-177 (46. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 330-331 (38. k. lbþ.).

> Eigi skulu réttir fyrr vera en .iiii.[þ.e. fjórar] vikur lifa sumars. Hverr maðr er sauði á skal ganga eitt sinn á fjall, ok um landeign sína hvert sinn er lǫgrétt skal vera, skipa svá ǫðrum gǫngum sem þeir ráða. Sekr er sá hálfri mǫrk við konung er eigi gengr um landeign sína, ok ábyrgiz sauði við þá er eigu, alla þá er í hans landi váru sénir þá er hann átti gǫnguna.

Síðan er kveðið á um það hvað gert skuli við óskilafé. Í tilvitnaðri grein er gert ráð fyrir að hver maður smali sitt eigið land jafnframt því sem hann gangi á fjall að hausti ásamt öðrum afréttareigendum. Ef afréttarfé gekk í land bónda var honum heimilt að reka það í miðjan afrétt. Hann gat einnig haft það áfram í sínu eigin landi eða rekið það heim til þess manns sem féð átti. Í Jónsbók er ekki fjallað um aðra afrétti en þá sem voru í sameign tveggja manna eða fleiri. Í heimildum frá miðöldum má þó finna dæmi um beitarlönd sem kölluð voru afréttir og töldust í einkaeign. Var þá greint á milli „eignar sérlegrar“, sem var í einkanotum, og „afréttar“, sem tilteknir bændur höfðu heimild til að nýta gegn ítölu.[115]

Ákvæði lögbókanna um beit í almenningi voru að því leyti frábrugðin því sem hér hefur verið greint frá að nýtingartími þeirra var annar. Samkvæmt Grágás var heimilt að beita almenning frá því er mánuður lifði vetrar og næstu sjö mánuði en með lögtöku Jónsbókar virðist beit hafa verið leyfð í almenningi allan ársins hring nema frá krossmessu á vor (3. maí) til Bótólfsvöku (17. júní). Í Grágás var þeim sem næstur bjó almenningi heimilað að beita almenning þá fimm mánuði sem hann annars átti að liggja ónýttur en um slíkt er ekki getið í Jónsbók. Enn fremur var tekið fram að hver sem vildi mætti gera sel í almenningi, en það var bannað í afréttum, og öllum var heimilt að nýta sér reka í almenningi, hvort heldur var viður eða hvalur, svo framarlega sem hann hafði ekki áður verið öðrum merktur.[116]

Í tilskipun um sveitarstjórn 4. maí 1872, 39. gr., var svo fyrir mælt að sýslunefnd skyldi semja reglugerðir um notkun afrétta, fjallskil, fjárheimtur o.fl. Fóru sýslunefndir eftir það að semja fjallskilareglugerðir. Voru í fjallskilareglugerðunum sett ítarleg ákvæði um þessi efni er byggðu að mestu á ákvæðum Jónsbókar. Í mörgum tilvikum voru ákvæði þessara reglugerða misvísandi og í öðrum tilvikum stönguðust þau beinlínis á við gildandi rétt. Af fjallskilareglugerðum verða ekki dregnar almennar ályktanir um það efni sem hér er til úrlausnar, en einstaka reglugerð, sett með stoð í tilskipuninni frá 1872 eða síðari löggjöf, getur vissulega skipt máli að því er tekur til mats einstakra svæða.

Um afréttamálefni og fjallskil voru fyrst sett heildarlög hér á landi árið 1969, lög nr. 42/1969, um afréttamálefni, fjallskil o.fl. Voru þau lög síðar endurútgefin með áorðnum breytingum sem núgildandi lög nr. 6/1986. Það var þannig fyrst með löggjöf þessari sem hin dreifðu ákvæði í landsleigubálki Jónsbókar og réttarbót Eiríks

[115] *Íslenskt fornbréfasafn*. 8. b. Reykjavík 1906-1913. S. 149.
[116] *Jónsbók* 1904, s. 193-194 (59. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 369 (74. k. lbþ.).

konungs frá 1294 voru leyst af hólmi. Ákvæði gildandi laga taka í ýmsu mið af reglum eldri löggjafar.

Ef litið er til helstu fyrirmæla gildandi laga er ljóst þegar af 3. og 4. gr. laganna að fyrirmæli þeirra taka að meira eða minna leyti til afrétta, annarra sameiginlegra sumarbeitilanda og heimalanda. Skulu nánari fyrirmæli sett í fjallskilasamþykktir fyrir einstök svæði, sbr. 3. gr. Í 4. gr. er skilgreint það land sem fjallskil taka til og það greint í annars vegar afrétti og hins vegar heimalönd. Samkvæmt lögunum er stjórn afréttamálefna og fjallskila í höndum héraðsnefndar. Í II. kafla laganna er fjallað um afrétti og notkun þeirra og þá greint á milli sameiginlegra afrétta hreppa eða upprekstrarfélaga, sbr. 7. gr., afréttarlanda, sem liggur undir einstaka jörð eða stofnun, sbr. 8. gr., og loks beitilanda einstakra jarða sem notað sé sameiginlega til beitar með líkum hætti og afréttir, sbr. 12. gr., og skuli reglum laganna um afrétti beitt um þau svæði eftir því sem við geti átt. Í V. kafla laganna eru síðan fyrirmæli um göngur og réttir, í VI. kafla er fjallað um smölun heimalanda eftir réttir og í VII. kafla er fjallað um eftirleitir og öræfaleitir.

Í meginatriðum má greina lagareglur þessar á þann veg að þar er í fyrsta lagi fjallað um notkun afrétta og rétt til þeirra nota. Í annan stað er síðan fjallað um smölun afréttanna og fyrirkomulag smölunar sem og skiptingu þess sameiginlega kostnaðar sem af hlýst og falla í þann flokk lönd þeirra einstöku jarða sem fjallað er um í 12. gr. laganna. Allt að einu er í lögunum, sbr. einkum ákvæði V. og VI. kafla, fjölþætt ákvæði sem taka til heimalanda einstakra jarða og kveða m.a. á um skyldu til vorsmölunar, sbr. 36. gr., skyldu jarðeiganda til smölunar heimlands samhliða leitum á afrétti, sbr. 39. gr., skyldu til smölunar heimalanda eftir réttir, sbr. 52. gr. o.s.frv. Um smölun eyðijarða er svo ákvæði í 41. gr. laganna. Að meginstefnu til er hins vegar gert ráð fyrir því að smölun heimalands annist jarðeigandinn sjálfur og beri af henni allan kostnað. Sinni eigandi ekki þeirri skyldu skal honum gert að greiða kostnað eftir mati. Í 2. mgr. 40. gr. laganna er svo sérstök regla þess efnis að heimilt sé að ákveða í fjallskilasamþykkt að haustsmölun heimalanda verði metin til aðalfjallskila, að meira eða minna leyti, eftir því sem til hagar á hverjum stað.

Þá mun nokkuð víða hátta þannig til að bændur sammælist um smölun heimalanda sinna og standa sameiginlega að smölun í landi tveggja eða fleiri jarða. Slík samvinna um smölun fellur þó alla jafna algjörlega utan þeirra lögbundnu fjallskila sem um er fjallað í lögum og fjallskilasamþykkt.

Af öllu þessu má sjá að löggjafinn hefur um langan aldur mælt fyrir um skyldur landeigenda til að smala jarðir sínar, sbr. upphaflega fyrirmæli 49. kapítula landsleigubálks Jónsbókar. Þá sýnist líka beinlínis hafa verið gengið út frá því að land einstakra jarða sé nýtt sem beitiland með svipuðum hætti og afréttir, jafnvel þannig að viðkomandi landsvæði sé alfarið tekið undir fjallskilaframkvæmd. Í slíkum tilvikum gefa fjallskil þannig alls enga vísbendingu um eðli eignarhalds að því landi.

Í dómum Hæstaréttar Íslands hefur svo sem fyrr segir verið litið til þess í nokkrum tilvikum hvernig fjallskilum hefur verið háttað á landsvæði því sem þá er til eignarréttarlegrar meðferðar. Í þessum dómum hefur ekki verið talið sannað að um beinan eignarrétt væri að ræða að viðkomandi landsvæði og sú niðurstaða þá m.a. rökstudd með vísan til þess að ekki hafi verið sýnt fram á eða í ljós leitt að með viðkomandi land hafi verið farið sem eignarland varðandi fjallskil. Verður ekki annað ráðið af dómum þessum en að fjallskil geti út af fyrir sig haft þýðingu um úrlausn máls en verði þó ekki ráðandi um niðurstöðu. Í dómum eru vísbendingar fremur í þá átt að framkvæmd fjallskila gæti hugsanlega stutt eignartilkall en að eignarréttur sem talin verður sannaður á grundvelli annarra gagna verði vefengdur á grundvelli þess hvernig framkvæmd fjallskila hefur verið háttað.

Í ljósi alls þessa er það mat óbyggðanefndar að ekki verði dregnar víðtækar ályktanir um eignarrétt að landi af upplýsingum um framkvæmd fjallskila að fornu og nýju. Skiptir þar auðvitað mestu máli sú staðreynd að lengst af hefur smölun heimlanda, þ.e. lands einstakra jarða, ekki einungis verið háð lögbundnum skyldum og kvöðum um skyldur til smölunar, heldur hefur því jafnframt verið þannig háttað að lönd einstakra jarða hafa verið nýtt með sambærilegum hætti og afréttir og þá fallið í einu og öllu undir viðkomandi fjallskilaframkvæmd. Eftir sem áður hafa slík landsvæði ekki verið talin falla í flokk afrétta, þau óumdeilt legið innan landamerkja viðkomandi jarðar og eftir atvikum enginn ágreiningur verið uppi um eignarrétt að þeim. Þannig getur bæði háttað svo til að með öllu skorti á upplýsingar um fjallskilaframkvæmd og/eða smölun á viðkomandi landsvæði eða að forsendur séu með einhverju því sérstaka móti sem nú hefur verið gerð grein fyrir. Hvað sem þessu líður verður þó ekki útilokað fyrirfram að upplýsingar í þessa veru geti haft eitthvert vægi við eignarréttarlegt mat. Það þarfnast þá sérstakrar skoðunar í hverju einstöku tilviki þar sem glöggar upplýsingar um tilhögun og forsendur fjallskila liggja á annað borð fyrir.

## 4.8. Ítök

Í íslenskum rétti hafa ítök eða ítaksréttindi verið skilgreind sem réttindi er veiti rétthafa tiltekin þröng umráð og takmörkuð not fasteignar sem er í eigu og umráðum annars eða annarra aðila.[117] Réttindi af þessum toga eiga sér langa sögu hér á landi og verður fyrst vikið að því hvað ráða megi af eldri rétti um ítök og inntak ítaksréttinda.

Í lögbókunum Grágás og Jónsbók er hugtakið *ítak* ekki skilgreint sérstaklega, en af einstökum ákvæðum má ráða í merkingu þess. Í landabrigðisþætti Grágásar er fjallað um þær réttarathafnir sem fram áttu að fara þegar maður vildi brigða öðrum land. Þar segir m.a. að brigðandi skyldi kveðja sér kviðar (væntanlega búakviðar) til

[117] Þorgeir Örlygsson, 1998: *Kaflar úr eignarétti* I. Reykjavík. S. 28 (hdr.). Gaukur Jörundsson, 1982-83: *Eignaréttur* I, s. 6. Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I, s. 13.

að ganga úr skugga um hvort unnt væri að selja leiguból „eða ítök í annarra manna löndum“ áður en til þess kæmi að aðalbólið væri selt.[118]

Kaflinn um landamerki og lagakaup í Jónsbók (6. k. landsbrigðabálks) hefst á þessa leið:

> Nú vill maðr selja land sitt við verði, þá skulu þeir kveða á um merki með sér, um land ok skóga ok engjar ok reka, veiðar ok afréttu ef eru, ok allra gœða skulu þeir geta þeira, er því landi eigu at fylgja, þó at þat sé í ǫnnur lǫnd, eða aðrir menn eigi þanneg ítǫk; síðan skulu þeir takaz í hendr ok kaupa með váttum tveim eða fleirum.[119]

Annars staðar í lögbókinni er nánar rætt um sams konar réttindi án þess þó að tekið sé fram að um ítök sé að ræða. Þannig er fjallað um skóg, beituteig, fjöru, veiði og engi í annars jörðu en síður eða jafnvel ekki notuð orðin skógar-, beitar-, fjöru-, veiði- og engjaítak.[120] Ákvæði lögbókanna leiðir því til þeirrar niðurstöðu að ítak sé „réttur til ákveðinna nytja á landi annars“,[121] og fær það vel samrýmst hinni lögfræðilegu skilgreiningu hugtaksins nú á dögum.

Til ítaka var stofnað með ýmsum hætti. Ítakaeign mun t.d. hafa orðið til við tímabundin lán hlunninda, kaup og ítakaskipti.[122] Elsta skjallega heimildin um ítakaeign mun vera máldagi Stafholtskirkju sem talinn hefur verið frá miðri 12. öld.[123] Þar er greint frá því að prestur nokkur, Steini Þorvarðsson, hafi gefið kirkjunni m.a. þrjá hluti laxveiðar í Þverá, kerveiði í Norðurá undir fossi, Engines á Ströndum norður „ok reki með“ og selför í Þverárdal upp frá Kvíum. Í máldaganum er lýst einum algengasta stofnunarhætti kirknaítaka sem var gjöf í sáluhjálparskyni. Þannig hefur frá fyrstu tíð byggðar hér á landi verið stofnað til ítaka með beinni yfirfærslu eða afhendingu tiltekinna réttinda.

Frá 13. öld hafa varðveist nokkrar skrár um ítök, einkum reka, m.a. elsta rekaskrá Skálholtskirkju frá um 1270. Bendir það til þess að á þeim tíma hafi ítök verið orðin eftirsótt gæði sem ekki síst kirkjulegar stofnanir sóttust eftir.[124] Ítökum fjölgaði

---

[118] Sbr. *Grágás* 1992, s. 288.
[119] *Jónsbók* 1904, s. 124. Sambærilegur kafli er í Grágás (1992, s. 290) án þess að orðið *ítak* sé þar notað.
[120] Sbr. *Grágás* 1992, s. 296, 321, 329. *Jónsbók* 1904, s. 147-148, 150.
[121] Grágás 1992, s. 537. Sbr. Magnús Már Lárusson, 1981: „Jordejendom. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 7. b. Kaupmannahöfn. D. 671.
[122] Páll Sigurðsson, 1992: „Kirknaítök. Saga þeirra og réttarþróun.“ *Svipmyndir úr réttarsögu. Þættir um land og sögu í ljósi laga og réttarframkvæmdar*. Reykjavík. S. 277.
[123] *Íslenskt fornbréfasafn.* 1. b. Kaupmannahöfn 1857-76. S. 178-180. Sbr. Páll Sigurðsson 1992, s. 279.
[124] *Íslenskt fornbréfasafn* 1, s. 67-76. Tímasetning rekaskrárinnar er ekki örugg. Sbr. einnig sama rit, s. 4, 246-248 (ítakaskrá Viðeyjarklausturs [1284]), 248-251 (reka- og landamerkjaskrá Þingeyraklausturs [1285]).

síðan jafnt og þétt, og í byrjun 18. aldar, þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var tekin saman, hafði myndast þéttriðið net ítaka um land allt.[125]

Ljóst er að ítakaeign skipti í margar aldir verulegu máli fyrir afkomu landsmanna og mun að einhverju leyti hafa stuðlað að jafnari dreifingu landgæða. Á sumum stöðum á landinu hagaði þannig til að jörð sem ekki átti mikilvæg hlunnindi eins og upprekstrarland, skóg eða fjörunytjar eða gat ekki nýtt þau í eigin landi vegna staðhátta fékk þau sem ítök í öðru landi. Nefna má sem dæmi að í Þórisdal í Lóni áttu nokkrar jarðir skógarítak. Ein þeirra var Efri-Fjörður í Lóni. Hún átti skógarítak í Skálahvömmum í Þórisdal eða Laxárdal, en í staðinn var heimilað útræði frá Klifunum (Þorgeirsstaðaklif).[126] Slík ítakaskipti munu víðar hafa tíðkast, ekki síst á þeim svæðum þar sem útræði var gott. Hraunskarð undir Jökli átti t.d. „frí kolatak í Hrísaskóg og raptvidahögg í jördunne til upheldis“ í staðinn fyrir uppsátur og „ítaksbúðir“ í Hraunskarðsjörð.[127] Annars staðar þar sem ekki var um ítök eða ítakaskipti að ræða var venjulega greitt ákveðið gjald fyrir útræðið, svonefndur vertollur.[128]

Mörg ítök gengu smám saman úr sér ýmist af völdum eyðingarafla náttúrunnar, ofnýtingar eða vegna breyttra búskaparhátta og urðu því ekki annað en inntakslaus réttur sem setti ákveðnar hömlur á eignarrétt fasteigna.[129] Um miðbik nýliðinnar aldar var því svo komið að fjölmörg þeirra ítaka sem á jörðum hvíldu komu ítakshafanum að litlu sem engu gagni auk þess sem ýmis þeirra virtist augljóslega hagkvæmara að nýta samhliða nýtingu á viðkomandi jörð. Lagasetning frá þeim tíma ber skýran vott um þá stefnu löggjafans að tryggja það, að eðlileg gæði fasteigna fylgi þeim sjálfum og séu nytjuð í sambandi við notkun þeirra.[130] Það var einkum gert með því að banna að tiltekin hlunnindi, sem fasteign fylgdu, væru frá henni skilin auk þess sem eigendum fasteigna sem ítök hvíldu á var gert kleift að leysa þau af eignum sínum gegn fjárgreiðslu. Þannig var t.d. lausn veiðiítaka í ám og vötnum heimiluð með lögum nr. 40/1942, sbr. nú lög nr. 76/1970 og lausn skógarítaka af jörðum með lögum nr. 100/1940, sbr. nú lög nr. 3/1955, sbr. lög nr. 76/1984. Þá fjalla lög nr. 13/1956 um sölu kirkjuítaka. Veigamesti þátturinn í þessari viðleitni löggjafans var þó setning laga nr. 113/1952 um lausn ítaka af jörðum en þau taka til allra ítaka í jarðir annarra en lax- og silungsveiðiítaka í ám og vötnum og skógarítaka, sbr. 2. og 3. gr.

---

[125] Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 12. b. (Atriðisorðaskrá), undir *afrétt, beit/beitarítak, melaslægja/meltak, lax/laxveiði, fugl/fuglatekja, eggjatak/eggjatekja/eggver, skógur/skógarítak, hrís/hrísrif/hrístak, torf, móskurður/mótak, engjatak/engjaítak, reki/rekaítak*.

[126] Þetta kom fram í vitnisburði Vilhjálms Geirs Þórhallssonar, eiganda Efra-Fjarðar, við skýrslutöku 9.9. 2002 í máli nr. 5/2001 hjá óbyggðanefnd. Sbr. einnig vitnisburð Þorsteins Geirssonar á Reyðará við sömu skýrslutöku.

[127] *Íslenskt fornbréfasafn*. 3. b. Kaupmannahöfn 1896. S. 141. Fleiri dæmi eru um slík ítakaskipti í þessari heimild sem talin er frá um 1360.

[128] Sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 12, undir *naust, uppsátur, útræði, verbúð, vertollur*.

[129] Sbr. hugtakið *servitut* í merkingunni *ítak eða ískylda*.

[130] Þegar um miðja 19. öld tók að gæta þeirrar tilhneigingar löggjafans að sporna við frekari stofnun ítaka, sbr. 4. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

laganna.[131] Með þeim var sú skylda lögð á þá sem töldu sig eiga slík ítök að lýsa þeim í samræmi við efni laganna. Væri það ekki gert féll ítakið úr gildi. Lögin hafa enn fremur að geyma reglur um það hvernig eigandi jarðar, sem ítak er í, eldra en 25 ára, getur leyst það af jörð sinni. Þrátt fyrir þessa viðleitni löggjafans er þó ljóst að enn kunna að finnast gild ítök hér á landi.

Óbyggðanefnd telur að tilvist ítaks í fasteign bendi fremur til þess að svæði það sem ítakið er á sé eða hafi einhvern tíma verið eignarland.[132] Þannig hafi réttur yfir viðkomandi landsvæði verið nauðsynlegur grundvöllur undir stofnun ítaks á því og ítakshafinn öðlast rétt sinn innan marka þess réttar sem handhafi hinna beinu eignarréttinda átti.

Þrátt fyrir þetta kunna að finnast ítök í landsvæðum sem ekki eru undirorpin beinum eignarrétti nú og ekki unnt að sýna óyggjandi fram á að hafi nokkurn tíman verið það. Sem dæmi um slíkt má nefna ákvæði í máldögum um takmörkuð réttindi kirknanna í Biskupstungum á Biskupstungnaafrétti. Þannig segir í máldaga kirkjunnar á Torfastöðum frá 1331 að hún eigi „skógarteig í Sandvatnshlíð“.[133] Hið sama kemur fram í Vilkinsmáldaga frá 1397[134] og Gíslamáldaga frá 1570.[135] Þá segir í Gíslamáldaga um kirkjuna í Bræðratungu að hún eigi „Skógartungu undir Bláfelli“.[136] Í máli nr. 4/2000, Biskupstungnaafréttur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi, komst óbyggðanefnd að þeirri niðurstöðu að Framafréttur Biskupstungna, það landsvæði sem framangreind réttindi kirknanna náðu til, væri þjóðlenda. Nefndin útilokaði þó ekki að umrætt landsvæði hefði einhvern tíma verið undirorpið beinum eignarrétti en taldi umrædda máldaga eina og sér ekki veita næga sönnun í þeim efnum. Í slíkum tilvikum kann þó að vera um annars konar réttindi að ræða en ítök í hinni hefðbundnu lögfræðilegu merkingu hugtaksins.

## 4.9. Fjörur og rekaeign

Eignarréttur að fasteign sem liggur að sjó nær einnig til fjörunnar fram af henni, þ.e. svæðisins á milli stórstraumsflóðmáls og stórstraumsfjörumáls.[137] Undir yfirborði

---

[131] Í 1. gr. laga nr. 113/1952 segir að ítak merki í lögunum hvers konar afnot fasteignar, sem eigi séu samfara vörslum hennar eða þess hluta hennar, sem afnotin taki til, enda sé réttur til afnotanna byggður á heimild einkaréttareðlis. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að umræddum lögum segir í athugasemdum að fylgt sé hinni venjulegu fræðilegu skýringu á því hvað ítak sé.

[132] Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 113/1952 er í athugasemdum tekið fram að lögin taki ekki til ítaka í kaupstaðarlóðir eða í afrétti, sem sveitarfélög eiga. Í lögunum er þannig gert ráð fyrir því að unnt sé eða hafi verið að stofna til ítaka í afréttarlöndum. Með hliðsjón af hinni almennu lögfræðilegu skilgreiningu á hugtakinu ítak verður þó að ætla að með því sé átt við afréttarlönd sem undirorpin eru beinum eignarrétti eða hafi verið það á þeim tíma þegar til ítaksins var stofnað.

[133] *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 669.

[134] *Íslenskt fornbréfasafn* 4, s. 49.

[135] *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 647.

[136] *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 648.

[137] Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I, s. 45. Gaukur Jörundsson, 1982-83: *Eignaréttur* I, s. 37. Þorgeir Örlygsson, 1998: *Kaflar úr eignarétti* I, s. 57.

sjávar taka við svokölluð netlög, sem í ýmsum lögum eru skilgreind sem sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjörumáli landareignar, sjá nánar síðar í þessum kafla.[138] Óumdeilt er að netlög fylgi sjávarjörðum en um hitt hefur fremur verið ágreiningur hvort eignarráð fasteignareiganda feli í sér beinan eignarrétt eða séu bundin við þau réttindi sem sérstaklega er mælt fyrir um í einstökum lögum.[139]

Kemur þá til skoðunar hver hafi verið réttur landeigandans í fjöru og netlögum jarðar sinnar. Þar verður helst litið til þeirra fjörunytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. reka og veiði.

Rekinn hefur verið helsta verðmæti fjörunnar. Elstu ákvæði laga um reka eru í Grágás. Þau voru síðan tekin upp lítið breytt í rekabálk Jónsbókar, og er sá bálkur enn í gildi ásamt viðbótum um skotinn hval og skotmannshlut sem gefnar voru út í konungsbréfum 1778 og 1779.[140] Meginreglan var sú að jarðeigandi átti reka fyrir landi sínu. Í Jónsbók er reki nánar skilgreindur með svofelldum hætti: „Hverr maðr á reka allan fyrir sínu landi viðar ok hvala, sela ok fiska, fugla og þara, nema lǫgum sé frá komit.“[141] Eignarréttur jarðeiganda á viðar- eða hvalreka var þó því aðeins hafinn yfir vafa að hann merkti sér rekann eða kæmi böndum á hann.[142] Allan reka utan *rekamarka* var hverjum manni heimilt að flytja að landi, marka sér og slá eign sinni á, en landeigandi skyldi eiga alla aðra flutninga hvals og viðar.[143]

Sú skýring hefur verið gefin á rekamarki að það sé „sá hluti fjöru og hafs sem bóndi eða rekamaður má nýta á allan reka“.[144] Lúðvík Kristjánsson taldi hins vegar rekamark vera sömu merkingar og fjörumark og tákna merki milli deildra reka.[145] Í Staðarhólsbók Grágásar er rekamark við það miðað „að sjá mundi mega þaðan fisk á borði ef eigi bæri land fyrir“.[146] Lýsing Konungsbókar á rekamarki er nokkru ítarlegri, og er hún sambærileg við skilgreiningu Jónsbókar á *fiskhelgi*:

> Maður á að flytja við þann er hann finnur á floti fyrir utan það er fisk sér af borði, óflattan, fyrir annars manns landi. Það skal þorskur vera, sá skal svo mikill vera að hann sé álnar í öxarþærum flattur [álnarbreiður milli

---

[138] Sjá t.d. 3. mgr. 2. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998; 1. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994; og 1. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

[139] Í H 1996 2518 og 2525 er talinn vafi um beinan eignarrétt fasteignareiganda í netlögum.

[140] Sbr. opið bréf um rekatilkall á Íslandi frá 4. maí 1778, 5. gr., og konungsbréf (til stiftamtmanns) um landshlut af flutningshvölum á Íslandi frá 23. júní 1779, 1.-2. gr.

[141] *Jónsbók* 1904, s. 194.

[142] *Grágás* 1992, s. 351-352. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 194-195.

[143] *Grágás* 1992, s. 353-354. *Jónsbók* 1904, s. 196-197. Á öðrum stað í *Jónsbók* (s. 203) segir þó að þess hvals sem fluttur sé, eigi flytjendur þriðjung en landeigandi tvo hluti nema skot finnist í, þá eigi skotmaður þriðjung. Þetta ákvæði virðist eiga sér nokkra samsvörun í 71. k. landabrigðisþáttar Grágásar (*Grágás* 1992, s. 365).

[144] *Grágás* 1992, s. 552. Í Jónsbók virðist einnig gert ráð fyrir að rekamark geti tekið til hafsvæðis *út fyrir* netlög, sbr. þetta orðalag: „Ef maðr veiðir hval í rekamarki, þar er fisk sér á borði ok fyrir utan netlǫg, þá á sá allan er veiðir“ (*Jónsbók* 1904, s. 206 sbr. einnig s. 197).

[145] Lúðvík Kristjánsson, 1980: *Íslenzkir sjávarhættir*. 1. b. Reykjavík. S. 219.

[146] *Grágás* 1992, s. 353 (Staðarhólsbók). Skilgreining Konungsbókar er ítarlegri (sbr. *Grágás* 1992, s. 353-354). Samkvæmt *Jónsbók* 1904 (s. 206) var rekamark „þar er fisk sér á borði“.

> þunnildisnefja]. Sá fiskur heitir gildingur. Á því borði skal sjá þann fisk er til lands veit, þaðan úr fjöru er fyrvir [fellur út] utast.[147]

Fiskhelgi í þessu samhengi táknar svæðið út að rekamörkum sem að sínu leyti miðast við að óflattur þorskur sé í sjónmáli frá ströndinni.[148]

Síðar, sennilega snemma á 14. öld, var kveðinn upp svofelldur alþingisdómur um rekamark til lands:

> Rekamarck til landz sem leingst ut fiarar. og flod geingur leingst i logne. þa hvorke æser brim nie vindur.
>
> Þad var logtekid um rekamark a Auxararþijnge af badum lôgmônnunum og allri logriettunne a dogum Häkonar kongz. sem væri i almennelegu flædarmäle þa siör rædur sier. Enn hvad hann æser brim edur vindur. edur kastar yfer Mälarkamp. edur eẏrartanga. so sem i logbok utvijsar. edur a land upp. þar sem so vid vijkur. þa eignast þad landeigande hvort þad er trie edur hvalur.[149]

Hér virðist lögrétta skilgreina það sem í síðari löggjöf er nefnt stórstraumsflóðmál.

Algengt var á miðöldum og síðar að fjara innan merkja tiltekinnar jarðar væri nýtt frá annarri jörð. Eigandi hinnar síðarnefndu nefndist þá *rekamaður* eða *fjörumaður*, en rétturinn var þó bundinn jörð hans en ekki persónu. Landeigandi og fjörumaður skiptu með sér fjörugögnum eftir ákveðnum reglum. Um þetta segir í Jónsbók:

> Ef maðr kaupir reka af landi manns at lǫgmáli réttu, ok skilja þeir þat eigi gjørr en svá, þá á landeigandi af fjǫru þeiri álnarlǫng kefli ǫll ok smæri, en rekamaðr á þar við allan annan útelgdan er þar rekr upp, ok svá hvali alla er þar hlaupa kvikir á land, nema menn valdi, og svá á hann þá hvali er þar rekr. Sá maðr er land á, hann á þara allan ok fugla alla, sela alla ok rostunga, ok svá ef maðr drepr sel; hann á þar at hafa hnísur ok háskerðinga, ok fiska alla, nema þar reki fleiri senn á land en .v. [5], þá á rekamaðr.[150]

Rekamaður átti einnig allan ómerktan við og hval sem menn fluttu úr almenningi[151], ef þeir fylgdu ekki festum eins og skylt var, og að auki allt það sem flaut í netlögum. Landeigandi átti hins vegar veiði alla í netlögum, flutninga hvals og viðar og allt það sem flaut utan netlaga og að rekamörkum og aðrir höfðu ekki áður eignað sér.[152] Enn fremur skyldi landeigandi en ekki fjörumaður (rekamaður) varðveita vogrek, þar til eigandi kæmi fram en eignast ella, og skotmannshlut og fá

---

[147] *Grágás* 1992, s. 353-354. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 203 og 206 (6. og 8. k. rekabálks).
[148] Sbr. Magnús Már Lárusson, 1981: „Hvalfangst" *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 7. Kaupmannahöfn. D. 169.
[149] *Íslenskt fornbréfasafn* 11, s. 1-2.
[150] *Jónsbók* 1904, s. 196-197.
[151] Í Jónsbók er landeiganda eignaður allur flutningur (*Jónsbók* 1904, s. 197).
[152] *Grágás* 1992, s. 354-355, 365. *Jónsbók* 1904, s. 196-197. Sambærilegt ákvæði um rétt rekamanns til flutninga úr almenningi er ekki í Jónsbók.

ágóða af og hafa þriðjung af öllum þeim hvölum „er fyrir mönnum hlaupa á land“.[153] Í heimildum frá miðöldum eru einnig mörg dæmi um að rekinn væri ekki miðaður við ákveðið svæði heldur tiltekið magn af viði sem ýmist var kallað afdráttur eða afreiðsla.[154]

Af því sem hér hefur verið rakið má álykta að fjörueign í landi annarrar jarðar hafi fyrst og síðast verið ítak en ekki falið í sér eignarrétt á landinu sjálfu.[155] Í því sambandi má benda á þau orð Hans Kuhn að fjöruítök séu í elstu máldögum og skrám aðeins kölluð fjörur eða rekafjörur.[156] Hér verður þó að hafa á þann fyrirvara að rekamanni tilheyrði ekki einvörðungu fjaran í merkingunni fjöruítak heldur einnig *rekagrunnurinn*, enda missti hann ekki rétt sinn til rekans þótt orpinn væri sandi eða grjóti.[157] Þegar þess er gætt að fjörur (reki) voru í mörgum tilvikum ítak í landi annarra en þeirra sem áttu rekann, þarf ekki að koma á óvart að fjörumörk og landamerki jarða til sjávar fóru ekki alltaf saman eins og t.d. landamerkjabréf jarða í Öræfum vitna um. Samkvæmt lögum um lausn ítaka af jörðum, nr. 113/1952, féllu önnur ítök en skógarítök og lax- og silungsveiðiítök úr gildi væri ítaksrétti ekki lýst með tilteknum hætti, sjá nánar í kafla 4.8.

Í lögbókunum er einnig gert ráð fyrir að fjörur geti verið almenningur og heimildir um almenninga við sjávarsíðuna eru allnokkrar.[158] Þar skyldu fjórðungsmenn eiga reka allan nema þann sem skot var í. Þá skyldu þeir menn varðveita „er lönd eigu næst“.[159] Samkvæmt þessu virðist ekki gert ráð fyrir því að almenningsfjara sé ítak í eignarlandi, en dæmi um slíkt kunna þó að finnast.[160]

*Netlögum* má líkja við „fiskveiðilögsögu“ sjávarjarða. Þau eru skilgreind á þessa leið í fornlögum:

> Þar eru netlög utast í sæ er selnet stendur grunn, tuttugu möskva djúpt, af landi eða af skeri og komi flár [þ.e. flotholt] upp úr sjánum að fjöru þá er þinur [þ.e. teinn á neti] stendur grunn. En fyrir það utan á hver að veiða að ósekju er vill.[161]

---

[153] *Grágás* 1992, s. 354. *Jónsbók* 1904, s. 197, 201-203, 208-209.
[154] Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 220. Sjá einnig *Íslenskt fornbréfasafn* 3, s. 56-57.
[155] Sbr. einnig hugtakið *ítaksreki* um þann reka jarða eða hluta hans sem gengið hafði undan jörðinni (Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 204).
[156] Kuhn, Hans, 1943-1948: „Hátúningamelur og Gnúpverjahreppur.“ *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags*. S. 73. Austfirðingar nota orðið *sandur* um það sem Sunnlendingar kalla fjöru (Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 218).
[157] Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 203.
[158] Sjá nánar í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar um hugtakið almenningar.
[159] *Grágás* 1992, s. 369. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 193-194.
[160] Af þessu yfirliti má sjá að samkvæmt lögbókunum, Grágás og Jónsbók, áttu nokkrir aðilar lögverndaðan rétt til hvals eftir ákveðnum reglum: Í fyrsta lagi var það landeigandinn, í öðru lagi rekamaður, ef rekinn hafði verið seldur undan jörð, í þriðja lagi skotmaður, sem átti hálfan hval sem hann náði ekki að festa í fjöru og loks fjórðungsmenn ef um almenningsfjöru var að ræða. Fleiri áttu einnig sinn rétt til rekahvals að uppfylltum ákveðnum skilyrðum eins og leiglendingur og sá sem fyrstur kom að hval er fluttur hafði verið úr almenningi (sbr. „finnandaspik“). Sbr. *Grágás* 1992, s. 356, 365. Jónsbók 1904, s. 135.
[161] *Grágás* 1992, s. 354. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 196.

Landeigandinn átti einn alla veiði í netlögum og í fjörunni, og gilti einu þó að annar hefði eignast aðrar nytjar í fjöru og netlögum.[162] Eins og áður hefur komið fram virðist fiskhelgi samkvæmt Jónsbók hafa verið miðuð við rekamörk og verður því ekki í öllum tilvikum lögð að jöfnu við netlög.

Ekki er ljóst af lögbókunum hversu langt til sjávar netlög náðu enda mun það að nokkru hafa farið eftir aðstæðum eins og grunnsævi við sjávarstrendur. Lúðvík Kristjánsson getur sér þess til að netlög hafi verið miðuð við 6 þumlunga selmöskvalegg, og hefur því mesta dýpt netlaga um fjöru verið 120 þumlungar eða 6 álnir.[163] Alin jafngilti um 47,7 sm svo að netlög hafa náð út að 2,9 m dýpi.

Í skipan goðorðsmannsins Sæmundar Ormssonar um almenninga í Hornafirði, sem talin er frá um 1245, er því lýst yfir að land og fjöru skyldi helga 30 faðma þaðan frá sem efst féll í meðalflæðum. Rekald þar fyrir utan skyldi vera *almenningur*.[164] Talið hefur verið að Sæmundur hafi í skipan sinni verið að lýsa netlögum.[165] Í löggjöf frá miðbiki 19. aldar var miðað við 60 faðma (u.þ.b. 112 metra) frá stórstraumsfjörumáli.[166] Í 20. aldar löggjöf hefur fyrst og fremst verið við það miðað að netlög séu 115 metrar á haf út miðað við stórstraumsfjörumál.[167] Sýnist nú óhætt að miða þau mörk sem meginreglu, þó svo önnur viðmið gildi vissulega skv. þeim eldri lögum sem enn eru í gildi.

Merki sjávarjarða til hafsins miðast annað hvort við ytri mörk fjöru eða netlaga. Um þetta álitaefni er ekki þörf ítarlegrar umfjöllunar hér, enda fjalla þjóðlendulögin einungis um land ofan sjávar. Ljóst er að strandlengja landsins tekur breytingum, á einum stað kann að verða landrof en á öðrum landauki. Dómstólar hafa lagt til grundvallar að eigandi sjávarjarðar eignist þann landauka sem til verður í fjöru og netlögum fyrir landi hans.[168] Það á a.m.k. við um þann landauka sem til verður af náttúrulegum ástæðum eða fyrir tilverknað þriðja manns.[169]

Með lögum nr. 73/1990 voru auðlindir hafsbotnsins utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 1. gr. Netlög eru þar skilgreind með sama hætti og áður, sbr. 3. mgr. 2. gr., og ekki verður talið að

---

[162] *Jónsbók* 1904, s. 197.
[163] Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 203.
[164] *Íslenskt fornbréfasafn* 1, s. 536.
[165] Sbr. Þorgeir Örlygsson, 1993: „Er Hornafjörður almenningur?“ *Tímarit Háskóla Íslands*. 6. árg. nr. 6. Reykjavík. S.33.
[166] Sbr. t.d. 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.
[167] Sjá t.d. 3. mgr. 2. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998; 1. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, og 1. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.
[168] Sbr. H 1946 345. Sjá einnig Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I, s. 45 og Gaukur Jörundsson, 1982-83: *Eignaréttur* II, s. 136.
[169] Ekki verður ráðið af fyrirliggjandi réttarheimildum og fræðiskrifum að greinarmunur sé í þessu sambandi gerður á landauka sem til verður fyrir tilstilli fasteignareigandans sjálfs. Á það er þó bent að réttur fasteignareiganda í þessa veru geti ekki, í ljósi tækniframfara og nýrra viðhorfa, verið án takmarkana. Þær takmarkanir helgast þá af hagsmunum íslenska ríkisins, fullveldisrétti þess og eignarrétti, sbr. t.d. lög nr. 73/1990.

ætlunin hafi verið að afnema til frambúðar áðurgreindan rétt sjávarjarða til landauka og fastsetja þar með í eitt skipti fyrir öll mörk sjávarjarða til hafsins. Vilji löggjafans til slíkrar breytingar hefði þurft að koma skýrt fram. Gildistaka laga nr. 73/1990 hafði þannig ekki í för með sér að merki sjávarjarða til hafsins væru endanlega fastsett. Fjara og netlög færast út og inn í samræmi við landauka eða landtap, þ.e. breytt stórstraumsfjörumál, og landamerki þar með.

## 5. HEIMILDIR UM EIGNARHALD

### 5.1. Almennt

Í köflunum „Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru“ undir „Gögn og gagnaöflun“ í hverjum úrskurði fyrir sig kemur fram hvaða flokkar frumheimilda, útgefinna og óútgefinna, voru yfirfarnir á vegum óbyggðanefndar í þeim tilgangi að fullnægja rannsóknarskyldu nefndarinnar, sbr. einnig sérstakan kafla í hverjum úrskurði um það efni. Hér verður gerð nánari grein fyrir nokkrum mikilvægum heimildum og þýðingu þeirra fyrir úrlausnarefni óbyggðanefndar.

### 5.2. Jarðamöt og jarðabækur

Elsta dæmi um jarðamat á Íslandi er að finna í tíundarlögunum 1096/97. Jarðir voru metnar til hundraða en eitt hundrað á landsvísu jafngilti 120 álnum vöruvaðmáls eða einu kýrverði. Í tilefni af sölu konungsjarða á 17. öld var ákveðið að hvert jarðarhundrað skyldi jafngilda tveimur hundruðum á landsvísu (kúgildum).[170]

Lítið er vitað um matsreglur eða viðmiðanir þegar jarðamatið fór upphaflega fram. Þegar elsta varðveitta jarðabókin var gerð 1639, um jarðeignir konungs, var við það miðað að dýrleiki skyldi vera tuttuguföld landskuld. Sama var gert í jarðabókinni 1686 en hún er elsta varðveitta jarðabókin sem hefur að geyma jarðir í einkaeign. Í jarðabókinni 1695 var aftur snúið til hins gamla mats enda jafnan við það stuðst í fasteignaviðskiptum.[171] Þó ber að taka fram að í þessari jarðabók var eignarhlutur kirkju í heimalandi yfirleitt ekki reiknaður með í jarðamatinu og þess vegna var dýrleiki sumra kirkjujarða ekki í fullu samræmi við raunvirði þeirra.[172]

Á árunum 1702-1712 var gerð hér á landi ný og mjög nákvæm jarðabók. Jarðabók þessi er jafnan kennd við þá tvo menn sem unnu mest að henni, Árna Magnússon og Pál Vídalín. Jarðabókin þykir mjög traust heimild og skýrist það einkum af því hvernig að verki var staðið. Þeir Árni og Páll eða umboðsmenn þeirra ferðuðust um nær land allt að boði konungs og reyndu að kynna sér aðstæður á hverjum stað en jafnframt höfðu þeir þann háttinn á að boða bændur í héraði til fundar

---

[170] Sbr. *Lovsamling for Island*. 1. b. Kaupmannahöfn. S. 356.
[171] Sbr. Björn Lárusson, 1967: *The Old Icelandic Land Registers*. Lundi. S. 18. Björn Lárusson, 1982: *Islands jordebok under förindustriell tid.* Lundi. S. 18.
[172] Björn Lárusson 1967, s. 63.

og láta hvern ábúanda gera vandlega grein fyrir jörð sinni. Þetta var jafnharðan skráð niður og í lokin staðfest af áreiðanlegum mönnum í sveitinni. Þrátt fyrir það voru brögð að því að vitnisburður manna um jarðir sínar væri ekki nákvæmur, t.d. að meira væri gert úr landspjöllum en efni stóðu til eða að ekki væri samræmi á milli þess sem landeigendur sögðu og leiguliðar þeirra. En þá var stundum hægt að leiðrétta misræmið með samanburði við jarðabréf sem þeir Árni og Páll söfnuðu einnig á ferðum sínum. Í tengslum við jarðabókarverkið voru samdar tillögur að nýju jarðamati. Í tillögunum var gert ráð fyrir að grundvöllur matsins væri fóðurgildi jarðar, þ.e. hversu mörg kúgildi hún gæti borið í meðalári. Afréttur, útigangur, sellönd og ýmis hlunnindi skyldu metin til hundraða eftir ákveðnum reglum og greiða af þessu bæði tíund og landskyld. Frá því var horfið að ráðast í nýtt jarðamat hér á landi. Í stað þess lögðu þeir Árni og Páll hið forna jarðamat til grundvallar og höfðu hliðsjón af „almúgans tilsögn og undirrjettingu" í votta viðurvist. Þó má sjá þess merki að reynt hafi verið í einhverjum mæli að leggja nýtt mat á jarðirnar, einkum þegar getið er sérstaklega um heyfóður og nýtingu úthaga, afrétta og hlunninda.

Tillögur þær sem hér hefur verið vikið að eru að verulegu leyti í samræmi við svonefnda „Bergþórsstatútu" sem sögð var frá fyrri hluta 12. aldar. Í statútunni var þó reiknað með að ákveðið hlutfall væri á milli fóðurgildis jarðar og stærðar hennar; eins kýreldis tún væri 140 norskir faðmar að stærð. Afrétti og heiðalönd skyldi meta til helmings á við beit í heimalandi og virðast því tún hafa verið sex sinnum verðmætari miðað við hverja einingu lands en afréttir.[173] Þess skal getið að samkvæmt Jónsbók var meðalkýr lögð að jöfnu við sex ær „og fæði lömb sín, órotnar, loðnar og lembdar."[174]

Flestum fræðimönnum ber saman um að Bergþórsstatúta sé fölsuð. Hún getur því ekki talist heimild um annað en það hvernig menn töldu á sínum tíma eðlilegt að meta jarðir og hlunnindi þeirra. Engu að síður má ætla að fóðurgildið, bæði af heyfeng og hagbeit, hafi upphaflega verið lagt til grundvallar jarðamatinu og þá ef til vill reiknað sem ákveðið hlutfall af smjörfjórðungum.[175] Þessu til stuðnings má nefna að skerðing á engi jarðar gat lækkað dýrleika hennar verulega og einnig eru dæmi um að selland hafi verið metið sérstaklega til tíundar.[176] Á sama hátt er svo að sjá sem afréttur einstakra jarða hafi, að minnsta kosti í sumum tilvikum, verið reiknaður með í jarðamatinu, einkum ef þær höfðu tekjur af upprekstrartollum.

Dýrleikinn var mikilvægt auðkenni jarða og grundvöllur skattlagningar og erfðaskipta en ýmsar heimildir, einkum kaupbréf, benda til að dýrleikinn hafi ekki ævinlega sýnt raunvirði jarða. Úr því var reynt að bæta í byrjun 19. aldar þegar fram

---

[173] Halldór Einarsson, 1833: *Om Værdie-Beregning paa Landsviis og Tiende-Ydelsen i Island.* Kaupmannahöfn. S. 165-175.
[174] *Jónsbók* 1904, s. 215 (6. k. kb.).
[175] Björn Lárusson 1982, s. 17.
[176] Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 10. b. Kaupmannahöfn 1943. S. 177. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 4. b. Kaupmannahöfn 1925 og 1927. S. 317.

fór jarðamat um land allt á árunum 1800-1806. Viðmiðunarreglur voru þó hinar sömu og áður, þ.e. hversu mörg kúgildi hver jörð gat borið, en jafnframt skyldu ýmis hlunnindi og útigangur metin sérstaklega til dýrleika.[177] Árið 1848 kom út jarðatal kennt við J. Johnsen en þar var nær einvörðungu farið eftir gömlu jarðamati. Sama ár, 27. maí, gaf konungur út tilskipun um nýtt jarðamat á Íslandi og skyldi hver jörð metin til peningaverðs „að því sem slíkar jarðir verða sanngjarnlega seldar eptir gæðum sínum".[178] Hjáleigur voru ekki metnar sérstaklega til dýrleika fyrr en 1848 og því ekki getið um dýrleika þeirra í jarðamötum fyrr en eftir þann tíma. Jarðamat þetta var gefið út 1861 undir heitinu *Ný jarðabók fyrir Ísland.* Hinni fornu verðeiningu, hundraði, er haldið, en að baki henni stóð ekki lengur kúgildi heldur slegin mynt og seðlar.

Með lögum um fasteignamat nr. 22/1915, var kveðið svo á í 1. gr., að allar jarðeignir, lóðir og hús á landinu skyldi meta til peningaverðs túunda hvert ár. Hér var um að ræða mikla breytingu frá því óreglulega fasteignamati sem tíðkast hafði, oft með löngu millibili.

Heimildir segja ekki ótvírætt til um það hvort afréttir hafi verið tíundaðir sérstaklega til skatts þó að sjá megi viðleitni í þá veru í þeim tillögum um nýjar jarðamatsreglur frá byrjun 18. aldar sem Árni Magnússon og Páll Vídalín virðast hafa ætlað að fara eftir og áður er getið. Þær tillögur tóku þó aldrei gildi. Í reglugerð rentukammers um nýtt jarðamat 1. sept. 1848 er gert ráð fyrir að tún og engjar, hagi og útbeit séu metin og einnig hlunnindi jarða en ekki er þar minnst á afrétti. Það mun ekki hafa verið fyrr en með fasteignalögunum nr. 22/1915 sem kveðið var skýrt á um að afréttir skyldu teknir til greina við jarðamat. Í 7. gr. laganna segir á þessa leið:

> Afrjettarlönd þau, sem eru eign sveita og einungis notuð til upprekstrurs, skal eigi meta sjerstaklega, en aftur á móti ber að taka upprekstrarrjettinn til greina við mat jarða þeirra, er hann eiga.
>
> Þrætulönd milli jarða skulu metin sjer í lagi.

Óbyggðanefnd telur að jarðamöt sýni tilvist sjálfstæðrar jarðar á þeim tíma sem um ræðir. Dýrleiki jarðar sé hins vegar fyrst og fremst heimild um landgæði fyrr á tímum, einkum grasfeng og útigang, en miklu síður um stærð jarða eða víðáttu. Jarðabækur og jarðamöt geta þannig gefið vísbendingar um eignarréttindi, landnýtingu og í einstaka tilvikum jafnvel um landamerki.

### 5.3. Máldagar og vísitasíur

Hugtakið *máldagi* var í fornu máli haft um hvers kyns samninga, munnlega og skriflega, en í þrengri merkingu var máldagi samningur sem gerður var við stofnun

---

[177] *Lovsamling for Island*. 6. b. Kaupmannahöfn 1856. S. 475-481.
[178] *Lovsamling for Island*. 14. b. Kaupmannahöfn 1868. S. 175.

kirkju. Máldaginn kvað á um réttindi og skyldur allra þeirra sem hagsmuna áttu að gæta, en hann var jafnframt skrá yfir eignir viðkomandi kirkju. Í kristinna laga þætti Grágásar segir svo:

> Þar er maður leggur fé til kirkju, hvort sem það er í löndum eða lausum aurum, í búfé eða tíundum af þeim bólstöðum er héraðsmenn skulu þangað inna, og skal sá maður er kirkju varðveitir láta gera þann máldaga á skrá allan, hvað hann hefir fjár gefið þangað, eða aðrir héraðsmenn til þeirrar kirkju. Þann máldaga er honum rétt að lýsa að Lögbergi eða í lögréttu eða á vorþingi því er hann heyr, hvað þar liggur fjár til þeirrar kirkju. Hann skal láta ráða [lesa] skrá og lýsa þann máldaga heima að kirkju um sinn [einu sinni] á tólf mánuðum hverjum, þá er menn hafa þangað tíðasókn flestir.[179]

Ákvæði þetta er talið vera frá biskupsárum Gissurar Ísleifssonar (1082-1118) og að líkindum sett í kjölfar tíundarlaganna 1096/1097.[180] Eins og fram kemur í tilvitnuðu ákvæði öðlaðist máldagi gildi um leið og honum hafði verið þinglýst á alþingi eða vorþingi.

Máldagi var í reynd samningur milli þriggja aðila: kirkjubónda, biskups og safnaðar. Bóndinn lagði kirkjunni til ákveðið stofnfé í samráði við biskup og nefndist það *heimanfylgja* hennar. Ávöxtur stofnfjár, svonefnd *afvinna*, ásamt tíund átti að duga fyrir rekstri kirkju en að auki bættust smám saman við gjafir af ýmsum toga, bæði í föstu og lausu, sem kirkjubóndinn eða einhver annar, er biskup skipaði til þess, hafði umsjón með. Sóknarfólkið greiddi tíund en fékk í staðinn kirkjulega þjónustu, sálusorgun og sakramenti í kirkju sinni. Hlutverk biskups var fyrst og síðast fólgið í því að gæta þess að kirkjan væri ekki hlunnfarin. Það gerði hann einkum í árlegum vísitasíuferðum sínum.[181]

Eins og flest opinber skjalagögn frá miðöldum fylgdi efnisskipan máldaga ákveðinni reglu sem var þáttur í trúverðugleika skjalsins. Venja var að greina fyrst frá stofnfé kirkjunnar. Engin eign var kirkju mikilvægari en grunnurinn sem hún stóð á og þess vegna var yfirleitt byrjað á því að tilgreina hversu stóran hlut kirkjan átti í heimalandi, þ.e. þeirri jörð sem hún stóð á. Hvorki aðrar fasteignir, eins og útjarðir (þ.e. jarðir utan heimajarðar kirkjunnar), né heldur afréttir gátu myndað þann grundvöll sem kirkja þurfti til að geta talist myndug og sjálfstæð, m.ö.o. *staður* að skilningi kirkjulaga. Þetta kom skýrt fram í svokölluðum *staðamálum* á síðari hluta 13. aldar.[182] Jafnframt gilti sú regla að kirkjueign mátti aldrei láta af hendi hvorki að hluta til né í heild sinni, nema önnur jafngóð kæmi í staðinn.[183]

---

179 *Grágás* 1992, s. 12.

180 Magnús Stefánsson, 1999: „Die isländischen Stiftungsurkunden – Kirkjumáldagar." *Karl von Amira zum Gedächtnis.* Peter Lang. Europäischer Verlag der Wissenschaften. S. 134-135.

181 Hólabiskup átti að fara um allt umdæmi sitt á einu ári en Skálholtsbiskup á þremur árum.

182 Sjá t.d. Magnús Stefánsson, 1978: „Frá goðakirkju til biskupskirkju." *Saga Íslands.* 3. b. Reykjavík. S. 123-126, 223-226.

183 Sjá *Álitsgerð kirkjueignanefndar.* Fyrri hluti. 1984. S. 40-49.

Því næst voru aðrar eignir kirkjunnar taldar upp, fasteignir, fríður peningur og hlunnindi, síðan kirkjugripir, messuskrúði og bækur sem notaðar voru við helgihaldið. Að lokum var lýst kvöðum sem hvíldu á kirkjueigninni, ef nokkrar voru, og greint frá tíundarumdæmi eða upphæð tíundar um tiltekinn tíma. Þessi niðurröðun gat raskast af ýmsum ástæðum. Það gerðist t.d. þegar ný eign var færð inn í máldaga neðan við þann texta sem fyrir var í stað þess að skrifa hann allan upp að nýju. Í máldögum má því stundum sjá fasteignir nefndar á fleiri en einum stað ef þær voru lagðar til kirkju á mismunandi tímum.

Í kristinna laga þætti Grágásar var tekið fram að máldaginn skyldi lesinn upp við kirkju á þeim degi þegar tíðasókn þangað var mest. Trúlega hefur það verið á vígsludegi kirkjunnar eða einhverjum öðrum hátíðisdegi. Á þann hátt var reynt að tryggja hagsmuni kirkju og sóknarbarna í viðurvist vitna jafnframt því sem réttargildi heimildarinnar var endurnýjað. Ákvæði þetta hélst að mestu óbreytt í nýjum kristinrétti sem samþykktur var fyrir Skálholtsbiskupsdæmi 1275 og síðar (1354) einnig fyrir Hólabiskupsdæmi.[184] Þar var hins vegar ekki lengur tekið fram að máldaga skyldi lýst á alþingi (Lögbergi, lögréttu) eða vorþingi. Líklega hefur staðfesting biskups í viðurvist votta þá verið talin nægja til löggildingar máldaga. Um líkt leyti hafa biskupar eða skrifarar þeirra farið að skrá máldaga í sérstakar máldagabækur sem geymdar voru á biskupsstólunum. Á vísitasíuferðum hefur biskup síðan borið saman máldaga einstakra kirkna við það sem áður hafði verið skráð í máldagabók embættisins og var máldagabókin talin að öllu jöfnu hafa meira réttargildi. Elsta varðveitta máldagasafnið er frá 1318, kennt við Auðun rauða Þorbergsson biskup á Hólum.[185]

Máldagar eru flestir varðveittir í afskriftum frá 17. öld og eru þeir birtir í Íslensku fornbréfasafni. Sú útgáfa er með þeim annmörkum að þar hefur máldagasöfnum verið sundrað og einstakir máldagar tímasettir af mismikilli nákvæmni. Engu að síður hafa máldagar verið taldir með mikilvægustu heimildum okkar frá fyrri tíð. Til marks um það má geta þess að í íslensku lagasafni er enn að finna konungsbréf frá 5. apríl 1749 þar sem kveðið er á um að máldagi Gísla biskups Jónssonar (frá um 1575) sé auk máldagabókar Vilkins biskups (frá 1397) „áreiðanlegt og authentiskt" kirkjuregistur.[186] Eftir siðaskipti tóku vísitasíubækur við af máldagabókum og voru þær lögboðnar með konungsbréfi 1. júlí 1746.[187]

Sagnfræðingar hafa yfirleitt ekki séð ástæðu til að efast um heimildargildi máldaga þó að sjálfsagt þyki að kynna sér varðveislusögu þeirra, aldur og samsetningu. Af úrlausnum dómstóla má ráða að heimildargildi máldaga og vísitasía

---

[184] *Norges gamle love indtil 1387*. 5. b. Christiania, 1895. S. 35.
[185] Magnús Már Lárusson, 1981: „Máldagi." *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 11. b. Kaupmannahöfn. D. 265.
[186] *Lagasafn. Íslensk lög 1. október 1995*. S. 513-514.
[187] Björn K. Þórólfsson, 1956: *Biskupsskjalasafn*. Skrár Þjóðskjalasafns 3. Reykjavík. S. 47-48.

um tilvist eignarréttinda er metið með mikilli varfærni en að þessar heimildir geti þó, ásamt öðru, haft nokkra þýðingu.

### 5.4. Lögfestur

Í íslenskum réttarheimildum kemur hugtakið *lögfesta* fyrst fyrir í Jónsbók (1281) en mun þangað komið úr landslögum Magnúsar lagabætis. Lögfesta var að fornu notuð um lögformlega athöfn sem átti að tryggja tiltekin réttindi í fasteign. Leiguliði gat lögfest ábúðarrétt sinn gagnvart landeiganda (llb. 4), heimilt var að lögfesta landamerki milli jarða, beitarrétt og önnur ítök o.s.frv. (llb. 16, 26). Í öllum þessum tilvikum beindist lögfestan gegn ákveðnum einstaklingum (llb. 26). Einnig var unnt að lögfesta réttindi í þeim tilgangi að hún gilti almennt, en þá skyldi henni lýst við kirkju eða á þingi. Slík lögfesta gilti aðeins í 12 mánuði (llb. 17).[188]

Í Jónsbók er ætlast til að lögfestu sé fylgt eftir með dómsmáli, að öðrum kosti falli hún úr gildi (llb. 52). Í 26. kafla landsleigubálks segir í upphafi:

> Alt þat er menn skilr á um áverka á akri eða eng, holti eða haga, skóga, eða reka, þá skal lǫgfesta fyrir. Sá leggi fimtarstefnu er heldr þykkiz þurfa; hann skal svá mæla: Ek lǫgfesti eign þessa er N. heitir eða þar liggr, bú ok lóð, og alt þat er þar má til gagns af hafa, þar til er dómr fellur á, at lǫgmáli réttu…

Að vísu er ekki alls staðar tekið fram þar sem fjallað er um lögfestur að þeim skuli fylgt eftir með málsókn en gera verður ráð fyrir að til þess hafi verið ætlast. Páll Vídalín lögmaður skýrir þetta svo að lögfesta sé „að festa lög, lofa lögum“, þ.e. fylgja máli eftir til laga.[189] Fleiri dæmi má nefna um að löglærðir menn hafi lagt þennan sama skilning í ákvæði Jónsbókar um lögfestur. Ólafur Árnason á Höfðaströnd í Jökulfjörðum greinir t.d. frá því í bréfi 10. apríl 1704 að hann hafi 12. apríl 1686 lögfest 6 hundruð í Neðrabakka. Lögmaðurinn hafi hins vegar sagt sér í lögréttu (á Alþingi) að hafa lagasókn á eigninni eftir landabrigðum. Ólafur hafði enn ekki komið lagasókninni í verk með heimstefnu, þegar hann ritaði fyrrnefnt bréf, „sökum harðinda, fjúka og óveðráttu“. Hann varð því að sjá af þessum 6 hundruðum í Neðrabakka.[190] Annað dæmi er fimmtarstefna og dómsúrskurður sem fylgdi í kjölfar lögfestu Sigurðar Sigurðssonar landþingsskrifara fyrir jörðinni Háeyri.[191]

Hér má einnig geta þess að á Alþingi 1751 var langvarandi hefð eigenda Holts í Flóa á engjaplássinu Ljósateigi dæmd áreiðanlegri eignarheimild en einhliða lögfesta

---

[188] Sbr. Sigurður Líndal, 1982: „Foreløpige rettsmidler. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 21. b. Kaupmannahöfn. D. 175-176.

[189] Páll Vídalín, 1854: *Skýríngar yfir Fornyrði Lögbókar þeirrar, er Jónsbók kallast…* Reykjavík. S. 165.

[190] *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 303. Sbr. *Jarðaskjöl frá 16. og 17. öld. Útdrættir.* Reykjavík 1993. S. 162.

[191] *Alþingisbækur*. 15. b. Reykjavík 1982. S. 519-521.

ráðsmannsins í Skálholti.[192] Þrátt fyrir fleiri dæmi af sama toga[193] virðist sú skoðun hafa verið almenn að lögfesta hafi nægt sem eignarheimild ef enginn hreyfði við andmælum.

Dómstólar hafa lagt lítið upp úr lögfestum sem sönnunargögnum um tilvist eignarréttinda en ekki er þó útilokað að þær geti, ásamt öðru, haft nokkra þýðingu.

## 5.5. Jarðabréf og landamerkjabréf

Fyrir gildistöku landamerkjalaga, nr. 5/1882, voru í gildi ákvæði Jónsbókar um að gera skyldi skriflegan samning við jarðakaup.[194] Fjöldi jarðabréfa hefur varðveist frá fyrri tíð en jafnljóst er að mikið hefur glatast auk þess sem ekki er víst að slíkir samningar hafi ævinlega verið gerðir við jarðakaup þrátt fyrir ákvæði laganna. Jarðabréfin eru einnig með þeim annmörkum að í þeim er sjaldan lýst umfangi jarða eða landamerkjum. Á vegum óbyggðanefndar fór fram athugun á rúmlega 1500 útgefnum jarðabréfum frá ýmsum tímum, einkum 17. og 18. öld. Niðurstaðan var sú að í 72 þeirra (um 5%) er landamerkjum lýst, stundum ítrekað um sömu jörð. Tekið skal fram að hér er ekki einungis um kaupbréf að ræða, heldur jarðabréf af hvers kyns toga, svo sem testamentisbréf, eignayfirlýsingar og vísitasíur. Jarðir voru gjarnan seldar „með öllum þeim gögnum og gæðum, landsnytjum og ítökum sem fylgt hefur og fylgja ber að fornu og nýju í ystu landamerki“ eða álíka orðalagi. Gera verður ráð fyrir að samningsaðilum hafi verið kunnugt um landamerkin, hvort sem þau voru til skráð eða einvörðungu varðveitt í munnlegri geymd.

Frá 1847 og til setningar landamerkjalaga 1882 komu ítrekað fram á Alþingi mál er vörðuðu nauðsyn þess að landamerki jarða hér á landi yrðu skýrð og skráð.[195] Af umfjöllun þingsins má ráða það almenna álit þingmanna að landamerki víða um land væru í ólestri.[196] Þingmenn virtust sammála um að eignarrétturinn væri að sama skapi óviss og brýn þörf úrbóta. Gera þyrfti mönnum mögulegt að vernda eignarréttindi sín til fasteigna landsins. Koma þyrfti fastri og áreiðanlegri skipan á landamerki og fyrirbyggja óvissu eftirleiðis.[197] Skyldu landeigenda til að gera landamerkjalýsingar var líkt við að skipa mönnum að merkja fé sitt, svo sem lögskipað hefði verið frá ómunatíð.[198] Þá var nefnt að slík skrásetning skapaði hentugan grundvöll fyrir nýtt

---

[192] Sjá *Alþingisbækur*. 14. b. Reykjavík 1977. S. 17, 28. Sbr. einnig *Alþingisbækur* 15, s. 300.
[193] Sjá t.d. *Alþingisbækur*. 10. b. Reykjavík 1967. S. 179.
[194] Sjá *Jónsbók* 1904, s. 222 (12. k. kb.).
[195] Sjá *Tíðindi frá Alþíngi Íslendínga* 1847, s. 67-68; 1849, s. 26, 261-263. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 515-516; 1879 (fyrri partur), s. 24-28; 1881 (síðari partur), s. 118.
[196] Sjá *Tíðindi frá Alþíngi Íslendínga* 1849, s. 28-29, 31, 337 *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 516-518; 1879 (fyrri partur), s.197, 485; 1879 (síðari partur), s. 763-764, 766; 1881 (fyrri partur), s. 553; 1881 (síðari partur), s. 408, 422.
[197] Sjá *Tíðindi frá Alþíngi Íslendínga* 1849, s. 29, 31, 261, 274-275, 281, 513. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 517; 1879 (síðari partur), s. 763-764, 766, 783; 1879 (fyrri partur), s. 485. Sjá ennfr. *Alþingistíðindi* 1919 A I, s. 172.
[198] Sjá *Alþingistíðindi* 1879 (síðari partur), s. 766.

fasteignamat.[199] Af þessu má ráða að setning landamerkjalaga 1882 hafi verið þáttur í viðleitni löggjafans í lok nítjándu aldar og byrjun þeirrar tuttugustu að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna, sjá einnig í köflum 3.3. og 5.2.

Í lögum um landamerki, nr. 5/1882, var í fyrsta skipti í íslenskri löggjöf kveðið á um almenna skyldu eigenda og umráðamanna jarða til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarða sinna. Skyldi einnig getið ítaka eða hlunninda annarra í viðkomandi jörð svo og meðfylgjandi henni í annarra manna lönd. Eigendur aðliggjandi lands sem og aðilar ítaka skyldu rita samþykki sitt á bréfið, enda væru þeir sammála efni þess. Auk þinglesturs á næsta manntalsþingi var varðveisla landamerkjaskráa nú tryggð með færslu í landamerkjabók sýslumanns. Skrásetningu landamerkja, merkjasetningu og þinglýsingu landamerkjaskráa skyldi lokið innan fimm ára frá gildistöku laganna, að viðlögðum sektum. Kveðið var á um eftirlit sýslumanns með því að menn uppfylltu skyldur sínar í þessu efni. Ágreining skyldi útkljá fyrir merkjadómi.

Skylda til að halda við glöggum landamerkjum gilti því aðeins um afrétti og aðrar óbyggðar lendur „að því leyti því verður við komið“, sbr. 1. gr., í stað afdráttarlausrar skyldu jarðeigenda. Í ákvæði 2. gr. um skyldu til merkjasetningar virðist miðað við mörk milli tveggja jarða og skylda til skrásetningar landamerkja hvíldi á eiganda eða umráðamanni „hverrar jarðar“, sbr. 3. gr. Ekkert er minnst á afrétti eða aðrar óbyggðar lendur í því sambandi. Lögunum virtist þannig fyrst og fremst ætlað að fjalla um landamerki milli jarða.

Landamerkjalögin frá 1882 þóttu ekki ná tilgangi sínum til hlítar. Landamerkjaskrár voru ekki gerðar fyrir allar jarðir á landinu og margar einungis að nafninu til, án samþykkis allra hlutaðeigandi. Af þessum ástæðum þótti nauðsynlegt að endurskoða lögin og lauk þeirri vinnu með setningu núgildandi laga um landamerki o.fl., nr. 41/1919.[200] Í 1. gr. þeirra laga er kveðið á um skyldu eigenda eða fyrirsvarsmanna jarða til merkjasetningar. Jafnframt segir svo í ákvæðinu: „Sama er um merki milli jarða og afrjetta eða annara óbygðra lendna, ef sá krefst þess, er land á að afrjetti eða lendu.“ Í ákvæði laganna um viðhald merkja segir að eiganda eða fyrirsvarsmanni „lands“ sé skylt að halda við löglega settum merkjum að sömu tiltölu sem í 1. gr. segi um merkjagerð, sbr. 3. gr. Þá virðist ákvæði laganna um skyldu til skrásetningar landamerkja rýmra en ákvæði eldri laga að því leyti að þar er nú fjallað um „land“ í stað „jarðar“ og „fyrirsvarsmann“ í stað „umráðamanns“, sbr. 2. gr. laga nr. 41/1919 og 3. gr. laga nr. 5/1882. Eðlilegt virðist að túlka ákvæðið þannig að afréttir falli þar undir eins og önnur landsvæði. Sú skylda kemur þó ekki skýrt fram. Samkvæmt þessu skyldi skrásetja fyrirliggjandi landamerki afrétta en einungis setja merki og halda við

---

[199] Sbr. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 516-518; 1879 (síðari partur), s. 783. Sjá ennfr. *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 172.
[200] Sjá *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 172.

merkjum ef sá krafðist þess sem land átti að afrétti. Enn sem fyrr miðast því ákvæði landamerkjalaga fyrst og fremst við að afmarka lönd jarða. Þessi ákvæði eru enn í gildi.

Þá er kveðið á um það í 6. gr. að jafnskjótt sem lögin komi til framkvæmda skyldu valdsmenn, hver í sínu umdæmi, rannsaka það hvort merkjaskrám þar hafi verið þinglýst. Komi í ljós að merkjaskrám hafi ekki verið þinglýst eða að samþykki sumra aðilja vanti á þinglýsta merkjaskrá, skyldi valdsmaður gefa til þess ákveðinn frest, að viðlögðum sektum, sbr. 7. gr. Jafnframt var kveðið á um að valdsmaður skyldi af sjálfsdáðum kveðja aðila fyrir dóm þegar hann fengi vitneskju um ágreining eða vafa þeirra á meðal um landamerki eða merkjaskrá væri eigi afhent til þinglýsingar, sbr. 8. gr.

Ljóst er að landamerkjalögin mæla fyrir um formsatriði, svo sem hvernig landamerki skuli úr garði gerð og hvað skuli koma fram í landamerkjaskrá.[201] Orðin landamerkjalýsing og -bréf hafa einnig verið notuð um þessa löggerninga. Lögin kveða hins vegar ekki á um efnisleg atriði, þ.e. hvar mörk skuli dregin eða hvaða réttindi fylgja í lönd annarra. Í samræmi við þetta felur landamerkjabréf ekki í sér sönnun um beinan eignarrétt yfir því landsvæði sem afmarkað er.

Gildi landamerkjabréfs er komið undir ýmsum atriðum. Þannig dregur augljóslega úr vægi þess ef eigendur eða fyrirsvarsmenn aðliggjandi lands hafa ekki áritað um samþykki sitt. Samanburður við landamerkjabréf þeirra, séu þau fyrir hendi, ætti þó að geta leitt í ljós hvort þar var um ágreining að ræða. Þá gat verið vandkvæðum bundið að afla tilskilinna áritana ef menn áttu mörk til óbyggða. Eignarhald á slíku svæði eða fyrirsvar vegna þess var e.t.v. óljóst eða ekki á neins manns hendi. Væri um afrétt að ræða verður að telja hreppsnefnd í fyrirsvari, en samkvæmt 17. gr. tilskipunar um sveitastjórn á Íslandi frá 4. maí 1872 skyldi hreppsnefnd sjá um „notkun afrjetta, fjallskil, fjárheimtur og ráðstafanir til að eyða refum,...“ Þess eru enda ýmis dæmi í kjölfar landamerkjalaganna að fyrirsvarsmenn hreppa áriti landamerkjabréf jarða sem liggja að afrétti og að gerð séu sérstök landamerkjabréf fyrir afrétti.

Auk þess að uppfylla formskilyrði þarf viðkomandi bréf að vera lögmætt að efni til. Þannig er ljóst að með gerð landamerkjabréfs máttu menn ekki einhliða auka við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Því dregur úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót. Á sama hátt eykur það gildi landamerkjabréfs ef því má finna stuðning í eldri heimildum.

Samkvæmt ákvæðum landamerkjalaga 1882 og 1919 skyldi sýslumaður hafa eftirlit með því að menn uppfylltu skyldu sínar til skrásetningar merkja. Hafi bréf verið þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki tiltekinnar jarðar, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágranna eða sveitarfélag, virðist

[201] Sbr. *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 174.

það benda til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Í þessu sambandi ber þess að geta að könnun óbyggðanefndar á dómum Landsyfirréttar á tímabilinu 1886-1920 bendir ekki til þess að í kjölfarið á setningu landamerkjalaganna hafi komið upp umtalsverður ágreiningur milli sveitarfélaga og eigenda efstu jarða um mörk jarða og afrétta. Jafnframt er ljóst að þinglýstir eigendur hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Ljóst virðist af úrlausnum dómstóla í einkamálum að við mat á gildi landamerkjabréfs skiptir máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði. Þegar um hefur verið að ræða svæði sem áður höfðu legið innan landamerkja jarða en verið keypt af hreppsfélögum og lögð til afrétta hefur landamerkjabréf verið talið ákvarða mörk eignarlands, sbr. H 1971 1137 (Reyðarvatn) og H 1975 55 (Arnarvatnsheiði).[202]

Hafi svæði hins vegar ekki legið innan landamerkja jarðar hefur landamerkjabréf haft aðra þýðingu. Litið hefur verið til margra atriða, svo sem Landnámu, staðhátta, gróðurfars og nýtingar, og komist að þeirri niðurstöðu að beinn eignarréttur væri ekki fyrir hendi. Tilvist landamerkjabréfs hefur ekki breytt þeirri niðurstöðu en bréfið talið ákvarða mörk afréttareignar, sbr. H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði).

Hæstiréttur hefur hins vegar í þremur refsimálum sýknað menn af ákæru um ólöglegar fuglaveiðar á eignarlandi, þrátt fyrir að veiðarnar færu örugglega fram innan landamerkja jarðar samkvæmt landamerkjabréfi, sbr. H 1999 2006 (Sandfellshagi), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), og H 1994 2227 (Geitland).[203] Í öllum tilvikum var um að ræða jarðir með mörk til óbyggða. Taldi Hæstiréttur að vafi léki á um beinan eignarrétt yfir viðkomandi landsvæði. Í tveimur þessara mála var um það að ræða að eldri heimildir en landamerkjabréf jarðarinnar voru ekki fyrir hendi, sbr. H 1999 2006 (Sandfellshagi) og H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur). Staðhættir, gróðurfar og nýting þóttu hins vegar ekki benda til að stofnast hefði til beins eignarréttar yfir landsvæðinu. Sömu sjónarmið voru uppi í H 1999 111 (Gilsá), auk þess sem vafi var um hvar ákærði var við veiðarnar og hvar hann náði bráð sinni. Í H 1994 2227 (Geitland) var hins vegar um það að ræða að eldri heimildir voru taldar valda vafa um hvort landið væri eignarland. Niðurstöður Hæstaréttar í þessum málum ber að skoða í ljósi þeirrar meginreglu refsiréttar að vafa beri að meta ákærða í hag. Tekið er sérstaklega fram í H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá) að vafi sé um að stofnast hafi að lögum til beins eignarréttar „þrátt fyrir" umrætt landamerkjabréf.

Í málum þessum var til úrlausnar hvort brotið hefði verið gegn einkarétti landeiganda til fuglaveiða og vafi um beinan eignarrétt nægði til sýknu. Með hliðsjón af því að dómstólar hafa ekki tekið óyggjandi afstöðu til þess að einkarétti hvernig jarðir

---

[202] Ennfremur til athugunar í þessu sambandi er H 1997 2792.
[203] Þess ber þó að geta að Geitland hefur ekki verið nýtt sem jörð um langan aldur.

skuli afmarkaðar gagnvart öðrum landsvæðum, fyrst og fremst óbyggðum, er skiljanlegt að í refsimálum hafi verið talinn vafi á ferðum. Það er hins vegar verkefni óbyggðanefndar að úrskurða að einkarétti um slík mörk þar sem vafi er á ferðum. Óbyggðanefnd telur því að almennar eða bindandi ályktanir um eignarréttarlega þýðingu landamerkjabréfa verði ekki dregnar af umræddum fjórum refsidómum.

### 5.6. Afsals- og veðmálabækur

Samkvæmt Grágás þurfti ekki að lýsa landakaupum á þingi en ýmsum kvöðum (lögmálum), svo sem forkaupsrétti og veði, skyldi lýsa að Lögbergi.[204] Samkvæmt 11. og 12. kapítula kaupabálks Jónsbókar var skylt að gera kaupbréf þegar menn keyptu jarðir. Ekki þurfti að lýsa gerningunum en áfram skyldi lesa lögmála á Alþingi, sbr. 8.-9. kapítula landsbrigðaþáttar í Jónsbók.[205]

Í 28. gr. 3. kapítula 5. bókar Dönsku laga, um kaup og sölu og makaskipti, sagði m.a. að afsöl á húsum og jörðum skyldu fram fara á þingi þar sem jörðin væri og skyldi lesa og árita öll afsalsbréf á fyrsta eða öðru þingi. Réttarfarsákvæði Norsku laga Kristjáns V. voru lögleidd hér með opnu bréfi 2. maí 1732. Í 1. bók, 10. gr. 3. kafla, voru ákvæði um störf manntalsþinga en á þeim skyldu fara fram þinglýsingar. Landsmenn hirtu ekki nægilega um skyldu þessa og var hún áréttuð með úrskurðum kansellísins 3. nóvember 1766 og 22. apríl 1790. Var stiftamtmanni falið að áminna menn um að láta lesa, áskrifa og bóka öll eignarskjöl og veðbréf en við það var miðað að þinglýsingar færu fram við lögþingsrétt. Áminning þessi kom fram með auglýsingu í lögþingsbókinni 1793. Ekki voru nánari reglur um hvernig skyldi standa að þinglýsingu jarðakaupa-, gjafa- og veðbréfa og var um það mikil óvissa hvar skyldi þinglýsa heimildarbréfum. Með tilskipun frá 24. apríl 1833, um afsalsbréf og pantsetníngar á Íslandi, voru settar ítarlegri reglur um þetta efni. Var þar kveðið svo á að efni heimildarbréfs um fasteign skyldi lesast á því þingi sem eigindómurinn heyrði til. Eftir gildistöku laga nr. 30/1928, um þinglýsing skjala og aflýsing, fóru þinglýsingar fram á manntalsþingi, en í Reykjavík bæjarþingi. Hætt var lestri sérhvers skjals en þess í stað voru ákvæði um lestur skrár yfir skjöl sem borist höfðu til þinglýsingar. Lög þessi tóku nær eingöngu til framkvæmdar þinglýsinga en snertu ekki efnisatriði nema í litlum mæli. Þau lög giltu fram að setningu núgildandi þinglýsingalaga nr. 39/1978.

Þinglýsingareglur fjölluðu fyrir gildistöku núgildandi þinglýsingalaga ekki um þýðingu þinglýsingar. Engu að síður var litið svo á að registur samkvæmt tilskipuninni frá 1833 ættu að veita hverjum sem hafa vildi „áreiðanlega skírslu um heimild að fasteignum, ískyldur þær (ítök, veðsetníngar o.s.frv.) er þeim fylgja, og

---

[204] *Grágás* 1992, s. 300 (14. k. lbþ.).
[205] *Jónsbók* 1904, s. 127-128 (8.-9. k. lbb.), 221-222 (11.-12. k. kb.).

hvört nokkuð það sé á þíngi birt sem verið geti umráðum eigandans til tálmunar ...“[206] Þá var talið að í gildistíð laga nr. 30/1928 mætti binda nokkurt traust við þær upplýsingar sem fá mátti í afsals- og veðmálabókum ásamt tilheyrandi skrám þeirra.[207] Nær engin ákvæði fjölluðu þó um réttaráhrif þinglýsingar og var það m.a. yfirlýst hlutverk með frumvarpi því, sem varð að þinglýsingalögum nr. 39/1978, að bæta úr brýnni þörf að því leyti.[208]

Eins og áður segir virðist hafa verið brotalöm í framkvæmd þinglýsinga fram undir lok 18. aldar og að þá hafi verið um það óvissa hvort lesa ætti heimildarbréf að fasteignum á manntalsþingum eða lögþingsréttinum (á Alþingi, síðar Landsyfirréttinum). Eftir gildistöku tilskipunarinnar frá 1833 voru skjöl einungis lesin við undirrétt (manntalsþing) og hefur þá verið miðað við að það teldist til dómstarfa. Sama gegndi um þinglýsingar í gildistíð laga nr. 30/1928 og síðan núgildandi þinglýsingalaga nr. 39/1978 þangað til lög nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, öðluðust gildi 1. júlí 1992. Þá var kveðið svo á að störf við þinglýsingar teldust til stjórnsýslu. Enda þótt þinglýsing teldist til dómstarfa til ársins 1992, var viðurkennt að þau væru frábrugðin venjulegum dómstörfum þar sem um væri að ræða skráningu í bækur, samningu á skrám og framlagningu þeirra.[209] Það girti ekki fyrir dómsmeðferð ágreinings um efnisatriði skjala, þótt þeim hefði áður verið þinglýst og hafði þinglýsingin þannig ekki gildi sem dómur um það sem í skjalinu fjallaði. Einskorðaðist starf við þinglýsingu við formkönnun skjala.

Lestur skjala á þingi og skrásetning skjala í registur og síðar þinglýsingabækur hefur verið gerð í þeim tilgangi að skrá réttindi manna yfir viðkomandi eign. Skrár þessar hafa því verið réttindaskrár en þeim hefur aldrei verið ætlað það hlutverk að lýsa eiginleikum eignar eða ástandi á hverjum tíma.[210] Vissum skjölum hefur þó verið ætlað sérstakt hlutverk, svo sem jarðabréfum og landamerkjabréfum, en um þau hefur áður verið rætt. Þinglýsing slíkra skjala hefur þá haft svipað gildi og yfirlýsing gagnvart aðliggjandi jörðum eða svæðum, í því skyni að draga fram hugsanlegan ágreining um landamerki, en í þinglýsingunni fólst ekki staðfesting á efni skjalanna um stærð, legu eða annan eiginleika jarðanna.

### 5.7. Aðrar heimildir

Upplýsingar um eignarréttindi getur einnig verið að finna í ýmsum öðrum heimildum en þeim sem að framan greinir. Má þar fyrst nefna eldri dóma. Í því sambandi ber að líta til þess að vafi getur leikið á því hvort um frumrit sé að ræða, seinni tíma uppskrift

---

[206] Jón Johnsen, 1840: *Hugvekja um þinglýsingar, jarðakaup, veðsetningar og peníngabrúkun á Íslandi.* Kaupmannahöfn. S. 57.
[207] Þorgeir Örlygsson, 1993: *Þinglýsingar. Mistök í þinglýsingum. Réttarreglur.* Reykjavík. S. 29.
[208] *Alþingistíðindi* A 1977-1978, s. 1382.
[209] Þorgeir Örlygsson 1993, s. 46.
[210] Þorgeir Örlygsson 1993, s. 19.

eða jafnvel fölsun. Auk þess kann að vera vafi um upprunalegt gildi dómsins skv. þágildandi lögum. Þá er viðfangsefnið oft greiðsla afréttartolla, skylda til upprekstrar o.þ.h. Af úrlausnum verður sjaldan ráðið hvort til grundvallar er lagður beinn eða óbeinn eignarréttur að viðkomandi landsvæði, enda ekki ljóst í hvaða mæli hugtök eignarréttar voru notuð í sambærilegri merkingu og í dag. Almennt gildi eldri dóma verður því að teljast takmarkað en einstakir dómar hljóta að koma til athugunar á þeim svæðum sem þeir fjalla um. Hlýtur aldur dóms að skipta nokkru máli og óhjákvæmilegt annað en að gildir dómar sem gengið hafa í gildistíð samtíma réttarskipunar okkar verði eftir því sem við á lagðir til grundvallar efnislegri niðurstöðu um einstök álitaefni.

Heimildir um stjórnsýslu veraldlegra yfirvalda er að finna í bréfa- og gerðabókum sýslumanna og hreppstjóra og enn fremur í skjalasöfnum æðstu embættismanna þjóðarinnar. Um hendur þeirra fóru m.a. flest erindi sem snertu sölu kirkjueigna.

Heimildir um eignaumsýslu kirkjunnar eru umtalsverðar. Áður var gerð grein fyrir máldögum og vísitasíum en fleiri má nefna. Bréfabækur biskupa eru einhliða heimildir en styðjast þó oft við eldri gögn að því leyti sem lýst er eignum og ítökum kirkna. Þá voru við flestar kirkjur sérstakar bækur sem nefndust kirkjustóll. Í þær voru skráðar eignir kirknanna og annað efni eftir skoðunargerð biskups eða prófasts. Skjalaflokkurinn klausturumboð veitir einnig mikilsverðar upplýsingar um eignir þeirra jarða sem á miðöldum heyrðu undir klaustrin en konungur lagði hald á eftir siðbreytingu.

Hér hefur verið fjallað um þær heimildir sem óbyggðanefnd telur almennt ástæðu til að kanna í hverju máli. Auk þeirra getur að sjálfsögðu verið sérstök ástæða til að kanna önnur prentuð eða óprentuð frumgögn. Jafnframt geta eftirheimildir á borð við almenn uppsláttarrit og ítarefni um svæðið, svo sem byggðar- og héraðslýsingar, t.d. sýslu- og sóknarlýsingar frá 19. öld og landfræðisaga Þorvaldar Thoroddsens, árbækur, o.s.frv. haft nokkra þýðingu. Loks geta fornleifarannsóknir varpað ljósi á búsetusögu viðkomandi svæðis.

Af úrlausnum dómstóla má ráða að heimildir af því tagi sem hér hefur verið gefið ágrip af, geti ásamt öðru haft nokkra þýðingu við mat á tilvist eignarréttinda.

## 6. NIÐURSTAÐA

Af úrlausnum dómstóla fyrir gildistöku þjóðlendulaga 1998 var ljóst að tiltekin landsvæði á hálendi Íslands væru ekki í eigu sveitarfélaga eða ríkis. Jafnframt mátti ætla að svipað ætti við um fleiri landsvæði en þau sem komið höfðu til umfjöllunar dómstóla. Réttarstaða þessara landsvæða var því að miklu leyti óljós. Þörfin á skýrum reglum um eignarráð og forræði jókst hins vegar með aukinni og fjölbreyttari nýtingu.

Þjóðlendulögin voru sett til að leysa úr þessum vanda. Með þeim er íslenska ríkið lýst eigandi slíkra svæða, þau kölluð þjóðlendur og óbyggðanefnd falið að greina

á milli þeirra og eignarlanda. Jafnframt er gert ráð fyrir að innan þjóðlendu geti einstaklingar eða lögaðilar átt takmörkuð eignarréttindi og óbyggðanefnd falið að úrskurða um þau.

Hlutverk óbyggðanefndar er skilgreint í 7. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Samkvæmt því skal óbyggðanefnd:

a. Kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.

b. Skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.

c. Úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

4(86) Bréf stjórnarráðs Íslands til allra sýslumanna, dags. 29.12.1919, þar sem beðið er um skýrslu um svæði sem talin eru til almenninga eða afrétta.
4(87) Svarbréf sýslumannsins í Norður-Múlasýslu, dags. 4.11.1920, við bréfi stjórnarráðs Íslands, dags. 29.12.1919.
4(88) Svarbréf Fljótsdalshrepps, dags. 22.5.1920, til sýslumannsins í Norður-Múlasýslu vegna bréfs stjórnarráðs Íslands, dags. 29.12.1919.

*Fornleifaskráning (skjalaflokkur A.14.):*

4(22) Fljótsdalur, *Menningarminjar á miðhálendi Íslands*. Svæðisskráning. Fornleifastofnun Íslands 1996 (bls. 3–6, 65–67 og 190–194).
4(23) Kort af menningarminjum á miðhálendinu (mælikvarði 1:600.000), Norður-Múlasýsla og Norður-Þingeyjarsýsla.

*Örnefnaskráning (skjalaflokkur A.15.):*

Ekkert lagt fram undir þessum lið.

*Önnur óprentuð frumgögn (A.16.):*

4(82) Fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins til sveitarfélaga á Íslandi varðandi afrétti og upprekstrarrétt sveitarfélaga, dags. 20.2.1989.
4(83) Svarbréf Jökuldalshrepps við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins, dags. 20.2.1989, varðandi afrétt og upprekstrarrétt sveitarfélaga, dags. 1.12.1989.
4(84) Svarbréf Fljótsdalshrepps við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins, dags.

20.2.1989, varðandi afrétt og upprekstrarrétt sveitarfélaga, dags. 11.11.1989.

4(85) Bréf sveitarstjóra Fljótsdalshrepps til Skipulags ríkisins um ágreining um hreppamörk Fljótsdals- og Jökuldalshrepps, dags. 19.9.1991.

*Jarðabréf (skjalaflokkur B.1.):*

4(72) Jarðabók Jóns Þorlákssonar frá 1703 þar eru m.a. taldar upp jarðirnar *Víðivellir* og *Klúka*. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 13. b. bls. 402–403.

4(73) Ljósrit úr *Jarðabréfum frá 16. og 17. öld*, Gunnar F. Guðmundsson bjó til prentunar. Múlasýslur, bls. 265–274.

*Prentuð fasteigna- og jarðamöt (skjalaflokkur B.2.):*

4(7) *Jarðatal J. Johnsens*, 1847, bls. 350–369.

4(8) *Ný jarðabók 1861*, bls. 132–141.

4(9) Fasteignabók 1921, bls. 174–185.

4(10) Fasteignabók 1932, bls. 93–98.

4(11) Fasteignabók 1942–1944, bls. 50–54.

*Útgefnir dómar Hæstaréttar og Landsyfirréttar (skjalaflokkur B.3.):*

Sjá skrá yfir hliðsjónargögn.

*Fjallskilareglugerðir (skjalaflokkur B.4.):*

4(12) Reglugjörð um fjallskil og refaveiðar í Norður-Múlasýslu, nr. 102/1893, B-deild, bls. 166–175.

4(13) Reglugjörð um fjallskil og refaveiðar í Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað, nr. 74/1902, B-deild, bls. 150–155.

4(14) Reglugjörð um fjallskil og refaveiðar í Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað, nr. 107/1918, B-deild, bls. 207–213.

4(15) Reglugerð um fjallskil í Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað, nr. 69/1926, B-deild, bls. 143–151.

4(16) Reglugerð um fjallskil í Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað, nr. 48/1934, B-deild, bls. 108–113.

4(17) Reglugerð um breytingu á reglugerð um fjallskil í Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað, nr. 48 frá 29.5.1934, nr. 161/1934, B-deild, bls. 248–251.

4(18) Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 161 frá 7.12.1944, um breytingu á reglugerð um fjallskil í Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað, nr. 48 frá 29.5.1934, nr. 92/1950, B-deild, bls. 241.

4(19) Fjallskilasamþykkt fyrir Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað, nr. 299/1975, B-deild, bls. 447–453.

4(20) Fjallskilasamþykkt fyrir Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað, nr. 366/1989, B-deild, bls. 694–701.

4(21) Fjallskilasamþykkt fyrir Múlasýslur, nr. 472/1991. Stjórnartíðindi 1991, B-deild, bls. 887–895.

*Prentaðir máldagar o.fl. úr Íslensku fornbréfasafni (skjalaflokkur B.5.):*

4(1) Máldagi Valþjófsstaðar 1397. Fram kemur m.a. að Maríukirkja á Valþjófsstað átti heimaland allt, land undir Kleif fram frá Þuríðarstöðum undir jökla með öllum gæðum, að undanskildum skógi, og selland að Laugarhúsum (Í.F. IV, bls. 209–212).

4(2) Vitnisburður fjögurra presta og tveggja leikmanna 1441 um að þeir hafi séð og yfirlesið máldaga kirkjunnar á Valþjófsstað í registrum kirkjunnar í Skálholti (máldaginn er hinn sami og gerður var 1397) (Í.F. IV, bls. 620).

4(3) Máldagi Maríukirkju á Valþjófsstað, talinn vera frá 1471 og eignaður Sveini spaka Péturssyni biskupi (Í.F. V, bls. 632–634).

4(4) Vitnisburður þriggja manna um að Árni prestur Þorsteinsson hafi lögfest Valþjófsstað með tilgreindum merkjum (Útg. Fornbréfasafnsins telur bréfið falsað.) (Í.F. VI, bls. 519–520).

4(5) Vitnisburður Kolgríms prests Koðranssonar 1517 um að þau ár sem hann hélt Valþjófsstað hafi enginn rekið lömb eða annað fé „fram á Öræfi“ nema með sínu leyfi, að því undanskildu að lömb voru rekin frá Skriðu í Maríutungur (Í.F. VIII, bls. 628).

4(6) Vitnisburður Gissurar Helgasonar 1552 um að hann vissi ekki til að nokkur ætti ítölu „fram á Staðaröræfi“ (nema Valþjófsstaður) ef frá væri talinn lambarekstur frá Skriðu í Maríutungur sem kæmi fyrir 20 hesta torfskurð árlega í Skriðulandi. Enginn hefði heldur rekið fé fram af Seljadal eða undir Snæfell og ekki í hin nyrðri öræfi nema með leyfi þess sem hélt Valþjófsstað (Í.F. 12, bls. 379–380).

4(48) Máldagi *Bessastaða*kirkju 1203. Ekkert um land. (Í.F. I, bls. 340–342).

4(49) Umfjöllun um Vilchinsmáldaga 1397 (almennt). (Í.F. IV, bls. 27–37).

4(50) Máldagi Hallormsstaða 1397. Kirkjan á *fjórðung í Keldudal*. Athuga í sambandi við Valþjófsstað. (Í.F. IV, bls. 207–208).

4(51) Máldagi Bessastaðakirkju og Víðivallakirkju 1397. Ekkert um landamerki. (Í.F. IV, bls. 212–213).

4(52) Vitnisburður um landamerki, ítök og ítölur *Víðivalla ytri* 1467. Nefndar jarðirnar *Sturluflöt* og *Skriða*. (Í.F. V, bls. 472).

4(53) *Skriða og Víðivellir fremri* nefnd í arfleiðslubréfi 1470. (Í.F. V, bls. 569–571).

4(54) Próventubréf 1485 þar sem hálf jörðin *Sturluflötur* er gefin. Mörk ekki tekin fram. (Í.F. VI, bls. 538).

4(55) Vitnisburður 1491 um torfskurðarítak *Valþjófsstaðar* í Skriðujörð, móti *lambarekstri í Tungurnar* [Maríutungur??]. (Í.F. VI, bls. 748–749).

4(56) Máldagar *Valþjófsstaðarkirkju* 1491 og 1518. Máldagi 1518 talar um landeign. (Í.F. VII, bls. 25).

4(57) Príor að Skriðu seld hálf jörðin *Sturluflöt* 1497. Ekkert um landamerki. (Í.F. VII, bls. 345–346).

4(58) Máldagi kirkjunnar á Bessastöðum í Fljótsdal [um 1500]. (Í.F. VII, bls. 446–447).

4(59) Gjafabréf fyrir *Skriðu,* einnig er gefin *„selför í Seljadal“* árið 1500. (Í.F. VII, bls. 486–487).

4(60) Afhending Valþjófsstaðarkirkju 1507. Þar er nefnd gjöf til krossins á *Þorgerðarstöðum*. (Í.F. VIII, bls. 179).

4(61) Vígslubréf Skriðuklausturs 1512. Þar eru talin bréf sem send voru til Kaupmannahafnar 1697. (Í.F. VIII, bls. 401–404).

4(62) Kaupbréf gert að *Glúmsstöðum* 1506. (Í.F. X. b., bls. 49).

4(63) Vitnisburður um landamerki, ítök og ítölur Víðivalla ytri 1467. Þar er *Sturluflöt* nefnd. (Í.F. IX, bls. 23).

4(64) Vitnisburður um kaupmála á *Glúmsstöðum* 1549. (Í.F. XI, bls. 688–689).

4(65) *Valþjófsstaðakirkja* nefnd meðal graftarkirkna í Fljótsdalshéraði í kirknatali Páls Jónssonar árið 1200. (Í.F. XII, bls.1–4).

4(66) Vitnisburður um landeign milli Jökulsár og Snæfells fram undir jökul og í utanverðan Hrafnkelsdalsenda hinn ytra 1552. [*Valþjófsstaðareign*]. (Í.F. XII, bls. 376).

4(67) Kvittun fyrir jörðum Valþjófsstaða 1560/1582 og jarðaskrá 1560.
Þar eru nefndir *Þuríðarstaðir, Þorgerðarstaðir, Kleifarland* og *Maríutungur*. (Í.F. XIII, bls. 559–560).

4(68) Máldagi *Skriðukirkju og klausturs* 1570 og síðar. Á heimaland allt. (Í.F. XV, bls. 680).

4(69) Máldagi *Valþjófsstaðakirkju* 1570 og síðar. Taldar jarðeignir og ítök kirkjunnar. Sambærilegt að mestu við Vilchinsmáldaga 1397. (Í.F. XV, bls. 681–682).

4(70) Máldagi hálfkirkjunnar að Bessastöðum, 1570 og síðar. Ekkert um land. (Í.F. XV, bls. 682).

4(71) Máldagi Hallormsstaðakirkju 1570 og síðar. Á fjórðung í Keldudal. [Sbr. Valþjófsstaði]. (Í.F. XV, bls. 682–683).

*Sá hluti skjalasafna stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja sem prentaður er í Stjórnartíðindum (skjalaflokkur B.6.):*

Ekkert lagt fram undir þessum lið.

*Landnáma (skjalaflokkur B.7.):*

4(74) *Landnámabók*, Íslensk fornrit I, bls. 292–295. *(Merkt 1. a-b, nr. 3 og 4a).*

4(75) *Landnámabók*, Íslensk fornrit I, bls. 294–299. *(Merkt 1. a-c, nr. 3 og 4a).*

**Lagt fram af Friðbirni Garðarssyni hdl. vegna Glúmsstaða 1 og 2:**

5 Kröfulýsing, dags. 31.3.2005.
5(1) Fasteignamatsvottorð fyrir Glúmsstaði 1, dags. 31.3.2005.
5(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Glúmsstaði 2, dags. 31.3.2005.
5(3) Greinargerð, mótt. 9.3.2006.
5(4) a-b Ljósrit af kortum sem sýnir staðsetningu veiddra hreindýra í landi Glúmstaða I og II, 2003 og 2004.
5(5) Almenn umfjöllun í tilefni greinargerðar íslenska ríkisins vegna málsmeðferðar óbyggðanefndar á svæði 5, mótt. 9.3.2006.
5(6) a-j Ljósrit af gervitunglamyndum sem á eru merkt staðsetning felldra dýra í Fljótsdalshreppi og Fljótsdalshéraði, ódags. en mótt. 24.6.2006. Myndirnar taka til allra jarða í umboði Friðbjörns Garðarssonar hdl. í máli nr. 1/2005.

**Lagt fram af Friðbirni Garðarssyni hdl. vegna Glúmsstaðasels:**

6 Kröfulýsing, dags. 31.3.2005.
6(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Glúmsstaðasel, dags. 30.3.2005.
6(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Glúmsstaðasel, dags. 31.3.2005.
6(3) Greinargerð, mótt. 9.3.2006. Sjá einnig skjal 5(5), almenn umfjöllun í tilefni greinargerðar íslenska ríkisins.
6(4) Þinglýsingarvottorð fyrir Glúmsstaðasel, dags. 17.8.2006.

**Lagt fram af Friðbirni Garðarssyni hdl. vegna Víðivalla fremri:**

7 Kröfulýsing, dags. 31.3.2005.
7(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Víðivelli fremri, dags. 30.3.2005.
7(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Fremri-Víðivelli, dags. 31.3.2005.
7(3) Afsal, dags. 13.9.1917. Ráðherra Íslands selur Tryggva Ólafssyni jörðina Víðivelli fremri.
7(4) a-b Ljósrit af kortum sem sýnir staðsetningu veiddra hreindýra í landi Víðivalla fremri, 2003 og 2004.
7(5) Greinargerð, mótt. 9.3.2006. Sjá einnig skjal 5(5), almenn umfjöllun í tilefni greinargerðar íslenska ríkisins.
7(6) Þinglýsingarvottorð fyrir Fremri-Víðivelli, dags. 17.8.2006.

**Lagt fram af Friðbirni Garðarssyni hdl. vegna Víðivallagerðis:**

8 Kröfulýsing, dags. 31.3.2005.
8(1) Afsal, dags. 25.8.1912. Ráðherra Íslands selur Sigurði Þorsteinssyni jörðina Víðivallagerði.

**Lagt fram af Friðbirni Garðarssyni hdl. vegna Þorgerðarstaða:**

9 Kröfulýsing, dags. 31.3.2005.
9(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Þorgerðarstaði, dags. 30.3.2005.
9(2) Afsal, dags. 20.3.1930. Dóms- og kirkjumálaráðherra selur Þórarni Stefánssyni jörðina Þorgerðarstaði.
9(3) Fasteignamatsvottorð fyrir Þorgerðarstaði, dags. 4.4.2005.
9(4) Fasteignamatsvottorð fyrir Þorgerðarstaði/Land, dags. 4.4.2005.
9(5) Fasteignamatsvottorð fyrir Þorgerðarstaði/Land 2, dags. 4.4.2005.
9(6) Greinargerð, mótt. 9.3.2006. Sjá einnig skjal 5(5), almenn umfjöllun í tilefni greinargerðar íslenska ríkisins.
9(7) Þinglýsingarvottorð fyrir Þorgerðarstaði, dags. 17.8.2006.

**Lagt fram af Jóni Jónssyni hdl. og Friðbirni Garðarssyni hdl vegna Aðalbóls:**

10 Kröfulýsing, dags. 31.3.2005.
10(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Aðalból, dags. 4.4.2005.

10(2) Byggingarbréf núverandi ábúenda, Gísla Pálssonar og Sigurðar Ólafssonar.
10(3) Byggingarbréf fyrir Vesturöræfaafrétt, dags. 30.3.1842.
10(4) Byggingarbréf fyrir Aðalból, dags. 10.9.1835.
10(5) Greinargerð, mótt. 9.3.2006. Sjá einnig skjal 5(5), almenn umfjöllun í tilefni greinargerðar íslenska ríkisins.

**Lagt fram af Jóni Jónssyni hdl. vegna Skriðuklausturs:**
11 Kröfulýsing, dags. 31.3.2005.
11(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Skriðuklaustur, dags. 30.3.2005.
11(2) Byggingarbréf núverandi ábúenda, dags. 11.5.1999, Önnu Bryndísar Tryggvadóttur og Hallgríms Þórhallssonar.
11(3) Afsal, dags. 27.8.1938. Sigmar Þormar selur Gunnari Gunnarssyni jörðina Skriðuklaustur.
11(4) Gjafabréf, dags. 11.12.1948. Gunnar Gunnarsson og Franzisca Gunnarsson gefa íslenska ríkinu jörðina Skriðuklaustur.
11(5) Fasteignamatsvottorð fyrir Skriðuklaustur, dags. 31.3.2005.
11(6) Fasteignamatsvottorð fyrir Skriðuklaustur (einbýli), dags. 31.3.2005.
11(7) Útmæling Brattagerðis, dags. 15.8.1845.
11(8) Greinargerð, mótt. 9.3.2006. Sjá einnig skjal 5(5), almenn umfjöllun í tilefni greinargerðar íslenska ríkisins.
11(9) Beiðni um endurupptöku, dags. 18.1.2008.
11(10) Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmanns, dags. 7.5.1863, varðandi jarðarafgjöld af nýbýlinu Brattagerði. Úr *Tíðindum um stjórnarmálefni Íslands* I, bls. 702.
11(11) Uppdráttur ásamt punktaskrá sem sýna afmörkun Brattagerðis samkvæmt útmælingum 1835 og 1845. Lagt fram að beiðni óbyggðanefndar, ódags. og ekki í mælikvarða.

**Lagt fram af Jóni Jónssyni hdl. og Friðbirni Garðarssyni hdl. vegna Sturluflatar:**
12 Kröfulýsing, dags. 31.3.2005.
12(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Sturluflöt, dags. 30.03.2005.
12(2) Byggingarbréf núverandi ábúanda, dags. 24.2.2004, Sveins Ingimarssonar.
12(3) Úttekt á jörðinni Sturluflöt. Skoðun fór fram 9.8.2000 og var úttekt skilað 7.10.2000.
12(4) Byggingarbréf Jóns Hallasonar, dags. 30.7.1971.
12(5) Greinargerð, mótt. 9.3.2006. Sjá einnig skjal 5(5), almenn umfjöllun í tilefni greinargerðar íslenska ríkisins.
12(6) Ljósrit af korti sem sýnir staðsetningu veiddra hreindýra í landi Sturluflatar 2003.
12(7) Framhaldskröfulýsing vegna Sturluflatar, ódags. en mótt. 17.8.2006.

**Lagt fram af Jóni Jónssyni hdl. vegna Vaðbrekku:**
13 Kröfulýsing, dags. 31.3.2005.
13(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Vaðbrekku, dags. 30.3.2005.
13(2) Greinargerð, mótt. 9.3.2006. Sjá einnig skjal 5(5), almenn umfjöllun í tilefni greinargerðar íslenska ríkisins.

**Lagt fram af Jóni Jónssyni hdl. og Friðbirni Garðarssyni hdl. f.h. Fljótsdalshrepps vegna afréttarnýtingar undir Fellum, á Vesturöræfum og Rana utan lands Skriðuklausturs:**
14 Kröfulýsing, dags. 31.3.2005.
14(1) Greinargerð, mótt. 9.3.2006. Sjá einnig skjal 5(5), almenn umfjöllun í tilefni greinargerðar íslenska ríkisins.

**Lagt fram af Jóni Jónssyni hdl. og Friðbirni Garðarssyni hdl. f.h. Fljótsdalshrepps vegna afréttarnýtingar Múla:**

| | | |
|---|---|---|
| 15 | | Kröfulýsing, dags. 31.3.2005. |
| | 15(1) | Matsgögn vegna undirbúnings jarðamats 1861 vegna Glúmsstaða. |
| | 15(2) | Matsgögn vegna jarðamats 1916 vegna Glúmsstaða (Glúmsstaðasels). |
| | 15(3) | Greinargerð, mótt. 9.3.2006. Sjá einnig skjal 5(5), almenn umfjöllun í tilefni greinargerðar íslenska ríkisins. |

**Lagt fram af Jóni Jónssyni hdl. og Friðbirni Garðarssyni hdl. f.h. Fljótsdalshrepps vegna afréttarnýtingar Rana og undir Fellum innan marka Skriðuklausturs:**

| | | |
|---|---|---|
| 16 | | Kröfulýsing, dags. 31.3.2005. |
| | 16(1) a-c | Ljósrit af kortum sem sýnir staðsetningu veiddra hreindýra í landi Skriðuklausturs 2003 og 2004. |
| | 16(2) | Greinargerð, mótt. 9.3.2006. Sjá einnig skjal 5(5), almenn umfjöllun í tilefni greinargerðar íslenska ríkisins. |

**Lagt fram af Jóni Jónssyni hdl. og Friðbirni Garðarssyni hdl. f.h. Fljótsdalshrepps vegna afréttarnýtingar Suðurfells:**

| | | |
|---|---|---|
| 17 | | Kröfulýsing, dags. 31.3.2005. |
| | 17(1) | Greinargerð, mótt. 9.3.2006. Sjá einnig skjal 5(5), almenn umfjöllun í tilefni greinargerðar íslenska ríkisins. |

**Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Valþjófsstaðar:**

| | | |
|---|---|---|
| 18 | | Kröfulýsing, dags. 29.3.2005. |
| | 18(1) | Þinglýsingarvottorð fyrir Valþjófsstað I, dags. 22.3.2005. |
| | 18(2) | Útprentun af færslum fyrir Valþjófsstað 1 af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 22.3.2005. |
| | 18(3) | Samningur Landsvirkjunar og Prestsetrasjóðs um landnot og efnisnám á jörðinni Valþjófsstað í Fljótsdalshreppi vegna Kárahnjúkavirkjunar, dags. 11.3.2003. |
| | 18(4) | Greinargerð, dags. 8.3.2006. |
| | 18(5) | Breyting á kröfulýsingu Valþjófsstaðar, ásamt korti, dags. 24.6.2006. |

**Lagt fram af Andra Árnasyni hrl. vegna Aðalbóls:**

| | | |
|---|---|---|
| 19 | | Kröfulýsing, dags. 8.4.2005. |
| | 19(1) | Skjalaskrá, dags. 8.4.2005. |
| | 19(2) | Fasteignamatsvottorð fyrir Aðalból, dags. 30.3.2005. |
| | 19(3) | Þinglýsingarvottorð fyrir Aðalból, dags. 6.12.2005. |
| | 19(4) a-b | Landamerkjapunktar Aðalbóls, skv. kröfulýsingu, ásamt uppdrætti, ódags. en mótt. 17.8.2006. |
| | 19(5) | Veðbandayfirlit Aðalbóls, útprentun af heimasíðu Lánstrausts hf., dags. 10.8.2006. |

**Lagt fram af Andra Árnasyni hrl. vegna Egilsstaða:**

| | | |
|---|---|---|
| 20 | | Kröfulýsing, dags. 8.4.2005. |
| | 20(1) | Skjalaskrá, dags. 8.4.2005. |
| | 20(2) | Fasteignamatsvottorð fyrir Egilsstaði, dags. 6.12.2005. |
| | 20(3) | Þinglýsingarvottorð fyrir Egilsstaði, dags. 8.4.2005. |
| | 20(4) a-b | Landamerkjapunktar Egilsstaða skv. kröfulýsingu, ásamt uppdrætti, ódags. en mótt. 17.8.2006. |
| | 20(5) | Veðbandayfirlit Egilsstaða, útprentun af heimasíðu Lánstrausts hf., dags. 10.8.2006. |

**Lagt fram af Andra Árnasyni hrl. vegna Kleifar:**

| | | |
|---|---|---|
| 21 | | Kröfulýsing, dags. 8.4.2005. |
| | 21(1) | Skjalaskrá, dags. 8.4.2005. |

| | | |
|---|---|---|
| | 21(2) | Fasteignamatsvottorð fyrir Kleif, dags. 30.3.2005. |
| | 21(3) | Þinglýsingarvottorð fyrir Kleif, dags. 6.12.2005. |
| | 21(4) a-b | Landamerkjapunktar Kleifar skv. kröfulýsingu, ásamt uppdrætti, ódags. en mótt. 17.8.2006. |
| | 21(5) | Veðbandayfirlit Kleifar, útprentun af heimasíðu Lánstrausts hf., dags. 10.8.2006. |

**Lagt fram af Andra Árnasyni hrl. vegna Skriðuklausturs:**

| | | |
|---|---|---|
| 22 | | Kröfulýsing, dags. 8.4.2005. |
| | 22(1) | Skjalaskrá, dags. 8.4.2005. |
| | 22(2) | Fasteignamatsvottorð fyrir Skriðuklaustur, dags. 30.3.2005. |
| | 22(3) | Þinglýsingarvottorð fyrir Skriðuklaustur, dags. 6.12.2005. |
| | 22(4) | Veðbandayfirlit Skriðuklausturs, útprentun af heimasíðu Lánstrausts hf., dags. 10.8.2006. |
| | 22(5) | Veðbandayfirlit Skriðuklausturs/Skriðu, útprentun af heimasíðu Lánstrausts hf., dags. 10.8.2006. |
| | 22(6) a-b | Landamerkjapunktar Skriðuklausturs skv. kröfulýsingu, ásamt uppdrætti, ódags. en mótt. 17.8.2006. |

**Lagt fram af Andra Árnasyni hrl. vegna Sturluflatar:**

| | | |
|---|---|---|
| 23 | | Kröfulýsing, dags. 8.4.2005. |
| | 23(1) | Skjalaskrá, dags. 8.4.2005. |
| | 23(2) | Fasteignamatsvottorð fyrir Sturluflöt, dags. 30.3.2005. |
| | 23(3) | Þinglýsingarvottorð fyrir Sturluflöt, dags. 6.12.2005. |
| | 23(4) a-b | Landamerkjapunktar Sturluflatar skv. kröfulýsingu, ásamt uppdrætti, ódags. en mótt. 17.8.2006. |
| | 23(5) | Veðbandayfirlit Sturluflatar, útprentun af heimasíðu Lánstrausts hf., dags. 10.8.2006. |

**Lagt fram af Andra Árnasyni hrl. vegna Þuríðarstaða:**

| | | |
|---|---|---|
| 24 | | Kröfulýsing, dags. 8.4.2005. |
| | 24(1) | Skjalaskrá, dags. 8.4.2005. |
| | 24(2) | Fasteignamatsvottorð fyrir Þuríðarstaði, dags. 30.3.2005. |
| | 24(3) | Þinglýsingarvottorð fyrir Þuríðarstaði, dags. 6.12.2005. |
| | 24(4) a-b | Landamerkjapunktar Þuríðarstaða skv. kröfulýsingu, ásamt uppdrætti, ódags. en mótt. 17.8.2006. |
| | 24(5) | Veðbandayfirlit Þuríðarstaða, útprentun af heimasíðu Lánstrausts hf., dags. 10.8.2006. |
| | 24(6) | Veðbandayfirlit Þuríðarstaða, útprentun af heimasíðu Lánstrausts hf., dags. 10.8.2006. |

**Lagt fram af málsaðilum:**

| | | |
|---|---|---|
| 25 | | Yfirlitskort. Mál nr. 1/2005. Kröfulínur allra málsaðila, dags. 14.6.2006. |
| | 25(1) | Kort sem sýnir breytingar á kröfulínum málsaðila, dags. 16.8.2006. |

**Lagt fram af óbyggðanefnd:**

| | | |
|---|---|---|
| 26 | 26(1) | Fundargerð 1. fyrirtöku, dags. 17.8.2005. |
| | 26(2) | Fundargerð 2. fyrirtöku, dags. 20.12.2005. |
| | 26(3) | Fundargerð 3. fyrirtöku, dags. 9.3.2006. |
| | 26(4) | Fundargerð aðalmeðferðar, dags. 20.6.2006. |
| | 26(5) | Fundargerð endurupptöku, dags. 17.8.2006. |
| 27 | | Greinargerð Hjörleifs Guttormssonar náttúrufr. um staðhætti og gróðurfar, dags. 15.5.2006. |
| 28 | | Greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands um sögu jarða og annarra landsvæða, dags. 26.7.2006. |
| | 29(1) | Bréf Þjóðskjalasafns Íslands til óbyggðanefndar, dags. 23.1.2008. |

29(2) Bréf óbyggðanefndar til Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 18.2.2008.
29(3) Bréf Þjóðskjalasafns Íslands til óbyggðanefndar, dags. 25.2.2008.
29(4) a-b Bréf amtmanns til umboðsmanns Skriðuklausturs, ásamt uppskrift, dags. 8.3.1836.
29(5) a-b Klausa úr dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu varðandi þinglestur á byggingarbréfi Brattagerðis, ásamt uppskrift, dags. 11.5.1837.
29(6) Bréf óbyggðanefndar til Andra Árnasonar hrl., dags. 18.8.2008. Farið fram á afstöðu til endurupptöku.

**Hliðsjónargögn**

**Lagt fram til hliðsjónar af Andra Árnasyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:**

Ónr. Bragi Sigurjónsson: *Göngur og réttir* V, Akureyri, 1987, Bls. 367–400.
Ónr. *Austurland. Safn Austfirzkra fræða* II, Ritstjórar: Halldór Stefánsson og Þorsteinn M. Jónsson, Akureyri, 1947-1970, bls. 40–51, 54–57, 143–172.
Ónr. *Múlaþing*, 9(1976), bls. 25–50.
Ónr. *Múlaþing*, 1(1966), bls. 74–103.
Ónr. *Múlaþing* 1998, (Blaðsíðutal sést ekki á ljósriti).
Ónr. *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* II, [Egilsstaðir], 1975, bls. 5–8, 14–18, 20–21, 23–24, 26–36, 38–39, 41–42, 44, 46–47, 49, 51–52, 59, 371–374, 391–395, 398–401, 404–407, 409, 411–418, 421–422, 288, 290–293, 295–303.
Ónr. *Sýslulýsingar 1744–1749*, Reykjavík, 1957, bls. 262–263.
Ónr. Síða úr *Landnámabók*.

**Lagt fram til hliðsjónar af Friðbirni Garðarssyni hdl. f.h. jarða í Fljótsdalshéraði:**

Ónr. Heimir Þór Gíslason: „Um fjallagrös", *Glettingur tímarit um austfirsk málefni*, 1(2005), bls. 15-18.
Ónr. Forn jarðamörk í Jökuldal og Fljótsdal. Uppdráttur gerður af Páli Pálssyni á Aðalbóli, ódags.
Ónr. Yfirlit málflutningsræðu, ódags. en mótt. 24.6.2006.

**Lagt fram til hliðsjónar af Ólafi Björnssyni hrl. f.h. Valþjófsstaðar:**

Ónr. Dómaskrá, tilvísanir til helstu dóma, ódags. en móttekið 24.6.2006.
Ónr. Listi yfir helstu fræðirit og prentaðar heimildir sem lögmaður vísar til auk framlagðra hliðsjónargagna í málinu. Ódags. en móttekið 24.6.2006.

**Lagt fram til hliðsjónar af óbyggðanefnd:**

Ónr. Ólafur Ólafsson Olavius: *Ferðabók. Landshagir í norðvestur-, norður- og norðaustursýslum Íslands 1775-1777*, Reykjavík, 1964-1965, bls. 137–141. Skrá um eyðibýli í Norður-Múlasýslu. *(Merkt B 11.2 a-c).*
Ónr. Halldór Stefánsson: „Jökuldalsheiðin og byggðin þar", *Austurland. Safn austfirzkra fræða* I, Akureyri, 1947-1970, bls. 145–263. *(Merkt B 11.3).*
Ónr. Halldór Stefánsson: „Landnám í Austfirðingafjórðungi. III. Einstök landnám", *Austurland. Safn austfirzkra fræða* II, Akureyri, 1947-1970, bls. 25–47, 54–59. *(Merkt B.11.4).*
Ónr. *Skýrslur um landshagi á Íslandi* II, Kaupmannahöfn, 1861. Skýrsla um Valþjófsstaðabrauð 1854. bls. 449–453. *(Merkt B.11.1 a-e, nr. 6).*
Ónr. Sveinbjörn Rafnsson: *Byggðaleifar í Hrafnkelsdal og á Brúardölum*, Reykjavík, 1990, bls. 10–73, 109–111. *(Merkt B. 11. 2, nr. 4b).*
Ónr. Halldór Stefánsson: „Hrafnkelsdalur og byggð þar eftir Austurland", *Austurland. Safn austfirzkra fræða* II, Akureyri, 1947-1970, bls. 143–172. *(Merkt B. 11.3, nr. 4b).*
Ónr. Skýrslur í máli 1/2005 hjá óbyggðanefnd (18 blaðsíður, skrifaðar upp eftir hljóðupptöku).

Ónr. Bréf sýslumanns Norður-Múlasýslu um afréttarskrár, dags. 27.1.1986.

**Skjöl lögð fram til upplýsingar fyrir lögmenn um rannsókn óbyggðanefndar:**

Ónr. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll. nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000.

Ónr. Listi ÞÍ yfir þær jarðir á svæði 5 sem leitað er heimilda um. Dags. 28.2.2005–1.3.2005. Breytt 4.4.2005.

Ónr. Listi óbyggðanefndar yfir jarðir (og eyðibýli) á svæði 5 sem kröfulína íslenska ríkisins liggur um og/eða meðfram, dags. 20.3.2005.

Ónr. Efnisyfirlit landamerkjabókar Norður-Múlasýslu A, 1883–1951. *A. 1. 1 a-i.*

Ónr. Efnisyfirlit landamerkjabókar Norður-Múlasýslu B, 1921–1979. *A. 1. 2 a-h.*

Ónr. Efnisyfirlit Björns Teitssonar o.fl. („Heimildaskráning jarða") fyrir Múlasýslur.

Ónr. Afrit af erindi óbyggðanefndar, dags. 6.9.2005. Beiðni um gögn úr Afsals- og veðmálabókum í vörslu sýslumannsins á Seyðisfirði.

# ÚRSKURÐUR
# ÓBYGGÐANEFNDAR

**Mál nr. 2/2005**

**Jökuldalur norðan og vestan**

**Jökulsár á Jökuldal ásamt Jökulsárhlíð**

ÓBYGGÐANEFND

29. maí 2007

## EFNISYFIRLIT

**1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD ....... 246**

**2. MÁLSMEÐFERÐ ....... 247**

2.1. Hlutverk óbyggðanefndar ....... 247
2.2. Norðausturland tekið til umfjöllunar ....... 247
2.3. Lýstar kröfur og kynning ....... 248
2.4. Mál nr. 2/2005, Jökuldalur norðan og vestan Jökulsár á Jökuldal ásamt Jökulsárhlíð ....... 249

**3. KRÖFUGERÐ ....... 251**

3.1. Kröfur íslenska ríkisins ....... 251
*3.1.1. Þjóðlenda ....... 251*
*3.1.2. Hofteigur ....... 252*
*3.1.3. Möðrudalur ....... 252*
3.2. Kröfur Bjargar Runólfsdóttur vegna Hlíðarhúsa ....... 252
3.3. Kröfur Svavars Björnssonar og fleiri vegna Sleðbrjótssels ....... 253
3.4. Kröfur Lífsvals ehf. vegna Sleðbrjóts og Stefáns Sigurðssonar vegna Breiðumarkar ....... 253
3.5. Kröfur Veturliða Kristjánssonar og Ragnheiðar Haraldsdóttur vegna Surtsstaða ....... 254
3.6. Kröfur Benedikts Hrafnkelssonar og Þórarins Hrafnkelssonar vegna Hallgeirsstaða og Lárusar Dvalinssonar vegna Vörðubrúnar ....... 254
3.7. Kröfur Helgu Hallgrímsdóttur og fleiri vegna Hrafnabjarga ....... 254
3.8. Kröfur Önnu Einarsdóttur og Ragnheiðar Ragnarsdóttur vegna Fossvalla ....... 255
3.9. Kröfur Páls Hjarðar vegna Hjarðarhaga og Guðgeirs Ragnarssonar vegna Hjarðargrundar ....... 255
3.10. Kröfur Þorsteins Snædal og Vilhjálms Snædal vegna Skjöldólfsstaða I ....... 256
3.11. Kröfur Eiríks Skjaldarsonar vegna Skjöldólfsstaða II ....... 256
3.12. Kröfur Sesselju Níelsdóttur vegna Háreksstaða ....... 256
3.13. Kröfur Eiríks Skjaldarsonar vegna Gilsár ....... 257
3.14. Kröfur Vernharðs Vilhjálmssonar, ábúanda, vegna Möðrudals ....... 257
3.15. Kröfur Þorsteins Snædal og Guðrúnar Rögnu Einarsdóttur vegna Ármótasels ....... 258
3.16. Kröfur Málfríðar Þorvaldsdóttur og fleiri vegna Rangárlóns ....... 258
3.17. Kröfur sveitarfélagsins Fljótsdalshéraðs vegna Sænautasels ....... 258
3.18. Kröfur Sigvalda Ragnarssonar og fleiri vegna Veturhúsa ....... 259
3.19. Kröfur Sigvalda Ragnarssonar og fleiri vegna Víðirhóla ....... 259
3.20. Kröfur Önnu Aðalsteinsdóttur og fleiri vegna Víðirhóla ....... 260
3.21. Kröfur Stefáns Halldórssonar og Sigvarðar Halldórssonar vegna Brúar ....... 260
3.22. Kröfur Páls Hjarðar og fleiri vegna Laugarvalla ....... 260
3.23. Kröfur sveitarfélagsins Fljótsdalshéraðs vegna Heiðarsels ....... 261
3.24. Kröfur sveitarfélagsins Fljótsdalshéraðs vegna Grunnavatns ....... 261

**4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN ....... 263**

4.1. Inngangur ....... 263
4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar ....... 263
4.3. Vettvangsferð ....... 264
4.4. Skýrslutökur ....... 265

**5. SAGA JARÐA OG ANNARRA LANDSVÆÐA ....... 266**

5.1. Landnám ....... 266
5.2. Fagrahlíð og Hlíðarhús ....... 266
5.3. Sleðbrjótssel ....... 271
5.4. Sleðbrjótur / Breiðamörk ....... 273
5.5. Surtsstaðir ....... 276
5.6. Hallgeirsstaðir ....... 278
5.7. Hrafnabjörg ....... 281
5.8. Fossvellir ....... 283
5.9. Hjarðarhagi ....... 285
5.10. Skjöldólfsstaðir ....... 287

5.11. Háreksstaðir ... 293
5.12. Gilsá ... 303
5.13. Möðrudalur og Víðidalur ... 303
5.14. Ármótasel ... 323
*5.14.1. Arnórsstaðir ... 323*
*5.14.2. Ármótasel ... 325*
5.15. Rangárlón ... 326
*5.15.1. Hákonarstaðir ... 326*
*5.15.2. Rangárlón ... 330*
5.16. Sænautasel ... 332
5.17. Veturhús ... 335
5.18. Víðirhólar ... 336
5.19. Brú ... 337
5.20. Laugarvellir ... 341
5.21. Heiðarsel ... 343
5.22. Grunnavatn ... 344
5.23. Afréttarnot ... 345

**6. NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR ... 354**

6.1. Almenn atriði og dómafordæmi í þjóðlendumálum ... 354
*6.1.1. Gildi landamerkjabréfa jarða ... 355*
*6.1.2. Heiðarbýli á Norðausturlandi ... 357*
6.2. Landnám ... 359
6.3. Jarðir í Jökulsárhlíð ... 359
*6.3.1. Inngangur ... 359*
*6.3.2. Sjónarmið aðila ... 360*
*6.3.3. Niðurstaða ... 361*
6.4. Hjarðarhagi ... 364
*6.4.1. Inngangur ... 364*
*6.4.2. Sjónarmið aðila ... 365*
*6.4.3. Niðurstaða ... 366*
6.5. Skjöldólfsstaðir, Háreksstaðir og Gilsá ... 369
*6.5.1. Inngangur ... 369*
*6.5.2. Sjónarmið aðila ... 370*
*6.5.3. Niðurstaða ... 372*
6.6. Landsvæði norðan Þjóðfells (Möðrudalur og Víðidalur) ... 378
*6.6.1. Inngangur ... 378*
*6.6.2. Sjónarmið aðila ... 378*
*6.6.3. Niðurstaða ... 379*
6.7. Ármótasel ... 382
*6.7.1. Inngangur ... 382*
*6.7.2. Sjónarmið aðila ... 383*
*6.7.3. Niðurstaða ... 384*
6.8. Rangárlón, eystri hluti (Hákonarstaðarpartur) ... 387
*6.8.1. Inngangur ... 387*
*6.8.2. Sjónarmið aðila ... 387*
*6.8.3. Niðurstaða ... 389*
6.9. Rangárlón, vestari hluti (Möðrudalspartur) ... 393
*6.9.1. Inngangur ... 393*
*6.9.2. Sjónarmið aðila ... 393*
*6.9.3. Niðurstaða ... 394*
6.10. Sænautasel ... 398
*6.10.1. Inngangur ... 398*
*6.10.2. Sjónarmið aðila ... 398*
*6.10.3. Niðurstaða ... 400*
6.11. Veturhús ... 403
*6.11.1. Inngangur ... 403*
*6.11.2. Sjónarmið aðila ... 404*
*6.11.3. Niðurstaða ... 405*
6.12. Víðirhólar ... 407

*6.12.1. Inngangur* ........ *407*
*6.12.2. Sjónarmið aðila* ........ *408*
*6.12.3. Niðurstaða* ........ *409*
6.13. Brú ........ 412
*6.13.1. Inngangur* ........ *412*
*6.13.2. Sjónarmið aðila* ........ *413*
*6.13.3. Niðurstaða* ........ *414*
6.14. Laugarvellir ........ 420
*6.14.1. Inngangur* ........ *420*
*6.14.2. Sjónarmið aðila* ........ *420*
*6.14.3. Niðurstaða* ........ *422*
6.15. Heiðarsel ........ 423
*6.15.1. Inngangur* ........ *423*
*6.15.2. Sjónarmið aðila* ........ *423*
*6.15.3. Niðurstaða* ........ *424*
6.16. Grunnavatn ........ 427
*6.16.1. Inngangur* ........ *427*
*6.16.2. Sjónarmið aðila* ........ *427*
*6.16.3. Niðurstaða* ........ *428*
6.17. Hluti Vatnajökuls ........ 431
6.18. Um málskostnað ........ 432

**7. ÚRSKURÐARORÐ ........ 433**

**VIÐAUKI**
Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

**FYLGISKJÖL**
I. Kort
II. Aðila- og eigendaskrá
III. Skjalaskrá

## 1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Þriðjudaginn 29. maí 2007 er tekið fyrir mál nr. 2/2005, Jökuldalur norðan og vestan Jökulsár á Jökuldal ásamt Jökulsárhlíð, og í því kveðinn upp svohljóðandi

**ÚRSKURÐUR**

Úrskurð þennan kveða upp Kristján Torfason, formaður óbyggðanefndar, og nefndarmennirnir Allan V. Magnússon og Sif Guðjónsdóttir.

Aðilar málsins eru:[1]
Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna og jarðanna Hofteigs og Möðrudals.
(Andri Árnason hrl.)
Þorsteinn Snædal og Guðrún Ragna Einarsdóttir vegna Ármótasels.
Stefán Sigurðsson vegna Breiðumarkar.
Stefán Halldórsson og Sigvarður Halldórsson vegna Brúar.
Anna Einarsdóttir og Ragnheiður Ragnarsdóttir vegna Fossvalla.
Fljótsdalshérað vegna Grunnvatns, Heiðarsels og Sænautasels.
Benedikt Hrafnkelsson og Þórarinn Hrafnkelsson vegna Hallgeirsstaða.
Guðgeir Ragnarsson vegna Hjarðargrundar.
Páll Hjarðar vegna Hjarðarhaga.
Björg Runólfsdóttir vegna Hlíðarhúsa.
Helga Hallgrímsdóttir og fleiri vegna Hrafnabjarga I–IV.
Páll Hjarðar og Guðgeir Ragnarsson vegna Laugavalla.
Vernharð Vilhjálmsson (ábúandi) vegna Möðrudals.
Málfríður Þorvaldsdóttir og fleiri vegna Rangalóns.
Þorsteinn Snædal og Vilhjálmur Snædal vegna Skjöldólfsstaða I.
Svavar Björnsson og fleiri vegna Sleðbrjótssels.
Lífsval ehf. vegna Sleðbrjóts.
Veturliði Kristjánsson og Ragnheiður Haraldsdóttir vegna Surtsstaða.
Sigvaldi H. Ragnarsson og fleiri vegna Veturhúsa.
Sigvaldi H. Ragnarsson og fleiri vegna Víðirhóla.
(Friðbjörn Garðarsson hdl.)
Eiríkur S. Skjaldarson vegna Gilsár og Skjöldólfsstaða II.
Sesselja Níelsdóttir vegna Háreksstaða.
(Bjarni G. Björgvinsson hdl.)
Gunnhildur Þ. Hjarðar vegna Laugavalla.

[1] Sjá nánar í aðilaskrá (fylgiskjal II).

(Friðjón Örn Friðjónsson hrl.)
Þorvaldur H. Benediktsson vegna Laugavalla.
(Kristinn Bjarnason hrl.)
Anna Aðalsteinsdóttir og fleiri vegna Víðirhóla.
(Óskar Sigurðsson hrl.)

## 2. MÁLSMEÐFERÐ

### 2.1. Hlutverk óbyggðanefndar

Hinn 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, sbr. einnig lög um breytingar á þeim, nr. 65/2000, 7/2005 og 19/2006. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr.:

a) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
b) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
c) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og úrskurðir óbyggðanefndar, fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

### 2.2. Norðausturland tekið til umfjöllunar

Með bréfi, dagsettu 1. mars 2004, tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra þá ákvörðun sína að taka til umfjöllunar tiltekið landsvæði á Norðausturlandi, sbr. 8., 11. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Landsvæði þetta, hið fimmta í röðinni hjá óbyggðanefnd, var að vestanverðu afmarkað af meginfarvegi Jökulsár á Fjöllum, allt frá Jökulsárósi í Öxarfirði og að aðalupptökum árinnar í Dyngjujökli. Þaðan er jaðri Dyngjujökuls fylgt þar til komið er vestur undir Kverkfjöll í Hveradal og þaðan er dregin lína áfram í suður, til skurðar við línu þá á Vatnajökli sem afmarkar svæðið til suðurs.

Hér ber þess að geta að framangreindum vesturmörkum var síðar breytt að því leyti að svokölluð Krepputunga, austan Jökulsár á Fjöllum og vestan Kreppuár, var skilin undan svæðinu, sbr. 8. gr. laga nr. 58/1998.[2]

Að austan afmarkast svæðið af farvegi Lagarfljóts, allt frá ósum þess á Héraðssandi þangað sem Gilsá rennur í það. Síðan fylgja mörk svæðisins Gilsá og austurmörkum Fljótsdalshrepps við Austur-Hérað, Djúpavogshrepp og Sveitarfélagið Hornafjörð.

[2] Sjá bókun í fundargerð 2. fyrirtöku í máli nr. 2/2005.

Framangreind afmörkun til austurs endar í Geldingafelli. Þaðan er dregin lína til suðvesturs inn á Vatnajökul, yfir hnjúk í 1438 m hæð og áfram í Grendil, þaðan í nafnlausan hnjúk skammt sunnan Grendils, áfram yfir Goðahnjúka og í miðja Breiðabungu og loks í stefnu á Svíahnjúk eystri til skurðar við framangreind vesturmörk. Afmörkun á Vatnajökli byggir á markalínum þeim sem samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendis Íslands hefur notað við vinnu sína.

Að norðan afmarkast svæðið af hafi.

Fjármálaráðherra var veittur frestur til 1. ágúst 2004 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á þessu svæði, væri um slíkar kröfur að ræða. Sýslumönnum og fyrirsvarsmönnum viðkomandi sveitarfélaga, þ.e. Öxarfjarðarhrepps, Raufarhafnarhrepps, Svalbarðshrepps, Þórshafnarhrepps, Skeggjastaðahrepps, Vopnafjarðarhrepps, Norður-Héraðs, Fellahrepps og Fljótsdalshrepps var tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar og gerð grein fyrir framhaldinu.

Kröfulýsingarfrestur fjármálaráðherra var fyrst framlengdur til 15. október 2004 og síðar til 12. nóvember sama árs og með því orðið við rökstuddri beiðni ráðuneytisins.

### 2.3. Lýstar kröfur og kynning

Kröfulýsingar fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendur á Norðausturlandi bárust 11. nóvember 2004. Óbyggðanefnd birti tilkynningu um málsmeðferð á framangreindu svæði og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrætti, í *Lögbirtingablaðinu* 28. desember 2004, *Fréttablaðinu* 7. janúar 2005 og *Morgunblaðinu* 9. janúar, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 31. mars 2005. Þá kom fram að yfirlýsingu um kröfugerð og málsmeðferð yrði þinglýst á þær fasteignir á svæðinu sem skráðar væru í þinglýsingabók og málið varðaði, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Kröfur fjármálaráðherra voru gerðar aðgengilegar almenningi á skrifstofum sýslumanna á Seyðisfirði og á Húsavík, auk sveitarfélaga á kröfusvæðum og heimasíðu óbyggðanefndar. Þá var málið kynnt í fjölmiðlum.

Frestur annarra til að lýsa kröfum á kröfusvæði ríkisins var framlengdur lítillega í þeim tilvikum að leitað var eftir slíku með rökstuddum hætti og bárust síðustu kröfulýsingar í maí 2005.

Gefið var út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og þær færðar inn á uppdrátt. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofum sýslumanna á Seyðisfirði og á Húsavík, frá 25. maí til og með 30. júní 2005, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 11. júlí 2005. Framangreind kynningargögn voru jafnframt aðgengileg á skrifstofum viðkomandi sveitarfélaga,

skrifstofu óbyggðanefndar og heimasíðu óbyggðanefndar. Vakin var athygli á kynningunni í fjölmiðlum. Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdafrests.

Fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins lagði fram kröfulýsingar um þjóðlendur á svæðinu í sex hlutum og níu kröfulýsingar vegna jarðeigna ríkisins. Á móti barst 101 kröfulýsing ýmissa aðila, sem sumar sköruðust eða náðu til fleiri en eins landsvæðis.

## 2.4. Mál nr. 2/2005, Jökuldalur norðan og vestan Jökulsár á Jökuldal ásamt Jökulsárhlíð

Í júlí 2005 var lögmönnum aðila tilkynnt að óbyggðanefnd hefði ákveðið að skipta þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins niður í fimm mál, þ.e. mál nr. 1/2005, Fljótsdal og Jökuldal austan Jökulsár á Jökuldal; mál nr. 2/2005, Jökuldal norðan og vestan Jökulsár á Jökuldal ásamt Jökulsárhlíð; mál nr. 3/2005, Vopnafjarðarhrepp; mál nr. 4/2005, Svalbarðshrepp, Þórshafnarhrepp og Skeggjastaðahrepp og mál nr. 5/2005, Öxarfjarðarhrepp.

Mál nr. 2/2005 var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og forsvarsmanna málsaðila 17. ágúst 2005. Gerð var grein fyrir því að óbyggðanefnd skipuðu í málinu þeir Kristján Torfason formaður, Allan Vagn Magnússon og Halldór Jónsson. Gefið var færi á athugasemdum en engar slíkar komu fram. Lögð voru fram skjöl málsins ásamt skjalaskrá og upplýst um ýmis atriði varðandi gagnaöflun. Skorað var á lögmenn að fara yfir umrædd atriði af sinni hálfu og gera hið fyrsta athugasemdir ef þeir teldu ástæðu til. Þá var athygli vakin á þinglýsingu athugasemdar um yfirstandandi þjóðlendumál á jarðir á ágreiningssvæði, skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, og óskað eftir að lögmenn gerðu umbjóðendum sínum grein fyrir þessu. Einnig var óskað eftir því að lögmenn skiluðu umboðum hið fyrsta og gerðu grein fyrir mikilvægi þess að lögmenn og óbyggðanefnd ynnu saman að því að þeir sem hagsmuna ættu að gæta gerðust aðilar að málinu. Enn fremur var sérstaklega vakin athygli á ákvæði 17. gr. þjóðlendulaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl. Þá var því beint til lögmanna að kanna hvort ljúka mætti málinu að einhverju eða öllu leyti með sátt, sbr. 15. gr. þjóðlendulaga. Jafnframt kom fram að í lok september væri fyrirhugað að skoða vettvang en þess ber að geta að sú ferð var síðar felld niður vegna óhagstæðs veðurs.

Við aðra fyrirtöku málsins, 20. desember 2005, var lögð fram greinargerð af hálfu íslenska ríkisins og fleiri gögn. Þá var öðrum málsaðilum veittur frestur til 1. mars 2006 til skila á greinargerðum. Loks var fært til bókar að svokölluð Krepputungu yrði skilin frá málinu, sbr. 8. gr. laga nr. 58/1998. Í fundargerð segir svo: „Krepputunga er landsvæði á milli Jökulsár á Fjöllum og Kreppuár. Auk eigenda Brúar á Jökuldal gera eigendur jarðarinnar Reykjahlíðar í Suður-Þingeyjarsýslu kröfu til landsvæðisins. Síðarnefnda jörðin er á aðliggjandi svæði sem ekki er til umfjöllunar í málinu. Verður því fjallað um Krepputungu þegar Suður-Þingeyjarsýsla

verður tekin til meðferðar. Sá háttur einfaldar gagnaöflun og kemur í veg fyrir tvíverknað hjá Þjóðskjalasafni Íslands.“ Lögmenn aðila gerðu engar athugasemdir við þetta.

Við þriðju fyrirtöku málsins, 9. mars, voru síðan lagðar fram greinargerðir vegna fjölda jarða og fleiri gögn.

Aðalmeðferð fór fram dagana 21. og 23. júní 2006. Við upphaf hennar kom fram að Sif Guðjónsdóttir hefði tekið sæti Halldórs Jónssonar í málinu vegna búsetu hans erlendis. Þessi breytta skipan óbyggðanefndar hafði verið kynnt lögmönnum fyrir aðalmeðferð og engar athugasemdir verið gerðar af því tilefni.

Fyrri dagur aðalmeðferðar hófst með skoðun vettvangs og að henni lokinni voru teknar skýrslur, sjá nánar í köflum 4.3 og 4.4. Föstudaginn 23. júní fór síðan fram munnlegur málflutningur í fundarsal Hótels Héraðs, Egilsstöðum. Við það tækifæri kom m.a. fram að lögmenn teldu ekki sáttagrundvöll í málinu, sbr. 1. mgr. 15. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998. Við aðalmeðferð var einnig fært til bókar að þeim hluta Vatnajökuls sem til meðferðar væri í málum á svæði 5 hefði verið skipt á milli mála nr. 1/2005 og 2/2005. Sú skipting hefði verið kynnt lögmönnum, þeim gefinn frestur til athugasemda en engar slíkar komið fram. Sá hluti sem fjallað er um í máli þessu afmarkast svo: Að austan er miðað við línu sem dregin er frá upptökum Jökulsár á Jökuldal við jaðar Brúarjökuls til suðvesturs í miðja Breiðubungu. Að vestan er miðað við línu sem dregin er frá upptökum Kverkár við Brúarjökul og til suðvesturs inn á Vatnajökul, til skurðar við línu þá sem afmarkar svæðið til suðurs. Þar er hornmark. Að sunnan er miðað við línu sem liggur frá miðri Breiðubungu og til vesturs í stefnu á Svíahnjúk eystri þar til kemur að hornmarki við vesturmörk. Hornmark þetta kemur fram á korti Miðhálendisskipulags og er þar sem lína dregin frá aðalupptökum Jökulsár á Fjöllum við Dyngjujökul sker línu þá sem liggur á milli miðrar Breiðubungu og Svíahnjúka eystri. Suðurmerki byggja á markalínum þeim sem samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendis Íslands hefur notað við vinnu sína. Þetta á m.a. við um framangreint hornmark suður- og vesturmerkja en tekið skal fram að vesturmerki eru hér að öðru leyti dregin nokkru austar en lína sú á korti Svæðisskipulags fyrir miðhálendi Íslands, staðfest 10. maí 1999, sem liggur frá aðalupptökum Jökulsár á Fjöllum við Dyngjujökul og í umrætt hornmark.

Var málið tekið til úrskurðar að málflutningi loknum.

Loks var málið endurupptekið 17. ágúst 2006 og lögð fram ný gögn. Þau höfðu áður verið kynnt lögmönnum og tækifæri gefið til athugasemda. Engar athugasemdir komu fram. Var málið síðan tekið til úrskurðar að nýju.

# 3. KRÖFUGERÐ[3]

## 3.1. Kröfur íslenska ríkisins

Í máli þessu gerir íslenska ríkið annars vegar kröfu um þjóðlendu og hins vegar kröfur vegna ríkisjarðanna Hofteigs og Möðrudals. Hinar síðarnefndu miða við að eignarland umræddra jarða nái ekki lengra en að þjóðlendukröfulínu.

### 3.1.1. Þjóðlenda

Af hálfu fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins eru gerðar þær endanlegu aðalkröfur að eftirfarandi lína verði úrskurðuð þjóðlendumörk gagnvart Brú: „Þar sem Kreppa fellur í Jökulsá á Fjöllum (A), þaðan í toppinn á Bíldufelli (B) og svo beina línu í Jökulsá (C). Gerð er krafa til þess að land sunnan þessarar kröfulínu verði úrskurðað þjóðlenda."

Gagnvart jörðum á Jökuldal og Hlíð eru gerðar þær endanlegu aðalkröfur að eftirfarandi lína verði úrskurðuð þjóðlendumörk: Fyrsti punktur í Jökulsárhlíð (1) er þar sem lína milli 882 m hæðarpunkts í Frakkafjalli og 863 m hæðarpunkts fyrir ofan Urðarhjalla sker hreppamörkin. Þaðan er dregin lína í 863 m hæðarpunkt fyrir ofan Urðarhjalla (2), svo í Háöxl (3), þaðan í Lágöxl (4). Fara svo í Kaldárgil á mörkum Surtsstaða og Mássels (5) og fylgja svo Kaldá og enda línuna á sveitarfélagamörkum á Miðheiði í 744 m hæðarpunkti (6). Frá punktinum á Miðheiði er fylgt landamörkum Hauksstaða, Hvannár og Hofteigs allt að hornmarki við Hjarðarhaga (7). Frá því hornmarki er línan dregin í sneið niður eftir Hjarðarhagalandi í neðri brún á Sandafelli (8), þaðan í Skjöldólfsstaðahnjúk (9) og haldið áfram þaðan beina sjónhendingu að Gilsá þar sem Víðidalsá rennur í ána (10), þar sem er hornmark milli Ármótasels og Arnórsstaða. Næst er fylgt Víðidalsá allt í Gripdeild (11), þá yfir Gripdeild í Buskós (12), þaðan beint í vestur í Digranes við Ánavatn (13). Síðan er Ánavatni fylgt og haldið áfram á þann stað sem er hornmark Heiðarsels og Brúar við landamerkjalínu Eiríksstaða (14). Er nú komið að landamörkum við Brú og þeim fylgt að hornmarki við Möðrudal sem er bein lína í ysta Þríhyrninginn (15). Frá þessu hornmarki við Möðrudalsland er dregin lína út Þríhyrningsfjallgarð að gili vestur að Háfsvatnsöldu (16), þaðan út á móts við Einbúa (17), þaðan austur í Eyktarnýpu (18), þaðan í gróf þá er fellur í Hölkná framanvert við Súlendur (19), þaðan beint vestur á Þjóðfell (20), frá Þjóðfelli að upptökum Skarðsár í Langadal (21) og þaðan beint að Svartfelli á sýslumörkum (22).

Af hálfu íslenska ríkisins eru gerðar tvær varakröfur og tekur hin fyrri til lands Laugarvalla og er svo: „Varakröfulína yrði svo dregin úr þeirri línu á móts við

---

[3] Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (kort) og II (aðilaskrá). Upphaflega var kröfum einnig lýst vegna jarðarinnar Eiríksstaða. Breytingar á kröfulínu ríkisins við meðferð málsins hafa hins vegar leitt til þess að hún fellur nú utan þjóðlendukröfusvæðis og kemur því ekki til umfjöllunar í úrskurði þessum nema að því er varðar ákvörðun málskostnaðar.

vesturmarkalínu Laugarvalla, og í hana og eftir henni og fylgja svo útmörkum Laugarvallalands allt að syðri mörkum merkjalýsingar Laugarvalla hjá Jökulsá. Þannig er gerð varakrafa til Laugarvallalandsins, ef verið gæti að skilja bæri Hæstaréttardóminn um Laugarvelli á þá lund að búið væri með bindandi hætti fyrir ríkið að dæma land eyðibýlisins eignarland.“ Síðari varakrafa ríkisins tekur til Kaldártungna og er svo: „Verði ekki fallist á að öll Kaldártunga liggi í þjóðlendu er gerð sú varakrafa að sneið upp í tunguna eingöngu verði utan þjóðlendu. Sneið þessi afmarkast af þremur punktum frá aðalkröfulínu. Sá fyrsti er í Háöxl, þaðan í upptök Litla Þvergils og þaðan að aðalkröfulínunni við Kaplatungu.“

### 3.1.2. Hofteigur

Þær kröfur eru gerðar til óbyggðanefndar að viðurkenndur verði beinn eignarréttur íslenska ríkisins vegna Jarðeigna ríkisins til þess lands Hofteigs, samkvæmt landamerkjabréfi, sem dregið er upp á meðfylgjandi kröfukorti upp að hinni rauðu kröfulínu ríkisins, en lengra nái jörðin ekki til óbyggða.

Við aðalmeðferð málsins var því lýst yfir af hálfu íslenska ríkisins að í þjóðlendukröfu fælist ekki afsal á landi í eigu ríkisins og því ætti niðurstaða óbyggðanefndar gagnvart ríkisjörðum að ráðast af sömu atriðum og lögð væru til grundvallar um annað eignarland.

### 3.1.3. Möðrudalur

Þær kröfur eru gerðar til óbyggðanefndar að viðurkenndur verði beinn eignarréttur íslenska ríkisins vegna Fjársýslu ríkisins til þess lands Möðrudals, samkvæmt landamerkjabréfi, sem dregið er upp á meðfylgjandi kröfukorti upp að hinni rauðu kröfulínu ríkisins, en lengra nái jörðin ekki til óbyggða.

Við aðalmeðferð málsins var því lýst yfir af hálfu íslenska ríkisins að í þjóðlendukröfu fælist ekki afsal á landi í eigu ríkisins og því ætti niðurstaða óbyggðanefndar gagnvart ríkisjörðum að ráðast af sömu atriðum og lögð væru til grundvallar um annað eignarland.

## 3.2. Kröfur Bjargar Runólfsdóttur vegna Hlíðarhúsa

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Hlíðarhúsa innan þeirra merkja sem lýst er í framlögðum landamerkjabréfum, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Hróaldsstaðalækur (1) í Fossinn (2) þaðan í vörðu við Fögruhlíðará (3) þaðan ræður áin í Miðdegiskeldur (4) þaðan í Vörðuhraun (5) þaðan í fremra horn á Fögruhlíðarhólma (6) síðan ræður Kaldá upp að Hálsenda, þar er varða, þaðan í Steinboga við Fögruhlíðará síðan í Hróaldsstaðaárós og þaðan ræður Hróaldsstaðaá á fjall upp (7). Vatnaskil að ofan.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur auk veiða í vötnum.

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.3. Kröfur Svavars Björnssonar og fleiri vegna Sleðbrjótssels

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Sleðbrjótssels innan þeirra merkja sem lýst er í framlögðum landamerkjabréfum, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Sauðá af fjalli til Kaldár (1), síðan ræður Kaldá að Melkolli (2) af Melkolli (3) í Hróaldsstaðaárós í Fögruhlíðará (4), síðan Hróaldsstaðaá á fjall upp (5). Að ofan vatnaskil.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur auk veiða í vötnum.

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.4. Kröfur Lífsvals ehf. vegna Sleðbrjóts og Stefáns Sigurðssonar vegna Breiðumarkar

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi jarðanna innan þeirra merkja sem lýst er í framlögðum landamerkjabréfum, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Úr vörðu við Jökulsá (1) í Há-Merkiöxl (2), þaðan í Kambinn (3) og þaðan í vörðu við Mársvað (4), þaðan í framanverða Háöxl og þaðan í Þvergilsárós (6). Eftir vatnaskilum að upptökum Sauðár. Frá upptökum Sauðár (6b) í Sauðárós við Kaldá (7), þaðan í Hálsendavað (8) og þaðan í vörðu við Jökulsá. Að ofan ráði vatnaskil.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur auk veiða í vötnum.

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.5. Kröfur Veturliða Kristjánssonar og Ragnheiðar Haraldsdóttur vegna Surtsstaða

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Surtsstaða innan þeirra merkja sem lýst er í framlögðum landamerkjabréfum, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Frá Merkilág við Jökulsá (1) í vörðu á stórum steini (2) í Merargilsá sem ræður í Kaldá (3), þaðan í vatnaskilapunkt á Smjörfjöllum (4), síðan eftir vatnaskilum í vatnaskilapunkt á Smjörfjöllum (5), þaðan í Þvergilsá sem ræður í Ásdalsá (6), Þvergilsárós (7) í Grundarlæk ofan af Lágöxl (8), þaðan í Kamb á móts við Melrakkaárós (9), þaðan í Há-Merkiöxl og þaðan beint í Jökulsá (11). Að ofan ráða vatnaskil.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur auk veiða í vötnum.

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.6. Kröfur Benedikts Hrafnkelssonar og Þórarins Hrafnkelssonar vegna Hallgeirsstaða og Lárusar Dvalinssonar vegna Vörðubrúnar

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi innan þeirra merkja sem lýst er í framlögðum landamerkjabréfum, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Úr Ytri-Steinhöfða við Jökulsá (1) í vörðu á Stóranúpi (2), þaðan í Þormóðará (3), þaðan í Klappará (4), þaðan í punkt á vatnaskilum á Smjörfjöllum (5), þaðan eftir vatnaskilum (6) og í Merargilsá sem ræður í Kaldá (7), þaðan í vörðu á stórum steini (8) og síðan í Merkilág við Jökulsá (9). Að ofan ráða vatnaskil.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur auk veiða í vötnum.

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.7. Kröfur Helgu Hallgrímsdóttur og fleiri vegna Hrafnabjarga

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Hrafnabjarga innan þeirra merkja sem lýst er í framlögðu landamerkjabréfi, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Frá Laxá sem ræður í Jökulsá (1), þaðan í Skollagrenisás (2), þaðan í

Fossárdrög (3), þaðan ræður Kaplagilsá í Kaldá (4), þaðan í Smjörfjallaenda utan við skarðið (5), þaðan í punkt á vatnaskilum á Smjörfjöllum (6), þaðan í Klappará sem ræður í Kaldá (7), síðan yfir fjallið og í Þormóðará (8), þaðan í vörðu á Stóranúp (9) og síðan í Ytri-Steinhöfða við Jökulsá (10). Að ofan ráða vatnaskil.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur auk veiða í vötnum.

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.8. Kröfur Önnu Einarsdóttur og Ragnheiðar Ragnarsdóttur vegna Fossvalla

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Fossvalla innan þeirra merkja sem lýst er í framlögðum landamerkjabréfum, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Úr Illalækjarós við Jökulsá (1) í mitt Búrfell (2), þaðan í Há-Laxárdalshnúk (3), þaðan í Miðheiði (Beinavörðu) (4), þaðan í Smjörfjallaenda utan við skarðið (5), þaðan ræður Kaplagilsá í Kaldá (6), þaðan í Fossárdrög (7), þaðan í Skollagrenisás (8) og þaðan í Laxá sem ræður í Jökulsá (9). Að ofan ráða vatnaskil.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur auk veiða í vötnum.

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.9. Kröfur Páls Hjarðar vegna Hjarðarhaga og Guðgeirs Ragnarssonar vegna Hjarðargrundar

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi jarðanna innan þeirra merkja sem lýst er í framlögðum landamerkjabréfum, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Á móti Skjöldólfsstöðum I frá punkti S10 í Jökulsá í punkt S9 í punkt S8 í punkt S7, þaðan í Tröllkarl (4), þaðan í upptök Teigarár sem ræður í Jökulsá (5).

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan lýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.10. Kröfur Þorsteins Snædals og Vilhjálms Snædals vegna Skjöldólfsstaða I

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Skjöldólfsstaða innan þeirra merkja sem lýst er í framlagðri landskiptagerð, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Á móti Skjöldólfsstöðum II frá punkti L1 í punkt L2 í punkt L3 í punkt L4 í punkt L5 í punkt L6 í punkt L7 í punkt L8 í punkt L9 í punkt L10 í Jökulsá. Á móti Hjarðarhaga og Hjarðargrund úr punkti S10 í Jökulsá í punkt S9, þaðan í punkt S8, þaðan í punkt S7 og þaðan í punkt L1. Á móti Vopnafjarðarjörðum frá punkti S7 í punkt L1.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.11. Kröfur Eiríks Skjaldarsonar vegna Skjöldólfsstaða II

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi jarðarinnar innan þeirra merkja sem lýst er í framlagðri landskiptagerð, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Á móti Skjöldólfsstöðum I frá punkti L1 í punkt L2 í punkt L3 í punkt L4 í punkt L5 í punkt L6 í punkt L7 í punkt L8 í punkt L9 í punkt L10 í Jökulsá. Á móti Gilsá og Háreksstöðum úr punkti S0 við Jökulsá í punkt S1 í punkt S2 í punkt S3 um farveg Stóralækjar í punkt S4 í punkt S5 og þaðan í punkt S24, þaðan í punkt S23 og þaðan í punkt S22 og í punkt S21. Á móti Vopnfirðingum frá punkti S21 í punkt L1.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.12. Kröfur Sesselju Níelsdóttur vegna Háreksstaða

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi jarðarinnar innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Úr Skjaldklofahorni fremra (1) sjónhending í Eyktanýpu þar sem línan sker Gestreiðarstaðakvísl (2) Gestreiðarstaðakvísl og Hofsá ráða merkjum í Ytri-Ármót (3), þaðan um Kolfinnulind í Geldingalæk þar sem hann fellur úr vatninu (4), þaðan í

punkt S21, sbr. lýsingu Skjöldólfsstaða II og merki hennar ráða merkjum Háreksstaða að austan og enda í Skjaldklofahorni fremra.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.13. Kröfur Eiríks Skjaldarsonar vegna Gilsár

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Gilsár innan þeirra merkja sem lýst er í framlögðu landamerkjabréfi, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Gilsárós við Jökulsá (1) í níunda (sjöunda) Gilsárbug (2), þaðan í Skjaldklofahorn fremra (3) í Lindarselveg á Fellahlíð (4), þaðan í Stórulækjarós við Gilsá (5), síðan Stórilækur í Hnúksvatn (6), þaðan í Landmælingarvörðu á Skjöldólfsstaðahnúk (7), þaðan eftir hrygg í Jöklu (8).

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.14. Kröfur Vernharðs Vilhjálmssonar, ábúanda, vegna Möðrudals

Krafa ábúanda er að viðurkenndur verði réttur hans til nýtingar lands Möðrudals í samræmi við ábúðarsamning, eins og að land Möðrudals sé eignarland innan þeirra merkja sem lýst er í framlögðu landamerkjabréfi, þ.e. allt land, innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Að sunnan úr Arnardalsárós (1) í Há-Þríhyrning (2), þaðan á móts við klettagil á móti Háfsvatnaölduenda ytri (3), þaðan á móts við Einbúa (4), þaðan í Einbúa ( 5) og þaðan í Eyktagnípu (6), þaðan í Stóralækjar-vatn (7), þaðan í Hölknárkrók (8), þaðan í Selárbotna við Þjóðfell (9), þaðan í Svartfell (10).

Til vara krefst ábúandi þess að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt hans að landi innan áðurlýstra merkja sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda og felst í ábúðarrétti. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar- beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum, með takmörkunum sem felast í ábúðarsamningi.

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.15. Kröfur Þorsteins Snædals og Guðrúnar Rögnu Einarsdóttur vegna Ármótasels

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Ármótasels innan þeirra merkja sem lýst er í framlögðu landamerkjabréfi, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Frá ármótum Gilsár og Víðidalsár (1) í níunda (sjöunda) Gilsárbug (2), þaðan í Skjaldklofahorn fremra (3), þaðan í Eyktagnípu (4), þaðan í Arnórsstaðasel (5), þaðan í Bjallkollu (6), þaðan í Botnahraun (7), þaðan í Lönguhlíðarenda fremri (8), þaðan Hnauslækur í Víðidalsá (9), síðan ræður Víðidalsá í ármót (10).

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.16. Kröfur Málfríðar Þorvaldsdóttur og fleiri vegna Rangárlóns

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Rangárlóns innan þeirra merkja sem lýst er í framlögðum landamerkjabréfum, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Hákonarstaðapartur: Frá Bjallkollu (1), þaðan í Arnórsstaðasel (2), þaðan í Marköldu (3) og þaðan í Kvíslarós (4) og þaðan í Bjallkollu. Möðrudalspartur: Frá Rúnasteini (1) í Klettagil (2) á Möðrudalsfjallgarð gegnt Einbúa (3), þaðan í Einbúa (4), þaðan í Eyktargnípu (5), þaðan í Arnórsstaðasel (6), þaðan í Marköldu (7) og þaðan í Rúnastein.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.17. Kröfur sveitarfélagsins Fljótsdalshéraðs vegna Sænautasels

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Sænautasels innan þeirra merkja sem lýst er í framlögðum landamerkjabréfum, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Botnahraun (1) í Bjallkollu (2), þaðan í Kvíslarós (3), þaðan í Marköldu

(4), þaðan í Rúnastein (5), þaðan í Skotmannsvík (6), þaðan ræður Botnalækur (7) úr Ánavatni í Botnahraun.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.18. Kröfur Sigvalda Ragnarssonar og fleiri vegna Veturhúsa

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Veturhúsa innan þeirra merkja sem lýst er í framlögðu landamerkjabréfi, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Lönguhlíðarenda fremri (1), þaðan í Botnahraun (2), þaðan Botnalækur í Ánavatn ( 3), þaðan í Digranes (4), þaðan í Buskutjarnarós (5), þaðan í Víðidalsárós (6) og þaðan í Há-Stórasvalbarð.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.19. Kröfur Sigvalda Ragnarssonar og fleiri vegna Víðirhóla

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Víðirhóla innan þeirra merkja sem lýst er í framlögðu landamerkjabréfi, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Ytri-Hnauslækur (1) í Lönguhlíðarenda fremri (2), þaðan í Há-Svalbarð (3), þaðan í Gripdeild (4), þaðan í Víðidalsárós (5), þaðan í Búðarháls á Eiríksstaðavegi (6) og Eiríksstaðavegur í Víðidalsá (7).

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.20. Kröfur Önnu Aðalsteinsdóttur og fleiri vegna Víðirhóla

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Víðirhóla innan þeirra merkja sem lýst er í framlögðu landamerkjabréfi, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Ytri-Hnauslækur (1) í Lönguhlíðarenda fremri (2), þaðan í Há-Svalbarð (3), þaðan í Gripdeild (4), þaðan í Víðidalsárós (5), þaðan í Búðarháls á Eiríksstaðavegi (6) og Eiríksstaðavegur í Víðidalsá (7).

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.21. Kröfur Stefáns Halldórssonar og Sigvarðar Halldórssonar vegna Brúar

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Brúar innan þeirra merkja sem lýst er í framlögðum landamerkjabréfum, þ.e. allt land, fyrir utan Laugarvallaland, innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Bein lína úr Arnardalsárósi (1) í Ysta-Þríhyrninginn (2), þaðan í lágan mel utan við Fiskidalshálsinn (3), þaðan í Svínabúðarlæk (krókinn) (4), Kíllinn fram í Þvérárvatn (5), Merkilækur (6), þaðan í fremstu Hnefilöxl (7), Grafningur utan við Orustustaði í Jökulsá á Dal (8). Að sunnan ræður Vatnajökull, að austan Jökulsá á Dal og Jökulsá á Fjöllum að vestan.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.22. Kröfur Páls Hjarðar og fleiri vegna Laugarvalla

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Laugarvalla innan þeirra merkja sem lýst er í framlögðu landamerkjabréfi, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Úr Forvaðagili (1) í ármót Laugarvallaár og Vesturdalsár (2), þá ræður Laugarvallaá að norðan þangað til áin er á móts við Fremsta-Mógil (3), þaðan meðfram fjallgarðinum norðan við Vesturdal síðan yfir dalinn og meðfram Hvannstóðsfjöllum inn á móts við ármót Stóra-Lækjar og Sauðár (4), síðan ræður Sauðá í Jökulsá (5).

Þá er þess krafist að beitarréttur verði viðurkenndur í Arnardal, fari svo að hluti dalsins verði úrskurðaður þjóðlenda.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur auk veiða í vötnum. Þá er þess krafist að beitarréttur eigenda jarðarinnar verði viðurkenndur á Arnardal, fari svo að hluti dalsins verði úrskurðaður þjóðlenda.

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.23. Kröfur sveitarfélagsins Fljótsdalshéraðs vegna Heiðarsels

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Heiðarsels innan þeirra merkja sem lýst er í framlögðu landamerkjabréfi, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Svínabúðarlækur (1), þaðan í lágan mel utan við Fiskidalsháls (2), þaðan í Ysta-Þríhyrninginn (3), þaðan út fjallgarðinn í Svartagil (4), þaðan í Búrfellshorn ytra (5), þaðan í krókinn á Netselslæk (6), síðan ræður Netselslækur í Ánavatn (7). Þá er þess krafist að beitarréttur verði viðurkenndur í Arnardal, fari svo að hluti dalsins verði úrskurðaður þjóðlenda.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur auk veiða í vötnum. Þá er þess og krafist að beitarréttur verði viðurkenndur í Arnardal, fari svo að hluti dalsins verði úrskurðaður þjóðlenda.

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.24. Kröfur sveitarfélagsins Fljótsdalshéraðs vegna Grunnavatns

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Grunnavatns innan þeirra merkja sem lýst er í framlögðu landamerkjabréfi, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Úr Skotmannsvík (Skollavík) (1) í Rúnastein á Urðarhlíð (2), þaðan í klettagil í Þríhyrningsfjallgarði (3), þaðan inn fjallgarðinn í Svartagil (4), þaðan í Búrfellshorn ytra (5), þaðan í krókinn á Netselslæk (6) síðan ræður Netselslækur í Ánavatn (7). Þá er þess krafist að beitarréttur verði viðurkenndur í Arnardal, fari svo að hluti dalsins verði úrskurðaður þjóðlenda.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan lýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og

námuréttur auk veiða í vötnum. Þá er þess og krafist að beitarréttur verði viðurkenndur í Arnardal, fari svo að hluti dalsins verði úrskurðaður þjóðlenda.

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

## 4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN

### 4.1. Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1–32 ásamt undirskjölum eða samtals 653 skjöl, auk 38 hliðsjónargagna. Sjá nánar í fylgiskjali nr. III (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

### 4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll., nr. 58/1998. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fáist um einstök álitaefni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til umfjöllunar. Verkið var unnið á hlutlausan og fræðilegan hátt. Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar og grundvallast á „Yfirliti yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Yfirlit þetta hefur verið kynnt lögmönnum málsaðila og engar athugasemdir komið fram. Við samningu þess hefur óbyggðanefnd notið ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands, Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar.

Fyrirsvarsmönnum aðila í máli þessu var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmenn um þessi atriði. Þeir gátu einnig bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna eða afla. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. þjóðll. Lögmönnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til greinargerða Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar um þetta efni, skjala nr. 2 og 4. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. III, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (þ.e. undir yfirnúmerum 2 og 4) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

### 4.3. Vettvangsferð

Haldið var af stað í vettvangsferð frá Hótel Héraði miðvikudaginn 21. júní kl. 9:15. Auk óbyggðanefndar, starfsmanna nefndarinnar og lögmanna málsaðila voru þeir Hjörleifur Guttormsson náttúrufræðingur og Páll Pálsson frá Aðalbóli með í för.

Ekið var sem leið liggur frá Egilsstöðum eftir þjóðvegi nr. 1 þar til komið var að jörðinni Sellandi en þar var beygt til norðausturs inn á veg nr. 917, Hlíðarveg, og keyrt inn Jökulsárhlíð. Beygt var inn á veg nr. 922, Másselsveg, og hann ekinn áleiðis að Másseli. Gert var stutt stopp á Másselsvegi og litið upp að Háöxl en við hana er miðað í kröfulýsingu íslenska ríkisins um þjóðlendu. Haldið var til baka eftir þjóðvegi nr. 1 inn Jökuldalinn. Þegar komið var að Skjöldólfsstöðum kom inn í bifreiðina Eiríkur Skjaldarson, bóndi á Skjöldólfstöðum II. Áfram var haldið þar til staðnæmst var við tóftir Ármótasels sem er eitt heiðarbýla á Jökuldalsheiði. Ekið var áfram eftir þjóðvegi nr. 1 en beygt til vesturs þegar komið var að vegi nr. 901, Möðrudalsleið. Þaðan var haldið að Þrívörðuhálsi þar sem stöðvað var og staðhættir skoðaðir. Af Þrívörðuhálsi sást til Sænautafells og í Ánavatn til suðurs. Til norðurs sást í Bjallkollu en til vesturs í Grjótgarðsháls. Hjörleifur greindi frá staðháttum og áhrifum vatnsfalla og jökla á landslagið. Áfram var ekið þar til beygt var til suðurs inn á vegarslóða inn að Skessugarði. Þegar komið var að Skessugarði kleif hluti hópsins garðinn en þar sást yfir syðsta hluta Rangalóns og yfir að eyðibýlinu Grunnavatni. Haldið var frá Skessugarði og beygt inn á veg nr. 901, Möðrudalsleið, og síðan suður veg nr. 907, Brúarveg, þar til komið var að Sænautaseli.

Því næst var ferðinni fram haldið og ekið eftir Brúarvegi. Til austurs liggur Ánavatn og Veturhúsatjörn ásamt tóftum býlisins Veturhúsa sem standa við vatnið. Til vesturs sáust tóftir býlisins Grunnavatns en til suðurs Nónhnjúkur. Þegar sunnar dró mátti sjá tóftir býlisins Heiðarsels sunnan Ánavatns. Þegar Brúarvegi sleppti var farið inn á veg nr. F910, Austurleið. Beygt var suður við afleggjarann að Kárahnjúkum við Fiskidalsháls og ekið áleiðis inn í Laugarvalladal. Gert var stutt stopp við tóftir býlisins Múlakots sem staðsett er vestan vegarins, undir Bíldufelli. Haldið var áfram suður og heim að gamla bæjarstæði Laugarvalla. Þar var staðnæmst en haldið sömu leið til baka eftir áðurnefndri Austurleið og þá eftir Kverkfjallaslóð sem leið liggur inn í Arnardal en þar var áð.

Haldið var til baka úr Arnardal og ekið suður með Austurleiðarvegi. Staðnæmst var milli Álftadalsár og Þríhyrningsár, rétt sunnan við þann stað þar sem þjóðlendukröfulína íslenska ríkisins er staðsett á korti. Horft var til vesturs yfir í Arnardalsfjöll. Þegar hér var komið við sögu var ekið til baka og farin svokölluð Möðrudalsleið að þjóðvegi nr. 1. Þegar komið var að Skjöldólfsstöðum kvaddi Eiríkur Skjaldarson hópinn og steig út úr bifreiðinni. Þaðan var ekið sem leið lá til Egilsstaða þar sem vettvangsferð lauk að kvöldi dags.

### 4.4. Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins gáfu eftirtaldir skýrslur og svöruðu spurningum óbyggðanefndar og lögmanna: Páll Pálsson, fræðimaður á Aðalbóli; Sigvarður Halldórsson, bóndi á Brú; Stefán Halldórsson, bóndi á Brú.

Að einstökum efnisatriðum í skýrslum aðila er vikið í úrskurði þessum, eftir því sem tilefni er til, en uppskriftir á þeim eru meðal gagna málsins.

## 5. SAGA JARÐA OG ANNARRA LANDSVÆÐA

Hér verður í fyrstu greint frá elstu ritheimildum um landnám á því svæði sem til umfjöllunar er. Því næst verða raktar heimildir um landsvæði þau sem þjóðlendukrafa íslenska ríkisins í máli þessu nær til, að því leyti sem þær varða afmörkun, eignarréttindi og nýtingu. Fyrrnefndar upplýsingar fylgja að mestu efnisþáttum og síðan tímaröð. Loks er gerð grein fyrir afréttarnotum á svæðinu almennt.[4]

### 5.1. Landnám

*Landnáma* segir:

> Þorsteinn torfi ok Lýtingr bræðr fóru til Íslands. ...[5]
>
> Þorsteinn torfi nam Hlíð alla útan frá Ósfjöllum ok upp til Hvannár ok bjó á Forsvelli. [...]
>
> Hákon hét maðr, er nam Jökulsdal allan fyrir vestan Jökulsá ok fyrir ofan Teigará ok bjó á Hákonarstöðum. [...] Teigr lá ónuminn millum Þorsteins torfa ok Hákonar; þann lögðu þeir til hofs, ok heitir sá nú Hofsteigr.
>
> Skjöldólfr Vémundarson, bróðir Berðlu-Kára, nam Jökulsdal fyrir austan Jökulsá upp frá Knefilsdalsá ok bjó á Skjöldólfsstöðum.[6]

Landnám Skjöldólfs er austan Jökulsár en Skjöldólfsstaðir norðan ár, í landnámi Hákonar. Jakob Benediktsson, útgefandi *Landnámu*, segir fleiri dæmi um slíkt í *Landnámu*.[7] Nefna má svokallaðan Arnórsstaðapart, sem er austan Jökulsár en tilheyrði fram til 1918 Arnórsstöðum, sem eru norðan Jökulsár.[8]

### 5.2. Fagrahlíð og Hlíðarhús

Þar sem Hlíðarhús voru fyrrum hjáleiga frá Fögruhlíð verður fjallað hér um báðar þessar jarðir en ekki Hlíðarhús ein.

Í *Sveitum og jörðum í Múlaþingi* segir um Fögruhlíð:

> Jarðarinnar er eigi getið í Íslendingasögum, en í Biskupasögum og Sturlungu er bærinn nefndur Hlíð, er þar gisti Guðmundur góði og dreymdi fyrir biskupsdómi sínum haustið 1201.
>
> Fagrahlíð er móðurjörð Hlíðarhúsa, Hnitbjarga, Sleðbrjótssels hálfs (sjá þar) og þessari öld Árteigs (reyndar úr Hnitbjargalandi) og Hlíðargarðs.[9]

---

[4] Þessi kafli er byggður á greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands, sbr. skjal nr. 32. Þó hefur verið felld út eða stytt umfjöllun um heimildir sem ekki þykja hafa þýðingu fyrir úrlausn málsins.
[5] Skjal nr. 4 (93).
[6] Skjal nr. 4 (93).
[7] Skjal nr. 4 (93).
[8] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 265, 295–296.
[9] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 211.

Um Hlíðarhús er sagt í sömu bók:

> H<líðarhús> eru upphaflega byggð úr Fögruhlíðarlandi og talin hjáleiga þaðan (J ´47, F ´61) [...
>
> Landamörk við Fögruhlíð eru úr Vörðuhrauni frammi og niðri í Fögruhlíðarblá, þaðan austur í Jökulsá og norður í Fögruhlíðará í stefnu á Fögruhlíðarbæinn. Áin deilir löndum milli bæjanna út og upp fyrir H, en síðan eiga H um 1000–1100 m breiða spildu af sunnanverðu Skallahrauni og mjóa ræmu til fjalls upp með Hróaldsstaðaá. Suðurmörk eru við Hróaldsstaðaá og inni undir Kaldá (sjá Sleðbrjót og Sleðbrjótssel).[10]

Fögruhlíðar, tíu hundruð að dýrleika, er getið í skýrslu sem tekin var saman vegna stríðshjálparskattsins árið 1681.[11]

Hlíðarhúsa er getið í manntalinu 1703.[12]

Jörðina Hlíðarhús, 2 ½ hundrað að dýrleika, er að finna á lista yfir eyðijarðir í fjórum þingsóknum Norður-Múlasýslu sem sýslumaður tók saman og birti á þingi 23. febrúar 1759. Fram kemur að flestar jarðir á listanum höfðu farið í eyði á hallærisárum sem hófust árið 1750.[13]

Þorleifur Magnússon á Hrafnabjörgum kom fyrir réttinn á þingi við trébrúna [Fossvallaþing] hinn 3. maí 1775 og framlagði m.a. lögfestu frá 18. apríl 1775 fyrir jörðinni Fögruhlíð undir nafni Solveigar Eiríksdóttur í Böðvarsdal. Innihalds lögfestunnar er ekki getið en að loknum upplestri var hún árituð af sýslumanni og fengin Þorleifi aftur í hendur.[14]

Lögfesta fyrir jörðina Fögruhlíð var útbúin 6. maí 1833:

> I fylgi af óátalinni Lögfestu frá 1775 lögfesti eg hérmed Eignarjörd mína Fögruhlid liggiandi i Jökulsárhlíd og Kirkiubæar Kirkiu sókn innan Nordrmúla Syslu, lögfesti eg Tödr og Eingiar, Skóg, Holt og Haga, Vötn og Veidistadi og allar Landsnytiar, hvöriu Nafni sem heita er tédri Jördu fylgt hafa og fylgia éga med réttu, til þessara Landamerkia [yfirstrikað: Um]: Ad utan úr efsta Geitararfossi réttsynis ofann i Sandborg er stendr á Eynni út af Hnytbiargabæ, og svo úr Sandborg beint ofaní Jökulsá. Sídan frammi Kalda ogfrá Hálsmúla út og upp í Selás, eptir gömlum Landamerkium Jardarinnar. - Innan hvörra Takmarka er óskipt Land Afbylisins Hlídarhúsa og Hnytbiarga.[15]

---

[10] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 214.
[11] Skjal nr. 2 (252).
[12] *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 384.
[13] Skjal nr. 2 (149) a-b.
[14] Skjal nr. 2 (151) a-b.
[15] Skjal nr. 2 (209) a-b, skjal nr. 2 (203) a-b og skjal nr. 2 (157) a-b.

Undir lögfestuna skrifaði B. Thorarensson. Hún var þinglesin 1. júní 1833. Nýr eigandi, Þ. Jónsson, lét þinglýsa lögfestunni á sínu nafni 28. maí 1845. Lögfestunnar er einnig getið í þingbók frá sama ári.[16]

Á manntalsþingi að Fossvöllum hinn 28. júní 1876 var þinglýst lögfestu, dags. 21. sama mánaðar fyrir Fögruhlíð og Hlíðarhúsum. Ekki er getið um innihald lögfestunnar.[17]

Á manntalsþingi sem haldið var 9. júní 1890 var landamerkjabréfi fyrir jarðirnar Fögruhlíð og Hlíðarhús þinglýst. Í því stendur eftirfarandi:

> Landamerki umhverfis jarðirnar Fögruhlíð og Hlíðarhús, sem eru óskipt land. Að utan milli Hnitbjarga og Fögruhlíðar ræður Hnausalækur af fjallsbrún í háan foss í læknum, þar sem hann fellur ofan af svo kölluðum Hnausum, neðan til í fjallinu; úr þeim lækjarfossi ræður sjónhending í Halaklett hinn yzta; úr Halakletti ræður sjónhending í Hnitbjargarhala hinn fremri við Jökulsá, ræður þá áin landamerkjum fram í Kaldá, síðan ræður Kaldá beina stefnu í vörðu þá sem hlaðin er yzt á Hálsmúla, sem er melsendi yzt á Sleðbrjótshálsinum norður við Kaldána. Þaðan liggja landamerkin út og upp í stóran stein á neðri Selás eptir vörðum þeim er nú eru hlaðnar til að sýna landamerkin; svo ræður neðri Selásinn út á enda, þaðan beint í Steinboga, þaðan ræður Fögruhlíðará út í Hróaldsstaðaár ós og þaðan ræður Hróaldsstaðaá á fjall upp.[18]

Magnús Jónsson skrifaði undir bréfið fyrir hönd eiganda Hlíðarhúsa, Ragnhildar Vigfúsdóttur. Einnig skrifuðu undir það Guðbjörg Einarsdóttir eigandi Fögruhlíðar, Margrét Jónsdóttir eigandi að ½ Hnitbjörgum, Eiríkur Hallsson eigandi Sleðbrjóts og Katrín Einarsdóttir eigandi Sleðbrjótssels. Undir bréfið skrifaði líka Eiríkur Magnússon fyrir hönd hreppsnefndarinnar í Hlíðarhreppi sem umráðanda hálfrar jarðarinnar Hnitbjarga.

Önnur landamerkjaskrá var útbúin vegna marka jarðanna Fögruhlíðar og Hlíðarhúsa 30. júní 1899 og þinglesin 29. maí 1901:

> Landamerki milli jarðanna Fögruhlíðar og Hlíðarhúsa í Hlíðarhreppi eru þessi:
>
> Af fjallsbrúninni í Hróaldsstaðaskarði ræður Hróaldsstaðalækur ofanað fossi þeim, sem efstur sjest í læknum, þegar miðað er af norðanverðu Skallahrauni rjett framan við Rjúpugil. Frá þessum nefnda Fossi í Hróaldsstaðalæk liggja mörkin beint í vörðu sem stendur á norðan verðu Skallahrauni framan við Rjúpugil. Frá þeirri vörðu liggja mörkin ofan yfir Skallahraun þvert í hvamm, sem er milli Háa-ennis og Rjúpugils og úr þeim hvammi í vörðu (gamla beitarhúsleiðarvörðu) við Fögruhlíðará, neðan við Sljettamel. Þaðan ræður

[16] Skjal nr. 2 (160) a-b.
[17] Skjal nr. 2 (161).
[18] Skjal nr. 2 (41).

> Fögruhlíðará mörkum ofan í Miðdegis keldur, sem liggja í Fögruhlíðará, beint í suðvestur frá bænum Fögruhlíð. Þaðan í yztu klöpp á Vörðuhrauni neðan verðu og úr þeirri klöpp í fremra horn á Fögruhlíðarhólma, sem er í Jökulsá, yfir vörðu sem hlaðin er neðarlega í blánni. - Þessi landamerki eru sett og samþykkt af undirrituðum eigendum hinna áðurnefndu jarða.[19]
>
> Fögruhlíð 30. júní 1899. Fögruhlíð og Galtastöðum 29. maí 1901.

Undir landamerkjaskrána skrifuðu Guðjón Einarsson og Magnús Jónasson.

Enn eitt landamerkjabréfið fyrir jörðina Fögruhlíð var útbúið 17. október 1921. Því var þinglýst 21. júlí 1922:

> Milli Fögruhlíðar og Hlíðarhúsa ræður af fjallsbrún í Hróaldsstaðaskarði, Hróaldsstaðalækur ofan að fossi þeim sem efstur sést, þegar maður er á norðanverðu Skallahrauni rétt framan við Rjúpnagil. Frá þessum nefnda fossi í Hróaldsstaðalæk liggja mörkin beint í vörðu, sem stendur á norðanverðu Skallahrauni framan við Rjúpnagil. Frá þeirri vörðu liggja mörkin ofan yfir Skallahraun þvert á hvamm, sem er milli Háaennis og Rjúpugils og úr þeim hvammi í vörðu (gamla beitarhúsavörðu) við Fögruhlíðará neðan við Sléttamel. Þaðan ræður Fögruhlíðará mörkum ofan í Miðdegiskeldur, sem liggja í Fögruhlíðará beint í suðvestur frá bænum í Fögruhlíð. Þaðan í yztu klöpp á Vörðuhrauni neðanverðu, og úr þeirri klöpp í fremra horn á Fögruhlíðarhólma yfir vörðu sem hlaðin er neðarlega í blánni.[20]

Guðjón Einarsson, eigandi Fögruhlíðar, skrifaði undir bréfið. Það var samþykkt af Kristjáni Gíslasyni, eiganda Hnitbjarga, og Einari Sv. Einarssyni í Hlíðarhúsum.

Hinn 24. júlí 1922 var útbúið landamerkjabréf fyrir jörðina Hlíðarhús. Það var þinglesið 19. júlí 1923:

> Milli Hlíðarhúsa og Fögruhlíðar ræður af fjallsbrún í Hróaldsstaðaskarði Hróaldsstaðalækur ofan að fossi þeim, sem efstur sést, þegar maður er á norðanverðu Skallahrauni rétt framan við Rjúpugil. Frá þessum nefnda fossi í Hróaldsstaðalæk liggja merkin beint í vörðu, sem er á norðanverðu Skallahrauni framan við Rjúpugil Frá þeirri vörðu liggja merkin ofan yfir Skallahraun þvert í hvamm sem er milli Háennis og Rjúpnagils og úr þeim hvammi í vörðu (gamla beitarhúsavörðu) við Fögruhlíðará neðan við svokallaðan Sléttamel, þaðan ræður Fögruhlíðará merkjum ofan í Miðdegiskeldur, sem liggja í Fögruhlíðará beint í suðvestur frá bænum í Fögruhlíð. Þaðan í yztu klöpp í Vörðuhrauni neðanverðu, úr þeirri klöpp í fremra horn á Fögruhlíðarhólma og beint austur í Jökulsá.
>
> Milli Sleðbrjótssels og Hlíðarhúsa liggja merkin þannig: Úr Steinboga inn austan á Selás við ytri enda Neðraáss þaðan í Sandavörðumel við Kaldá.

---

[19] Skjal nr. 2 (42).
[20] Skjal nr. 2 (127).

> Milli Sleðbrjóts og Hlíðarhúsa eru merkin þannig: Úr Hálsendavaði á Kaldá við Hálsenda bein lína í vörðu er stendur utan við farveg, sem er utan við svokallaðan Sleðbrjótshólma. Þaðan bein lína á aðra vörðu, er stendur við Jökulsá, utan við áður nefndan farveg.[21]

Einar Sv. Einarsson, eigandi Hlíðarhúsa, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það gerðu einnig Stefán Sigurðsson (Sleðbrjóti), Sigurbjörg Magnúsdóttir (Sleðbrjótsseli) og Guðjón Einarsson (Fögruhlíð).[22]

Hinn 30. júlí 1974 gerðu eigendur jarðanna Hlíðarhúsa, Sleðbrjóts I og II og Breiðumerkur I og II með sér samkomulag um landamerki og veiðiréttindi. Það er svohljóðandi:

> Landamerki:
>
> Þar sem komið hefur í ljós, að landamerki milli Hlíðarhúsa og Sleðbrjóts samkvæmt landamerkjaskrá, dags. 24. júlí 1922, eru nú orðin mjög óljós. Þar eru mörkin miðuð við tvær vörður, aðra á Kaldáreyrum og hina í bakka Jökulsár. Báðar þessar vörður eru nú horfnar með öllu og veit enginn núlifandi maður með vissu, hvar þær hafa verið.
>
> Hafa því undirritaðir núverandi eigendur að Hlíðarhúsum annars vegar og eigendur Sleðbrjóts I, Sleðbrjóts II, Breiðamerkur I og Breiðamerkur II hins vegar komið sér saman um ný landamerki, en þau eru sem hér segir:
>
> Á nyrðri bakka Kaldár, aðeins framar en áin beygir niður í Hálsendahyl, stendur varða á litlum mel. Miðað við þessa vörðu ræður Kaldá merkjum niður í miðjan farveg árinnar um Hálsendahyl, þaðan ræður bein lína um miðjan Einbúa í Jökulsá. Einbúi er stakur klettur á Kaldáreyrum út af horni Dysjamels.
>
> Þess skal einnig getið til frekari skýringar að í áðurnefnda vörðu á bakka Kaldár liggja landamerki Sleðbrjótssels og Hlíðarhúsa.
>
> [Síðan kemur kafli um Kaldá, breytingar á farvegi hennar og skiptingu veiðiréttinda.][23]

Undir landamerkjabréfið skrifuðu Björgvin V. Geirsson á Sleðbrjóti II, Geir Stefánsson á Sleðbrjóti I, Sigurður Stefánsson í Breiðumörk I, Stefán Sigurðsson í Breiðumörk II og Eiríkur Einarsson í Hlíðarhúsum.

Sjálfseignarjörðin Fagrahlíð, sem metin er til tíu hundraða, hefur eyðihjáleiguna Hlíðarhús samkvæmt jarðamatinu 1804.[24]

---

[21] Skjal nr. 2 (43).
[22] Heimilisföng, sem sett eru innan sviga í þessari greinargerð, eru fyrst og fremst höfð eftir öðrum landamerkjabréfum og ábúendatölum í *Sveitum og jörðum í Múlaþingi*.
[23] Skjal 2 (44).
[24] Skjal nr. 2 (207) a-b.

Fagrahlíð hefur hjáleigurnar Hnitbjörg og Hlíðarhús sem hvor um sig er talin 2 ½ hundruð samkvæmt jarðamatinu 1849. Þar stendur einnig:

> [...] óskipt landi ad eingjum og hagbeit. - Tún heimajardarinnar [...] landid er lítid og hálendi blásid [...] útigángur nokkur í fjallinu [Hlíðarfjöllum].
>
> Túnid í Hlídarhúsum [...] land lítid, fénadargeimsla allgód; útigángur nokkur í fjallinu; [...] hálendi blásid[25]

Jarðatal Johnsens segir Hlíðarhús og Hnitbjörg hjáleigur frá Fögruhlíð og Hlíðarhús fjórðung jarðarinnar allrar.[26] *Ný jarðabók* 1861 nefnir sömu hjáleigurnar.[27] Johnsen telur Hlíðarhús fjórðung jarðarinnar allrar.[28]

Fasteignamat 1916–1918 segir Hlíðarhús hafa upprekstrarland fyrir afréttarfé ábúanda.[29]

Heimildir benda ekki til annars en samfelld búseta hafi verið á Fögruhlíð og Hlíðarhúsum frá því að þeirra er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin Hlíðarhús framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.

## 5.3. Sleðbrjótssel

Um Sleðbrjótssel segja *Sveitir og jarðir í Múlaþingi*:

> Auðsætt er af nafni býlisins, að það hefur verið sel undan Sleðbrjót á fyrri öldum, en engar heimildir eru þó fyrir því. [...] Munnmæli herma, að byggð í S hafi orðið með þeim hætti, að bóndasonur og heimasæta festu ráð sitt og feður þeirra, bændur á Sleðbrjót og Fögruhlíð, gæfu þem land úr báðum jörðum í brúðkaupsgjöf. Staðhættir og lega jarðarinnar styðja þessa sögu, því að spildan milli Hróaldsstaðaár og Fögruhlíðarár fellur á eðlilegri hátt að Fögruhlíðarlandi en að Sleðbrjót.
>
> S<leðbrjótssel> er nálægt miðju sveitarinnar og yst jarða í breiðum dal milli Sleðbrjótsháls og Hlíðarfjalla. Innar í dalnum eru Grófarsel og Mássel. Sauðá er á landamörkum við Sleðbrjót og Hróaldsstaðaá á Hlíðarhúsa- (áður Fögruhlíðar-) mörkum. Að austan er markalínan frá ármótum Hróaldsstaðaár og Fögruhlíðarár fram og upp af Hlíðarhúsum.[30]

Sleðbrjótssels er getið í manntalinu 1703.[31]

Ef til vill er Sleðbrjótssel sama og Sleðbrjótshjáleiga, fimm hundruð að dýrleika, sem er á lista yfir eyðijarðir í fjórum þingsóknum Norður-Múlasýslu sem

---

[25] Skjal nr. 2 (146) a-b.
[26] Skjal nr. 4 (1).
[27] Skjal nr. 4 (2).
[28] Skjöl nr. 4 (1 og 2).
[29] Skjal nr. 2 (94).
[30] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 215–216.
[31] *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 385.

sýslumaður tók saman og birti á þingi 23. febrúar 1759. Flestar jarðirnar á listanum munu hafa farið í eyði á hallærisárum sem hófust árið 1750.[32]

Landamerki jarðarinnar Sleðbrjótssels í Jökulsárhlíð voru skráð 28. apríl 1890. Þau voru þinglesin 9. júní sama ár:

> Að framan ræður Sauðá af fjalli ofan, þangað til hún fellur í Kaldá.
>
> Að austan ræður Kaldá, þar til að kemur út á mots við melkoll þann, er yzt verður á hálsmúlanum austan megin árinnar, og verður þar hlaðin varða á hámelnum. Þá liggja merkin úr þeirri vörðu beina stefnu í vörðu á holtinu fyrir neðan Selás hinn neðri, þaðan í stóran stein á þeim ás. Þá liggja merkin eptir þeim ás á enda og svo út í „Steinboga" í Fögruhlíðará. Þá ræður Fögruhlíðará, þangað til Hróaldsstaðaá fellur í hana. Að utan ræður Hróaldsstaðaá á fjall upp.[33]

Katrín Einarsdóttir handsalaði nafn sitt undir landamerkjabréfið. Þrír aðrir aðilar gáfu samþykki sitt fyrir því. Einn þeirra var Magnús Jónsson fyrir hönd eiganda Hlíðarhúsa, Ragnhildar Vigfúsdóttur á Galtastöðum ytri. Landamerkjabréfið var einnig samþykkt af Guðbjörgu Einarsdóttur eiganda Fögruhlíðar og Eiríki Hallssyni eiganda Sleðbrjóts. Sá síðastnefndi handsalaði nafn sitt undir landamerkjabréfið.

Hinn 30. október 1921 var útbúið landamerkjabréf fyrir Sleðbrjótssel og þinglesið 21. júlí 1922:

> Að utan milli Hlíðarhúsa og Sleðbrjótssels ræður Hróaldsstaðará ofan af fjallsbrún og niður í Fögruhlíðará við svonefndan Ármótatanga, þaðan ræður Fögruhlíðará í Steinbogaklett, frá honum inn Selás austanverðan og um ytri enda Neðra áss, en þaðan beina stefnu í Landavörðumel við Kaldá, norðanvert við hálsenda. Að framan milli Sleðbrjóts og Sleðbrjótssels ræður Sauðá ofan af fjallsbrún úr Sauðárskarði og alla leið til Sauðárósa utanvert við Kaldárbrún, þaðan ræður Kaldá út að Landavörðumel.[34]

Sigurbjörg S. Magnúsdóttir skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Stefáni Sigurðssyni eiganda Sleðbrjóts og Einari Sv. Einarssyni í Hlíðarhúsum.

Meðfylgjandi er útdráttur úr landskiptagerð fyrir jörðina Sleðbrjótssel II sem var gerð 26. apríl 1963:

> Landamerki milli heimajarðarinnar og nýbýlisins eru sem hér greinir:
>
> Að vestan ræður bæjarlækur landamerkjum niður að þjóðvegi en sunnan og austan þjóðvegurinn. Að norðan Stekkjarhlíð og Ytri-Hlíðarlækur. Auk þessa lands legg ég til nýbýlisins spildu úr framlandi Sleðbrjótssels með eftirgreindum landamerkjum. Sauðá Stekkjarlækur og neðri lína

[32] Skjal nr. 2 (149) a-b.
[33] Skjal nr. 2 (45).
[34] Skjal 2 (46) a-b.

> hagagirðingar. Upprekstrarland og beitiland verður óskipt milli heimajarðarinnar og nýbýlisins. [35]

Undir þetta ritar Björn Guðmundsson nafn sitt að Sleðbrjótsseli hinn 26. apríl 1963.

Samkvæmt jarðamatinu 1804 er Sleðbrjótssel sérstök jörð, metin sex hundruð. Eigandinn er annar en að Sleðbrjóti.[36]

Jarðatal Johnsens segir jarðamatið 1804 og sýslumann segja Sleðbrjótssel sex hundruð úr allri jörðinni Sleðbrjóti.[37]

Sleðbrjótssel, metið til sex hundraða, er sagt afbýli undan Sleðbrjóti í jarðamatinu 1849, hálendi blásið en beitiland gott á vetrum er næst í það.[38]

Samkvæmt fasteignamati 1916–1918 fylgir Sleðbrjótsseli upprekstrarland.[39]

Heimildir benda ekki til annars en samfelld búseta hafi verið á Sleðbrjótsseli frá því að jarðarinnar er fyrst getið og þar til hún fór í eyði árið 1981. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.

## 5.4. Sleðbrjótur / Breiðamörk

Eftirfarandi segir í bókinni *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* um Sleðbrjót:

> Jörðin hefur verið bændaeign frá fornu fari, stór jörð í miðri sveit, og byggðust úr henni hjáleigur: Sleðbrjótssel og Mássel taldar hjáleigur 1847 (J ´47) og 1861 (F ´61) og Grófarsel, byggt á 19. öld (sjá þar) yngst Sleðbrjótsbýla.
>
> S<leðbrjótur> er 16 km frá Jökulsárbrú og á aðallega land milli Jökulsár og Kaldár, og auk þess afréttarland hátt í Hlíðarfjöllum, Ásdal og Grjóttungu, niður af Smjörfjöllum miðjum, og upp á fjöllin. Mörk við Surtsstaði eru frá Jökulsá, um tvo km fram og niður af bæ, og nv. í Kaldá, skammt utan við ós Melrakkaár (300–400 m sunnan við beitarhúsin Gerði, sem sjást á korti). Mörk við Hlíðarhús eru frá Hálsendahyl (sjá Hálsendavað á korti) og niður í Jökulsá um 500 m norðan við Kaldárós. Milli S og Sleðbrjótssels ræður Sauðá merkjum, frá Kaldá að fjallsbrún, og á S mjóa spildu til fjalls innan við Sauðá (sjá Grófarsel).[40]

Um Breiðumörk segir sama bók:

[35] Skjal nr. 2 (47) a-b.
[36] Skjal nr. 2 (207).
[37] Skjal nr. 4 (1).
[38] Skjal nr. 2 (169) a-b.
[39] Skjal nr. 2 (94).
[40] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 218.

> Breiðamörk er nýbýli í Sleðbrjótslandi, stofnað 1936. Skipt var til helminga landi öllu, ræktuðu og óræktuðu, veiðiréttindum, reka og öðrum hlunnindum. Aðeins túni var skipt með merkjum[41]
>
> [...]
>
> Nýbýli, Breiðamörk II, var stofnað 1965 og kom í hlut þess Breiðamörk hálf, land og önnur gögn og gæði.[42]

Sleðbrjóts er getið í máldaga Vallaneskirkju árið 1270 en kirkjan á þá helming viðreka við Sleðbrjótsmenn.[43]

Hinn 15. apríl 1812 á manntalsþingi við trébrúna á Fossvöllum var lesin upp lögfesta Sigurðar Hallssonar og Ragnheiðar Björnsdóttur fyrir jörðinni Sleðbrjóti með þeim merkjum sem hún með sér færir óátalin. Innihald lögfestunnar er ekki tilgreint.[44]

Hinn 21. júní 1884 var útbúið landamerkjabréf fyrir jörðina Sleðbrjót og hjáleiguna Mássel. Það var þinglesið samdægurs:

> Að utan ræður Sauðá af fjalli til Kaldár, þaðan ræður Kaldá til Hálsenda og eptir gömlum farveg árinnar til Jökulsár, framan við svo kallaðan Fögruhlíðarhólma. Að framan úr Jökulsá í Landavörðu, svo í stóran stein, er stendur á hlóðum utan við Merkiöxl; þaðan beina stefnu í mitt axarhraun, svo í Kamb; þaðan beint í fremri Grundarlæk á fjallsbrún, síðan beint í Þvergilsá.[45]

Undir bréfið ritaði Eiríkur Hallsson eigandi Sleðbrjóts. Björn Jónsson eigandi Sleðbrjótssels, Magnús Jónsson og Sigurbjörn Björnsson á Surtsstöðum voru samþykkir landamerkjunum. Einnig skrifaði Sigurður Sigurðsson undir bréfið fyrir hönd Guðbjargar Einarsdóttur í Fögruhlíð

Landamerkjabréf fyrir jörðina Sleðbrjót var útbúið 24. júlí 1922. Það var þinglesið tæpu ári síðar, eða 19. júlí 1923:

> Milli Sleðbrjóts og Surtsstaða eru merki þannig: Úr vörðu við Jökulsá skamt fyrir framan Bæjargerðisdal bein lína í Landavörðu neðan við Miðdal. Þaðan bein lína í stein, er stendur á hlóðum utan við há-Merkiöxl. Þaðan bein lína í mosaþúfu á há-Axarhrauni. Þaðan í Kamb, sem er hár klettur ofan við Kaldá á móti Melrakkaárós.
>
> Milli Sleðbrjóts og Mársels ræður Kaldá merkjum frá áðurnefndum Kambi og að vörðu er stendur við Kaldá, utanvert við svokallað Mársvað. Þaðan bein lína upp framan á svokölluðu Stekkjarhrauni og í vörðu úr hnausum, er stendur mitt á milli bæjanna Grófarsels og Mársels. Þaðan bein lína í vörðu á

---

[41] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 219.
[42] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 220.
[43] Skjal nr. 4 (60)
[44] Skjal nr. 2 (154) a-b.
[45] Skjal nr. 2 (48).

> fremra Svartagilsbarmi. Þaðan áframhaldandi bein lína á framanverða Háöxl á fjallsbrún. Þaðan bein lína í Þvergilsárós.
>
> Milli Sleðbrjóts og Sleðbrjótssels ræður Sauðá merkjum af fjalli og í Kaldá. Þaðan ræður Kaldá merkjum út hjá Hálsenda. Milli Sleðbrjóts og Hlíðarhúsa eru merki þannig: Úr Hálsendavaði á Kaldá við hálsenda bein lína í vörðu, er stendur utan við farveg, sem er utan við svokallaðan Sleðbrjótshólma og þaðan bein lína í aðra vörðu, er stendur við Jökulsá utan við áður nefndan farveg.[46]

Stefán Sigurðsson, eigandi Sleðbrjóts, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Sigurbjörgu Magnúsdóttur, eiganda Sleðbrjótssels, Einari Sv. Einarssyni, eiganda Hlíðarhúsa, Magnúsi Kristjánssyni, eiganda Mássels og eigendum Surtsstaða, þeim Birni Sigbjörnssyni og Eiríki Arngrímssyni.

Hinn 10. júlí 1965 afsalaði Sigurður Stefánsson, bóndi á Breiðumörk, syni sínum, Stefáni Sigurðssyni, hálfri jörðinni þannig að hann gæti stofnað þar nýbýli. Í afsalsbréfinu stendur eftirfarandi:

> Stefán fær úrskipt ræktanlegt land og eru takmörk þess þessi:
>
> Að nor<ð>vestan og og suðvestan úr Miðdegishrauni í klettshorn rétt ofan við vað á Miðdalslæk, þaðan bein lína í vörðu á Fremstu-Klöpp við Jökulsá.
>
> Að norðaustan úr Miðdegishrauni í Tjarnarklöpp og þaðan í ytri enda á Krókavatni. Þaðan bein lína í miðja Þvottatjörn. Úr miðri Þvottatjörn bein lína með stefnu á Dyrfjallaskarð.
>
> Að suðaustan ræður Jökulsá mörkum.
>
> Innan landamerkja þessa standa fjárhús og hlaða, sem Stefán hefur byggt og eru hans eign.
>
> Hlunnindi jarðarinnar skiptast að jöfnu.[47]

Hinn 30. júlí 1974 gerðu eigendur jarðanna Hlíðarhúsa, Sleðbrjóts I og II og Breiðumerkur I og II með sér samkomulag um landamerki og veiðiréttindi. Nánar er sagt frá þessu samkomulagi í kaflanum um Hlíðarhús hér að framan.[48]

Sjálfseignarjörðin Sleðbrjótur er metin á 24 hundruð samkvæmt jarðamatinu 1804. Hún hefur sama útigang og Saursstaðir/ [Surtsstaðir].[49]

Í jarðamatinu 1849 kemur fram að Sleðbrjótur hafi afbýlið Mássel sem metið sé á 2 hundruð.[50]

---

[46] Skjal nr. 2 (49) a-b.
[47] Skjal nr. 2 (50).
[48] Skjal nr. 2 (44).
[49] Skjal nr. 2 (207) a-b.
[50] Skjal nr. 2 (146) a-b.

Samkvæmt *Jarðatali Johnsens* og *Nýrri jarðabók 1861* á jörðin Sleðbrjótur afbýlin Mássel[51] og Sleðbrjótssel.[52]

Fasteignamatið 1916–1918 segir að Sleðbrjótsjörð fylgi upprekstrarland fyrir afréttarfé en hjáleigan Grófarsel hafi ekkert slíkt.[53]

Heimildir benda ekki til annars en samfelld búseta hafi verið á Sleðbrjóti og Breiðumörk frá því að þeirra er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hafa jarðirnar framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsettar.

## 5.5. Surtsstaðir

*Sveitir og jarðir í Múlaþingi* segja um Surtsstaði:

> Jörðin er einnig nefnd Saurstaðir í J ´47. Hún er ein af 8 elstu jörðum í Hlíð [...]
>
> Jörðin nær neðan frá Jökulsá og upp á Smjörfjöll, þar sem vörðu danska herforingjaráðsins ber við loft í 1251 m hæð. Norðurmörkunum við Breiðumörk (áður Sleðbrjót) er lýst þar, en við Hallgeirsstaði liggja mörk úr Merkilág í Jökulsárbakka, yfir Háahraun (129 m) og nokkurn veginn beint upp að mótum Merargils og Kaldár handan Fjallsenda (664 m). Ennfremur eiga S Surtsstaðatungu handan Kaldár milli Merargils og Litlaþvergils og dálitla hlíðarsneið frá Kambi utan við Melrakkaárós yfir Lágöxl og að gljúframótum við Grjóttunguoddann.
>
> [...] Hátt í fjalli er gróður lítill og grýtt, en ofan Kaldár kostaland til beitar í Surtsstaðatungu. [...] Hlunnindi voru mótekja, grasatekja í Kaldártungum [...][54]

Hinn 1. ágúst 1647 á Egilsstöðum fóru fram jarðakaup á milli Auðbjargar Einarsdóttur og Sigurðar Þorleifssonar. Í þeim lét Auðbjörg Hrærekslæk af hendi við Sigurð en fékk m.a. í staðinn hálfa Saursstaði, sex hundruð að dýrleika, með öllum þeim gögnum og gæðum sem jörðinni höfðu fylgt að fornu og nýju. Landamerki eru ekki tilgreind en í staðinn er vísað á bréf jarðarinnar sem fylgja þó ekki með.[55]

Hinn 4. júní 1832 á manntalsþingi að Fossvöllum var lesin upp lögfesta fyrir Surtsstöðum sem dagsett var 6. júní 1811 og Árni prófastur Þorsteinsson í Kirkjubæ hafði skrifað undir. Innihalds lögfestunnar er ekki getið.[56]

---

[51] *Ný Jarðabók 1861* segir Mássel metið með heimajörðinni.
[52] Skjöl nr. 4 (1) og 4 (2).
[53] Skjal nr. 2 (94).
[54] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 225–226.
[55] Skjal nr. 2 (202). Bréfið var upplesið og endurnýjað við Brú (væntanlega Fossvallabrú), ekki er getið hvenær, en eftir því var afrit tekið af Árna Magnússyni handritasafnara og Þórði Þórðarsyni í Skálholti 17. maí 1712.
[56] Skjal nr. 2 (156) a-b. Um Árna Þorsteinsson, sjá Sveinn Níelsson: *Prestatal og prófasta á Íslandi*, bls. 8.

Landamerkjabréf fyrir jörðina Surtsstaði var undirritað og þinglesið hinn 21. júní 1884:

> Landamerki fyrir Surtsstaðalandi eru þessi: að utan úr Jökulsá í Landavörðu, svo í stóran stein, er stendur á hlóðum utan við Merkiöxl, þaðan beina stefnu í mitt Axarhraun, svo í Kamb, þaðan beint í fremri Grundarlæk á fjallsbrún, síðan af fjallsbrún beint í Þvergilsá að ofan. Að framan úr Jökulsá í garðsenda neðan við hálsinn, þaðan beint í Heiðartjörn, síðan í Melrakkahraun og úr Melrakkahrauni í stein utan á fjallshorni; þaðan beina leið í Merargilsárós; eptir það Merargilsá.[57]

Sigbjörn Björnsson, eigandi Surtsstaða, skrifaði undir bréfið. Það gerðu einnig Þórarinn Þorkelsson, eigandi Hallgeirsstaða, og Eiríkur Hallsson, eigandi Sleðbrjóts.

Hinn 29. september 1921 var útbúið landamerkjabréf fyrir jörðina Surtsstaði. Það var þinglesið 21. júlí 1922:

> Á milli Hallgeirsstaða og Surtsstaða eru landamerki þannig: Úr svokallaðri Merkilág við Jökulsá bein lína í stein, er stendur yzt á Háahrauni, þaðan bein lína í vörðu neðan við fremri enda á Heiðartjörn. Þaðan bein lína í há-Melrakkahraun (yzt). Þaðan bein lína í vörðu á eystri Neðrihlíðarbrún. Þaðan bein lína í stóran stein, sem varða er á uppi á fjallsbrún (utarlega). Þaðan bein lína í Merargilsárós framan við Surtsstaðatungu. Síðan ræður Merargilsá merkjum norður í Smjörfjöll.
>
> Á milli Surtsstaða Sleðbrjóts og Mársels eru landamerki þessi: Úr Jökulsá skamt fyrir innan Bæjargerðisdal, bein lína í Landavörðu neðan við Miðdal, þaðan bein lína í stóran stein, er stendur á hlóðum utan við há-Merkiöxl. Þaðan bein lína í mosaþúfu á Axarhrauni. Þaðan í svokallaðan Kamb, (sem er hár klettur ofan við Kaldá á móti Melrakkaárósi), þá tekur við Márselsland. Síðan eru mörkin úr áðurnefndum Kambi bein lína í fremri Grundarlæk, þar sem hann fellur ofan af Lágöxl. Þaðan bein lína í Þvergilsárós. Eftir það ræður Þvergilsá norður í Smjörfjöll.[58]

Undir landamerkjabréfið skrifuðu eigendur Surtsstaða, þeir Björn Sigbjörnsson og Eiríkur Arngrímsson. Það var samþykkt af Elíasi Jónssyni, eiganda Hallgeirsstaða, Magnúsi L. Kristjánssyni, eiganda Mássels, og Stefáni Sigurðssyni, eiganda Sleðbrjóts.

Hinn 13. mars 1961 samdi Sigbjörn Björnsson, eigandi og ábúandi Surtsstaða I, við Braga Björnsson, eiganda og ábúanda Surtsstaða II, um landskipti á því landsvæði sem lá neðan Surtsstaðaháls og framan heimreiðarinnar frá þjóðveginum. Landskiptagerðin fer hér á eftir:

> 1. Í hlut Surtsstaða I kemur heimatún allt og ræktunarland það, sem takmarkast að ofan (NV) af Surtsstaðahálsi, að utan (NA) af heimreiðinni,

[57] Skjal nr. 2 (51).

[58] Skjal nr. 2 (52) a-b.

> sem liggur heim að Surtsstaðahálsi [svo] frá þjóðveginum, að neðan (SA) af línu, sem dregin er beint frá heimreiðinni um vesturhorn girðingar, sem liggur um eldri hluta nýræktar í merkjavörðu við merkjagirðingu Surtsstaða og Hallgeirsstaða, sem er miðja vegu milli þjóðvegarins og hallabrigðanna [?] við Surtsstaðaháls. Að framan takmarkast það af merkjagirðingu Surtsstaða og Hallgeirsstaða.
>
> 2. Í hlut Surtsstaða II kemur tún það og ræktunarland, sem takmarkast að ofan af úrskiptu landi Surtsstaða I, að utan af heimreið, að neðan af Jökulsá og að framan af merkjagirðingu Surtsstaða og Hallgeirsstaða.
>
> 3. Öllu öðru landi jarðarinnar er óskipt, ennfremur hlunnindum, og njóta jarðirnar þess að jöfnu (1:1) þar til frekari skipti verða gerð.[59]

Sjálfseignarjörðin Saursstaðir [Surtsstaðir] er metin á tólf hundruð samkvæmt jarðamatinu 1804.[60]

Samkvæmt jarðamatinu frá 1849 eiga Surtsstaðir „afrétt“ fyrir sjálfa sig. Þar kemur einnig fram að hálendið sé blásið.[61]

Fasteignamat 1916–1918 segir að jörðinni fylgi upprekstrarland fyrir afréttarfé ábúanda.[62]

Heimildir benda ekki til annars en samfelld búseta hafi verið á Surtsstöðum frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.

### 5.6. Hallgeirsstaðir

Þessi umsögn er í bókinni *Sveitir og jarðir í Múlaþingi*:

> Jörðin er eitt af elstu lögbýlum sveitarinnar. Hún er kölluð Hallgilsstaðir í manntalinu 1703 og J ´47 [...]
>
> Landamörkum við Surtsstaði er lýst þar, en mörk við Hrafnabjörg eru þvert frá Jökulsá og upp skammt innan við Þormóðará vestan Grenishnúks og síðan nv. í Klapparárós. Milli Klapparár og Merargils eiga H Hallgeirsstaðatungu upp á Smjörfjöll.
>
> [...] Hærra í fjalli þverr gróður mjög og heldur hrjóstugt upp að Kaldá, en handan árinnar er Hallgeirsstaðatunga grösug og afréttarland ágætt.[63]

Minnst er á Hallgeirsstaði í kaupbréfi í bréfabók Brynjólfs Sveinssonar biskups frá árinu 1669.[64]

---

[59] Skjal nr. 2 (53).
[60] Skjal nr. 2 (207) a-b.
[61] Skjal nr. 2 (146) a-b.
[62] Skjal nr. 2 (94).
[63] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 227–228.
[64] Skjal nr. 2 (197).

Hinn 11. júní 1819 setti Páll Melsteð sýslumaður aukarétt að Fossvöllum. Þangað var mættur Jón Jónsson í Bót, hreppstjóri í Tunguhreppi, vegna ekkjunnar Hallfríðar Eiríksdóttur, eiganda og ábúanda á Hallgeirsstöðum. Vegna Guðrúnar Skaftadóttur, eiganda Hrafnabjarga, mætti Sigurður Jónsson í Hólshjáleigu og sjálfs síns vegna ábúandinn á Hrafnabjörgum, Magnús Jónsson. Tvö vitni voru kölluð fyrir réttinn, þeir Magnús Runólfsson í Teigi og Eiríkur Hermannsson í Torfastaðaseli, og voru þau í eið tekin og yfirheyrð um hvað þau vissu um landamerki á milli Hrafnabjarga og Hallgeirsstaða sem ábúendur og eigendur deila um. Jón Jónsson hreppstjóri lagði, ekkjunnar Hallfríðar vegna, skriflegar spurningar sem leggja átti fyrir vitnin. Spurningarnar fylgja ekki með en af svörunum má engu að síður gera sér í hugarlund um hvað var spurt. Magnús Runólfsson svaraði spurningunum þannig:

> [...] ad 1. Já, herum 40 ár. ad 2. Ekki allan þann tima buande enn þó var hann Lifs þar og var fyrir buinu þau seinustu 4 eda 5 Ár, eg man ekki hvört var. ad 3. Ad nedanverdu í Dómhól, þadan í Storafoss og þadan í Ynguklett. ad 4. Svo heyrdi eg talad. ad 5. Þad minnir mig, ad 6tta Jeg man ecki hvad lángt hann var leyfdur út, ad 7. mig minnir þar læe Lögfesta fyrir Jördum hiá Födr mínum, ad 8. Heyrdi eg þad; 9 Vitnid eptir producentens Begiæríngu adspurt: hvört þad vissi nockud frekara Sökinni til Upplýsingar? Svarar ney; Vitninu voru upplesin Spursmál og Andsvör og játar hann rett innfært epter sér.[65]

Eiríkur Hermannsson var næst yfirheyrður og voru svör hans á þessa leið:

> [...] ad 1. 17 ár, ad 2. Já, frammí Dómhol þadann i Stóra foss, og þadan i Ynguklett ad 3. Alljafnt i ein 5 ár eptir þvi sem jeg hef heyrt; ad 4. Þad var víst; eptir þvi sem hann sagde mér. ad 5. sem ad 2ad Spursmál. ad 6. Runólfr Magnussson og Magnús í Tegi Son hans, svo Petur Biarnason á Gilium ad 7. Jú. Ad 8. Runólfr og Magnus ad 9. Þad var víst. Próducenten bidr Vitnid adspurt hvört þad viti meira Sökinni til Upplysíngar? Svarar ney; Vitninu lesin Spursmál og Andsvör og játar rett innfært epter sér og þar næst dimitterad.[66]

Fleira var ekki tekið fyrir og rétti því slitið. Málsskjöl finnast ekki og munu glötuð.

Hinn 29. maí 1834 á manntalsþingi að Fossvöllum var þinglýst lögfestu fyrir Hallgeirsstöðum og er tekið fram að ábúendur þeirra jarða sem land áttu á móti henni hafi ekki hreyft mótmælum gegn henni. Annars er innihalds lögfestunnar ekki getið.[67]

Hinn 21. júní 1884 var útbúið landamerkjabréf fyrir jörðina Hallgeirsstaði. Það var þinglesið samdægurs:

---

[65] Skjal nr. 2 (155) a-b.
[66] Skjal nr. 2 (155) a-b.
[67] Skjal nr. 2 (158) a-b.

> Landamerki Hallgeirsstaða eru þessi: Að framan milli Hallgeirsstaða og Hrafnabjarga úr steini á ytri Steinhöfða og þaðan beint í vörðu á utanverðum Stóranúp, þaðan beint í Þormóðará og ræður hún svo upp á fjall, þaðan eru mörkin í Klappará, er skilur Hrafnabjarga- og Hallgeirsstaðatungu; ræður hún síðan til Smjörfjalla; Síðan ráða Smjörfjöll eptir sem vötnum hallar út að norðan allt út að Merargilsá, síðan ræður hún ofan í Kaldá, úr Kaldá eru mörkin á móts við Merargilsárós í stein utan á fjallshorninu, þaðan beint ofan í Melrakkahraun, þaðan beint í Heiðartjörn, þaðan í fremri garðsenda neðan við hálsinn og þaðan beint í Jökulsá; síðan ræður hún að austan.[68]

Undir bréfið skrifaði Þórarinn Þorkelsson, eigandi Hallgeirsstaða. Eftirfarandi aðilar lýstu sig samþykka landamerkjunum; eigendur Hrafnabjarga, þeir Sigurður Sigurðsson og Þorst. Guðmundsson og Sigbjörn Björnsson, eigandi Surtsstaða.

Landamerkjabréf fyrir Hallgeirsstaði var gert 29. september 1921 og þinglesið 21. júlí 1922:

> Milli Hallgeirsstaða og Hrafnabjarga eru landamerki þessi: Úr steini á ytri Steinhöfða (við Jökulsá) bein lína í vörðu á utanverðum Stóranúp. Þaðan beint í Þormóðará og ræður hún svo merkjum upp á fjall. Þaðan eru mörkin þvert yfir fjallið í Hrútagil. Þaðan í Klapparárós eftir það ræður Klappará norður í Smjörfjöll.
>
> Á milli Hallgeirsstaða og Surtsstaða eru landamerki þannig: Úr svokallaðri Merkilág (við Jökulsá) bein lína í stein er stendur yzt á Háahrauni. Þaðan bein lína í vörðu neðan við fremri enda á Heiðartjörn. Þaðan bein lína í há-Melrakkahraun (yzt). Þaðan bein lína í vörðu á eystri Neðrihlíðarbrún. Þaðan bein lína í stóran stein (sem varða er hlaðin á) uppi á fjallsbrún (utarlega). Þaðan bein lína í Merargilsárós utan við Hallgeirsstaðatungu, eftir það ræður Merargilsá merkjum norður í Smjörfjöll.[69]

Elías Jónsson, eigandi Hallgeirsstaða, skrifaði undir bréfið. Það var samþykkt af eigendum Hrafnabjarga, þeim Þórunni Þorkelsdóttur og Jóni Eiríkssyni, og eigendum Surtsstaða, þeim Birni Sigbjörnssyni og Eiríki Arngrímssyni.

Sjálfseignarjörðin Hallgilsstaðir er metin á átján hundruð samkvæmt jarðamatinu 1804.[70]

Ekkert markvert er að finna um Hallgeirsstaði í jarðamati 1849.[71]

Í fasteignamati 1916–1918 segir að helmingur útengja sé til fjalls og jörðinni fylgi upprekstrarland fyrir afréttarfé ábúanda.[72]

Heimildir benda ekki til annars en samfelld búseta hafi verið á Hallgeirsstöðum frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum

[68] Skjal nr. 2 (54).
[69] Skjal nr. 2 (55) a-b.
[70] Skjal nr. 2 (207) a-b.
[71] Skjal nr. 2 (146).
[72] Skjal nr. 2 (94).

kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.

### 5.7. Hrafnabjörg

Eftirfarandi umsögn um Hrafnabjörg er í bókinni *Sveitir og jarðir í Múlaþingi*:

> Jörðin er bændaeign frá fornu fari. Hún virðist koma lítt eða ekki við fornar heimildir [...]
>
> H<rafnabjörg> er hið næstsyðsta af fyrri tíma lögbýlum í Hlíð, og landið nær neðan frá Jökulsá og upp á suðurenda Smjörfjalla, og eru 13,5 km frá ánni um bæinn og nv. í Smjörfjallaskarð (kort). Mörk við Hallgeirsstaði eru úr steini á Ytri-Steinhöfða við Jökulsá rétt utan við vík, þar sem Jökulsá er breiðust. (Sjá annars Hallgeirsst.). Fossvallamörk eru við Laxárós og fylgja ánni fyrst vestur og síðan spöl suður á móts við Götuhraun skammt utan við sláturhúsin, liggja þaðan um fremri Mjóavatnsenda ofan Hrafnabjarga (sýnt ónefnt á korti) á Skollagrenisás, þaðan í Fossá á fjallsbrún og síðan nv. í Stóraþvergil handan Kaldár. Ofan við Kaldá eiga H Kaplatungu og Hrafnabjargatungu í Kaldártungum og sem horfir á háfjöll.
>
> [...] Kirkjubæjarkirkja átti sjö nauta beit í Hrafnabjargatungu. Seltættur eru á Bugaseli norðan Selbjarga, síðar beitarhús til 1890.[73]

Hrafnabjarga, átján hundruð að dýrleika, er getið í skýrslu sem samin var vegna stríðshjálparskattsins árið 1681.[74]

Hinn 3. maí 1775 á þingi við trébrúna kom Þorleifur Magnússon á Hrafnabjörgum fyrir réttinn og framlagði m.a. lögfestu Björns Björnssonar í Böðvarsdal frá 15. apríl síðastliðnum fyrir Hrafnabjörgum í Jökulsárhlíð. Innihalds lögfestunnar er ekki getið en að loknum upplestri var hún árituð af sýslumanni og fengin Þorleifi aftur í hendur.[75]

Á manntalsþingi við trébrúna að Fossvöllum 16. nóvember 1799 var lesin upp lögfesta Guðrúnar Skaftadóttur fyrir Hrafnabjörgum, sem dagsett var að Sleðbrjóti 16. nóvember 1799, eftir þar tilgreindum landamerkjum. Innihaldsins er að engu getið en að upplestri loknum var hún árituð af sýslumanni og skilað aftur.[76]

Hinn 11. júní 1819 setti Páll Melsteð sýslumaður aukarétt að Fossvöllum vegna landamerkjadeilu Hrafnabjarga og Hallgilsstaða/Hallgeirsstaða. Nánar er fjallað um málið í kaflanum um Hallgeirsstaði.[77]

Á manntalsþingi að Fossvöllum 29. maí 1834 var þinglýst lögfestu fyrir jörðinni Hrafnabjörgum. Bóndinn á Fossvöllum, sem átti land á móti Hrafnabjörgum,

---

[73] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 230.
[74] Skjal nr. 2 (252).
[75] Skjal nr. 2 (150) a-b.
[76] Skjal nr. 2 (152) a-b.
[77] Skjal nr. 2 (155) a-b.

var ósáttur við innihald lögfestunnar, sem ekki er getið, og því var ákveðið að skera úr um málið með áreið.[78] Ekki hafa fundist upplýsingar um þá áreið.

Landamerkjabréf fyrir Hrafnabjörg var útbúið og þinglesið hinn 21. júní 1884:

> Landamerki Hrafnabjarga eru þessi: Að framan ræður Laxá fram á móts við stóran stein á utanverðu Götuhrauni, úr þeim steini í Uppgöngu á Hrafnabjörgunum þvert upp af steininum, þaðan beina stefnu í Mjóavatnsenda fremri, og Skollagrenisásenda ytri á fjall upp, í lægð á fjallinu, í svo nefndum Fossárdrögum, þaðan beina stefnu til Kaldár; fyrir norðan Kaldá ræður Merargilsá fyrir utan Kaplatungu og þaðan beint í Smörfjöll; að norðan ráða Smjörfjöll eptir sem vötnum hallar; að utan ræður Klappará í Kaldá, þaðan beint í Þormóðará á fjallsbrún, þaðan ofan í vörðu á utanverðum Stóranúp og þaðan í stein á ytri Steinhöfða við Jökulsá; að austan ræður Jökulsá.[79]

Eigendur Hrafnabjarga, þeir Sigurður Sigurðsson og Þorst. Guðmundsson, skrifuðu undir bréfið. Þórarinn Þorkelsson, eigandi Hallgeirsstaða, og G. Snædal, í umboði hreppsnefndarinnar í Jökuldals- og Hlíðarhreppi (vegna Fossvalla), samþykktu landamerkjalýsinguna.

Landamerki Hrafnabjarga I og IV voru skráð á 20. öld, líklega á sjötta áratugnum. Þau voru eftirfarandi:

> Útskift land Hrafnabjarga IV takmarkast þannig. Að sunnan landamerkjalína Fossvalla og Hrafnabjarga frá Laxárós að Hrafnabjörgum. Að vestan Hrafnabjörg að fremri Klauf í Hrafnabjörgum. Að norðan lína hugsuð dregin beint um fremri Klauf á Kelduklett í Stóra Stein í Háholti í Bakkahvammi fremri við Jökulsá á Brú.
>
> Öll ónefnd hlunnindi eru óskift og njóta jarðirnar þeirra hlunninda í samræmi við eignarhlutföll sín.[80]

Undir skjalið skrifuðu Ragnar Jónasson, Guðmundur Björnsson og Jónas G. Þórarinsson.

Sjálfseignarjörðin Hrafnabjörg er metin á átján hundruð samkvæmt jarðamatinu 1804. Hún hefur skóg.[81]

Samkvæmt jarðamatinu frá 1849 á jörðin Hrafnabjörg „afrétt“ fyrir sig og getur léð öðrum fyrir 100 fjár. Hálendi er sagt blásið og í flög fallið.[82]

Í fasteignamatinu 1916–1918 segir að engjar séu á víð og dreif um allt landið, innan um bithaga, og jörðinni fylgi upprekstrarland fyrir afréttarfé ábúanda.[83]

---

[78] Skjal nr. 2 (159) a-b.
[79] Skjal nr. 2 (56).
[80] Skjal nr. 2 (57).
[81] Skjal nr. 2 (207) a-b.
[82] Skjal nr. 2 (146) a-b.
[83] Skjal nr. 2 (94).

Heimildir benda ekki til annars en samfelld búseta hafi verið á Hrafnabjörgum frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.

### 5.8. Fossvellir

Í *Sveitum og jörðum í Múlaþingi* er þetta sagt um Fossvelli m.a.:

> F eru landnámsjörð [...] Síðar varð jörðin Kristfjáreign og hreppseign Jökuldalshrepps til 1942 [...]
>
> Afbýli í Fossvallalandi voru [...] Fossvallasel, síðar Bugsel á Laxárdal, sem aflagðist sem býli 1746. Þar var síðar haft í seli. Nýbýlið Selland (sjá þar) var byggt úr landi F.
>
> F voru áður en Selland kom til sögu, innsti bær í Hlíð, og nær land frá Jökulsá upp á miðja Smjörvatnsheiði á Vopnafjarðarmörk. Þar er Beinavarða [...] Innri mörk (hreppamörk) við Hauksstaði liggja úr Illagilsósi við Jökulsá um Deild (smálæk), í línu um Búrfell (369 m) og Laxárdal þveran á Laxárdalshnúk (761 m), yfir Hnúksvatn, Fjórðungsöldu og nv. á heiðina (hæðartala á korti 744). Síðan nna. yfir Smjörfjallaskarð og upp á fjöllin. Mörkum við Hrafnabjörg er lýst þar.
>
> [...] Laxárdalur þykir kostaafrétt og var raunar byggður að fornu (sjá Jökuldalsjarðir).[84]

Fossvellir eru að sögn *Landnámu* landámsjörð Þorsteins torfa sem nam Jökulsárhlíð alla frá Ósfjöllum og upp til Hvannár.[85]

Fossvellir voru orðnir Kristfjárjörð árið 1367 samkvæmt Hítardalsbók.[86]

Fossvallasels er getið í manntalinu 1703.[87]

Fossvallasel, fjögur hundruð að dýrleika, er að finna á lista yfir eyðijarðir í fjórum þingsóknum Norður-Múlasýslu sem sýslumaður tók saman og birti á þingi 23. febrúar 1759. Fram kemur að flestar jarðir á listanum höfðu farið í eyði á hallærisárum sem hófust árið 1750.[88]

Á manntalsþingi við trébrúna á Fossvöllum 11. júlí 1808 var upplesin lögfesta Rustikusar Björnssonar sem dagsett var samdægurs fyrir kristfjár- og ábýlisjörð sinni Fossvöllum. Innihaldið er ekki tíundað en að upplestri loknum var lögfestan árituð og afhent Rustikusi.[89]

---

[84] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 234.
[85] Skjal nr. 4 (93).
[86] Skjal nr. 4 (62). Fossvöllum bregður einnig fyrir í Vilchinsmáldaga frá 1397, sbr. skjal nr. 4 (67) og máldaga Gísla Jónssonar biskups frá um 1570, sbr. 4 (88).
[87] *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 385.
[88] Skjal nr. 2 (149) a-b.
[89] Skjal nr. 2 (153) a-b.

Hinn 29. maí 1834, á manntalsþingi að Fossvöllum, var þinglýst lögfestu fyrir jörðinni Hrafnabjörgum. Bóndinn á Fossvöllum, sem átti land á móti Hrafnabjörgun, var ósáttur við innihald lögfestunnar, sem ekki er getið, og því var ákveðið að skera úr um málið með áreið.[90] Upplýsingar um þá áreið hafa ekki fundist.

Hinn 21. júní 1884 var skrifað undir landamerkjabréf fyrir jörðina Fossvelli. Bréfið var þinglesið samdægurs:

> Landamerki fyrir Fossvöllum eru þessi:
>
> Að utan úr stórum steini utanvert á Götuhrauni í Laxá; síðan ræður hún til Jökulsár; en úr þeim sama steini í Uppgöngu á [á, tvítekið] Hrafnabjörgunum þvert upp af steininum. Þaðan beina stefnu í Mjóavatnsenda fremri og Skollagrenisásenda ytri á fjall upp í lægð á fjallinu í svo nefndum Fossárdrögum. Þaðan beina stefnu til Kaldár. Síðan fyrir norðan Kaldá: Úr Merargilsá fyrir utan Kaplatungu beint norður á Smjörfjöll, síðan inn fjöllin, eptir sem vötn falla til Beinavörðu. Að framan úr Illalækjarós á mitt Búrfell, þaðan í há Laxárdalshnúk, þaðan í Beinavörðu.[91]

G.J. Snædal, p.t. (pro tempora) oddviti, skrifaði undir í umboði hreppsnefndarinnar en Fossvellir voru Kristfjárjörð í umsjá hreppsins. Einnig skrifuðu undir Sigurður Sigurðsson, eigandi Hrafnabjarga, og Guðmundur Pétursson, bóndi á Hauksstöðum.

Landamerkjabréf Fossvalla var útbúið 28. október 1921 og þinglesið hinn 21. júlí 1922:

> Landamerki Fossvalla, sem er eign Jökuldalshrepps, eru að innan úr Illalækjargilsós við Jökulsá í mitt Búrfell, þaðan í beinni línu í vörðu á Laxárdalshæðum, og frá henni í há-Laxárdalshnúk og beint til Miðheiðar.
>
> Að utan ræður Laxá úr ósnum inn á móts við stein yzt á Götuhrauni, þaðan eru merkin um Háhlíð, Urðargrenisás og Skollagrenisás í Fossárdrög, þaðan beint í Kaplagilsá.[92]

Undir bréfið skrifuðu Jón Jónsson, oddviti Jökuldalshrepps (Jökuldalshreppur átti þá Fossvelli), Gunnar Jónsson, ábúandi Fossvalla, og Pétur Guðmundsson (bóndi á Hauksstöðum). Það var samþykkt af Þórunni Þorkelsdóttur og Jóni Eiríkssyni (báðum á Hrafnabjörgum).

Fossvellir, sem eru metnir til tólf hundraða, nýta eyðijörðina Fossvallasel samkvæmt jarðamatinu 1804. Jörðin gefur tunnu af fjallagrösum, sem metin er á þrjátíu álnir og hún hefur skóg til umráða.[93]

---

[90] Skjal nr. 2 (159) a-b.
[91] Skjal nr. 2 (58).
[92] Skjal nr. 2 (59) a-b.
[93] Skjal nr. 2 (207) a-b.

*Jarðatal Johnsens* getur um eyðihjáleiguna Fossvallasel.[94] Í jarðamatinu frá 1849 kemur fram að jörðin Fossvellir eigi eyðibýlið Fossvallasel. Þar stendur einnig að jörðin eigi mikið land og „afrétt“ fyrir sjálfa sig sem hún geti miðlað öðrum af.[95]

Um Fossvelli segir í fasteignamati 1916–1918 að engjar séu sumpart langsóttar ef heyjað er í fjallinu og jörðinni fylgi upprekstrarland fyrir afréttarfé ábúanda.[96]

Heimildir benda ekki til annars en samfelld búseta hafi verið á Fossvöllum frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.

## 5.9. Hjarðarhagi

Hjarðarhaga er svo lýst í *Sveitum og jörðum í Múlaþingi*:

> Land H<jarðarhaga> eru um 8 km meðfram Jökulsá milli Teigarár skammt utan við bæinn og Ystu-Rjúkandi. Mörk við Skjöldólfsstaði liggja með síðarnefndu ánni í foss á heiðarbrún og þaðan nv. um Sandfellsklauf í Helluhraunsöxl. Þaðan ráða hreppamörk við Vopnafjörð í Tröllkarl 1½ km sv. af Grjótárvatni og þaðan við Hofteig sjónhending í Teigará og með henni í Jöklu niður.
>
> Að baki Bæjarfjalls er Hjarðarhagaheiði [...] Sunnan hennar eru flóar inn af Háfjalli og slægjulönd fyrr.[97]

Í sömu bók er lýsing á Hjarðargrund.:

> H er nýbýli á einum þriðja hluta Hjarðarhagalands, stofnað 1957. Býli er í útlandinu [...] Auk þess tilheyrir land til heiðar.[98]

Hjarðarhaga er getið í *Droplaugarsona sögu* sem ætluð hefur verið rituð á fjórum fyrstu áratugum 13. aldar.[99]

Hinn 16. febrúar 1546 seldi Ólafur Styrbjarnarson Bjarna Erlendssyni jörðina Hjarðarhaga í Hofteigskirkjusókn.[100]

Á manntalsþingi við trébrúna að Fossvöllum 11. júlí 1808 var lögfesta Eyjólfs Árnasonar fyrir eignar- og ábýlisjörð sinni Hjarðarhaga framlögð til birtingar í réttinum. Innihald téðrar lögfestu er ekki fært til bókar.[101]

Hinn 7. september 1844 var réttað í máli vegna nýbýlisins á Háreksstöðum: Vitnin, sex að tölu, höfðu öll dvalið langdvölum á Jökuldal. Bar þeim saman um að

---

[94] Skjal nr. 4 (1).
[95] Skjal nr. 2 (146) a-b.
[96] Skjal nr. 2 (94).
[97] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 259.
[98] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 260.
[99] *Austfirðinga sögur*, Íslenzk fornrit XI, bls. 168 og LXXXI.
[100] Skjal nr. 4 (79). Bréfið er skrifað ári síðar, þ.e. 1547.
[101] Skjal nr. 2 (168) a-b.

hafa heyrt að Skjöldólfsstaðir ættu land á móti Hjarðarhaga, Hofskirkju, Möðrudal og Arnórsstöðum. Fjórum bar saman um að mörk milli Hjarðarhaga og Skjöldólfsstaða væru úr Jökulsá í ysta Rjúkindafoss. Þaðan í Fremstuklauf á Saudafelli/Sandfelli, þaðan undir eða að Hellisöxl og þaðan í Geldingalæk. Önnur mörk vissu þau ekki eða voru ekki spurð út í.[102]

Hinn 30. október 1856 tók Þorsteinn Jónsson sýslumaður Háreksstaðamálið til dóms á ný fyrir aukarétti að Ketilsstöðum á Völlum. Þar lögsótti séra Einar Hjörleifsson í Vallanesi þá Jón Sölvason og Vigfús Pétursson á Hárekssstöðum til þess annað hvort að greiða sér hæfilega árlega landskuld eftir nýbýlið Háreksstaði sem hann taldi liggja í landeign eignarjarðar sinnar Skjöldólfsstaða eða að rýma jörðina á næstu fardögum eftir að dómur hefði fallið. Í málinu var m.a. borið vitni um að landamerki Skjöldólfsstaða, Arnórsstaða, Möðrudals, Hofskirkju (Steinvarartunga) og Hjarðarhaga ættu að liggja saman. Háreksstaðir lægju hins vegar mitt á milli þessara landeigna ef þeir tilheyrðu ekki einhverri þeirra en af þeim hefðu einungis Skjöldólfsstaðir gert tilkall til Háreksstaðalands. Nánar er fjallað um þetta mál í kaflanum um Háreksstaði.[103]

Um Hjarðarhaga segir m.a. í lýsingu Hofteigsprestakalls árið 1874:

> Í þurrkasumrum er heyskapur talsverður í heiðinni en fjarska erfiður sökum bratta og grófa.[104]

Landamerki fyrir Hjarðarhagalandi voru skráð 19. júní 1884. Tveimur dögum síðar var þeim þinglýst:

> Að utan milli Hjarðarhaga og Hofteigs ræður Teigará og síðan sjónhending í ytra Sandfellshorn; að framan úr Jökulsá í yzta Rjúkindarfoss, þaðan réttlínis í fremstu Klauf á Sandfelli.[105]

Sólveig Þórðardóttir eigandi Hjarðarhaga skrifaði undir bréfið. Það gerðu einnig Stefán Halldórsson prestur í Hofteigi og Jón Jónsson bóndi á Skjöldólfsstöðum.

Hinn 24. október 1921 var útbúið nýtt landamerkjabréf fyrir Hjarðarhaga. Því var þinglýst 27. júlí 1922:

> Að vestan úr Rjúkindarós í Rjúkindarfoss á brún. Þaðan beint í fremstu Sandfellsklauf.
>
> Að austan ræður Teigará frá Jökulsá til upptaka. Þaðan sjónhending í ysta Sandfellshorn.
>
> Að norðan ræður Miðheiði.[106]

---

[102] Skjal nr. 2 (175).
[103] Skjal nr. 2 (92) a-b.
[104] *Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874*, bls. 91.
[105] Skjal nr. 2 (1) a-b.
[106] Skjal nr. 2 (2).

Þorvaldur Benediktsson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það gerðu einnig Haraldur Þórarinsson, prestur í Hofteigi og Eiríkur Sigfússon á Skjöldólfsstöðum.

Hinn 10. nóvember 1958 seldi Páll Hjarðar Benedikt Þ. Hjarðar um 1/3 hluta úr jörðinni Hjarðarhaga sem fengið hafði nafnið Hjarðargrund. Um var að ræða úthluta jarðarinnar og voru landamerki hans sem hér segir:

> Úr Sandvík við Jökulsá fyrir utan og neðan Hjarðarhagabæ upp fyrir utan tún í stein utan við botn upp af bænum í Hjarðarhaga og svo í Sauðárkrók og þaðan í Sandfellsgreni. Úr Sandfellsgreni þvert á Sandfell. Að utan ráða núverandi landamerki Hjarðarhaga gagnvart Hofteigi, en þau eru þessi: Teigará ræður frá Jökulsá til upptaka. Þaðan sjónhending í yzta Sandfellshorn. Að norðan ræður Miðheiði.
>
> Jarðarparti þessum fylgja beitarhúsin, Dísastaðir og túnbali.[107]

Hjarðarhagi, sem metinn er á tíu hundruð, er bændaeign samkvæmt jarðamatinu 1804. Jörðin gefur fimm tunnur af fjallagrösum sem metnar eru á eitt hundrað og þrjátíu álnir.[108]

Jarðamat 1849 segir Hjarðarhaga hafa langsóttan heyskap uppi í heiði.[109]

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 stendur að nokkurn hluta heyskapar í Hjarðarhaga sé í fjall að sækja, sumarhagar séu góðir til fjalls og heiðar og nægilegt upprekstrarland fyrir afréttarfé ábúanda.[110]

Heimildir benda ekki til annars en samfelld búseta hafi verið á Hjarðarhaga frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.

## 5.10. Skjöldólfsstaðir

Umsögn um Skjöldólfsstaði í bókinni *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* er á þessa leið:

> S eru norðan Jökulsár, og nær landið milli Ystu-Rjúkandi og Gilsár, um 16 km löng og mjó spilda eftir undirlendinu. Landamörk við Arnórsstaði fylgja Gilsá upp á móts við Skjaldklofahorn fremra og áfram nv. í Eyktagnípu. Þaðan með hreppamörkum Jökuldalshrepps og Vopnafjarðar norður með Gestreiðarstaðakvísl langt til norðurs undir Kollseyruós í Hofsá. Síðan na. í norðurfót Geldingavatns og þá sa. á Helluhraunsöxl og sjónhending um Sandfellsklauf í efsta foss Ystu-Rjúkandi í heiðarbrún. Þessi landamörk eru samkvæmt korti, en ekki allra hyggju, t.d. er land Einarsstaða í Vopnafirði talið ná að Pyttá og munar þar 4–5 km frá því, sem hér er greint. Svipuðu máli gegnir um Hraunfell í Vopnafirði. Á 19. öld urðu landamerkjadeilur um

[107] Skjal nr. 2 (3).
[108] Skjal nr. 2 (207) a-b.
[109] Skjal nr. 2 (147).
[110] Skjal nr. 2 (93).

> heiðina í sambandi við byggðina þar. Þá er talið, að S hafi misst stykki til Hofs (býlið Mel), en hafa unnið spildu af Möðrudal, ef rétt er, að áreiðarmenn hafi „fært“ nafn Eyktagnípu af Þrívörðuhálsi þangað sem hún er nú sýnd.
>
> [...] Vestan Fellahlíðar voru þrjú heiðarbýli í landi S, Háreksstaðir, Hólmavatn norður við Langhólmavatn, byggt 1861–´62, og Lindasel vestur af Háfsvatni, byggt síðast heiðarbýlanna 1862–´63. Niðri á dal er býlið Gilsá, nú í eyði. Sigurðarsel er na. við Hnúk ofan brúna, selstöð og síðar beitarhús.[111]

*Sveitir og jarðir í Múlaþingi* segja einnig eftirfarandi um mörk Einarsstaða og Hraunfells í Vopnafirði og Skjöldólfsstaða:

> Innsti hluti Einarsstaða- og Hraunfellslands liggur 4-5 km suður fyrir Jökuldalsmörk, þar sem þau eru sýnd á korti og „skara“ því lönd þessara jarða og Skjöldólfsstaða sem því nemur.[112]

Skjöldólfsstaðir, sem *Landnáma* getur um, eru austan Jökulsár, í landnámi Skjöldólfs Vémundarsonar.[113]

Jón Guðmundsson minnist á Skjöldólfsstaðaveg og Skjöldólfsstaðamenn í vitnisburðarbréfi frá 6. desember 1532 um landamerki Möðrudals á Fjalli. Hann segir að þeir hafi verið ósamþykkir landamerkjum þeim sem faðir hans hélt fram en þau voru:

> [...] ad þeim læk sem fellur undan Sulundum ofan i Haulkná. sem rided er ofan i Vopnafiaurd. ok svo langt austur i heidina under þrivardna háls a Skioldolfstada veg. ok halft Seningarvatn. ok oll griotgardzvötn. ok framm a þrivardna fiallgard er stendur a hestleid.[114]

Jón segir að Skjöldólfsstaðamenn hafi verið ósáttir við að miðað væri við Þrívarðnaháls en þeir hafi aldrei gert neitt í því.

Eigandi Skjöldólfsstaða höfðaði mál gegn nýbýlingnum á Háreksstöðum árið 1844 fyrir að hafa leyfislaust tekið upp byggð þar. Stóð það mál heima í héraði með hléi til 1856 og endaði að lokum fyrir hæstarétti í Danmörku árið 1868. Rekur Halldór Stefánsson gang málsins heima í héraði stuttlega í *Austurlandi,* I. bindi,[115] en nánari grein fyrir málarekstrinum verður gerð í sérstökum kafla um Háreksstaði. Þó verður eftirfarandi tekið upp úr réttarhöldum á árunum 1844 og 1845:

Eftir að Jón Sölvason byggði Háreksstaði kom upp ágreiningur milli hans og eiganda Skjöldólfsstaða um rétt til landsins. Rak séra Einar Hjörleifsson málið fyrir hönd stjúpmóður sinnar, Margrétar Jónsdóttur, og síðar fyrir sjálfan sig sem eiganda Skjöldólfsstaða. Var þetta mál tekið nokkrum sinnum fyrir og hófst árið 1844.

---

[111] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 261 og 262.
[112] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 146.
[113] Skjal nr. 4 (93).
[114] Skjal nr. 4 (77).
[115] Halldór Stefánsson: „Jökuldalsheiðin og byggðin þar“, *Austurland. Safn austfirzkra fræða* I, bls. 238–243.

Sýslumaður, J. C. Voigt, hélt aukarétt að Fossvöllum 7. september 1844.[116] Þar lagði Einar Hjörleifsson fram eftirfarandi spurningar fyrir vitnin:

> 3. Witid þer Landamerki Jardarinar Skjoldolfsstada a Jokuldal?
>
> 4. Hvorra Jarda Land tekur vid umhverfis Skjoldolfsstada Land?
>
> 5. Hafid þer nockurntima heyrt ad a milli þessara Landeigna lægi nockurt plats nordur i Heidinni, sem enginn hefdi eignad sér, eda væri álitinn sem almenningur?
>
> 6. Hafid þer heyrt nockurn vafa á því ad gamla Eydibílid Harekstadir lægi i SkjoldolfsstadaLandi, fyrrenn Jon Sölvason og Solveig Huskona hans foru ad bera brygdur a þad?
>
> 7. hafid þer nockurntima heyrt ad Harekstadir hafi verid jörd utaf fyri sig, sem ekki hafi heyrt til Skjoldolfsstödum?
>
> 8. hafid þer ecki heyrt ad Skjoldolfsstada Egendur eda abuendur hafi notad sér þad Land sem tilheyrir [ofan línu, strikað yfir: liggur nærst] Eydibylinu Harekstödum, og til hvors hafa þeir notad þad?[117]

Vitnin, sex að tölu, höfðu öll dvalið langdvölum á Jökuldal. Bar þeim saman um að hafa heyrt að Skjöldólfsstaðir ættu land á móti Hjarðarhaga, Hofskirkju, Möðrudal og Arnórsstöðum. Fjórum bar saman um að mörk milli Hjarðarhaga og Skjöldólfsstaða væru úr Jökulsá í ysta Rjúkindafoss. Þaðan í Fremstuklauf á Sauðafelli/Sandfelli, þaðan undir eða að Hellisöxl og þaðan í Geldingalæk. Önnur mörk vissu þau ekki eða voru ekki spurð. - Milli Hofskirkjulands og Skjöldólfsstaða sögðu þrjú vitni nokkurn veginn samhljóða merkin vera: Úr Geldingalæk í Kolfinnulind undir Bruna og til vesturs frá Kolfinnulind í Sauðafellshorn og allan Háreksstaðaháls. Fjórða vitnið sagðist hafa heyrt að allur Vatnaflói lægi undir Skjöldólfsstaði. - Þeir sem nefndu mörk móti Möðrudal voru ekki fyllilega samhljóða: Einn sagði Háreksstaðahálsmörkin, annar að þau tækju við fyrir vestan Háreksstaðaháls og Skjöldólfsstaðir ættu allan hálsinn. - Hvar Arnórsstaðaland tæki við voru svörin óljós: Tvö virðast miða mörkin við beina stefnu frá Háreksstaðahálsi, uns Arnórsstaðamörk tækju við, þriðji benti á Hofteigsmáldaga frá 1454. Fjórði sagði þau frá Háreksstaðahálsi. Sá fyrsti sagði þau þá þaðan sem Lönguhlíðarlækur kæmi í önnur vötn (Lönguhlíðarlækur væri lækur sem félli fyrir austan Lönguhlíðarenda og svo út norður), þaðan í Skjaldklofa, svo að sjöunda Gilsárbug við Gilsá og síðan áin í Jökulsá. Annar nefndi Eyktargnípu, sem hann vissi ekki með vissu hvar var, og þaðan í austur í Lönguhlíðarlæk, þriðji var nokkurn veginn samhljóða þeim fyrsta en um merki úr Lönguhlíðarlæk í Skjaldklofa og áfram bar þeim öllum nær saman um.

[116] Skjal nr. 2 (175).
[117] Skjal nr. 2 (270) a-b.

Nokkrir báru að afi þeirra eða langafi, sem bjó á Skjöldólfsstöðum, hafi haft selför á Háreksstaði og grasatekja og álftaveiði hefði verið notuð í því landi og leyfð öðrum.[118]

Á þingi á Háreksstöðum 15. júlí 1845 voru vitni spurð m.a. um notkun á hinu umþrætta landi frá Skjöldólfsstöðum og hvað þau vissu um landamerki Skjöldólfsstaða. Nefndu þau örfá skipti, sem þau mundu um rótagröft, grasatekju, silungsveiði og leyfi til álftaveiða, eitt skipti hvert. Heyrt höfðu þau sagt að Háreksstaðir væru í Skjöldólfsstaðalandi en enga vissu höfðu þau fyrir því. Þau vitni, sem nefndu landamerki, bar nokkurn veginn saman við vitnin á Fossvallaþingi en sögðust enga vissu hafa fyrir þeim.[119]

Á þingi vegna Háreksstaðamáls 26. maí 1856 var lagður fram vitnisburður frá árinu 1532 um mörk Möðrudals og Sigurður Jónsson, eigandi Möðrudals, m.a. spurður hvort hann vissi enga sönnun fyrir því af skjölum Möðrudalskirkju að lönd Skjöldólfsstaða og Möðrudals hefðu í fyrndinni náð saman.[120] Sigurður svaraði því til að hann þekkti ekki önnur skjöl um það en vitnisburð frá 1532 áhrærandi landamerki Möðrudals en að auki hafði hann alla sína tíð heyrt að löndin næðu saman.[121]

Hinn 28. maí 1856 kvittar Jón Jónsson bóndi í Skjöldólfsstöðum Halldór Jónsson prófast á Hofi fyrir leigu tveggja undanfarinna ára eftir Grunnavatnsdal og þríhyrning fyrir framan Steinvarartungu sem nær til lands þess sem sumarið 1854 var útvísað Háreksstöðum.[122]

Í áreiðargjörð sem samin var vegna nýbýlisins Mela 22. ágúst 1857 kemur fram að skoðunarmennirnir mátu Mela til fimm hundraða. Þeir Halldór prófastur á Hofi og séra Einar Hjörleifsson í Vallanesi viðurkenndu að þar af væru fjögur hundruð úr landi Hofskirkju en séra Einar áleit að fimmta hundraðið væri úr eignarjörð sinni Skjöldólfsstöðum komið. Um nokkur ár hafði Hofsprestur goldið ábúanda Skjöldólfsstaða leigu fyrir þetta eina hundrað sem eignað var Skjöldólfsstöðum og takmarkaðist með eftirfarandi hætti:

> [...] úr fyrrgreindum ármótum [þ.e. Háreksstaða- og Gestreiðarstaðakvísla] í Skálafell að framan, eins og áður er sagt, og úr sömu ármótum í svo nefnt fremra Brunahorn að utan, og beina stefnu austur í Sauðá.[123]

Á manntalsþingi að Fossvöllum 25. júní 1866 útnefndi sýslumaður þá Jón Eyjólfsson á Hjarðarhaga, Kristján Kröyer hreppstjóra, Jón Pétursson á Hákonarstöðum og Jón Magnússon á Skeggjastöðum til þess að segja álit sitt á landakorti séra Einars Hjörleifssonar í Vallanesi. Umrætt landakort sýndi

---

[118] Skjal nr. 2 (175).
[119] Skjal nr. 2 (176).
[120] Skjal nr. 2 (287).
[121] Skjal nr. 2 (181). Í þessum vitnisburði eru mörkin haldin að læk, sem fellur undan Súlendum í Hölkná og svo langt austur í heiðina undir Þrívarðnaháls á Skjöldólfsstaðaveg, og hálft Seningavatn o.s.frv., sbr. skjal nr. 4 (77).
[122] Skjal nr. 2 (347) a-b.
[123] Skjal nr. 2 (346) a-b.

Háreksstaðaland og heiðarlöndin sem umkringja það. Fjórmenningarnir voru sammála um að landakortið væri eins nákvæmt og hægt væri.[124]

Hólmavatn var aðeins eitt ár í byggð, 1861–1862. Halldór Stefánsson segir það hafa verið í Skjöldólfsstaðalandi, vestan við Langhólmavatn í Vatnaflóa, sunnar en við mitt vatnið. Það hafi þó verið í Hofssókn og jafnvel talist til Vopnafjarðarhrepps.[125]

Lindasel í Skjöldólfsstaðalandi var byggt árið 1862. Stóð byggðin aðeins eitt ár. Lindasel var við Háreksstaðakvísl inn undir sporði Þrívörðuháls.[126]

Í lýsingu Hofteigsprestakalls árið 1874 segir um Skjöldólfsstaði:

> Þetta er einhver mesta heyskaparjörðin í sveitinni; allt fjallið er grasivaxið upp á heiðarbrún og þar taka við grösugir flóar inn með Gilsárgilinu.[127]

Landamerkjabréf fyrir jörðina Skjöldólfsstaði, sem er ódagsett, var þinglesið 21. júní 1884:

> Að utanverðu úr Jökulsá í yztu Rjúkindárfoss, þaðan réttlínis í fremstu Klauf á Sandfelli, þaðan í Hellisöxl og þaðan í Geldingalæk, sem rennur úr Geldingavatni í Tunguá; að vestan verðu frá Geldingalæk inn eptir allri Fellnahlíð í Skjaldklofa; að sunnanverðu úr Skjaldklofa í sjöunda Gilsárbug og þaðan eptir Gilsá til Jökulsár.[128]

Jón Jónsson, bóndi á Skjöldólfsstöðum, skrifaði undir bréfið. Þorfinnur Þórðarson, fyrir hönd Hjarðarhagaeiganda, og Stefán Halldórsson, prestur í Hofteigi (vegna Arnórsstaða), skráðu nöfn sín einnig á það.

Einar sýslumaður Thorlacius setti aukarétt á Gestreiðarstöðum 17. júlí 1884. Þangað mætti Methúsalem Einarsson, eigandi Brunahvamms, gegn Stefáni Einarssyni, eiganda Möðrudals, út af ágreiningi um landamerki. Umboðsmaður sækjanda lagði nokkur skjöl inn fyrir réttinn og að auki var lögð fram sáttagjörð þar sem Jón Jónssonhreppstjóri á Skjöldólfsstöðum gerði tilkall til þess lands sem ágreiningurinn stóð um. Nánar er fjallað um þetta mál í kaflanum um Möðrudal.[129]

Methúsalem Einarsson á Bustarfelli seldi Jóni Jónssyni á Skjöldólfsstöðum hluta jarðarinnar Bustarfells 13. júlí 1894. Hið selda land tengdist býlunum Fögrukinn og Gestreiðarstöðum. Í afsalsbréfinu kemur eftirfarandi fram:

> Eg Metusalem Einarsson eptirlæt hjermeð og afsala frá Eignarjörð minni Bustarfelli í Vopnafirði öllu því landi austan Gestreiðarstaðakvísla, sem

---

[124] Skjal nr. 2 (188) a-b.
[125] Halldór Stefánsson: „Jökuldalsheiðin og byggðin þar“, bls. 160, 168, 195–196.
[126] Halldór Stefánsson: „Jökuldalsheiðin og byggðin þar“, bls. 155, 168, 196–197.
[127] *Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 90.
[128] Skjal nr. 2 (7).
[129] Skjal nr. 2 (216) a-b.

> áðurnefndri eignarjörð minni Bustarfelli var tildæmt með landamerkjadómi milli hennar og Möðrudals dagsettum 13 Juli 1892.[130]
>
> Skal því hjereptir áðurnefnd Gestreiðarstaðakvísl vera einustu landamerki milli jarðanna Bustarfells í Vopnafirði, og Skjöldulfsstaða í Jökuldal, svo lengi, sem hún fellur í þeim sama farvegi, er nú fellur hún, og allt land austan hennar, sem með áðurnefndum landamerkjadómi er tildæmt Bustarfelli vera landareign Skjöl<d>úlfsstaða óátalið af mjer og mínum erfingjum.
>
> Eg Jón Jónsson skuldbind mig aptur á móti til að greiða Metusalem Einarssyni einn þriðjung þess kostnaðar er málssókn hans við eiganda Möðrudals hefur bakað honum.[131]

Afsalið var lesið á manntalsþingi á Skjöldólfsstöðum 8. júní 1895.

Hinn 24. október 1921 var útbúið landamerkjabréf fyrir Skjöldólfsstaði og Háreksstaði. Því var þinglýst 27. júlí 1922:

> Að vestan úr Gilsárós í 9. Gilsárbug niður af fremra Skjaldklofahorni, þaðan í fremra Skjaldklofahorn, þaðan beint í Eyktagnýpu.
>
> Að austan úr ysta Rjúkindarós í Rjúkindarfoss í brún, þaðan beint í fremstu Sandfellsklauf, þaðan út norðan á Sandfelli í Helluhraunsöxl, þaðan norðvestur í syðri Geldingalæk, þaðan sjónhending í Kolfinnulind á Sauðardal og í Brunahorn og í 3. bug Hofsár.[132]

Eiríkur Sigfússon skrifaði undir bréfið. Það gerðu einnig Einar Jónsson á Hofi (væntanlega vegna Steinvarartungu) og Þorvaldur Benediktsson í Hjarðarhaga.

Landskipti fóru fram á Skjöldólfsstöðum árið 2001. Af landskiptagerð kemur fram að landamerkjum Skjöldólfsstaða og Hraunfells og Einarsstaða beri ekki saman. Má skilja af landskiptagerðinni að sátt hafi náðst um landamerkin en ekki kemur fram hvernig.[133]

Skjöldólfsstaðir, sem metnir eru á tuttugu hundruð, eru bændaeign samkvæmt jarðamatinu 1804. Jörðin gefur tíu tunnur af fjallagrösum sem metnar eru á tvö hundruð og sextíu álnir og þar er silungsveiði.[134]

Samkvæmt jarðamatinu 1849 hafa Skjöldólfsstaðir „afrétt“ fyrir sig og töluverðan útheyskap.[135]

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 segir að Skjöldólfsstaðir eigi upprekstrarland fyrir nokkru meira en afréttarfé ábúanda (500 fjár) en engar sérstakar

---

[130] Skjal nr. 2 (22). (Mál 3/2005). Dagsetningin er röng, á að vera 13.9.1892.
[131] Skjal nr. 2 (22). (Mál 3/2005).
[132] Skjal nr. 2 (8) a-b.
[133] Skjal nr. 17 (11).
[134] Skjal nr. 2 (207) a-b.
[135] Skjal nr. 2 (147) a-b.

tekjur hafi það gefið af sér. Silungsveiði er töluverð í vötnum norður í Jökuldalsheiði en hefur ekki verið notuð. Engjar eru um allt land jarðarinnar.[136]

Heimildir benda ekki til annars en samfelld búseta hafi verið á Skjöldólfsstöðum frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.

## 5.11. Háreksstaðir

Um Háreksstaði segja *Sveitir og jarðir í Múlaþingi*:

> H<áreksstaðir> eru taldir fornbýli. Bærinn stóð 4-5 km austur af Gestreiðarstöðum, austan í Háreksstaðahálsi og í 482 m hæð yfir sjó [...]
>
> H er elsta býli í heiðinni, stofnað 1841.[137]

Háreksstaðir eru nefndir í skýrslu Hofsprests til Sveins Pálssonar um eyðibýli í Vopnafirði árið 1794. Þeir eru þar taldir meðal eyðihjáleigna sem enginn vissi hvenær fóru í eyði.[138]

Háreksstaðir byggðust árið 1841 og voru í ábúð nær samfellt til 1924. Hafa menn giskað á, út frá nafninu, að þarna hafi verið fornbýli.[139]

Eigandi Skjöldólfsstaða höfðaði mál gegn nýbýlingnum á Háreksstöðum árið 1844 fyrir að hafa leyfislaust tekið upp byggð þar. Stóð það mál heima í héraði með hléi til 1856. Rekur Halldór Stefánsson það stuttlega í *Austurlandi,* I. bindi,[140] en hér á eftir verður gerð frekari grein fyrir málarekstrinum.

Eftir að Jón Sölvason byggði Háreksstaði kom upp ágreiningur milli hans og eiganda Skjöldólfsstaða um rétt til landsins. Rak séra Einar Hjörleifsson málið fyrir hönd stjúpmóður sinnar, Margrétar Jónsdóttur, og síðar fyrir sjálfan sig sem eiganda Skjöldólfsstaða. Var þetta mál tekið nokkrum sinnum fyrir og hófst árið 1844.

Sýslumaður, J. C. Voigt, hélt aukarétt að Fossvöllum 7. september 1844.[141] Þar lagði Einar Hjörleifsson eftirfarandi spurningar fyrir vitnin:

> 1. Hvar erud þer uppalinn og hvar verid lengst æfi idar?
>
> 2. Hve gamall erud þer nu?
>
> 3. Witid þer Landamerki Jardarinar Skjoldolfsstada a Jokuldal?
>
> 4. Hvorra Jarda Land tekur vid umhverfis Skjoldolfsstada Land?

---

[136] Skjal nr. 2 (93).
[137] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 264–265.
[138] Skjal nr. 2 (257), sbr. nr. 2 (255). (Mál 3/2005).
[139] Halldór Stefánsson: „Jökuldalsheiðin og byggðin þar", bls. 169, 183–185, 202–203, 219–200.
[140] Halldór Stefánsson: „Jökuldalsheiðin og byggðin þar", bls. 238–243.
[141] Skjal nr. 2 (175).

5. Hafid þer nockurntima heyrt ad a milli þessara Landeigna lægi nockurt plats nordur i Heidinni, sem enginn hefdi eignad sér, eda væri álitinn sem almenningur?

6. Hafid þer heyrt nockurn vafa á því ad gamla Eydibílid Harekstadir lægi i SkjoldolfsstadaLandi, fyrrenn Jon Sölvason og Solveig Huskona hans foru ad bera brygdur a þad?

7. hafid þer nockurntima heyrt ad Harekstadir hafi verid jörd utaf fyri sig, sem ekki hafi heyrt til Skjoldolfsstödum?

8. hafid þer ecki heyrt ad Skjoldolfsstada Egendur eda abuendur hafi notad sér þad Land sem tilheyrir [ofan línu, strikað yfir: liggur nærst] Eydibylinu Harekstödum, og til hvors hafa þeir notad þad?[142]

Vitnin, sex að tölu, höfðu öll dvalið langdvölum á Jökuldal. Bar þeim saman um að hafa heyrt að Skjöldólfsstaðir ættu land á móti Hjarðarhaga, Hofskirkju, Möðrudal og Arnórsstöðum. Fjórum bar saman um að mörk milli Hjarðarhaga og Skjöldólfsstaða væru úr Jökulsá í ysta Rjúkindafoss. Þaðan í Fremstuklauf á Saudafelli/Sandfelli, þaðan undir eða að Hellisöxl og þaðan í Geldingalæk. Önnur mörk vissu þau ekki eða voru ekki spurð. - Milli Hofskirkjulands og Skjöldólfsstaða sögðu þrjú vitni nokkurn veginn samhljóða merkin vera: Úr Geldingalæk í Kolfinnulind undir Bruna og til vesturs frá Kolfinnulind í Sauðafellshorn og allan Háreksstaðaháls. Fjórða vitnið sagðist hafa heyrt að allur Vatnaflói lægi undir Skjöldólfsstaði. - Þeir, sem nefndu mörk móti Möðrudal, voru ekki fyllilega samhljóða: Einn sagði Háreksstaðaháls mörkin, annar að þau tækju við fyrir vestan Háreksstaðaháls og Skjöldólfsstaðir ættu allan hálsinn. - Hvar Arnórsstaðaland tæki við voru svörin óljós: Tvö virðast miða mörkin við beina stefnu frá Háreksstaðahálsi, uns Arnórsstaðamörk tækju við, þriðji benti á Hofteigsmáldaga frá 1454. Fjórði sagði þau frá Háreksstaðahálsi. Sá fyrsti sagði þau þá þaðan sem Länguhlíðarlækur kæmi í önnur vötn (Lönguhlíðarlækur væri lækur sem félli fyrir austan Lönguhlíðarenda og svo út norður), þaðan í Skjaldklofa, svo að sjöunda Gilsárbug við Gilsá og síðan áin í Jökulsá. Annar nefndi Eyktargnípu sem hann vissi ekki með vissu, hvar var og þaðan í austur í Lönguhlíðarlæk, þriðji var nokkurn veginn samhljóða þeim fyrsta, en um merki úr Lönguhlíðarlæk í Skjaldklofa og áfram bar þeim öllum nær saman. Nokkrir báru að afi þeirra eða langafi, sem bjó á Skjöldólfsstöðum, hefði haft selför á Háreksstaði og grasatekja og álftaveiði hefði verið notuð í því landi og leyfð öðrum.[143]

Á þingi á Háreksstöðum 15. júlí 1845 voru vitni spurð m.a. um notkun á hinu umþrætta landi frá Skjöldólfsstöðum og hvað þau vissu um landamerki Skjöldólfsstaða. Nefndu þau örfá skipti, sem þau mundu, um rótagröft, grasatekju, silungsveiði og leyfi til álftaveiða, eitt skipti hvert. Heyrt höfðu þau sagt að

[142] Skjal nr 2 (270) a-b.
[143] Skjal nr. 2 (175).

Háreksstaðir væru í Skjöldólfsstaðalandi en enga vissu höfðu þau fyrir því. Þau vitni, sem nefndu landamerki, bar nokkurn veginn saman við vitnin á Fossvallaþingi en sögðust enga vissu hafa fyrir þeim.[144]

Hinn 11. nóvember 1845 setti J. P. Havstein sýslumaður aukarétt að Ketilsstöðum á Völlum í máli sem séra Einar Hjörleifsson á Dvergasteini, fyrir hönd Margrétar Jónsdóttur eiganda Skjöldólfsstaða, höfðaði gegn Jóni Sölvasyni áhrærandi eignarrétt til Háreksstaða. Réttarkrafa séra Einars var sú að Háreksstaðir yrðu dæmdir eign Skjöldólfsstaða, Jón Sölvason sektaður fyrir ólöglega aðtekt á býlinu auk óþarfa þrætugirni og honum gert að greiða málskostnað. Síðar mun séra Einar hafa breytt kröfu sinni þannig að Jón yrði dæmdur til þess að svara Margréti Jónsdóttur öllum leiguliðaskyldum samkvæmt nýbýlatilskipuninni, greiða sekt fyrir óþarfa þrætugirni og borga málskostnað. Réttarkrafa Jóns Sölvasonar var hins vegar sú að vera dæmdur sýkn af ákærum séra Einars og honum gert að greiða sekt fyrir óþarfa þrætugirni og borga málskostnað. Einnig vildi hann að sér sem nýlendumanni yrði dæmdur eignarréttur til Háreksstaða samkvæmt 11. grein nýbýlatilskipunarinnar frá 15. apríl 1776.

Rétturinn gat ekki fallist á upprunalega kröfu sækjanda um að Háreksstaðir skyldu dæmdir eign Skjöldólfsstaða því að engin eignarskjöl hefðu komið fram því til stuðnings þó svo að Háreksstaðir kynnu forðum að hafa verið í byggð. Ekki væri heldur neinar upplýsingar þar að lútandi að finna í afsals- og veðmálabókum lögdæmisins nema hvað að sjá mætti að konungsleyfis hafi verið aflað til þess að gefa út almenna stefnu en svo langt væri síðan að stefnandi hefði ekki einu sinni stefnt þeim jarðeigendum sem lönd ættu í grennd við Háreksstaði. Hvað seinni kröfu sækjanda varðaði um að Jóni Sölvasyni yrði gert að svara Skjöldólfsstaðaeiganda öllum leiguliðagjöldum samkvæmt nýbýlatilskipuninni þá gat rétturinn ekki fallist á hana. Ástæðan var sú að enn hefði engin slík gerð, sem nýbýlatilskipunin kvað á um, farið fram að boði amtmanns. En á meðan regluleg útvísunar- og útmælingargerð hefði ekki farið fram væri réttarstaða hins stefnda, bæði almennt séð og í tilliti til eiganda landsins sem hann óskaði að fá til byggingar, svo óákvörðuð að rétturinn gat ekki kveðið upp úr um skyldur hans sem nýlendumanns.

Rétturinn taldi að úr því að þannig væri ástatt væri lítil þörf á að rannsaka og sanna með lögum hvort Háreksstaðir lægju í landi Skjöldólfsstaða eða ekki. Hvað kröfur Jóns Sölvasonar snerti taldi rétturinn ekki koma til álita að honum yrði dæmdur nýlendumanna réttur til Háreksstaða samkvæmt 11. grein nýbýlatilskipunarinnar því hann hefði ekki tekið út gagnstefnu. Aukinheldur væri það ekki hlutverk dómstóla heldur háyfirvalda að veita slík réttindi. Krafa hans um að sekta sækjanda fyrir óþarfa þrætugirni var talin rakalaus og því vísað frá.[145]

---

[144] Skjal nr. 2 (176).
[145] Skjal nr. 2 (179) a-b.

Pétur Havsteen sýslumaður skrifaði Grími Jónssyni amtmanni 24. mars 1849. Þar segir hann að við embættistöku sína hefðu þegar nokkrir nýbyggjarar verið búnir að setja sig niður í Möðrudalsheiði, þ.e.a.s. í fjalllendi það sem lægi milli Möðrudals, Vopnafjarðar og Jökuldals. Fjöldi nýbýla hafi aukist þar hratt á undanförnum árum og séu þau nú um átta talsins. Fimm þeirra, þ.e. Sænautasel, Gestreiðarstaðir, Veturhús, Hneflasel og Fagrakinn, séu reist í ómótmælanlegri landeign áður byggðra jarða. Ábúendur þessara jarða greiði árlegt eftirgjald til eigenda þeirra en því sé ekki að skipta varðandi Háreksstaði, Rangárlón og Mela.[146]

Grímur amtmaður skrifaði Pétri sýslumanni 23. apríl 1849 þar sem hann segist hafa fengið mánuðinn áður bréf frá átta mönnum sem kölluðu sig nýbyggjara í Skjöldólfsstaðaheiði. Amtmaður nafngreinir menninna og voru þeir ábúendur þeirra jarða sem sýslumaður nefndi í bréfi sínu 24. mars 1849. Áttmenningarnir fóru fram á að amtmaður hlutaðist til um að þeim yrði útmælt land til þeirra nýbýla sem þeir sögðust hafa upptekið. Eftir að hafa kynnt sér bréf sýslumanns bað Grímur amtmaður hann að tilkynna áttmenningunum svohljóðandi svar sitt við bón þeirra:

> Ad öll þessi svokölludu nýbýli séu uppbygd annadhvurt í efalausri landareign annara jardeigenda ellegar í þrætuplátsum, sem fleyri vilja eigna sér,
>
> Ad amtid þessvegna ekki géti álitid tilskipun 15da April 1776. ad eiga vid þetta málefni,
>
> Ad einginn þessara manna hafi præsterad þá skilmála sem nefnd tilskipun í §§ 1 til 10 hefir fyrirlagt,
>
> Ad amtid ekki géti sannfært sig um ad slíkir heidarbúar, sem ekki einasta vilja vera fríir vid allar borgaralegar skyldur, heldur ödlast öll borgaraleg réttindi, géti verid landinu til sannrar uppbyggingar og nota, og
>
> Ad amtid þessvegna ekki álíti sig competent til ad gjöra radstöfun um útmælíngu og útskiptíngu lands til þessara heidarbýla, hvarum vidkomendur verda ad koma sér saman vid hlutadeigandi eignarmenn, edur þá sem gjöra tilkall til eignanna.[147]

Þorsteinn Jónsson sýslumaður var mættur að Háreksstöðum í svokallaðri Skjöldólfsstaðaheiði 2. september 1854 til þess að stýra áreiðar- og skoðunargjörð til útvísunar á nýlendi á hið svokallaða Háreksstaðaland eftir skipun Norður- og Austuramtsins frá 14. febrúar sama árs. Landeigendur og ábúendur aðliggjandi jarða höfðu verið boðaðir til útvísunarinnar. Einar prestur Hjörleifsson í Vallanesi, eigandi

---

[146] Skjal nr. 2 (253) a-b. Pétur Havsteen var sýslumaður í Norður-Múlasýslu frá 25. apríl 1845 en hann varð amtmaður í Norður- og Austuramti 16. maí 1850, sbr. Páll Eggert Ólason: *Íslenzkar æviskrár frá landnámstíð til ársloka 1940* IV, bls. 158. Grímur Jónsson var amtmaður að norðan og austan í seinna skiptið frá 27. maí 1842 og til dauðadags 7. júní 1849, sbr. Páll Eggert Ólason: *Íslenzkar æviskrár* II, bls. 102.

[147] Skjal nr. 2 (254).

Skjöldólfsstaða, lagði fram skjal dagsett samdægurs og tvær útskriftir af vitnaleiðslum varðandi eignarrétt hans til Háreksstaðalands. En hann taldi Háreksstaði liggja innan takmarka Skjöldólfsstaðalands og áskildi sér því óskertan rétt hvað það varðar óháð útvísunargjörðinni því hann áleit að fyrrnefnd skjöl myndu sanna eignarrétt sinn til Háreksstaða.

Að aflokinni áreið ákváðu skoðunarmennirnir að hentugast væri að úthluta nýbýlinu Háreksstöðum landi á eftirfarandi hátt:

> [...] úr ármótum Háreksstada- og Gestreidarstadakvíslar austur beint í Saudafell, þadan sömu stefnu í Skálafell; Þá í sudur eptir Fellnahlýd og á Skjaldklofa, þar sem Arnórsstada land tekur vid. Rædur þá Arnórsstada land ad framan allt vestur ad Mödrudals landamerkjum, sem þadan ráda ad vestan til fyrrnefndra ármóta.[148]

Landið innan ofangreindra takmarka töldu skoðunarmennirnir samsvara meðalstórri jörð og var dýrleiki þess metinn til sex hundraða og landskuld ákveðin 12 ríkisdalir. Tekið var fram að Jón Sölvason sem stofnað hafði nýbýlið fyrir þrettán árum og óskað eftir umræddri útvísunar- og skoðunargerð hefði reist öll bæjar- og útihús á jörðinni á eigin kostnað og í ár hefði túnið gefið af sér 20 hesta af töðu. Að áliti skoðunarmanna ætti jörðin að bera 100–150 fjár, eina kú og 6–8 hesta í meðalári. Því næst var ofangreindu landi úthlutað Jóni Sölvasyni sem nýbýli samkvæmt nýbýlatilskipuninni en með geymdum óskertum rétti Skjöldólfsstaðaeiganda. Undir þessa útvísunar- og skoðunargjörð settu eftirfarandi menn nöfn sín: Þorsteinn Jónsson sýslumaður, Jón Jónsson, Einar Einarsson gullsmiður á Bustarfelli, Jón Sölvason á Háreksstöðum, Ásbjörn Jónsson, Jón Jónsson, séra Einar Hjörleifsson, Sigurður Jónsson í Möðrudal, H. Jónsson, Th. Arnórsson, Jónatan Pétursson, Vigfús Pétursson og Jón Sölvason handsalaði og sem vottar þeir G. Vigfússon og Jón Stefánsson.

Amtmaður í Norður- og Austuramti gaf Jóni Sölvasyni nýbyggjarabréf fyrir hinu útmælda landi 14. október 1854, þó að geymdum óskertum rétti eiganda jarðarinnar Skjöldólfsstaða að öllu leyti til nýbýlisins.[149]

Háreksstaðamálið var tekið fyrir að nýju árið 1856. Á þingi 26. maí þ.á. var lagður fram vitnisburður frá árinu 1532 um mörk Möðrudals og Sigurður Jónsson eigandi Möðrudals m.a. spurður hvort hann vissi enga sönnun fyrir því af skjölum Möðrudalskirkju að lönd Skjöldólfsstaða og Möðrudals hefðu í fyrndinni náð saman.[150] Sigurður svaraði því til að hann þekkti ekki önnur skjöl um það en vitnisburð frá 1532 áhrærandi landamerki Möðrudals en að auki hafði hann alla sína tíð heyrt að löndin næðu saman. [151]

---

[148] Skjal nr. 2 (180) a-b.
[149] Skjal nr. 2 (289).
[150] Skjal nr. 2 (287).
[151] Skjal nr. 2 (181) Í þessum vitnisburði eru mörkin haldin að læk, sem fellur undan Súlendum í Hölkná og svo langt austur í heiðina undir Þrívarðnaháls á Skjöldólfsstaðaveg, og hálft Seningavatn o.s.frv., sbr. skjal nr. 4 (77).

Hinn 28. maí 1856 kvittar Jón Jónsson, bóndi í Skjöldólfsstöðum, Halldór Jónsson, prófast á Hofi í Vopnafirði, fyrir leigu tveggja undanfarinna ára eftir Grunnavatnsdal og þríhyrning fyrir framan Steinvarartungu sem nær til lands þess sem sumarið 1854 var útvísað Háreksstöðum.[152]

Þrjú vitni úr Vopnafirði voru kölluð fyrir rétt 12. ágúst 1856 varðandi áframhald Háreksstaðamáls. Voru m.a. eftirfarandi spurningar lagðar fyrir þau: 1) hvað landið sem lægi inn af Steinvarartungu kallaðist, 2) hvort þau vissu landamerki milli Skjöldólfsstaða og Einarsstaða í Vopnafirði, 3) hvort þau hefðu gert fjallskil í landinu árlega, 4) hvort það hefði verið með vitund Skjöldólfsstaðabónda, 5) hvort ábúendur eða eigendur Skjöldólfsstaða hefðu helgað sér landið með rækt eða notkun.[153] 1) Öll vitni sögðu Tunguheiði, 2) um það vissu þau ekkert, 3) og 4) svöruðu þau játandi. Enginn hafði greitt hagbeitartoll til Skjöldólfsstaðaábúanda. Enginn vissi til hins fimmta. Öll höfðu heyrt að Háreksstaðir væru í Skjöldólfsstaðalandi.[154]

Hinn 30. október 1856 tók Þorsteinn Jónsson sýslumaður Háreksstaðamálið til dóms á ný fyrir aukarétti að Ketilsstöðum á Völlum. Þar lögsótti séra Einar Hjörleifsson í Vallanesi þá Jón Sölvason og Vigfús Pétursson á Háreksstöðum til þess annað hvort að greiða sér hæfilega árlega landskuld eftir nýbýlið Háreksstaði sem hann taldi liggja í landeign eignarjarðar sinnar, Skjöldólfsstaða, eða að rýma jörðina á næstu fardögum eftir að dómur hefði fallið í málinu. Seinna í sóknarskjali frá 5. júlí 1856 fór hann fram á að sér yrði greidd landskuld frá 14. október 1854 en þá hafði Jón Sölvason öðlast nýbýlisréttindi. Á meðal réttarkrafna hinna stefndu var að aukaréttardómur frá 11. nóvember 1845 í máli þessu fengi að standa óhaggaður og nýr dómur ekki kveðinn upp í því.

Um málsatvik segir m.a.: Stuttu eftir að aukadómurinn féll andaðist Margrét Jónsdóttir og var sækjandi því sem erfingi hennar orðinn einn eigandi að Skjöldólfsstöðum. Frá því dómurinn var kveðinn upp hafði hann reynt að afla eignarskjala fyrir Skjöldólfsstöðum og skriflegra skírteina um Háreksstaði en ekkert orðið ágengt. Einnig mun Jón Sölvason sem hafði um hríð verið búlaus á Háreksstöðum eftirlátið Vigfúsi Péturssyni ábúð sína þar.

Rétturinn hafnaði kröfu hinna stefndu um frávísun málsins því að dómurinn frá 11. nóvember 1845 hefði einungis lotið að meðferð málsins en ekki tekið á sjálfu málsefninu en sú stefna sem gefin var út 5. ágúst 1854 til allra hlutaðeigandi aðila réði bót á fyrrnefndum formgalla. Einnig er þess getið að í nýbyggjarabréfi Jóns Sölvasonar komi fram að Skjöldólfsstaðaeiganda sé geymdur réttur til Háreksstaðalands.

Krafa hinna stefndu byggðist á því að það landsvæði sem kallaðist Háreksstaðaland væri almenningur sem enginn ætti og Jón Sölvason hefði eignast

---

[152] Skjal nr. 2 (347) a-b.
[153] Skjal nr. 2 (293).
[154] Skjal nr. 2 (184).

landið eftir að hafa hlotið nýbýlisréttindi þar samkvæmt nýbýlatilskipuninni. Undir þetta gat rétturinn ekki tekið því að sannað þótti samkvæmt framburði vitna að eigandi og ábúandi Skjöldólfsstaða hefði verið spurður leyfis af þeim sem vildu nota sér Háreksstaðaland. Það hafi því verið almennt álitið að hann réði fyrir landinu og höfðu vitnin ekki heyrt annað en Háreksstaðir heyrðu undir Skjöldólfsstaði og væru ekki almenningur. Enda hefði ekki verið sannað að fénaður hefði nokkru sinni verið rekinn á það land úr nærliggjandi sveitum, þ.e. Jökuldal eða Vopnafirði, þó svo að fé Vopnfirðinga sem hefði verið rekið á Steinvarartungu, landsvæði Hofskirkju, hefði oft ráfað í Háreksstaðaland sem lægi til móts við Hofskirkjuland þeim megin. Að mati réttarins væri heldur enga ályktun hægt að draga af því að Vopnfirðingar hefðu leitað refa í Háreksstaðalandi fyrst fé þeirra gekk þar stundum. Einnig mætti reikna með að Skjöldólfsstaðamenn tækju grenjaleit og haustheimtum Vopnfirðinga þar fagnandi vegna þess hversu langt landið lægi norður í heiði.

Jafnframt hefðu hinir stefndu haldið því fram að Háreksstaðir hefðu verið sérstök jörð. Rétturinn taldi það þó með öllu ósannað og að ekki hafi einu sinni verið sýnt fram á að þar hefði nokkurn tíma verið byggt ból. Þó svo að nafnið gæfi til kynna að í fyrndinni hefði búið þar einhver Hárekur þá væri ekkert á því byggjandi. Í málinu hefði sömuleiðis verið borið vitni um að landamerki Skjöldólfsstaða, Arnórsstaða, Möðrudals, Hofskirkju (Steinvarartunga) og Hjarðarhaga ættu að liggja saman. Háreksstaðir lægju hins vegar mitt á milli þessara landeigna, ef þeir tilheyrðu ekki einhverri þeirra, en af þeim hefðu einungis Skjöldólfsstaðir gert tilkall til Háreksstaðalands.

Hvað varðaði fullyrðingar um að landið hafi verið lítið notað frá Skjöldólfsstöðum þá sýndi framburður vitna fram á nokkra notkun landsvæðisins. Þannig hafi það verið léð ýmsum til grasatekju auk álfta- og silungsveiði. Einnig sýndi skjal frá 28. maí 1856 að Hofsprestur hefði um tveggja ára skeið leigt landskika af Skjöldólfsstöðum fyrir geldfé sitt yfir sumarið en sá skiki lægi milli Steinvarartungu og hins útmælda lands Háreksstaða. Náttúrulegar ástæður lægju enn fremur að baki lítilli notkun, nefnilega fjarlægðin en Háreksstaðaland lægi mjög langt til heiða fjarri hinu eiginlega heimalandi Skjöldólfsstaða og væri aukinheldur mjög víðlent.

Hinir stefndu höfðu enn fremur bent á að mjög ólíklegt yrði að teljast að Skjöldólfsstaðir ættu land bak við land þeirra manna er áttu jarðir þar umhverfis og sjálfir ættu ekki nema svo og svo langt til heiðar. Rétturinn taldi hins vegar að ekkert væri á þessu byggjandi eftir framkomnum vitnisburðum auk þess sem það þekktist víða um land að jarðir ættu lönd nærri því innan um annarra manna lönd svo ekki væri minnst á ítök.

Að öllu ofangreindu samanlögðu og samkvæmt 52. kafla landsleigubálks *Jónsbókar* gat rétturinn ekki séð að hinir stefndu, sem enn höfðu ekki tekið út gagnstefnu, gætu álitist eiga nokkurn rétt á nýbýlinu Háreksstöðum annan en þann

sem nýbyggjarabréf Jóns Sölvasonar leyfði. Eftir kringumstæðum og þrátt fyrir að sækjandi hefði ekkert við að styðjast annað en eiðfesta og óeiðfesta vitnisburði þá taldi rétturinn nægilega sannað að Háreksstaðir heyrðu undir Skjöldólfsstaði. Rétturinn dæmdi því Jón Sölvason og Vigfús Pétursson til þess að borga séra Einari Hjörleifssyni, sem eiganda Skjöldólfsstaða, árlega 12 ríkisdala landskuld af nýbýlinu Háreksstöðum frá 14. október 1854. En að öðrum kosti víkja með allt sitt af jörðinni á næstu fardögum. Undir dóminn skrifa auk Þorsteins Jónssonar sýslumanns þeir B. Skúlason, umboðsmaður á Eyjólfsstöðum, Jón Sigfússon á Ketilsstöðum, Jón Marteinsson á Keldhólum og Óli Ísleifsson á Útnyrðingsstöðum.[155]

Mál þetta fór tvisvar fyrir Landsyfirrétt og tvisvar fyrir hæstarétt í Danmörku sem í fyrra skiptið vísaði málinu aftur til Landsyfirréttar.

Í síðari dómi Landsyfirréttar árið 1863 voru áfrýjendur, Háreksstaðabændur, sýknaðir af kröfu um landskuldargreiðslu. Taldi rétturinn engan veginn það svo fyllilega sannað að hinn stefndi, eigandi Skjöldólfsstaða, væri eigandi nýbýlisins Háreksstaða að honum yrði dæmd landskuld af býlinu.[156]

Skjöldólfsstaðaeigandi áfrýjaði málinu til Hæstaréttar sem staðfesti hins vegar héraðsdóminn árið 1868. Í dómsforsendum segir:

> Eigi aðeins hinir ýmsu íbúar héraðsins, er sóknaraðili hefir leitt sem vitni, heldur og einnig flestöll þau vitni, er varnaraðli hefir leitt, hafa skýrt svo frá, að þau jafnan hafi heyrt að jörðin Háreksstaðir væri talin með Skjöldúlfsstöðum; þar sem varnaraðilar annarsvegar eigi hafa tilfært nein rök, er gjöri það sennilegt, að Háreksstaði eigi beri að telja með Skjöldúlfsstöðum; með þessu og annars með öllum þeim gögnum, sem fram eru komin í málinu, verður að álíta, að fengin sé svo nægileg sönnun sem eftir eðli hlutarins og ákvörðun Landsleigubálks í 52. kapítula í þessu máli getur orðið spurning um að heimta fyrir því, að sóknaraðli, sem eigandi Skjöldúlfsstaða, hafi haft fulla heimild til að setja sig á móti því, að Jón Sölvason legði Háreksstaði undir sig svo sem eign þá, er enginn ætti umráð á. Sóknaraðli hefir eigi vanrækt neitt af því, er heimtað gat orðið af honum til að tryggja rétt sinn gagnvart útmælingargjörð þeirri, sem getið er um í dóminum, og sem Jón Sölvason hafði beðið um samkv. tilsk. 15. apríl 1776, og nýbýlisbréf það fyrir Háreksstöðum, er útgefið er samkv. útmælingargjörðinni, áskilur eiganda Skjöldúlfsstaða fullan rétt í sérhverju tilliti að því er nýbýli þetta snertir; en fyrir þær sakir verður hæstiréttur að fallast á, að héraðsdómarinn, að tilkvöddum meðdómsmönnum, með héraðsdómi, kveðnum upp 30. okt. 1856, hefir gjört varnaraðila að skyldu, ef eigi öðru vísi yrði um samið, annaðhvort að greiða landskuld af nýbýlinu, sem ákveðið er í útmælingargjörðinni, eða að öðrum kosti að víkja frá jörðunni. Héraðsdóminn ber þannig að staðfesta, með

[155] Skjal nr. 2 (92) a-b. Einnig vísast á skjöl 2 (181) a-b – 2 (186) a-b sem varða málið.
[156] Lyfrd. IX, bls. 65–71.

> því eigi er ástæða til eftir málsfærslunni að breyta honum í neinum smáatriðum.[157]

Í áreiðargerð, sem samin var vegna nýbýlisins Mela 22. ágúst 1857, kemur fram að skoðunarmennirnir mátu Mela til fimm hundraða. Þeir Halldór prófastur á Hofi og séra Einar Hjörleifsson í Vallanesi viðurkenndu að þar af væru fjögur hundruð úr landi Hofskirkju en séra Einar áleit að fimmta hundraðið væri úr eignarjörð sinni, Skjöldólfsstöðum, komið. Um nokkur ár hafði Hofsprestur goldið ábúanda Skjöldólfsstaða leigu fyrir þetta eina hundrað sem eignað var Skjöldólfsstöðum og takmarkaðist með eftirfarandi hætti:

> [...] úr fyrrgreindum ármótum [þ.e. Háreksstaða- og Gestreiðarstaðakvísla] í Skálafell að framan, eins og áður er sagt, og úr sömu ármótum í svo nefnt fremra Brunahorn að utan, og beina stefnu austur í Sauðá.[158]

Á manntalsþingi að Fossvöllum 25. júní 1866 útnefndi sýslumaður þá Jón Eyjólfsson í Hjarðarhaga, Kristján Kröyer hreppstjóra, Jón Pétursson á Hákonarstöðum og Jón Magnússon á Skeggjastöðum til þess að segja álit sitt á landakorti séra Einars Hjörleifssonar í Vallanesi. Umrætt landakort sýndi Háreksstaðaland og heiðarlöndin sem umlykja það. Fjórmenningarnir voru sammála um að landakortið væri eins nákvæmt og hægt væri.[159]

Gerningur um landamerki Háreksstaða og Möðrudals fór fram 19. september 1871. Var samhljóða álit gerðarmanna, að Háreksstaðaháls sé sá sem í skjölum Möðrudalskirkju sé ýmist kallaður Gestreiðarháls eða Þrívarðnaháls en það sem nú kallist Gestreiðarháls hafi fyrrum heitið Kortseyrarháls. Fundust við skoðun merki til þriggja varðna sem álitnar séu hinar fornu Þrívörður:

> hafa þær staðið með litlu millibili á há-hálsinum þannig, að stefnan frá hinni innstu til hinnar yztu er hjer um bil 30° austan við misvísandi norður, eður 10-12° vestan við rjett norður.

Samið var um að landamerkin milli Möðrudals og Háreksstaða skyldu vera um vörðurnar eftir þráðbeinni línu inn þangað sem Arnórsstaðaland tæki við og svo langt út sem landeignir Möðrudals og Háreksstaða lægju saman.[160] Þessum samningi neitaði Skjöldólfsstaðabóndi með sáttakæru 1886 samkvæmt skjali sem lagt var fram í máli milli Möðrudals og Bustarfells og krafðist þess að Háreksstaðaland næði að Möðrudalslandi.[161]

Einnig skal nefnt að Vegagerð ríkisins tók rúmlega 41 ha lands á Háreksstöðum eignarnámi, svo og malarefni, vegna vegarlagningar og varð af því mál

[157] Lyrfd. IX, bls. 396–397.
[158] Skjal nr. 2 (346) a-b.
[159] Skjal nr. 2 (188) a-b.
[160] Skjal nr. 2 (311).
[161] Skjal nr. 2 (329).

sem kom fyrir matsnefnd eignarnámsbóta árið 1998 þar sem úrskurðað var um bætur handa eiganda Háreksstaða.[162]

Landskiptagerðin fyrir Háreksstaði árið 1854 virðist hafa verið látin gilda sem landamerkjabréf, sbr. landskiptagerð Skjöldólfsstaða árið 2001.[163]

Jarðamat 1849 segir Háreksstaði, metna til fjögurra hundraða, nýbýli í Skjöldólfsstaðaheiði sem hafi góðan en langsóttan útheyskap. Þræta mun vera um hvort jörðin liggi í Skjöldólfsstaðalandareign eða almenningi.[164]

*Ný jarðabók 1861* telur Háreksstaði sérstaka jörð, 4 hndr. að fornu mati, en 6,5 að nýju.[165] Hins vegar nefnir Jarðatal Johnsens þá ekki.[166]

Fasteignamat 1916–1918 segir að Háreksstaðir hafi stórt afréttarland en ekki muni það gefa neinar sérlegar tekjur nema upprekstur fyrir afréttarfé ábúanda. Landamerki eru ekki innfærð í landamerkjabók en jarðareigandi (Skjöldólfsstaðabóndi) segir engan ágreining um þau.[167]

Heimildir benda ekki til annars en samfelld búseta hafi verið á Háreksstöðum frá því að jarðarinnar er fyrst getið og þar til hún fór í eyði árið 1925. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir landskiptagerðina hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.

Í dómi Héraðsdóms Austurlands frá 10. maí 1996 í máli nr. E-43/1995 er fjallað um Háreksstaði. Stefnandi var Sesselja Níelsdóttir og var gefin út eignardómsstefna 5. mars 1996 og birt í Lögbirtingarblaðinu 22. sama mánaðar. Annars vegar var byggt á því að sennilegt væri að Ragnhildur Eiríksdóttir hefði afsalað jörðinni til sonar síns, Skjaldar Eiríkssonar, enda hefði hann og síðar stefnandi um langt árabil farið með full og óskoruð yfirráð yfir jörðinni. Hins vegar var byggt á því að eignarrétt tilkall stefnda grundvallaðist á hefð. Dómurinn féllst ekki á fyrri málsástæðu stefnanda enda þótt sennilegt væri talið að nefndur Skjöldur hefði fengið jörðina Háreksstaði til eignar frá móður sinni með gerningi af einhverju tagi. Síðan segir svo:

> Hins vegar er síðari málsástæðan um hefð á jörðinni studd öllum fyrrgreindum skjölum, auk þess stefnandi hefur lagt fram gögn um heimildar látins eiginmanns stefnanda hafi talið eyðibýlið Háreksstaði fram sem sína sem eign í skattframtali fyrir árið 1939 en síðan ekki árin 1940 og 1941. Með vísan til meginhlutverks reglna um hefð að treysta lögmæt eignarréttindi í sessi þykir rétt, með vísan til 122. gr. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, að veita stefnanda eignardóm, svo sem hann hefur krafist. Viðurkenndur er því eignarréttur stefnanda að jörðinni Háreksstaðir.

---

[162] Skjal nr. 17 (12).
[163] Skjal nr. 17 (11).
[164] Skjal nr. 2 (147).
[165] Skjal nr. 4 (2).
[166] Skjal nr. 4 (1).
[167] Skjal nr. 2 (93).

## 5.12. Gilsá

Um Gilsá segja *Sveitir og jarðir í Múlaþingi*:

> Nýbýlið var stofnað á Skjöldólfsstaðaseli inn við Gilsána 1941. Stofnandinn keypti sellandið af Sigfúsi Eiríkssyni á Skjöldólfsstöðum fyrir 6 þús. kr.[168]

Nýbýlið Gilsá varð til með sölu Sigfúsar Eiríkssonar til Gunnars Jónssonar á hluta úr Skjöldólfsstaðalandi 6. júlí 1941. Í kaupbréfinu kemur eftirfarandi fram:

> Hið selda er svokallað Selstykki í Skjöldólfsstaðalandi, með mannvirkjum þeim, er þar standa – húsum fyrir 240 fjár og hlöðum fyrir 200 hesta heys. Er þá undanskilið kaupunum fjárhús vestan við Hnúk og vírgirðing upp með gili – og ennfremur hey og sauðatað, sem nú er á landinu.
>
> Landamerki stykkisins eru þessi:
>
> Að vestan þegar þinglesin landamerki á milli Skjöldólfsstaða, Arnórsstaða og Ármótasels, norður til Skjaldklofa.
>
> Að austan lína úr Jökulsá um girðingu neðan akvegar, upp svokallaðan Hrygg, til dalbrúnar, þaðan sjónhending í landmælingavörðu á Hnúknum, þá í Hnúksvatn, þaðan með Stóralæk til Gilsár, þaðan í há-Fellahlíð í Lindarselsvegi.
>
> Að norðan ræður há-Fellahlíð inn í áðurgreind landamerki að vestan.[169]

Árið 1998 var maður sýknaður í Hæstarétti af ákæru fyrir rjúpnaveiðar í landi jarðarinnar Gilsár. Vísað var til þess að vafi væri á um hvort stofnast hefði að lögum til beins eignarréttar eiganda jarðarinnar Gilsár yfir öllu því landsvæði þar sem hinn ákærði kynni að hafa verið við veiðar.[170]

Heimildir benda til þess að búseta hafi verið á Gilsá á árunum 1941 til 1967. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir að Gilsá var skipt út úr landi Skjöldólfsstaða hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.

## 5.13. Möðrudalur og Víðidalur

Eftirfarandi umsögn er í *Sveitum og jörðum í Múlaþingi*:

> M mun vera landnámsjörð, þótt eigi sé getið í Landnámu og komi ekki við fornsögur nema Hrafnkötlu í sambandi við þingreið Sáms. Skálholtsstóll átti jörðina fram eftir öldum [...]
>
> Landamörk við Brú hafa kreikað til, og Víðidalur var í öndverðu byggður sem hjáleiga frá M. var sjálfstætt býli með afmörkuðu landi seint á 19. öld.

---

[168] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 263.
[169] Skjal nr. 2 (9).
[170] Hrd. 171/1998.

> Munnmæli eru um afbýli á ýmsum stöðum í landi M, en full vissa er aðeins um auk Víðidals, Kjólsstaði í Framlöndum 4-5 km suður af bænum, voru byggðir 1394 (Vilkinsmáld.) og enn 1800. Sótastaðir voru í Víðidal, og nefndir eru fleiri bæir, Selhóll skammt norðan bæjar, Bær í Bæjarlöndum og Hof.[171]

Þegar kirknaskrá Páls Jónssonar biskups var sett saman um 1200 var kirkja í Möðrudal.[172]

Í Vilchinsmáldaga frá 1397 segir um Möðrudal:

> Allra heilagra kirkia j Modrvdal á heimaland allt med gognvm og giædum.[173]

Til er gjörningur frá 1. september 1408 um máldaga og landamerki Möðrudals á Fjalli. Bréfið hefur ekki varðveist í frumriti og er prentað eftir málsakt í skjalasafni Landsyfirréttar frá 1891–1892 í landamerkjamáli milli Möðrudals og Arnórsstaða á Jökuldal. Ekki kemur fram eftir hverju þessi málsakt var skrifaður en útgefandi Fornbréfasafnsins segir bréfið að öllu formi og orðalagi vera falsbréf og telur mannanöfn sem þar birtast vafasöm þótt nafn Jóns biskups frá Munklífi geti komið heim og saman við tímann. Í umræddu bréfi kemur fram að kirkjan að Möðrudal eigi

> ... alt heimaLand med gögnum og giædum. Hun a alt EggVarp og Dún m[illu]mm Vatnsleisana fyrir nedann Grimstade. Skogarpart i Vidivalla m[erki]umm Enum fremrum og Sturlafleti millumm Læk(i)a tveggia og kallast Peturstunga. Þad skilur Land millum Mödrudals og Bustarfells og so i Læk þann sem fellur i Krokunum i Holkna til Hofsar. sionhending i Eikarnipu. allann Gestreidar Hals austur til Þrijvördu. Halft Sænautavatn mot þesser adrir menn eiga Lönd i moti þangad sem heita Bruardrættir. og a Hestleid a Þrijhirnings fiallgard til Þrijvördu og beint i Jökulsa. (Enn) fremur a kirkian vij hrossa gaungu yfir um Jökulsa [...] tolf trogsödla högg i Skaptafel(l)s skog og ennfremur Skogarhögg i Sturluflatar Skogie. (enn) fremur eiga Kiolstadir fiögra Hrossa gaungu um Arnardal og gialdi þar firir Mödrudals kirkiu xx alnir.[174]

Varðveist hefur máldagi Möðrudalskirkju frá 1493, úr biskupstíð Stefáns Jónssonar biskups, með eftirfarandi upplýsingum:

> Mariv kirkia oc heilaga Petrus Apostula j Modrvdal a heima land alltt: med ollvm gognvm oc gíædvm: Hvn a skogar partt j vijdivallar merkivm hinvm fremrvm: oc sturlv flete j milli tueggia lækia: oc kallazt Peturs tvnga: þat skilur landamerki millvm modrvdals oc Bvstarsfells: oc sionhending j Eykarnypu: vr læk þeim er fellur vr holknaa: kirkian a allann gestreidar hals

[171] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 282.
[172] Skjal nr. 4 (80).
[173] Skjal nr. 4 (66). Sömu upplýsingar koma fram í tveimur óársettum máldögum sem taldir eru frá árunum 1491–1518, sbr. skjal nr. 4 (70).
[174] Skjal nr. 4 (82) og skjal nr. 2 (66) a-b.

> austur ad þrivordv: vij kapla gongv: oc taka eigi vndan fololld. yfver vm jokvlsáá. [...] þangad liggia iiij Bæier: ad tijvndum oc lysitollvm: hakonarstader: Eyriksstader: Brv: og kiolstader:[175]

Jón Guðmundsson lýsir landamerkjum Möðrudals í vitnisburðarbréfi sínu frá 6. desember 1532. Hann var barnfæddur að Möðrudal og bjó þar til 19 ára aldurs en faðir hans, séra Guðmundur Jónsson, hélt staðinn í 26 ár. Um landamerkin segir Jón að:

> ... sinn fader hefde hallded landeign Maudrudals stadar ad þeim læk sem fellur undan Sulundum ofan i Haulkná. sem rided er ofan i Vopnafiaurd. ok svo langt austur i heidina under þrivardna háls a Skioldolfstada veg. ok halft Seningarvatn. ok oll griotgardzvötn. ok framm a þrivardna fiallgard er stendur a hestleid. Bruarveg ok halfan Arnardal ad ollum giædum. ok atta hrossa göngu beit i Vegge ok Krokmel. [...] Her med lyste hann. ad Skalholltzstadar eign hefde þa vered halldin halfer Grimstader a fialle. enn Maudrudalsstadar halfer. ok sinn fader hefde þar haft egg ok fugl. skog og gras. oc allar landznytiar. enn landamerke ofan ad á þeirre sem kaullud er Vatsleysa. her sagde hann ongvann hafa atalad medan hann visse. utan um þrivardnaháls hefde Skioldolfstadamenn uppatalad. þo þar yrde ecke frammkvæmd á.[176]

Í máldögum Gísla Jónssonar biskups frá um 1570 (1570 – 1575/1576) segir um Möðrudal:

> Allra heilagra kirkia ad Modrudal á Fialle á heimaland alltt med gøgnum og giædum. Jtem Kiolffsstadaland. Skogarhøgg i Stulla flataskog. [...] Jtem stadurenn leigdur fyrer .xv. fiorduunga smiors med hälffum Grijmstødum.[177]

Samkvæmt Gíslamáldögum eignaðist Hofteigskirkja rekabás í Vopnafirði í staðinn fyrir Kjólsstaði.[178]

Í minnisbók Odds Einarssonar Skálholtsbiskups er að finna vitnisburð Björns Jónssonar um landamerki Grímsstaða frá 4. júlí 1630. Þar segist hann hafa vitað til um eyðijörðina Grímsstaði á Fjalli síðan hann var að alast upp og aldrei hafi hann annað

> ... hejrtt nie vitad enn hun ætte Land ut ad þeirre a sem kallast Vassleisa og fellur austur (epter) auræfum a milli Holz og Grijmzstada og sudur fra a motz vid Modrudal ad þeirre storu vordu sem kollud er Biskupzvarda og stendur a Grijmstadahalse. huor hallded er ad skilie Nordlendinga og austfirdinga fiordung. og vestur i Jokulsaa.[179]

---

[175] Skjal nr. 4 (72).
[176] Skjal nr. 4 (77).
[177] Skjal nr. 4 (86). Gíslamáldagar voru að konungsboði 5. apríl 1749 löggiltir að sönnunargagni í málaferlum sem varða kynnu kirkjueignir, sbr. *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 545.
[178] Skjal nr. 4 (87).
[179] Skjal nr. 2 (353).

Árið 1645, í tíð Brynjólfs Sveinssonar biskups í Skálholti, var Möðrudalur vísiteraður. Vísitasían er byggð á máldögunum sem minnst hefur verið á, gjörningnum frá 1408 og lýsingunni frá 1532:

> Kyrckjan a epter Maldögum heimalannd allt med gognum og giædum, enn j tijd S. Herra Gysla Jónssonar skrifadur leigustadur og hafde leigan til Skaalholltz golldest xij fjordungar Smjörs med hálfum Grijmstödum Skaalholltstadar hálflendu og er þar af audsynelegt, Ad Skaalholltz domkyrkja, hefur Jus Patronatus [kristulegur réttur] yfer Mödrudals Kyrckju, og Presturenn S. Gunnlaugur hefur þar fyrer Collationis bref S. Herra Gysla Oddssonar, enn su leiga er J visitatiu bokenne Stendur, er nu Prestenum til Upphelldess af dómkyrckjunne ljenud, og þá Uppgiöf Samþycker byskupenn M. Brynjolfur Sueinsson umm sijna tijd So miked sem Mödrudal Snerter. Framar á Kyrckjan Kjolstadalannd, Skógarhögg i Stullaflatarskóg, Tolf trogsödlahögg i Skaptafellsskóg.[180]

Næsta vísitasía Möðrudals er frá árinu 1648. Upphaf hennar er nánast samhljóða máldaganum frá 1493. Síðan segir:

> Kyrkian á allan Gestrejdarhálz vestur ad Þrijvordu. Siö Kapla göngu (og taka ei undann folölld) ijfir umm Jökulzá. Et Paulo Post takast Tolf Aurar i Söngkaup af Bænhusinu a Hakonarstödum, Sex aurar af Bænhússinu á Eijrikstödum, og Sex Aurar eda mörk af Bænhussinu á Bru. Var þetta j fijrstu Visitatione er Biskup Stefan rejd um Austfijrdinga fiórdung. Medkiennir profasturinn Sr. Olafur Einarsson á Kyrkiubæ ad hann hafi latid skrifa þennan Máldaga Mödrudalz Kyrkiu ordriett efter þuj sem hann hafdi adur skrifad ur maldagaBokum Skalholltz dómkyrkiu fyrir tuttugu og Sex árum.[181]

Í vísitasíu í Möðrudal árið 1677 stendur eftirfarandi:

> Þann 17 Augustj var visiterud Beatæ Mariæ et Sanctj Petri Apostolj Kyrkia ad Modrudal a Fiallj. Hun á efter Máldögum heimaland allt med gögnum og giædum, Kiolstada land, skógarhögg j Sturlaflata Skóg, Tolf Trogsödla Högg j Skaftafellz Skóg, framar er Kirkiunnj eignað efter biskups Stephanz Máldaga skógarpartur j Videvallar merkium hinum fremrum og Sturlufleter millum Tveggia lækia og kallast Peturz Tunga, Þad skilur landamerkj millum Mödrudalz og Bustarfellz og sjónhending j eikarnijpu ur læk þeim er fellur ur Holkná; Kyrkiann á allann gestreidarhálz austur ad Þrijvördu, 7 kapla göngu (og taka ei undann folölld) yfer um Jökulzá, Hactenus Biskups Stephanz máldagi.[182]

Kjólsstaðir voru í byggð árið 1703.[183]

Vísitasía Möðrudals árið 1706 er byggð á vísitasíunni frá 1677:

---

[180] Skjal nr. 2 (65) a-b.
[181] Skjal nr. 2 (67) a-b.
[182] Skjal nr. 2 (68) a-b.
[183] *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 383.

> Anno 1706. Þann 14 Augusti visiteradi Biskupen Magst. Jon Thorkelsson Widalin Kirkiuna ad Mödrudal a Fialle, Hun á Heimaland allt med gögnum og giædum, item Kiólstadaland, sem nu er ej bygt, helldur lætur Presturen þad nyta ad nockru fyrer sinn pening, hefur ádur leigst 10 aurum; item hefur Presturin Sr. Biarne Jónsson latied byggia Hiáleigu i Widedal, sem Hann seiger ad nu gialldest eckert epter, þótt þar ligge Fátækur madur med eitt Kugillde, sem Hann hefur af Prestinum. Framar á Kirkian Skogarhögg j Stullaflata skóg, tolf trogsödla högg i Skaptafellsskog, seigir Presturin ad hverugt sie nu ad gagne, þar skógurin sie eiddur, enn til Skaptafells verdur ej komest Sökum Ófæru vegar. J Visitatiu Mag. Brinjólfs Anni 1648 Stendur so, ad frammvisadur hafe vered utskrifadur Maldæge, handskriftadur af Sr. Olafe Einarssyne profaste Anno 1624, 30 Augusti, hvar so Stande, ad Mariu Kirkia og Hins H. Peturs Apostula i Mödrudal eige Heimaland allt med gögnum og giædum, skogarpart i vidjvallar merkium, hinum fremrum, og Sturlufleti millum tveggia læka, og kallest Peturs Tunga, þad skilie landamerke millum Mödrudals og Bustarfells, og siónhending i Eikarnypu, ur læk þeim er fallj ur Hölkná. Item ad Kirkian eige allan Gestreidarháls vestur ad þrivördum Siö Kapla gaungu (og taka ej undan folöld) yferum Jökulsá. Af þessari Visitatiu er ad Siá ad Máldagin hafe vered Stephans Biskups, enn ej liggur Hann nu á Kirkiunne, og ej seigest Presturin Hann medteked hafa, er og óglögt ad siá af Visitatiu M. Þordar Anni 1677, hvert hann hafe þá til vered eda ej, seiger Presturin, ad nu sie bygt Kot i Peturs tungu sem kallest Sturluflötur, og nu sie eignad Skridu Klaustre; ej helldur er Hrossabeiten brukud fyrer vestan Jökulsá.[184]

Í vísitasíu í Hofteigi árið 1706 segir um Kjólsstaði:

> Anno ut supra 24. Augusti, visiterud Kirkian ad Hofteigi Hun á Heimaland allt, [...] og rekabás i vopnafyrde, komin fyrir Kiólstade á Fiálle hiá Mödrudal; [...] enn Biskupenum virdest ad Máldage Hr. Gisla Jónzsonar, sie sidar giördur enn Rekaskráin [Skálholtsdómkirkju] var samantekin, og næsta liklegt, ad þesse same reke sie komen fyrer Kiólstade, sem nu er Mödrudals eign, enn Mödrudalur var i tid Hr. Gisla Jónssonar, og fyrer Hana, eign DómKirkiunnar ad Skalhollte [...] [Þá er vísað til gamals transskriftarbréfs, sem Ólafur Einarsson og fleiri hafi lesið 1622 og verið innfært í visitazíubók Brynjólfs 1641].[185]

Möðrudalur var vísiteraður árið 1763 af prestinum á Skinnastöðum í umboði Skálholtsbiskups. Í vísitasíunni stendur:

> Maldagar edur Document, sem vitna umm Landeign Kyrkiunnar, finnast hier ei nie upp spyriast.[186]

[184] Skjal nr. 2 (70) a-b.
[185] Skjal nr. 2 (71) a-b.
[186] Skjal nr. 2 (77) a-b.

Nokkrum árum síðar, nánar tiltekið árið 1771, vísiteraði umboðsmaður biskups Möðrudal. Engin skjöl voru til staðar við þá vísitasíu.[187]

Hinn 10. maí 1774 á manntalsþingi við trébrúna yfir Jökulsá var lesin upp lögfesta sýslumannsin,s Vigfúsar Jónssonar, fyrir Möðrudal á Fjalli sem dagsett var 16. maí 1773 undir nafni Vigfúsar. Innihalds er ekki getið en lögfestan var afhent séra Erlendi Guðmundssyni í Hofteigi sem lagði hana fram til upplestrar með áritun sýslumanns.[188]

Páll Guðmundsson, prófastur í Norður-Múlasýslu, var boðaður til Möðrudals 13. júní 1774 af Vigfúsi Jónssyni, sýslumanni í Þingeyjarsýslu, ásamt fleiri mönnum til þess að álíta og taka út ásamt prófastinum kirkju og bæjarhús stólsjarðarinnar Möðrudals á Fjalli. Ástæðan var sú að Finnur biskup Jónsson var nýbúinn að veita Vigfúsi sýslumanni umboð yfir Möðrudal og hálfum Grímsstöðum. Fyrrverandi umboðsmaður, Þorvaldur Jónsson, var að skilja við umboðið og því þurfti úttekt að fara fram. Fram kemur í úttektinni að Vigfús sýslumaður hafi skjöl kirkjunnar undir höndum, þ.e. máldaga Vilchins, Stefáns og Gísla biskupa og vísitasíur biskupanna Brynjólfs, Þórðar og Jóns Vídalíns, auk rekaskrár Skálholtskirkju í staðfestri afskrift Finns biskups. Síðan segir:

> Oskar Nu Sysslumadurenn ad Nálæger Kunnuger Vilie seigia sina Opartiska sannferduga underretting þar umm hvort so Nefndur Hálfur Arnardalur hefde ei brukadur vered so sem filgiande Modrudal, Hvar til Svarast 1° Af fyrrverande Forpaktara Mr. Þorvallde Jonssyne, ad þá hann byggde Mödrudal, Magnuse Halldorssyne, hafe hann einnig byggt Halfann Arnardal; 2 Asgrimur Jonsson, ad þá hann var á Bruu á Jökulsdal hafe Meirnefndur Arnardalur brukadur vered til Helminga af ábuendumm Bruar og Modrudals, 3 Sigurdur Jonsson: ad hann hafe umm sinn Alldur heirt til ad sinn Helmingur dalsens tilheirde Hvorre Nefndra Jarda.[189]

Undir lokin er einnig vikið að afbýlinu Víðidal, lögbýlinu hálfum Grímsstöðum og Kjólsstöðum.

Vísitasía árið 1779 sækir efni sitt í fyrri vísitasíur og er því ekki ástæða til að minnast á innihald hennar hér.[190]

Á manntalsþingi við trébrúna 23. apríl 1796 var lesin upp lögfesta Jóns Sigurðssonar frá 21. ágúst, væntanlega 1795, fyrir ábýlisjörð sinni, Möðrudal á Fjalli, eftir gömlum máldögum og biskupavísitasíum. Innihaldsins er ekki getið en lögfestunni var skilað að upplestri loknum.[191]

Útbúin var lögfesta fyrir jörðina Möðrudal hinn 9. maí 1844:

---

[187] Skjal nr. 2 (78).

[188] Skjal nr. 2 (164) a-b. Séra Erlendur Guðmundsson var prestur á Hofteigi 1774–1799, sbr. Sveinn Níelsson: *Prestatal og prófasta*, bls. 6.

[189] Skjal nr. 2 (231) a-b.

[190] Skjal nr. 2 (79).

[191] Skjal nr. 2 (166) a-b.

> Þad giörum vid undirskrifadir hérmed vitanlegt ad vid eptir Laganna Fyrirmælum lögfestum hér i dag okkar Födrleifd og rétta Eign Jördina Modrudal á Fjalli innan Jökuldals og Hlidar Hrepps i Nordurmúla Sýslu; Lögfestum vid allt sem tédri Jördu Mödrudal fylgt hefr og fylgia á ad réttu og fornu lagi, bædi Tödr og Eingiar, grítt og ógrítt, Vötn og Veidistödr og öll þau Herlegheit sem nefndri Jördu á ad fylgia til þeirra ummerkia sem til er vísad i Máldaga Herra Stepháns Biskups af 1493 og fleyri Biskupanna Visitatiu<r> sanna og samhlióda eru, ad Mödrudalsstad tilheyri Land innan þessara Takmarka: ad utan i svokalladar Sulendr þadan á Sturlaflöt sem er á milli tveggia Lækja og kallast Peturstúnga (Þad skilur á milli Landanna Bustar fells og Mödrudals) Þadan Siónhending á Eikarnípu úr Læk þeim sem fellur í Hólkná, svo i Hofsá, svo beint vestr á Þrivördr á Þrívardnahálsi og svo hálft Sænautavatn og þadan beina stefnu á Brúar Landamerki, einnig Hesta gaungu á Mivatnsfiöllum og hálfar Herdabreidstúngur.[192]

Undir lögfestuna skrifuðu Sigurður og Methúsalem Jónssynir. Hún var þinglesin 11. maí 1844.

Hinn 7. september 1844 var réttað í máli vegna nýbýlisins á Háreksstöðum: Vitnin, sex að tölu, höfðu öll dvalið langdvölum á Jökuldal. Þau sem nefndu mörk Skjöldólfsstaða móti Möðrudal voru ekki fyllilega samhljóða: Einn sagði Háreksstaðaháls mörkin, annar að þau tækju við fyrir vestan Háreksstaðaháls og Skjöldólfsstaðir ættu allan hálsinn.[193]

Eftir fyrirmælum biskups var Möðrudalskirkja vísiteruð 28. júlí 1847 af Stefáni Árnasyni, prófasti í Norður-Múlasýslu. Í vísitasíunni kemur m.a. eftirfarandi fram:

> Epter Maldögum og Biskupa Visitatium hefr Kirkia þessi att Heimaland allt asamt Vyderdal med gögnum og gjædum samt Kjolstadi; [...] Hálfann Arnardal, - sem [nú: yfirstrikað] i næstlidin 68 Ár, hefer ei vered notadur [...] Þo ad Máldagar og Biskupa Visitatiur eignad hafi Moðrudals Kirkju „Heimaland allt“ þá sést þo af Visitatiu Biskups sál. Hannesar Finnssonar 1779, ad Skalholts Kirkia hefer att Heimalanded i Moðrudal, og Kirkjan einungis Afbylid Vyðedal og Kjólstaða-Land, sem komid er fyrir Skalholtsstadar Rekabás í Vopnafirdi, - (hvor aptur var latinn til Hofteigs) - Er því Moðrudals-HeimaLand, sem Skalholts Kirkjueign, selt - eptir Amtsins fyrirmælum - þann 5ta Juni 1792, vid Opinbert Uppbod Hærstbjodanda Joni sal. Sigurdssyni, sem þá bjó her a Jördinni; Hvorri framveigis fylgja á Kirkjueignin Vyðirdalur og Kjólstaðir, sem epter Konunglegu Reskripti af 30sta Juni 1786 omöguliga má undan Kirkjunni seljast, en Moðrudals Proprietairer mega samt hafa öll afnot Kirkjueignarinnar, moti því, að vid

[192] Skjal nr. 2 (204) a-b og skjal nr. 2 (172) a-b.
[193] Skjal nr. 2 (175).

> halda Kirkjunni her á stadnum, í sæmelegu standi, og hennar instrumentis, samt launa þeim Presti sem her þjonar sokninni, tvisvar á áre Haust og vor.[194]

Biskup vísiteraði Möðrudal árið 1850. Í vísitasíunni stendur:

> Ár 1850 d. 13da August vísiteraði Biskup H. G. Thordersen Riddari af Dbr. Kyrkjuna að Möðrudal á Fjalli; hún á heimaland alt með gögnum og gæðum; Fyrrum heyrði Möðrudalur ásamt kyrkjunni undir Skálholtsstól, og var leygustaður þaðan, en féll síðan einsog annað stólsgóss undir konúng, sem 1792 lét selja jörðina með þeim skilmálum, að kaupandin viðhéldi kyrkjunni, og var það hæðsta boð einsog söluskilmálar staðfest af konúngi með afsalsbréfi af 8da Sept. 1798; stendur því héðanaf þessi kyrkja undir sömu lögum, einsog hver önnur Proprietairkyrkja í Landinu; Hún á Víðidal, sem bygður er úr heimalandi, líka Kjólsstaðaland, sem komið er fyrir Skálholtsstóls Rekabás í Vopnafyrði, sem aptur var látin til Hofteigs, enfremur er kyrkjunni eignað skógarhögg í Sturlaflatarskóg – sem nú skal vera upprættur – og 12 trogsöðlahögg í Skaptafellsskóg, – sem ei hefir verið notað, so menn muni. – Eptir Stephåns Biskups Máldaga á hún skógarpart í Víðivallamerkjum, hinum fremrum, og Sturlufleti, millum 2ja lækja, og kallast Péturstúnga; Það skilur landamerki milli Möðrudals og Bustarfells, og sjónhendíng í Eyktarnípu úr læk þeim er fellur úr Hólkná, líka segir sami Máldagi að kyrkjan egi allan Gestreiðarháls austurað Þrívörðu; Sjö kapla göngu, og taka ei undan folöld, yfrum Jökulsá; Í fyrrnefndri Péturstúngu stendur enn bær sá, Sturluflötur, sem um er getið í seinustu Biskups Vísitatsíu, og er eignaður Skriðukl(austri). Í gömlu máldagaskjali, sem liggur við kyrkjuna, og undirskrifað er af 6 Prestum árið 1408, er tekið so til orða: fremur ega Kjolsstaðir 4ra hrossa göngu um Arnardal, og gjalda þarfyrir Möðrudals kyrkju 20 álnir.[195]

Um miðja 19. öld upphófst landamerkjadeila milli Hofskirkju í Vopnafirði og Möðrudals á Fjalli. Orsök deilunnar var sú að árið 1843 byggði maður að nafni Jón Guðmundsson sér bæ vestur undir hryggnum Bruna, er hann kallaði Mel, sem Sigurður Jónsson í Möðrudal veitti byggingarleyfi fyrir nokkrum árum síðar.[196] Presturinn á Hofi, Halldór Jónsson, var ósáttur við þetta enda taldi hann bæinn vera innan svokallaðrar Steinvarartungu, landsvæðis sem á væri afréttarland og teldist í eigu Hofskirkju samkvæmt gömlum máldögum, vísitasíum og lögfestu frá 1785. Hann ræddi málið við Sigurð og komust þeir að þeirri niðurstöðu að rétt væri að stiftsyfirvöld skæru úr um deiluna og var prófasturinn í Norður-Múlaprófastsdæmi beðinn um að koma gögnum sem málsaðilarnir byggðu málflutning sinn á til stiftsyfirvalda.

Minnst er á deiluna í vísitasíu á Hofi 8. september 1851. Þar stendur:

---

[194] Skjal nr. 2 (233). Konungsbréfið frá 30. júní 1786, sem um getur, eru fyrirmæli til stiftamtmanns og Skálholtsbiskups varðandi sölu á kirkjueignum, sbr. *Lovsamling for Island* V, bls. 288–290.
[195] Skjal nr. 2 (82) a-b.
[196] Sbr. skjal nr. 15 (2).

> Í tilliti til afrettar landsens Steinvarartungu ber Beneficiarius þad samt fram, ad fyrir herum 3r árum, se upptekid Nýbyli kallad Melur, sem hann, svo vel eptir skjölum þeim er liggja vid þetta - Hofs - prestakall, sem kunnugra manna aliti geti ei annad ætlad, en liggi innan afrettarlandsens Steinvarartungu takmarka, en sem ad proprietarius Moðrudals kirkju, vilji eigna ser, eda kirkju sinni hvar um fyrir skemstu fallid hafa umrædur millum velnefnds Beneficiarii, og proprietariens i Moðrudal, þa þeir jafnframt gjerdu areid á land þetta [síðan hefur verið strikað yfir síðustu stafina og orðin: sem samliggia] án þess þó, ad nefndur proprietarius i Moðrudal, gjeti sannfærst um, ad Nýbylid Melur lægi innan Steinvarartungu takmarka, [og: yfirstrikað] jafnvel þo hann hinsvegar gjæti ei mótmælt edur onytt, logfestur af 1785 6 dag Mai m. sem tiltekur med skírum og ljosum ordum landamerki Steinvarartungu, innan hvorra umgétid Nýbyli Melur liggur. - Komi nú hlutadegendur, ser saman um ad utkljá þetta landaþrætu efni sín á milli, svoleidis ad Nýbylið Melur alitist innan Steinvarartungu takmarka og allt svo Hofs kirkjueign, verdur profasturinn að tilhalda Beneficiario á Hofi, til ad halda [yfirstrikað: landamer] afrettarlandinu Steinvarartungu undir Hofs kirkju innan þeirra Merkia sem umgetin logfesta af 1785 tiltekur, allt svo leingi, ad þad annadhvort eptir Stiptyfirvaldanna Úrsliti, edur Dómi ekki verdur fra henni tekid.[197]

Líkt og minnst var á hér að framan var prófasturinn í Norður Múlaprófastsdæmi beðinn um að koma gögnum sem málsaðilarnir byggðu málflutning sinn á til stiftsyfirvalda. Af hálfu Hofsprests var um að ræða lögfestuna frá 1785 en Sigurður í Möðrudal sendi útdrátt úr óstaðfestri „afskrift“ af gerningi frá Egidíusarmessu árið 1408. Þessi skjöl fara hér á eftir. Fyrst lögfestan og síðan afskriftin:

> Jeg undirskrifadur lögfesti hjer í dag mér allranádugast tiltrúads Hofs Beneficii kyrkjuEignarland Steinvarartungu (kallad) liggjandi í Vopnafyrde innan Hofs Sóknar med öllum þess gögnum og gjædum sem tjedri Jörd fylgt hefur og fylgia ber ad fornu og nýu til Lands og Vatns, Hagbeitar, Engia, Skóga og Grasatekju innan eftirskrifadra takmarka nefnilega: ad framan úr Hofsá á mótsvid Brunaenda fremri og þadan rjettsýnis austur í Gjeldíngalæk þar hann fellur úr Vatninu og þadan austur í Tungá móts vid Hellersöxl; rædur svo nefnd Tungá Landeign ad austanverdu alt til Armóta fyrir nordan Tungusel; sidan rædur ádurnefnd Hofsá Landeign ad nordan – og vestan – verdu framm eftir alt þar til kjemur á móts vid ádurnefndan fremri Brunaenda. Fyrirbýd eg öllum greindt Hofs Benificii Eignaland Steinvarartungu ad brúka án míns Leyfis, edur í nokkru til Gagnsmuna sjer hagnyta innan ádurgreindra takmarka undir vidliggiandi Sektir og Lagatiltal. Til merkis mitt Nafn ad Hofi í Vopnafyrdi þann 6ta Maii 1785 Arne Thorsteinsson.

[197] Skjal nr. 2 (349) a-b.

Upplesid fyrir Manntalsþíngi á Vopnafjardar kaupstad þann 6ta Maii 1785 G. Petersen

Ad afskriftin sé rétt vitnar H. Jónsson.

# # #

A Egidyus Messudag ad Breidabólstad í Fliots Hlijd voru til stadar ad sofeldum gjörníngi a almennilegri Presta Stefnu Offisyalis Skaulhollts Stadar Umdæmiss á Austfiördum Þorarinn prestur Jónsson i umbodi Jóns Biskups í Skaulhollti er veitti Messudiakn Olafe Jo [...] um Mödrudal --------------------
------------------------------------------------------------------------------------------

og Sturlafleti millum lækja tvegga og kallast Péturstúnga, þad skilur Land millum Mödrudals og Bustarfells og so í læk þann sem fellur í Krókunum í Hölkná til Hofs ár og sjónhendíng í Eikar-Nípu! allan géstreidar Hals vestur til þryvördu [...]

Egidyus Messudag Breidabólstad í Fljótshlýd Offisyalis, Þórarin prestur Andrésson

Ar Eptir Krists Burd MCCCCVIIJ

Jón prestur Eygilsson, Oddur prestur Jónsson, Gudmundur prestur Þorsteinsson, Jón prestur Wigfússon, Hallur prestur Ormsson, Gudmundur prestur Styggsson

Ad þessi útdráttur sé réttur vitnar, H. Jónsson[198]

Prófasturinn sendi skjölin til stiftsyfirvalda 14. janúar 1852. Með bréfinu fylgdu, að beiðni Hofsprests, þær upplýsingar sem hann taldi sig geta veitt varðandi landamerkjadeiluna. Þær voru svohljóðandi:

þann 4ra ára tíma, sem eg á fullordins aldri, var í Vopnafirdi og Hofs-sókn, heýrdi eg aldrei nein tvímæli á því, ad Hofs-Kyrkja ætti ei alla Steinvarartúngu millum Hofs- og Tungu-ár framad géldingalæk, og þar þvert yfir túnguna frá austri, úr tunguá þar sem géldingalækurinn fellur í hana, og til vesturs í Hofsá; - brúkadi prófastur sál. G. Þorsteinsson þetta land átölulaust sjalfur fyrir AfréttarLand, sem og til ad leigja þad ödrum til gjeldfjáruppreksturs á sumardag allan þann tíma sem hann var soknarprestur á Hofi í yfir 40 ár.[199]

[198] Skjal nr. 2 (350) a-b.
[199] Skjal nr. 2 (350) a-b. Guttormur Þorsteinsson var pr. á Hofi frá 1804–1848, sbr. Sveinn Níelsson: *Prestatal og prófasta,* bls. 5.

Biskup sendi prófasti svarbréf 16. mars 1852. Í því hvatti hann prófastinn til þess að leita sátta í málinu og mælti með því að farin væri áreiðargjörð á hið umdeilda land.[200]

Áreið fór fram á Mel/Melum 25. júlí 1853. Þar mættu séra Halldór Jónsson beneficiarius Hofskirkju, Sigurður Jónsson eigandi hálfs Möðrudals á Fjöllum og umboðsmaður Kristbjargar Þórðardóttur í Stakkahlíð sem átti hinn helming jarðarinnar. Einnig voru viðstaddir Jón Jónsson hreppstjóri á Vakursstöðum, Methúsalem Friðriksson á Fossi, Jón Jónsson á Skjöldólfsstöðum og Andrés Andrésson á Gestreiðarstöðum.

Deiluaðila greindi á um hvort nýbýlið Melur lægi í landi Möðrudals eða Hofskirkju. Máli sínu til stuðnings lagði séra Halldór fram þrjá máldaga, tvær lögfestur (frá 1785 og 1844) og þrjá vitnisburði þálifandi manna. Einkum mátti sjá af lögfestunum og vitnisburðunum að fyrrnefnt nýbýli lægi í landi Hofskirkju. Af hálfu Möðrudalseigenda var lagður fram máldagi Stefáns biskups og annað eldra máldagablað. Tilkall Möðrudalskirkju til Mela var byggt á örnefninu „Eikar nypu“ samkvæmt máldaga Stefáns biskups en „Eiktarnýpu“ samkvæmt eldra máldagablaðinu. Deiluaðilar gátu ekki komist að niðurstöðu og því brugðu þeir á það ráð, upp á væntanlegt samþykki stiftsyfirvalda, að láta fyrrnefnda fjóra bændur sem viðstaddir voru skera úr um málið. Niðurstaða þeirra var svohljóðandi:

> Þareð það er ósannað, að eiktar/eða eykar- nýpa sje til, annarsstaðar en á „Gestreiðarhálsi“, þá verðum við að álíta, að nýbýlið „Melur“ liggi utan takmarka Möðrudals kyrkjulands.[201]

Undir samninginn skrifa fyrrgreindir fjórir bændur og þrír málsaðilar en aftan við hann er þetta innfært:

> Þa i framanskrifudum areidargjorningi nefndu 3 Maldaga nl. biskups Brinjulfs Vilchins og Gisla Jonss(ona)r, logfestur og vitnisburdi hefi eg lika gegnum lesid, og nefna maldagarnir - einsog allar Visitatiur biskupa og prófasta, ad Hofs kirkju tilheýri Sauðárdalur og Brunahvammur allur, samt Steinvarartúnga öll, en Sauðárdalur liggur á fremri parti tungunnar, og brunahvammur er álitid, að liggi fyrir suðvestan brunahornið fremra, en takmörk þau ad framanverdu sem logfesturnar og vitnisburdirnir tilgreina, eru þessi: úr geldingalæk fremri og þaðan í Kolfinnu lind fyrir framan fremra brunahorn (Sumstaðar í brunahorn fremra) og þaðan i ármót (sumstaðar i þriðja bug a hofsá, sumst. [og ber: yfirstrikað] somu stefnu i hofsa) liggur lina þessi vid fremra enda á sauðárdal, og framanvert i þeim meinta brunahvammi, talsvert f(yrir) framan nybylid Mel.[202]

Undir þessa athugasemd setur Stefán Árnason, prófastur í Norður-Múlasýslu,

---

[200] Skjal nr. 2 (351).
[201] Skjal nr. 2 (349) a-b.
[202] Skjal nr. 2 (241) a-b. (mál 3/2005).

nafn sitt að Hofi 6. ágúst 1853.

Í bréfi sem biskup sendi prestinum á Hofi 18. júní 1855 kemur fram að niðurstaða bændanna fjögurra var samþykkt af biskupi.[203]

Þorsteinn Jónsson sýslumaður var mættur að Háreksstöðum í svokallaðri Skjöldólfsstaðaheiði 2. september 1854 til þess að stýra áreiðar- og skoðunargjörð til útvísunar á nýlendi á hið svokallaða Háreksstaðaland eftir skipun Norður- og Austuramtsins frá 14. febrúar sama árs. Að aflokinni áreið ákváðu skoðunarmennirnir að hentugast væri að úthluta nýbýlinu Háreksstöðum landi á eftirfarandi hátt:

> [...] úr ármótum Háreksstada- og Gestreidarstadakvíslar austur beint í Saudafell, þadan sömu stefnu í Skálafell; Þá í sudur eptir Fellnahlýd og á Skjaldklofa, þar sem Arnórsstada land tekur vid. Rædur þá Arnórsstada land ad framan allt vestur ad Mödrudals landamerkjum, sem þadan ráda ad vestan til fyrrnefndra ármóta.[204]

Nánar er fjallað um þetta mál í köflunum um Skjöldólfsstaði og Háreksstaði.

Á þingi vegna Háreksstaðamáls 26. maí árið 1856 var lagður fram vitnisburður frá árinu 1532 og eigandi Möðrudals m.a. spurður hvort hann vissi enga sönnun fyrir því af skjölum Möðrudalskirkju að lönd Skjöldólfsstaða og Möðrudals hefðu í fyrndinni náð saman?[205] Því svaraði hann:

> Ekki adra en þá sem inniheldst í Vitnisburdi frá 1532 um „Mödrudals landamerki" auk þess sem eg alla tíd hefi heyrt ad löndin nái saman.[206]

Hinn 30. október 1856 tók Þorsteinn Jónsson sýslumaður Háreksstaðamálið til dóms á ný fyrir aukarétti að Ketilsstöðum á Völlum. Þar lögsótti séra Einar Hjörleifsson í Vallanesi þá Jón Sölvason og Vigfús Pétursson á Háreksstöðum til þess annað hvort að greiða sér hæfilega árlega landskuld eftir nýbýlið Háreksstaði sem hann taldi liggja í landeign eignarjarðar sinnar, Skjöldólfsstaða, eða að rýma jörðina á næstu fardögum eftir að dómur hefði fallið. Í málinu var m.a. borið vitni um að landamerki Skjöldólfsstaða, Arnórsstaða, Möðrudals, Hofskirkju (Steinvarartunga) og Hjarðarhaga ættu að liggja saman. Háreksstaðir lægju hins vegar mitt á milli þessara landeigna ef þeir tilheyrðu ekki einhverri þeirra en af þeim hefðu einungis Skjöldólfsstaðir gert tilkall til Háreksstaðalands. Nánar er fjallað um þetta mál í kaflanum um Háreksstaði.[207]

Hinn 15. september 1884 var aukaréttur settur að Fossvöllum af sýslumanninum Einari Thorlaciusi. Þar var tekið fyrir mál séra Stefáns Halldórssonar á Hofteigi sem umboðsmaður kirkjujarðarinnar Arnórsstaða og Kristján Sigurðsson á Víðihólum gegn Stefáni Einarssyni í Möðrudal út af ágreiningi um landamerki.

[203] Skjal nr 2 (352). Sjá einnig skjal nr. 2 (63) (mál 3/2005).
[204] Skjal nr. 2 (180) a-b.
[205] Skjal nr. 2 (287).
[206] Skjal nr. 2 (181)
[207] Skjal nr. 2 (92).

Sýslumaður nefndi átta menn í dóm og málspartar ruddu úr tveimur hvor þannig að eftir stóðu: Jón Methúsalemsson á Brú, Jónas Eiríksson á Eiríksstöðum, Þorvarður Kjerúlf, læknir á Ormarsstöðum, og Sæbjörn Egilsson á Hrafnkelsstöðum. Sökum þess hversu langt var liðið sumars og hversu langt í burtu landið sem skoða átti lá uppi á Jökuldalsheiði var áreiðinni frestað til næsta sumars og ákveðið að merkjagangan skyldi fara fram í lok júlí eða byrjun ágúst.[208]

Ekki stóðst tímasetningin því að aukaréttur í málinu var ekki settur fyrr en 17. september 1885 að Hákonarstöðum á Jökuldal. Þar var m.a. tilkynnt að Jón Sigurðsson á Gautlöndum myndi mæta fyrir hönd Stefáns í Möðrudal. Síðan var rétti frestað til morguns.[209]

Málsaðilar og dómsmenn komu aftur saman 18. september að Gestreiðarstöðum þar sem settur var aukaréttur. Báðir málsaðilar (Jón Jónsson prófastur á Hofi var mættur fyrir kirkjunnar hönd) lögðu fram málsskjöl þau sem þeir byggðu kröfur sínar á og tíndu til allt hvað þeir gátu heimildarskjölum hvors annars til rýrðar.[210]

Meðal vitnisburða, sem lagðir voru fram 18. september, var einn frá Bjarna Rustikussyni 3. maí 1884. Sagði hann sér hafa verið boðið (líklega eftir 1843) af Arnórsstaðabónda að byggja á Arnórsstaðaseli, „sem stendur í hálsinum út og uppi af Rangárlóns bænum“. Landamerki Arnórsstaða voru honum sögð vera í sjöunda Gilsárbug, þaðan í miðjan Skjaldklofa, þaðan í Eyktagnípu, sem öllum hefði komið saman um að væru [þá er talað um Eyktargnípur] á hæðunum fyrir framan Gestreiðarstaði. Að framan væru landamerkin „í hnúpsá, þaðan í mitt kiðufell, þaðan í miðjan hnaus og þaðan í Arnórsstaðasel“.[211]

Aðrir vitnisburðir voru fyrst og fremst um Eyktarnípu. Daníel Frímann Daníelsson sagði hana melhólinn inn á öldunum norðan kvíslar fyrir framan Gestreiðarstaði með klettum sunnan og austan.[212] Jón Benjamínsson á Háreksstöðum sagði hana fyrir innan Gestreiðarstaði, norðan við Gestreiðarkvísl, fjallsöxl klettamynduð.[213] Guðmundur Sigurðsson á Hákonarstöðum sagði Eyktanípu inn og vestur af Gestreiðarstöðum.[214] Vitnisburður Stefáns Stefánssonar í Sænautaseli var á þá leið að Rangárlón stæði í Hákonarstaðalandi og Arnórsstaðasel stæði í hálsinum út og norður frá Rangárlónsbænum.[215]

Á sama þingi var lagt fram landamerkjabréf fyrir Möðrudal með hjáleigunum Lóni [Rangárlóni], Gestreiðarstöðum og Fögrukinn, dagsett 20. mars 1884 og undirritað af Stefáni Einarssyni í Möðrudal:

---

[208] Skjal nr. 2 (210).
[209] Skjal nr. 2 (212) a-b.
[210] Skjal nr. 2 (213) a-b.
[211] Skjal nr. 2 (301).
[212] Skjal nr. 2 (302).
[213] Skjal nr. 2 (303).
[214] Skjal nr. 2 (306).
[215] Skjal nr. 2 (304).

> Að norðanverðu ræður merkjum austan við Fjallgarða, lækur sá sem rennur undan „Súlendum“ ofan í krókinn á „Hólkná“, svo ræður áin þar til hún rennur í „Hofsá“. Að austan verðu ræður, fyrst Hofsá suður að „Háreksstaðakvísl“, þá „Þrívörður“ á hálsinum milli Háreksstaða og Gestreiðarstaða, og síðan Þrí varðna háls, svo í mitt „Sænautavatn“, þaðan í „Rúnastein“ á „Urðarhlíð“ og þaðan í „Þrívörður“ á „Hestleið“ á „Þríhyrnings-fjallgarði“. Að sunnan ræður bein stefna úr Þrívörðum í ytra „Arnardalsfjall“, þaðan beint í „Þorlákslindir“ ytri. Að vestan ræður „Jökulsá“ þangað sem „Skarðsá“ fellur í hana. Að norðanverðu vestan „Fjallgarða“ ræður Skarðsá milli Möðrudals og Víðidals.
>
> Einnig á Möðrudalur átta hrossa göngu á „Austurfjöllum“ vestan Jökulsár og hálfar „Herðabreiðar-tungur“.[216]

Þá var lagður fram gerningur um landamerki Háreksstaða og Möðrudals 19. september 1871. Var samhljóða álit gerðarmanna að Háreksstaðaháls sé sá sem í skjölum Möðrudalskirkju sé ýmist kallaður Gestreiðarháls eða Þrívarðnaháls en það, sem nú kallist Gestreiðarháls hafi fyrrum heitið Kortseyrarháls. Fundust við skoðun merki til þriggja varðna sem álitnar voru hinar fornu Þrívörður:

> hafa þær staðið með litlu millibili á há-hálsinum þannig, að stefnan frá hinni innstu til hinnar yztu er hjer um bil 30° austan við misvísandi norður, eður 10-12° vestan við rjett norður.[217]

Samið var um að landamerkin milli Möðrudals og Háreksstaða skyldu vera um vörðurnar eftir þráðbeinni línu inn þangað sem Arnórsstaðaland tekur við og svo langt út sem landeignir Möðrudals og Háreksstaða liggi saman.[218] Þennan gerning kærði Skjöldólfsstaðabóndi til sáttanefndar árið 1886.[219]

Einnig var lagður fram vitnisburður Péturs Péturssonar Jökuls á Hákonarstöðum frá 22. apríl 1873, um að hann hefði sextán ára gamall séð Möðrudalsmáldaga á kálfskinni, ritaðan á 14. öld. Sagðist hann muna fyrir víst að þar stóð:

> Möðrudalsstaður á land allt frá læk þeim sem fellur undann Súlendum í Hólkná, þaðann sjónhending í Eiktarnýpur, og svo beint inn Þrívardnaháls, og svo inn með hálft Sænautavatn, og þaðann í Miðgötumúla hálfann Arnardal og beint í Jökulsá.[220]

Pétur sagði máldagann hafa verið í vörslum föður síns, sem hefði eyðilagt hann, af því að hann tók ofan í lönd Brúar-, Hákonarstaða- og Skjöldólfsstaðamanna. Máldaginn hefði getið um tvö býli í heiðinni, sem lágu undir Möðrudal,

---

[216] Skjal nr. 2 (310).
[217] Skjal nr. 2 (311).
[218] Skjal nr. 2 (311).
[219] Skjal nr. 2 (329).
[220] Skjal nr. 2 (312).

Geirrauðarstaði og Kornseyru. Þá var lagður fram vitnisburður Odds Sæbjörnssonar frá 14. apríl 1884, um að hann hefði ekki heyrt Eyktagnípu nefnda annars staðar en utarlega á svonefndum Þrívarðnahálsi og fyrir norðan Lindará og Gestreiðarstaðakvísl hefði hann aðeins heyrt nefndar Gestreiðaraxlir fyrir innan Gestreiðarstaði en Kornseyraraxlir fyrir utan bæinn sem næðu allt út að Langadalsá.[221]

Umboðsmaður Stefáns Einarssonar krafðist þess að landamerki Möðrudals að austan yrðu ákveðin úr:

> ... Hólknárós, þar sem hún fellur í Hofsá, svo í Þrívarðnaháls og að sá háls ráði eptir sömu stefnulínu niður á móts við mitt Sænautavatn og svo í Rúnastein; þar næst fylgir hann því fram að Eiktar nýpa eða Eiktarnýpa sje utarlega á Þrívarðnahálsi og mótmælir að Arnórsstaðasel, sem svo er kallað, sje eða hafi nokkru sinni verið vestan við nefndan háls.[222]

Umboðsmaðurinn krafðist þess ennfremur að þeir menn sem höfðu borið vitni um téð landamerki, einkum hvað Eyktarnípu og Arnórsstaðasel áhrærði, verði eiðfestir og sér gefið tækifæri til að svara þeim. Sækjendur óskuðu þess sama og því var málinu frestað þar til umræddar vitnaleiðslur hefðu farið fram.[223]

Talsverð bið var á framhaldi málsins en 25. maí 1887 setti Einar Thorlacius sýslumaður aukarétt að Fossvöllum til þess að yfirheyra vitni. Sóknaraðilar voru mættir en hvorki varnaraðili né umboðsmaður hans. Engu að síður var haldið áfram og staðfestu Stefán Stefánsson í Sænautaseli og Jón Benjamínsson vitnisburði sína frá árinu 1885 með eiði.[224]

Á manntalsþingi að Fossvöllum 7. júlí 1888 tók Bjarni Jónsson í Víðidal sæti Jóns Metúsalemssonar frá Brú í landamerkjamáli Arnórsstaða og Víðirhóla gegn Möðrudal. Ákveðið var að réttað skyldi í málinu 17. júlí næstkomandi á Gestreiðarstöðum.[225]

Við réttarhaldið 17. júlí 1888 voru lagðir fram nokkrir vitnisburðir til viðbótar. Kona, sem ólst upp á Gestreiðarstöðum og hafði verið í Kinn, bar eftir föður sínum um Möðrudalsmerki:

> Í læk þann sem fellur framanvið syðsta Sullendu-horn í krókinn á Hólkná, allt land niður með þeirri á að sunnan niður til Hofsár, og allt land vestanverðu árinnar í Háreksstaðakvíslar-ós, allann Gestreiðarstaðaháls austur að Þrívörðum, þaðan beina leið fram í Þrívörðuháls.[226]

Einnig var lagður fram vitnisburður manns, sem bjó á Gestreiðarstöðum 1869–1873, um merki Gestreiðarstaða og Háreksstaða á Þrívarðnahálsi og að viðkomandi

---

[221] Skjal nr. 2 (313).
[222] Skjal nr. 2 (213) a-b.
[223] Skjal nr. 2 (213) a-b.
[224] Skjal nr. 2 (214) a-b.
[225] Skjal nr. 2 (215) a-b.
[226] Skjal nr. 2 (315).

hefði aldrei heyrt að Bustarfell ætti tilkall til lands fram í heiðinni eða að Arnórsstaðasel hefði staðið til forna skammt norðvestur frá Rangárlóni.[227]

Tveir vitnisburðir frá 1845 voru einnig lagðir fram. Báðir fjölluðu um landnýtingu en einnig um landamerki. Báru báðir að Möðrudalur ætti land við Sænautavatn.[228] Enn var vitnisburður tveggja manna um að Arnórsstaðasel væri í hálsinum sem lægi út af Sænautafelli, hér um bil í norðaustur frá Rangalónsbæ. Enn fremur að þeir hefðu heyrt frá fyrsta, að Rangárlón væri byggt í Hákonarstaða heiðarlandi sem nú tilheyrði Víðirhóla heiðarlandi.[229]

Meðal skjala, sem lögð voru fyrir réttinn 17. júlí 1888, var vitnisburður um að Eyktargnípa væri sunnan til á hæðum, sem væru suðvestur frá Gestreiðarstöðum,[230] frumrit af vitnisburði Péturs Jökuls frá 1873 um hinn glataða Möðrudalsmáldaga,[231] afrit af Hákonarstaðamáldaga frá 1663, útdráttur úr Möðrudalsmáldaga Stefáns Jónssonar biskups. Þá var einnig lögð fram sáttakæra Skjöldólfsstaðabónda frá 1886 vegna Háreksstaða.[232]

Þá liggja með málsskjölum tveir vitnisburðir um Arnórsstaðasel sem ekki hafa verið skráðir sem málsskjöl: Í vitnisburði Jósefs Jósefssonar 1886 er Arnórsstaðasel sagt:

> ... austan við lækinn sem fellur gegnum halsinn útnorður af Rangarloni.[233]

Pétur Pétursson Jökull talar um:

> ... gil það sem er sunnanundir Arnórsstaðaseli út með hálsinum, sem gengur út af Sænetafelli, og mátti glöggt sjá selið í síðasta sinni þá jeg fór þarum útnorðr af Rangaloni.

Vitnisburðinn staðfesta Sigfinnur og Gunnlaugur Péturssynir.[234]

Umboðsmaður verjanda lagði málið í dóm með einni athugasemd sem varðaði trúverðugleika vitnisburða þeirra Jóns á Háreksstöðum og Stefáns í Sænautaseli. Að endingu óskaði hann eftir nýrri áreið á Arnórsstaðasel. Dómsmenn ákváðu að ríða aftur á merkin og taka svo málið til dóms.[235]

Dómur var svo kveðinn upp í málinu að Fossvöllum 20. september 1888. Sækjendur höfðu gert þá kröfu að þeim yrði dæmt land austan við línu dregna úr svokölluðum Rúnasteini á Urðarhlíð og í Eyktargnípu. Kröfu sína byggðu þeir á máldaga Hofteigskirkju frá 1454 og máldaga Hákonarstaða frá 1663 auk margra vitnisburða. Hinn stefndi krafðist sýknunar en að öðrum kosti að:

---

[227] Skjal nr. 2 (316).
[228] Skjöl nr. 2 (317) og nr. 2 (318).
[229] Skjal nr. 2 (320).
[230] Skjal nr. 2 (326).
[231] Skjal nr. 2 (327).
[232] Skjal nr. 2 (329).
[233] Skjal nr. 2 (321).
[234] Skjal nr. 2 (322).
[235] Skjal nr. 2 (216) a-b.

> ... Lónskvísl, sem svo er kölluð, ráði merkjum milli Möðrudals, Arnórsstaða og Víðirhóla og bein stefna frá upptökum hennar yfir Sænautavatn í Rúnastein.[236]

Kröfum sínum til stuðnings vísaði hann til máldaga Möðrudalskirkju, eldri og yngri vitnisburða, kaupbréfs núverandi eiganda, áreið frá 1871 og hefðarhalds.

Dómsmenn töldu að ekki væri byggjandi á öðrum örnefnum sem málsaðilar höfðu nefnt í merkjalínum sínum en Rúnasteini á Urðarhlíð, sem var fremsta endimark, og enginn hafði mótmælt. Enda virtist þeim hann vera sem næst beinni sjónhendingu við ysta hornmark á merkjalínunni milli Möðrudals og Bustarfells að austan, sem sé ás á læk þeim er fellur undan Súlendum í Hölkná og hafi ekki verið mótmælt af málsaðilum. Enginn ágreiningur var uppi um landamerki milli Arnórsstaða og Víðirhóla né milli Arnórsstaða og Skjöldólfsstaða. Því lá einungis fyrir dómnum að ákveða landamerki milli Möðrudals annars vegar og Víðirhóla og Arnórsstaða hins vegar og þ.a.l. var nauðsynlegt að ákvarða ytra hornmarkið á merkjalínunni, þ.e. hina svokölluðu Eyktarnípu.

Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að Eyktarnípa eða ytra hornmarkið væri þverbrattur gnúpur, fremst og syðst á öxlum þeim er liggja inn og vestur af Gestreiðarstöðum, vestanvert við kvísl þá er fellur úr Sænautavatni út, skammt frá gnúpnum að austan. Ástæður þessarar staðsetningar voru nokkrar. Í fyrsta lagi var nálægð gnúpsins við sjónhendingalínu milli Rúnasteins á Urðarhlíð að innan og lækjaróssins, sem fellur undan Súlendum í Hölkná á Möðrudalsvegi, að utan. Að sjónhendingslína dregin frá Skjaldklofa yfir Lönguhlíðarlækjarós, þ.e. óátalin landamerki milli Skjöldólfsstaða og Arnórsstaða, lendir í gnúpnum. Í þriðja lagi var gnúpurinn í nónstað (eyktarstað) frá Gestreiðarstöðum eftir venjulegum eyktamörkum á Austurlandi. Í fjórða lagi voru landamörk á þessu svæði víðast eftir sjónhendingu enda um miklar vegalengdir að ræða. Því virtist líklegt að sömu reglu hefði verið fylgt áður fyrr í þessum öræfageimi. Loks sögðu þeir að þetta væri eina kennileitið á umræddu svæði sem gnúpslag væri á.

Í máli dómsmanna kom einnig fram að þeir töldu sig ekki hafa fundið Arnórsstaðasel með neinni vissu.[237]

Dómsmenn tóku ekki undir skoðanir varnaraðila um að máldagar Arnórsstaða og Hákonarstaða væru heimildarlausir og að eigandi Möðrudals hefði náð hefðarhaldi á deilulandinu vegna tuttugu ára notkunar. Þeir álitu Arnórsstaðamáldagann gott og gilt heimildarskjal og þó að gallar væru á formi Hákonarstaðamáldaga nægði það ekki til þess að hrinda honum enda hefðu engar sannanir komið fram sem sýndu að hann væri rangur eða tortryggilegur.

Loks var kveðinn upp svohljóðandi dómur í málinu:

---

[236] Skjal nr. 2 (217).
[237] Skjal nr. 2 (217).

> Landamerki millum Möðrudals á Fjalli annarsvegar og Víðirhóla í Jökuldalsheiði og Arnórsstaða á Jökuldal hinsvegar eru þessi: sjónhending úr Rúnasteini, er stendur á svo nefndri Urðarhlíð, inn og vestur frá Sænautaseli, og í Eyktargnýpu, þverbrattan gnúp, er stendur fremst og syðst á öxlum þeim, er liggja inn og vestur frá Gestreiðarstöðum, vestanvert við kvísl þá, er fellur úr Sænautavatni út, skammt frá gnúpum að austan.[238]

Þessum dómi var þinglýst 20. júní 1893 á manntalsþingi á Skjöldólfsstöðum.[239]

Málinu var vísað til Landsyfirréttar árið 1891 en vísað frá vegna dráttar á áfrýjunarstefnu.[240]

Aukaréttur var settur að Fossvöllum 15. september 1884 af sýslumanninum, Einari Thorlaciusi. Þá var tekið fyrir málið Methúsalem Einarsson á Bustarfelli (vegna Brunahvamms) gegn Stefáni Einarssyni bónda í Möðrudal út af ágreiningi áhrærandi landamerki. Í dóm voru valdir Jón Methúsalemsson á Brú, Jónas Eiríksson á Eiríksstöðum, Þorvarður Kjerúlf, læknir á Ormarsstöðum, og Sæbjörn Egilsson á Hrafnkelsstöðum. Sökum þess hversu langt var liðið sumars og hve langt í burtu landið sem skoða átti lá uppi á Jökuldalsheiði var áreiðinni frestað til næsta sumars og ákveðið að merkjagangan skyldi fara fram í lok júlí eða byrjun ágúst.[241]

Aukaréttur í málinu var ekki settur fyrr en 17. september 1885 að Hákonarstöðum á Jökuldal. Þar var m.a. tilkynnt að Jón Sigurðsson á Gautlöndum myndi mæta fyrir hönd Stefáns í Möðrudal. Því næst var rétti frestað til morguns.[242]

Á manntalsþingi að Fossvöllum 7. júlí 1888 tók Bjarni Jónsson í Víðidal sæti Jóns Methúsalemssonar frá Brú í landamerkjamáli Bustarfells (Brunahvamms) gegn Möðrudal. Ákveðið var að réttað skyldi í málinu 17. júlí næstkomandi á Gestreiðarstöðum.[243]

Einar sýslumaður Thorlacius setti aukarétt á Gestreiðarstöðum 17. júlí eins og boðað hafði verið. Sýslumaður spurði aðila hvort þeir gerðu kröfu um að ný áreið færi fram þar sem að nýr dómsmaður hafði verið skipaður í málið. Ekki reyndist þörf á því.

Umboðsmaður sækjanda lagði nokkur skjöl inn fyrir réttinn og að auki var lögð fram sáttargjörð þar sem Jón Jónsson, hreppstjóri á Skjöldólfsstöðum, gerði tilkall til þess lands sem ágreiningurinn stóð um. Að því búnu lagði umboðsmaður sækjanda málið í dóm. [244]

---

[238] Skjöl nr. 2 (217) og 2 (11).
[239] Skjal nr. 2 (187).
[240] Lyfrd. og Hrd. (1890–1894), IV, bls. 210–211.
[241] Skjal nr. 2 (211). Málsaðilar mættu fyrir sáttanefnd í Vopnafirði 12. ágúst 1884 en gátu ekki komist að málamiðlun, sbr. skjal nr. 2 (220).
[242] Skjal nr. 2 (212) a-b.
[243] Skjal nr. 2 (215) a-b.
[244] Skjal nr. 2 (216) a-b.

Vegna forfalla í merkjadóminum var Guðmundur Snorrason í Fossgerði skipaður í hann 12. september 1892.[245]

Hinn 13. september 1892 var aukaréttur settur að Bustarfelli og loks kveðinn upp dómur í landamerkjamáli því sem Methúsalem Einarsson, eigandi Bustarfells, hafði höfðað gegn Stefáni Einarssyni í Möðrudal. Dómsmenn töldu lítið hægt að byggja á þeim skjölum sem framlögð höfðu verið fyrir réttinn því að bæði væru þau fá og höfðu að þeirra mati ekki sönnunargildi að undanskildum útdrætti frá 29. júlí 1645 af máldaga Möðrudalskirkju úr tíð Stefáns biskups. Þeir yrðu því að mestu leyti að byggja á eðlilegum landsháttum. Fram kom að ágreiningurinn um ofangreint þrætuland milli Bustarfells og Möðrudals hefði staðið í nokkur ár án þess að hafa verið leiddur til lykta. Árið 1888 hefðu landamerki Möðrudals annars vegar og Arnórsstaða og Víðirhóla hins vegar verið ákvörðuð með dómi og hefðu staðið óhögguð síðan. Landamerkin þar á milli hefðu verið ákvörðuð með eftirfarandi hætti

> [...] eftir sjónhendingu úr Rúnasteini á Urðarhlíð og í Eyktargnípu.[246]

Sú landamerkjalína sem stefnandinn krafðist að yrði látin ráða landamerkjum milli Bustarfells og Möðrudals var í beinni áframhaldandi sjónhendingu frá ofangreindum landamerkjum frá 1888. Þar sem merkjadómnum þótti ekki ástæða til þess að hrófla við þeim voru takmörk Möðrudals og Bustarfells ákveðin á eftirfarandi hátt:

> [...] sjónhending úr ós lækjar þess, er fellur í Hólkná undan Súlendum á Möðrudalsvegi, yfir austanvert Stóralækjarvatn í Eyktargnýpu, er stendur fremst og syðst á öxlum þeim, er liggja inn og vestur frá Gestreiðarstöðum.[247]

Þessum dómi var þinglýst á manntalsþingi í Vopnafirði 9. júlí 1894.

Ódagsett landamerkjabréf fyrir jörðina Möðrudal var þinglesið 25. júlí 1923:

> Að sunnan úr Arnardalsárós við Jökulsá beint í þríhyrningsvatnstanga.
>
> Að austan úr þríhyrningsvatnstanga í há-þríhyrning, þaðan út þríhyrningsfjallgarð að gili vestur af Háfsvatnaöldu, þaðan út á móts við Einbúa, þaðan austur í Eyktagnýpu.
>
> Úr Eyktagnýpu í gróf þá er fellur í Hólkná, framanvert við Súlendur, þaðan beint vestur á Þjóðfell.
>
> Að norðan: Úr Þjóðfelli að upptökum Skarðsár í Langadal og niður með Skarðsá ofan fyrir Sandfell, þangað sem Sandfellslind fellur í hana og þaðan beint í fremsta höfða Lambafjalla og ræður Jökulsá að vestan.

---

[245] Skjal nr. 2 (218).
[246] Skjal nr. 2 (219).
[247] Skjal nr. 2 (219). Vísað er til landamerkjadóms Norður-Múlasýslu frá 20. september 1888 er landamerkin eru tilfærð.

> Ítök í annarra löndum: [...] viðartekja í Grafarlöndum og Herðubreiðarlindum.[248]

Jón A. Stefánsson í Möðrudal skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Eyjólfi Marteinssyni á Brú, Björgvini Guðnasyni á Grunnavatni, Guðjóni Gíslasyni í Heiðarseli og eigendum Gestreiðarstaða- og Kinnarlanda þeim Methúsalem Einarssyni og Methúsalem Methúsalemssyni. Einnig skrifuðu undir eigendur Víðidals, þau Sigurður Kristjánsson, Halldóra Sigurðardóttir og Kjartan Kristjánsson, Sigurður Haraldsson fyrir hönd eigenda Rangárlóns og Einar Friðriksson og Jón Einarsson fyrir Reykjahlíð.

Samkvæmt jarðamatinu 1804 er dýrleiki Möðrudals óljós. Jörðin er í sjálfseignarábúð. Þar má fá fimm tunnur af fjallagrösum eða íslenskum mosa sem metnar eru á eitt hundrað og þrjátíu álnir. Á jörðinni fæst nægt melgresi í reiðinga fyrir tíu hesta.[249]

Kjólsstaðir eru hjáleiga Möðrudals samkvæmt jarðamatinu 1804. Þar má fá tvær tunnur af fjallagrösum sem metnar eru á sextíu álnir. Á jörðinni fæst nægt melgresi í reiðinga fyrir fimm hesta. Jörðin hefur sama útigang og Möðrudalur.[250]

Jarðatal Johnsens segir Möðrudal með Víðidal og Kjólsstöðum seldan sem Skálholtsjörð með konungsbréfi 15. maí 1793.[251]

Samkvæmt jarðamatinu 1849 hefur Möðrudalur afbýlin Gestreiðarstaði og Fögrukinn. Þar kemur einnig fram að jörðin eigi „afrétt“ til eigin nota og miklar en langsóttar útengjar. Landið er mikið en blásið og verður fyrir sandfoki. Á öðrum stað í jarðamatinu stendur:

> Vídirdalur afbýli frá Mödrudal talid 4 hndr. [...] eingjar nokkrar, enn votar og lángsóktar; [...] landid blásid og sandorpid.[252]

*Ný jarðabók 1861* telur Gestreiðarstaði, Fögrukinn og Víðidal afbýli frá Möðrudal.[253]

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Möðrudalur hafi mikinn heyskap í Mellöndum. Í kaflanum um jörðina kemur líka fram að hún hafi nægilegt og gott upprekstrarland fyrir afréttarfé ábúanda Möðrudals. Meðal kosta er sérlega góður útigangur fyrir hross á vetrum. Þar stendur einnig að landamerki milli Möðrudals annars vegar og Víðirhóla og Arnórsstaða hins vegar séu skráð í landamerkjabók Norður-Múlasýslu og að þeim hafi verið þinglýst 20. júní 1893. Þar er vísað til þinglesinna landamerkja móti Víðirhólum og Arnórsstöðum árið

---

[248] Skjal nr. 2 (31) a-b.
[249] Skjal nr. 2 (207) a-b.
[250] Skjal nr. 2 (207) a-b.
[251] Skjal nr. 4 (1).
[252] Skjal nr. 2 (147) a-b.
[253] Skjal nr. 4 (2).

1893 og Bustarfelli í Vopnafirði árið 1894. Einnig kemur fram að ábúandi segir engan landamerkjaágreining vera til staðar.[254]

## 5.14. Ármótasel

Við mat á eignarréttarlegri stöðu Ármótasels skiptir máli að skoða tengsl Ármótasels við Arnórsstaði þó að sú jörð sé ekki á ágreiningssvæði. Verður því fyrst fjallað um Arnórsstaði en síðan Ármótasel.

### 5.14.1. Arnórsstaðir

Mörkum Arnórsstaða er svo lýst í *Sveitum og jörðum í Múlaþingi*:

> Landamörk eru við Skjöldólfsstaði að norðan (sjá þar) síðan við Möðrudal og Eyktagnípu suður í Sænautafell, um Rangárlón, Þrívörðuháls, Botnahraun, Lönguhlíð og Kiðufell í Hnúksárupptök við Hnúksvatn og eftir það með ánni niður í Jöklu.[255]

Ármótasel var upphaflega sel frá Arnórsstöðum.[256] Einnig var Hlíðarendi í landi Arnórsstaða, austan undir Skollagrenisási, í byggð 1850–1872.[257]

Landamerkjum Arnórsstaða er lýst svo í máldaga Hofteigskirkju frá 1454 en Arnórsstaðir voru eign kirkjunnar þar:

> ... Jtem alla Arnorstada iörd. mille þessara vmmerkia. fra hnuksaa. oc j Gilsá. oc vr siöunda Gylsárbug. oc i Skialldklofa. og so j ósinn. sem lönguhlijdar lækur kemur i önnur vötn. oc so i Eyktarnipa. oc þadan til vötnum hallar. oc framm i Sandvpsernar fyrer nordan Arnorzstada sel. oc so i lönguhlijdar enda. allt hnvkzvatn j hnuksaa og so j Jokulsá.[258]

Á manntalsþingi við trébrúna 24. maí 1773 var lesin upp lögfesta staðarhaldarans að Hofteigi, séra Guðmundar Ingimundarsonar, fyrir Hofteigsbeneficio en því tilheyrandi var kirkjujörðin Arnórsstaðir. Innihalds téðrar lögfestu er ekki getið en að afloknum upplestri var hún árituð af sýslumanni og afhent séra Guðmundi á ný.[259]

Hinn 20. maí 1840 á manntalsþingi að Fossvöllum var lesin upp lögfesta fyrir Arnórsstaðalandi. Innihald hennar er ekki tíundað.[260]

Í vísitasíu Hofteigskirkju frá 8. september 1840 kemur fram að sóknarpresturinn hafi þá um sumarið lögfest Arnórsstaðaland norðan og austan

---

[254] Skjal nr. 2 (93).
[255] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 265.
[256] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 267.
[257] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 266.
[258] Skjal nr. 4 (68). Til er transkrift á skinni af þessu bréfi frá 23. maí 1622, sbr. skjal nr. 4 (83). Það var lagt fram í aukarétti Norður-Múlasýslu þann 18. september 1885.
[259] Skjal nr. 2 (163) a-b.
[260] Skjal nr. 2 (170).

Jökulsár eftir löggildum máldögum og lögfestan hafi verið lesin og árituð á manntalsþingi á Fossvöllum.[261]

Frá 8. maí 1844 er varðveitt lögfesta fyrir Hákonarstöðum. Í henni er minnst á Arnórsstaðasel.[262] Nánar er fjallað um lögfestuna í kaflanum um Hákonarstaði.

Fram kemur í skýrslu Hofteigsprests frá 23. maí 1844 um eignir prestakallsins að landamerkjum kirkjujarðarinnar Arnórsstaða hafi tvisvar verið þinglýst, nefnilega 1839 og 1840.[263]

Hinn 7. september 1844 var réttað í máli vegna nýbýlisins á Háreksstöðum: Vitnin, sex að tölu, höfðu öll dvalið langdvölum á Jökuldal. Hvar Arnórsstaðaland tæki við móti Skjöldólfsstöðum voru svörin óljós: Tvö virðast miða mörkin við beina stefnu frá Háreksstaðahálsi, uns Arnórsstaðamörk tækju við, þriðji benti á Hofteigsmáldaga frá 1454. Fjórði sagði þau frá Háreksstaðahálsi. Sá fyrsti sagði þau þá þaðan sem Lönguhlíðarlækur kæmi í önnur vötn (Lönguhlíðarlækur væri lækur sem félli fyrir austan Lönguhlíðarenda og svo út norður), þaðan í Skjaldklofa, svo að sjöunda Gilsárbug við Gilsá og síðan áin í Jökulsá. Annar nefndi Eyktargnípu, sem hann vissi ekki með vissu hvar væri og þaðan í austur í Lönguhlíðarlæk, þriðji var nokkurn veginn samhljóða þeim fyrsta en um merki úr Lönguhlíðarlæk í Skjaldklofa og áfram bar þeim öllum nær saman um.[264]

Halldór Stefánsson segir Hlíðarenda í Arnórsstaðalandi hafa byggst líklega rétt eftir 1850. Þar var búið til ársins 1872.[265]

Útbúin var lýsing fyrir Arnórsstaði vegna fyrirhugaðrar sölu 4. júlí 1915. Þar stendur:

> ... Að Arnórsstaðalandi liggja þessar jarðir: Að vestan Hákonarstaðir, Víðirhólar, Veturhús og Rangalón; að norðan Möðrudalur; að austan Háreksstaðir og Skjöldólfsstaðir.[266]

Í lýsingunni kemur einnig fram að jörðin hafi heiðarengjar.

Hinn 10. september 1918 seldi ríkið Þorkatli Jónssyni ábýlisjörð hans Arnórsstaði þ.m.t. Arnórsstaðapart í Merkislandi. Í kaupsamningnum kemur fram að undanskilin sölunni séu námar sem fundist hafa í jörðinni eða kunna að finnast þar, svo og vatnsafl og notkunarstaða þess.[267]

Hinn 24. október 1921 var útbúið landamerkjabréf fyrir jörðina Arnórsstaði. Það var þinglesið 27. júlí 1922:

> Að austan ræður Gilsá frá ós þar til Víðirdalsá fellur í hana.

---

[261] Skjal nr. 2 (232).
[262] Skjal nr. 2 (205) a-b og skjal nr. 2 (173) a-b.
[263] Skjal nr. 2 (234).
[264] Skjal nr. 2 (175).
[265] Halldór Stefánsson: „Jökuldalsheiðin og byggðin þar“, bls. 168, 194, 203–204.
[266] Skjal nr. 2 (222).
[267] Skjal nr. 2 (222).

> Að norðan ræður Víðirdalsá vestur gegnt Hlíðarenda fremri.
>
> Að vestan ræður Hnúksá frá Jökuldalsá að Hnúksvatni, þaðan beint í Kiðufellsöxl sunnan við Kiðuhamar, þaðan í Víðirdalsá gegnt Hlíðarenda fremri.[268]
>
> Þorkell Jónsson á Arnórsstöðum skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Stefáni Benediktssyni í Merki (vegna Ármótasels), Pétri Kristjánssyni á Hákonarstöðum og Eiríki Sigfússyni á Skjöldólfsstöðum.

Þegar þetta bréf er borið saman við merkjalýsinguna frá 1454 og landamerkjalýsingu Ármótasels árið 1921 verður ekki annað séð en Ármótasel sé komið undan Arnórsstöðum.

Samkvæmt jarðamatinu 1804 eru Arnórsstaðir kirkjujörð frá Hofteigi. Jörðin gefur átta tunnur af fjallagrösum sem metnar eru á tvö hundruð og hún hefur skóg. Arnórsstaðir hafa sama útigang og Hákonarstaðir.[269]

Samkvæmt jarðamatinu 1849 eiga Arnórsstaðir „afrétt" til eigin nota. Þar stendur einnig að jörðin láni útbeit á vetrum og heimaengjar hennar séu lélegar en annar útheyskapur langsóttur.[270]

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 stendur að silungsveiði megi stunda í vötnum norður í Jökuldalsheiði en muni ekki vera nein arðvænleg atvinna. Í matinu kemur einnig fram að jörðin eigi upprekstrarland sem gefi af sér í árstekjur ca. 12 krónur.[271]

### 5.14.2. Ármótasel

*Sveitir og jarðir í Múlaþingi* segja um Ármótasel:

> Býlið er í Jökuldalsheiði og kallaðist Ármót í daglegu tali á Jökuldal. Það var upprunalega sel frá Arnórsstöðum. Býlið byggðist fyrst um 1853 [...] Á er ekki getið í jarðabókum fyrr en Fasteignabók 1932. Þá er það í bændaeign og sjálfsábúð. Síðar varð það eign Jökuldalshrepps, um 1940, er síðasti ábúandinn gaf hreppnum jörðina [...]
>
> Á er í Gilsárkvosinni skammt ofan við Arnórsstaðamúla, þar sem koma saman Víðidalsá úr suðri, Gilsá úr norðri og á milli þeirra lækur úr Grunnavatni (nyrðra).[272]

Ármótasel byggðist árið 1853 úr Arnórsstaðalandi að sögn Halldórs Stefánssonar. Þar var búið til öskufalls 1875, síðan 1878–1879, 1881–1904, 1905–1909, 1918–1943. [273]

---

[268] Skjal nr. 2 (40).
[269] Skjal nr. 2 (207) a-b.
[270] Skjal nr. 2 (147) a-b.
[271] Skjal nr. 2 (93).
[272] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 267.
[273] Halldór Stefánsson: „Jökuldalsheiðin og byggðin þar", bls. 192–193, 199–200, 215–216.

Býlisins er ekki getið í fasteignamati 1916–1918 en þá var það í eyði. Ekkert er á það minnst í lýsingu Arnórsstaða í sama fasteignamati.

Landamerkjabréf fyrir jörðina Ármótasel var útbúið 24. október 1921. Því var þinglýst þann 27. júlí 1922:

> Að austan ræður Gilsá frá ármótum í níunda Gilsárbug, gegnt Skjaldklofahorni fremra, þaðan beint í Skjaldklofahorn fremra, þaðan beint í Eyktargnýpu.
>
> Að norðan úr Eyktargnýpu í Arnórsstaðasel.
>
> Að vestan úr Arnórsstaðaseli í Bjallkollu, þaðan beint í Botnahraun, þaðan í Lönguhlíðarenda fremri, þaðan í Víðidalsá gegnt öxlum sunnan við Kiðuhamar.
>
> Að sunnan ræður Víðidalsá.[274]

Bréfið var samþykkt af Þorkatli Jónssyni á Arnórsstöðum, Stefáni Benediktssyni í Merki (vegna Ármótasels), Pétri Kristjánssyni á Hákonarstöðum og Eiríki Sigfússyni á Skjöldólfsstöðum.

Stefán Benediktsson í Merki seldi Ármótasel samkvæmt kaupsamningi 12. maí 1925. Þar er vísað til nýjustu landamerkjaskrár. Ekki kemur fram hvernig jörðin komst í eigu Stefáns.[275]

Í fasteignamati 1930–1932 er annar eigandi að Ármótaseli en Arnórsstöðum. Þá er „afrétt" sögð í landi jarðarinnar.[276]

Heimildir benda til þess að búseta hafi verið á Ármótaseli frá árinu 1853 þar til jörðin fór í eyði árið 1943. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir að Ármótaseli var skipt út úr landi Arnórsstaða hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.

## 5.15. Rangárlón

Við mat á eignarréttarlegri stöðu Rangárlóns skiptir máli að skoða tengsl Rangárlóns við Hákonarstaði sem ekki eru á ágreiningssvæði. Sama máli gegnir um Sænautasel, Veturhús og Víðirhóla. Hér verður því fyrst fjallað um Hákonarstaði.

### 5.15.1. Hákonarstaðir

*Sveitir og jarðir í Múlaþingi* segja um Hákonarstaði:

> Heiðarbýli í Hákonarstaðalandi voru Víðihólar, Veturhús, Sænautasel og horn (bæjarstæðið) af Rangárlóni, en niðri á dal Langagerði og Heimasel, nú

[274] Skjal nr. 2 (10) a-b.
[275] Skjal nr. 4 (30) og nr. 2 (333).
[276] Skjal nr. 2 (230).

> Breiðilækur. Auk þess Flatasel, þar sem nú er Grund. Tvenn beitarhús voru í heiði, og á heiðarbýlastöðvunum sel og beitarhús, áður en þær byggðust.[277]

Hákonarstaðir eru að sögn *Landnámu* landnámsjörð Hákonar þess sem nam Jökuldal allan fyrir vestan Jökulsá og ofan Teigará.[278]

Í máldaga Möðrudalskirkju frá 1493 er minnst á að Hákonarstaðir tilheyri þeirri kirkjusókn.[279]

Í Þjóðskjalasafni er til eftirrit af svonefndum Hákonarstaðamáldaga sem á að vera vísitasía Brynjólfs Sveinssonar vottuð í Skálholti 14. júní 1663:

> Heilög Marju kyrkja á Hákonarstöðum á allt heimaland sextán hundruð með öllum hjáleigum hvar til liggja Víðirhólar 8 hundruð. Brandur Ásbjarnarson gaf kyrkjunni land allt í Geyrbjarnar-Oddum suður af Herðubreið. Ýtem Hval og allan reka um Múlahöfn fyrir ofan 4 álnir um miðjan dríl til lands enda.
>
> Staðurinn á land allt: Úr Jökulsá og í stein þann, er stendur í Þrandargili so beint í fjall upp í Þrísteina so í Langöxl. so í Víðirár ós. So í Búsku tanga fremri. so á Digranes við Ánsvatn. so í Skotmannslæk. Og so í Stein, sem stendur ynnann til á Urðarhlíð með áklöppuðum Rúnum þaðan sjónhending í lækinn fyrir vestan Arnórstaðasel. so í Refaklett. so í Launguhlíðarenda fremri so ynnan til á hæðir fyrir sunnan kyðu hamar so niður með Hnjúksá.
>
> Víðirhólar eiga land allt fyrir norðan víðirá, hvar til liggur Sænautasel, með áður greindum landamerkjum, ýtem: Veiði í Ánsvatni og Sænautavatni, sem sé er heima er á Staðnum.
>
> Þessi máldagi, er að nokkru byggður á Gísla biskups máldaga-skjölum hver hann segjir samhljóða Vilkinsmáldaga Rituðum 1397 að öllu það kyrkjunnar eignum viðvíkur.[280]

Undir skrifuðu Jón Halldórsson, Gísli Sigurðsson, Hákon Ormsson, Jón Sigurðsson, Bjarni Eiríksson og Finnur Jónsson.

Textinn hér að framan er fenginn úr eftirriti máldaga Hákonarstaðakirkju, vottaður af G. Gíslasyni. Það gerðu líka Einar Thorlacius sýslumaður og Skapti Jósefsson ritstjóri 16. september 1893. Eftirrit máldagans og vottun hans voru lesin upp á manntalsþingi 8. júní 1895 og færð í landamerkjabók sem landamerkjaskjal fyrir Hákonarstaði og Víðirhóla.[281]

Þessi „máldagi" er harla tortryggilegur. Brynjólfur Sveinsson vísiteraði ekki á Hákonarstöðum enda engin kirkja þar og raunar kemur fram í vísitasíubók Brynjólfs fyrir Austfirðingafjórðung að Hákonarstaðir áttu á þessum tíma kirkjusókn að Möðrudal. Ekki verður heldur séð að Brynjólfur geti Hákonarstaða í bréfabókum

---

[277] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 268–269.
[278] Skjal nr. 4 (93).
[279] Skjal nr. 4 (72).
[280] Skjal nr. 2 (331).
[281] Skjal nr. 2 (14).

sínum. Loks skal á það bent að hvorki Gíslamáldagi né Vilchinsmáldagi nefna Hákonarstaðakirkju.

Hinn 11. maí 1837 á manntalsþingi að Fossvöllum var lesin upp lögfesta sem dagsett var samdægurs fyrir jörðinni Hákonarstöðum. Innihalds lögfestunnar er ekki getið en fram kemur að enginn hafði neitt á móti henni að mæla.[282]

Lögfesta fyrir jörðinni Hákonarstöðum var útbúin 8. maí 1844:

> Eg Petur Petursson lögfesti Jördina Hákonarstadi med allri sinni Landeign Tödr Eingiar og Skóga, Holt og Haga, Vötn og Veidistadi og allar Landsnytiar þær er þvi Landi éga ad fylgia til Ummerkia þeirra er adrir menn eiga i móti mér bædi ad Ordfullu og Lögmáli réttu, og eru Jardarinnar Landamerki ad sunnanverdu úr Jökulsá i Stein þann sem stendr í Þrándargili svo beint á Fiall upp i Þrísteina svo i Vidirarós so i Digranes so i Skolladalslæk so i Stein innan til á Urdarhlíd med Rúnum; Þadan Siónhending i Lækin fyrir vestan Arnórs stadasel so i Refaklett, so i Launguhlídarenda fremri so innan til á Hædir fyrir sunnan Kiduhamar so nidr med Hnúksá i Jökulsá, fyrirbíd eg hvörium manni hédan af i ad vinna edr sér ad nytia ádr téd Land nema mitt sé lof edr leifi til ad Vitni þeirra hér undirskrifudu manna.[283]

Lögfestan var þinglesin 11. maí sama ár.

Hinn 2. júní 1886 var útbúið landamerkjabréf fyrir jörðina Hákonarstaði. Það var þinglesið 7. júní sama ár:

> Landamerkjaskýrsla fyrir Hákonarstöðum.
>
> Á milli Grundar og Hákonarstaða eru (landamerki) þannig: úr Jökulsá í Sætisstein, svo í kollóttan mel framan til á Hvamma brekkum, þaðan beint á fjall upp í Krókmela-enda fremri, svo í háan mel undir Búðarhálsi norður af Illavatnsenda ytri, svo þvert yfir Búðarhálsinn í vörðu, sem stendur norðan á honum, svo beina línu út með 5 - fimm - vörðum sem standa í stefnu að Víðirdalsá, suður af Víðirhóla bænum, svo út með ánni í vörðu á melkambi við ána, svo á hæðir sunnan við Kiðuhamar, svo niður með Hnúksá í Jökulsá.
>
> Enn fremur eiga Hákonarstaðir, Grund og Víðirhólar, að tiltölu eftir dýrleika hverrar jarðar, hval og allan reka um Múlahöfn fyrir ofan fjórar álnir um miðjan Drit til Landsenda, og einnig land allt í Geirbjarnaroddum suður af Herðubreið.[284]

Sveinn Magnússon, eigandi Hákonarstaða, skrifaði undir bréfið. Eigandi Víðirhóla, Kristján Jón Sigurðsson, var því einnig samþykkur, svo og Bjarni

---

[282] Skjal nr. 2 (169) a-b.
[283] Skjal nr. 2 (205) a-b og skjal nr. 2 (173) a-b.
[284] Skjal nr. 2 (13).

Rustikusson, eigandi Grundar, en að sögn Stefáns Halldórssonar, prests í Hofteigi, handsalaði hann samþykki sitt 2. júní 1886.

Í kjölfar deilna sín á milli um landamerki Hákonarstaða og Grundar annars vegar og Eiríksstaða hins vegar ákváðu eigendur þessara jarða[285] að óska eftir að fram færi áreiðargjörð á hin umdeildu landamerki. Hún fór fram 8. júlí 1897 og var niðurstaða skoðunarmannanna eftirfarandi:

> Úr Jökulsá í stein þann hinn stóra er stendur í Þrándargili fyrir utan Illuskriðu, en svo nefnist skriðuhvammur sá, sem er utan við Skriðuhöfða; úr Þrándargilssteini í Þrísteina, en þeir steinar standa austan í holti skammt fyrir framan og neðan Sjónarhól, þeir eru þrír, einn langstærztur, merktur með rúnastafnum „M“ [ekki er hægt að endurgera rúnatáknið], hinir töluvert minni, og þó báðir miklu stærri en aðrir steinar á því holti. Frá þrísteinum ræður svo bein stefna yfir Lönguöx<l>, sem nú nefnist Búðarháls utan við Búðarvatns enda ytri, og í Víðirárós (Víðirdalsárós) þar sem hún fellur úr stöðuvatninu Gripdeild.[286]

Undir áreiðargjörðina skrifuðu Eggert Briem, Jón Jónsson, Magnús Bl. Jónsson, Gunnar Gunnarsson og Jón Bergsson. Eggert Briem staðfesti rétt eftirrit.

Landamerkjabréf fyrir Hákonarstaði var útbúið 24. október 1921 og þinglesið 27. júlí 1922:

> Að austan ræður Hnúksá að upptökum sínum við Hnúksvatn, þaðan á Axlir sunnan við Kiðuhamar, þaðan í Víðirdalsá gegnt Lönguhlíðarenda fremri.
>
> Að norðan ræður Víðirdalsá að Eiríksstaðavegi suður af Víðirhólum.
>
> Að vestan úr Merkissteini við Jökulsá beina línu í vörðu á melnum sunnan við Blesaflóa, þaðan á mel utan við Illavatn, þaðan í Búðarháls og að Eiríksstaðavegi.[287]

Pétur Kristjánsson á Hákonarstöðum skrifaði undir bréfið. Það gerðu einnig Þorkell Jónsson á Arnórsstöðum og Eiríkur Sæmundsson, eigandi Grundar.

Hákonarstaðir, sem metnir eru á sextán hundruð, eru í sjálfseignarábúð samkvæmt jarðamatinu 1804. Jörðin gefur átta tunnur af íslenskum mosa (fjallagrösum) sem metnar eru á tvö hundruð. Þar er líka silungsveiði sem metin er á eitt hundrað og jörðin hefur skóg.[288]

Samkvæmt jarðamatinu 1849 eiga Hákonarstaðir afbýlin Sænautasel og Veturhús. Þar stendur einnig að jörðin hafi mikinn en víðfenginn útheyskap.[289] *Ný jarðabók 1861* getur tveggja hjáleigna frá Hákonarstöðum, Sænautasels og Veturhúsa.

---

[285] Hákonarstaðir og Grund voru í eigu Sigurveigar Jónsdóttur en Einar Eiríksson og Jónas Eiríksson áttu Eiríksstaði.
[286] Skjal nr. 2 (20).
[287] Skjal nr. 2 (15).
[288] Skjal nr. 2 (207) a-b.
[289] Skjal nr. 2 (147) a-b.

Er hið sameiginlega mat, 39,5 hundruð, hið næsthæsta í hreppnum, næst á eftir Sleðbrjóti með hjáleigunum Másseli og Sleðbrjótsseli.[290]

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að samkvæmt jarðamatinu frá 1861 sé dýrleiki Hákonarstaða ásamt hjáleigunum Sænautaseli og Veturhúsum og eyðibýlinu Víðirhólum 39 hundruð. Þá eru Hákonarstaðir sagðir hafa nægilegt upprekstrarland fyrir afréttarfé ábúanda. Einnig segir að eyðibýlið Víðirhólar verði metið með aðaljörðinni Hákonarstöðum.[291]

### 5.15.2. Rangárlón

Eftirfarandi er í Sveitum og jörðum í Múlaþingi:

> R <Rangárlón> er nú í daglegu tali kallað Rangalón, en eldri heimildir vitna með hinu nafninu [...]
>
> Býlið stóð á norðurbakka Sænautavatns, í þjóðleið milli Möðrudals og Skjöldólfsstaða. [Vitnað er í fasteignamat 1918 um kosti og ókosti. Síðan segir:] Því má bæta við, að engjar voru aðallega í flóum í Háfsvatnsdæld (Lónakílsdal), og er þaðan langur heybandsvegur sem sjá má á korti.[292]

Rangárlón byggðist árið 1844. Segir Halldór Stefánsson landið þá hafa talist til Möðrudalslands. Var það í byggð, með nokkrum hléum á 20. öld, til ársins 1923.[293]

Landneminn á Rangárlóni, Pétur Guðmundsson, mun hafa verið einn þeirra átta nýbyggjara á „Skjöldólfsstaðaheiði“ sem sóttu um það til Norður- og Austuramtsins árið 1849,að þeim yrði útmælt land til nýbýla sem þeir höfðu tekið upp.[294] Sjá nánari umfjöllun undir Háreksstöðum.

Bjarni Rustikusson segir í vitnisburði 3. maí 1884, í málinu milli Möðrudals annars vegar og Arnórsstaða og Víðirhóla hins vegar, að við byggingu Rangárlóns hafi komið upp ágreiningur milli Möðrudalsmanna og Péturs Péturssonar á Hákonarstöðum og Jónatans Péturssonar um landið. Hefði að sögn Jónatans samist um að Möðrudalur ætti í Rúnastein og þaðan í Gestreiðarstaðakvísl og að Rangárlónsbærinn mætti standa móti því að Möðrudalsmenn gyldu Pétri Péturssyni þriðjung af landskuldinni eftir að Pétur Guðmundsson færi frá Rangárlóni.[295]

Í deilumáli sem kviknaði milli Möðrudals annars vegar og Arnórsstaða og Víðirhóla hins vegar á 9. áratug 19. aldar kemur Rangárlón við sögu. Þar bar Stefán Stefánsson í Sænautaseli að Rangárlón stæði í Hákonarstaðalandi og Arnórsstaðasel

---

[290] Skjal nr. 4 (2).
[291] Skjal nr. 2 (93).
[292] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 285.
[293] Halldór Stefánsson: „Jökuldalsheiðin og byggðin þar“, bls. 186–187, 222–223.
[294] Skjöl nr. 2 (253) a-b. og nr. 2 (254).
[295] Skjal nr. 2 (301).

stæði í hálsinum út og norður frá Rangárlónsbænum.[296] Nánar er sagt frá þessu máli í kaflanum um Möðrudal.

Landamerki jarðarinnar Rangárlóns voru skráð 6. júní 1894 og þinglesin sama dag:

> Af Sænautafelli þar sem það er hæðst út í stórt gil vestan við Arnórsstaðasel; þaðan beina línu austur í Bjallkollu, sjerstakan melhól sem er í beinni línu frá þessu gili í Botnahraun, eða Refaklett, sem Hákonarstaðamáldagi vísar til; svo beina línu úr Bjallkollu í Sænautavatn sunnan við kvísl þá, er fellur úr því austan við Rángárlónsbæinn, og svo vestur yfir vatnið í Sænautafellið þar sem það er hæðst.[297]

Undir landamerkjabréfið skrifuðu Kristján Jón Sigurðsson og Einar Þórðarson, forráðamaður Hofteigskirkju (væntanlega vegna kirkjujarðarinnar Arnórsstaða).

Annað landamerkjabréf fyrir Rangárlón var útbúið 23. október 1921 og þinglesið 27. júlí 1922:

> a) Landamerki milli Rangalóns og Möðrudals eru úr Rúnasteini á Urðarhlíð, sem liggur á milli Sænautasels og Grunnavatns beina línu í norðvestur í Klettagil það í fjallgarðinum, sem stenst á við Háfsvatnaölduendann ytri, síðan úr nefndu gili út fjallgarðinn út á móts við Einbúa og þaðan beint austur í há-Eyktagnýpu.
>
> b) Milli Rangalóns og Ármótasels, eru merkin beint úr [hér er strikað yfir orð sem virðist vera Arnórsstaðasel] Eyktagnýpu í Arnórsstaðasel.
>
> c) Á milli Rangalóns og Hákonarstaða eru merkin beint úr Arnórsstaðaseli í Marköldu í Sænautafelli.
>
> d) Milli Rangalóns og Sænautasels eru merkin beint úr Marköldu í Rúnastein.[298]

Sigurður Haraldsson skrifaði undir bréfið. Það var samþykkt af Stefáni Benediktssyni í Merki (vegna Ármótasels), Guðmundi Guðmundssyni í Sænautaseli, Pétri Kristjánssyni á Hákonarstöðum, Björgvini Guðnasyni á Grunnavatni og Jóni A. Stefánssyni í Möðrudal.

Degi síðar, nánar tiltekið 24. október 1921, var skrifað undir nýtt landamerkjabréf fyrir jörðina og því þinglýst 27. júlí 1922:

> Að austan úr Bjallkollu í Arnórsstaðasel.
>
> Að norðan úr Arnórsstaðaseli beint í Marköldu á Sænautafelli.

---

[296] Skjal nr. 2 (304).
[297] Skjal nr. 2 (28).
[298] Skjal nr. 2 (30) a-b.

> Að vestan úr Marköldu beint í Kvíslarós, þaðan beint í Bjallkollu.[299]

Landamerkjalýsingin var samþykkt af Stefáni Benediktssyni í Merki, Pétri Kristjánssyni á Hákonarstöðum, Sigurði Haraldssyni í Möðrudal og Guðmundi Guðmundssyni í Sænautaseli.

Rangárlón var selt í nokkrum hlutum árið 1940. Svo virðist sem fyrrverandi húsfreyja á Hákonarstöðum selji 5/9 hluta en afkomendur fyrrum bónda í Möðrudal 4/9 hluta. Tekið er fram á afsölum þeirra sem selja 4/9 að seljendur hafi ekki þinglesna eignarheimild og það gæti einnig komið fram á afsali Hákonarstaðahúsfreyjunnar en bakhlið þess skjals hefur ekki verið lögð fram.[300]

Samkvæmt jarðamatinu 1849 er Rangárlón nýbýli á Skjöldólfsstaðaheiðinni og er þræta um þetta nýbýli milli bæjanna Hákonarstaða, Möðrudals og Arnórsstaða.[301]

*Ný jarðabók* 1861 segir Rangárlón sérstaka, sérmetna jörð.[302]

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að minnst sé á jörðina Rangárlón í jarðamatinu 1861 en ekki í Jarðatali Johnsens. Í matinu stendur einnig að jörðinni fylgi nægilegt og gott upprekstrarland. Þá var jörðin í eigu erfingja Stefáns Einarssonar í Möðrudal og Péturs Kristjánssonar á Hákonarstöðum (sonar Kristjáns Jóns Sigurðssonar í Víðirhólum sem skrifaði undir landamerkjabréf Rangárlóns árið 1894).[303]

Heimildir benda til þess að búseta hafi verið á Rangárlóni frá árinu 1844 þar til jörðin fór í eyði árið 1924. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.

### 5.16. Sænautasel

Við mat á eignarréttarlegri stöðu Sænautasels skiptir máli að skoða tengsl þess við Hákonarstaði sem ekki eru á ágreiningssvæði. Sjá umfjöllun um Hákonarstaði í kafla 5.15.1.

Eftirfarandi segir m.a. í *Sveitum og jörðum í Múlaþingi* um Sænautasel:

> Bærinn stóð við suðurenda Sænautavatns á grösugum hólum, engjar nærtækar í flóum inn með Urðarhlíð, lauf meðfram öldum og veiði í Sænautavatni.[304]

Halldór Stefánsson segir Sænautasel í byggð árin 1843–1874 og 1880–1942.[305]

Sænautasel er nefnt í svonefndum Hákonarstaðamáldaga sem vottaður var 14. júní 1663[306] en er heldur tortryggilegur.

---

[299] Skjal nr. 2 (29) a-b.
[300] Skjöl nr. 4 (51), nr. 16 (2) og nr. 2 (334).
[301] Skjal nr. 2 (147) a-b.
[302] Skjal nr. 4 (2).
[303] Skjal nr. 2 (93).
[304] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. bls. 271.
[305] Halldór Stefánsson: „Jökuldalsheiðin og byggðin þar", bls. 185–186, 205–206, 223–224.
[306] Skjal nr. 2 (14).

Sænautasel er talið hjáleiga Hákonarstaða ásamt Veturhúsum í *Nýrri jarðabók 1861*, án sérstaks mats. Eftirtektarvert er hve mat Hákonarstaða hefur hækkað. Forna matið var 16 hundruð, nýja matið er 39,5 hundruð og er ekki hærra á nokkurri jörð í Jökuldals- og Hlíðarhreppi nema Sleðbrjóti með tveimur hjáleigum.[307]

Sigurður Einarsson, stofnandi býlisins, mun hafa verið einn þeirra átta nýbyggjara á „Skjöldólfsstaðaheiði" sem sóttu um það til Norður- og Austuramtsins 1849 að þeim yrði útmælt land til nýbýla sem þeir höfðu tekið upp, sbr. eftirfarandi:

Pétur Havsteen sýslumaður skrifaði Grími Jónssyni amtmanni 24. mars 1849. Þar segir hann að við embættistöku sína hafi þegar nokkrir nýbyggjarar verið búnir að setja sig niður í Möðrudalsheiði, þ.e.a.s. í fjalllendi það sem lægi milli Möðrudals, Vopnafjarðar og Jökuldals. Fjöldi nýbýla hafi aukist þar hratt á undanförnum árum og séu þau nú um átta talsins. Fimm þeirra, þ.e. Sænautasel, Gestreiðarstaðir, Veturhús, Hneflasel og Fagrakinn, séu reist í ómótmælanlegri landareign áður byggðra jarða. Ábúendur þessara jarða greiði árlegt eftirgjald til eigenda þeirra en því sé ekki að skipta varðandi Háreksstaði, Rangárlón og Mela.[308]

Grímur amtmaður skrifaði Pétri sýslumanni 23. apríl 1849 þar sem hann segist hafa fengið mánuðinn áður bréf frá átta mönnum sem kölluðu sig nýbyggjara í Skjöldólfsstaðaheiði. Amtmaður nafngreinir menninna og voru þeir ábúendur þeirra jarða sem sýslumaður nefndi í bréfi sínu 24. mars 1849. Áttmenningarnir fóru fram á að amtmaður hlutaðist til um að þeim yrði útmælt land til þeirra nýbýla sem þeir sögðust hafa upptekið. Eftir að hafa kynnt sér bréf sýslumanns bað Grímur amtmaður hann að tilkynna áttmenningunum svohljóðandi svar sitt við bón þeirra:

> Ad öll þessi svokölludu nýbýli séu uppbygd annadhvurt í efalausri landareign annara jardeigenda ellegar í þrætuplátsum, sem fleyri vilja eigna sér,
>
> Ad amtid þessvegna ekki géti álitid tilskipun 15da April 1776. ad eiga vid þetta málefni,
>
> Ad einginn þessara manna hafi præsterad þá skilmála sem nefnd tilskipun í §§ 1 til 10 hefir fyrirlagt,
>
> Ad amtid ekki géti sannfært sig um ad slíkir heidarbúar, sem ekki einasta vilja vera fríir vid allar borgaralegar skyldur, heldur ödlast öll borgaraleg réttindi, géti verid landinu til sannrar uppbyggingar og nota, og
>
> Ad amtid þessvegna ekki áliti sig competent til ad gjöra radstöfun um útmælíngu og útskiptíngu lands til þessara heidarbýla, hvarum vidkomendur verda ad koma sér saman vid hlutadeigandi eignarmenn, edur þá sem gjöra tilkall til eignanna.[309]

---

[307] Skjal nr. 4 (2).
[308] Skjal nr. 2 (253) a-b.
[309] Skjal nr. 2 (254).

Hins vegar segir Einar Hjörleifsson í innleggi í Háreksstaðamáli árið 1844 að Pétur Pétursson á Hákonarstöðum hafi byggt nýbýlið á Sænautaseli á sjálfs síns kostnað.[310] Af einu innleggi Jóns Sölvasonar árið 1845 má ætla að Möðrudælingar hafi óskað eftir stefnu út af byggingu Sænautasels.[311]

Hinn 4. júní 1894 var samið landamerkjabréf fyrir jörðina Sænautasel. Það var þinglesið tveimur dögum síðar:

> Landamerki fyrir jörðinni Sænautaseli eru þessi að austan:
>
> Botnahraun sem stendur á milli Hákonarstaða og Arnórsstaðalands; þaðan beint í Bjallkollu, og þaðan beint í Kvíslarós sem fellur úr Sænautavatni, sunnan við Rangárlón, og þaðan beint yfir vatnið og í upp Sænautafell á Marköldu, og þaðan beint í Rúnastein, sem stendur á landamerkjum Brúar og Möðrudals, og þaðan beint í Skotmannsvík (Skallavík) við Ánavatn, og þaðan austur í mitt Ánavatn og beint í Botnalæk, og ræður svo Botnalækur í Botnahraun.[312]

Guðmundur Snorrason, Eiríkur Guðmundsson (á Brú) og Kristján Jón Sigurðsson (fyrir Rangárlón) skráðu nöfn sín undir landamerkjabréfið.

Nýtt landamerkjabréf fyrir Sænautasel var útbúið 24. október 1921. Það var þinglesið 27. júlí 1922:

> Að austan úr Botnahrauni beint í Bjallkollu og þaðan beina línu í Kvíslarós, er fellur úr Sænautavatni, sunnan við Rangalón, þaðan beint yfir vatnið, upp í Sænautafell í Marköldu.
>
> Að norðan úr Marköldu beint í Rúnastein.
>
> Að vestan úr Rúnasteini beint í Skotmannsvík við Ánavatn og þaðan á mitt Ánavatn.
>
> Að sunnan úr miðju Ánavatni beint í Botnalæk og ræður svo Botnalækur í Botnahraun.[313]

Guðmundur Guðmundsson í Sænautaseli skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Pétri Kristjánssyni á Hákonarstöðum (líklega vegna Veturhúsa og e.t.v. vegna Rangárlóns og Hákonarstaða), Stefáni Benediktssyni í Merki (fyrir Ármótasel), Björgvini Guðnasyni á Grunnavatni og Sigurði Haraldssyni í Möðrudal (sennilega fyrir Rangárlón).

Í fasteignamati 1916–1918 segir að ábúandi hafi keypt jörðina árið 1915 fyrir 900 krónur.[314]

---

[310] Skjal nr. 2 (272) a-b.
[311] Skjal nr. 2 (283).
[312] Skjal nr. 2 (16).
[313] Skjal nr. 2 (17) a-b.
[314] Skjal nr. 2 (93).

Heimildir benda ekki til annars en samfelld búseta hafi verið á Sænautaseli frá því að jarðarinnar er fyrst getið og þar til hún fór í eyði árið 1942. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.

## 5.17. Veturhús

Við mat á eignarréttarlegri stöðu Veturhúsa skiptir máli að skoða tengsl þeirra við Hákonarstaði sem ekki eru á ágreiningssvæði. Sjá umfjöllun um Hákonarstaði í kafla 5.15.1.

*Sveitir og jarðir í Múlaþingi* segja eftirfarandi um tilurð Veturhúsa:

> Bærinn var fyrst byggður, þar sem hét á Barði, og má vera, að þar hafi verið fornt býli. Vegna uppblásturs var bærinn færður að Veturhúsatjörn skammt vestur af Litla-Svalbarði.[315]

Halldór Stefánsson segir Veturhús, sem þá kölluðust Barð, byggð 1847 í Hákonarstaðaheiði. Þau fóru í eyði 1875, en byggðust 1899 (?) og stóð sú byggð með einhverjum hléum til vors 1941.[316]

Benjamín Þorgrímsson, landnemi á Veturhúsum, var einn þeirra átta nýbyggjara á „Skjöldólfsstaðaheiði“ sem sóttu um það til Norður- og Austuramtsins 1849 að þeim yrði útmælt land til nýbýla sem þeir höfðu tekið upp.[317] Nánar er fjallað um þetta undir Háreksstöðum.

Landamerkjabréf fyrir Veturhús var útbúið 24. október 1921. Því var þinglýst 27. júlí 1922:

> Að austan af Lönguhlíðarenda fremri í Botnahraun, þaðan ræður Botnalækur inn í Ána-vatn, þaðan í Digranes.
>
> Að vestan úr Digranesi í Buskntjarnarós, þaðan í Víðidalsárós.
>
> Að sunnan úr Víðidalsárós út Svalbarðsháls í há-Stórasvalbarð, þaðan í Lönguhlíðarenda fremri.[318]

Landamerkjabréfið var samþykkt af Stefáni Benediktssyni í Merki (væntanlega vegna Ármótasels), Pétri Kristjánssyni á Hákonarstöðum, Guðmundi Guðmundssyni í Sænautaseli og Einari Eiríkssyni á Eiríksstöðum.

Sýslumaður Norður-Múlasýslu, f.h. dánarbús Önnu Einarsdóttur, seldi Veturhús 29. júlí 1942 með samþykki dómsmálaráðuneytisins.[319] Að öðru leyti verður ekki séð hvernig Veturhús hafa gengið kaupum og sölum.

---

[315] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 272.
[316] Halldór Stefánsson: „Jökuldalsheiðin og byggðin þar“, bls. 189–190, 206–207.
[317] Skjöl nr. 2 (253) a-b. og nr. 2 (254).
[318] Skjal nr. 2 (18) a-b.
[319] Skjal nr. 2 (335).

Jarðamatið 1849 segir Veturhús afbýli Hákonarstaða ásamt Sæneytaseli/Sænautaseli.[320]

Veturhús eru talin hjáleiga Hákonarstaða ásamt Sænautaseli í *Nýrri jarðabók 1861*, án sérstaks mats. Eftirtektarvert er hve mat Hákonarstaða hefur hækkað. Forna matið var 16 hundruð, nýja matið er 39,5 hundruð og er ekki hærra á nokkurri jörð í Jökuldals- og Hlíðarhreppi nema Sleðbrjóti með tveimur hjáleigum.[321]

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 stendur að í jarðamatinu frá 1861 séu Veturhús talin hjáleiga frá Hákonarstöðum. Í matinu kemur einnig fram að landamerki jarðarinnar séu ekki innfærð í landamerkjabók og engar skýrslur um þau hafi borist fasteignamatsnefnd. Samkvæmt eiganda jarðarinnar er enginn ágreiningur um landamerkin. Sumarhagar eru sagðir góðir fyrir allan búpening og talsverð silungsveiði.[322]

Heimildir benda til þess að búseta hafi verið á Veturhúsum, með hléum, frá árinu 1899 og þar til jörðin fór í eyði árið 1941. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðinni verið ráðstafað með hefðbundnum hætti.

## 5.18. Víðirhólar

Við mat á eignarréttarlegri stöðu Víðirhóla skiptir máli að skoða tengsl þeirra við Hákonarstaði sem ekki eru á ágreiningssvæði. Sjá umfjöllun um Hákonarstaði í kafla 5.15.1.

*Sveitir og jarðir í Múlaþingi* segja m.a. um Víðirhóla:

> V eru sunnarlega í Víðidal vestan Víðidalsár. [...]
>
> Á V tóku fyrst upp byggð 1847 Vigfús Jósepsson [...] og Rósa Jónsdóttir.[323]

Víðirhóla er getið í svonefndum Hákonarstaðamáldaga sem á að vera vottaður 14. júní 1663. Samkvæmt honum eiga Víðirhólar að vera jörð sem liggi til Hákonarstaða, átta hundruð að dýrleika, og eigi land allt fyrir norðan Víðiá, hvar til liggi Sænautasel.[324] Eins og minnst hefur verið á við Hákonarstaði er „máldaginn“ heldur tortryggilegur.

Víðirhólar byggðust árið 1847 að sögn Halldórs Stefánssonar úr Hákonarstaðalandi. Þar var búið til 1875 og aftur 1879–1905 en þá fór jörðin í eyði vegna rýrnunar af uppblæstri og ágangi vikurs.[325]

Á árunum 1884–1888 var deila um mörk milli Arnórsstaða og Víðirhóla annars vegar og Möðrudals hins vegar. Er það rakið undir Möðrudal og vísast til þess.

---

[320] Skjal nr. 2 (147).
[321] Skjal nr. 4 (2).
[322] Skjal nr. 2 (93).
[323] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. bls. 271.
[324] Skjal nr. 2 (14).
[325] Halldór Stefánsson: „Jökuldalsheiðin og byggðin þar“, bls. 190, 207–208, 225–226.

Hinn 24. október 1921 var útbúið landamerkjabréf fyrir Víðirhóla. Það var þinglesið þann 27. júlí 1922:

> Að austan úr Víðirdalsá gegnt Öxlum sunnan við Kiðuhamar í Lönguhlíðarenda fremri.
>
> Að norðan úr Lönguhlíðarenda fremri í há-Stórasvalbarð, þaðan inn Svalbarðsháls í Gripdeild, þaðan í Víðirdalsárós.
>
> Að vestan frá Búðarhálsi við Eiríksstaðaveg í Víðirdalsárós.
>
> Að sunnan ræður Eiríksstaðavegur að Víðirdalsá, og Víðirdalsá eftir það.[326]

Bréfið var samþykkt af Stefáni Benediktssyni í Merki (vegna Ármótasels), Pétri Kristjánssyni á Hákonarstöðum (sem mun þá einnig hafa verið eigandi Veturhúsa) og Einari Eiríkssyni á Eiríksstöðum.

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 stendur eftirfarandi við Hákonarstaði:

> Meðan eyðibýlið Víðirhólar voru í byggingu, var landskuld greidd með Kr. 40,00: og árið 1912 var býlið virt til lántöku Kr. 500,00. - Fyrir 13 árum síðan lagðist býlið í eyði og öll hús voru niðurrifin. Verður býli þetta því metið með aðaljörðinni – Hákonarstöðum.[327]

Í fasteignamatinu kemur einnig fram að jörðin hafi upprekstrarland og að hluti útengja sé á heiðum.

Heimildir benda til þess að búseta hafi verið á Víðirhólum, með hléum, frá árinu 1847 þar til jörðin fór í eyði árið 1905. Jörðina Víðirhóla er ekki að finna í þinglýsingabókum.

## 5.19. Brú

*Sveitir og jarðir í Múlaþingi* lýsa jörðinni Brú svo:

> B er efsti bær á Jökuldal og jörðin talin önnur hin stærsta á landinu. Hún nær suður til Brúarjökuls, vestur að Jökulsá á Fjöllum, norður að ósi Arnardalsár og þaðan sjónhending að mestu sa. í Þverárvatn. Í Jökulsá á Brú koma mörk við læk gegnt Arnarbæli og fylgja þaðan Jökulsá suður til jökla. [...] Áður náði Brúarland mun lengra norður: Frá Skollavík við Ánavatn nokkurn veginn beina stefnu á mitt Ferjufjall vestan Jökulsár á Fjöllum. Heiðarbýlin Heiðarsel við Poll sunnan Ánavatns og Grunnavatn nokkru norðar voru seld undan jörðinni snemma á þessari öld, og stórt svæði vestan fjallgarða hvarf til Möðrudals, en ókunnugt hvenær og hvers vegna.[328]

[326] Skjal nr. 2 (12) a-b.
[327] Skjal nr. 2 (93).
[328] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 278.

> Helstu hlunnindi í landi B eru: Silungsveiði í Þverár-, Þríhyrnings- og Gæsavatni og Kreppulóni [...] vikurtaka var mikil um skeið (um 1940-60) aðallega í Arnardal [...] hreindýr eru um allar trissur, og lengi voru aðalstöðvar þeirra í Kringilsárrana, gæsa- og álftavarp víða.[329]

Þess er getið í máldaga Möðrudalskirkju frá 1493 að Brú eigi kirkjusókn þangað.[330]

Brú er nefnd í sölubréfi frá 16. nóvember 1500. Þar er dýrleikinn sagður tuttugu hundruð með öllum gögnum og gæðum jarðarinnar.[331] Þess má geta að í kaupmálabréfi frá 1551 eru Skjöldólfsstaðir og Hjarðarhagi til samans þrjátíu hundruð að dýrleika, þar af munu Skjöldólfsstaðir tuttugu hundruð.[332]

Í vitnisburði um landamerki Möðrudals 1532 er talað um Brúarveg sem landamerki en ekki er afgerandi hvort um merki móti Brú sé að ræða.[333]

Ágreiningur um Brú kom fyrir dóm árið 1544 en þar er ekkert minnst á mörk eða landstærð.[334]

Páll Guðmundsson, prófastur í Norður-Múlasýslu, var boðaður til Möðrudals 13. júní 1774 af Vigfúsi Jónssyni, sýslumanni í Þingeyjarsýslu, auk fleiri manna til þess að álíta og taka út ásamt prófastinum kirkju og bæjarhús stólsjarðarinnar Möðrudals á Fjalli. Ástæðan var sú að Finnur biskup Jónsson var nýbúinn að veita Vigfúsi sýslumanni umboð yfir Möðrudal og hálfum Grímsstöðum. Fyrrverandi umboðsmaður, Þorvaldur Jónsson, var að skilja við umboðið og því þurfti úttekt að fara fram. Fram kemur í úttektinni að Vigfús sýslumaður hafi skjöl kirkjunnar undir höndum, þ.e. máldaga Vilchins, Stefáns og Gísla biskupa og vísitasíur biskupanna Brynjólfs, Þórðar og Jóns Vídalíns, auk rekaskrár Skálholtskirkju í staðfestri afskrift Finns biskups. Síðan segir:

> Oskar Nu Sysslumadurenn ad Nálæger Kunnuger Vilie seigia sina Opartiska sannferduga underretting þar umm hvort so Nefndur Hálfur Arnardalur hefde ei brukadur vered so sem filgiande Modrudal, Hvar til Svarast 1° Af fyrrverande Forpaktara Mr. Þorvallde Jonssyne, ad þá hann byggde Mödrudal, Magnuse Halldorssyne, hafe hann einnig byggt Halfann Arnardal; 2 Asgrimur Jonsson, ad þá hann var á Bruu á Jökulsdal hafe Meirnefndur Arnardalur brukadur vered til Helminga af ábuendumm Bruar og Modrudals, 3 Sigurdur Jonsson: ad hann hafe umm sinn Alldur heirt til ad sinn Helmingur dalsens tilheirde Hvorre Nefndra Jarda.[335]

Páll Melsteð sýslumaður mætti að Brú á Jökuldal 24. ágúst 1824 að beiðni eigandans, Guðmundar Einarssonar, til þess að framkvæma skoðunar- og

---

[329] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 279.
[330] Skjal nr. 4 (72).
[331] Skjal nr. 4 (73).
[332] Skjal nr. 4 (81).
[333] Skjal nr. 4 (77).
[334] Skjal nr. 4 (78). Bréfið er skrifað 9. nóvember 1544.
[335] Skjal nr. 2 (231) a-b.

virðingargerð í þeim tilgangi að lækka jarðardýrleikann vegna mikils skaða sem jörðin hefði beðið af sandfoki og öðrum áföllum. Viðstaddir voru, auk fjögurra skoðunarmanna, Gunnlaugur Þorkelsson á Eiríksstöðum fyrir hönd Eiríks Eiríkssonar hreppstjóra vegna fátækrasjóðs. Viðkomandi sóknarprestur gat ekki mætt en sýslumaður kvaðst sjá um að afla samþykkis hans. Guðmundur, eigandi Brúar, samþykkti að sýslumaður stýrði gerðinni þó svo að hann væri ekki hlutlaus sökum konungstíunda.

Því næst var riðið á landið og þá kom í ljós:

> ... ad Heidin öll alt ofaná Brún, er ordinn svo uppblásin af Vedrum og Sandfoki, ad þar er eingin Jardvegur epter, hvar þó fyrer nokkrum Árum var bæde Slæu- og Beitarland. Og sa stutti Vegr, frá Brúnini og ofaní Ana, er þaradauki, af Sandfoki og Jardföllum, er árlega vaxa, svo af sér geingin, ad hvörgi má á hönum Eingiatak heita, en beitarland fer ódum mínkande. Hérvid bætist enn nú, ad þau Hlunninde, sem Brú híngad til hefr notid, ad meiga á Vetrardag beita austr yfer Jökulsá og yferí Vadbrecku Land, eru nú undan geingin; því sídan Land fór þar einnig ad blása upp og skémmast, gétur Abúande sídstnefndrar Jardar þad ómögulega lánad edr leigt. Loksins er af Afrettum þeim, er Brú tilheyra, og Brúardalir nefnast, aftekin fullur þridiúngur, vegna þess, að Vatnsfall nokkurt, ad nafni Saudá [Upphaflega hefur verið skrifað *Kringilsá*], er, vegna Jökulhlaupa, aldeilis ófært ordid bæde Mönnum og Sképnum, og öll Öræfe þau, sem þar eru fyrir framan, eru því Jördunni töpud og ad eingu Gagni.[336]

Skoðunarmenn sem þekkt höfðu til jarðarinnar í um tuttugu ár töldu að jörðin hefði gengið af sér á þeim tíma næstum til helminga að slægjum og beitarlandi og engin von væri um að það breyttist til batnaðar því líklegra væri að ástandið héldi áfram. Þeir ákváðu því að færa dýrleika jarðarinnar úr tuttugu hundruðum niður í tólf hundruð. Undir gerðina skrifa, auk Páls Melsteðs sýslumanns, Eiríkur Eiríksson hreppstjóri á Víðivöllum ytri, Jón Pétursson á Aðalbóli, Þorsteinn Jónsson á Egilsstöðum og Jón Andrésson á Vaðbrekku.

Í lýsingu Hofteigsprestakalls árið 1874 segir m.a. um Brú:

> Í hinum svonefnda Brúarskógi, er liggur langt fyrir innan bæinn með fram Jökulsánni að norðan, er ekki nokkur kvisttanni, en beit er þar oft góð, haust og vor, fyrir sauði. Jörðin er einhver hin erfiðasta allra stórjarða í sveitinni því að heyskapur er svo að segja enginn í heimalandi heldur langsóttur mjög, bæði á Laugarvalladal og norður undir fjallgarða.[337]

Landamerkjaskrá Brúarlands var undirrituð 4. júlí 1890 og þinglesin 6. júní 1894:

---

[336] Skjal nr. 2 (95) a-b.
[337] *Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 92–93.

> Landamerki milli Brúar og Eiríksstaða, Hákonarstaða og Möðrudals.
>
> Eptir garði þeim, er liggur úr Jökulsá utan við svokallaða „Orustustaði", sjónhending í fremstu Hnefilöxl; þaðan í svokallaðann Stóralæk, er fellur í Þverárvatn, og allt land vestan vatna, út í sel sem stendur í svo kölluðum Skalladal; þaðan beina leið í Rúnastein á Urðarhlíð, sjónhending í hestleið á Þríhyrningsfjallgarði. Allan Arnardal átölulaust, allt land Jökulsár á milli.[338]

Eiríkur Guðmundsson (Brú) skrifaði undir skrána. Einnig skrifuðu undir: Einar Eiríksson (Eiríksstöðum), S. Magnússon (sennilega frá Hákonarstöðum), Eiríkur Einarsson (líklega á Eiríksstöðum) og St. Einarsson (Möðrudal).[339]

Hinn 14. október 1921 var útbúið annað landamerkjabréf fyrir jörðina Brú. Því var þinglýst 27. júlí 1922:

> Eftir grafning þeim, er fellur í Jökulsá utan við Orustustaði, sjónhending í fremstu Hnefilsöxl, þaðan í Merkilæk, sem fellur í mitt Þverárvatn sunnanvert, alt land vestan vatns út í Svínabúðalæk, sem ræður þaðan neðan frá Kílum upp á ölduna neðan við Gyltuteig, þaðan í lágan mel utan við Fiskidalshálsinn, þaðan beina línu í ysta þríhyrninginn. Þaðan beina línu í Arnardalsárós við Jökulsá á Fjöllum og alt land Jökulsáa á milli.[340]

Undir landamerkjabréfið skrifaði Eyjólfur Marteinsson. Það var samþykkt af Einari Eiríkssyni á Eiríksstöðum, Guðjóni Gíslasyni í Heiðarseli og Jóni A. Stefánssyni í Möðrudal.

Brú er metin á tuttugu hundruð samkvæmt jarðamatinu 1804. Þar má fá fimm tunnur af fjallagrösum sem metnar eru á eitt hundrað og þrjátíu álnir. Á jörðinni er líka silungsveiði sem metin er á 1 hundrað og hún hefur „afrétt" sem metinn er á 88 álnir. Þar er álftafjaðratekja sem metin er á 66 álnir. Á Brú er hægt að taka fimm hesta á útigang.[341]

Í jarðamatinu 1849 stendur eftirfarandi um jörðina Brú:

> [...] útheyskapur talsverdur enn lángsóktur [...] afrétt á jördinn fyrir sjálfa sig, og má ljá hann öðrum 2ur eda 3ur mönnum. - Hestagánga á vetrum í Arnardal er betri enn á ödrum jördum í þessu bigdarlagi.[342]

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 stendur að eyðibýlið Laugavellir, sem samkvæmt jarðamatinu 1861 tilheyrði Brú, hafi nú verið tekið undan jörðinni. Í matinu kemur einnig fram að heiðarbýlin Heiðarsel og Grunnavatn hafi verið byggð úr Brúarlandi. Þar stendur og að Brú fylgi stórt og víðlent afréttarland en það gefi ekki af sér neinar sérstakar tekjur og silungsveiði geti verið nokkur í heiðarvötnum en hafi ekki verið stunduð um langan tíma vegna fjarlægðar og annarra

---

338 Skjal nr. 2 (23) a-b.
339 Heimilisföng Jökuldæla sett eftir sóknarmannatali Hofteigs.
340 Skjal nr. 2 (24) a-b.
341 Skjal nr. 2 (207) a-b.
342 Skjal nr. 2 (147) a-b.

erfiðleika. Þá segir að í Arnardal gangi hross oft úti mikinn hluta vetrar og meðal jarðargæða er talin óbrigðul hrossaganga í Arnardal framan af vetri. Meðal ókosta er nefnt að heiðarbýlin Laugarvellir, Grunnavatn og Heiðarsel eigi hrossagöngu í Arnardal fyrir fjóra hesta hvert.[343]

Heimildir benda ekki til annars en samfelld búseta hafi verið á Brú frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfa hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.

Á landsvæði því sem hér er til umfjöllunar er stór hluti áhrifasvæðis Kárahnjúkavirkjunar. Með lögum nr. 38/2002 heimilaði Alþingi Landsvirkjun að reisa og reka vatnsaflsvirkjun í Fljótsdal með allt að 750 MW afli ásamt aðalorkuveitum og virkja til þess vatnsföllin Jökulsá á Jökuldal og Jökulsá í Fljótsdal. Framkvæmdir hófust á haustmánuðum 2002 og standa enn yfir.

Með Kárahnjúkavirkjun eru virkjaðar í einni virkjun jökulárnar á Jökuldal og í Fljótsdal. Árnar koma upp undan annars vegar Brúarjökli og hins vegar Eyjabakkajökli í norðaustanverðum Vatnajökli og renna í norðaustur, önnur um Jökuldal og hin Fljótsdal, að sameiginlegum ósi við Héraðsflóa.

Virkjunartilhögun mun í megindráttum vera þannig að Jökulsá á Jökuldal er stífluð við Fremri-Kárahnjúk og myndar miðlunarlón. Lónið nefnist Hálslón og verður vatnsyfirborð þess í 625 m yfir sjávarmáli þegar það er fullt og 57 $km^2$ að stærð. Er það myndað með þremur stíflum. Stærsta stíflan, Kárahnjúkastífla, er í Jökulsá á Jökuldal, nærri syðri enda Hafrahvammagljúfra við Fremri-Kárahnjúk. Hinar tvær stíflurnar eru mun minni og er Desjarárstífla í drögum austanvert undir Fremri-Kárahnjúki og Sauðárdalsstífla í dalverpi að vestanverðu. Í Jökulsá í Fljótsdal verður myndað svonefnt Ufsarlón með stíflu austur af Hafursárufs.

Úr Hálslóni rennur vatnið um jarðgöng austur um Fljótsdalsheiði en tengist þar öðrum göngum úr Ufsarlóni, suðaustan við Þrælaháls. Eftir það rennur allt vatnið í einum göngum til norðausturs út í Teigsbjarg og að stöðvarhúsi inni í fjallinu um tvenn fallgöng. Stöðvarhúsið er neðanjarðar og um 115 metra langt, 14 metra breitt og mesta hæð um 34 metrar. Vatninu verður veitt úr stöðvarhúsinu um frárennslisgöng sem opnast út í Fljótsdal. Frá gangamunnanum verður grafinn frárennslisskurður út í farveg Jökulsár í Fljótsdal austur, undan Valþjófsstað, þar sem áin er í um 26,5 metra hæð yfir sjó.

## 5.20. Laugarvellir

Eftirfarandi umsögn er í *Sveitum og jörðum í Múlaþingi* um Laugarvelli:

> L<augavellir> voru eftir tímaröð þriðja heiðarbýlið í Brúarlandi [...] Býlið stofnuðu hjónin Stefán Andrésson og Guðrún Hálfdanardóttir aldamótaárið 1900 og bjuggu þar, uns Stefán andaðist 1906 [...]

343 Skjal nr. 2 (93).

> Býlið stóð í 540 m hæð yfir sjó við heita lind á Laugarvöllum í Laugarvalladal vestan Meljaðarsfjalls og Brúarskógar. Þaðan er 4-5 stunda gangur að Brú.[344]

Brúarbóndi gaf Stefáni Andréssyni, bónda á Laugarvöllum, byggingarbréf fyrir jörðinni 1. desember 1903. Þar eru landamerki sögð

> Úr Forvaðagili (innantil í Brúarskógi) þar sem það fellur í Jökulsá beina línu að Laugarvallaá, gegnt því er Vesturdalsá fellur í hana. Þá ræður Laugarvallaá að norðanverðu þar til beint í móti fremsta Mógili. Þaðan meðfram fjallgarðinum norðan við Vesturárdal og þann dal beggjamegin áar innundir Hvannstóðs fjöll, þaðan vestanmegin Hvannstóðsfjalla inná móts við svonefndan Stóralæk, þar sem hann fellur í Sauðá, síðan ræður Sauðá þangað sem hún fellur í Jökulsá. Vetrarbeit hefir hann fría fyrir 4 hesta í Arnardal.[345]

Landamerkjabréf fyrir Laugarvelli var útbúið 14. október 1921. Nokkrum mánuðum síðar, nánar tiltekið 27. júlí 1922, var því þinglýst:

> Úr Forvaðagili (innantil í Brúarskógi) þar sem það fellur í Jökulsá beina línu að Laugarvallaá, gegnt því er Vesturdalsá fellur í hana. Þá ræður Laugarvallaá að norðanverðu þar til beint á móti fremsta Mógili. Þaðan meðfram fjallgarðinum norðan við Vesturdal og þann dal beggja megin áar inn undir Hvannstóðs fjöll, þaðan vestan megin Hvannstóðsfjalla inn á móts við svonefndan Stóralæk, þar sem hann fellur í Sauðá, síðan ræður hún þangað sem hún fellur í Jökulsá.
>
> Fjögra hesta ganga á vetrum í Arnardal.[346]

Einar Eiríksson skrifaði undir bréfið en samkvæmt fasteignamati 1916–1918 var hann umráðamaður Laugarvalla. Það var samþykkt af Eyjólfi Marteinssyni á Brú.

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 segir að Laugarvellir séu heiðarbýli sem hafi verið byggt úr Brúarlandi. Býlið var í byggð í nokkur ár en svo var farið að nýta landið sem afrétt. Í matinu er einnig minnst á að umráðamaður býlisins telji landið nægilega stórt fyrir 500 afréttarfjár en þar sem flestar eða allar nærliggjandi jarðir hafi nægilegt upprekstrarland muni „afrétt" þessi gefa litlar tekjur. Til kosta er talið hrossagönguítak í Arnardal fyrir fjóra hesta.[347]

Laugarvellir voru seldir af fyrrum bónda á Brú 20. október 1924. Lýsing landamerkja og ítaka er efnislega samhljóða landamerkjabréfinu en ekki orðrétt.[348]

Í dómi Hæstaréttar frá 16. október 1997, sem birtur er í dómasafni þess árs á bls. 2792, var staðfestur dómur héraðsdóms um viðurkenningu á beinum eignarrétti dánarbús Þorvalds B. Hjarðar yfir jörðinni Laugarvöllum í Jökuldalshreppi.[349]

---

[344] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 280.
[345] Skjal nr. 24 (3).
[346] Skjal nr. 2 (25).
[347] Skjal nr. 2 (93).
[348] Skjöl nr. 4 (47) og nr. 2 (332).
[349] Hrd. 1997/2792.

### 5.21. Heiðarsel

Svo segir m.a. í *Sveitum og jörðum í Múlaþingi* um Heiðarsel:

> Vestan við suðurenda Ánavatns, nánar tiltekið Poll eða Rifpoll er heiðarbýlið Heiðarsel í 540 m hæð yfir sjó. Þar byggðu fyrst 1859 hjónin Jón Þorsteinsson [...] og Kristín Jónsdóttir [...] Bærinn stóð sunnan í Ánavatnsöldu; [...] Býlið var byggt úr Brúarlandi. [...] H fór í eyði 1946.[350]

Heiðarsel í Brúarþingsókn er talið meðal eyðijarða í Norður-Múlasýslu árið 1759.[351] Ef til vill er þar frekar um að ræða Heiðarsel í Hróarstungu en Hróarstunga sótti oft Trébrúarþing á Fossvöllum.

Heiðarsel byggðist í Brúarlandi árið 1859 að sögn Halldórs Stefánssonar. Þar var búið til 1875 og aftur 1899–1904 og 1905–1946. Heiðarsel fór síðast í eyði af býlum í Jökuldalsheiði.[352]

Í veðmálaregistri fyrir Brú er nefnd sala á hjáleigunni Heiðarseli.[353] Eiríkur Guðmundsson, sem um tíma átti Brú, seldi Sigfúsi Einarssyni, bónda í Heiðarseli, jörðina Heiðarsel, fimm hundruð að dýrleika, með öllum gögnum og gæðum, fyrir 900 kr., 21. október 1905. Tekið var fram að Heiðarseli tilheyrði vetrarbeit fyrir fjóra hesta í svonefndum Arnardal á Brúaröræfum.[354]

Hinn 13. október 1921 var útbúið landamerkjabréf fyrir Heiðarsel. Landamerkjabréfinu var þinglýst 27. júlí 1922:

> Að sunnan ræður Svínabúðalækur úr Kílnum upp á ölduna neðan við Gyltuteig. Þaðan í lágan mel utan við Fiskidalshálsinn, þaðan beina línu í yzta þríhyrninginn, þaðan út fjallgarð í Svartagil beint á móti Búrfellshorni ytra. Úr Búrfellshorni ytra í Krókinn á Netselslæk ofan við Ánavatnsöldu utan við Hálsamýri, þaðan ræður Netselslækur ofan í Ánavatn þaðan beint inn vatnið og Rifpoll í Kílinn.[355]

Guðjón Gíslason skrifaði undir bréfið. Það var samþykkt af Einari Eiríkssyni á Eiríksstöðum, Jóni A. Stefánssyni í Möðrudal, Eyjólfi Marteinssyni á Brú og Björgvini Guðnasyni á Grunnavatni.

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 er kafli um Heiðarsel. Þar stendur að jörðin, sem nú sé orðin séreign, keypt árið 1914 fyrir 600 kr., sé heiðarbýli sem byggt sé úr Brúarlandi. Samkvæmt fasteignamatinu er jarðarinnar hvorki getið í jarðamatinu frá 1861 né Jarðatali Johnsens. Í matinu kemur einnig fram að jörðinni fylgi óbrigðul hrossaganga í Arnardal í Brúarlandi fyrir fjögur hross og að henni fylgi

---

[350] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 281.
[351] Skjal nr. 2 (162).
[352] Halldór Stefánsson: „Jökuldalsheiðin og byggðin þar“, bls. 168, 195, 220–221.
[353] Skjal nr. 4 (18).
[354] Skjal nr. 2 (336).
[355] Skjal nr. 2 (26) a-b.

nægilegt upprekstrarland fyrir fé ábúanda. Landamerki eru sögð glögg og ágreiningslaus.[356]

Heimildir benda ekki til annars en samfelld búseta hafi verið á Heiðarseli frá árinu 1859 og þar til jörðin fór í eyði árið 1946. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að við þinglýsingu afsals árið 1949 hafi seljanda skort þinglýsta eignarheimild fyrir jörðinni.

## 5.22. Grunnavatn

*Sveitir og jarðir í Múlaþingi* segja um Grunnavatn:

> Bærinn stóð á lágri, flatri öldu við Grunnavatn [...] Landnemar voru Jónas Bergsson og Arndís Magnúsdóttir [...] bjuggu á G í 12 ár (1853-´65). Býlið byggðist úr landi Brúar. [...] G fór í eyði 1919.[357]

Halldór Stefánsson segir Grunnavatn í Brúarlandi hafa byggst árið 1853. Þar var búið til 1875. Byggt að nýju 1886 og búið þar að tveimur árum undanskildum til 1923.[358]

Afsöl varðandi Grunnavatn eru skráð undir Brú í elsta hluta veðmálaregisturs Norður-Múlasýslu.[359] Hins vegar kom fram þegar þau skjöl voru athuguð að þar var ekkert afsal frá eiganda Brúar heldur afsöl þáverandi ábúenda á Grunnavatni.

Landamerkjabréf fyrir Grunnavatn var útbúið 24. október 1921 og þinglýst 27. júlí 1922:

> Að austan úr Skotmannsvík beint í Rúnastein á Urðarhlíð, þaðan beint yfir Háfsvatnsöldu í Klettagil í þríhyrningsfjallgarði.
>
> Að norðan inn þríhyrningsfjallgarð í Svartagil.
>
> Að vestan úr Svartagili í Búrfellshorn ytra, þaðan beint í krókinn ofan við Ánavatnsöldu utan við Hálsamýri, þaðan ræður Netselslækur í Ánavatn.
>
> Að sunnan ræður Ánavatn.
>
> Ítak er 4 hesta ganga á vetrum í Arnardal.[360]

Björgvin Guðnason á Grunnavatni skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Guðmundi Guðmundssyni í Sænautaseli, Sigurði Haraldssyni í Möðrudal, Einari Eiríkssyni á Eiríksstöðum og Guðjóni Gíslasyni í Heiðarseli.

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 er kafli um Grunnavatn. Þar stendur að jörðin sé afbýli úr Brúarlandi. Samkvæmt fasteignamatinu er jarðarinnar

---

[356] Skjal nr. 2 (93).
[357] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 281 og 282.
[358] Halldór Stefánsson: „Jökuldalsheiðin og byggðin þar", bls. 168, 193, 201–202, 218–219.
[359] Skjal nr. 4 (18).
[360] Skjal nr. 2 (27) a-b.

ekki getið í jarðamatinu frá 1861 eða Jarðatali Johnsens. Í matinu kemur einnig fram að jörðinni fylgi óbrigðul hrossaganga í Arnardal í Brúarlandi fyrir fjögur hross árlega og hún hafi nægilegt upprekstrarland fyrir afréttarfé ábúanda. Engar upplýsingar um landamerki fengust.[361]

Heimildir benda til þess að búseta hafi verið á Grunnavatni, með hléum, frá því að jarðarinnar er fyrst getið og þar til hún fór í eyði árið 1923. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðinni verið ráðstafað með hefðbundnum hætti.

## 5.23. Afréttarnot

*Í Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar* segir um Jökuldal:

> Til fjalla eru þar afréttir góðir, t.d. í Hrafnkelsdal, sem áður var byggður. Eyvindarhölknar og heiðarnar upp af dalnum eru mjög grösugar og góð haglendi, en liggja svo fjarri sveitinni, að þær koma ekki að notum, einkum landið milli Jökuldals og Möðrudals. Hestar ganga hér af allan veturinn í Maríutungum, Arnardal, á Laugarvöllum og víðar.[362]

Á fimmta áratug 18. aldar var sýslumönnum á Íslandi boðið að semja lýsingar á sýslum sínum. Lýsing Þorsteins Sigurðssonar á Norður-Múlasýslu, sem er einhver sú nákvæmasta, er dagsett á Víðivöllum 5. júní 1745. Þar segir m.a að „afréttir" þekkist aðeins sunnan Jökulsár á Brú:

> Ingen Stutterie er her [...] men der imod har vi paa fiældene og udi de ubebygte Dale vores Kvæg om Sommertiden neml. Heste, Studer, Lambe og Gieldfaar og kalder vi desse Stæder Afrett; hvor om meldes i vores islandske Lov udi Landsleyebalken. Saadan Afretter er synden for Jökulsaae og Jökulsaaedal i de ubebygte Dale [...] Ingen anden lovlig Afrett er her i Sysselets Norderdeel, men Böndene lade deres Kvæg gaae i de Daler og Marker som ligger i kring Gaardene.[363]

Þorsteinn telur einnig ýmis vötn í Jökulsárhlíð og Jökuldalsheiði. Veiði nefnir hann aðeins í Matbrunna-, Þríhyrnings-, Þverár-, Ána-, Sæningja- (Sænauta-) og Hnúksvötnum á Jökuldalsheiði.[364]

Sigfús Finnsson, prestur í Hofteigi,[365] segir um „afrétti" í lýsingu Hofteigsprestakalls árið 1840:

> Afréttir eru öngvir, þar fjalllöndin (sem sagt) eru fallin í sand og aura, nema Skjöldólfstaða- og Hákonarstaðaheiðar og einstöku torfuskikar á Brúardölum,

---

[361] Skjal nr. 2 (93).
[362] *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757* II, bls. 83.
[363] *Sýslulýsingar 1744–1749*, bls. 262–263.
[364] *Sýslulýsingar 1744–1749*, bls. 282–283.
[365] Sigfús Finnsson (1783–1846) hélt Hofteigsstað frá 1815 og til dauðadags. Hann mun að nokkru leyti hafa verið alinn upp á Jökuldal (Páll Eggert Ólason: *Íslenzkar æviskrár* IV, bls. 191–192).

> hér megin árinnar en að vestanverðu [á að vera austanverðu] eru nokkuð mun betri grashagar á fjallgarðinum sem Fellna, Hróa[r]stungu- og austurbæir hér í sveit nota árlega til geldfjárins. Almenningar eru öngvir í sveit þessari en réttað er á haustum við bæi þar sem best gegnir.[366]

Samkvæmt lýsingu séra Sigfúsar var grasatekja orðin lítil, helst á fjallgarðinum austan Jökulsár og þangað sótti fjöldi fólks af Héraði.[367]

Lýsing Björns Vigfússonar í Kirkjubæ[368] á Kirkjubæjarsókn árið 1839 nær til þriggja sveita. Aðeins er vikið að afréttarmálum í lýsingu Hróarstungu en þar segir m.a.:

> Einstöku bændur fá stundum komið geldfé sínu í Jökulsdals- og Hlíðarafréttir en oft er það þó hjá þeim sem þaug afréttarlönd eiga lítt fáanlegt.[369]

Í lýsingu Kirkjubæjarsóknar segir einnig að grasatekja sé frá flestum bæjum í sókninni, sótt í Fellna- og Jökuldalsheiðar.[370]

Afréttalýsing séra Þorvalds Ásgeirssonar í Hofteigi árið 1874 er á þessa leið:

> Aðalafréttarlöndin eru Fljótsdals- og Jökuldalsheiðin, þ.e. hver jörð hefur afrétt í þeirri heiði, sem henni tilheyrir. Auk þess eru: Vesturöræfaafrétt, fram af Hrafnkelsdal, og Brúardalir, fram af Jökuldal, og eru þessar afréttir aðeins notaðar af fremstu bæjum. Þess utan hafa Fellnamenn og Fljótsdælir upprekstur fyrir norðan Miðheiði (Fljótsdalsheiði), einkum á Ranaafrétt sem kölluð er og tilheyrir Skriðuklaustri og Valþjófsstaðarkirkju. Hún var að fáum árum óbyggt land sem náði yfir þvera Fljótsdalsheiði ofan á móts við Eiríksstaði. Vesturöræfin heyra til Valþjófsstaðakirkju og hafa Fljótsdælingar þar einnig upprekstur.[371]

Þá segir Þorvaldur stórmikil hlunnindi og gagn hafa verið allt fram að 1830 að grasatekju, sem nú væri miklu minna stunduð og grösin gengin mjög til þurrðar, vegna byggðarinnar í Jökuldalsheiði og hreindýranna í Fljótsdalsheiði. Sama gegni um fjaðratekju og rótagröft. Á Fagradal, Álftadal og einkum Grágæsadal á Brúaröræfum sé mjög mikið af hvönnum, en harla lítið notaðar.[372]

Sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu, Ole Vorm Smith, skrifaði öllum hreppstjórum í sýslunni 13. júní 1864 og fól þeim á hendur að gera uppástungur um hvaðeina, sem þeir álitu nauðsynlegt varðandi fjallgöngur á haustum í hreppum þeirra, m.a.:

---

[366] *Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 66.
[367] *Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 67.
[368] Björn Vigfússon (1777–1848) þjónaði Kirkjubæ 1830 og til dauðadags. (Páll Eggert Ólason: *Íslenzkar æviskrár* I, bls. 253).
[369] *Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 175–176.
[370] *Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 180.
[371] *Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 96.
[372] *Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 97.

> c, hvar hverjir skulu gjöra gangnaskil og hvað langt skuli gengið til öræfa eða mots við aðrar sveitir eða sýslur;[373]

Ætlaðist hann til þess að uppástungurnar yrðu gerðar í samþykktarformi fyrir hverja sveit og komnar til sín fyrir miðjan ágústmánuð næstkomandi. Síðan mundi hann kveðja til tvo eða þrjá menn úr hverjum hreppi til fundar til þess að gera frumvarp til samþykkta fyrir alla sýsluna sem síðan yrði send amtmanni til samþykktar. Svör bárust úr flestum hreppum, þó ekki Jökuldals- og Hlíðarhreppum, Hróarstungu- og Seyðisfjarðarhreppum. Ekki verður séð af bréfa- og bréfadagbókum sýslumanns að orðið hafi úr frekari framkvæmdum.

Af hálfu Brúareigenda hefur verið lögð fram fundargerð hreppsnefndar í september 1897 þar sem Brúarbóndi tjáði með bréfi að honum væri ómögulegt að hreinsa Brúardali. Var ályktað að uppdælingar á Jökuldal hlutuðust til um göngu á dölunum með sérstöku tilliti til þess að þeir hefðu léttar göngur (Hrafnkelsdælir) og væru lausir við að senda í aðrar sveitir eftir fé.[374]

Þorvaldur Thoroddsen segir í *Lýsingu Íslands*:

> Upp af Múlasýslum [...] eru afarvíðáttumikil beitarlönd og afréttir, enda fjárrækt þar víða með miklum blóma, t.d. á Jökuldal [...] Þar eru beitarlönd mikil [...] á Jökuldalsheiði og Fljótsdalsheiði; á Möðrudalsöræfum og Brúaröræfum eru sauðsnöp víða og sumstaðar stórir hagablettir, alt suður að jöklum, sumstaðar jafnvel loðin graslendi alveg við jökulröndina, einsog t.d. Eyjabakkar hjá Þjófahnúkum. Upp af Brúaröræfum við Brúarjökul eru hagasvæði á Þorláksmýrum og í Maríutungum, og bændur frá Efra-Jökuldal hafa upprekstur fyrir lömb sín á Kringilsárrana, og eru þau haust og vor flutt á kláfdrætti yfir Kringilsá; þá eru hagar í Arnardal upp af Möðrudalsöræfum og víðar.[375]

Stjórnarráð Íslands sendi öllum sýslumönnum landsins bréf 29. desember 1919. Þar var þeim tilkynnt að vegna þingsályktunar um rétt ríkisins til vatnsorku í almenningum frá 27. september beri þeim að skila skýrslu við fyrsta tækifæri um svæði í sýslum þeirra sem teljast vera almenningar og um afréttarlönd sem ekki sannanlega hafa tilheyrt eða tilheyri nú nokkru lögbýli.[376] Ari Arnalds, sýslumaður í Norður-Múlasýslu, svaraði bréfinu 4. nóvember 1920 og sagðist hafa skrifað öllum hreppstjórum sýslunnar um málið og sendi með bréfi sínu svör þeirra þar að lútandi.[377] Einar Eiríksson, hreppstjóri Jökuldalshrepps, segir í bréfi frá 3. júní 1920 að hann viti ekki til þess að í hreppnum sé nokkur slíkur almenningur eða afréttarlönd.[378] Stefán Sigurðsson, hreppstjóri Hlíðarhrepps, svaraði 14. maí 1920 og sagði að þar væru

---

[373] Sjá t.d. nr. 2 (258). (Mál 3/2005).
[374] Skjal nr. 6 (7).
[375] Þorvaldur Thoroddsen, *Lýsing Íslands* III, bls. 195.
[376] Skjal nr. 2 (260).
[377] Skjal nr. 2 (266).
[378] Skjal nr. 2 (262).

engin afréttarlönd sem ekki tilheyrðu lögbýlum hreppsins og engin landsvæði sem talin væru almenningur.[379]

Afréttarlöndum í Jökulsárhlíð er þannig lýst í *Sveitum og jörðum í Múlaþingi*:

> Afréttarlönd eru: Hlíðarfjöllin sjálf, Kaldártungur (norðan Kaldár, sunnan Smjörfjalla) ásamt Laxárdal utanverðum með náttúrlegum, óhindruðum aðgangi að utanverðum heiðum Jökuldals. Einnig sækir fé úr Úthlíð allmjög á svæði Vopnfirðinga um Böðvarsdalsafrétt, og í Fagradal, síðan byggð aflagðist þar. Flest eru þessi afréttarsvæði brattlend og mjög misvel gróin. Þóttu Kaldártungur þeirra best, áður a.m.k. Að smala þær tekur einn dag fyrir 4-6 menn, að Kaldárdal sunnanverðum meðtöldum.[380]

> S<leðbrjótur> er 16 km frá Jökulsárbrú og á aðallega land milli Jökulsár og Kaldár, og auk þess afréttarland hátt í Hlíðarfjöllum, Ásdal og Grjóttungu, niður af Smjörfjöllum miðjum, og upp á fjöllin.[381]

Samkvæmt jarðalýsingum í *Sveitum og jörðum í Múlaþingi* tilheyrir landsvæði, sem kallað hefur verið Kaldártungur, ýmsum jörðum. Þar er hver jörð sögð eiga sitt landsvæði eða tungu sem oftast er kennd við viðkomandi jörð: Sleðbrjótur á þannig Ásdal og Grjóttungu,[382] Surtsstaðir Surtsstaðatungu,[383] Hallgeirsstaðir Hallgeirsstaðatungu,[384] Hrafnabjörg Kaplatungu og Hrafnabjargatungu. Er þar um Hrafnabjargatungu sagt að Kirkjubæjarkirkja í Hróarstungu hafi átt sjö nauta beit í tunguna.[385]

Árið 1641, í tíð Brynjólfs Sveinssonar biskups í Skálholti, segir í vísitasíu Kirkjubæjar:

> Mariu Kyrkia ad Kyrkiu bæ á Heimaland allt [...] Hun a og Lambey, Siö Nauta afrett j Kalldártungum, Skogarteyg fyrer utann fiski læk J milli og ambáttar leidis. [...] Hundrad lamba afrett a Vestureyum j Torfa stada Jörd æfinnliga.[386]

Í vísitasíum í Kirkjubæ 1677 og 1706 er endurtekið það sem stendur í vísitasíunni frá 1641 varðandi Lambey, „nautaafréttina“ og skógarteiginn.[387] Næstu vísitasíur áttu sér stað 1727, 1748, 1763, 1779 og 1850. Þessar vísitasíur byggja á þeim sem áður höfðu verið skráðar og því er ekki ástæða til þess að fjalla um innihald þeirra hér.[388]

---

[379] Skjal nr. 2 (263).
[380] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 192.
[381] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 218.
[382] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 218.
[383] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 225.
[384] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 227–228.
[385] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 230
[386] Skjal nr. 2 (64) a-b.
[387] Skjöl nr. 2 (84) a-b og 2 (85) a-b.
[388] Skjöl nr. 2 (86)–(90).

Í lýsingu Kirkjubæjarprestakalls frá 23. maí 1839 er fjallað um ítök á Langanesströndum og í Vopnafirði. Þar kemur fram að þau ítök ásamt fleirum sem eignuð séu kirkjunni hafi verið henni arðlaus um langt skeið.[389]

Í skýrslu Kirkjubæjarprests frá 20. febrúar 1844 um eignir kirkju og prestakalls er m.a. talið meðal ítaka:

> [...] 7 Nauta Afrétt í Kaldártúngum.[390]

Í brauðamati Kirkjubæjar frá 1854 kemur fram að á meðal ónotaðra og arðlausra ítaka og hlunninda kirkjunnar sé „nautaafrétt" í Kaldártungum.[391]

Önnur skýrsla varðandi Kirkjubæjarprestakall var útbúin 14. ágúst 1867. Þar er líka minnst á „nautaafrétt" í Kaldártungum.[392]

Benedikt Gíslason frá Hofteigi lýsir í Göngum og réttum leitum á einstökum svæðum á Jökuldal, væntanlega eins og þær voru á fyrri hluta 20. aldar eða fyrir 1940. Gísli Helgason í Skógargerði gerði athugasemdir við lýsingu á smölun á Hofteigsheiði og taldi heldur rangt með farið.[393] Hér er lýsing Benedikts tekin upp en reynt að skauta fram hjá því sem Gísli setti út á:

> Hofteigsheiði
>
> Í Hofteigsheiði er leitum hagað eins og í Hnefilsdalsheiði, það er smalað frá innri og ytri leitarmörkum að Hofteigi, sem er miðlínis á svæðinu. Nær leitarsvæðið yfir Skjöldólfsstaða-, Hofteigs-, Hvannár- og Hauksstaðalönd. Um tuttugu menn smala þetta leitarsvæði og fara jafn margir frá hvorum leitarmörkum. [...]
>
> Innsti hluti Skjöldólfsstaðalands, kringum Skjöldólfsstaðahnjúk að norðan með Gilsá að Skjaldklofa og ofan hjá Skjöldólfsstaðabæ, er þó venjulega smalaður daginn fyrir [...] Sparar þetta auk þess menn í gönguna, og verða þá líka hin innri leitarmörk heiðarinnar norður frá bæ á Skjöldólfsstöðum að Sandfellshorni syðra, en Sandfellið gengur þarna töluvert ofan í heiðina og mjókkar leitarsvæðið.
>
> Upp frá Hauksstöðum fara venjulega tíu menn og var til skamms tíma um helmingur þeirra úr Tunguhreppi [...] Liggur leiðin upp frá Hauksstöðum á landamerki Hauksstaða og Fossvalla við Búrfell og er þá farið yfir ytri hluta Hvannárdala, sem liggja þarna hlið við hlið og skera hver annan fyrir ofan brún í Jökuldal, að Laxárhæðum fyrir neðan Laxárdal. Hvannárdalirnir eru hið fegursta land, ákaflega fjölskrúðugir af gróðri, einkum innst, utanvert við Tinnuhraun á mörkum Hofteigs- og Hvannárlanda. [...] Rústir eftir tvö býli sjást enn í dölunum; hét annað Krummshólar [...] Er það allutarlega í

[389] Skjal nr. 2 (257).
[390] Skjal nr. 2 (235).
[391] Skjal nr. 2 (258).
[392] Skjal nr. 2 (237).
[393] Bragi Sigurjónsson: *Göngur og réttir* V, bls. 337.

dölunum. En litlu fyrir framan miðja dalina hétu Árnastaðir, og var í byggð nokkurn tíma á síðustu öld. [...]

Fyrir ofan Hvannárdali taka við Laxárdalshæðir. Það eru neðri dalamörkin á Laxárdal og eru lág, eða aðeins hæðir eins og þau heita. [...]

Yzt í dalnum, þar sem Laxá beygir ofan fjallið til þess að renna fram hjá Fossvöllum, heitir Bugðusel, og eru munnmæli til um byggð á seli þessu. Laxárdalur mun vera um sjö kílómetra langur inn að vaði á Laxá á Hofteigsölduvegi. Á Laxárhæðum er liðinu skipt í gönguna. [...]

Fimm fara norður fyrir Laxárdal en tveir eru á Laxárdalnum og hæðunum, en þrír í Hvannárdölum.

Þessir fimm [þ.e. þeir sem fara norður fyrir Laxárdal] ríða norður heiðina, og einn af þeim á að fara á Hofteigsöldukoll. Það er kannske Benedikt í Hofteigi í þetta sinn, og nú stefnir hann frá Öldukolli á fimmta gil í Sandfelli utanverðu. Þar undir stendur Tröllkarl upp af Tröllkarlsflóanum. [...]

*Að Hákonarstaðarétt*

Heiðasvæðið milli Gilsár og Möðrudalsfjallgarða, eða miðhluti heiðanna norðan ár, er smalað að einni rétt á Hákonarstöðum. Hér er þó um fleiri leitarsvæði að ræða og heita Ármótaselsheiði, Innri- og Ytri-Fjallgarðar, Eiríksstaðaheiði og Brúarháls. Ármótaselsheiði liggur milli Gilsár og Lönguhlíðar, sem er lágur háls, nokkuð vestan við býlið Ármótasel og er í sambandi við Þrívörðuháls og Hárekssstaða- og Gestreiðarstaðahálsa. Langahlíð heitir þó aðeins þangað, sem Lindará sker þetta hálendi og kemur innan úr Bjallkolludal. Þar við Lönguhlíðarenda stóð býlið Hlíðarendi. Er smalað með Gilsá að Skjaldklofa og síðan að leitarmörkum Vopnfirðinga við Háfslæk og að Hárekssstaðahálsi og vestur á Þrívörðuháls. [...] Ytri-Fjallgarðar eru frá mörkum Ármótaselsheiðar norðarlega á Þrívörðuhálsi og norður að leitarmörkum Vopnfirðinga við Gestreiðarkvísl og Lindarárbala í Kollseyrudal og fjallgarðana þar inn af. [...] Eru leitarmörk milli Inn- og Út-Fjallgarða litlu norðan við Matbrunnavatn, en þar byrjar Fiskidalur og liggur niður með Þríhyrningsfjallgarði fyrir innan Brúarháls í stefnu að Reykjaá. Innfjallgarðar liggja um þetta svæði, en þarna rís Þríhyrningur. [...] Vestan undir honum er Þríhyrningsvatn, og þarna klofnar þessi mikli fjallgarður í sundur af vatninu og dölunum upp frá því og niður frá því. Syðst er Breiðastykki, sem nær að Magagili að sunnan og Öskjufjallgarði að vestan. Fyrir norðvestan hann er Mynnisfjallgarður, og heitir að fara um Mynni, þegar farið er úr Jökuldalsheiði í Arnardal til þess að vitja um útigönguhesta þar í löndum Brúar og Möðrudals. Norður af Mynnisfjallgarði er Brattifjallgarður og heitir Byttuskarð á milli þeirra. Fyrir norðan Þríhyrningsvatn er Langidalur og hefir daladrög í fjallgarðinum á móti Matbrunnavatni, en vestar heitir Sigurðaralda, og er hún milli Langadals og

Lindar(ár)dals [...] Úr Þríhyrningsvatni fellur á í suður og heitir Þríhyrningsá. Fellur hún í Álftadalsá á Brúaröræfum, sem síðan rennur um Arnardal og heitir þá Arnardalsá. Er féð rekið úr þessum fjallgörðum yfir í Fiskidalinn, sem þá einnig er smalaður um leið, og síðan að Brú á leið til Hákonarstaðaréttar.

Hin miklu heiðalönd, sem liggja fyrir austan og neðan þessa fjallgarða, eru svo lönd Brúar, Eiríksstaða, Grundar, Hákonarstaða og Arnórsstaða og heiðarbýlanna Heiðarsels, Grunnavatns, Sænautasels, Rangárlóns og Veturhúsa, sem öll voru í byggð til skamms tíma, og einnig býlanna Hneflasels, Netsels, Háls og Víðihóla, sem búin eru að vera lengi í eyði. [...] Er smalað að utan norður með Lönguhlíð að innan, norður á Bjallkolludal og Rangárlónsland, og eru það hin norðustu mörk á leitasvæði þessu, þar sem Útfjallamenn fara niður. [...] Víðidalurinn er smalaður frá Ármótum, sunnan undir Lönguhlíð, um Víðihóla og Hálsland, í stefnu á Eiríksstaðahnefla, en féð kemur saman við þá, sem smala að norðan og reka frá Veturhúsum. Er Hákonarstaðaland þarna um brúnirnar á Jökuldal geysivíðáttumikið. Inn- og Út-Eiríksstaðaheiði í kringum Hneflana og að Ánavatni er smöluð í Eiríksstaði [...] Sama máli gegnir um Brúarháls. Öll þessi heiðalönd eru smöluð á fyrsta gangnadegi og af um 30 mönnum, og er Hákonarstaðarétt daginn eftir. [...]

*Brúardalir*

Hinn innsti hluti heiðanna norðan ár er Brúardalir, eins og fyrr var fram tekið. Mörk þeirra eru og tilfærð áður.

Brúardalaganga byrjar að aflokinni Hákonarstaðarétt, og leita sex menn allt þetta stykki. Bótin, að ekki þarf að smala uppblástursauðnirnar. Eru dalirnir aðeins smalaðir tvisvar sinnum haust hvert [...] Farið er hinn fyrsta dag inn í Laugarvelli, býlið gamla. Þar er gangnamannakofi. Áður fyrr lágu menn í svokölluðum Laugarvallaskúta við Reykjará. [...] Næsta dag er liðinu skipt, og fara tveir og tveir saman. Tveir fara vestur í Álftadal og smala hann að Álftadalskrók, gegnt þar sem Þríhyrningsá fellur úr vatninu. Þaðan fara þeir í Fagradal, sem hefir stefnu að Kreppu, og er Fagradalsfjall á milli hans og Grágæsadals. Tveir fara inn Vesturdal, sem gengur í suðvestur af Laugarvalladal, og eru inn af honum Háumýrar, mesta graslendi í dölunum fyrir utan Kringilsárrana. Tveir fara inn í Sauðafell og Þorláksfitjar. Er smalað þennan dag um alla þessa dali, og komið í kofa við Sauðá, þar sem hún fellur í Jökulsá. Hinn þriðja dag er smalað um Kringilsárrana, ef fært er, og út með Jökulsá í Laugarvallakofa. Fjórða daginn er svo smalað út Laugarvalladal og með Reykjaá, Brúarskóg, sem liggur við Jökulsá undir Meljaðrafjalli, og heim í Brú.[394]

[394] Bragi Sigurjónsson: *Göngur og réttir* V, bls. 315–322.

Eftir 1950 hafa orðið miklar breytingar á smölun. Heimalönd töldust á gangnaseðli um 1987 Eiríksstaða-, Grundar-, Hákonarstaða-, Arnórsstaða-, Skjöldólfsstaða-, Hjarðarhaga-, Hjarðargrundar-, Hofteigs-, Hvannár- og Hauksstaðaheiðar. Svæði, sem leggja þurfti í sameiginlega, voru Út- og Framfjallgarðar, Háreksstaðaheiði og Arnardalur. Brúarbændur sáu um smölun á Brúardölum og Breiðastykki. Möðrudalsbóndi smalaði sitt land sjálfur.[395]

Háreksstaðaland er þá smalað að mestu af Vopnfirðingum í fyrstu göngu. Gilsárbotnar og fremsti hluti Grunnavatnsdals, austan Fellahlíðar, eru smalaðir að Skjöldólfsstöðum. Einnig er ysti hluti Ármótaselsheiðar smalaður að Háreksstöðum. Háreksstaðaháls er smalaður af Vopnfirðingum en það smalasvæði nær inn að Bjallkollu hinni ytri.[396]

Takmörk smalasvæðis Út-Fjallgarða voru þá þessi:

> Að austan Þrívörðuháls og Veturhúsabotnar, að sunnan utanvert Ánavatn, Meyjardalur og Háfsvatnadæld í Möðrudalsfjallgarð eystri, að vestan Langidalur, Lindará, Eystri-Fjallgarður og norður á Kollseyrudal, að norðan sunnanverður Kollseyrudalur, Gestreiðarstaðaháls og norðurendi á Þrívörðuhálsi.[397]

Mörk Fram-Fjallgarða eru sögð þessi:

> Stykkið markast af Ánavatni að sunnan og Fjallgarðinum að norðan. Smalamörk við Út-Fjallgarða eru úr Skollavík við Ánavatn norður í Fjallgarð í stefnu nokkuð utan við Búrfell, þaðan vestur í Þríhyrningskróka. Það nær yfir allt Heiðarselsland og meirihluta af landi Grunnavatns.[398]

Um Möðrudalssmölun segja *Göngur og réttir*:

> Smalasvæði Möðrudals fylgir ekki landamörkum, nær þeim ekki alls staðar, en annars staðar er það út yfir mörkin. Að sunnan eru mörkin um Arnardal, að austan Fjallgarðar út að Skarðsá, að norðan Skarðsá í Jökulsá en vesturmörk eru Jökulsá og Kreppa, þó að undanteknum Lambafjöllum sem eru innan þessara marka en smöluð frá Víðidal.

---

[395] Bragi Sigurjónsson: *Göngur og réttir* V, bls. 352.
[396] Bragi Sigurjónsson: *Göngur og réttir* V, bls. 353.
[397] Bragi Sigurjónsson: *Göngur og réttir* V, bls. 354.
[398] Bragi Sigurjónsson: *Göngur og réttir* V, bls. 355–356.

> Venjulega er byrjað að smala í Arnardal sem er í Brúarlandi [Jökuldalshreppur leggur menn í göngur þar], [...] en áður var hann smalaður eingöngu frá Möðrudal.[399]

Elsta fjallskilareglugerð Norður-Múlasýslu er frá árinu 1893 en sú sem nú er í gildi er frá árinu 1991.

[399] Bragi Sigurjónsson: *Göngur og réttir* V, bls. 357.

## 6. NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

### 6.1. Almenn atriði og dómafordæmi í þjóðlendumálum

Í úrskurðum óbyggðanefndar á fyrsta landsvæðinu sem tekið var til meðferðar, sjá mál nr. 1–7/2000, er í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum á næsta landsvæði sem tekið var til meðferðar er í kaflanum *Viðauki við almennar niðurstöður óbyggðanefndar* aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við, sjá mál nr. 1–5/2001. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki með úrskurðum í málum á þriðja svæðinu, nr. 1–9/2003, og því fjórða, nr. 1–6/2004. Sami viðauki fylgir hér og með öðrum úrskurðum í málum á fimmta landsvæðinu sem óbyggðanefnd hefur tekið til umfjöllunar, nr. 1–5/2005.

Á þeim tíma sem liðinn er frá því *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og viðauki við þær birtist hefur Hæstiréttur kveðið upp nokkurn fjölda dóma sem fela í sér afstöðu réttarins til atriða sem almenna þýðingu hafa við efnislega úrlausn þjóðlendumála. Skal þar fyrst getið um dóm Hæstaréttar frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 sem fjallað var um í inngangi að niðurstöðum óbyggðanefndar í málum á svæði 4. Svo sem þar segir verður sú ályktun af honum dregin, sbr. nú einnig dóm Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006, að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verði að leysa úr máli á þeim grundvelli. Í tilvikum ríkisjarða hefur því þó verið lýst yfir af hálfu íslenska ríkisins að í þjóðlendukröfu felist ekki afsal á eignarlandi og því eigi niðurstaða óbyggðanefndar, að því leyti sem hún tekur til ríkisjarða, að ráðast af sömu atriðum og lögð séu til grundvallar um annað eignarland. Aðrir dómar varða fremur heimildamat og sönnunarkröfur, nánar tiltekið tveir dómar Hæstaréttar frá 21. október 2004 (mál nr. 47 og 48/2004); þrír dómar frá 11. maí 2006 (mál nr. 496/2005, 454/2005 og 345/2005); tveir dómar frá 28. september 2006 (mál nr. 497/2005 og 498/2005); tveir dómar frá 5. október 2006 (mál nr. 67/2006 og 133/2006) og nú síðast þrír dómar frá 16. maí 2007 (mál nr. 448/2006, 536/2006 og 24/2007).

Sú umfjöllun um einstök landsvæði sem hér fer á eftir er í beinu samhengi og samræmi við framangreindar *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*, ásamt viðauka við þær, og vísar til þeirra. Fyrirliggjandi dómar og úrskurðir óbyggðanefndar eru einnig fordæmi við úrlausn málsins í þeim tilvikum að reynt hefur á atriði sem almenna þýðingu hafa.

Hér á eftir verður fyrst lagt mat á hvort dómar gefi tilefni til að herða sönnunarkröfur til landamerkjabréfa jarða og að því loknu fjallað almennt um stofnun heiðarbyggðar á Norðausturlandi. Þá verður gerð grein fyrir landnámi á því svæði sem mál þetta varðar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega

stöðu einstakra landsvæða, í staðfræðilegri röð.[400] Loks verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar.

### 6.1.1. Gildi landamerkjabréfa jarða

Í forsendum dóms Hæstaréttar í máli nr. 48/2004, sem birtur er í dómasafni þess árs á bls. 3796, tók rétturinn almenna afstöðu til mats á gildi landamerkjabréfa, annars vegar jarða og hins vegar annarra landsvæða, og inntaks eignarréttar á svæði sem lýst er í landamerkjabréfi jarðar, sbr. einnig tilvísanir í síðari dómum í þjóðlendumálum, t.d. máli nr. 345/2005. Orðrétt segir svo:

> Við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði, sem þar er lýst, skiptir almennt máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði, en þekkt er að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig til dæmis afrétti, sem ekki tengjast sérstaklega tiltekinni jörð. Felur landamerkjabréf fyrir jörð í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega.

Einnig kemur fram það álit réttarins að áritun um samþykki eigenda aðliggjandi jarða, þinglýsing og innfærsla í landamerkjabók auki sönnunargildi landamerkjabréfs. Sama máli gegnir ef ekki hefur verið ágreiningur um merki viðkomandi jarðar. Hins vegar verði ekki litið fram hjá þeirri staðreynd að fyrir gildistöku laga nr. 58/1998 hafi engum verið til að dreifa sem gat sem handhafi beins eignarréttar gert samninga um mörk þess lands sem nú nefnist þjóðlenda. Þá verði þess að gæta að með því að gera landamerkjabréf gátu menn ekki einhliða aukið við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Verði til þess að líta hvort til séu eldri heimildir sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfi enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu lands.

Segja má einnig að í nýjustu dómum, sbr. mál nr. 536/2006 og 24/2007, hafi enn verið hnekkt á þýðingu þess að landsvæði teljist innan merkja jarðar. Samkvæmt þessu er óbyggðanefnd rétt að leggja áfram áherslu á landamerkjabréf jarða, sbr. umfjöllun um þau í *Almennum niðurstöðum*, enda þótt með skýrum fyrirvörum sé.

Umfjöllun dómstóla um landamerkjabréf jarðanna Úthlíðar, Stafafells (hluta), Skaftafells og Hóla gefur þó tilefni til að huga sérstaklega að því hvort óbyggðanefnd beri að herða kröfur til sönnunar eignarlands innan landamerkjabréfa jarða, frá því sem lagt er til grundvallar í *Almennum niðurstöðum*. Viðkomandi landsvæði voru öll talin eignarlönd en í forsendum dóma samt sem áður lýst efasemdum um að svo væri að öllu leyti.

---

[400] Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á skýrslu Hjörleifs Guttormssonar náttúrufræðings, sbr. skjal nr. 31, útgefnum kortum Landmælinga Íslands, örnefnaskrám frá Örnefnastofnun Íslands, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3., og almennum uppsláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

Í tilvikum Úthlíðar og þess hluta Stafafellslands sem liggur sunnan og vestan Jökulsár, sbr. mál nr. 48/2004 og 498/2005, lágu fyrir bæði landamerkjabréf og eldri heimildir um merki. Lýsingar þessar fengu vel samrýmst en beinn eignarréttur á hluta þeirra landsvæða sem afmörkuð voru þrátt fyrir það talinn vafa undirorpinn. Fram kemur að staðhættir og fyrirliggjandi heimildir um gróðurfar styðji ekki að þar hafi verið stofnað til beins eignarréttar með námi. Ekki voru þó talin skilyrði til að skilja þessi landsvæði undan eignarlandi jarðanna, einkum þar sem ekkert hefði komið fram af hálfu íslenska ríkisins sem leggja mætti til grundvallar við nánari afmörkun að þessu leyti. Varðandi umræddan hluta Úthlíðar var einnig tekið fram að ekki hefði verið sýnt fram á að landsvæðið hefði verið nýtt sem samnotaafréttur.

Í tilvikum Skaftafells og Hóla, sbr. mál nr. 496/2005 og 48/2004, voru landamerkjabréf fyrir hendi en engar eldri heimildir. Um landamerkjabréf Skaftafells, sem er ódagsett en var þinglesið á árinu 1890, segir svo í dómi Hæstaréttar:

> Þótt landamerkjabréfið geti haft sönnunargildi um mörk eignarlands Skaftafells með því að það var áritað um samþykki af eigendum aðliggjandi jarða, þinglesið og fært í landamerkjabók, verður að líta til þess að ekki var á valdi eigenda jarðarinnar að auka með landamerkjabréfinu við land sitt eða annan rétt umfram það, sem áður hafði verið. Getur landamerkjabréf þetta því ekki eitt og sér nægt gegn andmælum áfrýjanda til að sanna beinan eignarrétt eigenda Skaftafells II að landinu á Skeiðarársandi, sem deilt er um í málinu, heldur verða önnur atriði jafnframt að koma til, sem stutt geta sömu niðurstöðu, sbr. dóm Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 [sem fjallar m.a. um Hóla], sem birtur er í dómasafni þess árs á bls. 3796.

Hér skal einnig getið dóms í máli nr. 345/2004, varðandi jörðina Fell í Suðursveit. Þar lá fyrir skýr eldri heimild, nánar tiltekið lögfesta frá árinu 1851, þar sem merki inn til landsins voru m.a. miðuð við aðliggjandi jökul. Landamerkjabréf jarðarinnar frá árinu 1922 var mun óskýrara, náði skemur inn til landsins, þ.e. í átt að jökli, og gat ekki sérstaklega um merki gagnvart jöklinum. Fjalllendið næst jökli var dæmt þjóðlenda og þannig fremur miðað við hina yngri heimild, þ.e. landamerkjabréfið, sem náði skemur en hin eldri. Þar höfðu þó önnur atriði einnig vægi.

Óbyggðanefnd hefur nú þegar kveðið upp úrskurði sem fjalla um fjölda jarða á sunnanverðu landinu, þ.e. svæðum 1–4, og heimilda um afmörkun og eignarréttindi á ágreiningssvæðum verið skipulega leitað, m.a. á Þjóðskjalasafni og hjá sýslumannsembættum. Séu þær skoðaðar heildstætt kemur í ljós að landamerkjabréf hátt í tvöhundruð jarða hafa verið könnuð sérstaklega. Í upp undir helmingi tilvika hefur það verið elsta lýsing á merkjum jarðar og beinn samanburður við eldri heimildir þannig ekki mögulegur. Því fer einnig fjarri að eldri heimildir séu almennt heildstæðar merkjalýsingar. Þvert á móti geta þær verið brotakenndar og jafnvel fremur falið í sér vísbendingar en ótvíræðar lýsingar. Loks eru tíu tilvik þar sem

ekkert landamerkjabréf, í skilningi landamerkjalaga, er fyrir hendi og verður ekki séð að það hafi nokkurn tíma verið gert. Að því er varðar mikinn meirihluta jarða á svæðum 1–4 var niðurstaðan sú að aðrar heimildir um merki, væru þær til, ýmist styddu lýsingu bréfs eða mæltu henni ekki í mót. Merkjum væri því rétt lýst í landamerkjabréfi, svo sem óbyggðanefnd skýrði það. Tekið skal fram að sú skýring var í ákveðnum tilvikum önnur en málsaðila.

Svo sem að framan greinir virðast dómstólar þannig gera fremur strangar kröfur til landamerkjabréfa jarða, þ. á m. að þau hafi stuðning af öðru og þá einkum eldri heimildum. Til þess ber þó að líta að fleiri atriði eru hér samofin og lögð til grundvallar niðurstöðu hverju sinni, þar á meðal mismunandi vægi eða trúverðugleiki einstakra heimilda, nýting, gróðurfar og staðhættir. Með hliðsjón af því og með tilliti til stjórnskipulegrar jafnræðisreglu telur óbyggðanefnd að fara beri varlega í að draga víðtækar ályktanir af þessari umfjöllun. Líta ber til þess að eftir að gengið hafði verið frá landamerkjabréfi, með tilheyrandi opinberri skráningu, hafði jarðeigandi síður ástæðu til að varðveita skjöl sem þar kann að hafa verið byggt á. Eðlilegt verður að telja að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem fyrir hendi kann að vera í slíkum tilvikum.

Niðurstaða óbyggðanefndar er því sú að ekki sé ástæða til að herða sérstaklega kröfur um sönnun eignarlands innan lýsingar í landamerkjabréfi jarðar, umfram það sem áður hefur verið lagt til grundvallar og samrýmist vel þeirri almennu afstöðu Hæstaréttar til landamerkjabréfa sem áður var lýst. Eftir sem áður er ljóst að dómstólar gera nokkuð strangar kröfur til sönnunar eignarlands, sbr. einnig þá meginreglu í íslenskum rétti að sá sem telur til eignarréttar yfir landi verður að færa fram heimildir fyrir eignartikalli sínu. Jafnframt liggur fyrir að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2005 þar sem segir svo:

> [...] nær frá upphafi Íslandsbyggðar mörkuðu menn sér ekki eingöngu ákveðin landsvæði, sem voru háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu manna. Meðan landsvæði gaf eitthvað af sér lágu hagsmunir til þess að halda merkjum réttindanna við, hvers eðlis sem þau voru. Af framanrituðu þykir leiða að skýra verði hvaða réttindi það séu sem menn voru að skipta á milli sín.

### 6.1.2. Heiðarbýli á Norðausturlandi

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er gerð almenn grein fyrir þeirri stofnun eignarréttar sem heimilaður var í nýbýlatilskipun frá 15. apríl 1776, um landnám og byggingu eyðijarða, og síðar nýbýlalögum, nr. 15/1897.[401] Að því er varðar

[401] Sbr. kafla 3.3. í viðauka.

Norðausturland sérstaklega í þessu sambandi benda heimildir til að í kjölfar nýbýlatilskipunar og fram yfir miðja 19. öld hafi þar verið stofnað til heiðarbyggðar í meiri mæli en í þeim landshlutum sem áður hafa komið til umfjöllunar hjá óbyggðanefnd. Byggð þessi stóð að jafnaði stutt, oft slitrótt, og þegar komið var fram á miðja 20. öld var henni nær alveg lokið. Í kjölfar gildistöku landamerkjalaga voru ýmist gerð sérstök landmerkjabréf fyrir slík heiðarbýli eða þau felld innan landamerkjalýsingar tiltekinnar jarðar.

Samkvæmt ákvæðum nýbýlatilskipunar gat slík býlisstofnun hvort heldur er verið í landi jarðar eða utan þess. Kveðið var á um útmælingu viðkomandi landsvæðis undir stjórn sýslumanns og útgáfu amtmanns á byggingarbréfi til handa nýbýlingi enda hefði skilyrðum verið fullnægt.

Í þeim tilvikum að stofnað var til nýbýlis í landi jarðar með lögformlegum hætti, sbr. einkum 2. gr. nýbýlatilskipunar, er ljóst að með því hefur ekki orðið breyting á eignarréttarlegri stöðu landsvæðisins. Hér gegnir sama máli og ef þar var stofnað til byggðar með öðrum hætti, svo sem leigu eða sölu hluta jarðar.[402] Um slík landsvæði hlýtur því að fara eftir sömu sjónarmiðum og jarðir almennt, hvernig sem formlegum frágangi hefur verið háttað. Um jarðir almennt vísast nánar til *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*.

Hafi hins vegar tekist byggð utan jarðar, sbr. einkum 4. gr. nýbýlatilskipunar, verður að kanna hvort þar hafi verið stofnað til lögformlegs nýbýlis. Hafi svo verið er ljóst að viðkomandi landsvæði er eignarland, þá þegar af þeirri ástæðu. Ella verður að líta svo á að ekki hafi verið stofnað til beins eignarréttar á grundvelli þeirrar löggjafar. Eignarréttarleg staða viðkomandi landsvæðis breyttist því ekki, hvernig sem henni var farið. Annað mál er að í kjölfarið kann að hafa stofnast þar eignarland á öðrum grundvelli, sbr. lög nr. 46/1905 um hefð.

Heiðarbyggð á Norðausturlandi er nefnd ýmsum nöfnum í heimildum, einkum nýbýli, afbýli, heiðarkot og hjáleiga. Notkun þessara hugtaka er misvísandi og tekur ekki endilega mið af ákvæðum nýbýlatilskipunar eða nýbýlalaga. Þannig kann tiltekið býli að vera nefnt nýbýli í heimildum án þess að byggingarbréf liggi fyrir. Málsmeðferð nýbýlaumsóknar getur þá af einhverjum ástæðum hafa lokið á einhverju stigi, svo sem eftir útmælingu, eða jafnvel ekki hafist yfirleitt. Á hinn bóginn getur verið að byggingarbréf hafi verið gefið út en býlið þrátt fyrir það nefnt annað en nýbýli, t.d. hjáleiga.

Útgáfa byggingarbréfs, sem stundum er nefnt nýbýlaleyfi, tekur af vafa um stofnun eignarlands og að landsvæði hafi frá þeim tíma öðlast stöðu jarðar að lögum. Að öðru leyti hlýtur að þurfa að leggja mat á eignarréttarlega stöðu viðkomandi landsvæðis áður en þar tókst byggð og hvort sú staða hafi tekið breytingum síðan. Í

[402] Sbr. kafla 4.2. í viðauka.

því sambandi ber að líta til þeirra krafna sem Hæstiréttur hefur gert til sönnunar eignarlands, sbr. kafla 6.1.1.

## 6.2. Landnám

Í kafla 5.1. hér að framan er gerð grein fyrir frásögn *Landnámu* varðandi það landsvæði sem hér er til umfjöllunar. Þannig á Þorsteinn torfi að hafa numið Jökulsárhlíð og búið á Fossvöllum en Hákon að hafa numið Jökuldal vestan Jökulsár og búið á Hákonarstöðum. Landnámsmörk upp til fjalla og inn til lands eru ekki tiltekin.

Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrlausnum sínum byggt á því að skýrar frásagnir *Landnámu* hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar en talið hæpið að af takmörkuðum lýsingum í *Landnámu* verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi, sbr. einnig dóm Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2005, sem fjallaði um Hoffells-Lambatungur í Nesjum. Af framangreindri frásögn *Landnámu* verður ekki ráðið hversu langt inn til lands landnám náði og að því leyti verða þannig engar afdráttarlausar ályktanir af henni dregnar. Að öðru leyti vísast til þeirrar umfjöllunar um einstök landsvæði sem hér fer á eftir.

## 6.3. Jarðir í Jökulsárhlíð

### 6.3.1. Inngangur

Umfjöllun þessa kafla tekur til landsvæðisins ofan kröfulínu íslenska ríkisins sem afmarkar þjóðlendukröfu þess í Smjörfjöllum innan sveitarfélagamarka Fljótsdalshéraðs.

Íslenska ríkið gerir kröfu um að Smjörfjallasvæðið, þ.m.t. Kaldártungur og hluti Hlíðarfjalla, verði úrskurðað þjóðlenda. Kröfusvæðið er afmarkað með línu er dregin er úr punkti við Jökulsárhlíð þar sem lína milli 882 m hæðarpunkts í Frakkafjalli og 863 m hæðarpunkts fyrir ofan Urðarhjalla sker hreppamörkin. Þaðan er dregin lína í 863 m hæðarpunkt fyrir ofan Urðarhjalla, svo í Háöxl, þaðan í Lágöxl. Fara svo í Kaldárgil á mörkum Surtsstaða og Mássels og fylgja svo Kaldá og enda línuna á sveitarfélagamörkum á Miðheiði í 744 m hæðarpunkti. Þar fyrir vestan vatnaskil á Smjörfjöllum tekur við þjóðlendukröfusvæði í máli 3/2005, Vopnafjörður. Af hálfu þinglýstra eigenda Fögruhlíðar ásamt Hlíðarhúsum, Sleðbrjótssels, Sleðbrjóts ásamt Breiðumörk, Surtsstaða, Hallgeirsstaða, Hrafnabjarga og Fossvalla er því haldið fram að landsvæðið sé undirorpið beinum eignarrétti. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í köflum 3.2–3.8.

Upp af Hlíðarfjöllum og bæjum í Jökulsárhlíð rísa Smjörföll. Smjörfjöllin eru mikil um sig og rísa þau hæst í 1255 m hæð yfir sjávarmáli í hnjúk sem liggur um 10 km vestur upp af bæjarstæði Mássels, mælt í beinni loftlínu. Hæstu hnjúkar

Smjörfjalla liggja í yfir 1200 m hæð yfir sjávarmáli. Jökulshlíðarmegin halla Smjörfjöll mót austri og eru þau skorin giljum sem flest hafa leguna austur–vestur. Fjöllin eiga margt skylt við Austfjarðafjöll að aldri og gerð, byggð að meginhluta úr basalti fyrir ísöld en með litríkt líparít á köflum. Ofan Mássels, norðarlega á svæðinu, liggur brattur dalur er kallast Ásdalur og hefur hann leguna norðvestur–suðaustur og rennur Ásdalsá um hann í Kaldá. Um Smjörfjöll liggja sveitarfélagamörk Fljótsdalshéraðs og Vopnafjarðarhrepps. Syðst á svæðinu liggja Kaldártungur en úr þeim renna nokkur vatnsföll til austurs í Kaldá. Frá bæjarstæðum í Jökulsárhlíð að sveitarfélagamörkum eru um 12–13 km í beinni loftlínu.

### 6.3.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1 (8), er almennt byggt á því að landnám og lög séu frumstofnunarhættir beins eignarréttar. Grundvöllur að beinum eignarrétti hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalausum svæðum fjölgað með tímanum. Að því er varðar Jökulsárhlíð þá greini *Landnáma* einungis frá námi hlíðarinnar en ekki Smjörfjalla eða Kaldártungna. Byggt er á því að afréttir, eins og þeir voru skilgreindir fyrir gildistöku þjóðlendulaga 1998, hafi verið þjóðlendur þar sem tilteknum jörðum fylgdi réttur til afréttarnota. Þá er byggt á því að þar sem í skrifuðu máli sé sagt að ákveðið land utan byggðar sé eign einhvers aðila sé allt eins átt við afréttareign eins og að viðkomandi aðili eigi beinan eignarrétt. Byggt er á biskupavísitasíu frá 1641 og 1677 en þar segir að Kirkjubæjarkirkja eigi sjö nauta afrétt í Kaldártungum. Vísað er til byggðasögunnar *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* frá árinu 1974 um að afréttarlandið í Kaldártungum sé smalað á einum degi af 4–6 mönnum. Þá segir þar að jörðin Hrafnabjörg eigi Kaplatungu og Hrafnabjargartungu í Kaldártungu. Göngur á jörðinni taki einn dag en Kaldártungur séu smalaðar sér. Byggt er á umfjöllun um Sleðbrjót í sömu bók um að jörðinni tilheyri aðallega land milli Jökulsár og Kaldár og auk þess afréttarland hátt í Hlíðarfjöllum, Ásdal og Grjótártungu, niður af Smjörfjöllum miðjum og upp í fjöllin. Einnig segi um Surtsstaði að jörðin eigi Surtsstaðatungu handan Kaldár. Af þessu megi sjá að nokkrar jarðir kalli til réttar til lands handan Kaldárgils í átt að Smjörfjöllum. Vísað er til þess að merkjalýsingar jarða í Jökulsárhlíð séu flestar ekki ritaðar fyrr en eftir gildistöku nýrri landamerkjalaga. Með tilliti til merkjalýsinga og heimilda um afrétti á svæðinu sé eðlilegast að líta svo á að þjóðlenda taki við í Smjörfjöllum og afréttinum Kaldártungu.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl nr. 8, 8(5), 10, 10(3) og (4), 13, 13(3), 14, 14(9), 18, 18(4), 19, 19(8), 20 og 20(3), er byggt á því að landsvæðið hafi allt verið numið. Mótmælt er að óljósar lýsingar *Landnámu* verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðanna verði dregin í efa. Byggt er á þinglýstum landamerkjabréfum jarðanna, gerðum á árunum 1884 til 1921. Með setningu

landamerkjalaga, nr. 5/1882 og nr. 41/1919, hafi stjórnvöld átt frumkvæði að því að gengið yrði frá landamerkjum og leyst úr ágreiningi væri hann fyrir hendi. Byggt er á því að lýsingum landamerkjabréfa verði ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrði um inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvíli jafnframt á íslenska ríkinu. Vísað er til landbrigðaþáttar *Grágásar* og landbrigðabálks *Jónsbókar* um merkjagöngur. Merkjalýsingar þeirra hafi sjaldan verið að finna í kaupbréfum en hafi haldið gildi sínu enda þótt þær hafi aðeins varðveist í munnlegri geymd.

Mótmælt er þeim skilningi íslenska ríkisins á vísitasíum frá 1641 og 1677 að kirkjan á Kirkjubæ hafi átt sjö nauta afrétt í öllum Kaldártungum. Samkvæmt Vilchinsmáldaga frá 1397 hafi kirkjan einungis átt upprekstur á „Skalldartunngu" sem líklegast sé Grjóttungan í landi Sleðbrjóts. Síðar hafi nafn þeirrar tungu glatast og þá farið að nota samheiti allra tungnanna í staðinn. Auðljóst sé í það minnsta að hér sé átt við ítak kirkjunnar í eignarlandi annars. Vísað er til þess að Sleðbrjótur hafi lengi átt rekaítak á Héraðssandi og því hugsanlegt að um ítakaskipti hafi verið að ræða. Þá er því haldið fram að eftir að ríkisvald stofnaðist hér á landi hafi handhafar þess margsinnis viðurkennt fullkominn eignarrétt innan lýstra merkja jarðanna. Hafi ríkisvaldið einhvern tíma getað haft uppi vefengingarkröfu á hendur landeigendum sé slík krafa fyrir löngu fallin úr gildi fyrir tómlæti eða fyrningu. Þá er byggt á því að skilyrðum hefðar sé fullnægt. Vísað er til 72. gr. stjórnarskrárinnar og sambærilegs ákvæðis í 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Loks er vísað til sjónarmiða um réttmætar væntingar aðila og ákvæða stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

### 6.3.3. Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar þeirra jarða í Jökulsárhlíð sem liggja að Smjörfjöllum er rakin í köflum 5.2 til 5.8. Af þeim heimildum sem þar er lýst verður ráðið að um sjálfstæðar jarðir hefur verið að ræða.[403] Svo sem fram kemur í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámabók* hversu langt upp til fjalla landnám í Jökulsárhlíð náði. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að hluta innan þess. Einnig ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Jökulsárhlíð, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 31.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum umræddra jarða er lýst í landamerkjabréfum og hvað ráðið verður af eldri heimildum um sama efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Smjörfjallgarði vestanverðum. Athugun þessi tekur til merkja jarðanna gagnvart hálendi og innan

---

[403] Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

kröfusvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki jarðanna verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins.

Í landamerkjalýsingum þeirra jarða sem talið er til eignarréttinda á því svæði sem hér er til umfjöllunar er merkjum jarðanna gjarnan lýst frá upptökum áa í Smjörfjöllum eða frá vatnaskilum. Hér verður gerð grein fyrir landamerkjum jarðanna eins og þeim er lýst í landamerkjabréfum þeirra, að því marki sem þau skarast við kröfusvæði íslenska ríkisins.

Landamerkjum Fossvalla er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. og þingl. 21. júní 1884. Syðri merkjum jarðarinnar er þar lýst í „há Laxárdalshnjúk, þaðan í Beinavörðu". Nyrðri merkjum jarðarinnar í Smjörfjöll, síðan inn fjöllin, eptir sem vötn falla til Beinavörðu. Nefnd Beinavarða liggur við sveitarfélagamörk Fljótsdalshéraðs og Vopnafjarðar. Í landamerkjabréfi Hrafnabjarga, dags. og þingl. 21. júní 1884 er merkjum að sunnan og norðan lýst í Smjörfjöll og síðan eftir því sem vötnum hallar. Sama lýsing kemur fram í landamerkjabréfi Hallgeirsstaða, dags. og þingl. 21. júní 1884. Í yngra landamerkjabréfi þeirrar jarðar, dags. 29. desember 1921 og þingl. 21. júlí 1922, segir að sunnan og norðan ráði Merargilsá og Klappará merkjum „norður í Smjörfjöll". Upptök Merargilsár eru skammt austan við línu þá sem miðað hefur verið við að ráði merkjum milli Vopnafjarðarhrepps og Fljótsdalshéraðs. Upptök Klapparár eru nokkru neðar. Í landamerkjabréfi Surtsstaða, dags. og þingl. 21. júní 1884, er merkjum að sunnan lýst í Merargilsárós, „eptir það Merargilsá". Um norðurmerkin er miðað við Fremri Grundarlæk, „síðan af fjallsbrún beint í Þvergilsá að ofan". Merkjum er þannig ekki lokað að vestan (ofan) en upptök Merargilsár og Þvergilsár eru upp í Smjörfjöllum skammt undan sveitarfélagamörkum. Í öðru landamerkjabréfi Surtsstaða, dags. 29. september 1921 og þingl. 21. júlí 1922, segir einnig að fyrrnefndar ár ráði merkjum „norður í Smjörfjöll". Í landamerkjabréfi Sleðbrjóts og hjáleigunnar Mássels, dags. og þingl. 21. júní 1884, er syðri mörkum lýst „á fjallsbrún, síðan beint í Þvergilsá". Um nyrðri merkin segir að Sauðá ráði af fjalli. Landamerkjabréf Sleðbrjóts, dags. 24. júlí 1922 og þingl. 19. júlí 1923, tekur ekki til hjáleigunnar Mássels. Að norðan er merkjum lýst með sama hætti og í eldra landamerkjabréfi. Um merki til suðurs gagnvart Surtsstöðum segir að þau séu „í Kamb, sem sé hár klettur ofan við Kaldá á móti Melrakkaárós". Gagnvart Másseli séu merkin „lína í framanverða Háöxl á fjallsbrún. Þaðan bein lína í Þvergilsós." Yngra bréfið lýsir merkjum nokkuð skemur til vesturs en það eldra. Í landamerkjabréfi Sleðbrjótssels, dags. 28. apríl 1890 og þingl. 9. júní 1890, segir að utan [norðan] ráði „Hróaldstaðaá á fjall upp" en að framan (sunnan) ráði „Sauðá af fjalli ofan, þangað til hún fellur í Kaldá". Merkjum er lýst með samsvarandi hætti í landamerkjabréfi Sleðbrjótssels, dags. 30. október 1921 og þingl. 21. júlí 1922. Samkvæmt kortum Landmælinga Íslands eru upptök Hróaldsstaðaár rétt austan við sveitarfélagamörk og þann stað sem eigendur Sleðbrjótarsels miða við að

séu vesturmörk jarðarinnar. Upptök Sauðár eru hins vegar nokkru lengra frá sveitarfélagamörkum eða í Sauðárskarði um þrjá km þar frá.

Í landamerkjabréfi Fögruhlíðar og Hlíðarhúsa, dags. og þingl. 9. júní 1890, eru merkin að sunnan sögð „Fögruhlíðará út í Hróaldsstaðaár ós og þaðan ræður Hróaldsstaðaá á fjall upp". Hlíðarhús er fyrrum hjáleiga frá Fögruhlíð en í þremur landamerkjabréfum um merki Hlíðarhúsa, frá árunum 1899, 1921 og 1922, er miðað við að merki gagnvart Fögruhlíð liggi af fjallsbrún í Hróaldsskarði og niður Hróaldslæk. Elsta heimildin um merki Fögruhlíðar og Hlíðarhúsa er að finna í lögfestu Fögruhlíðar, dags. 6. maí 1833 og þingl. 1. júní 1833 sama ár. Eru mörkin að sunnan sögð „frammi Kalda ogfra Hálsmúla út og upp í Selás". Nefndur ás liggur ofan við Fögruhlíðará neðan Skallahrauns. Lögfestan lýsir því merkjum skemmra til vesturs en gert er í yngri landamerkjabréfum.

Í þeim landamerkjabréfum sem að framan er vísað til er landamerkjum milli jarða oftast lýst að vatnaskilum í Smjörfjöllum eða svo að merki nái að fjallsbrún. Í öðrum tilvikum er vísað til upptaka áa sem liggja uppi í Smjörfjöllum við sveitarfélagamörk Fljótsdalshéraðs og Vopnafjarðar.

Eldri heimildir um merki jarðanna liggja ekki fyrir utan lögfestu Fögruhlíðar sem lýsir merkjum til vesturs skemur en gert er í yngri heimildum. Til þess ber hins vegar að líta að Fagrahlíð liggur nyrst af þeim jörðum sem hér eru til skoðunar og þjóðlendukrafa íslenska ríkisins tekur ekki mið af lögfestunni. Kröfulína ríkisins er þannig dregin hátt í Smjörfjöllum og mun ofar en ef miðað væri við lýsingu lögfestunnar. Í vesturhlíðum Smjörfjalla liggja jarðir í Vopnafjarðarhreppi. Eins og fram kemur í umfjöllun um þær jarðir í máli nr. 3/2005 er þeim, líkt og þeim jörðum sem hér eru til umfjöllunar, lýst upp til fjallanna, gjarnan að vatnaskilum. Af því verður ráðið að jarðir í Vopnafjarðarhreppi og í Jökulsárhlíð liggi saman í Smjörfjöllum.

Óbyggðanefnd telur að heimildir um merki jarða vestur, norður og austur með Smjörfjöllum bendi til þess að þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins falli nær allt innan þeirra. Hér verður fjallað um sameiginleg atriði sem varða þetta landsvæði og komist að niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu þess.

Í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882 voru gerð landamerkjabréf fyrir þær jarðir sem hér eru til umfjöllunar. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en merkjum sé þar að mestu leyti rétt lýst. Landamerkjabréf jarðanna eru í flestum tilvikum samþykkt af aðliggjandi jörðum eða öfugt þótt ekki sé leitað samþykkis yfir sveitarfélagamörk en í öðrum tilvikum samrýmast merki jarða á kröfusvæðinu. Bréfin eru þinglesin, færð í landamerkjabók og á þeim byggt síðan um merki jarðanna án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem máli skiptir við úrlausn þessa máls. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Þá er og ljóst að

gagnaðilar hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Ekki eru heimildir um annað en umræddar jarðir hafi verið byggðar og nýttar eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem hér er byggt á um landamerki hafa eigendur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið hefur þar ekki verið undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Óvissa um upptök einstakra áa eða eftir atvikum staðsetningu vatnaskila er ekki slík að hún skipti máli við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæðisins. Engin gögn benda til þess að land á þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins, innan merkja jarða, hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað land þeirra. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Vestan þess svæðis sem hér er til umfjöllunar eru landsvæði í Vopnafirði sem fjallað er um í máli nr. 3/2005 hjá óbyggðanefnd og talin eignarlönd, sbr. kafla 6.18. í því máli. Telur óbyggðanefnd að gögn málsins styðji ekki þá niðurstöðu að gera eigi mun á umræddu landsvæði og aðliggjandi jörðum að þessu leyti. Þá verður ekki séð að eldri heimildir mæli gegn afmörkun í landamerkjabréfum jarðanna.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að á þessu landsvæði sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[404]

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land það sem gagnaðilar gera eignarlandskröfu til, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.4. Hjarðarhagi

### 6.4.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands Hjarðarhaga, sbr. landamerkjabréf, dags. 19. júní 1884 og þingl. 21. júní 1884. Árið 1956 var býlið Hjarðargrund byggt úr Hjarðarhaga og fékk þriðjung af landi þess.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá landamörkum Hauksstaða, Hvannár og Hofteigs allt að hornmarki við Hjarðarhaga og síðan suður og vestur fyrir Sandfell. Gerð er krafa til þess að land norðan þessarar kröfulínu verði úrskurðað þjóðlenda. Á móti hafa þinglýstir eigendur Hjarðarhaga og Hjarðargrundar lýst kröfu um beinan eignarrétt að landi sem þeir telja að falli innan merkja jarðanna samkvæmt

[404] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

landamerkjabréfi Hjarðarhaga. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.9.

Að Hjarðarhaga liggur jörðin Hofteigur til austurs en Skjöldólfsstaðir til vesturs. Til norðurs eru Þorbrandsstaðatungur og til suðurs, handan Jökulsár í Fljótsdal, eru Mælivellir og Gauksstaðir. Svæðið sem um ræðir tekur til suður- og austurhlíða Sandfells (876 m) sem er mikið um sig og lítt gróið til hálfgróið.

### 6.4.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(8), er almennt byggt á því að landnám og lög séu frumstofnunarhættir beins eignarréttar. Grundvöllur að beinum eignarrétti hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalausum svæðum fjölgað með tímanum. Byggt er á því að heimildir um landnám Jökuldalsheiði bendi ekki til þess að þar hafi stofnast til beins eignarréttar fyrir nám. Vísað er til þess að Hæstiréttur komst að sömu niðurstöðu í máli nr. 171/1998, frá 21. janúar 1999 (Gilsá), og í máli nr. 368/1999, frá 17. febrúar 2000 (Víðirhólar). Leiði Gilsárdómurinn til þess að réttaróvissa sé um landsrétt á svæðinu. Loks er vísað til bókarinnar *Göngur og réttir V* um fyrirkomulag leita fyrir 1950. Þar komi fram að leitarsvæði nái yfir land Hjarðarhaga.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl nr. 12 og 12(6), er því haldið fram að jörðin Hjarðarhagi sé innan landnáms Hákonar sem numið hafi Jökuldal allan. Mótmælt er að óljósar lýsingar *Landnámu* verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðanna verði dregin í efa. Byggt er á því að eignarrétturinn sé friðhelgur, sbr. 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. 1. samningsviðauka laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu. Vísað er til máldaga Hofteigskirkju frá árinu 1454 um mörk kirkjunnar en hann sé fyrsta skjallega heimildin um landamerki Hjarðarhaga. Byggt er á vitnisburði Péturs Péturssonar fyrir aukarétti Norður-Múlasýslu, dags. 7. september, um merki Skjöldólfsstaða og Hjarðarhaga. Þá er vísað til tveggja landamerkjabréfa Hjarðarhaga, hið fyrra, dags. 19. júní 1884 og þingl. 21. júní 1884, hið síðara dags. 14. október 1921 og þingl. 27. júlí 1922. Samkvæmt landamerkjalögum, nr. 5/1882 og 41/1919, hafi opinberum aðilum verið falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa væru réttar samkvæmt formi sínu og efni. Styðji það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðar verði ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrði um inntak eignarréttar að landi jarðanna Hjarðarhaga og Hjarðargrundar hvíli þannig á íslenska ríkinu. Þá er vísað til landbrigðaþáttar *Grágásar* og landbrigðabálks *Jónsbókar* um merkjagerð og merkjagöngur. Vakin er athygli á svarbréfi hreppstjóra Jökuldalshrepps, dags. 3. júní 1920, um að ekki séu í hreppnum nokkur þau afréttarlönd eða almenningar sem sannanlega tilheyri ekki einhverju lögbýli. Jafnframt er vísað til þess að gagnaðilar hafi fengið svokallað

felligjald af hreindýrum sem felld hafi verið innan þjóðlendukröfusvæðis. Íslenska ríkið hafi með því og öðrum athöfnum sínum vakið hjá gagnaðilum réttmætar væntingar til þess að land innan lýstra merkja sé undirorpið beinum eignarrétti. Loks er vísað til þess að skilyrði hefðar séu uppfyllt.

### 6.4.3. Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Hjarðarhaga er rakin í kafla 5.9. Þar kemur fram að Hjarðarhaga er getið í heimildum frá því á 13. öld. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.[405] Svo sem fram kemur í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámabók* hversu langt upp til fjalla og inn til lands landnám á Jökuldal náði. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að svæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að hluta innan þess. Einnig ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja á Jökuldal, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 31.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum jarðarinnar Hjarðarhaga er lýst í landamerkjabréfum jarðarinnar og hvað ráðið verður af eldri heimildum um sama efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Hjarðarhaga. Athugun þessi tekur fyrst og fremst til þess landsvæðis sem liggur innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Hjarðarhaga verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Fyrstu heildstæðu lýsinguna á merkjum Hjarðarhaga er að finna í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 19. júní 1884 og þingl. 21. júní sama ár. Nýtt landamerkjabréf var gert 24. október 1921 og þingl. 27. júlí 1922. Þá var merkjum Hjarðarhaga gagnvart Skjöldólfsstöðum lýst í fjórum vitnisburðum fyrir aukarétti Norður-Múlasýslu 7. september 1844 í tengslum við hin svonefndu Háreksstaðamál.

Verður fyrst litið til vesturmerkja Hjarðarhaga gagnvart Skjöldólfsstöðum. Samkvæmt landamerkjabréfi Hjarðarhaga frá 1884 eru merkin miðuð við „Jökulsá í yzta Rjúkindarfoss, þaðan réttlínis í fremstu Klauf á Sandfelli“. Bréfið er áritað vegna Skjöldólfsstaða. Í landamerkjabréfi Hjarðarhaga frá 1921 er merkjum lýst með sambærilegum hætti og er það bréf áritað vegna Skjöldólfsstaða. Í landamerkjabréfi Skjöldólfsstaða, ódags. en þingl. 21. júní 1884, er austurmerkjum jarðarinnar lýst „úr Jökulsá í yztu Rjúkindárfoss, þaðan réttlínis í fremstu Klauf á Sandfelli, þaðan í Hellisöxl“. Landamerkjabréf er áritað vegna Hjarðarhaga. Landamerkjabréf Skjöldólfsstaða, dags. 24. október og þinglýst 27. júlí 1922, er í samræmi við eldra bréf þeirrar jarðar og er áritað vegna Hjarðarhaga. Við aukarétt Norður-Múlasýslu 7. maí 1844 bar Pétur Pétursson, bóndi á Hákonarstöðum vitni um að mörkin milli Hjarðarhaga og Skjöldólfsstaða væru „úr Jökulsá í ytsta Rúki eda Foss. Þadan á

[405] Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

fremstu klauf á Sandfelli, þadan undir eda ad Hellirsöxl; þadan í Geldingalæk þá tekr Hofsland vid.“ Þrjú önnur vitni þeir Jónatan Pétursson bóndi á Arnórsstöðum, Eyjólfur Bjarnason í Hjarðarhaga og Hallgrímur Pétursson á Fremraseli lýstu merkjum á sama veg.

Verður þá næst litið til norðurmerkja Hjarðarhaga gagnvart Hraunfelli og Þorbrandsstaðatungum í Vopnafirði. Í landamerkjabréfi Hjarðarhaga frá 1884 er norðurmerkjum ekki lýst sérstaklega og það ekki áritað vegna landsvæða í Vopnafirði. Í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1921 er miðað við að mörkin að norðan ráðist af Miðheiði. Nákvæm staðsetning Miðheiðar liggur ekki fyrir. Í landamerkjabréfi Þorbrandsstaða, ódags. en þingl. 14. júlí 1885, eru merki Þorbrandsstaðartungna sögð ráðast af „Sunnudalsá upp í Sandfell, þaðan beina sjónhending í [...] Þórðará“. Landamerkjabréfið er ekki áritað vegna Hjarðarhaga. Samkvæmt þessu ná Þorbrandsstaðatungur suður að Sandfelli en eins og áður segir er vesturmerkjum Hjarðarhaga, í landamerkjabréfum þeirrar jarðar, lýst í fremstu-Sandfellsklauf án þess þó að merkjum sé þar lokað. Samræmast þau bréf þannig landamerkjabréfi Þorbrandsstaða. Áðurnefndir vitnisburðir frá 1844 um merki Hjarðarhaga lýsa norðvesturmerkjum Hjarðarhaga enn lengra til norðurs eða um Helliröxl og í Geldingalæk.

Í máli þessu hafa gagnaðilar lýst norðvesturmerkjum upp í Hellisöxl sem einnig er nefnd Helluhraunsöxl. Samkvæmt því skarast norðvesturmörk Hjarðarhagalands við mörk Hraunfells í Vopnafirði, þ.e. á svæði suðaustan undir Helluhraunsöxl. Ekki er gerð þjóðlendukrafa til þess landsvæðis af hálfu íslenska ríkisins. Með hliðsjón af landamerkjabréfum Hjarðarhaga, landamerkjabréfi Skjöldólfsstaða og vitnisburðum um merki jarðanna frá 1844 telur óbyggðanefnd að merki Hjarðarhaga hafi í það minnsta náð að þeim stað þar sem þjóðlendukröfulína íslenska ríkisins er dregin, suðaustan undir Helluhraunsöxl.

Verður þá litið til austurmerkja Hjarðarhaga gagnvart Hofteigi. Samkvæmt landamerkjabréfi Hjarðarhaga frá 1884 eru merkin „[a]ð utan milli Hjarðarhaga og Hofteigs ræður Teigará og síðan sjónhending í ytra Sandfellshorn“. Bréfið er áritað vegna Hofteigs. Í landamerkjabréfi Hjarðarhaga frá 1921 er merkjum lýst með sama hætti að því undanskildu að talað er um ysta Sandfellshorn í stað ytra. Það landamerkjabréf er áritað vegna Hofteigs. Landamerkjum er lýst með sambærilegum hætti í þinglýstum landamerkjabréfum Hofteigs frá árunum 1884 og 1923 en þau eru árituð vegna Hjarðarhaga. Eldri heimildir um merki Hofteigs eru í samræmi við landamerkjabréf jarðarinnar. Í máli þessu hafa gagnaðilar gert kröfu um að austurmerki Hjarðarhaga verði talin ná norður að Tröllkarli sem stendur austan undir Sandfelli, um 1½ km suðvestur af Grjótárvatni. Samkvæmt þinglýstum landamerkjabréfum Gnýsstaða í Vopnafirði frá 1885 og 1922 ganga merki þeirra að sunnan um nefndan Tröllkarl.

Með hliðsjón af framangreindum merkjalýsingum telur óbyggðanefnd rétt að miða við að land Hjarðarhaga hafi náð allt norður að Þorbrandsstaðatungum en bæði merkjalýsing Þorbrandsstaðatungna og landamerkjabréf Hjarðarhaga lýsa merkjum í Sandfell. Jafnframt á Hjarðarhagi hornmark gagnvart Hraunfelli í norðvestri og að Gnýstöðum til norðausturs. Ekki er ágreiningur, milli gagnaðila annars vegar og rétthafa að Þorbrandsstaðatungum og Gnýsstaða hins vegar, um merki milli landsvæðanna. Af hálfu þeirra aðila er miðað við línan fylgi því sem næst vatnaskilum og sveitarfélagamörkum. Óbyggðanefnd telur ekkert mæla gegn því að leggja þá línu til grundvallar enda samræmist hún vel landamerkjabréfi Hjarðarhaga frá 1921 um að norðurmörkin miðist við Miðheiði.

Í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882 var gert landamerkjabréf fyrir Hjarðarhaga. Við gildistöku núgildandi landamerkjalaga 1919 var gert nýtt landamerkjabréf fyrir jörðina sem lýsti merkjum með sambærilegum hætti. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en merkjum sé þar rétt lýst. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði liggur að sveitarfélagamörkum að norðan. Landamerkjabréf Hjarðarhaga eru árituð af fyrirsvarsmönnum jarðarinnar, þinglesin, færð í landamerkjabók og á þeim byggt síðan um merki jarðarinnar án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Þetta bendir til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Sá formgalli, sem er á landamerkjabréfum Hjarðarhaga, að áritun vantar vegna landsvæða í Vopnafirði verður ekki talin hafa efnislega þýðingu hér. Jafnframt er ljóst að jarðeigendur hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um þýðingu landamerkjabréfa fyrir jarðir við mat á sönnun um eignarhald að landi vísast til þess sem rakið er í kafla 6.1.1.

Ekki eru heimildir um annað en jarðirnar Hjarðarhagi og Hjarðargrund hafi verið byggðar og nýttar eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1884 hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Heiðin hefur þar ekki verið undanskilin enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Segir í sóknarlýsingu 1874 um Hjarðarhaga að í þurrkasumrum sé heyskapur talsverður í heiðinni en fjarska erfiður sökum bratta og grófa. Heimildir um nýtingu í jarðamati 1849 og gerðabók fasteignamats 1916–1918 eru efnislega á sama veg.

Fyrir árið 1950 tilheyrði Hjarðarhagaheiði leitarsvæði sem náði yfir heiðina frá Skjöldólfsstöðum til Hauksstaða í Vopnafirði. Síðar urðu breytingar á gangnatilhögun og samkvæmt bókinni *Göngur og réttir,* útg. 1987, töldust Hjarðarhaga- og Hjarðargrundarheiði til heimalanda á gangnaseðli það ár. Eins og hér hagar til verður

fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu enda hefur land þetta stöðu jarðar en ekki afréttar.

Samkvæmt því telur óbyggðanefnd ekki að land Hjarðarhaga hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Þá verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Hjarðarhaga sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[406]

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Hjarðarhaga og Hjarðargrundar, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.5. Skjöldólfsstaðir, Háreksstaðir og Gilsá

### 6.5.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands Skjöldólfsstaða, Háreksstaða og Gilsár. Skjöldólfsstaðir skiptast nú í Skjöldólfsstaði I og II. Árið 1941 var skipt út landi fyrir býlið Gilsá. Háreksstaðir eru eitt svokallaðra heiðarbýla, sbr. kafla 6.1.2., í byggð frá árinu 1841 til 1924 að tveimur árum slepptum. Þess skal einnig getið hér að norðan Háreksstaða var heiðarbýlið Melar, sbr. umfjöllun í máli nr. 3/2005 hjá óbyggðanefnd.

Íslenska ríkið hefur dregið þjóðlendukröfulínu frá neðri brún á Sandfelli þaðan í Skjöldólfsstaðahnúk og haldið áfram þaðan beina sjónhendingu að Gilsá þar sem Víðidalsá rennur í hana, þar sem er hornmark milli Ármótasels og Arnórsstaða, þá er Víðidalsá fylgt. Innan þessa kröfusvæðis eru Háreksstaðir og hluti Gilsár og Skjöldólfsstaða I og II samkvæmt afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins.

Að Háreksstöðum liggja Gestreiðarstaðir til vesturs og Skjöldólfsstaðir til austurs. Til norðurs við Háreksstaði og Skjöldólfsstaði eru Melar, Steinvartunga, Einarsstaðir og Hraunfell í Vopnafirði. Til austurs við Skjöldólfsstaði er Hjarðarhagi en Gilsá til suðurs og Ármótasel suður af Háreksstöðum. Landsvæði þetta liggur í um 500 m hæð yfir sjávarmáli og skiptist í tvennt með Fellahlíð, sem samanstendur af fjórum fellum: Skjaldklofa (676 m), Dritfelli (681 m), Skálafelli (650 m) og Geldingafelli (661 m). Vestan við Fellahlíð er Vatnaflói þar sem er hallalítið land og votlent. Má þar nefna Geldingavatn (494 m), Langhólmavatn (492 m) og Stórhólmavatn (522 m), vestur undir Skálafelli. Austan Fellahlíðar er einnig nokkuð um vötn og er land hallalítið. Gróðurfar er að mestu rýrt mólendi, hálfdeigja og votlendi. Sandfell (876 m) liggur norðaustan til á svæðinu og er það lítt gróið.

---

[406] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

### 6.5.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(8), er almennt byggt á því að landnám og lög séu frumstofnunarhættir beins eignarréttar. Grundvöllur að beinum eignarrétti hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalausum svæðum fjölgað með tímanum. Heimildir um landnám á svæðinu bendi ekki til að stofnast hafi til beins eignarréttar að Jökuldalsheiði fyrir nám. Vísað er til dóma Hæstaréttar varðandi Gilsá, frá 21.1.1999, máli nr. 171/1998, og Víðirhóla frá 17.2.2000 í máli nr. 368/1999, en þar virðist vera komist að sömu niðurstöðu um landnám. Vísað er til þess að samkvæmt *Jónsbók* hafi bæði verið heimilt að byggja sel í almenningum og eignarlandi. Upplýsingar um seljabúskap komi því ekki að notum við mat á eignarréttarlegri stöðu svæðisins. Byggt er á Ferðabók Eggerts og Bjarna frá 18. öld en þar komi fram að heiðin milli Jökuldals og Möðrudals liggi notalaus vegna fjarlægðar frá byggð. Vísað er til þess að á tíma nýbýlatilskipunarinnar hafi ekki verið gerður greinarmunur á afréttum og almenningum. Hafi Háreksstaðir verið fornbýli hafi það verið almenningur samkvæmt ákvæðum nýbýlatilskipunarinnar. Hafi það því aldrei getað verið eign eiganda Skjöldólfsstaða nema hann hafi getað sannað rétt sinn til þess með löglegum eignarheimildum sem hann hafi ekki getað. Einnig sé ljóst að ekki hafi verið hægt að taka til greina kröfu Háreksstaðabónda um eignarrétt á grundvelli 11. gr. nýbýlatilskipunarinnar þar sem ekki hafi verið uppfyllt skilyrði greinarinnar. Af dómsmálunum um Háreksstaði sé ljóst að engar sannanir hafi verið færðar fram fyrir eignartilkalli Skjöldólfsstaða að landi Háreksstaða. Vísað er til þess að dómsmálin hafi ekki fjallað um landsrétt heldur um afgjald til handa eiganda Skjöldólfsstaða. Ljóst sé af nýbýlatilskipuninni að beinn eignarréttur að landi hafi ekki verið skilyrði þess að landskuld yrði dæmd. Byggt er á því að eftir að heiðarbyggðin hafi lagst af virðist landnot af heiðinni einungis hafa verið beitarafnot og veiði en það einkenni þau lönd sem nú eru kölluð þjóðlendur.

Af hálfu íslenska ríkisins er jafnframt byggt á því að heimildir um fjallskil á Jökuldalsheiði bendi til afréttarsmölunar en það sé eitt þeirra atriða sem Hæstiréttur hafi lagt til grundvallar niðurstöðu sinni í svonefndum Gilsárdómi. Þá er því mótmælt að dómur héraðsdóms Austurlands í máli nr. E 46/1996 leiði til þess að Háreksstaðir verði taldir eignarland. Enginn hafi mætt til að mótmæla kröfum stefnanda um eignarrétt á grundvelli hefðar vegna þess að þjóðlendulög höfðu ekki tekið gildi. Það hafi ekki verið fyrr en við gildistöku laganna sem íslenska ríkið hefði getað átt aðild að máli sem þessu. Þá hafi ekki verið krafist eignarréttar að neinu tilteknu landi þar sem hafi verið stuðst við neina merkjalýsingu. Loks er vísað til þess hefð sé framsal eignarréttinda en ekki frumstofnun. Þannig hafi ekki verið hægt að hefða land Háreksstaða hafi landið verið þjóðlenda.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl nr. 17 og 17(4), er því haldið fram að land jarðarinnar sé innan landnáms Hákonar sem numið hafi Jökuldal allan fyrir vestan Jökulsá og ofan Teigarár. Því er mótmælt að óljósar lýsingar *Landnámu* geti orðið til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi verði dregin í efa. Vísað er til þess að Háreksstaðir séu byggðir úr landi Skjöldólfsstaða en af vitnisburði frá árinu 1532 sé augljóst að merki Möðrudals og Skjöldólfsstaða hafi legið saman. Þá er einnig vísað til máldaga Hofteigskirkju frá árinu 1454, máldaga Möðrudals frá 1493 og kaupbréfs Bustarfells frá 1532. Byggt er á niðurstöðum sýslumanns, landsyfirréttar og Hæstaréttar Danmerkur í svokölluðum Háreksstaðamálum. Málin hafi snúist um beinan eignarrétt að jörðinni og niðurstaðan hafi verið sú að nægjanlega sannað væri að Háreksstaðir hafi heyrt undir Skjöldólfsstaði. Mótmælt er þeim málatilbúnaði íslenska ríkisins að nýbýlatilskipunin hafi verið grundvöllur stofnunar nýbýla í Jökuldalsheiði, enda hafi nýbyggjarar farið fram á réttindi samkvæmt tilskipuninni árið 1849 þegar flest býlanna höfðu verið byggð um langa hríð. Bygging þessara afbýla hafi þannig augljóslega farið fram með leyfi landeigenda.

Af hálfu gagnaðila er einnig byggt á landamerkjabréfi Skjöldólfsstaða frá 1884 og landmerkjabréfi fyrir Skjöldólfsstaði og Háreksstaði frá 1921 en það bréf sé meðal annars samþykkt af hreppstjóra Jökuldalshrepps. Vísað er til landbrigðaþáttar *Grágásar* og landbrigðabálks *Jónsbókar* um merkjagöngur. Merkjalýsingar hafi sjaldan verið að finna í kaupbréfum en haldið gildi sínu enda þótt þær hefðu aðeins varðveist í munnlegri geymd. Með setningu landamerkjalaga, nr. 5/1882 og nr. 41/1919, hafi stjórnvöld átt frumkvæði að því að gengið yrði frá landamerkjum og leyst úr ágreiningi, væri hann fyrir hendi. Byggt er á því að lýsingum landamerkjabréfa verði ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um inntak eignarréttar á landi hvíli þannig á íslenska ríkinu. Þá er vísað til svarbréfs hreppstjóra Jökuldalshrepps, dags. 3. júní 1920, um að ekki séu í hreppnum nokkur þau afréttarlönd eða almenningar sem sannanlega tilheyri ekki einhverju lögbýli. Byggt er á niðurstöðu héraðsdóms Austurlands í máli nr. E 46/1996 í eignardómsmáli Háreksstaða. Engu skipti þótt íslenska ríkið hafi ekki verið aðili að málinu því að skorað hafi verið á hvern þann er til réttinda gæti talið að gerast aðili að málinu en íslenska ríkið hafi látið það undir höfuð leggjast. Þá er byggt á því að eigandi Háreksstaða hafi fengið greiddar eignarnámsbætur frá Vegagerðinni án fyrirvara vegna lagningar Háreksstaðavegar. Eigandi Háreksstaða hafi fengið svokallað felligjald af hreindýrum sem felld hafi verið innan landamerkja jarðarinnar og hann tekið greiðslu fyrir fjallagrasatínslu í landinu. Íslenska ríkið hafi með því og öðrum athöfnum sínum vakið hjá eiganda jarðarinnar réttmætar væntingar til þess að land innan lýstra merkja sé undirorpið beinum eignarrétti. Byggt er á því að eignarrétturinn sé friðhelgur, sbr. 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. 1. samningsviðauka laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, auk þess sem

vísað er í ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1997. Loks er vísað til þess að skilyrði hefðar séu fyrir hendi.

### 6.5.3. Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Skjöldólfsstaða er rakin í kafla 5.10. Þar kemur fram að Skjöldólfsstaða er fyrst getið í *Landnámu* en síðar í heimildum allt frá miðri 16. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.[407] Svo sem fram kemur í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámu* hversu langt upp til fjalla og inn til lands landnám í Jökuldal náði. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja fremur líklegt að landsvæði að sem hér um ræðir sé a.m.k. að hluta innan þess. Einnig ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja á Jökuldal, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 31.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Skjöldólfsstaða ásamt Háreksstöðum er lýst í landamerkjabréfum. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja þar að. Athugun þessi tekur fyrst og fremst til þeirra merkja sem liggja innan og gagnvart kröfusvæði íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu ágreiningssvæðisins.

Landamerkjum Skjöldólfsstaða er fyrst lýst heildstætt í vitnisburðum fyrir aukarétti á Fossvöllum 7. september 1844, þegar deilt var um rétt til Háreksstaða. Þá er landamerkjum Skjöldólfsstaða ásamt Háreksstöðum lýst í landamerkjabréfi, dags. 24. október 1921 og þingl. 27. júlí 1922. Auk þessa er landamerkjum Skjöldólfsstaða lýst í ódagsettu landmerkjabréfi, þingl. 21. júní 1884, sem ekki tekur til Háreksstaða. Þá er landamerkjum Háreksstaða lýst í áreiðar- og skoðunargjörð, dags. 2. september 1854. Nokkur fjöldi gagna á rætur að rekja til deilna um afmörkun Steinvarartungu, Mela og Háreksstaða.

Verður þá fyrst litið til suðurmerkja gagnvart Arnórsstöðum og Ármótaseli. Samkvæmt landamerkjabréfi Skjöldólfsstaða og Háreksstaða frá 1921 eru merkin að „vestan úr Gilsárós í 9. Gilsárbug niður af fremra Skjaldklofahorni, þaðan í fremra Skjaldklofahorn, þaðan beint í Eyktagnýpu“. Landamerkjabréf Skjöldólfsstaða frá 1884, sem ekki tekur til Háreksstaða, er í samræmi við þessa lýsingu svo langt sem hún nær. Landamerkjabréfin eru hvorki árituð vegna Arnórsstaða né Ármótasels. Landamerkjabréf Arnórsstaða, dags. 24. október 1921 og þingl. 27. júlí 1922, er í samræmi við landamerkjabréf Skjöldólfsstaða og Háreksstaða frá 1921 og er undirritað vegna þeirra. Þá er landamerkjabréf Ármótasels orðrétt í samræmi við landamerkjabréf Skjöldólfsstaða og Háreksstaða frá 1921 og lýsir merkjum allt vestur í Eyktarnýpu. Bréfið er áritað vegna Skjöldólfsstaða. Ármótasel er byggt úr landi Arnórsstaða, svo sem má m.a. ráða af máldaga Hofskirkju frá 1454. Merkjalýsing

[407] Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

máldagans er í samræmi við yngri heimildir en samkvæmt honum eru norðurmerki Arnórsstaða miðuð við „Gilsá. oc vr siöunda Gylsárbug. oc i Skialldklofa. og so j ósinn. sem lönguhlijdar lækur kemur i önnur vötn. oc so i Eyktarnipa“. Vitnisburðir sex manna fyrir aukarétti Fossvalla 7. september 1844 voru efnislega á sama veg. Loks segir í skoðunargjörð fyrir Háreksstaði, dags. 2. september 1854, að sunnan ráði „Arnórsstada land ad framan allt vestur ad Mödrudals landamerkjum“.

Vesturmerki Háreksstaða eru gagnvart Gestreiðarstöðum og Möðrudal. Í landamerkjabréfi Skjöldólfsstaða og Háreksstaða frá 1921 er merkjum ekki lokað að vestan. Hins vegar er merkjum að norðan lýst í þriðja bug Hofsár og að sunnan í Eyktarnýpu. Landamerkjabréfið er hvorki áritað vegna Gestreiðarstaða né Möðrudals. Landamerkjabréfið samræmist útmælingargjörð Háreksstaða, dags. 2. september 1854, en þar segir að vesturmerkin ráðist af mörkum Möðrudals frá Arnórsstöðum að ármótum Háreksstaða- og Gestreiðarstaðakvíslar. Í landamerkjabréfi Möðrudals með hjáleigunum Lóni, Gestreiðarstöðum og Fögrukinn, dags. 20. mars 1884, eru austurmerki jarðarinnar, miðuð við „ Hofsá suður að „Háreksstaðakvísl“, þá „Þrívörður“ á hálsinum milli Háreksstaða og Gestreiðarstaða, og síðan Þrí varðna háls, svo í mitt „Sænautavatn“.“ Landamerkjabréfið er ekki áritað vegna Háreksstaða.

Í landamerkjabréfi Skjöldólfsstaða og Háreksstaða frá 1921 virðast merkjum lýst nokkru lengra til vesturs en ráða má af lýsingu á austurmörkum í landamerkjabréfi Möðrudals með hjáleigum 1884. Það kann að skýrast af því að í millitíðinni féll dómur aukaréttar um merki milli Bustarfells og Möðrudals. Niðurstaða dómsins var að merkin væru „sjónhending úr ós lækjar þess, er fellur í Hólkná undan Súlendum á Möðrudalsvegi, yfir austanvert Stóralækjarvatn í Eyktargnýpu, er stendur fremst og syðst á öxlum þeim, er liggja inn og vestur frá Gestreiðarstöðum“. Samkvæmt þessum dómi átti Bustarfell land milli Háreksstaða og Möðrudals. Með afsali, dags. 13. júlí 1894, seldi eigandi Bustarfells eiganda Skjöldólfsstaða hluta af þessu landi og sagði að „hjereptir [skyldi] áðurnefnd Gestreiðarstaðakvísl vera einustu landamerki milli jarðanna Bustarfells í Vopnafirði, og Skjöldulfsstaða á Jökuldal, svo lengi, sem hún fellur í þeim sama farvegi, er nú fellur hún, og allt land austan hennar“.

Þrátt fyrir þetta benda aðrar heimildir til að landamerki Möðrudals og Skjöldólfsstaða (síðar Háreksstaða) hafi náð saman. Í vitnisburði um merki Möðrudals frá 6. desember 1532 segir að austurmerki jarðarinnar séu „ad þeim læk sem fellur undan Sulundum ofan i Haulkná. sem rided er ofan i Vopnafiaurd. ok svo langt austur i heidina under þrivardna háls a Skioldolfstada veg. ok halft Seningarvatn“. Sérstaklega var tekið fram að Skjöldólfsstaðamenn væru ósáttir við merkjalýsinguna. Í vitnisburðum sex manna fyrir aukarétti að Fossvöllum, dags. 7. september 1844, kom einnig fram að þeir töldu að landamerki Skjöldólfsstaða og Möðrudals hefðu legið saman.

Verður þá litið til norðurmerkja Skjöldólfsstaða og Háreksstaða gagnvart landsvæðum í Vopnafjarðarhreppi. Samkvæmt landamerkjabréfi Skjöldólfsstaða og Háreksstaða frá 1921 eru merkin að norðan „Helluhraunsöxl, þaðan norðvestur í syðri Geldingalæk, þaðan sjónhending í Kolfinnulind á Sauðardal og í Brunahorn og í 3. bug Hofsár". Bréfið var undirritað vegna Hofs í Vopnafjarðarhreppi. Landamerkjabréf Skjöldólfsstaða frá 1884 er í samræmi við þessa lýsingu svo langt sem hún nær en þar segir að mörkin séu „Hellisöxl og þaðan í Geldingalæk, sem rennur úr Geldingavatni í Tunguá". Bréfið er ekki áritað vegna landsvæða í Vopnafjarðarhreppi.

Framangreindar merkjalýsingar skarast á við landamerkjabréf Hraunfells og Einarsstaða í Vopnafirði. Í landamerkjabréfi Hraunfells, ódags. en þingl. 14. júlí 1885, segir að merki jarðarinnar séu „Þverlækur meðan endist, þaðan þvert inn í Pyttá, síðan upp með Pyttá í Sandfell, þaðan þvert út í Þórðará". Í landamerkjabréfi Einarsstaða, ódags. en þingl. 14. júlí 1885, er merkjum lýst í Þverlæk meðan hann endist en þegar hann þrýtur ræður bein lína inn í „Pyttá" og svo ræður „Pyttá" í Tungná. Hvorugt bréfið er áritað vegna Skjöldólfsstaða. Merkjalýsing í afsali Bustarfells frá 1532 bendir til að Einarsstaðir og Hraunfell hafi tilheyrt þeirri jörð. Merkjum Bustarfells er þar ekki lýst í Pyttá heldur „austur j þordaraa og suo fram j helluskard. þadan og j tungaa ofan med anne". Merkjalýsingin er þannig í samræmi við landamerkjabréf Skjöldólfsstaða.

Vestan við Einarsstaði eiga Skjöldólfsstaðir merki gagnvart Steinvartungu sem tilheyrir Hofskirkju. Samkvæmt landamerkjabréfi fyrir Steinvarartungu, dags. 24. febrúar 1886 og þingl. 11. júní 1886, eru suðurmerki hennar þar sem Syðri-Geldingalækur fellur í Tungná og þaðan „sjónhending í Kolfinnulind á Sauðárdal og í Brunahorn og í þriðja bug í Hofsá". Landamerkjabréfið er undirritað vegna Háreksstaða. Nýtt landamerkjabréf var gert fyrir Steinvarartungu í ágúst sama ár og er nær samhljóða eldra landamerkjabréfinu. Þessi bréf eru í samræmi við afmörkun Steinvarartungu í lögfestum Hofs frá 1785 og samrýmast vitnisburðum þriggja vitna við aukarétt Norður-Múlasýslu hinn 7. september 1844 um mörk Skjöldólfsstaða og Hofskirkju. Þá eru merkin í samræmi við álit átta manna um suðurmerki Hofskirkju 1858 en tilefnið var málarekstur um heiðarbýlið Mela.

Í máli þessu, sbr. og mál 3/2005 hjá óbyggðanefnd, hefur komið upp ágreiningur milli umræddra aðila um staðsetningu þeirra kennileita sem heimildir greina frá á mörkum Háreksstaða og Steinvarartungu. Sá ágreiningur lýtur fyrst og fremst að staðsetningu 3. bugs á Hofsá, svo sem sjá má af því hvernig aðilar draga kröfulínur sínar á kort. Sunnanvert kröfusvæði Steinvarartungu og Mela skarast þannig við kröfusvæði Háreksstaða.

Jóni Sölvasyni var útvísað landi Háreksstaða með útmælingargjörð, dags. 2. september 1854, að geymdum rétti eiganda Skjöldólfsstaða. Þar er afmarkað landsvæði sem nær að norðan frá „ármótum Háreksstada- og Gestreidarstadakvíslar austur beint í Saudafell, þadan sömu stefnu í Skálafell". Í útmælingu Mela, dags. 22.

ágúst 1857, var suðurmerkjum lýst með sama hætti og norðurmerkjum Háreksstaða í útmælingargerðinni. Taldi eigandi Skjöldólfsstaða að Melar væru að hluta byggðir úr Skjöldólfsstöðum. Byggingarbréf vegna Háreksstaða var gefið út 14. október 1854. Um greiðslu landskuldar ábúanda Háreksstaða til eiganda Skjöldólfsstaða stóðu mikil málaferli um miðja 19. öld sem enduðu með dómi Hæstaréttar Danmerkur 10. janúar 1868. Niðurstaða dómsins var sú að ábúandinn á Háreksstöðum skyldi greiða landskuld af nýbýlinu eða að öðrum kosti víkja af jörðinni. Í forsendum dómsins sagði m.a. að:

> Eigi aðeins hinir ýmsu íbúar héraðsins, er sóknaraðili hefir leitt sem vitni, heldur og einnig flestöll þau vitni, er varnaraðli hefir leitt, hafa skýrt svo frá, að þau jafnan hafi heyrt að jörðin Háreksstaðir væri talin með Skjöldúlfsstöðum [...] varnaraðilar annarsvegar eigi hafa tilfært nein rök, er gjöri það sennilegt, að Háreksstaði eigi beri að telja með Skjöldúlfsstöðum

Norðurmörk Háreksstaða, samkvæmt útmælingargjörðinni frá 1854, liggja úr ármótum Háreksstaða og Gestreiðarstaðakvíslar „austur beint í Saudafell, þadan sömu stefnu í Skálafell". Norðan þeirrar línu en sunnan afréttarlandsins Steinvarartungu í Vopnafirði er þannig land sem er utan merkja Háreksstaða en innan sameiginlegra merkja Skjöldólfsstaða og Háreksstaða samkvæmt landamerkjabréfinu frá 1921. Með útmælingargjörð, dags. 22. ágúst 1857, var heiðarbýlinu Melum útvísað landi norðan Háreksstaða og kom fram að hluti Mela væri byggður úr Skjöldólfsstöðum. Voru suðurmerki Mela miðuð við ármót „Háreksstaða- og Gestreiðarstaða-kvíslar austur beint í Sauðafell, þaðan sömu stefnu á Skálafell beint austur að Sauðá". Fylgja þannig suðurmörk Mela norðurmörkum Háreksstaða þar til komið er austur að Sauðá.

Í dómi aukaréttar Norður-Múlasýslu 5. október 1858 var fjallað um kröfu Halldórs Jónssonar, prófastsins á Hofi, til þess að Jón Guðmundsson, bóndi á Melum, yrði dæmdur til að víkja af ábýlisjörð sinni, skila bæjarhúsum og borga til þess tíma landskuld. Í forsendum dómsins kom fram að Melar væru „sumpart [álitnir] eign Hofs-kirkju og sumpart byggð sækjanda af eiganda Skjöldólfsstaða á Jökuldal". Rennir dómurinn enn frekari stoðum undir það að Melar hafi verið innan Skjöldólfsstaða að hluta. Með hliðsjón af því og öðrum eldri heimildum um merki Skjöldólfsstaða telur óbyggðanefnd líkur á að landsvæðið norðan Háreksstaða en sunnan Steinvarartungu hafi verið innan afmörkunar Skjöldólfsstaðalands fyrir gerð landamerkjabréfsins 1921.

Verður þá litið til austurmerkja Skjöldólfsstaða gagnvart Hjarðarhaga. Samkvæmt landamerkjabréfi Skjöldólfsstaða frá 1884 eru merki að austan í „Jökulsá í yztu Rjúkindárfoss, þaðan réttlínis í fremstu Klauf á Sandfelli, þaðan í Hellisöxl". Þessum merkjum er lýst með sama hætti í landamerkjabréfi Skjöldólfsstaða og Háreksstaða frá 1921. Bæði bréfin eru áritað vegna Hjarðarhaga. Samkvæmt landamerkjabréfi Hjarðarhaga, dags. 19. júní 1884 og þingl. 21. júní 1884, eru merki jarðarinnar að vestan „að framan úr Jökulsá í yzta Rjúkindarfoss, þaðan réttlínis í

fremstu Klauf á Sandfelli." Í yngra landamerkjabréfi Hjarðarhaga, dags. 24. október 1921 og þingl. 27. október 1921, er merkjum lýst með sama hætti að því undanskildu að norðurmerkjum er þar sérstaklega lýst og þau sögð ráðast af Miðheiði. Bæði bréfin eru árituð vegna Skjöldólfsstaða.

Af framansögðu er ljóst að landamerkjabréf Skjöldólfsstaða og Háreksstaða frá 1921 fær samræmst eldri heimildum um merki. Landamerkjabréf Skjöldólfsstaða frá 1884 tekur hins vegar ekki til lands norðan Háreksstaða sem þó tilheyrði samkvæmt eldri heimildum. Þá liggur einnig fyrir að merkjalýsingar heiðarbýlisins Mela og jarðanna Einarsstaða og Hraunfells í Vopnafirði taka að hluta til þess lands sem afmarkað er í greindu landamerkjabréfi frá 1921. Það land Einarsstaða og Hraunfells sem skarast á við land Skjöldólfsstaða samkvæmt landamerkjabréfum jarðanna er hins vegar utan ágreiningssvæðis í máli þessu.

Í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882 var gert landamerkjabréf fyrir Skjöldólfsstaði. Við gildistöku nýrra landamerkjalaga 1919 var gert nýtt landamerkjabréf fyrir jörðina sem einnig tók til Háreksstaða og landsvæðis norðan þeirra. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en merkjum sé þar rétt lýst. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði liggur að sveitarfélagamörkum að norðan. Landamerkjabréf Skjöldólfsstaða og Háreksstaða er áritað af fyrirsvarsmönnum jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Þetta bendir til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að jarðeigendur hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um þýðingu landamerkjabréfa almennt fyrir jarðir við mat á sönnun um eignarhald að landi vísast til þess sem rakið er í kafla 6.1.1.

Hér ber þess fyrst að geta að fyrir liggur hæstaréttardómur sem þýðingu getur haft fyrir hið eignarréttarlega mat. Er sérstaklega vísað til dómsins af ríkisins hálfu en um er að ræða dóm Hæstaréttar frá 21. janúar 1999 sem birtur er í dómasafni þess árs á bls. 111. Í því máli var maður sýknaður af ákæru fyrir að hafa verið við rjúpnaveiðar án leyfis eiganda jarðarinnar Skjöldólfsstaða. Var maðurinn á veiðum í hlíðum Skjöldólfsstaðahnjúks, austan Gilsár, í 500–600 metra hæð. Óumdeilt var að hann var innan merkja jarðarinnar eins og þeim er lýst í landamerkjabréfi. Í forsendum dómsins er m.a. vísað til þess að landið sé hátt yfir sjó og ekki njóti við eldra lýsinga á landamerkjum en landamerkjabréfsins frá 1884.

Við mat á þýðingu dómsins er til þess að líta að framangreindur dómur fjallar um sekt eða sýknu í refsimáli. Hann felur ekki í sér efnislega niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins og er því ekki formlega bindandi fyrir það mál sem hér um ræðir. Að því er varðar þau rök sem leiddu til sýknu í málinu ber í fyrsta lagi að skoða þau í ljósi þeirrar meginreglu refsiréttar að vafa beri að meta ákærða í

hag. Í þessu máli nægði vafi um beinan eignarrétt til sýknu. Í öðru lagi höfðu dómstólar á þessum tíma ekki tekið óyggjandi afstöðu til þess að einkarétti hvernig mörk jarðar gagnvart öðrum landsvæðum, fyrst og fremst óbyggðum, skyldu afmörkuð. Er því eðlilegt að í refsimálum hafi verið talinn vafi á ferðum. Nú hefur sú breyting hins vegar orðið á að Hæstiréttur hefur tekið þá skýru afstöðu að landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða en landamerkjabréf fyrir önnur landsvæði en meta verði þó hvert og eitt landamerkjabréf, m.a. út frá eldri merkjalýsingum, staðháttum, gróðurfari og nýtingu. Nægir þar að nefna dóm Hæstaréttar í máli nr. 48 frá árinu 2004 (Biskupstungnadómur). Jafnframt hafa nú komið fram ný gögn, nánar tiltekið útmælingargjörð Mela, dags. 22. ágúst 1857, og vitnisburðir fyrir aukarétti á Fossvöllum 7. september 1884 sem styðja merkjalýsingu landamerkjabréfs Skjöldólfsstaða. Loks er sönnunarmat hér annað en í refsimáli.

Í tilvitnuðum dómi var í forsendum nánar tiltekið byggt á eftirtöldum fimm atriðum öðrum fremur þegar sýknað var: 1) Ekki hefði verið sýnt fram á upphaflegt landnám; 2) hæð yfir sjávarmáli og staðhættir mæltu gegn beinum eignarrétti; 3) um einhæf not til sumarbeitar hafi verið að ræða; 4) fjallskil á heiðarlöndum á Jökuldal hafi verið í höndum fjallskilastjórnar og heiðarnar smalaðir í samvinnu bænda; 5) ekki nyti við eldri heimilda um landamerki Skjöldólfsstaða en landamerkjabréfsins frá 1884.

Um þýðingu fyrri atriðanna þriggja, þ.e. landnáms, staðhátta og nytja af landinu, vísast til almennrar umfjöllunar um vægi slíkra, sbr. almennar forsendur óbyggðanefndar, niðurstöður Hæstaréttar í svokölluðum þjóðlendumálum, sem og sérstaka útlistun þessara atriða í þessu máli. Verða þau ein og sér ekki talin leiða til þess að sönnur bresti fyrir beinum eignarrétti innan marka jarðarinnar, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi Skjöldólfsstaða frá 1884.

Að öllu þessu virtu og því sérstaklega áréttuðu að um einkamál er að ræða og breytta sönnunarstöðu og sönnunarmat frá því sem var í tilvitnuðum refsidómi frá árinu 1998 verður að hafna þeim rökum íslenska ríkisins að af umræddum dómi leiði að land Skjöldólfsstaða hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Að því er varðar eignarréttarlega stöðu Háreksstaða sérstaklega telur óbyggðanefnd, með vísan til þess sem að framan greinir, að þeir hafi stöðu jarðar að lögum, sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar og dóm Héraðsdóms Austurlands frá 10. maí 1996 í máli nr. E-43/1995.[408] Heimildir um beitarnot verða fremur taldar vísa til notkunar viðkomandi landsvæðis en eignarréttarlegrar stöðu þess.[409] Staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar verða ekki taldir hafa úrslitaáhrif í þessu sambandi. Af hálfu gagnaðila, eigenda Háreksstaða, hefur sérstaklega verið vísað til eignardóms.

---

[408] Sbr. umfjöllun um jarðir og afrétti í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).
[409] Sbr. umfjöllun um jarðir og afrétti í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Ekki eru heimildir um annað en jarðirnar Skjöldólfsstaðir og Háreksstaðir hafi verið byggðar og nýttar eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1884 og 1921 hafa eigendur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Heiðin hefur þar ekki verið undanskilin enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Skjöldólfsstaða og Háreksstaða sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[410]

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Skjöldólfsstaða og Háreksstaða, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.6. Landsvæði norðan Þjóðfells (Möðrudalur og Víðidalur)

### 6.6.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem ábúandi ríkisjarðarinnar Möðrudals gerir kröfu til að talinn verði eignarland þeirrar jarðar og háð nýtingarrétti hans í samræmi við ábúðarsamning. Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá gróf þeirri er fellur í Hölkná framanvert við Súlendur (en sá punktur er jafnframt hornmark Kinnar (Fögrukinnar)), beint vestur á Þjóðfell, frá Þjóðfelli að upptökum Skarðsár í Langadal og þaðan beint í Svartfell á sýslumörkum. Sá punktur er jafnframt hornpunktur við Grímsstaði. Samkvæmt þessari kröfugerð er landsvæði sem afmarkast af þessari kröfulínu og í norður og norðaustur að sveitarfélagamörkum við Vopnafjarðarhrepp innan þjóðlendu en vestan línunnar sem dregin er frá upptökum Skarðsár í Langadal í Svartfell á Dimmufjallgarðsvegi er jörðin Víðidalur.

Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1.3. og kröfum gagnaðila í kafla 3.4.

Að því landsvæði sem hér er til umfjöllunar og liggur norðan Þjóðfells er óumdeilt eignarland Möðrudals til suðurs og Víðidals, norðan Möðrudals, til vesturs. Til norðurs er ágreiningssvæði í máli nr. 4/2005 hjá óbyggðanefnd og til austurs ágreiningssvæði í máli nr. 3/2005 hjá óbyggðanefnd.

### 6.6.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(8), er almennt byggt á því að landnám og lög séu frumstofnunarhættir beins eignarréttar. Grundvöllur að beinum eignarrétti

[410] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalausum svæðum fjölgað með tímanum. Heimildir um landnám á svæðinu bendi ekki til að stofnast hafi til beins eignarréttar að Jökuldalsheiði fyrir nám. Vísað er til dóma Hæstaréttar varðandi Gilsá, frá 21.1.1999, í máli nr. 171/1998, og Víðirhóla frá 17.2.2000, í máli nr. 368/1999, en þar sýnist Hæstiréttur komast að þeirri niðurstöðu að landsvæðið hafi ekki verið numið. Vísað er til þess að samkvæmt *Jónsbók* hafi bæði verið heimilt að byggja sel í almenningum og eignarlandi. Upplýsingar um seljabúskap komi því ekki að notum við mat á eignarréttarlegri stöðu svæðisins. Byggt er á Ferðabók Eggerts og Bjarna frá 18. öld en þar komi fram að heiðin milli Jökuldals og Möðrudals liggi notalaus vegna fjarlægðar frá byggð. Vísað er til þess að á tíma nýbýlatilskipunarinnar hafi ekki verið gerður greinarmunur á afréttum og almenningum. Jafnframt er byggt á því að heimildir um fjallskil á Jökuldalsheiði bendi til afréttarsmölunar en það sé eitt þeirra atriða sem Hæstiréttur hafi lagt til grundvallar niðurstöðu sinni í svonefndum Gilsárdómi.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl nr. 15 og 15(1), er vísað til landamerkjabréfa og annarra skráðra eignarheimilda fyrir þessari jörð, fornum og nýjum, og einnig þinglýstra landamerkjabréfa aðliggjandi jarða. Land Möðrudals á Fjöllum falli innan landnáms Hákonar sem numið hafi land vestan Jökulsár og ofan Teigarár. Því er mótmælt að óljósar lýsingar *Landnámu* geti orðið til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðarinnar verði dregin í efa. Því sé slegið föstu í kröfulýsingu ríkisins að Möðrudalur sé landnámsjörð enda þótt hennar sé ekki getið í *Landnámu*. Ábúendur telja að land Möðrudals sé innan landnáms Hákonar og enn fremur að ef nota eigi *Landnámu* sem heimild um landnám sé nær að nota það sem í henni standi fremur en það sem ekki standi þar. Í kröfulýsingu ríkisins segi að núverandi land Möðrudals og Víðidals sé flokkað sem eignarland. Telji ábúandi þess vegna að þjóðlendukrafa ríkisins innan landamerkja þeirra sé á misskilningi byggð.

### 6.6.3. Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar jarðarinnar Möðrudals er rakin í kafla 5.13. Þar kemur m.a. fram að Víðidalur var upphaflega byggður sem hjáleiga frá Möðrudal en varð sjálfstætt býli með afmörkuðu landi seint á 19. öld.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Möðrudals og Víðidals er lýst í fyrirliggjandi heimildum. Um Möðrudal er fjallað í fjölmörgum vísitasíum og lögfestum allt frá 1397 en sameiginlegt er með þeim öllum að ekki er fjallað um það svæði sem til athugunar er í máli þessu.

Fyrsta formlega landamerkjabréfið sem gert er eftir gildistöku landamerkjalaganna árið 1882 er dagsett 20. mars 1884. Þar eru rakin mörk jarðarinnar og segir þar: „Að norðanverðu ræður merkjum austan við Fjallgarða, lækur sá sem rennur undan „Súlendum“ ofan í krókinn á „Hölkná“.“ Síðan eru rakin mörk jarðarinnar að

austan og sunnan og síðan segir: „Að vestan ræður „Jökulsá“ Þangað sem „Skarðsá“ fellur í hana. Að norðanverðu vestan „Fjallgarðs“ ræður Skarðsá milli Möðrudals og Víðidals.“ Landamerkjabréf þetta er undirritað af þáverandi eiganda Möðrudals, Stefáni Einarssyni, en er ekki áritað af hálfu eigenda aðliggjandi jarða.

Aftur er gert landamerkjabréf fyrir Möðrudal, er það ódagsett, en þinglýst 25. júlí 1923. Það er undirritað af Jóni A. Stefánssyni, Möðrudal, og áritað af eigendum eftirtalinna aðliggjandi landsvæða: Reykjahlíð, Brú, Grunnavatni, Heiðarseli, Gestreiðastöðum, Kinn, Víðidal og Rangalóni. Í bréfi þessu er norðurmerkjum jarðarinnar þannig lýst. Úr gróf þeirri er fellur í Hölkná beint vestur á Þjóðfell, þaðan að upptökum Skarðsár í Langadal og niður með Skarðsá ofan fyrir Sandfell, þangað sem Sandfellslind fellur í hana og þaðan beint í fremsta höfða Lambafjalla og ræður Jökulsá að vestan.

Minnst er á landamerki jarðarinnar í fasteignamati 1916–1918, en ekki er þar að neinu getið þess svæðis sem hér er til umfjöllunar

Landamerkjabréfi fyrir Víðidal var þinglýst 24. júlí 1922. Bréfið er ódagsett en er undirritað af eigendum Víðidals, Grímsstaða og Möðrudals. Í bréfinu segir svo: „Að vestan ræður Jökulsá frá Skarðsárós suður að Syðsta-höfða-horni í Lambafjöllum, þaðan bein lína í lind í Sandsfells lindum, þar sem hún fellur í Skarðsá að upptökum sínum, þaðan bein lína í Svartfell á Dimmafjallgarðsvegi og úr Svartfelli bein lína í Skarðsárós“.

Nýtt landamerkjabréf er gert fyrir Víðidal 14. júní 1923. Það er undirritað af hálfu sömu aðila og undirrituðu fyrra bréfið og er því þinglýst 25. júlí 1923 og hljóðar það þannig: „Að vestan Jökulsá frá Skarðsárós að syðsta höfða horni í Lambafjöllum, þaðan bein lína í lind í Sandsfells lindum þar sem hún fellur í Skarðsá ræður svo Skarðsá að upptökum sínum þaðan bein lína í Svartfell á Dimmafjallgarðsvegi og úr Svartfelli bein lína í sýsluskiptavörðuna á Biskupshálsi þaðan bein lína Skarðsárós. “

Ljóst er að þessi nýja landamerkjalýsing hefur verið gerð til að loka merkjalýsingunni með línunni sem dregin er úr Svartfelli í vörðuna á Biskupshálsi.

Minnst er á landamerki jarðarinnar í fasteignamati 1916–1918, og segir þar að landamerki séu ekki innfærð í landamerkjabók en jarðeigandi tilgreini þau þannig: „Úr Skarðsárósi við Jökulsá beina línu í sýsluskiptavörðu á Biskupshálsi þaðan út að Dimmafjallgarðsvegi, austur með honum austur að fremri Hrútá og niður með henni í Selá. Svo ræður Skarðsá merkjum milli Víðidals og Möðrudals.“

Í bókinni *Göngur og réttir* er fjallað um fyrirkomulag leita fyrir og eftir 1950. Segir þar að eftir 1950 smali Möðrudalsbóndi land sitt sjálfur og hafi svo verið eins lengi og menn muni, og sama gildi um Víðidal. Menn frá þessum bæjum eru því ekki skipaðir í aðrar göngur.

Að mati eiganda jarðarinnar Möðrudals, íslenska ríkisins, er þjóðlendu kröfulínan dregin eftir mörkum jarðarinnar eins og þau eru ákvörðuð eftir landamerkjabréfum jarðarinnar. Elsta bréfið frá 1884 fjallar um mörkin að

norðanverðu þannig að þau séu úr Jökulsá, þar sem Skarðsá fellur í hana, og síðan ráði hún milli Möðrudals og Víðidals. Þar er einnig hornmark jarðarinnar að austan tilgreint sem Hölknárkrókur.

Í landamerkjabréfinu, sem þinglýst var 25. júlí 1923, er norðurmörkum Möðrudals lýst þannig: „Úr gróf þeirri er fellur í Hölkná beint vestur á Þjóðfell, þaðan að upptökum Skarðsár í Langadal og niður með Skarðsá ofan fyrir Sandfell, þangað sem Sandfellslind fellur í hana og þaðan beint í fremsta höfða Lambafjalla og ræður Jökulsá að vestan.“ Eldri landamerkjalýsingin fellur, svo langt sem hún nær, að þessari síðari lýsingu.

Elsta lýsing á mörkum Víðidals er einhliða yfirlýsing eiganda jarðarinnar við gerð fasteignamatsins 1916–1918. Sú lýsing er ekki staðfest af aðliggjandi jörðum en í henni segir um norðurmörk Víðidals að þau liggi úr sýsluskiptavörðu á Biskupshálsi, þaðan út að Dimmafjallgarðsvegi, austur með honum austur að fremri Hrútá og niður með henni í Selá. En um suðurmörkin gagnvart Möðrudal segir: „Svo ræður Skarðsá merkjum milli Víðidals og Möðrudals.“

Ekki hafa fundist neinar heimildir fyrir því að draga norðurmörk Víðidals alla leið austur í Selá. Lýsingin á mörkum Möðrudals og Víðidals er hins vegar samhljóða lýsingunni á norðurmörkum Möðrudals.

Með vísan til þess að austasti punktur á sameiginlegri markalínu jarðanna er sá sami, þ.e. upptök Skarðsár, er ljóst að land Víðidals nær ekki lengra til austurs og takmarkist því að línu dreginni úr upptökum Skarðsár beint í Svartfell á sýslumörkum sem er í samræmi við landamerkjabréf Víðidals frá 14. júní 1923. Eldri heimildir mæla þessu ekki í mót.

Aðilar eru á einu máli um landamerkjapunkta jarðarinnar þangað til að draga átti línu úr Hölknárkróki í Þjóðfell. Á korti sem fylgdi kröfulýsingu ríkisins er línan dregin í þann stað þar sem *Þjóðfell* stendur með bókstöfum á kortinu. Þjóðfell er langt fell sem liggur frá norðri til suðurs á milli Langadals og Grímsstaðadals eystri og telja ábúendur að draga eigi línuna í Selárbotna á nyrðri enda Þjóðfells, enda er sá punktur á móts við Svartfell sem er hornpunktur í Víðidalslandi. Víðidal er skipt út úr Möðrudalslandi og telja ábúendur skýringu ríkisins á landamerkjum Möðrudals ekki í samræmi við landamerkjabréf staðarins, legu Víðidals eða landslag á svæðinu.

Íslenska ríkið, þinglýstur eigandi Möðrudals, telur að land jarðarinnar nái ekki lengra til norðurs, austan upptaka Skarðsár, en að línu sem dregin er samkvæmt ódagsettu landamerkjabréfi Möðrudals, þinglýstu 25. júlí 1923, úr Súlendum í Þjóðfell og þaðan í upptök Skarðsár í Langadal og hefur dregið kröfulínu sína um þjóðlendu eftir þeim mörkum.

Norðurmörk Möðrudals eru síðan dregin áfram til vesturs úr upptökum Skarðsár í Langadal, niður með Skarðsá ofan fyrir Sandfell, þangað sem Sandfellslind fellur í hana og þaðan beint í fremsta höfða Lambafjalla. Víðidalur, sem áður tilheyrði Möðrudal, liggur norðan við þessi norðurmörk Möðrudals.

Þannig liggja að Möðrudal Víðidalur að norðan en að austan liggja Heiðarsel, Grunnavatn, Rangalón, Gestreiðastaðir og Kinn en um tvö síðastnefndu landsvæðin er fjallað í máli nr. 3/2005 hjá óbyggðanefnd.

Norðan línunnar úr Súlendum í Þjóðfell og þaðan í upptök Skarðsár í Langadal og austan línu sem dregin er til norðurs úr upptökum Skarðsár í Langadal og í Svartfell á sýslumörkum er landsvæði sem nær að afrétti Vopnafjarðarhrepps og jörðinni Arnarvatni, sbr. mál nr. 3/2005 hjá óbyggðanefnd. Landsvæðið sem um ræðir liggur að mestu í 600–800 m hæð yfir sjávarmáli. Þjóðfell, sem mörkin eru dregin um, er 1035 m yfir sjávarmáli Nokkrir hnjúkar eru á svæðinu sem ná allt að 798 m hæð yfir sjávarmáli en landið lækkar síðan nokkuð til norðausturs uns það hækkar aftur mjög eftir því sem komið er nær Súlendum.

Svo sem hér hefur verið rakið var hvorki gert landamerkjabréf fyrir þetta landsvæði í kjölfar gildistöku landamerkjalaga frá 1882 né gildandi laga frá árinu 1919. Það er fyrst og fremst afmarkað af landamerkjalýsingum aðliggjandi jarða auk hreppamarka. Ekkert bendir til að þar hafi stofnast til beins eignarréttar eða takmarkaðra eignarréttinda fyrir nám, löggerninga, hefð eða með öðrum hætti.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að land norðan Þjóðfells utan tilgreindra landamerkja Möðrudals og Víðidals sé eignarland. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að það landsvæði norðan Þjóðfells sem hér hefur verið fjallað um, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998, og er fallist á kröfu íslenska ríkisins þess efnis.[411]

> *Úr gróf þeirri er fellur í Hölkná, framanvert við Súlendur er dregin lína suðvestur á Þjóðfell og þaðan í upptök Skarðsár. Frá upptökum Skarðsár er línan síðan dregin í Svartfell á sýslumörkum. Þaðan er fylgt sveitarfélagamörkum til austurs og suðausturs uns þau koma í gróf þá er fellur í Hölkná, framanvert við Súlendur.*

## 6.7. Ármótasel

### 6.7.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta kröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands Ármótasels. Innan merkja Ármótasels, austan undir Skollagrenisási, var heiðarbýlið Hlíðarendi en þar var búið á árunum 1850 til 1872.

Þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins í máli þessu tekur til landsvæðis á Jökuldalsheiði, þar á meðal alls þess lands sem þinglýstir eigendur Ármótasels gera

[411] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

kröfu til sem eignarlands. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.15.

Að landsvæði því sem hér er til umfjöllunar liggur Rangárlón til vesturs og Háreksstaðir til norðurs. Til austurs eru Gilsá og Arnórsstaðir en að sunnanverðu eru Víðirhólar, Veturhús og Sænautasel. Umrætt svæði liggur í yfir 500 m hæð yfir sjávarmáli á Jökuldalsheiði. Austan til er land hallalítið með nokkur vötn en rýrt mólendi og votlendi. Vestan til eru lítt grónir ásar, hæðir, hryggir og hálsar. Vestast er Langihryggur sem nær í um 600 m hæð yfir sjávarmál. Austan hans liggur aflangur Þrívörðuháls með leguna norður-suður en austan hans liggur Skollagrenisás (638 m). Suðaustan Skollagrenisáss liggur Langahlíð (674 m). Bæjarstæði Ármótasels var í tungu við ármót Víðidalsár og Gilsár austan til á svæðinu.

### 6.7.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(8), er almennt byggt á því að landnám og lög séu frumstofnunarhættir beins eignarréttar. Grundvöllur að beinum eignarrétti hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalausum svæðum fjölgað með tímanum. Heimildir um landnám á svæðinu bendi ekki til að stofnast hafi til beins eignarréttar að Jökuldalsheiði fyrir nám. Vísað er til dóma Hæstaréttar varðandi Gilsá, frá 21. janúar 1999, í máli nr. 171/1998, og Víðirhóla frá 17. febrúar 2000, í máli nr. 368/1999, en þar sýnist Hæstiréttur komast að þeirri niðurstöðu að landið hafi ekki verið numið. Vísað er til þess að samkvæmt *Jónsbók* hafi bæði verið heimilt að byggja sel í almenningum og eignarlandi. Upplýsingar um seljabúskap komi því ekki að notum við mat á eignarréttarlegri stöðu svæðisins. Byggt er á Ferðabók Eggerts og Bjarna frá 18. öld en þar komi fram að heiðin milli Jökuldals og Möðrudals liggi notalaus vegna fjarlægðar frá byggð. Vísað er til þess að á tíma nýbýlatilskipunarinnar hafi ekki verið gerður greinarmunur á afréttum og almenningum. Jafnframt er byggt á því að heimildir um fjallskil á Jökuldalsheiði bendi til afréttarsmölunar en það sé eitt þeirra atriða sem Hæstiréttur hafi lagt til grundvallar niðurstöðu sinni í svonefndum Gilsárdómi. Loks er vísað til þess að hefð sé framsal eignarréttinda en ekki frumstofnun. Þannig hafi ekki verið hægt að hefða land Ármótasels hafi landið verið þjóðlenda.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl nr. 5 og 5(2), er því haldið fram að land jarðarinnar sé innan landnáms Hákonar sem numið hafi Jökuldal allan fyrir vestan Jökulsá og ofan Teigarár. Því er mótmælt að óljósar lýsingar *Landnámu* geti orðið til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi verði dregin í efa. Byggt er á því að Ármótasel sé heiðarbýli undan Arnórsstöðum en það komi meðal annars fram í sýslu- og sóknarlýsingu frá 1874. Vísað er til máldaga Hofteigskirkju frá 1454 um merki Arnórsstaða en ljóst sé að þau falli saman við merki Möðrudals. Byggt er á dómi aukaréttar Norður-Múlasýslu frá 1888 um merki Möðrudals annars vegar og

Arnórsstaða hins vegar. Þá er vísað til landamerkjabréfs Ármótasels frá 1921 en það sé þinglýst og áritað af eigendum aðliggjandi landsvæða auk hreppstjóra Jökuldalshrepps. Vísað er til landbrigðaþáttar Grágásar og landbrigðabálks Jónsbókar um merkjagöngur. Samkvæmt landamerkjalögum, nr. 5/1882 og 41/1919, hafi opinberum aðilum verið falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa væru réttar samkvæmt formi sínu og efni. Styðji það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðar verði ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrði um inntak eignarréttar á landi Ármótasels hvíli þannig á íslenska ríkinu. Einnig er byggt á svarbréfi hreppstjóra Jökuldalshrepps, dags. 3. júní 1920, um að ekki séu í hreppnum nokkur þau afréttarlönd eða almenningar sem sannanlega tilheyri ekki einhverju lögbýli. Jafnframt er vísað til þess að gagnaðilar hafi fengið svokallað felligjald af hreindýrum sem felld hafi verið innan landamerkja jarðarinnar. Íslenska ríkið hafi með því og öðrum athöfnum sínum vakið hjá gagnaðilar réttmætar væntingar til þess að land jarðarinnar innan lýstra merkja sé undirorpið beinum eignarrétti. Byggt er á því að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt, sbr. 1. gr. 1. samningsviðauka laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu. Loks er byggt á því að skilyrðum hefðar sé fullnægt.

### 6.7.3. Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Ármótasels er rakin í kafla 5.14. Þar kemur fram að hér er um að ræða eitt svokallaðra heiðarbýla, sbr. kafla 6.1.2., í byggð með hléum frá 1853–1943. Svo sem fram kemur í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámabók* hversu langt upp til fjalla og inn til lands landnám á Jökuldal náði. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja fremur líklegt að svæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að hluta innan þess. Einnig ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja á Jökuldal, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 31.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Ármótasels er lýst í landamerkjabréfi, dags. 24. október 1921 og þingl. 27. júlí 1922.

Verður þá fyrst litið til vesturmerkja Ármótasels gagnvart Rangárlóni. Samkvæmt landamerkjabréfinu frá 1921 eru vesturmerki miðuð við „Eyktargnýpu í Arnórsstaðasel“. Bréfið er ekki undirritað vegna Rangárlóns. Þessi merkjalýsing er í ágætu samræmi við máldaga Hofteigskirkju um að vesturmerki Arnórsstaða séu „Eyktarnipa. oc þadan til vötnum hallar. oc framm i Sandvpsernar fyrer nordan Arnorzstada sel“. Merkjalýsingin er einnig í ágætu samræmi við áðurnefndan dóm aukaréttar Norður-Múlasýslu frá 1888 en þar var niðurstaðan sú að mörk Möðrudals gagnvart Víðirhólum og Arnórsstöðum væru „sjónhending úr Rúnasteini, er stendur á svo nefndri Urðarhlíð, inn og vestur frá Sænautaseli, og í Eyktargnýpu“. Samkvæmt

þessum heimildum er Ármótasel innan merkja Arnórsstaða. Þá er landamerkjabréf Ármótasels í samræmi við landamerkjabréf Rangárlóns, dags. 23. október 1921 og þingl. 27. júlí 1922 en það bréf er áritað vegna Ármótasels.

Verður þá litið til norðurmerkja landsvæðisins gagnvart Háreksstöðum. Samkvæmt landamerkjabréfi Ármótasels eru norðurmerki miðuð við „Skjaldklofahorn fremra, þaðan beint í Eyktargnýpu". Bréfið er áritað vegna Skjöldólfsstaða en Háreksstaðir eru byggðir úr þeirri jörð. Landamerkjabréf Skjöldólfsstaða og Háreksstaða, dags. 24. október 1921 og þingl. 27. júlí 1922, er í samræmi við landamerkjabréf Ármótasels en er ekki áritað vegna þeirrar jarðar. Eldra landamerkjabréf Skjöldólfsstaða frá 1884 tekur ekki til Háreksstaða og snertir því ekki norðurmerki Ármótasels. Útmælingargjörð Háreksstaða frá 2. september 1854 fæst einnig samrýmst framangreindum merkjalýsingum en þar eru suðurmerki miðuð við „Skjaldklofa, þar sem Arnórsstada land tekur vid. Rædur þá Arnórsstada land ad framan allt vestur ad Mödrudals landamerkjum."

Næst verður litið austurmerkja Ármótasels gagnvart jörðinni Gilsá sem byggð var úr Skjöldólfsstaðalandi árið 1941. Samkvæmt landamerkjabréfi Ármótasels eru austurmerkin miðuð við „Gilsá frá ármótum í níunda Gilsárbug, gegnt Skjaldklofahorni fremra, þaðan beint í Skjaldklofahorn fremra". Bréfið er áritað vegna Skjöldólfsstaða. Þessi lýsing er í samræmi við landamerkjabréf Skjöldólfsstaða, þingl. 21. júní 1884 sem er áritað vegna Arnórsstaða. Þá er bréf Ármótasels einnig í samræmi við landamerkjabréf Skjöldólfsstaða og Háreksstaða frá 1921 en það bréf er þó hvorki áritað vegna Ármótasels né Arnórsstaða.

Samkvæmt landamerkjabréfi Ármótasels eru merki þess til suðausturs gagnvart Arnórsstöðum miðuð við Víðidalsá. Bréfið er áritað vegna Arnórsstaða og í samræmi við landamerkjabréf þeirrar jarðar, dags. 24. október 1921 og þinglesið 27. júlí 1922. Til suðurs á Ármótasel merki gagnvart Sænautaseli, Veturhúsum, Víðirhólum og hluta Rangárlóns en þau býli voru byggð úr Hákonarstaðalandi. Samkvæmt landamerkjabréfi Ármótasels eru mörkin miðuð við Arnórsstaðasel „í Bjallkollu, þaðan beint í Botnahraun, þaðan í Lönguhlíðarenda fremri, þaðan í Víðidalsá gegnt öxlum sunnan við Kiðuhamar". Bréfið er áritað vegna Hákonarstaða. Landamerkjabréfið er í ágætu samræmi við máldaga Hofteigskirkju frá 1454 en þar segir að suðurmerki Arnórsstaða séu miðuð við „Sandvpsernar fyrer nordan Arnorzstada sel. oc so i lönguhlijdar enda. allt hnvkzvatn j hnuksaa og so j Jokulsá."

Landamerkjabréf Veturhúsa, Víðirhóla, Sænautasels og Rangárlóns, dags. 24. október 1921 og þinglesin 27. júní 1922, eru öll í samræmi við landamerkjabréf Ármótasels og árituð vegna þeirrar jarðar. Landamerkjabréf Ármótasels er einnig í samræmi við eldri landamerkjabréf Sænautasels og Rangárlóns, bæði dags 4. júní 1894 og þinglýst 6. júní sama ár. Síðarnefnda bréfið er áritað vegna Arnórsstaða en það tekur einungis til þess hluta Rangárlóns sem byggður er úr Hákonarstaðalandi. Landamerkjabréf Sænautsels frá 1894 er hvorki áritað vegna Arnórsstaða né

Ármótasels. Þá er lögfesta Hákonarstaða, dags. 8. maí 1844, í góðu samræmi við landamerkjabréf Ármótasels en af henni má meðal annars ráða að heiðarbýlin sunnan Ármótasels hafi byggst úr landi Hákonarstaða.

Í kjölfar þess að ný landamerkjalög taka gildi 1919 er gert landamerkjabréf fyrir Ármótasel. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum Ármótasels sé þar rétt lýst. Af heimildum verður ráðið að land Ármótasels sé úr landi Arnórsstaða. Landamerkjabréf Ármótasels er þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um afmörkun án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda.

Kemur þá til skoðunar eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja Ármótasels.

Af heimildum er ljóst að Ármótasel er byggt úr landi Arnórsstaða og má þar m.a. annars vísa til máldaga Hofteigsprestakalls um merki Arnórsstaða frá 1454. Þá segir í sóknarlýsingu Hofteigsprestakalls frá 1874 að Ármótasel sé byggt úr Arnórsstaðalandi. Niðurstaða dóms aukaréttar Norður-Múlasýslu hinn 20. september 1888 er í samræmi við framangreint en þar var skorið úr um mörk Arnórsstaða og Víðirhóla gagnvart Möðrudal. Var þannig gengið út frá að land Arnórsstaða næði alla leið vestur að Möðrudal. Loks segir í lýsingu á Arnórsstöðum frá árinu 1915 að aðliggjandi jörðinni að vestan [sunnan] séu Hákonarstaðir, Víðirhólar, Veturhús og Rangárlón og Möðrudalur að norðan [vestan]. Framangreindar heimildir um merki Arnórsstaða eru þannig landamerkjabréfi Ármótasels til styrktar.

Innan merkja Ármótasels eru leitarsvæði Jökuldælinga. Í sóknarlýsingu Hofteigssóknar frá árinu 1874 segir að aðalafréttarlönd séu „Fljótsdals- og Jökuldalsheiðin, þ.e. hver jörð hefur afrétt í þeirri heiði sem henni tilheyrir“. Benedikt Gíslason í Hofteigi lýsir í bókinni *Göngur og réttir* V fyrirkomulagi leita eins og þær voru á fyrri hluta 20. aldar. Það segir að heiðarsvæðið milli Gilsár og Möðrudalsfjallgarða sé smalað í einni rétt á Hákonarstöðum. Landsvæðið skiptist þó í nokkur landsvæði og nefnir hann sérstaklega Ármótaselsheiði. Eftir 1950 urðu nokkrar breytingar á smölun. Virðist land Ármótasels hafa orðið hluti af tveimur leitarsvæðum, þ.e. Út-fjallagarðasvæði og Háreksstaðaheiði. Þurfti að leggja sameiginlega til smölunar á þessum svæðum.

Á Ármótaseli stóð búseta í rúm sjötíu ár á tímabilinu frá 1853 til 1943. Í elsta fyrirliggjandi kaupsamningi um Ármótasel, dags. 12. maí 1925, er sérstaklega vísað til landamerkjabréfsins frá 1921 um merki jarðarinnar.

Samkvæmt því er að framan greinir er Ármótasel byggt úr landi jarðar og sama máli gegnir um aðliggjandi landsvæði. Óbyggðanefnd telur nægjanlega fram komið að Ármótasel hafi stöðu jarðar að lögum, sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar. Um þýðingu landamerkjabréfa fyrir jarðir við mat á sönnun um eignarhald að landi vísast til þess sem rakið er í kafla 6.1.1.

Heimildir um beitarnot innan merkja Ármótasels á síðari tímum verða fremur taldar vísa til notkunar viðkomandi landsvæðis en eignarréttarlegrar stöðu þess.[412] Staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar verða ekki taldir hafa úrslitaáhrif í þessu sambandi.

Ekki eru heimildir um annað en Ármótasel hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1921 hafa eigendur Ármótasels farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Ármótasels sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[413]

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Ármótasels, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.8. Rangárlón, eystri hluti (Hákonarstaðarpartur)

### 6.8.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands Rangárlóns, eystri hluta. Þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins í máli þessu tekur til landsvæðis á Jökuldalsheiði, þar á meðal alls þess lands sem þinglýstir eigendur Rangárlóns gera kröfu til sem eignarlands. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.16.

Að landsvæði því sem hér er til umfjöllunar liggur vestari hluti Rangárlóns til vesturs og Ármótasel til norðurs. Til austurs og suðurs er Sænautasel.

Þá ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja á Jökuldal, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 31.

### 6.8.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(8), er almennt byggt á því að landnám og lög séu frumstofnunarhættir beins eignarréttar. Grundvöllur að beinum eignarrétti hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalausum svæðum fjölgað með tímanum. Heimildir um landnám á svæðinu bendi ekki til að stofnast hafi til beins eignarréttar að Jökuldalsheiði fyrir nám. Vísað er til dóma Hæstaréttar varðandi Gilsá,

[412] Sbr. umfjöllun um jarðir og afrétti í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).
[413] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

frá 21.1.1999, í máli nr. 171/1998, og Víðirhóla frá 17.2.2000, í máli nr. 368/1999, en þar sýnist Hæstiréttur komast að þeirri niðurstöðu að landsvæðið hafi ekki verið numið. Vísað er til þess að samkvæmt *Jónsbók* hafi bæði verið heimilt að byggja sel í almenningum og eignarlandi. Upplýsingar um seljabúskap komi því ekki að notum við mat á eignarréttarlegri stöðu svæðisins. Byggt er á Ferðabók Eggerts og Bjarna frá 18. öld en þar komi fram að heiðin milli Jökuldals og Möðrudals liggi notalaus vegna fjarlægðar frá byggð. Vísað er til þess að á tíma nýbýlatilskipunarinnar hafi ekki verið gerður greinarmunur á afréttum og almenningum. Jafnframt er byggt á því að heimildir um fjallskil á Jökuldalsheiði bendi til afréttarsmölunar en það sé eitt þeirra atriða sem Hæstiréttur hafi lagt til grundvallar niðurstöðu sinni í svonefndum Gilsárdómi. Loks er vísað til þess að hefð sé framsal eignarréttinda en ekki frumstofnun. Þannig hafi ekki verið hægt að hefða land Rangárlóns hafi landið verið þjóðlenda.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl nr. 16 og 16(3), er því haldið fram að land jarðarinnar sé innan landnáms Hákonar sem numið hafi Jökuldal allan fyrir vestan Jökulsá og ofan Teigarár. Því er mótmælt að óljósar lýsingar *Landnámu* geti orðið til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi verði dregin í efa. Byggt er á því að Rangárlón sé heiðarbýli, byggt úr Hákonarstöðum og Möðrudal. Vísað er til þess að fyrstu heimildir um merki Rangárlóns séu í máldaga Hofteigskirkju frá 1454 um merki Arnórsstaða. Þá er byggt á vitnisburði Jóns Guðmundssonar frá 1532 um merki Möðrudals. Samkvæmt vitnisburðinum lágu landamerki Möðrudals og Hákonarstaða saman á línu sem lá í gegnum mitt Sænautavatn. Vísað er til þess að Rangárlón sé tilgreint í jarðamati 1849 sem sérstök jörð. Í gerðabók matsmanna komi fram að á milli Hákonarstaða, Möðrudals og Arnórsstaða sé þræta um nýbýlið. Byggt er á dómi aukaréttar Norður-Múlasýslu frá 1888 um merki Möðrudals annars vegar og Víðirhóla og Arnórsstaða hins vegar. Með dóminum hafi allt Sænautavatn fallið undir Víðirhóla. Ástæða þess að Víðirhóla hafi verið getið en ekki Sænautasels hafi verið sú að málsaðilinn Kristján Sigurðsson hafi átt allt landið fyrir norðan Víðidalsá. Vísað er til þess að í kjölfar dómsins hafi deilan um Rangárlón verið sett niður og sérstök landamerkjabréf gerð fyrir hvorn hluta jarðarinnar fyrir sig. Fyrsta landamerkjabréf jarðarinnar sé frá 1894 og taki til Hákonarstaðaparts. Ný landamerkjabréf hafi verið gerð árið 1921 og taki annað til Möðrudalshluta en hitt til hluta Hákonarstaða. Byggt er á því að landamerkjabréfin séu þinglýst og árituð af eigendum aðliggjandi landsvæða, auk hreppstjóra Jökuldalshrepps. Samkvæmt landamerkjalögum, nr. 5/1882 og 41/1919, hafi opinberum aðilum verið falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa væru réttar samkvæmt formi sínu og efni. Styðji það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðar verði ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um inntak eignarréttar á landi Rangárlóns hvíli þannig á íslenska ríkinu. Vísað er til þess að gagnaðilar hafi fengið svokallað felligjald af hreindýrum sem felld hafi verið innan

þjóðlendukröfusvæðis. Íslenska ríkið hafi með því og öðrum athöfnum sínum vakið hjá gagnaðila réttmætar væntingar til að ætla að land innan landamerkja jarðarinnar væri undirorpið fullkomnum eignarrétti og hafi athafnir eða athafnaleysi íslenska ríkisins fram til þessa aðeins styrkt gagnaðila í þeirri trú. Byggt er á því að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt, sbr. 1. gr. 1. samningsviðauka laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu. Loks er byggt á því að skilyrðum hefðar sé fullnægt.

### 6.8.3. Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Rangárlóns er rakin í kafla 5.15. Þar kemur fram að hér er um að ræða eitt svokallaðra heiðarbýla, sbr. kafla 6.1.2., í byggð með hléum á árunum 1844–1924. Þessi hluti Rangárlóns liggur austan við merki Möðrudals eins og þau voru ákveðin í aukarétti Norður-Múlasýslu 20. september 1888. Á þeim hluta Rangárlóns sem hér er til umfjöllunar stóð bæjarstæði þess. Sérstakt landamerkjabréf var gert fyrir vestari hluta Rangárlóns 23. október 1921 og var því þinglýst 27. júlí 1922. Um þann hluta er fjallað í kafla 6.9. Rangárlón, vestari hluti. Svo sem fram kemur í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámu* hversu langt upp til fjalla og inn til lands landnám á þessu svæði náði. Af því verða engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um hvort þar hafi í öndverðu verið stofnað til beins eignarréttar á þessu svæði með námi.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Rangárlóns (eystri hluta) er lýst í landamerkjabréfi þess auk eldri heimilda um merki. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að þessum hluta Rangárlóns. Að fenginni niðurstöðu um landamerki verður fjallað um eignarréttindi innan þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Fyrstu lýsinguna á landamerkjum eystri hluta Rangárlóns er að finna í landamerkjabréfi, dags. 6. júní 1894 og þinglesið sama dag. Nýtt landamerkjabréf var gert fyrir þennan hluta Rangárlóns, dags. 24. október 1921 og þingl. 27. júlí 1922. Merki landsvæðisins verða einnig ráðin af dómi aukaréttar Norður-Múlasýslu um mörk Arnórsstaðastaða og Víðirhóla gagnvart Möðrudal frá 20. september 1888.

Verður þá fyrst litið til vesturmerkja þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar. Samkvæmt landamerkjabréfi eystri hluta Rangárlóns frá 1894 eru mörkin gagnvart vestari hluta Rangárlóns miðuð við Sænautafell „þar sem það er hæðst út í stórt gil vestan við Arnórsstaðasel“. Bréfið er ekki áritað vegna þess hluta Rangárlóns sem tilheyrði Möðrudal. Í yngra landamerkjabréfi eystri hluta Rangárlóns segir að merkin séu „beint úr Arnórsstaðaseli í Marköldu á Sænautafelli“. Landamerkjabréfið er áritað vegna Möðrudals. Með afsali, dags. 27. janúar 1881, seldi Jósef Jósefsson jarðir sínar á Hákonarstaðaheiði. Auk Sænautasels, Veturhúsa og Víðirhóla fylgdi með „land það sem Rangárlón stendur á út að gili því sem fellur úr Sænautafellshala norðaustan af Rangárlóni“. Er merkjalýsing afsalsins þannig í samræmi við

landamerkjabréfin. Merkjalýsing landamerkjabréfanna er einnig í ágætu samræmi við dóm aukaréttar Norður-Múlasýslu frá 20. september 1888. Þar voru mörk milli Möðrudals annars vegar og Víðirhóla og Arnórsstaða hins vegar sögð „sjónhending úr Rúnasteini, er stendur á svo nefndri Urðarhlíð, inn og vestur frá Sænautaseli, og í Eyktargnýpu". Samkvæmt örnefnaskrá Sænautasels gengur Urðarhlíð suður úr Sænautafelli en Rúnasteinn sé stórt einstakt bjarg á hlíðinni. Samkvæmt Hákonarstaðamáldaga frá 1663 var það landsvæði sem afmarkað er í framangreindum landamerkjabréfum innan Hákonarstaða. Í máldaganum segir að vestari mörk Hákonarstaða séu lína sem liggi m.a. um „Stein, sem stendur ynnann til á Urðarhlíð með áklöppuðum Rúnum þaðan sjónhending í lækinn fyrir vestan Arnórstaðasel." Var niðurstaða dóms aukaréttar Norður-Múlasýslu m.a. reist á máldaganum. Lögfesta Hákonarstaða frá 1844 er í samræmi við máldagann.

Landamerkjabréf vestari hluta Rangárlóns, dags. 23. október 1921 og þingl. 27. júlí 1922, er í samræmi við landamerkjabréf eystri hluta Rangárlóns. Segir þar að merkin móti Hákonarstöðum séu „beint úr Arnórsstaðaseli í Marköldu í Sænautafelli". Athygli vekur að lýst er merkjum á móti Hákonarstöðum en ekki vestari hluta Rangárlóns. Landsvæðið sem hér er til umfjöllunar var að hluta eða öllu leyti innan landamerkjabréfs Möðrudals, dags. 20. mars 1884, en þar voru austurmerki Möðrudals sögð um línu frá „Þrí varðna háls", svo í mitt „Sænautavatn", þaðan í „Rúnastein" á „Urðarhlíð". Var landamerkjabréfið í samræmi við lögfestu jarðarinnar frá 1844 og vitnisburð Jóns Guðmundssonar frá Möðrudal frá árinu 1532. Með áðurnefndum dómi aukaréttar Norður-Múlasýslu frá 1888 færðust Möðrudalsmerkin austar þannig að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar liggur utan merkja Möðrudals.

Verður þá litið til norðurmerkja eystri hluta Rangárlóns gagnvart Ármótaseli. Samkvæmt landamerkjabréfi Rangárlóns frá 1884 eru merkin frá stóru gili „vestan við Arnórsstaðasel; þaðan beina línu austur í Bjallkollu, sjerstakan melhól sem er í beinni línu frá þessu gili í Botnahraun, eða Refaklett, sem Hákonarstaðamáldagi vísar til". Landamerkjabréfið er áritað vegna Hofteigskirkju líklegast vegna þess að Arnórsstaðir voru þá kirkjujörð. Ármótasel er byggt úr landi Arnórsstaða. Yngra landamerkjabréf eystri hluta Rangárlóns er í samræmi við bréfið frá 1894 og áritað vegna Ármótasels. Nefnd landamerkjabréf Rangárlóns eru í samræmi við landamerkjabréf Ármótasels, dags. 24. október 1921 og þingl. 27. júlí 1922. Landamerkjabréf Ármótasels er áritað vegna Hákonarstaða og í ágætu samræmi við eldri heimildir um merki Arnórsstaða.

Verður loks litið til suðausturmerkja eystri hluta Rangárlóns gagnvart Sænautaseli. Samkvæmt landamerkjabréfi Rangárlóns frá 1884 eru merkin „úr Bjallkollu í Sænautavatn sunnan við kvísl þá, er fellur úr því austan við Rángárlónsbæinn, og svo vestur yfir vatnið í Sænautafellið þar sem það er hæðst". Bréfið er áritað af Kristjáni Sigurðssyni sem átti bæði þennan hluta Rangárlóns og

Sænautasel. Bréfið er í samræmi við yngra landamerkjabréf Rangárlóns (eystra) frá 1921 en það bréf er áritað vegna Sænautasels. Þá er bréfið í samræmi við tvö landamerkjabréf Sænautasels, hið fyrra frá 1894, hið seinna frá 1921. Landamerkjabréf Sænautasels voru árituð af eigendum Rangárlóns.

Í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882 var gert landamerkjabréf fyrir eystri hluta Rangárlóns. Við gildistöku landamerkjalaga 1919 var gert nýtt landamerkjabréf fyrir landsvæðið sem lýsti merkjum með sambærilegum hætti. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum Rangárlóns sé þar rétt lýst. Af heimildum verður ráðið að sá hluti Rangárlóns sem hér er til umfjöllunar sé byggður úr landi Hákonarstaða sem er sjálfstæð jörð.[414] Framangreind landamerkjabréf eru þinglesin, færð í landamerkjabók og á þeim byggt síðan um afmörkun án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Í gerðabók fasteignamats 1916–1918 kemur fram að auk íbúðarhúss sé á jörðinni hesthús fyrir átta hesta, fjós fyrir tvo nautgripi og tvö fjárhús fyrir 105 fjár. Svo sem fyrr segir benda heimildir um merkjalýsingar Hákonarstaða til að sá hluti Rangárlóns sem hér er til umfjöllunar sé byggður úr landi Hákonarstaða. Þannig er landsvæðið innan merkjalýsingar Hákonarstaðamáldaga frá 1663 og lögfestu Hákonarstaða frá 1844. Máldaginn var síðar færður í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, eða hinn 16. september 1893. Jafnframt er tilvísun til máldagans í afsali fyrir Veturhús, Víðirhóla og Sænautsel og tilgreinds hluta Rangárlóns, dags. 27. janúar 1881, varðandi afmörkun hins selda. Þá var niðurstaða dóms Norður-Múlasýslu 20. september 1888 meðal annars reist á máldaganum. Af hálfu eiganda Möðrudals var því haldið fram í málinu að máldaginn væri falsaður. Um það hvort Hákonarstaðamáldagi væri gott og gilt heimildarskjal sagði dómurinn að máldaganum væri reyndar ábótavant en „samt ekki næg ástæða að hrinda honum, þar sem engar sannanir [hefðu] verið færðar fyrir að hann [væri] rangur eða tortryggilegur“. Af framansögðu er ljóst að merkjalýsingar eystri hluta Rangárlóns styðjast við eldri heimildir, þ.e. máldagann frá 1663 og lögfestu frá 1844. Þá eru merkjalýsingarnar í samræmi við afmörkun í afsali 1881 og dóm aukaréttar Norður-Múlasýslu frá 1888

Í gerðabók fasteignamats 1916–1918 segir að eigendur Rangárlóns séu Stefán Einarsson í Möðrudal og Pétur Kristjánsson á Hákonarstöðum. Þegar Rangárlón var selt í einu lagi árið 1940 og 1941 voru seljendur afkomendur fyrrum bónda Möðrudals og ekkja Péturs Kristjánssonar á Hákonarstöðum. Framangreindar heimildir skjóta

[414] Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

enn frekari stoðum undir að Rangárlón hafi byggst úr bæði Möðrudal og Hákonarstöðum.

Bréf Péturs Havsteen sýslumanns til amtmanns, dags. 24. mars 1849, má skilja svo að hann telji Rangárlón vera eitt þeirra heiðarbýla sem ekki séu reist í „ómótmælanlegri landareign áður byggðra jarða“. Með hliðsjón af heimildum um merki Möðrudals og Hákonarstaða, sem ná allt aftur til 1532 og benda til þess að Rangárlón hafi verið innan merkja þeirra jarða, verður ekki byggt á þessum ummælum sýslumannsins.

Innan merkja eru leitarsvæði Jökuldælinga. Í sóknarlýsingu Hofteigssóknar frá árinu 1874 segir að aðalafréttarlönd séu „Fljótsdals- og Jökuldalsheiðin, þ.e. hver jörð hefur afrétt í þeirri heiði sem henni tilheyrir“. Benedikt Gíslason í Hofteigi lýsir í bókinni *Göngur og réttir* fyrirkomulagi leita eins og þær voru á fyrri hluta 20. aldar. Þar segir að heiðarsvæðið milli Gilsár og Möðrudalsfjallgarða sé smalað í einni rétt á Hákonarstöðum. Eftir 1950 urðu nokkrar breytingar á smölun. Virðist land Rangárlóns vera hluti af leitarsvæði sem kallað er Út-Fjallagarðar. Þurfa jarðir á Jökuldal að leggja sameiginlega til smölunar á þessu svæði.

Samkvæmt því er að framan greinir er Rangárlón byggt úr landi jarðar og sama máli gegnir um aðliggjandi landsvæði. Óbyggðanefnd telur nægjanlega fram komið að Rangárlón hafi stöðu jarðar að lögum, sbr. umfjöllun um hugtakið *jörð* í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*. Um þýðingu landamerkjabréfa fyrir jarðir við mat á sönnun um eignarhald að landi vísast til þess sem rakið er í kafla 6.1.1. Heimildir um beitarnot innan merkja Rangárlóns á síðari tímum verða fremur taldar vísa til notkunar viðkomandi landsvæðis en eignarréttarlegrar stöðu þess.[415] Staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar verða ekki taldir hafa úrslitaáhrif í þessu sambandi.

Ekki eru þannig heimildir um annað en Rangárlón hafi verið byggt og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1896 hafa eigendur Rangárlóns farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja eystri hluta Rangárlóns sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[416]

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að eystri hluta Rangárlóns, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

---

415 Sbr. umfjöllun um jarðir og afrétti í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).
416 Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

## 6.9. Rangárlón, vestari hluti (Möðrudalspartur)

### 6.9.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands Rangárlóns, vestari hluta. Þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins í máli þessu tekur til landsvæðis á Jökuldalsheiði, þar á meðal alls þess lands sem þinglýstir eigendur Rangárlóns gera kröfu til sem eignarlands. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.16.

Að landsvæði því sem hér er til umfjöllunar liggur Ármótasel, eystri hluti Rangárlóns og Sænautasel til austurs. Að norðan, vestan og sunnan liggur Möðrudalsland. Landsvæðið sem um ræðir hefur leguna norður-suður, liggur í 500–600 m yfir sjávarmáli og er lítt gróið. Votlendi og rýrt mólendi er í lægðum. Land er að mestu hallalítið. Grjótagarðsháls (622 m) liggur fyrir miðju svæðinu og liggur Grjótgarðsvatn (575 m) við hann suð-austan til. Sænautafell (736 m) liggur suðaustan til á svæðinu og liggur norðurhluti Sænautavatns (525 m) þar austur undir.

Þá ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja á Jökuldal, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 31.

### 6.9.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(8), er almennt byggt á því að landnám og lög séu frumstofnunarhættir beins eignarréttar. Grundvöllur að beinum eignarrétti hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalausum svæðum fjölgað með tímanum. Heimildir um landnám á svæðinu bendi ekki til að stofnast hafi til beins eignarréttar að Jökuldalsheiði fyrir nám. Vísað er til dóma Hæstaréttar varðandi Gilsá, frá 21.1.1999, í máli nr. 171/1998, og Víðirhóla frá 17.2.2000, í máli nr. 368/1999, en þar sýnist Hæstiréttur komast að þeirri niðurstöðu að landsvæðið hafi ekki verið numið. Vísað er til þess að samkvæmt *Jónsbók* hafi bæði verið heimilt að byggja sel í almenningum og eignarlandi. Upplýsingar um seljabúskap komi því ekki að notum við mat á eignarréttarlegri stöðu svæðisins. Byggt er á Ferðabók Eggerts og Bjarna frá 18. öld en þar komi fram að heiðin milli Jökuldals og Möðrudals liggi notalaus vegna fjarlægðar frá byggð. Vísað er til þess að á tíma nýbýlatilskipunarinnar hafi ekki verið gerður greinarmunur á afréttum og almenningum. Jafnframt er byggt á því að heimildir um fjallskil á Jökuldalsheiði bendi til afréttarsmölunar en það sé eitt þeirra atriða sem Hæstiréttur hafi lagt til grundvallar niðurstöðu sinni í svonefndum Gilsárdómi. Loks er vísað til þess að hefð sé framsal eignarréttinda en ekki

frumstofnun. Þannig hafi ekki verið hægt að hefða land Rangárlóns hafi landið verið þjóðlenda.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl nr. 16 og 16(3), er því haldið fram að land jarðarinnar sé innan landnáms Hákonar sem numið hafi Jökuldal allan fyrir vestan Jökulsá og ofan Teigarár. Því er mótmælt að óljósar lýsingar *Landnámu* geti orðið til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi verði dregin í efa. Byggt er á því að Rangárlón sé heiðarbýli byggt úr Hákonarstöðum og Möðrudal. Vísað er til þess að fyrstu heimildir um merki Rangárlóns séu í máldaga Hofteigskirkju frá 1454 um merki Arnórsstaða. Þá er byggt á vitnisburði Jóns Guðmundssonar frá 1532 um merki Möðrudals. Samkvæmt vitnisburðinum lágu landamerki Möðrudals og Hákonarstaða saman á línu sem lá í gegnum mitt Sænautavatn. Vísað er til þess að Rangárlón sé tilgreint í jarðamati 1849 sem sérstök jörð. Í gerðabók matsmanna komi fram að á milli Hákonarstaða, Möðrudals og Arnórsstaða sé þræta um nýbýlið. Byggt er á dómi aukaréttar Norður-Múlasýslu frá 1888 um merki Möðrudals annars vegar og Víðirhóla og Arnórsstaða hins vegar. Með dóminum hafi allt Sænautavatn fallið undir Víðirhóla. Ástæða þess að Víðirhóla hafi verið getið en ekki Sænautasels hafi verið sú að málsaðilinn Kristján Sigurðsson hafi átt allt landið fyrir norðan Víðidalsá. Vísað er til þess að í kjölfar dómsins hafi deilan um Rangárlón verið sett niður og sérstök landamerkjabréf gerð fyrir hvorn hluta jarðarinnar fyrir sig. Fyrsta landamerkjabréf jarðarinnar sé frá 1894 og taki til Hákonarstaðaparts. Ný landamerkjabréf hafi verið gerð árið 1921 og taki annað til Möðrudals hluta en hitt til hluta Hákonarstaða. Byggt er á því að landamerkjabréfin séu þinglýst og árituð af eigendum aðliggjandi landsvæða, auk hreppstjóra Jökuldalshrepps. Samkvæmt landamerkjalögum, nr. 5/1882 og 41/1919, hafi opinberum aðilum verið falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa væru réttar samkvæmt formi sínu og efni. Styðji það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðar verði ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrði um inntak eignarréttar á landi Rangárlóns hvíli þannig á íslenska ríkinu. Vísað er til þess að gagnaðilar hafi fengið svokallað felligjald af hreindýrum sem felld hafi verið innan þjóðlendukröfusvæðis. Íslenska ríkið hafi með því og öðrum athöfnum sínum vakið hjá eigendum jarðarinnar réttmætar væntingar til að ætla að land innan landamerkja jarðarinnar væri undirorpið fullkomnum eignarrétti og hafi athafnir eða athafnaleysi íslenska ríkisins fram til þessa aðeins styrkt gagnaðila í þeirri trú. Byggt er á því að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt, sbr. 1. gr. 1. samningsviðauka laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu. Loks er byggt á því að skilyrðum hefðar sé fullnægt.

### 6.9.3. Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Rangárlóns er rakin í kafla 5.15. Þar kemur fram að hér er um að ræða eitt svokallaðra heiðarbýla, sbr. kafla

6.1.2., í byggð með hléum á árunum 1844–1924. Um eystri hluta Rangárlóns er fjallað í kafla 6.8. hér að framan. Á þeim hluta stóð bæjarstæði þess. Sérstakt landamerkjabréf var gert fyrir eystri hluta Rangárlóns, dags. 6. júní 1894 og þinglýst sama dag. Svo sem fram kemur í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámu* hversu langt upp til fjalla og inn til lands landnám á þessu svæði náði. Af því verða engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um hvort þar hafi í öndverðu verið stofnað til beins eignarréttar á þessu svæði með námi.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Rangárlóns (vestari hluta) er lýst í landamerkjabréfi þess, dags. 23. október 1921 og þingl. 27. júlí 1922. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að þessum hluta Rangárlóns.

Fyrstu og einu lýsinguna á landamerkjum eystri hluta Rangárlóns er að finna í landamerkjabréfi þess, dags. 6. júní 1894 og þinglesið sama dag. Austurmerki landsvæðisins verða einnig ráðin af dómi aukaréttar Norður-Múlasýslu um mörk Arnórsstaðastaða og Víðirhóla gagnvart Möðrudal frá 20. september 1888.

Samkvæmt landamerkjabréfi eystri hluta Rangárlóns frá 1894 eru merki þess til vesturs og norðurs gagnvart Möðrudal miðuð við „Klettagil það í fjallgarðinum, sem stenst á við Háfsvatnaölduendann ytri, síðan úr nefndu gili út fjallgarðinn út á móts við Einbúa og þaðan beint austur í há-Eyktagnýpu“. Landamerkjabréfið er áritað vegna Möðrudals. Landamerkjabréf Rangárlóns er í samræmi við landamerkjabréf Möðrudals, ódagsett en þinglýst 25. júlí 1923. Þar segir um merkin að þau séu úr gili vestur af Háfsvatnaöldu, þaðan út á móts við Einbúa, þaðan austur í Eyktargnýpu. Landamerkjabréf Möðrudals er áritað vegna Rangárlóns.

Verður þá litið til merkja vestari hluta Rangárlóns gagnvart öðrum aðliggjandi landsvæðum, þ.e. Ármótaseli, Hákonarstaðahluta Rangárlóns og Sænautaseli. Samkvæmt landamerkjabréfi vestari hluta Rangárlóns eru merkin:

> Milli Rangalóns og Ármótasels, eru merkin beint úr Eyktagnýpu í Arnórsstaðasel.
>
> Á milli Rangalóns og Hákonarstaða eru merkin beint úr Arnórsstaðaseli í Marköldu í Sænautafelli.
>
> Milli Rangalóns og Sænautasels eru merkin beint úr Marköldu í Rúnastein.

Landamerkjabréfið var áritað vegna Ármótasels, Hákonarstaða og Sænautasels. Landamerkjabréf Rangárlóns er orðrétt í samræmi við landmerkjabréf Ármótasels, dags. 24. október 1921 og þingl. 27. júlí 1922. Landamerkjabréfið er einnig í samræmi við tvö landamerkjabréf eystri hluta Rangárlóns, hið eldra dags. og þingl. 6. júní 1894 og hið yngra dags. 24. október 1921 og þingl. 27. júlí 1922. Þá er landamerkjabréf Rangárlóns í samræmi við tvö landamerkjabréf Sænautasels, hið eldra dags. 4. júní 1894 og þingl. 6. júní sama ár, og hið yngra dags. 24. október 1921 og þingl. 27. júlí 1922. Landamerkjabréf Sænautasels frá 1921 og bréf eystri hluta

Rangárlóns frá 1921 eru árituð af Sigurði Haraldssyni sem þá bjó á Möðrudal en fluttist síðar að Rangárlóni árið eftir. Eldri heimildir um merki aðliggjandi landsvæða eru í samræmi við landamerkjabréf Rangárlóns og má þar nefna Hákonarstaðamáldaga frá 1663 og máldaga Hofteigskirkju frá 1454 um merki Arnórsstaða en Ármótasel er byggt úr þeirri jörð.

Samkvæmt landamerkjabréfi Möðrudals með hjáleigunum Lóni [Rangárlóni], Gestreiðarstöðum og Fögrukinn, dags. 20. mars 1884, voru austurmerki þeirra miðuð við „Þrívörður" á hálsinum milli Háreksstaða og Gestreiðarstaða, og síðan Þrí varðna háls, svo í mitt „Sænautavatn", þaðan í „Rúnastein" á „Urðarhlíð". Studdist landamerkjabréfið við vitnisburð Jóns Guðmundssonar frá 6. desember 1532 og lögfestu Möðrudals frá 9. maí 1844. Þessi merki voru hins vegar í andstöðu við heimildir um merki Arnórsstaða og Hákonarstaða. Urðu því deilur um mörkin sem leyst var úr með dómi aukaréttar Norður-Múlasýslu 20. september 1888. Var niðurstaðan sú að merkin skyldu miðast við „sjónhending úr Rúnasteini, er stendur á svo nefndri Urðarhlíð, inn og vestur frá Sænautaseli, og í Eyktargnýpu". Samkvæmt dómnum færðust því mörk Möðrudals nokkru vestar en ef miðað væri við landamerkjabréfið jarðarinnar frá 1884. Þrátt fyrir það er landsvæðið það sem hér er til umfjöllunar innan merkja Möðrudals eins og þau voru ákveðin með dómnum. Um þann hluta Rangárlóns sem liggur utan merkja Möðrudals samkvæmt dómnum er fjallað um í kafla 6.6. hér að framan.

Verður þá litið til suðurmerkja landsvæðisins gagnvart Grunnavatni. Samkvæmt landamerkjabréfi Rangárlóns eru merkin miðuð við Rúnastein „á Urðarhlíð, sem liggur á milli Sænautasels og Grunnavatns beina línu í norðvestur í Klettagil það í fjallgarðinum, sem stenst á við Háfsvatnaölduendann ytri". Landamerkjabréfið er áritað vegna Grunnavatns og gagnkvæmt. Þá er landamerkjabréfið í samræmi við landamerkjabréf Grunnavatns, dags. 24. október 1921 og þingl. 27. júlí 1922.

Í kjölfar þess að ný landamerkjalög tóku gildi 1919 var gert landamerkjabréf fyrir vestari hluta Rangárlóns. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum Rangárlóns sé þar rétt lýst. Af heimildum verður ráðið að sá hluti Rangárlóns sem hér er til umfjöllunar sé byggður úr landi Möðrudals sem er sjálfstæð jörð.[417] Framangreint landamerkjabréf er þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um afmörkun án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

[417] Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Umrætt landsvæði er innan merkja Möðrudals samkvæmt vitnisburði Jóns Guðmundssonar frá 1532, lögfestu jarðarinnar frá 1844 og landamerkjabréfi Möðrudals ásamt hjáleigunum Lóni [Rangárlóni], Gestreiðarstöðum og Fögrukinn frá 1884. Þá er landsvæðið innan merkja Möðrudals samkvæmt niðurstöðu dóms aukaréttar Norður-Múlasýslu frá 20. september 1888.

Dómur aukaréttar Norður-Múlasýslu er byggður á að Rangárlón sé bæði byggt úr landi Möðrudals og úr Hákonarstaðaheiði. Í samræmi við það sagði í gerðabók fasteignamats 1916–1918 að eigendur Rangárlóns væru Stefán Einarsson í Möðrudal og Pétur Kristjánsson á Hákonarstöðum. Árið 1921 voru síðan gerð tvö landamerkjabréf fyrir Rangárlón, eitt fyrir Hákonarstaðapartinn og annað fyrir Möðrudalspartinn. Þegar Rangárlón var selt í einu lagi árin 1940 og 1941 voru seljendur afkomendur fyrrum bónda Möðrudals annars vegar og ekkja Péturs Kristjánssonar á Hákonarstöðum hins vegar. Þær heimildir skjóta enn frekari stoðum undir það að Rangárlón hafi byggst úr bæði Möðrudal og Hákonarstöðum.

Bréf Péturs Havsteens sýslumanns til amtmanns, dags. 24. mars 1849, má skilja svo að hann telji Rangárlón vera eitt þeirra heiðarbýla sem ekki séu reist í „ómótmælanlegri landareign áður byggðra jarða“. Með hliðsjón af heimildum um merki Möðrudals og Hákonarstaða, sem ná allt aftur til 1532 og benda til þess að Rangárlón hafi verið innan merkja þeirra jarða, verður ekki byggt á þessum ummælum sýslumannsins.

Innan merkja Rangárlóns eru leitarsvæði Jökuldælinga. Í sóknarlýsingu Hofteigssóknar frá árinu 1874 segir að aðalafréttarlönd séu „Fljótsdals- og Jökuldalsheiðin, þ.e. hver jörð hefur afrétt í þeirri heiði sem henni tilheyrir“. Benedikt Gíslason í Hofteigi lýsir í bókinni *Göngur og réttir* fyrirkomulagi leita eins og þær voru á fyrri hluta 20. aldar. Þar segir að heiðarsvæðið milli Gilsár og Möðrudalsfjallgarða sé smalað í einni rétt á Hákonarstöðum. Eftir 1950 urðu nokkrar breytingar á smölun. Virðist land Rangárlóns vera hluti af leitarsvæði sem kallað er Út-Fjallagarðar. Þurfa jarðir á Jökuldal að leggja sameiginlega til smölunar á þessu svæði.

Samkvæmt því er að framan greinir er Rangárlón byggt úr landi jarðar og sama máli gegnir um aðliggjandi landsvæði. Óbyggðanefnd telur nægjanlega fram komið að Rangárlón hafi stöðu jarðar að lögum, sbr. umfjöllun um hugtakið *jörð* í A*lmennum niðurstöðum óbyggðanefndar*. Um þýðingu landamerkjabréfa fyrir jarðir við mat á sönnun um eignarhald að landi vísast til þess sem rakið er í kafla 6.1.1. Heimildir um beitarnot innan merkja Rangárlóns á síðari tímum verða fremur taldar vísa til notkunar viðkomandi landsvæðis en eignarréttarlegrar stöðu þess.[418] Staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar verða ekki taldir hafa úrslitaáhrif í þessu sambandi.

---

[418] Sbr. umfjöllun um jarðir og afrétti í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Ekki eru heimildir um annað en vestari hluti Rangárlóns hafi verið byggður og nýttur eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1921 hafa eigendur Rangárlóns vestari hluta farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja vestari hluta Rangárlóns sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[419]

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að vestari hluti Rangárlóns, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.10. Sænautasel

### 6.10.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands Sænautasels. Þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins í máli þessu tekur til landsvæðis á Jökuldalsheiði, þar á meðal alls þess lands sem þinglýstur eigandi Sænautasels gerir kröfu til sem eignarlands. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.17.

Að landsvæði því sem hér er til umfjöllunar liggur Rangárlón til vesturs og Ármótasel til norðurs. Til austurs eru Veturhús en Grunnavatn til suðurs. Svæðið liggur að mestu í 520–600 m hæð yfir sjávarmáli. Sænautavatn (525 m) liggur vestan til á svæðinu, austur undir Sænautafelli (736 m) og vestan Bjallkollu (624 m). Suðaustast liggur norðurhluti Ánavatns (522 m). Þar sem land liggur lægst á milli hnjúka er votlendi og rýrt mólendi en að öðru leyti er land lítt gróið. Bæjarstæði Sænautasels var við suðurenda Sænautavatns.

Þá ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja á Jökuldal, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 31.

### 6.10.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(8), er almennt byggt á því að landnám og lög séu frumstofnunarhættir beins eignarréttar. Grundvöllur að beinum eignarrétti hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalausum svæðum fjölgað með

[419] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

tímanum. Heimildir um landnám á svæðinu bendi ekki til að stofnast hafi til beins eignarréttar að Jökuldalsheiði fyrir nám. Vísað er til dóma Hæstaréttar varðandi Gilsá, frá 21.1.1999, í máli nr. 171/1998, og Víðirhóla frá 17.2.2000, í máli nr. 368/1999, en þar sýnist Hæstiréttur komast að þeirri niðurstöðu að landið hafi ekki verið numið. Vísað er til þess að samkvæmt *Jónsbók* hafi bæði verið heimilt að byggja sel í almenningum og eignarlandi. Upplýsingar um seljabúskap komi því ekki að notum við mat á eignarréttarlegri stöðu svæðisins. Byggt er á Ferðabók Eggerts og Bjarna frá 18. öld en þar komi fram að heiðin milli Jökuldals og Möðrudals liggi notalaus vegna fjarlægðar frá byggð. Vísað er til þess að á tíma nýbýlatilskipunarinnar hafi ekki verið gerður greinarmunur á afréttum og almenningum. Jafnframt er byggt á því að heimildir um fjallskil á Jökuldalsheiði bendi til afréttarsmölunar en það sé eitt þeirra atriða sem Hæstiréttur hafi lagt til grundvallar niðurstöðu sinni í svonefndum Gilsárdómi. Loks er vísað til þess að hefð sé framsal eignarréttinda en ekki frumstofnun. Þannig hafi ekki verið hægt að hefða land Sænautasels hafi landið verið þjóðlenda.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl nr. 21 og 21(3), er því haldið fram að land jarðarinnar sé innan landnáms Hákonar sem numið hafi Jökuldal allan fyrir vestan Jökulsá og ofan Teigarár. Því er mótmælt að óljósar lýsingar *Landnámu* geti orðið til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi verði dregin í efa. Byggt er á því að Sænautasel sé heiðarbýli undan Hákonarstöðum en það komi meðal annars fram í jarðamati 1849 og sýslu- og sóknarlýsingu frá 1874. Vísað er til máldaga Hofteigskirkju frá 1454 um merki Arnórsstaða en hann sé elsta skjallega heimildin um merki Hákonarstaða. Þá er byggt á vitnisburði Jóns Guðmundssonar á Möðrudal en samkvæmt honum hafi merki þeirrar jarðar og Hákonarstaða legið í gegnum mitt Sænautavatn. Jafnframt er vísað til dóms aukaréttar Norður-Múlasýslu um landamerki Möðrudals annars vegar og Víðirhóla og Arnórsstaða hins vegar. Með dóminum hafi allt Sænautavatn fallið undan Víðirhólum en ástæða þess að Víðirhóla sé getið í dóminum en ekki Sænautasels sé sú að Kristján Sigurðsson hafi átt allt landið fyrir norðan Víðidalsá þ.e. Víðirhóla, Veturhús og Sænautasel. Byggt er á landamerkjabréfi Sænautasels, dags. 4. júní 1894 og þingl. 6. júní 1894, en það sé áritað af nefndum Kristjáni og vegna Fossgerðis og Brúar. Þá er vísað til yngra landamerkjabréfs Sænautasels, dags. 24. október 1921 og þingl. 27. júlí 1922. Landamerkjabréfið sé áritað af eigendum aðliggjandi landsvæða, auk hreppstjóra Jökuldalshrepps. Samkvæmt landamerkjalögum, nr. 5/1882 og 41/1919, hafi opinberum aðilum verið falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa væru réttar samkvæmt formi sínu og efni. Styðji það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðar verði ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um inntak eignarréttar á landi Sænautsels hvíli þannig á íslenska ríkinu. Byggt er á því að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt, sbr. 1. gr. 1.

samningsviðauka laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu. Loks er byggt á því að skilyrðum hefðar sé fullnægt.

### 6.10.3. Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og Sænautasels er rakin í kafla 5.16. Þar kemur fram að hér er um að ræða eitt svokallaðra heiðarbýla, sbr. kafla 6.1.2., í byggð með hléum á árunum 1843–1942. Svo sem fram kemur í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámu* hversu langt upp til fjalla og inn til lands landnám á þessu svæði náði. Af því verða engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um hvort þar hafi í öndverðu verið stofnað til beins eignarréttar á þessu svæði með námi. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja fremur líklegt að svæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að hluta innan þess.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Sænautasels er lýst í landamerkjabréfum þess og hvað ráðið verður af eldri heimildum um sama efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Sænautaseli. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Sænautasels verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins.

Fyrstu lýsinguna á landamerkjum Sænautasels er að finna í landamerkjabréfi þess, dags. 4. júní 1894 og þingl. 6. júní 1894. Yngra landamerkjabréf Sænautasels er frá 24. október 1921 og þingl. 27. júlí 1922.

Verður þá fyrst litið til vesturmerkja Sænautsels gagnvart Rangárlóni. Samkvæmt landmerkjabréfi Sænautasels frá 1894 eru merkin að vestan Bjallkolla „og þaðan beint í Kvíslarós sem fellur úr Sænautavatni, sunnan við Rangárlón, og þaðan beint yfir vatnið og í upp Sænautafell á Marköldu, og þaðan beint í Rúnastein“. Bréfið er ekki áritað vegna þess hluta Rangárlóns sem stendur í Möðrudalslandi en Kristján Jón Sigurðsson áritar bréfið. Að líkindum var hann eigandi þess hluta Rangárlóns sem stóð í Hákonarstaðalandi. Landamerkjabréf Sænautasels frá 1922 er í samræmi við eldra bréfið og áritað af eigendum Möðrudals og Hákonarstaða en Rangárlón er byggt úr báðum þeim jörðum. Þá eru landamerkjabréf Sænautasels í samræmi við landamerkjabréf Rangárlóns, dagsett og þinglýst 6. júní 1894, en það bréf tekur til þess hluta Rangárlóns sem byggður er úr Hákonarstöðum. Landamerkjabréf Sænautasels er einnig í samræmi við landamerkjabréf Rangárlóns, dags. 23. október 1921 og þingl. 27. júlí 1922, sem tekur til Möðrudalshlutans og landamerkjabréfs Rangárlóns, dags. 24. október 1921 og þingl. 27. júlí 1922, sem tekur til Hákonarstaðahlutans. Tvö síðastnefnd landamerkjabréf eru árituð vegna Sænautasels.

Að því leyti sem Sænautasel á merki gagnvart þeim hluta Rangárlóns sem byggður er úr Möðrudal eru landamerkjabréf Sænautasels í samræmi við Hákonarstaðamáldaga frá 1663, lögfestu Hákonarstaða frá 1844 og dóm aukaréttar Norður-Múlasýslu frá 1888 en framangreindar heimildir miða allar við að mörkin gangi í gegnum Rúnastein á Urðarhlíð. Samkvæmt því er Sænautasel innan merkja

Hákonarstaða. Eldri heimildir um merki Möðrudals miða þó við að jörðin hafi náð lengra til austurs en samkvæmt dómsniðurstöðunni frá 1888. Samkvæmt vitnisburði Jóns Guðmundssonar um merki Möðrudalslands, dags. 6. desember 1532, tilheyrði jörðinni „halft Seningarvatn" Möðrudal. Í lögfestu Möðrudals frá 9. maí 1844 segir að austurmörk þeirrar jarðir séu „Þrivördr á Þrívardnahálsi og svo hálft Sænautavatn og þadan beina stefnu á Brúar Landamerki".

Verður þá næst litið til suðurmerkja Sænautasels gagnvart Grunnavatni. Samkvæmt landamerkjabréfi Sænautasels frá 1894 eru merkin miðuð við „Rúnastein, sem stendur á landamerkjum Brúar og Möðrudals, og þaðan beint í Skotmannsvík (Skallavík) við Ánavatn og þaðan austur í mitt Ánavatn". Landamerkjabréfið er áritað vegna Brúar en Grunnavatn er byggt úr þeirri jörð. Landamerkjabréf Sænautasels frá 1921 er í samræmi við hið eldra bréf og er áritað vegna Grunnavatns. Landamerkjabréfin eru í ágætu samræmi við landamerkjabréf Brúar, dags. 4. júlí 1890 og þingl. 6. júní 1894. Þá eru landamerkjabréf Sænautasels í samræmi við landamerkjabréf Grunnavatns, dags. 24. október 1921 og þingl. 27. júlí 1922, en merki þess miðast við Ánavatn og að „austan Skotmannsvík beint í Rúnastein á Urðarhlíð". Landamerkjabréfið er áritað vegna Sænautasels. Loks fá landamerkjabréf Sænautasels samræmst Hákonarstaðamáldaga frá 1633 og lögfestu Hákonarstaða frá 1833.

Verður næst litið til austurmerkja Sænautasels gagnvart Veturhúsum. Samkvæmt landamerkjabréfi Sænautasels frá 1894 eru þau miðuð við „mitt Ánavatn og beint í Botnalæk, og ræður svo Botnalækur í Botnahraun". Undir landamerkjabréfið skrifaði m.a. Kristján Jón Sigurðsson sem heimildir benda til að hafi átt bæði Sænautasel og Veturhús árið 1894. Landamerkjabréfið er í samræmi við yngra landamerkjabréf Sænautasels frá 1921. Þá eru landamerkjabréfin í samræmi við landamerkjabréf Veturhúsa, dags. 24. október 1921 og þingl. 27. júlí 1922. Landamerkjabréf Veturhúsa er áritað vegna Sænautasels. Eldri heimildir um merki Veturhúsa liggja ekki fyrir.

Verður þá loks litið til norðurmerkja Sænautasels gagnvart Ármótaseli. Samkvæmt landamerkjabréfi Sænautasels frá 1894 eru norðurmerkin miðuð við „Botnahraun sem stendur á milli Hákonarstaða og Arnórsstaðalands; þaðan beint í Bjallkollu". Landamerkjabréfið er ekki áritað vegna Ármótasels en það er byggt úr Arnórsstaðalandi. Landamerkjabréf Sænautsels frá 1921 er í samræmið við bréfið frá 1894 og er það áritað vegna Ármótasels.

Landamerkjabréf Sænautasels eru einnig í samræmi við landamerkjabréf Ármótasels, dags. 24. október 1921 og þingl. 27. júlí 1922. Landamerkjabréf Ármótasels er ekki áritað vegna Sænautasels en er áritað af Pétri Kristjánssyni, eiganda Hákonarstaða. Ármótasel er byggt úr landi Arnórsstaða og eru framangreind landamerkjabréf í ágætu samræmi við máldaga Hofteigskirkju frá 1454 um merki

Arnórsstaða. Framangreind landamerkjabréf Sænautasels eru í ágætu samræmi við Hákonarstaðamáldaga frá 1663 og lögfestu Hákonarstaða frá 1844.

Í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882 var gert landamerkjabréf fyrir Sænautasel. Við gildistöku núgildandi landamerkjalaga 1919 var gert nýtt landamerkjabréf fyrir landsvæðið sem lýsti merkjum með sambærilegum hætti. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum jarðarinnar sé þar rétt lýst. Af heimildum verður ráðið að land Sænautasels sé úr landi Hákonarstaða sem er sjálfstæð jörð.[420] Landamerkjabréf Sænautasels eru þinglesin, færð í landamerkjabók og á þeim byggt síðan um afmörkun án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Sænautasels hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Samkvæmt merkjalýsingum í Hákonarstaðamáldaga frá 1663 og lögfestu Hákonarstaða frá 1844 er Sænautasel byggt úr landi Hákonarstaða. Í afsali fyrir Veturhús, Víðirhóla og Sænautsel, dags. 27. janúar 1881, er tilvísun til máldaga Hákonarstaða varðandi afmörkun hins selda. Afsalið er elsta fyrirliggjandi heimildin um aðilaskipti að heiðarbýlunum úr landi Hákonarstaða. Niðurstaða dóms aukaréttar Norður-Múlasýslu 20. september 1888 er einnig byggð á því að land Hákonarstaða hafi náð allt vestur að Möðrudal.

Í bréfi Péturs Havsteens sýslumanns til amtmanns, dags. 24. mars 1849, kemur fram að Sænautasel sé eitt þeir býla í Möðrudalsheiði sem reist sé í ómótmælanlegri landareign áður byggðra jarða. Kemur fram að ábúendur þessara jarða hafi greitt árlegt eftirgjald til eigenda þeirra. Þá kemur fram í sýslu- og sóknarlýsingu frá 1840 og *Nýrri Jarðabók 1861* að Sænautasel hafi verið byggt úr landi Hákonarstaða. Eldri heimildir um merki Hákonarstaða eru þannig landamerkjabréfi Sænautasels til styrktar.

Innan merkja Sænautasels eru leitarsvæði Jökuldælinga. Í sóknarlýsingu Hofteigssóknar frá árinu 1874 segir að aðalafréttarlönd séu „Fljótsdals- og Jökuldalsheiðin, þ.e. hver jörð hefur afrétt í þeirri heiði sem henni tilheyrir“. Benedikt Gíslason í Hofteigi lýsir í bókinni *Göngur og réttir* fyrirkomulagi leita eins og þær voru á fyrri hluta 20. aldar. Það segir að heiðarsvæðið milli Gilsár og Möðrudalsfjallgarða sé smalað í einni rétt á Hákonarstöðum. Eftir 1950 urðu nokkrar breytingar á smölun. Virðist land Sænautasels vera hluti af leitarsvæði sem kallað er Út-Fjallagarðar. Þurfa jarðir á Jökuldal að leggja sameiginlega til smölunar á þessu svæði.

---

[420] Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Samkvæmt því er að framan greinir er Sænautasel byggt úr landi jarðar og sama máli gegnir um aðliggjandi landsvæði. Óbyggðanefnd telur nægjanlega fram komið að Sænautasel hafi stöðu jarðar að lögum, sbr. umfjöllun um hugtakið *jörð* í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*. Um þýðingu landamerkjabréfa fyrir jarðir við mat á sönnun um eignarhald að landi vísast til þess sem rakið er í kafla 6.1.1. Heimildir um beitarnot innan merkja Sænautasels á síðari tímum verða fremur taldar vísa til notkunar viðkomandi landsvæðis en eignarréttarlegrar stöðu þess.[421] Staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar verða ekki taldin hafa úrslitaáhrif í þessu sambandi.

Ekki eru heimildir um annað en Sænautasel hafi verið byggt og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1894 hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Sænautasels sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[422]

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Sænautasels, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.11. Veturhús

### 6.11.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands Veturhúsa. Þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins í máli þessu tekur til landsvæðis á Jökuldalsheiði, þar á meðal alls þess lands sem þinglýstir eigendur Veturhúsa gera kröfu til sem eignarlands. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.18.

Að landsvæði því sem hér er til umfjöllunar liggur Sænautasel til vesturs og Ármótasel til norðurs. Til austurs eru Víðirhólar en Eiríksstaðir til suðurs. Svæðið sem um ræðið er hallalítið að suðvestanverðu en hækkar skarpt í Stóra-Svalbarði (833 m) að norðan og austanverðu. Vestur undir Stóra-Svalbarði er votlendi og rýrt mólendi. Norðurhluti vatnsins Gripdeild (561 m) liggur syðst á svæðinu og norðausturhluti Ánavatns liggur suðvestan til á því.

[421] Sbr. umfjöllun um jarðir og afrétti í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).
[422] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Þá ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja á Jökuldal, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 31.

### 6.11.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(8), er almennt byggt á því að landnám og lög séu frumstofnunarhættir beins eignarréttar. Grundvöllur að beinum eignarrétti hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalausum svæðum fjölgað með tímanum. Heimildir um landnám á svæðinu bendi ekki til að stofnast hafi til beins eignarréttar að Jökuldalsheiði fyrir nám. Vísað er til dóma Hæstaréttar varðandi Gilsá, frá 21.1.1999, í máli nr. 171/1998, og Víðirhóla frá 17.2.2000, í máli nr. 368/1999, en þar sýnist Hæstiréttur komast að þeirri niðurstöðu að landið hafi ekki verið numið. Vísað er til þess að samkvæmt *Jónsbók* hafi bæði verið heimilt að byggja sel í almenningum og eignarlandi. Upplýsingar um seljabúskap komi því ekki að notum við mat á eignarréttarlegri stöðu svæðisins. Byggt er á Ferðabók Eggerts og Bjarna frá 18. öld en þar komi fram að heiðin milli Jökuldals og Möðrudals liggi notalaus vegna fjarlægðar frá byggð. Vísað er til þess að á tíma nýbýlatilskipunarinnar hafi ekki verið gerður greinarmunur á afréttum og almenningum. Jafnframt er byggt á því að heimildir um fjallskil á Jökuldalsheiði bendi til afréttarsmölunar en það sé eitt þeirra atriða sem Hæstiréttur hafi lagt til grundvallar niðurstöðu sinni í svonefndum Gilsárdómi. Loks er vísað til þess að hefð sé framsal eignarréttinda en ekki frumstofnun. Þannig hafi ekki verið hægt að hefða land Veturhúsa, hafi landið verið þjóðlenda.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl nr. 22 og 22(4), er því haldið fram að land jarðarinnar sé innan landnáms Hákonar sem numið hafi Jökuldal allan fyrir vestan Jökulsá og ofan Teigarár. Því er mótmælt að óljósar lýsingar *Landnámu* geti orðið til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi verði dregin í efa. Byggt er á því að Veturhús sé heiðarbýli undan Hákonarstöðum en það komi meðal annars fram í jarðamati 1849 og sýslu- og sóknarlýsingu frá 1874. Vísað er til máldaga Hofteigskirkju frá 1454 um merki Arnórsstaða en hann sé elsta skjallega heimildin um merki Hákonarstaða. Þá er byggt á landamerkjabréfi fyrir Veturhús frá 1921. Landamerkjabréfið sé þinglýst og áritað af eigendum aðliggjandi landsvæða auk hreppstjóra Jökuldalshrepps. Samkvæmt landamerkjalögum, nr. 5/1882 og 41/1919, hafi opinberum aðilum verið falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa væru réttar samkvæmt formi sínu og efni. Styðji það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðar verði ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrði um inntak eignarréttar á landi hvíli þannig á íslenska ríkinu. Byggt er á því að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu

uppfyllt, sbr. 1. gr. 1. samningsviðauka laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu. Loks er byggt á því að skilyrðum hefðar sé fullnægt.

### 6.11.3. Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Veturhúsa er rakin í kafla 5.17. Þar kemur fram að hér er um að ræða eitt svokallaðra heiðarbýla, sbr. kafla 6.1.2., í byggð með hléum frá 1847–1941. Svo sem fram kemur í kafla 6.2. er því ekki lýst í Landnámu hversu langt upp til fjalla og inn til lands landnám á þessu svæði náði. Af því verða engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um hvort þar hafi í öndverðu verið stofnað til beins eignarréttar á þessu svæði með námi. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja fremur líklegt að svæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að hluta innan þess.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Veturhúsa er lýst í landamerkjabréfi þess og hvað ráðið verður af eldri heimildum um sama efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Veturhúsum. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Veturhúsa verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Fyrstu og einu lýsinguna á landamerkjum Veturhúsa er að finna í landamerkjabréfi þess, dags. 24. október 1921 og þingl. 27. júlí 1922.

Verður þá fyrst litið til vesturmerkja Veturhúsa gagnvart Sænautaseli. Samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar eru merkin að vestan Botnahraun „þaðan ræður Botnalækur inn í Ána-vatn, þaðan í Digranes“. Landamerkjabréfið er áritað vegna Sænautasels og er í ágætu samræmi við tvö landamerkjabréf þeirrar jarðar, hið eldra frá 1884 en hið yngra frá 1921. Landamerkjabréf Sænautasels eru ekki árituð vegna Veturhúsa en eigandi Hákonarstaða áritar þau hins vegar um samþykki. Í dómi aukaréttar Norður-Múlasýslu frá 1888 voru mörk heiðarbýla Hákonarstaða að vestan talin vera „sjónhending úr Rúnasteini, er stendur á svo nefndri Urðarhlíð, inn og vestur frá Sænautaseli, og í Eyktargnýpu“. Veturhús eru þannig austan við þessa línu og samkvæmt því innan Hákonarstaðalands, sbr. einnig Hákonarstaðamáldaga frá 1663 og lögfestu Hákonarstaða frá 1833.

Verður þá næst litið til suðurmerkja Veturhúsa gagnvart Eiríksstöðum. Samkvæmt landamerkjabréfi Veturhúsa eru merkin miðuð við að frá Digranesi sé farið „í Buskntjarnarós, þaðan í Víðidalsárós“. Landamerkjabréfið er í samræmi við tvo landamerkjabréf Eiríksstaða, hið fyrra frá 1894 og hið seinna frá 1921. Landamerkjabréf Eiríksstaða var áritað af eiganda Hákonarstaða. Þá eru framangreind landamerkjabréf í ágætu samræmi við Hákonarstaðamáldaga frá 1663 og lögfestu Hákonarstaða frá 1844.

Samkvæmt landamerkjabréfi Veturhúsa eru austurmerki þess gagnvart Víðirhólum miðuð við „Víðidalsárós út Svalbarðsháls í há-Stórasvalbarð, þaðan í Lönguhlíðarenda fremri“. Bréfið er í samræmi við landamerkjabréf Víðirhóla frá 1921

en ekki áritað vegna þeirrar jarðar. Landamerkjabréf Víðirhóla er hins vegar áritað af eiganda Hákonarstaða.

Verður þá loks litið til norðurmerkja Veturhúsa gagnvart Ármótaseli. Samkvæmt landamerkjabréfi Veturhúsa eru norðurmerkin miðuð við „Lönguhlíðarenda fremri í Botnahraun". Landamerkjabréfið er áritað af Stefáni Guðmundssyni í Merki sem var eigandi Ármótasels. Landamerkjabréfið er í ágætu samræmi við Hákonarstaðamáldaga frá 1663 og lögfestu Hákonarstaða frá 1844. Landamerkjabréf Veturhúsa er í samræmi við landamerkjabréf Ármótasels frá 1921. Bréf Ármótasels er áritað af Pétri Kristjánssyni eiganda Hákonarstaða. Ármótasel er byggt úr landi Arnórsstaða og eru framangreind landamerkjabréf í ágætu samræmi við máldaga Hofteigskirkju frá 1454 um merki Arnórsstaða.

Í kjölfar þess að ný landamerkjalög tóku gildi 1919 var gert landamerkjabréf fyrir Veturhús. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum Veturhúsa sé þar rétt lýst. Af heimildum verður ráðið að land Veturhúsa sé úr landi Hákonarstaða sem er sjálfstæð jörð.[423] Landamerkjabréf Veturhúsa er þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um afmörkun án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Veturhúsa hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Samkvæmt merkjalýsingum í Hákonarstaðamáldaga frá 1663 og lögfestu Hákonarstaða frá 1844 eru Veturhús byggð úr landi Hákonarstaða. Í bréfi Péturs Havsteens sýslumanns til amtmanns, dags. 24. mars 1849, kemur fram að Veturhús sé eitt þeir býla í Möðrudalsheiði sem reist sé í ómótmælanlegri landareign áður byggðra jarða. Kemur fram að ábúendur þessara jarða hafi greitt árlegt eftirgjald til eigenda þeirra. Í afsali fyrir Veturhús, Víðirhóla og Sænautsel, dags. 27. janúar 1881, er tilvísun til máldaga Hákonarstaða varðandi afmörkun hins selda. Afsalið er elsta fyrirliggjandi heimildin um kaup og sölu á heiðarbýlunum úr landi Hákonarstaða. Niðurstaða dóms aukaréttar Norður-Múlasýslu 20. september 1888 er einnig byggð á því að land Hákonarstaða hafi náð allt vestur að Möðrudal. Sýslu- og sóknarlýsing frá 1840, jarðamat 1849 og jarðabók 1861 eru samhljóða um að Veturhús hafi verið byggð úr landi Hákonarstaða. Eldri heimildir um merki Hákonarstaða eru þannig landamerkjabréfi Veturhúsa til styrktar.

Innan merkja Veturhúsa eru leitarsvæði Jökuldælinga. Í sóknarlýsingu Hofteigssóknar frá árinu 1874 segir að aðalafréttarlönd séu „Fljótsdals- og Jökuldalsheiðin, þ.e. hver jörð hefur afrétt í þeirri heiði sem henni tilheyrir". Benedikt

[423] Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Gíslason í Hofteigi lýsir í bókinni *Göngur og réttir* fyrirkomulagi leita eins og þær voru á fyrri hluta 20. aldar. Þar segir að heiðarsvæðið milli Gilsár og Möðrudalsfjallgarða sé smalað í einni rétt á Hákonarstöðum. Eftir 1950 urðu nokkrar breytingar á smölun. Virðist land Veturhúsa vera hluti af leitarsvæði sem kallað er Út-Fjallagarðar og þurfi jarðir á Jökuldal að leggja sameiginlega til smölunar á þessu svæði.

Samkvæmt því er að framan greinir eru Veturhús byggð úr landi jarðar og sama máli gegnir um aðliggjandi landsvæði. Óbyggðanefnd telur nægjanlega fram komið að Veturhús hafi stöðu jarðar að lögum, sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*. Um þýðingu landamerkjabréfa fyrir jarðir við mat á sönnun um eignarhald að landi vísast til þess sem rakið er í kafla 6.1.1. Heimildir um beitarnot innan merkja Veturhúsa á síðari tímum verða fremur taldar vísa til notkunar viðkomandi landsvæðis en eignarréttarlegrar stöðu þess.[424] Staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar verða ekki talin hafa úrslitaáhrif í þessu sambandi.

Ekki eru heimildir um annað en Veturhús hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1923 hafa eigendur landsvæðisins farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Veturhúsa sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[425]

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Veturhúsa, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.12. Víðirhólar

### 6.12.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands Víðirhóla. Þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins í máli þessu tekur til landsvæðis á Jökuldalsheiði, þar á meðal alls þess lands Víðirhóla eins og þeir eru afmarkaðir í kröfulýsingum gagnaðila þess. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í köflum 3.19. og 3.20.

Að landsvæði því sem hér er til umfjöllunar liggur Veturhús til vesturs og Ármótasel til norðurs. Til austurs eru Hákonarstaðir en Eiríksstaðir til suðurs.

[424] Sbr. umfjöllun um jarðir og afrétti í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).
[425] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Landsvæðið sem um ræðir er hallalítið að sunnan og austanverðunni í svonefndum Víðidal en þar er mólendi og votlendi. Vestur upp af dalnum liggur Stóra-Svalbarð (833 m) og norðaustan hans liggur fellið Útigönguhnaus. Víðidalsá rennur úr Gripdeild (561 m) til norðausturs og lá bæjarstæði Víðirhóla vestan hennar.

Þá ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja á Jökuldal, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 31.

### 6.12.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(8), er almennt byggt á því að landnám og lög séu frumstofnunarhættir beins eignarréttar. Grundvöllur að beinum eignarrétti hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalausum svæðum fjölgað með tímanum. Heimildir um landnám á svæðinu bendi ekki til að stofnast hafi til beins eignarréttar að Jökuldalsheiði fyrir nám. Vísað er til dóma Hæstaréttar varðandi Gilsá, frá 21.1.1999, mál nr. 171/1998, og Víðirhóla frá 17.2.2000, mál nr. 368/1999, en þar sýnist Hæstiréttur komast að þeirri niðurstöðu að landið hafi ekki verið numið. Vísað er til þess að samkvæmt Jónsbók hafi bæði verið heimilt að byggja sel í almenningum og eignarlandi. Upplýsingar um seljabúskap komi því ekki að notum við mat á eignarréttarlegri stöðu svæðisins. Byggt er á Ferðabók Eggerts og Bjarna frá 18. öld en þar komi fram að heiðin milli Jökuldals og Möðrudals liggi notalaus vegna fjarlægðar frá byggð. Vísað er til þess að á tíma nýbýlatilskipunarinnar hafi ekki verið gerður greinarmunur á afréttum og almenningum. Jafnframt er byggt á því að heimildir um fjallskil á Jökuldalsheiði bendi til afréttarsmölunar en það sé eitt þeirra atriða sem Hæstiréttur hafi lagt til grundvallar niðurstöðu sinni í svonefndum Gilsárdómi. Loks er vísað til þess að hefð sé framsal eignarréttinda en ekki frumstofnun. Þannig hafi ekki verið hægt að hefða land Víðirhóla hafi landið verið þjóðlenda.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl nr. 23 og 23(2), er því haldið fram að land jarðarinnar sé innan landnáms Hákonar sem numið hafi Jökuldal allan fyrir vestan Jökulsá og ofan Teigará. Því er mótmælt að óljósar lýsingar *Landnámu* geti orðið til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi verði dregin í efa. Byggt er á því að landnámsjörðin Hákonarstaðir hafi m.a. náð yfir land Víðirhóla. Vakin er athygli á að í gerðabók Fasteignamatsnefndar frá 1916–1918 komi fram í lýsingu Hákonarstaða að er Víðirhólar hafi verið í byggingu hafi landskuld verið greidd vegna þeirra. Í gerðabókinni segi einnig að þar sem býlið hafi lagst í eyði verði það metið með aðaljörðinni. Byggt er á máldaga Hofteigskirkju frá 1454 um merki Arnórsstaða en hann sé elsta skjallega heimildin um merki Hákonarstaða. Þá er byggt á landamerkjabréfi Víðirhóla frá 1921 en það sé þinglýst og áritað af eigendum aðliggjandi landsvæða auk hreppstjóra Jökuldalshrepps. Samkvæmt

landamerkjalögum, nr. 5/1882 og 41/1919, hafi opinberum aðilum verið falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa væru réttar samkvæmt formi sínu og efni. Styðji það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðar verði ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrði um inntak eignarréttar á landi Víðirhóla hvíli þannig á íslenska ríkinu. Vísað er til svarbréfs hreppstjóra Jökuldalshrepps, dags. 3. júní 1920, um að ekki séu í hreppnum nokkur þau afréttarlönd eða almenningar sem sannanlega tilheyri ekki einhverju lögbýli. Því er mótmælt að ástæða frávísunar í máli Hæstaréttar frá 17. febrúar 2000, nr. 368/1999, hafi haft eitthvað með inntak eignarréttar að gera heldur hafi hún fyrst og fremst verið sú að skilyrði hafi brostið til útgáfu eignardómsstefnu þar eð aðrir eigendur mögulegir en stefnendur hafi verið þekktir. Byggt er á því að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt, sbr. 1. gr. 1. samningsviðauka laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu. Loks er byggt á því að skilyrðum hefðar sé fullnægt.

### 6.12.3. Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Víðirhóla er rakin í kafla 5.18. Þar kemur fram að hér er um að ræða eitt svokallaðra heiðarbýla, sbr. kafla 6.1.2., í byggð með hléum frá 1847–1905. Svo sem fram kemur í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámabók* hversu langt upp til fjalla og inn til lands landnám á þessu svæði náði. Af því verða engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um hvort þar hafi í öndverðu verið stofnað til beins eignarréttar á þessu svæði með námi. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja fremur líklegt að svæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að hluta innan þess.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Víðirhóla er lýst í landamerkjabréfi, dags. 24. október 1921 og þingl. 27. júlí 1922.

Verður þá fyrst litið til vesturmerkja Víðirhóla gagnvart Veturhúsum. Samkvæmt landamerkjabréfi Víðirhóla eru merkin að vestan miðuð við Lönguhlíðarenda fremri „í há-Stórasvalbarð, þaðan inn Svalbarðsháls í Gripdeild, þaðan í Víðirdalsárós“. Landamerkjabréfið er í samræmi við landamerkjabréf Vesturhúsa frá 1921. Landamerkjabréf Víðirhóla er áritað af Pétri Kristjánssyni á Hákonarstöðum en heimildir benda til þess að árið 1921 hafi hann einnig verið eigandi Veturhúsa og Víðirhóla.

Verður þá litið til norðurmerkja Víðirhóla gagnvart Ármótaseli. Samkvæmt landamerkjabréfi Víðirhóla eru norðurmerki miðuð við „Víðirdalsá gegnt Öxlum sunnan við Kiðuhamar í Lönguhlíðarenda fremri“. Landamerkjabréfið er áritað vegna Ármótasels. Þá fær bréfið stuðning í Hákonarstaðamáldaga frá 1663 og lögfestu þeirra frá 1844 en samkvæmt þeim heimildum eru Víðirhólar innan merkja Hákonarstaða. Landamerkjabréf Víðirhóla er í samræmi við landamerkjabréf Ármótasels, dags. 24.

október 1921 og þingl. 27. júlí 1922, og áritað vegna þeirrar jarðar. Í kafla 6.7. er komist að þeirri niðurstöðu að Ármótasel sé byggt úr landi Arnórsstaða. Landamerkjabréf Ármótasels fæst samræmst máldaga um merki Arnórsstaða frá 1454.

Næst verður litið til austurmerkja Víðirhóla gagnvart Hákonarstöðum. Samkvæmt landamerkjabréfi Víðirhóla eru austurmerkin miðuð við Búðarháls við Eiríksstaðaveg og ræður svo vegurinn að Víðidalsá og ræður hún svo þar til hún er „gegnt Öxlum sunnan við Kiðuhamar“. Landamerkjabréfið er í ágætu samræmi við landamerkjabréf Hákonarstaða, dags. 24. október 1921 og þingl. 15. desember sama ár, og áritað vegna þeirrar jarðar.

Samkvæmt landamerkjabréfi Víðirhóla eru merki þess til suðurs gagnvart Eiríksstöðum sögð vera frá Búðarhálsi „við Eiríksstaðaveg í Víðirdalsárós“. Landamerkjabréfið er áritað vegna Eiríksstaða og í samræmi við tvö landamerkjabréf þeirrar jarðar. Eldra bréf Eiríksstaða er dags. 21. maí 1894 og þingl. 6. júní 1894 og áritað af Kristjáni Jóni Sigurðssyni vegna Víðirhóla. Yngra bréfið, dags. 14. október 1921 og þingl. 27. júlí 1922, er áritað af syni Kristjáns, Pétri Kristjánssyni á Hákonarstöðum. Þá fær bréfið stuðning í Hákonarstaðamáldaga frá 1663 og lögfestu Hákonarstaða frá 1844.

Í kjölfar þess að ný landamerkjalög tóku gildi 1919 var gert landamerkjabréf fyrir Víðirhóla. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum Víðirhóla sé þar rétt lýst. Af heimildum verður ráðið að land Víðirhóla sé úr landi Hákonarstaða sem er sjálfstæð jörð.[426] Landamerkjabréf Víðirhóla er þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um afmörkun, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Víðirhóla hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Hér kemur til sérstakrar athugunar Hæstaréttardómur nr. 368/1999 sem vísað er til af hálfu ríkisins. Málsatvik voru með þeim hætti að eigendur jarðarinnar Hákonarstaða höfðuðu eignardómsmál og kröfðust þess að eignarréttur sinn að heiðarbýlinu Víðirhólum yrði viðurkenndur en þeir töldu að Víðirhólar hefðu fylgt með í kaupunum þegar forfaðir þeirra keypti Hákonarstaði. Málinu var vísað frá héraðsdómi þar sem eignardómsstefnan var ekki talin fela í sér næga greinargerð um heimild að lögum til útgáfu hennar og eigendur Hákonarstaða hefðu að svo komnu ekki sýnt nægilega fram á hver nauðsyn hafi borið til að höfða málið sem eignardómsmál. Við mat á þýðingu dómsins er til þess að líta að niðurstaða hans felur einungis í sér að skilyrðum til útgáfu eignardómsstefnu var ekki fullnægt. Þannig

[426] Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

skorti á að formskilyrði 121. gr., sbr. 2. mgr. 122. gr., laga nr. 91/1991 væru uppfyllt og var því héraðsdómara ekki rétt að gefa eignardómsstefnuna út „við svo búið" eins og segir í dómnum. Hann felur ekki í sér efnislega niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins og er því hvorki formlega né efnislega bindandi fyrir það mál sem hér um ræðir.

Samkvæmt merkjalýsingum Hákonarstaðamáldaga frá 1663 og lögfestu Hákonarstaða frá 1844 eru Víðirhólar byggðir úr landi Hákonarstaða. Í afsali fyrir Veturhús, Víðirhóla og Sænautsel, dags. 27. janúar 1881, er tilvísun til máldaga Hákonarstaða varðandi afmörkun hins selda. Afsalið er elsta fyrirliggjandi heimildin um kaup og sölu á heiðarbýlunum úr landi Hákonarstaða. Niðurstaða dóms aukaréttar Norður-Múlasýslu 20. september 1888 er einnig byggð á því að land Hákonarstaða hafi náð allt vestur að Möðrudal. Í sýslu- og sóknarlýsingu frá 1840 og fasteignamati 1916–1918 kemur fram að Víðirhólar séu byggðir úr Hákonarstöðum. Eldri heimildir um merki Hákonarstaða eru þannig landamerkjabréfi Víðirhóla til styrktar.

Innan merkja Víðirhóla eru leitarsvæði Jökuldælinga. Í sóknarlýsingu Hofteigssóknar frá árinu 1874 segir að aðalafréttarlönd séu „Fljótsdals- og Jökuldalsheiðin, þ.e. hver jörð hefur afrétt í þeirri heiði sem henni tilheyrir". Benedikt Gíslason í Hofteigi lýsir í bókinni *Göngur og réttir* fyrirkomulagi leita eins og þær voru á fyrri hluta 20. aldar. Það segir að heiðarsvæðið milli Gilsár og Möðrudalsfjallgarða sé smalað í einni rétt á Hákonarstöðum. Eftir 1950 urðu nokkrar breytingar á smölun. Virðist land Víðirhóla vera hluti af leitarsvæði sem kallað er Út-Fjallagarðar. Þurfa jarðir á Jökuldal að leggja sameiginlega til smölunar á þessu svæði.

Á Víðirhólum stóð búseta á tímabilinu 1847 til 1905 að fjórum árum undanskildum. Árið 1898 keypti Kristján Sigurðsson Víðirhóla ásamt Veturhúsum og Sænautseli. Bjó Kristján á Víðirhólum og um tíma virðist nafnið Víðirhólar hafa verið notað um allt það landsvæði sem nýbýlin þrjú tóku til, sbr. dóm aukaréttar Norður-Múlasýslu um mörk Möðrudals annars vegar og Arnórsstaða og Víðirhóla hins vegar.

Samkvæmt því er að framan greinir eru Víðirhólar byggðir úr landi jarðar og sama máli gegnir um aðliggjandi landsvæði. Óbyggðanefnd telur nægjanlega fram komið að Víðirhólar hafi stöðu jarðar að lögum, sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*. Um þýðingu landamerkjabréfa fyrir jarðir við mat á sönnun um eignarhald að landi vísast til þess sem rakið er í kafla 6.1.1. Heimildir um beitarnot innan merkja Víðirhóla á síðari tímum verða fremur taldar vísa til notkunar viðkomandi landsvæðis en eignarréttarlegrar stöðu þess.[427] Staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar verða ekki taldir hafa úrslitaáhrif í þessu sambandi.

[427] Sbr. umfjöllun um jarðir og afrétti í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Ekki eru heimildir um annað en Víðirhólar hafi verið byggðir og nýttir eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1923 hafa eigendur Víðirhóla farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Víðirhóla sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[428]

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Víðirhóla, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.13. Brú

### 6.13.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands Brúar.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína þaðan sem Kreppa fellur í Jökulsá á Fjöllum (A), þaðan í toppinn á Bíldufelli (B) og svo beina línu í Jökulsá á Jökuldal (C). Gerð er krafa til þess að land sunnan þessarar kröfulínu verði úrskurðað þjóðlenda. Á móti hafa þinglýstir eigendur Brúar I og II lýst kröfu um beinan eignarrétt að sama landsvæði, á milli Jökulsár á Fjöllum, Jökulsár á Jökuldal og suður að Vatnajökli, þó að undanskildum Laugarvöllum. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.21.

Að landsvæði þessu, og Laugarvalla innan þess, liggja til austurs, handan Jökulsár á Jökuldal, jarðirnar Vaðbrekka og Aðalból og þar sunnan við ágreiningssvæði í máli 1 hjá óbyggðanefnd, nánar tiltekið Vesturöræfi. Til vesturs er Krepputunga og Mývatnsöræfi. Að norðanverðu eru Möðrudalur, Heiðarsel og Eiríksstaðir. Loks liggur Vatnajökull til suðurs. Þess skal getið að Krepputunga var upphaflega til umfjöllunar í máli þessu og á kröfusvæði þinglýstra eigenda Brúar I og II en síðar skilin frá því, sjá nánar í kafla 2.4.

Landsvæði það sem hér um ræðir liggur í um 500–800 m hæð yfir sjávarmáli. Þríhyrningsfjallgarður, sem er tæplega 40 km langur og hefur leguna norður–suður, skiptir því í annars vegar Brúardali og hins vegar Brúaröræfi. Suðurhluti fjallgarðsins er innan kröfulínu íslenska ríkisins. Austan hans eru Brúardalir sem eru blásin öræfi en með grónum daldrögum inn á milli. Vestan fjallgarðsins eru Brúaröræfi og ná suður að Vatnajökli. Brúaröræfin eru að mestu leyti lítt grónar auðnir og fjöll. Svæði þetta er að mestu fremur flatt en þó öldótt á köflum og þar eru nokkur fell, svo sem

[428] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Grágæsahnjúkur (820 m), Fagradalsfjall (1022 m), Sauðafell (760 m og 800 m), Lambafell (768 m) og Álftadalsfjall (910 m). Einnig eru þar nokkur vötn og ber helst að nefna Gæsavatn (695 m) sem liggur sunnan undir Álftadalsfjalli (910 m) og Grágæsavatn, einnig kallað Kreppulón, sem liggur í Grágæsadal sunnan Fagradalsfjalls. Frá bæjarstæði Brúar að Brúarjökli, nánar tiltekið upptökum Kringilsár vestan Kringilsárrana, eru rúmlega 43 km í beinni loftlínu.

Loks ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja á Jökuldal, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 31.

### 6.13.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(8), er almennt byggt á því að landnám og lög séu frumstofnunarhættir beins eignarréttar. Grundvöllur að beinum eignarrétti hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalausum svæðum fjölgað með tímanum. Landamerkjabréf Brúar verði ekki skilin á þann veg að jörðinni tilheyri allt land að jökli milli Jökulsár á Jökuldal og Jökulsár á Fjöllum. Í bréfunum segi ekki að Brú tilheyri land inn til Vatnajökuls. Landamörk og landnám nái yfirleitt ekki yfir ófær straumvötn. Óhindraður samgangur frá Brú að Jökulsá á Fjöllum sé einungis að þeim stað í Jökulsá á Fjöllum þar sem Kreppa komi í ána, vestan við Arnardalsöldu. Skýra eigi landamerkjabréfin þannig að land Brúar sé sunnan við Möðrudalsland svo langt sem Jökulsá á Fjöllum nái til suðurs og svo í austur að Jökulsá á Jökuldal. Lengra suður geti þessi merki ekki verið þar sem stórfljótið Kreppa loki hér af syðri hluta Jökulsár á Fjöllum. Þá er byggt á því að það veiki gildi landamerkjabréfanna að ekki njóti við eldri heimilda um merki. Vísað er til skoðunargerðar sýslumanns frá 24. ágúst 1824 um að afréttur jarðarinnar í Brúardölum sé aftekinn að þriðjungi þar sem Sauðá sé ófær með öllu og sóknarlýsingar Hofteigsprestakalls frá 1874, þar sem Brúaröræfi séu nefnd meðal afrétta á Jökuldal og sögð nýtt af fremstu bæjum. Þá komi fram í *Lýsingu Íslands* (1919) eftir Þorvald Thoroddsen að bændur á efri Jökuldal hafi upprekstur fyrir lömb sín í Kringilsárrana. Framangreindar heimildir bendi ekki til annars en jörðin Brú hafi einungis átt afrétt sunnan Sauðár.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl nr. 6 og 6(9), er því haldið fram að jörðin Brú sé innan landnáms Hákonar sem numið hafi Jökuldal allan. Eignarrétturinn sé friðhelgur, sbr. 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. 1. samningsviðauka laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu. Vísað er til tveggja landamerkjabréfa Brúar, hið fyrra, dags. 4. júní 1890 og þingl. 6. júní 1894, og hið síðara, dags. 14. október 1921 og þingl. 27. júlí 1922. Samkvæmt landamerkjalögum, nr. 5/1882 og 41/1919, hafi opinberum aðilum verið falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa væru réttar samkvæmt formi sínu og efni. Styðji það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðar verði ekki hnekkt nema óyggjandi

sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrði um inntak eignarréttar að landi Brúar hvíli þannig á íslenska ríkinu. Um ástæðu þess að suðurmerki séu ekki tilgreind í landamerkjabréfinu er vísað til fornrar venju um að þegar ár séu notaðar til að afmarka land þá sé miðað við upptök þeirra. Landamerki Brúar séu þannig skýr frá náttúrunnar hendi og ekki hafi þótt þörf á að geta þeirra sérstaklega í landamerkjabréfi. Með vísan til landamerkjabréfs jarðarinnar er því einnig mótmælt að Kreppa sé ófært vatnsfall enda séu þar friðlýstar fornminjar, kofarústir og fjárrétt. Þá er vísað til landbrigðaþáttar *Grágásar* og landbrigðabálks *Jónsbókar* um merkjagerð og merkjagöngur. Brú hafi alla tíð verið í bændaeign og þess vegna séu ekki jafn ríkulegar heimildir um jörðina og þær eignir sem einhvern tíma hafi verið í eigu ríkis eða kirkju. Óeðlilegt sé að láta landeigendur bera hallann af þögn heimilda þar sem ekki sé hægt að ætlast til þess að varðveittar séu heimildir um landamerki jarðar þar sem aldrei hafi skapast ágreiningur.

Gagnaðilar byggja einnig á svarbréfi hreppstjóra Jökuldalshrepps, dags. 3. júní 1920, um að ekki séu í hreppnum nokkur þau afréttarlönd eða almenningar sem sannanlega tilheyri ekki einhverju lögbýli. Jafnframt er vísað til þess að gagnaðilar hafi fengið svokallað felligjald af hreindýrum sem felld hafi verið innan landamerkja jarðarinnar. Íslenska ríkið hafi með því og öðrum athöfnum sínum vakið hjá eigendum jarðarinnar réttmætar væntingar til þess að land jarðarinnar innan lýstra merkja sé undirorpið beinum eignarrétti. Því er mótmælt að almennar landsháttalýsingar leiði til þess að beinn eignarréttur á landinu verði dreginn í efa. Á Jökuldal hafi landeigendur frá fornu fari smalað sín heimalönd eins og lög bjóði en afréttir, í skilningi íslenska ríkisins, hafi ekki þekkst. Í Kverkfjöllum sé svonefndur Sigurðarskáli og af honum sé greidd lóðarleiga til eigenda Brúar. Loks er á því byggt að skilyrði hefðar séu uppfyllt.

### 6.13.3. Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Brúar er rakin í kafla 5.19. Þar kemur fram að Brúar er getið í heimildum frá því á 15. öld. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.[429]

Kemur þá til skoðunar hvað ráðið verður af heimildum um merki Brúar. Elsta eiginleg merkjalýsing jarðarinnar er í landamerkjabréfi sem dagsett er 4. júlí 1890 og var þinglesið 6. júní 1894. Síðar var gert annað landamerkjabréf fyrir Brú, dagsett 14. október 1921 og þinglesið 27. júlí 1922. Einnig verður litið til annarra heimilda sem vísbendingar geta gefið um sama efni enda þótt þar séu ekki eiginlegar merkjalýsingar. Jafnframt verður hugað að afmörkun aðliggjandi landsvæða. Athugun þessi tekur fyrst og fremst til suðurmerkja, inn til landsins og kröfusvæðis íslenska

[429] Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Brúar verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæði sem hér er til umfjöllunar.

Verður þá fyrst litið til norðurmerkja Brúar. Í því sambandi skal þess getið að mörk annars vegar Brúar og hins vegar Eiríksstaða og Möðrudals, liggja utan við kröfusvæði íslenska ríkisins og þarfnast því ekki sérstakrar athugunar. Af hálfu íslenska ríkisins er hins vegar gerð krafa um að heiðarbýlin Heiðarsel og Grunnavatn séu þjóðlenda. Krefjendur beins eignarréttar halda því hins vegar fram að þau séu byggð í eignarlandi Brúar. Í máli þessu er ekki ágreiningur um mörk Brúar að þessu leyti en um Heiðarsel og Grunnavatn er fjallað í köflum 6.15. og 6.16.

Samkvæmt eldra landamerkjabréfi Brúar, frá 1890, eru mörk gagnvart Eiríksstöðum, Hákonarstöðum og Möðrudal miðuð við garð „er liggur úr Jökulsá utan við svokallaða „Orustustaði“, sjónhending í fremstu Hnefilöxl; þaðan í svokallaðan Stóralæk, er fellur í Þverárvatn, og allt land vestan vatna, út í sel sem stendur í svo kölluðum Skalladal; þaðan beina leið í Rúnastein á Urðarhlíð, sjónhending í hestleið á Þríhyrningsfjallgarði“. Landamerkjabréfið er áritað vegna Eiríksstaða, Möðrudals og að öllum líkindum vegna Hákonarstaða. Með yngra landamerkjabréfi Brúar, frá 1921, færðust norðurmörk sunnar. Samkvæmt því eru mörk gagnvart Eiríksstöðum, Heiðarseli og Möðrudal miðuð við „grafning [...] er fellur í Jökulsá utan við Orustustaði, sjónhending í fremstu Hnefilsöxl, þaðan í Merkilæk, sem fellur í mitt Þverárvatn sunnanvert, alt land vestan vatns út í Svínabúðalæk, sem ræður þaðan neðan frá Kílum upp á ölduna neðan við Gyltuteig, þaðan í lágan mel utan við Fiskidalshálsinn, þaðan beina línu í ysta þríhyrninginn. Þaðan beina línu í Arnardalsárós við Jökulsá á Fjöllum“. Bréfið er áritað af fyrirsvarsmönnum Heiðarsels, Eiríksstaða og Möðrudals.

Austurmerki Brúar liggja í Jökulsá á Jökuldal. Austan árinnar eru jarðirnar Vaðbrekka og Aðalból nyrst en ágreiningssvæði í máli nr. 1/2005 hjá óbyggðanefnd þegar sunnar dregur og nær jökli. Nánar tiltekið er þar um að ræða þann hluta „Valþjófsstaðarkirkjulands“ sem nefndur er Vesturöræfi. Vesturmerki Brúar miðast við Jökulsá á Fjöllum en vestan hennar er ágreiningssvæði í máli nr. 1/2007 hjá óbyggðanefnd, nánar tiltekið sá hluti þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem eigendur Reykjahlíðar gera eignarlandskröfu til. Þessi merki verða ekki talin þarfnast nánari umfjöllunar hér en þess skal þó getið að í landamerkjabréfum Vaðbrekku og Aðalbóls, sem dagsett eru 13. desember 1921 og þinglesin 27. júlí 1922, kemur fram að mörk Vaðbrekku og Aðalbóls séu „rétt á móti Nónhnúk í Brúarlandi“ en Jökulsá ræður merkjum jarðanna að vestan.

Sá ágreiningur sem hér er til úrlausnar varðar suðurmerki Brúar, inn til landsins og í átt að jökli. Í hinu eldra landamerkjabréfi segir svo um þetta atriði eftir að norðurmerkjum hefur verið lýst: „Allan Arnardal átölulaust, allt land Jökulsár á milli.“ Í yngra landamerkjabréfi Brúar er norðurmerkjum lýst vestur í Arnardalsárós við Jökulsá á Fjöllum og síðan segir „alt land Jökulsáa á milli“.

Samkvæmt framangreindu er suðurmerkjum Brúar hvergi lýst sérstaklega í heimildum. Þá er sá munur á eldra og yngra landamerkjabréfi jarðarinnar að í hinu eldra virðist einungis vísað frá Arnardal austur til Jökulsár á Jökuldal en í hinu yngra eru jökulárnar tvær, í vestri og austri. Þess er ekki getið í yngra landamerkjabréfi Brúar að á því svæði, sem krefjendur beins eignarréttar í máli þessu miða við að sé innan merkjalýsingar, sé að finna allstórt landsvæði sem tilheyri Laugarvöllum, sbr. kafla 6.14. Var þó bréf Laugarvalla gert samdægurs yngra bréfi Brúar og áritað af hálfu Brúar.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands sunnan kröfulínu íslenska ríkisins. Svo sem fram kemur í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámu* hversu langt upp til fjalla og inn til lands landnám á þessu svæði náði. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landanámslýsinga verður þó að telja fremur ólíklegt að land á þessu svæði hafi verið numið að Vatnajökli. Óvissa um aðferðir við landnám er þó of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Á 18. öld deildu fyrirsvarsmenn Möðrudals og Brúar um rétt jarðanna til Arnardals og yngri heimildir greina frá því að þar hafi verið hestaganga á vetrum. Sá ágreiningur virðist útkljáður við gerð landamerkjabréfs Brúar 1890, sbr. orðalagið „Allan Arnardal átölulaust“. Arnardalur liggur vestan Þríhyrningsfjalla en norðan Álftadalsdyngju (802 m), austur af ármótum Kreppu og Jökulsár á Fjöllum. Laugarvallasvæðið hefur einnig nokkra sérstöðu í heimildum um landnýtingu á þessu svæði en um það vísast til kafla 6.14.

Að því er varðar heimildir um fyrri tíðar nýtingu á öðrum hlutum þessa landsvæðis ber fyrst að geta skoðunargjarðar Páls Melsted sýslumanns frá árinu 1824. Þar segir að af afréttum þeim „er Brú tilheyra, og Brúardalir nefnast, [sé] aftekin fullur þridiúngur, vegna þess, að Vatnsfall nokkurt, ad nafni Saudá, er, vegna Jökulhlaupa, aldeilis ófært ordid bæde Mönnum og Sképnum, og öll Öræfe þau, sem þar eru fyrir framan, eru því Jördunni töpud og ad eingu Gagni“. Sóknarlýsing Sigfúsar Finnsonar, prests í Hofteigi, frá árinu 1840 er í samræmi við skoðunargjörðina en þar segir að afréttir í sókninni séu „öngvir, þar fjalllöndin (sem sagt) eru fallin í sand og aura, nema Skjöldólfstaða- og Hákonarstaðaheiðar og einstöku torfuskikar á Brúardölum“. Þá kemur fram í sömu sóknarlýsingu að almenninga sé ekki að finna í sveitinni. Í jarðamati 1849 segir um Brú að afrétt eigi jörðin „fyrir sjálfa sig, og má ljá hann öðrum 2ur eda 3ur mönnum“. Þá segir að útheyjarskapur sé talsverður en langsóttur.

Í sóknarlýsingu Þorvalds Ásgeirssonar, prests í Hofteigi, frá 1874 segir um Brú að jörðin sé „einhver hin erfiðasta allra stórjarða í sveitinni því að heyskapur er svo að segja enginn í heimalandi heldur langsóttur mjög, bæði á Laugarvalladal og norður undir fjallgarða“. Nefndir fjallgarðar eru utan kröfusvæðis íslenska ríkisins en Laugarvalladalur innan ágreiningssvæðis í máli þessu. Þá segir um hinn svonefnda

Brúarskóg sem liggi „fyrir innan bæinn með fram Jökulsánni að norðan, er ekki nokkur kvisttanni, en beit er þar oft góð, haust og vor, fyrir sauði“. Brúarskógur nær upp að Hafrahvammagljúfri og er þannig bæði innan kröfusvæðis Brúar og Laugarvalla. Loks er fjallað almennt um afrétti innan sóknarinnar en þeir helstu séu „Fljótsdals- og Jökuldalsheiðin, þ.e. hver jörð hefur afrétt í þeirri heiði, sem henni tilheyrir. Auk þess eru: Vesturöræfaafrétt, fram af Hrafnkelsdal, og Brúardalir, fram af Jökuldal, og eru þessar afréttir aðeins notaðar af fremstu bæjum.“ Í bókinni *Lýsing Íslands* frá árinu 1881 segir að upp af Múlasýslum séu afar víðáttumikil beitarlönd og afréttir. Þar séu sauðsnöp víða og sums staðar stórir hagablettir. Upp af Brúaröræfum við Brúarjökul séu hagasvæði á Þorláksmýrum og í Maríutungum. Þá segir að bændur frá Efri-Jökuldal hafi upprekstur fyrir lömb sín á Kringilsárrana og séu þau flutt á kláfdrætti yfir Kringilsá. Í fasteignamati 1916–1918 segir að jörðinni Brú fylgi víðlent afréttarland og silungsveiði í heiðarvötnum.

Í kafla 6.1.1. hér að framan er gerð grein fyrir þeirri niðurstöðu Hæstaréttar að landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða en hins vegar verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað einhliða aukið við land sitt eða annan rétt. Frá upphafi Íslandsbyggðar helguðu menn sér ekki eingöngu ákveðin landsvæði, sem voru háð beinum eignarrétti, heldur einnig ítök, afrétti og öll önnur réttindi sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra. Meðan landsvæði gaf eitthvað af sér lágu hagsmunir til þess að halda við merkjum réttindanna, hvers eðlis sem þau voru. Ber um þetta efni sérstaklega að vísa til dóms Hæstaréttar 5. október 2006 í máli nr. 67/2006.

Svo sem hér að framan var rakið eru landamerkjabréf Brúar óljós um merki til suðurs. Þá fær það ekki stoð í eldri heimildum að eignarland Brúar hafi náð allt suður að Vatnajökli. Arnardalur hefur nokkra sérstöðu í heimildum og að teknu tilliti til þess virðist eðlilegt að skýra eldra landamerkjabréf Brúar þannig að merki jarðarinnar nái til þess svæðis í heild sinni og þaðan austur að Jökulsá á Jökuldal. Þegar þeirra landsvæða sem sunnar liggja er getið í skriflegum heimildum er það að jafnaði tengt upprekstri og afréttarnotum. Engin gögn liggja fyrir um að þau hafi allt fram á síðustu ár verið nýtt til annars en sumarbeitar fyrir búfé og e.t.v. annarra takmarkaðra nota. Staðhættir og fjarlægð frá byggð styðja þá niðurstöðu en landsvæðið er nær allt í yfir 600 metra hæð yfir sjávarmáli. Fjallskil hafa verið á hendi sveitarfélags, landsvæðið er ekki afgirt og þangað hefur búfénaður getað leitað frá öðrum jörðum án hindrana. Framangreint bendir til þess að á svæðinu sunnan Arnardals og Laugarvalla, sbr. kafla 6.14., sé afréttur í þeim skilningi að jörðin Brú eigi þar óbein eignarréttindi fremur en beinan eignarrétt.[430]

[430] Sbr. umfjöllun um hugtakið *afréttur* í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Óbyggðanefnd telur að af svari hreppstjóra Jökuldalshrepps vegna fyrirspurnar Stjórnarráðs Íslands um afrétti og almenninga í Norður-Múlasýslu, dags. 3. júní 1920, verði ekki dregin sú ályktun að allt land innan sveitarfélaganna sé háð beinum eignarrétti. Að því er varðar greiðslu felligjalda hreindýra til eigenda Brúar telur óbyggðanefnd að slíkar greiðslur séu í samræmi við þann rétt sem afréttareign veitir. Um hreindýraveiðar er fjallað sérstaklega í 14. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994. Meginreglu laganna er hins vegar að finna í 8. gr. þar sem segir að öllum íslenskum ríkisborgurum, svo og erlendum ríkisborgurum með lögheimili hér á landi, séu dýraveiðar heimilar í almenningum og á afréttum utan landareigna lögbýla „enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra". Með setningu laga nr. 64/1994, sbr. áður lög nr. 63/1954 um fuglaveiðar og fuglafriðun, voru reglur um dýraveiðar á afréttum rýmkaðar frá því sem áður gilti. Réttur sem áður var bundinn við þá sem afréttur heyrði til, sbr. tilskipun um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849, náði nú til mun stærri hóps. Fyrirvari 8. gr. um sönnuð eignarréttindi, sbr. einnig lög nr. 63/1954 áður, tekur mið af þeirri óvissu um eignarréttarlega stöðu afrétta og almenninga sem fyrir hendi var á þeim tíma. Eftir gildistöku þjóðlendulaga hefur sú staða verið að skýrast, með þeim dómum og úrskurðum sem fyrir liggja. Ljóst er orðið að til eru þjóðlendur þar sem sérstaklega hefur verið sýnt fram á „afréttareign" einnar eða fleiri jarða.

Ákvæði 14. gr. um hreindýraveiðar er þannig undantekning frá meginreglunni, með því að um hreindýraveiðar fer eftir sérstökum reglum. Þar gildir m.a. reglugerð um skiptingu arðs af hreindýraveiðum, nr. 487/2003. Í henni kemur hugtakið afréttur hvergi fyrir og einungis fjallað um jarðir í því sambandi. Óbyggðanefnd telur að ákvæði reglugerðarinnar beri að skýra með hliðsjón af 8. gr. laga nr. 64/1994, forsögu þess og þeirra úrlausna á grundvelli þjóðlendulaga sem nú liggja fyrir. Telja verður að þau tilvik þegar sérstaklega hefur verið sýnt fram á „afréttareign" einnar eða fleiri jarða í þjóðlendu falli undir áðurnefndan fyrirvara 8. gr. Þar tilheyri því veiðirétturinn þeim sem afréttur heyrir til. Af framangreindu leiðir að í afréttareigninni felst réttur til arðs af hreindýraveiðum á viðkomandi landi. Um afrétti heilla sveitarfélaga, eða svokallaða samnotaafrétti, liggur hins vegar til grundvallar að nýting hefur snemma verið heimiluð með lögum og stýrt af opinberum aðilum. Framangreindri rýmkun á veiðirétti sýnist einmitt ætlað að ná til þeirra.

Ekki liggur fyrir hvernig eigendur Brúar eru komnir að rétti sínum til þessa landsvæðis. Í máli þessu er ekki sýnt fram á annað en réttur til þess hafi orðið til á þann veg að landsvæðið hafi verið tekið til sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur sem sveitarstjórnum var falið að annast framkvæmd á.

Eftir er þá að leysa úr því hver séu mörk eignarlands Brúar til suðurs. Samkvæmt því er áður greindi um skýringu á eldra landamerkjabréfi Brúar, sbr. einnig heimildir um Arnardal, telur óbyggðanefnd rétt að miða hér við að

Arnardalssvæðið sé innan merkja eignarlands Brúar og afmarkist af tindum Álftadalsdyngju sunnan þess. Með vísan til aðildar eiganda Brúar að landamerkjabréfi Laugarvalla og staðhátta á svæðinu telur óbyggðanefnd rétt að miða við að eignarland Brúar afmarkist til suðurs af tindum Álftadalsfjalls og Þríhyrningsfjalla og þaðan að merkjum Laugarvalla.

Ekki er í ljós leitt að nýting eigenda Brúar á landsvæðinu sunnan þessarar afmörkunar fái grundvallað eignarrétt byggðan á hefð eða öðrum þeim stofnunarháttum eignarréttinda sem grein hefur verið gerð fyrir í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (sjá viðauka). Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.[431] Heimildir benda hins vegar til þess að það sé í afréttareign Brúar. Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið fjallað um eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitarsvæði taka þó breytingum auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði [...] sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Óbyggðanefnd telur ljóst að ákvarða þurfi mörk þess svæðis, sem samkvæmt framangreindu er í afréttareign eigenda Brúar, að því leyti sem það liggur að jökli, til frambúðar, sbr. b-lið 7. gr. l. nr. 58/1998. Með hliðsjón af því að hér er um einhliða ákvörðun afréttarmarka að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands telur óbyggðanefnd þó fullnægjandi að miða einfaldlega og án nánari afmörkunar við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna. Ekki verður séð að frekari rannsókn á þessu atriði hafi hagnýta þýðingu í þessu sambandi enda er eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðast af gróðurfari og hefur ekki þýðingu í öðru sambandi.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það, þ.e. Brúaröræfi, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998, og er þannig fallist á kröfu ríkisins að hluta.

> *Frá tindi Álftadalsdyngju í 802 m hæð yfir sjávarmáli er dregin lína til norðvesturs í annan tind (840 m) og þaðan yfir þriðja tindinn (700 m) og beina línu í Kreppu. Ræður síðan Kreppa þar til Kverká fellur í hana, og Kverká að upptökum við Vatnajökul. Þaðan er jökuljaðrinum, eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, fylgt að upptökum Jökulsár á Jökuldal. Þeirri á er síðan fylgt að suðurmerkjum Laugarvalla, en þau liggja þaðan sem Sauðá fellur í Jökulsá. Þaðan er Sauðá fylgt þangað sem Stórilækur fellur í hana. Þaðan er dregin lína vestan megin Hvannstóðsfjalla í fjallgarðinn norðan við Vesturdal, inn undir Hvannstóðsfjöllum. Þar sem þessi merkjalína Laugarvalla sker línu sem dregin er frá tindi í Þríhyrningsfjallgarði (777 m) og til*

[431] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

*suðausturs í stefnu á gilendann í Vesturárdal er hornmark. Frá hornmarkinu er framangreindri línu fylgt í áðurnefndan tind í Þríhyrningsfjallgarði (777 m), þaðan er dregin lína í tinda í Álftadalsfjalli, þann fyrri í 828 m hæð yfir sjávarmáli og þann síðari í 904 m hæð yfir sjávarmáli. Loks er dregin lína í tind í Álftadalsdyngju í 785 m hæð yfir sjávarmáli og í þann tind á fjallinu er hér að framan var fyrst nefndur og er í 802 m hæð yfir sjávarmáli.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Brúar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Hluti þess svæðis sem hér hefur verið lýst þjóðlenda og í afréttareign Brúar er háður sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. náttúruminjaskrá og auglýsingu nr. 181/2003.

## 6.14. Laugarvellir

### 6.14.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands Laugarvalla.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá þeim stað þar sem Kreppa fellur í Jökulsá á Fjöllum, þaðan í toppinn á Bíldufelli og svo línu í Jökulsá á Jökuldal. Gerð er krafa til þess að land sunnan þessarar kröfulínu verði úrskurðað þjóðlenda. Samkvæmt þessu eru Laugarvellir allir innan þjóðlendu. Á móti hafa þinglýstir eigendur Laugarvalla lýst kröfu um beinan eignarrétt að því landsvæði sem afmarkað er í landamerkjabréfi Laugarvalla frá árinu 1921. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.22.

Laugarvellir liggja vestan við Jökulsá á Jökuldal. Handan árinnar til austurs er jörðin Aðalból og afréttarsvæðið Vesturöræfi. Aðliggjandi Laugarvöllum eru Brúaröræfi sem þinglýstir eigendur Brúar gera kröfu um í þessu máli. Landsvæði þetta liggur í um og yfir 600 m hæð yfir sjávarmáli. Gróinn dalur liggur eftir því endilöngu frá norðri til suðurs. Um hann rennur Laugarvallaá sem á upptök sín sunnarlega í dalnum. Vestan dals eru Hvannstóðsfjöll (840 m og 780 m) og Lambafell (768 m) að austan.

### 6.14.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(8), er almennt byggt á því að landnám og lög séu frumstofnunarhættir beins eignarréttar. Grundvöllur að beinum eignarrétti hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalausum svæðum fjölgað með tímanum. Vísað er til þess að Laugarvellir séu byggðir eftir að nýbýlatilskipun, útgefin 15. apríl 1776, hafi verið numin úr gildi. Af heimildum um Brúarland sé ljóst

að Laugarvallaland hafi aldrei verið í heimalandi Brúar heldur í afrétti. Þannig séu öll rök til þess að telja land býlisins innan þjóðlendu hvort heldur um hafi verið að ræða fornbýli eða heiðarbýli. Þá er því haldið fram að dómur Hæstaréttar um Laugarvelli frá 16. október 1997, sem birtur sé í dómasafni þess árs á bls. 2792, leiði ekki til þess að landsvæðið teljist eignarland. Ríkið hafi enga aðild átt að því dómsmáli enda hafi það ekki getað átt aðild fyrr en eftir gildistöku þjóðlendulaga, nr. 58/1998. Eftir gildistöku þjóðlendulaga hafi sambærilegum málum verið vísað frá Hæstarétti, sbr. frávísun Hæstaréttar 17. febrúar 2000, í máli nr. 368/1999, á kröfu um útgáfu eignardómsstefnu fyrir land Víðirhóla.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl nr. 24 og 24(5), er því haldið fram að Laugarvellir hafi verið innan landnáms Hákonar sem numið hafi Jökuldal allan fyrir vestan Jökulsá og ofan Teigarár. Þá er því mótmælt að óljósar lýsingar *Landnámu* verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðarinnar verði dregin í efa. Byggt er á því að Laugarvellir séu byggðir út úr Brú en sú jörð hafi verið undirorpin beinum eignarrétti. Styðjist það við fasteignamat frá árinu 1824 en þar komi fram að nýting Brúar hafi þá náð til Sauðár. Sú á liggi í mörkum Laugarvalla að sunnan. Vísað er til byggingarbréfs Laugarvalla, dags. 1. desember og landamerkjabréfs jarðarinnar, dags. 14. október. 1921 og þingl. 27. júlí 1922, en bréfið sé m.a. samþykkt af eiganda Brúar. Með setningu landamerkjalaga, nr. 5/1882 og nr. 41/1919, hafi stjórnvöld átt frumkvæði að því að gengið yrði frá landamerkjum og leyst úr ágreiningi, væri hann fyrir hendi. Byggt er á því að lýsingum landamerkjabréfa verði ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrði um inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvíli jafnframt á íslenska ríkinu.

Því er sérstaklega mótmælt að almennar landsháttalýsingar leiði til þess að beinn eignarréttur gagnaðila ríkisins verði dreginn í efa. Vísað er til þess að landeigendur í Jökuldal hafi frá fornu fari smalað sín heimalönd en afréttir, í skilningi íslenska ríkisins, og upprekstrarfélög þekkist ekki þar. Hreppsfélagið hafi því aðeins komið að skipulagi fjallskila. Vísað er til bréfabókar hreppsnefndar Jökuldalshrepps 1889–1904 um að Brúarmenn hafi til 1897 einir séð um fjallskil á Brúardölum. Þá er byggt á dómi Hæstaréttar frá 16. október 1997, sem birtur er í dómasafni þess árs á bls. 2792, þar sem eigendum Laugarvalla hafi verið dæmdur fullkominn eignarréttur að landinu. Engu skipti þó íslenska ríkið hafi ekki verið aðili að málinu enda hefði það getað stefnt sér inn í málið með meðalgöngustefnu. Íslenska ríkið hafi látið það undir höfuð leggjast og þannig viðurkennt beinan eignarrétt þeirra að landinu. Byggt er á því að gagnaðilar hafi komið fram sem fullkomnir eigendur, svo sem í samningum við Landsvirkjun vegna byggingar Kárahnjúkavirkjunar. Byggt er á því að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda án þess að skilyrðum 72. gr. stjórnarskrárinnar sé fullnægt, sbr. 1. gr. 1. samningsviðauka laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu. Þá er því haldið fram að skilyrðum hefðar sé fullnægt.

Einnig er vísað til sjónarmiða um réttmætar væntingar aðila og ákvæða stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

### 6.14.3. Niðurstaða

Svo sem fram hefur komið af hálfu málsaðila liggur fyrir í máli þessu dómur Hæstaréttar frá 16. október 1997, birtur í dómasafni þess árs á bls. 2792, þar sem staðfestur var dómur héraðsdóms um viðurkenningu á beinum eignarrétti dánarbús Þorvalds B. Hjarðar yfir jörðinni Laugarvöllum í Jökuldalshreppi. Af forsendum dómsins er ljóst að niðurstaða málsins byggist annars vegar á kaupsamningi frá 1924 og hins vegar á eignarhefð, m.a. á grundvelli nýtingar landsins til beitar. Óumdeilt var að um jörð væri að ræða og heimild Eiríks Guðmundssonar, bónda á Brú, til stofnunar þessa býlis á Brúaröræfum var ekki til umfjöllunar. Íslenska ríkið átti ekki aðild að málinu og framangreindar forsendur málsaðila voru lagðar til grundvallar án sérstakrar skoðunar, sbr. hins vegar Hrd. 1969/510 um Nýjabæjarafrétt og umfjöllun um Breiðármörk í dómi Hæstaréttar 11. maí 2006, í máli nr. 496/2005.

Krefjendur beins eignarréttar í máli því sem hér er til úrlausnar leiða rétt sinn frá dánarbúi Þorvalds B. Hjarðar. Óbyggðanefnd telur að umræddur dómur hafi vakið réttmætar væntingar dómhafa um að beinn eignarréttur þeirra væri fyrir hendi og nyti viðurkenningar og verndar opinbers valds. Þjóðlendukröfugerð íslenska ríkisins nú fær ekki samrýmst því, sbr. dóm Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 þar sem fjallað er um Tunguheiði. Dóm þennan verður að telja bindandi um úrslit sakarefnisins og getur þar ekki ráðið úrslitum að íslenska ríkið átti ekki aðild að málinu. Um afmörkun Laugarvalla er ekki fjallað sérstaklega en ljóst að tekin er afstaða til lands jarðarinnar í heild sinni. Um það atriði er ekki á öðru að byggja en landamerkjabréfi Laugarvalla, dags. 14. október. 1921 og þingl. 27. júlí 1922, og verður því við það miðað hér. Bréfið hljóðar svo:

> Úr Forvaðagili (innantil í Brúarskógi) þar sem það fellur í Jökulsá beina línu að Laugarvallaá, gegnt því er Vesturdalsá fellur í hana. Þá ræður Laugarvallaá að norðanverðu þar til beint á móti fremsta Mógili. Þaðan meðfram fjallgarðinum norðan við Vesturdal og þann dal beggja megin áar inn undir Hvannstóðs fjöll, þaðan vestan megin Hvannstóðsfjalla inn á móts við svonefndan Stóralæk, þar sem hann fellur í Sauðá, síðan ræður hún þangað sem hún fellur í Jökulsá.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Laugarvalla, svo sem því er lýst í landamerkjabréfi, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.15. Heiðarsel

### 6.15.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands Heiðarsels.

Þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins í máli þessu tekur til landsvæðis á Jökuldalsheiði, þar á meðal alls þess lands sem þinglýstur eigendi Heiðarsels gerir kröfu til sem eignarlands. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.23.

Að Heiðarseli liggur Möðrudalur til vesturs og Grunnavatn til norðurs. Til austurs eru Eiríksstaðir en Brú til suðurs. Landsvæðið sem um ræðir liggur í yfir 550 m hæð yfir sjávarmáli. Vestan til er land hallamikið þar sem hluti Þríhyrningsfjallgarðs liggur. Fyrir miðju svæðinu liggja þrjú vötn: Krókavatn (556 m), Búrfellsvatn (562 m) og Matbrunnavatn. Austan til er land hallaminna. Lítið er um gróður á svæðinu, einna helst votlendi og rýrt mólendi. Bæjarstæði Heiðarsels lá vestan við svokallaðan Poll sem staðsettur er við suðurenda Ánavatns.

Þá ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja á Jökuldal, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 31.

### 6.15.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(8), er almennt byggt á því að landnám og lög séu frumstofnunarhættir beins eignarréttar. Grundvöllur að beinum eignarrétti hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalausum svæðum fjölgað með tímanum. Heimildir um landnám á svæðinu bendi ekki til að stofnast hafi til beins eignarréttar að Jökuldalsheiði fyrir nám. Vísað er til dóma Hæstaréttar varðandi Gilsá, frá 21.1.1999, í máli nr. 171/1998, og Víðirhóla frá 17.2.2000, í máli nr. 368/1999, en þar sýnist Hæstiréttur hafa komist að þeirri niðurstöðu að landið hafi ekki verið numið. Vísað er til þess að samkvæmt *Jónsbók* hafi bæði verið heimilt að byggja sel í almenningum og eignarlandi. Upplýsingar um seljabúskap komi því ekki að notum við mat á eignarréttarlegri stöðu svæðisins. Byggt er á Ferðabók Eggerts og Bjarna frá 18. öld en þar komi fram að heiðin milli Jökuldals og Möðrudals liggi notalaus vegna fjarlægðar frá byggð. Vísað er til þess að á tíma nýbýlatilskipunarinnar hafi ekki verið gerður greinarmunur á afréttum og almenningum. Jafnframt er byggt á því að heimildir um fjallskil á Jökuldalsheiði bendi til afréttarsmölunar en það sé eitt þeirra atriða sem Hæstiréttur hafi lagt til grundvallar niðurstöðu sinni í svonefndum Gilsárdómi. Loks er vísað til þess að hefð sé framsal eignarréttinda en ekki frumstofnun. Þannig hafi ekki verið hægt að hefða land Heiðarsels hafi landið verið þjóðlenda.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl nr. 11 og 11(3), er því haldið fram að land Heiðarsels sé innan landnáms Hákonar sem numið hafi Jökuldal allan fyrir vestan Jökulsá og ofan Teigarár. Því er mótmælt að óljósar lýsingar *Landnámu* geti orðið til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi Heiðarsels verði dregin í efa. Vísað er til hreppsbókar Jökuldalshrepps frá 1857 en þar sé að finna elstu heimildina um Heiðarsel. Byggt sé á því í sýslu- og sóknarlýsingu frá 1874 að Heiðarsel sé hjáleiga Brúar en í gerðabók fasteignamats 1916–1918 sé fjallað um Heiðarsel sem sérstaka eign. Þá er byggt á því að í Ferðabók Ólafíusar frá 1776 komi fram að Ánavatn sé í landi Hákonarstaða, Eiríksstaða og Brúar. Vísað er til landamerkjabréfs fyrir jörðina frá 1921 en það sé undirritað vegna aðliggjandi jarða. Þá er byggt á svarbréfi hreppstjóra Jökuldalshrepps til sýslumanns í Norður-Múlasýslu, dags. 3. júní 1920, um að enga almenninga eða afrétti sé að finna í hreppnum. Bent er á að fjallskilavenjur geti ekki ráðið úrslitum þegar metið sé hvort land jarðar sé undirorpið beinum eignarrétti. Loks er vísað til þess að skilyrði hefðar séu uppfyllt en að öðru leyti vísað til sjónarmiða er fram komi varðandi Brú enda sé Heiðarseli skipt út úr henni.

### 6.15.3. Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Heiðarsels er rakin í kafla 5.21. Þar kemur fram að hér er um að ræða eitt svokallaðra heiðarbýla, sbr. kafla 6.1.2., í byggð með hléum frá 1859–1946. Svo sem fram kemur í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámu* hversu langt upp til fjalla og inn til lands landnám á þessu svæði náði. Af því verða engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um hvort þar hafi í öndverðu verið stofnað til beins eignarréttar á þessu svæði með námi. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja fremur líklegt að svæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að hluta innan þess.

Fyrstu og einu lýsinguna á landamerkjum Heiðarsels er að finna í landamerkjabréfi sem dagsett er 13. október 1921 og var þinglesið 27. júlí 1922.

Verður þá fyrst litið til vesturmerkja Heiðarsels gagnvart Möðrudal. Samkvæmt landamerkjabréfi Heiðarsels eru þau miðuð við „yzta þríhyrninginn, þaðan út fjallgarð í Svartagil beint á móti Búrfellshorni ytra“. Bréfið er áritað vegna Möðrudals og Brúar. Samkvæmt eldra landamerkjabréfi Möðrudals frá 1884 virðist sú jörð ekki eiga land vestan Heiðarsels. Síðar virðast mörk Möðrudals gagnvart Brú hafa færst sunnar. Samkvæmt landamerkjabréfi Möðrudals frá 1921 eru merki jarðarinnar hins vegar miðuð við „há-þríhyrning, þaðan út þríhyrningsfjallgarð að gili vestur af Háfsvatnaöldu, þaðan út á móts við Einbúa“. Bréfið er áritað vegna Heiðarsels. Samkvæmt þessu landamerkjabréfi Möðrudals liggur jörðin vestan Heiðarsels og getur bréfið samrýmst landamerkjabréfi Heiðarsels þótt nokkur óvissa sé um nákvæma staðsetningu einstakra örnefna.

Norðurmerki Heiðarsels eru gagnvart Grunnavatni. Samkvæmt landamerkjabréfi Heiðarsels eru merkin miðuð við „Svartagil beint á móti Búrfellshorni ytra. Úr Búrfellshorni ytra í Krókinn á Netselslæk ofan við Ánavatnsöldu utan við Hálsamýri, þaðan ræður Netselslækur ofan í Ánavatn“. Bréfið er áritað vegna Grunnavatns og gagnkvæmt. Það er orðrétt í samræmi við þinglýst landamerkjabréf Grunnavatns frá 1921.

Samkvæmt landamerkjabréfi Heiðarsels eru austurmerki gagnvart Eiríksstöðum miðuð við „Krókinn á Netselslæk ofan við Ánavatnsöldu utan við Hálsamýri, þaðan ræður Netselslækur ofan í Ánavatn þaðan beint inn vatnið og Rifpoll í Kílinn“. Landamerkjabréfið er áritað vegna Eiríksstaða og í ágætu samræmi við tvö þinglesin landamerkjabréf þeirrar jarðar, hið fyrra frá 1894 og hið síðara 1921. Landamerkjabréf Eiríksstaða frá 1894 er áritað vegna Brúar og bréfið frá 1921 vegna Heiðarsels og Brúar. Eins og áður segir tók landamerkjabréf Brúar frá 1894 til lands Heiðarsels. Bréfið er í samræmi við landamerkjabréf Heiðarsels að því er varðar mörkin gagnvart Eiríksstöðum.

Loks verður litið til suðurmerkja Heiðarsels gagnvart Brú, sbr. kafla 6.13. Samkvæmt landamerkjabréfi Heiðarsels eru merkin miðuð við Svínabúðarlæk „úr Kílnum upp á ölduna neðan við Gyltuteig. Þaðan í lágan mel utan við Fiskidalshálsinn, þaðan beina línu í yzta þríhyrninginn“. Landamerkjabréfið er áritað vegna Brúar og gagnkvæmt. Framangreind merkjalýsing er nær orðrétt í samræmi við lýsingu í yngra landamerkjabréfi Brúar frá 1921. Eldra landamerkjabréfi Brúar, sem dagsett er 4. júlí 1890 og þingl. 6. júní sama ár, nær hins vegar norðar og samkvæmt því er Heiðarsel innan merkja þeirrar jarðar. Í því bréfi eru mörk gagnvart Eiríksstöðum, Hákonarstöðum og Möðrudal, miðuð við garð „er liggur úr Jökulsá utan við svokallaða „Orustustaði“, sjónhending í fremstu Hnefilöxl; þaðan í svokallaðan Stóralæk, er fellur í Þverárvatn, og allt land vestan vatna, út í sel sem stendur í svo kölluðum Skalladal; þaðan beina leið í Rúnastein á Urðarhlíð, sjónhending í hestleið á Þríhyrningsfjallgarði“. Landamerkjabréfið er áritað vegna Eiríksstaða, Möðrudals og að öllum líkindum vegna Hákonarstaða.

Í kjölfar þess að ný landamerkjalög tóku gildi 1919 var gert landamerkjabréf fyrir Heiðarsel. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum Heiðarsels sé þar rétt lýst. Af heimildum verður ráðið að land Heiðarsels sé úr landi Brúar sem er sjálfstæð jörð.[432] Landamerkjabréf Heiðarsels er þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um afmörkun án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

---

[432] Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Af heimildum virðist ljóst að Heiðarsel er byggt úr landi Brúar. Í samræmi við það segir í sóknarlýsingu Þorvaldar Ásgeirssonar frá 1874 að Heiðarsel sé hjáleiga Brúar, fyrst byggð 1854. Með afsalsbréfi, dags. 21. október 1905 og þingl. 3. júní 1907, afsalaði Eiríkur Guðmundsson, þáverandi eigandi Brúar, „eignarjörð" sína Heiðarseli til Sigfúsar Einarssonar. Síðari framsöl og veðsetningar Heiðarsels voru áfram færð á veðmálaregistur Brúar. Í gerðabók fasteignamats 1916–1918 segir að Heiðarsel sé orðin sérstök eign. Innan merkja Heiðarsels eru leitarsvæði Jökuldælinga. Í sóknarlýsingu Hofteigssóknar frá árinu 1874 segir að aðalafréttarlönd séu „Fljótsdals- og Jökuldalsheiðin, þ.e. hver jörð hefur afrétt í þeirri heiði sem henni tilheyrir". Benedikt Gíslason í Hofteigi lýsir í bókinni *Göngur og réttir* fyrirkomulagi leita eins og þær voru á fyrri hluta 20. aldar. Þar segir að heiðarsvæðið milli Gilsár og Möðrudalsfjallgarða sé smalað í einni rétt á Hákonarstöðum. Eftir 1950 urðu nokkrar breytingar á smölun. Virðist land Heiðarsels vera hluti af leitarsvæði sem kallað er Fram-Fjallagarðar. Þurfa jarðir á Jökuldal að leggja sameiginlega til smölunar á þessu svæði.

Samkvæmt því er að framan greinir er Heiðarsel byggt úr landi jarðar og sama máli gegnir um aðliggjandi landsvæði. Óbyggðanefnd telur nægjanlega fram komið að Heiðarsel hafi stöðu jarðar að lögum, sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar. Um þýðingu landamerkjabréfa fyrir jarðir við mat á sönnun um eignarhald að landi vísast til þess sem rakið er í kafla 6.1.1. Heimildir um beitarnot innan merkja Heiðarsels á síðari tímum verða fremur taldar vísa til notkunar viðkomandi landsvæðis en eignarréttarlegrar stöðu þess.[433] Staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar verða ekki talin hafa úrslitaáhrif í þessu sambandi.

Ekki eru þannig heimildir um annað en Heiðarsel hafi verið byggt og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1921 hafa eigendur Heiðarsels farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Heiðarsels sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[434]

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Heiðarsels, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

---

[433] Sbr. umfjöllun um jarðir og afrétti í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).
[434] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

## 6.16. Grunnavatn

### 6.16.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands Grunnavatns. Þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins í máli þessu tekur til landsvæðis á Jökuldalsheiði, þar á meðal alls þess lands sem þinglýstur eigenda Grunnavatns gerir kröfu til sem eignarlands. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.22.

Að Grunnavatni liggur Möðrudalur til vesturs og Rangárlón og Sænautasel til norðurs. Til austurs eru Eiríksstaðir en Heiðarsel til suðurs. Landsvæðið sem um ræðir liggur í yfir 550 m hæð yfir sjávarmáli. Vestan til er land hallamikið og lítt gróið þar sem hluti Þríhyrningsfjallgarðs liggur. Austan Þríhyrningsfjallgarðs liggur Háfsvatnaalda (643 m) en Háfsvötn liggja í lægð þar á milli. Umhverfis Háfsvatnaöldu er land hallalítið, votlent og mólent. Austast á svæðinu liggur Grunnavatnsalda (618 m), einnig kölluð Skotalda og Skollaalda. Bæjarstæði Grunnavatns lá sunnan Netselslækjar sem rennur í gegnum Grunnavatn.

Þá ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja á Jökuldal, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 31.

### 6.16.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(8), er almennt byggt á því að landnám og lög séu frumstofnunarhættir beins eignarréttar. Grundvöllur að beinum eignarrétti hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalausum svæðum fjölgað með tímanum. Heimildir um landnám á svæðinu bendi ekki til að stofnast hafi til beins eignarréttar að Jökuldalsheiði fyrir nám. Vísað er til dóma Hæstaréttar varðandi Gilsá, frá 21.1.1999, í máli nr. 171/1998, og varðandi Víðirhóla frá 17.2.2000, í máli nr. 368/1999. Í dómunum sýnist Hæstiréttur komast að þeirri niðurstöðu að landið hafi ekki verið numið. Vísað er til þess að samkvæmt *Jónsbók* hafi bæði verið heimilt að byggja sel í almenningum og eignarlandi. Upplýsingar um seljabúskap komi því ekki að notum við mat á eignarréttarlegri stöðu svæðisins. Byggt er á Ferðabók Eggerts og Bjarna frá 18. öld en þar komi fram að heiðin milli Jökuldals og Möðrudals liggi notalaus vegna fjarlægðar frá byggð. Vísað er til þess að á tíma nýbýlatilskipunarinnar hafi ekki verið gerður greinarmunur á afréttum og almenningum. Jafnframt er byggt á því að heimildir um fjallskil á Jökuldalsheiði bendi til afréttarsmölunar en það sé eitt þeirra atriða sem Hæstiréttur hafi lagt til grundvallar niðurstöðu sinni í svonefndum Gilsárdómi. Loks er vísað til þess að hefð sé framsal eignarréttinda en ekki frumstofnun. Þannig hafi ekki verið hægt að hefða land Sænautasels hafi landið verið þjóðlenda.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl nr. 9 og 9(3), er því haldið fram að land Grunnavatns sé innan landnáms Hákonar sem numið hafi Jökuldal allan fyrir vestan Jökulsá og ofan Teigarár. Því er mótmælt að óljósar lýsingar *Landnámu* geti orðið til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi Grunnavatns verði dregin í efa. Vísað er til hreppsbókar Jökuldalshrepps frá 1854 en þar sé að finna elstu heimildina um Grunnavatn. Byggt sé á því í sýslu- og sóknarlýsingu frá 1874 og gerðabók fasteignamats 1916–1918 að Grunnavatn sé hjáleiga Brúar. Þá er byggt á því að í *Ferðabók Ólafíusar* frá 1776 segi að Ánavatn sé í landi Hákonarstaða, Eiríksstaða og Brúar. Vísað er til landamerkjabréfs Brúar frá 1890 en það bréf taki til lands Grunnavatns sem síðar hafi verið skipt út úr Brú. Þá er byggt á landamerkjabréfi Grunnavatns, dags. 21. október 1921 og þingl. 27. júlí 1922, en það sé áritað vegna aðliggjandi jarða. Vísað er til þess að gagnaðili hafi fengið greitt svokallað felligjald af hreindýrum sem felld hafi verið innan merkja jarðarinnar. Íslenska ríkið hafi með því og öðrum athöfnum sínum vakið hjá gagnaðila réttmætar væntingar til þess að land jarðarinnar innan lýstra merkja sé undirorpið beinum eignarrétti. Þá er byggt á svarbréfi hreppstjóra Jökuldalshrepps til sýslumanns í Norður-Múlasýslu, dags. 3. júní 1920, um að enga almenninga eða afrétti sé að finna í hreppnum. Jafnframt er bent á að fjallskilavenjur geti ekki ráðið úrslitum þegar metið sé hvort land jarðar sé undirorpið beinum eignarrétti. Loks er vísað til þess að skilyrði hefðar séu uppfyllt en að öðru leyti vísað til sjónarmiða er fram komi varðandi Brú enda sé Grunnavatni skipt út úr henni.

### 6.16.3. Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Grunnavatns er rakin í kafla 5.22. Þar kemur fram að hér er um að ræða eitt svokallaðra heiðarbýla, sbr. kafla 6.1.2., í byggð með hléum á tímabilinu 1853–1923. Svo sem fram kemur í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámu* hversu langt upp til fjalla og inn til lands landnám á þessu svæði náði. Af því verða engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um hvort þar hafi í öndverðu verið stofnað til beins eignarréttar á þessu svæði með námi. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja fremur líklegt að svæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að hluta innan þess.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Grunnavatns er lýst í landamerkjabréfi en eldri heimildir um merki þess liggja ekki fyrir. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Grunnavatni. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Grunnavatns verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Fyrstu og einu lýsinguna á landamerkjum Grunnavatns er að finna í landamerkjabréfi þess, dags. 13. október 1921 og þingl. 27. júlí 1922.

Verður þá fyrst litið til vesturmerkja Grunnavatns gagnvart Möðrudal. Samkvæmt landamerkjabréfi Grunnavatns eru merkin miðuð við Klettagil í

Þríhyrningsfjallgarði „inn þríhyrningsfjallgarð í Svartagil". Landamerkjabréfið er áritað vegna Möðrudals og gagnkvæmt. Þá er landamerkjabréfið í ágætu samræmi við landamerkjabréf Möðrudals, ódagsett en þinglesið 25. júlí 1923.

Samkvæmt kröfugerð íslenska ríkisins fylgir þjóðlendukröfulína þess mörkum Grunnavatns og Möðrudals. Hefur eigandi Möðrudals, íslenska ríkið, dregið kröfulínu jarðarinnar gagnvart Grunnavatni nokkru austar en ef miðað væri við kröfulínur gagnaðila.

Norðurmerki Grunnavatns eru gagnvart Rangárlóni og Sænautaseli. Samkvæmt landamerkjabréfi Grunnavatns eru merkin miðuð við „Skotmannsvík beint í Rúnastein á Urðarhlíð, þaðan beint yfir Háfsvatnsöldu í Klettagil í þríhyrningsfjallgarði". Landamerkjabréfið var áritað vegna Sænautasels og Möðrudals en land Rangárlóns, fyrir norðan Grunnavatn, var á þessum tíma í eign Möðrudals. Landamerkjabréfið er í góðu samræmi við tvö landamerkjabréf Sænautasels, hið eldra dagsett 4. júní 1894 og þinglýst 6. júní sama ár og hið yngra dagsett 24. október 1921 og þingl. 27. júlí 1922. Bréf Sænautasels frá 1894 var áritað vegna Brúar en bréfið frá 1921 vegna Grunnavatns. Landamerkjabréf Rangárlóns, dags. 23. október 1921 og þingl. 27. júlí 1922, er einnig í samræmi við landamerkjabréf Grunnavatns og áritað vegna þess.

Verður þá litið til austurmerkja Grunnavatns gagnvart Eiríksstöðum. Samkvæmt landamerkjabréfi Grunnavatns eru merkin miðuð við Ánavatn. Landamerkjabréfið er áritað vegna Eiríksstaða. Það er í samræmi við tvö landamerkjabréf Eiríksstaða, hið eldra dags. 21. maí 1894 og þingl. 6. júní sama ár og hið yngra dags. 14. október 1921 og þingl. 27. júlí 1922. Landamerkjabréf Eiríksstaða frá 1894 er áritað vegna Brúar en hið yngra vegna Brúar og Grunnavatns. Eldri heimildir um merki Eiríksstaða liggja ekki fyrir.

Suðurmerki Grunnavatns eru gagnvart Heiðarseli. Samkvæmt landamerkjabréfi Grunnavatns miðast þau við Svartagil „í Búrfellshorn ytra, þaðan beint í krókinn ofan við Ánavatnsöldu utan við Hálsamýri, þaðan ræður Netselslækur í Ánavatn". Bréfið er áritað vegna Heiðarsels og gagnkvæmt. Þá er landamerkjabréf Grunnavatns í samræmi við landamerkjabréf Heiðarsels, dags. 13. október 1921 og þingl. 27. júlí 1922. Hér ber þess að geta að samkvæmt eldra landamerkjabréfi jarðarinnar Brúar, sbr. kafla 6.13, sem dagsett er 4. júlí 1890 og þingl. 6. júní sama ár, voru merki hennar gagnvart Eiríksstöðum, Hákonarstöðum og Möðrudal, miðuð við garð „er liggur úr Jökulsá utan við svokallaða „Orustustaði", sjónhending í fremstu Hnefilöxl; þaðan í svokallaðan Stóralæk, er fellur í Þverárvatn, og allt land vestan vatna, út í sel sem stendur í svo kölluðum Skalladal; þaðan beina leið í Rúnastein á Urðarhlíð, sjónhending í hestleið á Þríhyrningsfjallgarði". Landamerkjabréfið er áritað vegna Eiríksstaða, Möðrudals og að öllum líkindum vegna Hákonarstaða. Samkvæmt þessari lýsingu liggur Grunnavatn á svæði sem áður var innan merkja Brúar.

Í kjölfar þess að ný landamerkjalög tóku gildi 1919 var gert landamerkjabréf fyrir Grunnavatn. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum sé þar rétt lýst. Af heimildum verður ráðið að land Heiðarsels sé úr landi Brúar sem er sjálfstæð jörð.[435] Landamerkjabréf Grunnavatns er þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Af heimildum virðist ljóst að Grunnavatn er byggt úr landi Brúar. Í samræmi við það voru fyrstu aðilaskipti og veðsetningar Grunnavatns færð á veðmálaregistur Brúar. Aðrar heimildir vísa í sömu átt. Þannig segir í sóknarlýsingu Þorvaldar Ásgeirssonar frá 1874 að Grunnavatn sé hjáleiga Brúar. Þá segir í gerðabók fasteignamats 1916–1918 að Grunnavatn sé afbýli frá Brú. Innan merkja Grunnavatns eru leitarsvæði Jökuldælinga. Í sóknarlýsingu Hofteigssóknar frá árinu 1874 segir að aðalafréttarlönd séu „Fljótsdals- og Jökuldalsheiðin, þ.e. hver jörð hefur afrétt í þeirri heiði sem henni tilheyrir“. Benedikt Gíslason í Hofteigi lýsir í bókinni *Göngur og réttir* fyrirkomulagi leita eins og þær voru á fyrri hluta 20. aldar. Þar segir að heiðarsvæðið milli Gilsár og Möðrudalsfjallgarða sé smalað í einni rétt á Hákonarstöðum. Eftir 1950 urðu nokkrar breytingar á smölun. Virðist land Grunnavatns vera hluti af leitarsvæði sem kallað er Út-Fjallagarðar. Þurfa jarðir á Jökuldal að leggja sameiginlega til smölunar á þessu svæði.

Samkvæmt því er að framan greinir er Grunnavatn byggt úr landi jarðar og sama máli gegnir um aðliggjandi landsvæði. Óbyggðanefnd telur nægjanlega fram komið að Grunnavatn hafi stöðu jarðar að lögum, sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*. Um þýðingu landamerkjabréfa fyrir jarðir við mat á sönnun um eignarhald að landi vísast til þess sem rakið er í kafla 6.1.1. Heimildir um beitarnot innan merkja Grunnavatns á síðari tímum verða fremur taldar vísa til notkunar viðkomandi landsvæðis en eignarréttarlegrar stöðu þess.[436] Staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar verða ekki talin hafa úrslitaáhrif í þessu sambandi.

Ekki eru þannig heimildir um annað en Grunnavatn hafi verið byggt og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1921 hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Grunnavatns sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að

---

[435] Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).
[436] Sbr. umfjöllun um jarðir og afrétti í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[437]

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Grunnavatns, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

### 6.17. Hluti Vatnajökuls

Hér verður tekin afstaða til eignarréttarlegrar stöðu þess hluta Vatnajökuls sem til umfjöllunar er í máli þessu, sbr. kafla 2.4., og liggur sunnan þess lands sem fjallað er um í kafla 6.13., Brú.

Kröfugerð íslenska ríkisins felur í sér að umrætt jökulsvæði sé þjóðlenda, sbr. kafla 3.1.1. Aðrir hafa ekki gert kröfu um eignarréttindi innan jökuljaðars.

Óbyggðanefnd hefur áður komist að þeirri niðurstöðu að um eignarréttarlega stöðu jökulsvæða almennt fari eftir sömu reglum og um önnur landsvæði.[438] Að því er varðar þann hluta Vatnajökuls sem hér um ræðir, er ekkert sem bendir til að þar hafi stofnast til beins eignarréttar eða takmarkaðra eignarréttinda fyrir nám, löggerninga, hefð eða með öðrum hætti.

Að því leyti sem jökulsvæði þetta liggur að afrétti í þjóðlendu, svo sem skilgreint hefur verið fyrr í úrskurði þessum og í úrskurðarorðum, telur óbyggðanefnd fullnægjandi að miða einfaldlega og án nánari afmörkunar við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði þetta á Vatnajökli, svo sem það er afmarkað hér á eftir, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Að austan er miðað við línu sem dregin er frá jaðri Brúarjökuls, við upptök Jökulsár á Jökuldal, til suðvesturs í miðja Breiðubungu.*
>
> *Að vestan er miðað við línu sem dregin er frá jaðri Brúarjökuls, við upptök Kverkár, og til suðvesturs inn á Vatnajökul, til skurðar við línu þá sem afmarkar svæðið til suðurs. Þar er hornmark.*
>
> *Að sunnan er miðað við línu sem liggur frá miðri Breiðubungu og til vesturs í stefnu á Svíahnjúk eystri, þar til kemur að hornmarki við vesturmörk. Hornmark þetta kemur fram á korti Miðhálendisskipulags og er þar sem lína dregin frá aðalupptökum Jökulsár á Fjöllum við Dyngjujökul sker línu þá sem liggur á milli miðrar Breiðubungu og Svíahnjúka eystri.*

---

[437] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).
[438] Sjá umfjöllun um jökla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

*Að norðan, á milli framangreindra austur- og vesturmarka við jaðar Brúarjökuls, er jökuljaðrinum fylgt og miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.*

### 6.18. Um málskostnað

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat hefur nefndin m.a. litið til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eiga að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga enda rekist hagsmunir ekki á. Þóknun til lögmanna vegna Laugarvalla tekur þannig m.a. mið af því að þrír lögmenn fóru með þá hagsmunagæslu án þess að sýnt hafi verið fram á nauðsyn þess. Við mat á fjárhæð kostnaðar hefur nefndin enn fremur litið til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu.

## 7. ÚRSKURÐARORÐ[439]

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Brúaröræfi, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Frá tindi Álftadalsdyngju í 802 m hæð yfir sjávarmáli er dregin lína til norðvesturs í annan tind (840 m) og þaðan yfir þriðja tindinn (700 m) og beina línu í Kreppu. Ræður síðan Kreppa þar til Kverká fellur í hana, og Kverká að upptökum við Vatnajökul. Þaðan er jökuljaðrinum, eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, fylgt að upptökum Jökulsár á Jökuldal. Þeirri á er síðan fylgt að suðurmerkjum Laugarvalla, en þau liggja þaðan sem Sauðá fellur í Jökulsá. Þaðan er Sauðá fylgt þangað sem Stórilækur fellur í hana. Þaðan er dregin lína vestan megin Hvannstóðsfjalla í fjallgarðinn norðan við Vesturdal, inn undir Hvannstóðsfjöllum. Þar sem þessi merkjalína Laugarvalla sker línu sem dregin er frá tindi í Þríhyrningsfjallgarði (777 m) og til suðausturs í stefnu á gilendann í Vesturárdal er hornmark. Frá hornmarkinu er framangreindri línu fylgt í áðurnefndan tind í Þríhyrningsfjallgarði (777 m), þaðan er dregin lína í tinda í Álftadalsfjalli, þann fyrri í 828 m hæð yfir sjávarmáli og þann síðari í 904 m hæð yfir sjávarmáli. Loks er dregin lína í tind í Álftadalsdyngju í 785 m hæð yfir sjávarmáli og í þann tind á fjallinu er hér að framan var fyrst nefndur og er í 802 m hæð yfir sjávarmáli.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Brúar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir og liggur norðan Þjóðfells er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Úr gróf þeirri er fellur í Hölkná, framanvert við Súlendur er dregin lína suðvestur á Þjóðfell og þaðan í upptök Skarðsár. Frá upptökum Skarðsár er línan síðan dregin í Svartfell á sýslumörkum. Þaðan er fylgt sveitarfélagamörkum til austurs og suðausturs uns þau koma í gróf þá er fellur í Hölkná, framanvert við Súlendur.*

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. hluti Vatnajökuls, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

---

[439] Sjá til skýringar fylgiskjal nr. I (Kort). Við afmörkun þjóðlendu í hverju máli fyrir sig er miðað við orðalag í fyrirliggjandi heimildum um það landsvæði sem til meðferðar er. Blæbrigðamunur kann því að vera á lýsingum á sömu línu á milli einstakra mála.

*Að austan er miðað við línu sem dregin er frá jaðri Brúarjökuls, við upptök Jökulsár á Jökuldal, til suðvesturs í miðja Breiðubungu.*

*Að vestan er miðað við línu sem dregin er frá jaðri Brúarjökuls, við upptök Kverkár, og til suðvesturs inn á Vatnajökul, til skurðar við línu þá sem afmarkar svæðið til suðurs. Þar er hornmark.*

*Að sunnan er miðað við línu sem liggur frá miðri Breiðubungu og til vesturs í stefnu á Svíahnjúk eystri, þar til kemur að hornmarki við vesturmörk. Hornmark þetta kemur fram á korti Miðhálendisskipulags og er þar sem lína dregin frá aðalupptökum Jökulsár á Fjöllum við Dyngjujökul sker línu þá sem liggur á milli miðrar Breiðubungu og Svíahnjúka eystri.*

*Að norðan, á milli framangreindra austur- og vesturmarka við jaðar Brúarjökuls, er jökuljaðrinum fylgt og miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.*

Útlagður kostnaður málsaðila, annarra en fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins, utan þóknunar lögmanna, hefur þegar verið endurgreiddur úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998. Þóknun málflytjenda ákvarðast svo: Friðbjörn E. Garðarsson hdl. kr. 3.980.000; Friðjón Örn Friðjónsson hrl. kr. 210.000; Kristinn Bjarnason hrl. kr. 210.000; Bjarni G. Björgvinsson hrl. kr. 870.000 og Óskar Sigurðsson hrl. kr. 615.000, og greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

Gerður er fyrirvari um hnitasetningu þjóðlendulínu að liðnum málsskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu. Þá getur skipan þjóðlendu innan staðarmarka sveitarfélaga komið til endurskoðunar.

**Kristján Torfason**

**Allan Vagn Magnússon** **Sif Guðjónsdóttir**

## VIÐAUKI

**Almennar niðurstöður óbyggðanefndar í málum nr. 1-7/2000 (Uppsveitir Árnessýslu) og 1-5/2001 (Sveitarfélagið Hornafjörður).**

*Sjá bls. 151-215.*

# FYLGISKJÖL

**I. Kort**
**II. Aðilaskrá**
**III. Skjalaskrá**




# Yfirlitskort

Mál nr. 2/2005

Jökuldalur norðan og vestan Jökulsár á Jökuldal ásamt Jökulsárhlíð

ÓBYGGÐANEFND

ÞJÓÐLENDUR

| | |
|---|---|
| Mörk þjóðlendu skv. úrskurði óbyggðanefndar | Kröfur gagnaðila ríkisins |
| Mörk afréttareignar innan þjóðlendu skv. úrskurði óbyggðanefndar | Afmörkun á kröfugerð ábúenda |
| Aðalkrafa ríkisins um þjóðlendumörk | Skörun á kröfum gagnaðila ríkisins |
| Varakrafa ríkisins um þjóðlendumörk | Mörk sveitarfélaga |

Um tölusetta kröfulínupunkta vísast til kröfulýsinga málsaðila

Línur sem liggja samsíða hafa sömu staðsetningu

Um þjóðlendumörk á jökli, sjá yfirlitskort

Dags. 29. maí 2007 Blað nr. FHE-01

LANDFORM ehf

Kortagrunnur: IS50V birt með leyfi Landmælinga Íslands (L05040005)

LANDSLAGSARKITEKTAR FÍLA, AUSTURVEGUR 6, 800 SELFOSS, s/482 4090 fax/482 3542, landform@landform.is

**II. Aðilaskrá**

| | |
|---|---|
| Þjóðlendur | Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins |
| Ármótasel | Guðrún Ragna Einarsdóttir |
| Ármótasel | Þorsteinn Snædal |
| Breiðamörk | Stefán Sigurðsson |
| Brú | Sigvarður Halldórsson |
| Brú | Stefán Halldórsson |
| Eiríksstaðir | Bragi S. Björgvinsson |
| Fossvellir | Anna Einarsdóttir |
| Fossvellir | Ragnheiður Ragnarsdóttir |
| Gilsá | Eiríkur S. Skjaldarson |
| Grunnavatn | Fljótsdalshérað |
| Hallgeirsstaðir | Benedikt Hrafnkelsson |
| Hallgeirsstaðir | Þórarinn Hrafnkelsson |
| Háreksstaðir | Sesselja Níelsdóttir |
| Heiðarsel | Fljótsdalshérað |
| Hjarðarhagi | Páll Hjarðar |
| Hjarðargrund | Guðgeir Ragnarsson |
| Hlíðarhús | Björg Runólfsdóttir |
| Hofteigur | Ríkissjóður Íslands |
| Hrafnabjörg I | Helga Hallgrímsdóttir |
| Hrafnabjörg I | Jónas Guðmundsson |
| Hrafnabjörg II | Rúnar Guðmundsson |
| Hrafnabjörg III | Jónas Guðmundsson |
| Hrafnabjörg IV | Helga Hallgrímsdóttir |
| Hrafnabjörg IV | Jónas Guðmundsson |
| Laugarvellir | Guðgeir Ragnarsson |
| Laugarvellir | Gunnhildur Þ. Hjarðar |
| Laugarvellir | Páll Hjarðar |
| Laugarvellir | Þorvaldur Benediktsson |
| Möðrudalur | Fjársýsla ríkisins |
| Möðrudalur | Vernharð Vilhjálmsson (ábúandi) |

| | |
|---|---|
| Rangalón | Atli Jóhann Hauksson |
| Rangalón | Jóhann Kr. Jónsson |
| Rangalón | Málfríður Þorvaldsdóttir |
| Skjöldólfsstaðir I | Vilhjálmur Snædal |
| Skjöldólfsstaðir I | Þorsteinn Snædal |
| Skjöldólfsstaðir II | Eiríkur S. Skjaldarson |
| Sleðbrjótssel | Ása S. Björnsdóttir |
| Sleðbrjótssel | Sólveig Björnsdóttir |
| Sleðbrjótssel | Svavar Björnsson |
| Sleðbrjótur | Lífsval ehf. |
| Surtsstaðir | Ragnheiður Haraldsdóttir |
| Surtsstaðir | Veturliði Kristjánsson |
| Sænautasel | Fljótsdalshérað |
| Veturhús | Dánarbú Björgvins Sigvaldasonar |
| Veturhús | Gréta Dröfn Þórðardóttir |
| Veturhús | Sigvaldi H. Ragnarsson |
| Víðirhólar | Aðalsteinn Jökull Kristjánsson |
| Víðirhólar | Anna Aðalsteinsdóttir |
| Víðirhólar | Anna Björg Þorgrímsdóttir |
| Víðirhólar | Dánarbú Björgvins Sigvaldasonar |
| Víðirhólar | Edda Einarsdóttir |
| Víðirhólar | Edda Katrín Rögnvaldsdóttir |
| Víðirhólar | Gísli Einar Rögnvaldsson |
| Víðirhólar | Gréta Dröfn Þórðardóttir |
| Víðirhólar | Guðmundur Jökull Þorgrímsson |
| Víðirhólar | Guðný Kristjánsdóttir |
| Víðirhólar | Margrét Pétursdóttir |
| Víðirhólar | Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir |
| Víðirhólar | Sigvaldi H. Ragnarsson |
| Víðirhólar | Torfi Hermann Pétursson |

## III. Skjalaskrá[1]

**Lagt fram af Andra Árnasyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:**

1 Kröfulýsing, dags. 14.10.2004.

1(1) Skjalaskrá, dags. 10.11.2004.

1(2) Tilvísanaskrá, dags. 6.10.2004.

1(3) Kort sem sýnir kröfulínu fjármálaráðherra á Jökuldal norðan og vestan Jökulsár ásamt Jökulsárhlíð og Hróarstungu, ódags. en móttekið 2.11.2004. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:100.000).

1(4) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðherra, dags. 1.3.2004. Tilkynning um meðferð á svæði V.

1(5) Bréf fjármálaráðuneytisins til óbyggðanefndar um þjóðlendukröfur á svæði V, Norðausturlandi, dags. 11.11.2004.

1(6) Dómur Héraðsdóms Austurlands frá 30.10.2003 í máli nr. S-175/2002 um rjúpnaveiðar á Jökuldalsheiði.

1(7) Dómur Héraðsdóms Austurlands 10.5.1996 í máli nr. E-43/1996 um jörðina Háreksstaði í Jökuldalshreppi.

1(8) Greinargerð fjármálaráðuneytisins fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 10.12.2005.

1(9) Kort (A4) sem sýnir breytingar á kröfulínu fjármálaráðherra á Jökuldal norðan og vestan Jökulsár ásamt Jökulsárhlíð og Hróarstungu, dags. 15.12.2005.

**Lagt fram af óbyggðanefnd:**

2 Yfirlit Þjóðskjalasafns Íslands yfir heimildaleit í óprentuðum (A-skjöl) og prentuðum (B-skjöl) frumgögnum, dags. 10.8.2006.

*Landamerkjabækur (skjalaflokkur A.1.):*

2(1) Hjarðarhagi, dags. 19.6.1884. *(Merkt 1, nr. 4).*

2(2) a-b Hjarðarhagi, dags. 24.10.1921, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Seyðisfirði. *(Merkt 2, nr. 4).*

2(3) Hjarðargrund, útdráttur úr afsali, dags. 10.11.1958. *(Merkt 3, nr. 4).*

2(4) Hofteigur, dags. 20.6.1884. *(Merkt 4, nr. 4).*

2(5) a-b Hofteigur, dags. 12.6.1923, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Seyðisfirði. *(Merkt 5, nr. 4).*

2(6) a-b Hofteigur II, útdráttur úr afsali, dags. 7.12.1953, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Seyðisfirði. *(Merkt 6 a-b, nr. 4).*

2(7) Skjöldólfsstaðir, þingl. 21.6.1884. *(Merkt 7, nr. 4).*

2(8) a-b Skjöldólfsstaðir og Háreksstaðir, dags. 24.10.1921, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Seyðisfirði. *(Merkt 8 a-b, nr. 4).*

2(9) Gilsá (nýbýli úr Skjöldólfsstöðum), útdráttur úr kaupsamningi, dags. 6.7.1941. *(Merkt 9, nr. 4).*

2(10) a-b Ármótasel, dags. 15.12.1921, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Seyðisfirði. *(Merkt 10, nr. 4).*

2(11) Arnórsstaðir, Víðirhólar, Möðrudalur, útdráttur úr dómsmálabók Norður-Múlasýslu, dags. 20.9.1888. *(Merkt 11 a-b, nr. 4).*

2(12) a-b Víðirhólar, dags. 24.10.1921, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Seyðisfirði. *(Merkt 12, nr. 4).*

2(13) Hákonarstaðir, dags. 2.6.1885. *(Merkt 13 a-b, nr. 4).*

2(14) Hákonarstaðir og Víðirhólar, dags. 16.9.1893. *(Merkt 14 a-b, nr. 4).*

2(15) Hákonarstaðir dags. 15.12.1921. *(Merkt 15, nr. 4).*

[1] Skjölum er raðað undir efnisflokka og þau því ekki í réttri númeraröð að öllu leyti. Sjá einnig í kafla 4.2.

2(16) Sænautasel, dags. 4.6.1894. *(Merkt 16 a-b, nr. 4).*
2(17) a-b Sænautasel, dags. 15.12.1921, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Seyðisfirði fylgir. *(Merkt 17, nr. 4).*
2(18) a-b Veturhús, dags. 24.10.1921, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Seyðisfirði. *(Merkt 18 a-b, nr. 4).*
2(19) Eiríksstaðir og Grund, vottorð, dags. 23.7.1893. *(Merkt 19 a-b, nr. 4).*
2(20) Eiríksstaðir, Grund og Hákonarstaðir, dags. 8.7.1897. *(Merkt 20 a-b, nr. 4).*
2(21) Eiríksstaðir, dags. 21.5.1894. *(Merkt 21, nr. 4).*
2(22) a-b Eiríksstaðir, dags. 14.10.1921, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Seyðisfirði. *(Merkt 22 a-b, nr. 4).*
2(23) a-b Brú, dags. 4.7.1890, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Seyðisfirði. *(Merkt 23 a-b, nr. 4).*
2(24) a-b Brú, dags. 14.10.1921, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Seyðisfirði. *(Merkt 24, nr. 4).*
2(25) a-b Brú og Laugarvellir, dags. 15.12.1921, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Seyðisfirði. *(Merkt 25 a-b, nr. 4).*
2(26) a-b Heiðarsel, dags. 13.10.1921, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Seyðisfirði. *(Merkt 26 a-b, nr. 4).*
2(27) a-b Grunnavatn, dags. 24.10.1921, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Seyðisfirði. *(Merkt 27, nr. 4).*
2(28) Rangárlón, dags. 6.6.1894. *(Merkt 28, nr. 4).*
2(29) a-b Rangárlón, dags. 15.12.1921, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Seyðisfirði. *(Merkt 29, nr. 4).*
2(30) a-b Rangárlón, dags 23.10.1921, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Seyðisfirði. *(Merkt 30 a-b, nr. 4).*
2(31) a-b Möðrudalur, þingl. 25.7.1923, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Seyðisfirði. *(Merkt 31 a-b, nr. 4).*
2(32) Víðidalur, þingl. 27.7.1922. *(Merkt 32 a-b, nr. 4).*
2(33) Hauksstaðir, dags. 18.6.1883. *(Merkt 33, nr. 4).*
2(34) a-b Hauksstaðir, dags. 24.10.1921, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Seyðisfirði. *(Merkt 34, nr. 4).*
2(35) Hauksstaðir, dags. 29.5.1964. *(Merkt 35, nr. 4).*
2(36) Hauksstaðir, dags. 23.8.1968. *(Merkt 36, nr. 4).*
2(37) Hvanná, dags. 20.6.1884. *(Merkt 37 a-b, nr. 4).*
2(38) Hvanná, dags. 12.6.1923. *(Merkt 38 a-b, nr. 4).*
2(39) Arnórsstaðir, dags. 30.11.1921. *(Merkt 39 a-b, nr. 4).*
2(40) a-b Arnórsstaðir, dags. 24.10.1921, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Seyðisfirði. *(Merkt 40, nr. 4).*
2(41) Fagrahlíð og Hlíðarhús, þingl. 9.6.1890. *(Merkt 1, nr. 3).*
2(42) Fagrahlíð og Hlíðarhús, dags. 30.6.1899. *(Merkt 2, nr. 3).*
2(43) Hlíðarhús, dags. 24.7.1922. *(Merkt 3 a-b, nr. 4).*
2(44) Hlíðarhús, Sleðbrjótur og Breiðamörk, samkomulag um landamerki og veiðiréttindi, dags. 30.7.1974. *(Merkt 4 a-b, nr. 3).*
2(45) Sleðbrjótssel, dags. 28.4.1890. *(Merkt 5 a-b, nr. 3).*
2(46) a-b Sleðbrjótssel, dags. 30.10.1921, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Seyðisfirði. *(Merkt 6, nr. 3).*
2(47) a-b Sleðbrjótssel II, útdráttur úr landskiptagjörð, dags. 26.4.1963, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Seyðisfirði. *(Merkt 7, nr. 3).*
2(48) Sleðbrjótur og Mássel, dags. 21.6.1884. *(Merkt 8, nr. 3).*
2(49) a-b Sleðbrjótur, dags. 24.7.1922, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Seyðisfirði. *(Merkt 9, nr. 3).*
2(50) Breiðamörk II, dags. 10.7.1965. (Endurrit). *(Merkt 10, nr. 3).*
2(51) Surtsstaðir, dags. 21.6.1884. *(Merkt 11 a-b, nr. 3).*
2(52) a-b Surtsstaðir, dags. 29.9.1921, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Seyðisfirði. *(Merkt 12 a-b, nr. 3).*

| | |
|---|---|
| 2(53) | Surtsstaðir, landskiptagjörð, dags. 13.3.1961. *(Merkt 13, nr. 3).* |
| 2(54) | Hallgeirsstaðir, dags. 21.6.1884. *(Merkt 14 a-b, nr. 3).* |
| 2(55) a-b | Hallgeirsstaðir, dags. 29.9.1921, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Seyðisfirði. *(Merkt 15, nr. 4).* |
| 2(56) | Hrafnabjörg, dags. 21.6.1884. *(Merkt 16, nr. 3).* |
| 2(57) | Hrafnabjörg I og IV, ódags. *(Merkt 17 a-b, nr. 3).* |
| 2(58) | Fossvellir, dags. 21.6.1884. *(Merkt 18 a-b, nr. 3).* |
| 2(59) a-b | Fossvellir, dags. 28.10.1921, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Seyðisfirði. *(Merkt 19, nr. 4).* |
| 2(60) | Selland, útdráttur úr afsali, dags. 8.6.1944. *(Merkt 20, nr. 3).* |
| 2(91) | Reykjahlíð í Skútustaðahreppi, dags. 8.4.1891. *(Merkt 1 a-b).* |
| 2(96) | Gnýsstaðir, þingl. 14.7.1885. *(Merkt 28, nr. 2).* |
| 2(97) a-b | Gnýsstaðir, dags. 14.7.1922, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Seyðisfirði. *(Merkt 29 a-b, nr. 2).* |
| 2(98) a-b | Hraunfell, þingl. 14.7.1885, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Seyðisfirði. *(Merkt 30, nr. 2).* |
| 2(99) a-b | Egilsstaðir, dags. júlí 1885, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Seyðisfirði. *(Merkt 34, nr. 2).* |
| 2(100) a-b | Egilsstaðir, dags. 28.7.1922, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Seyðisfirði. *(Merkt 35, nr. 2).* |
| 2(101) | Egilsstaðir I og II, landskiptagerðir, dags. 21.3.1963. *(Merkt 36 a-b, nr. 2).* |
| 2(102) | Hrappsstaðir, dags. í júlí 1885. *(Merkt 31, nr. 2).* |
| 2(103) a-b | Hrappsstaðir, dags. 1.8.1922, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Seyðisfirði. *(Merkt 32 a-b, nr. 2).* |
| 2(104) | Refsstaður, þingl. 14.7.1885. *(Merkt 37 a-b, nr. 2).* |
| 2(105) a-b | Refsstaður, dags. 28.7.1922, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Seyðisfirði. *(Merkt 38, nr. 2).* |
| 2(106) a-c | Refsstaður II og III, útdrættir úr afsölum, dags. 29.11.1951 og 26.7.1957, ásamt uppskriftum. *(Merkt 39 a-b, nr. 2).* |
| 2(107) | Böðvarsdalur, Fagridalur og Eyvindarstaður, þingl. 24.6.1884. *(Merkt 54, nr. 2).* |
| 2(108) | Böðvarsdalur, Fagridalur og Eyvindarstaðir, dags. 7.7.1922. *(Merkt 55 a, nr. 2).* |
| 2(109) a-b | Vaðbrekka, dags. 13.12.1921, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Seyðisfirði. *(Merkt 1, nr. 2).* |
| 2(110) a-b | Vaðbrekka II, útdráttur úr afsali, dags. 12.4.1957, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Seyðisfirði. *(Merkt 2, nr. 2).* |
| 2(111) a-b | Aðalból, dags. 13.12.1921, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Seyðisfirði. *(Merkt 3 a-b, nr. 2).* |
| 2(112) | Stóribakki og Blöndugerði, dags. 21.6.1884. *(Merkt 1 a-b, Hróarstunga).* |
| 2(113) | Litlibakki og Hrærekslækur, dags. 21.6.1884. *(Merkt 2 a-b, Hróarstunga).* |
| 2(114) | Hrærekslækur, dags. í maí 1884. *(Merkt 3 a-b, Hróarstunga).* |
| 2(115) | Galtastaðir ytri, dags. 5.6.1890. *(Merkt 4 a-b, Hróarstunga).* |
| 2(116) | Stóribakki, dags. 23.9.1920. *(Merkt 5, Hróarstunga).* |
| 2(117) | Blöndugerði, dags. 26.11.1921. *(Merkt 6 a-b, Hróarstunga).* |
| 2(118) | Árbakki, landskiptagerð, dags. 14.8.1959. *(Merkt 7 a-b, Hróarstunga).* |
| 2(119) | Galtastaðir ytri I og II, dags. 27.10.1951. *(Merkt 8, Hróarstunga).* |
| 2(120) | Torfastaðir og Hnitbjörg, dags. 18.6.1883. *(Merkt 21 a, nr. 3).* |
| 2(121) | Hnitbjörg og Torfastaðir, dags. 18.6.1883. *(Merkt 21 b, nr. 3).* |
| 2(122) | Hnitbjörg, þingl. 9.6.1890. *(Merkt 22, nr. 3).* |
| 2(123) | Ketilsstaðir, dags. 2.7.1916. *(Merkt 23 a-b, nr. 3).* |
| 2(124) | Ketilsstaðir (athugasemd), þingl. 21.7.1922. *(Merkt 24 a-b, nr. 3).* |
| 2(125) | Torfastaðir, dags. 5.12.1921. *(Merkt 25 a-b, nr. 3).* |
| 2(126) | Hnitbjörg, dags. 17.10.1921. *(Merkt 26 a-b, nr. 3).* |
| 2(127) | Fagrahlíð, dags. 17.10.1921. *(Merkt 27 a-b, nr. 3).* |

2(128) Ketilsstaðir I og II, landskiptagerð, dags. 13.2.1963. *(Merkt 28 a-b, nr. 3).*
2(129) Skriðufell, útdráttur úr afsali, dags. 16.5.1950. *(Merkt 29 a-b, nr. 3).*
2(130) Langagerði, útdráttur úr afsali, dags. 15.11.1941. *(Merkt 41, nr. 4).*
2(131) Skeggjastaðir, þingl. 18.6.1883. *(Merkt 4, nr. 4b).*
2(132) Hnefilsdalur, dags. 15.6.1884. *(Merkt 5, nr. 4b).*
2(133) Gauksstaðir, dags. 16.6.1884. *(Merkt 6, nr. 4b).*
2(134) Klaustursel og Fossgerði, dags. 14.6.1884. *(Merkt 7, nr. 4b).*
2(135) Skeggjastaðir, dags. 28.10.1921. *(Merkt 8 a-b, nr. 4b).*
2(136) Hnefilsdalur, dags. 18.10.1921. *(Merkt 9, nr. 4b).*
2(137) Gauksstaðir, dags. 18.10.1921. *(Merkt 10, nr. 4b).*
2(138) Merki, dags. 16.10.1921. *(Merkt 11 a-b, nr. 4b).*
2(139) Klaustursel, dags. 16.10.1921. *(Merkt 12 a-b, nr. 4b).*
2(140) Fossgerði, dags. 27.8.1922. *(Merkt 13, nr. 4b).*
2(141) Arnarhóll og Merki, útdráttur úr byggingabréfi, dags. 8.11.1960. *(Merkt 14 a-b, nr. 4b).*
2(142) Mælivellir, útdráttur úr afsali, dags. 12.11.1952 og 27.3.1957. *(Merkt 15 a-b, nr. 4b).*
2(143) Refshöfði, yfirlýsing um landamerki, dags. 30.6.1966. *(Merkt 16 a-b, nr. 4b).*
2(144) Skuggahlíð útdráttur úr kaupsamningi, ódags. *(Merkt 17, nr. 4b).*
2(145) Smáragrund, útdráttur úr afsali, dags. 4.11.1937. *(Merkt 18, nr. 4b).*
2(249) Hvanná I. Útdráttur úr landskiptagerð, dags. 22.9.1958. *(Merkt 42, nr. 4a).*
2(250) Hvanná II. Útdráttur úr landskiptagerð, dags. 22.9.1958. Útdráttur úr afsali, dags. 16.11.1962, hvað varðar ný merki milli Hvannár og Hofteigs. *(Merkt 43 a-b, nr. 4a).*
2(251) Hvanná III. Útdráttur úr afsali, dags. 1.9.1959. *(Merkt 44, nr. 4a).*
2(337) Brunahvammur, dags. 1.8.1894. *(Merkt 19 a-b, nr. 2).*
2(338) Fagrakinn og Gestreiðarstaðir, útskrift úr dómsmálabók Norður-Múlasýslu, dags. 13.9.1892. *(Merkt 21 a-d, nr. 2).*
2(339) Fagrakinn og Gestreiðarstaðir, dags. 13.7.1894. *(Merkt 22 a-b, nr. 2).*
2(340) Steinvarartunga, dags. 24.2.1885. *(Merkt 25, nr. 2).*
2(341) Steinvarartunga, dags. 12.8.1885. *(Merkt 26 a-b, nr. 2).*
2(342) Böðvarsdalur, Fagridalur og Eyvindarstaður, þingl. 24.6.1884. *(Merkt 54, nr. 2).*
2(343) Þorbrandsstaðir, þingl. 14.7.1885. *(Merkt 56 a-b, nr. 2).*
2(344)
2(345) a-b Þorbrandsstaðir, dags. 14.7.1922, ásamt uppskrift. *(Merkt 57 a-b, nr. 2).*

*Jarðabréf á Þjóðskjalasafni (skjalaflokkur A.2.):*

2(202) Makaskipti á Hrærekslæk (landamerki tiltekin) og hálfum *Saursstöðum/ Surtsstöðum* (talað um landamerki sem jarðarinnar bréf ávísa), dags. 1.8.1647, afskrift, dags. 17.5.1712. Apogr. A.M. 5455. Staðfest uppskrift, dags. 30.1.1929. *(Merkt 1 a-g, nr. 3).*
2(331) a-b *Hákonarstaðamáldagi*. Skjal (skinnbréf, skorið í tvennt) þetta á að vera afrit af skjali gerðu í Skálholti 1663 og vera vitnisburður um Hákonarstaðakirkju og landamerki Hákonarstaða m.m. Þetta skjal liggur í jarðaskjölum Þ.Í. með athugasemdinni „líklega falsbréf“. Því var það ekki sent. Hins vegar kom í ljós að það hefur verið fært inn í landamerkjabók Norður-Múlasýslu (sjá skjal nr. 2 (14)) og notað í dómsmálum, bæði máli Arnórsstaða og Víðirhóla gegn Möðrudal og máli Möðrudals og Bustarfells. Þetta skjal er heldur tortryggilegt eins og kemur fram í greinargerð starfsmanna Þ.Í. Afrit af landamerkjabréfinu hefur verið sent en hér með fylgja ljósrit af þeim afritum sem lögð voru fram í áðurnefndum málum, N° 11 er úr Arnórsstaðamáli en Ltra D er úr Bustarfellsmáli, ásamt endurriti. *(Merkt 1 a-b, nr. 4a).*

*Afsals og veðmálabækur (skjalaflokkur A.3.):*

2(203) a-b Lögfesta fyrir *Fögruhlíð* 1833 og 1845, ásamt uppskrift. *(Merkt 1 a-b, nr. 3).*

2(204) a-b Lögfesta fyrir *Möðrudal* 1844, ásamt uppskrift. *(Merkt 1 a-b, nr. 4a).*

| 9(4) | Ljósrit af korti sem sýnir staðsetningu veiddra hreindýra í landi Grunnavatns 2003. |

**Lagt fram af Friðbirni Garðarssyni hdl. vegna Hallgeirsstaða:**

| | |
|---|---|
| 10 | Kröfulýsing, dags. 31.3.2005. |
| 10(1) | Þinglýsingarvottorð fyrir Hallgeirsstaði, dags. 18.3.2005. |
| 10(2) | Fasteignamatsvottorð fyrir Hallgeirsstaði (2 síður), dags. 31.3.2005. |
| 10(3) | Greinargerð eigenda jarðarinnar Hallgeirsstaða, mótt. 9.3.2006. Sjá einnig skjal 5(3), almenn umfjöllun í tilefni greinargerðar íslenska ríkisins. |
| 10(4) | Greinargerð eigenda jarðarinnar Vörðubrúnar, mótt. 9.3.2006. Sjá einnig skjal 5(3), almenn umfjöllun í tilefni greinargerðar íslenska ríkisins. |

**Lagt fram af Friðbirni Garðarssyni hdl. vegna Heiðarsels:**

| | |
|---|---|
| 11 | Kröfulýsing, dags. 31.3.2005. |
| 11(1) | Þinglýsingarvottorð fyrir Heiðarsel, dags. 18.3.2005. |

11(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Heiðarsel, dags. 31.3.2005.
11(3) Greinargerð, mótt. 9.3.2006. Sjá einnig skjal 5(3), almenn umfjöllun í tilefni greinargerðar íslenska ríkisins.

**Lagt fram af Friðbirni Garðarssyni hdl. vegna Hjarðarhaga og Hjarðargrundar:**
12 Kröfulýsing, dags. 31.3.2005.
12(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Hjarðargrund, dags. 18.3.2005.
12(2) Þinglýsingarvottorð fyrir Hjarðarhaga, dags. 18.3.2005
12(3) Fasteignamatsvottorð fyrir Hjarðarhaga, dags. 31.3.2005.
12(4) Fasteignamatsvottorð fyrir Hjarðargrund, dags. 31.3.2005.
12(5) Ljósrit úr Dóma- og þingbók 1842–1854, bls. 47–49.
12(6) Greinargerð, mótt. 9.3.2006. Sjá einnig skjal 5(3), almenn umfjöllun í tilefni greinargerðar íslenska ríkisins.
12(7) Ljósrit af korti sem sýnir staðsetningu veiddra hreindýra í landi Hjarðarhaga árið 2003.

**Lagt fram af Friðbirni Garðarssyni hdl. vegna Hlíðarhúsa:**
13 Kröfulýsing, dags. 31.3.2005.
13(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Hlíðarhús, dags. 30.3.2005.
13(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Hlíðarhús, dags. 31.3.2005.
13(3) Greinargerð, mótt. 9.3.2006. Sjá einnig skjal 5(3), almenn umfjöllun í tilefni greinargerðar íslenska ríkisins.

**Lagt fram af Friðbirni Garðarssyni hdl. vegna Hrafnbjarga:**
14 Kröfulýsing, dags. 31.3.2005.
14(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Hrafnabjörg I, dags. 18.3.2005.
14(2) Þinglýsingarvottorð fyrir Hrafnabjörg II, dags. 18.3.2005.
14(3) Þinglýsingarvottorð fyrir Hrafnabjörg III, dags. 18.3.2005.
14(4) Þinglýsingarvottorð fyrir Hrafnabjörg IV, dags. 18.3.2005.
14(5) Fasteignamatsvottorð fyrir Hrafnabjörg 1, dags. 31.3.2005.
14(6) Fasteignamatsvottorð fyrir Hrafnabjörg 2, dags. 31.3.2005.
14(7) Fasteignamatsvottorð fyrir Hrafnabjörg 3, dags. 31.3.2005.
14(8) Fasteignamatsvottorð fyrir Hrafnabjörg 4, dags. 31.3.2005.
14(9) Greinargerð, mótt. 9.3.2006. Sjá einnig skjal 5(3), almenn umfjöllun í tilefni greinargerðar íslenska ríkisins.

**Lagt fram af Friðbirni Garðarssyni hdl. vegna Möðrudals:**
15 Kröfulýsing, dags. 7.4.2005.
15(1) Greinargerð, mótt. 9.3.2006. Sjá einnig skjal 5(3), almenn umfjöllun í tilefni greinargerðar íslenska ríkisins.
15(2) Afrit af embættisbréfum hreppstjóra í Jökuldals- og Hlíðarhreppi 1833–1854, fjallar m.a. um nýbýlið Mel.
15(3) Skipting dánarbús Stefáns Einarssonar, Möðrudal, dags. 5.10.1916.

**Lagt fram af Friðbirni Garðarssyni hdl. vegna Rangalóns:**
16 Kröfulýsing, dags. 31.3.2005.
16(1) Útprentun af færslum fyrir jörðina Rangalón af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 31.3.2005.
16(2) Afsal Guðnýjar Torfadóttur fyrir hluta Rangalóns til Jóns Þórarinssonar, dags. 11.6.1940.
16(3) Greinargerð, mótt. 9.3.2006. Sjá einnig skjal 5(3), almenn umfjöllun í tilefni greinargerðar íslenska ríkisins.

**Lagt fram af Friðbirni Garðarssyni hdl. og Bjarna G. Björgvinssyni hdl. vegna Skjöldólfsstaða I–II, Gilsár og Háreksstaða:**

17 Kröfulýsing, dags. 31.3.2005.

17(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Skjöldólfsstaði 1, dags. 17.3.2005.

17(2) Þinglýsingarvottorð fyrir Skjöldólfsstaði 2, dags. 30.3.2005.

17(3) Þinglýsingarvottorð fyrir Háreksstaði, dags. 30.3.2005.

17(4) Þinglýsingarvottorð fyrir Gilsá, dags. 30.3.2005.

17(5) Fasteignamatsvottorð fyrir Skjöldólfsstaði 1 (tvær síður), dags. 31.3.2005.

17(6) Fasteignamatsvottorð fyrir Skjöldólfsstaði 2, dags. 31.3.2005.

17(7) Fasteignamatsvottorð fyrir Gilsá, dags. 31.3.2005.

17(8) Fasteignamatsvottorð fyrir Háreksstaði, dags. 31.3.2005.

17(9) Fasteignamatsvottorð fyrir Skjöldólfsstaði 1 (lóð), dags. 31.3.2005.

17(10) Fasteignamatsvottorð fyrir Skjöldólfsstaðaskóla, dags. 31.3.2005.

17(11) Landskiptagerð Skjöldólfsstaða, dags. 15.6.2001, ásamt fylgigögnum.

17(12) Úrskurður matsnefndar eignarnámsbóta, dags. 17.11.1998.

17(13) Endurrit úr þingbók Héraðsdóms Austurlands, mál nr. S 495/1997 tekið fyrir. Dómþing háð 7.1.1998.

17(14) Greinargerð, mótt. 9.3.2006. Sjá einnig skjal 5(3), almenn umfjöllun í tilefni greinargerðar íslenska ríkisins.

17(15) Ljósrit af kortum sem sýnir staðsetningu veiddra hreindýra í landi Háreksstaða 2003 og 2004.

17(16) Kvittun vegna greiðslu fyrir efnistöku á Háreksstöðum.

17(17) Bréfaskriftir milli Bjarna G. Björgvinssonar og Vegagerðar ríkisins varðandi greiðslu fyrir efnistöku á Háreksstöðum.

17(18) Hlutakort 1/3, dags. 14.6.2006, með teikningu Páls Pálssonar frá Aðalbóli af fyrrum landamerkjum Skjöldólfsstaðar og Brúar, ásamt vinnukorti Páls með áteiknuðum landamerkjum jarða, ódags.

**Lagt fram af Friðbirni Garðarssyni hdl. vegna Sleðbrjótssels:**

18 Kröfulýsing, dags. 31.3.2005.

18(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Sleðbrjótssel, dags. 4.4.2005.

18(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Sleðbrjótssel, dags. 31.3.2005.

18(3) Fasteignamatsvottorð fyrir Sleðbrjótssel (spilda), dags. 31.3.2005.

18(4) Greinargerð, mótt. 9.3.2006. Sjá einnig skjal 5(3), almenn umfjöllun í tilefni greinargerðar íslenska ríkisins.

18(5) Þinglýsingarvottorð fyrir Sleðbrjótssel, dags. 11.7.2006.

**Lagt fram af Friðbirni Garðarssyni hdl. vegna Sleðbrjóts og Breiðumarkar:**

19 Kröfulýsing, dags. 31.3.2005.

19(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Sleðbrjót 1, dags. 18.3.2005.

19(2) Þinglýsingarvottorð fyrir Sleðbrjót 2, dags. 18.3.2005.

19(3) Þinglýsingarvottorð fyrir Breiðumörk, dags. 17.3.2005.

19(4) Fasteignamatsvottorð fyrir Sleðbrjót 1, dags. 31.3.2005.

19(5) Fasteignamatsvottorð fyrir Sleðbrjót 2, dags. 31.3.2005.

19(6) Fasteignamatsvottorð fyrir Breiðumörk 1, dags. 31.3.2005.

19(7) Fasteignamatsvottorð fyrir Breiðumörk 2, dags. 31.3.2005.

19(8) Greinargerð, mótt. 9.3.2006. Sjá einnig skjal 5(3), almenn umfjöllun í tilefni greinargerðar íslenska ríkisins.

**Lagt fram af Friðbirni Garðarssyni hdl. vegna Surtsstaða:**

20 Kröfulýsing, dags. 31.3.2005.

20(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Surtsstaði, dags. 18.3.2005.

20(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Surtsstaði, dags. 31.3.2005.

20(3) Greinargerð, mótt. 9.3.2006. Sjá einnig skjal 5(3), almenn umfjöllun í tilefni greinargerðar íslenska ríkisins.

**Lagt fram af Friðbirni Garðarssyni hdl. vegna Sænautasels:**

21 Kröfulýsing, dags. 31.3.2005.
21(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Sænautasel, dags. 18.3.2005.
21(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Sænautasel, dags. 31.3.2005.
21(3) Greinargerð, mótt. 9.3.2006. Sjá einnig skjal 5(3), almenn umfjöllun í tilefni greinargerðar íslenska ríkisins.

**Lagt fram af Friðbirni Garðarssyni hdl. vegna Veturhúsa:**

22 Kröfulýsing, dags. 31.3.2005.
22(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Veturhús, dags. 18.3.2005.
22(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Veturhús, dags. 31.3.2005.
22(3) Afsal Hjálmars Vilhjálmssonar f.h. dómsmálaráðuneytisins til Kjartans Ólafssonar fyrir Veturhús, dags. 29.7.1942.
22(4) Greinargerð, mótt. 9.3.2006. Sjá einnig skjal 5(3), almenn umfjöllun í tilefni greinargerðar íslenska ríkisins.
22(5) Kaupsamningur um 1/3 hluta Veturhúsa, dags. 14.5.1999.
22(6) Frávísun kaupsamnings um Veturhús frá þinglýsingu, sýslumaðurinn á Seyðisfirði, dags. 5.1.2006.

**Lagt fram af Friðbirni Garðarssyni hdl. vegna Víðirhóla:**

23 Kröfulýsing, dags. 31.3.2005.
23(1) Fasteignamatsvottorð fyrir Víðirhóla, dags. 4.4.2005.
23(2) Greinargerð, mótt. 9.3.2006. Sjá einnig skjal 5(3), almenn umfjöllun í tilefni greinargerðar íslenska ríkisins.

**Lagt fram af Friðjóni Erni Friðjónssyni hrl., Kristni Bjarnasyni hrl. og Friðbirni Garðarssyni hdl. vegna Laugavalla:**

24 Kröfulýsing, dags. 31.3.2005.
24(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Laugavelli, dags. 4.4.2005.
24(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Laugavelli, dags. 31.3.2005.
24(3) Byggingarbréf fyrir jörðina Laugavelli, dags. 1.12.1903.
24(4) Ljósrit úr Bréfabók Jökuldalshrepps 1889–1904.
24(5) Greinargerð, mótt. 9.3.2006. Sjá einnig skjal 5(3), almenn umfjöllun í tilefni greinargerðar íslenska ríkisins.
24(6) Samkomulag. Eigendur Laugavalla heimila Landsvirkjun að stunda rannsóknir í landi Laugavalla til undirbúnings virkjana á Austurlandi, dags. 5.7.2000.
24(7) Samkomulag. Eigendur Laugavalla heimila Landsvirkjun notkun á landi Laugavalla í þágu framkvæmda vegna Kárahnjúkavirkjunar, dags. 21.10.2002.
24(8) Bréf iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis til Gunnhildar Þ. Hjarðar varðandi ósk Landsvirkjunar um heimild til að taka eignarnámi hluta jarðarinnar Laugavalla, dags. 11.5.2006.
24(9) Greinargerð og yfirlit vegna málskostnaðarkrafna vegna Laugavalla, ódags. en mótt. 23.6.2006.
24(10) Laugavallaland. Nánari greinargerð um efnistökur og stíflur. Dags. í desember 2004.

**Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Reykjahlíðar:**

25 Kröfulýsing, dags. 30.3.2005.
25(1) Uppdráttur af merkjum fyrir Krepputungu.
25(2) Þinglýsingarvottorð fyrir Reykjahlíð 1, dags. 19.1.2004.
25(3) Þinglýsingarvottorð fyrir Reykjahlíð 3, dags. 19.1.2004.
25(4) Þinglýsingarvottorð fyrir Reykjahlíð 4, dags. 19.1.2004.
25(5) Þinglýsingarvottorð fyrir Reynihlíð, dags. 19.1.2004.

25(6) Þinglýsingarvottorð fyrir Víðihlíð, dags. 19.1.2004.
25(7) Þinglýsingarvottorð fyrir Reykjahlíð 2, dags. 19.1.2004.
25(8) Þinglýsingarvottorð fyrir Bjarg, dags. 19.1.2004.
25(9) Útprentun af færslum fyrir jörðina Reykjahlíð aðveitust. af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, ódags.
25(10) Útprentun af færslum fyrir jörðina Reykjahlíð 1 af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, ódags.
25(11) Útprentun af færslum fyrir jörðina Reykjahlíð 2 af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, ódags.
25(12) Útprentun af færslum fyrir jörðina Reykjahlíð 2 (lóð) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, ódags.
25(13) Útprentun af færslum fyrir jörðina Reykjahlíð 3 af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, ódags.
25(14) Útprentun af færslum fyrir jörðina Reykjahlíð 4 af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, ódags.
25(15) Ljósrit af afréttarskrá Skútustaðahrepps, dags. 13.3.1978.

**Lagt fram af Andra Árnasyni hrl. vegna Hofteigs:**

26 Kröfulýsing ásamt skjalaskrá, dags. 8.4.2005.
26(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Hofteig, dags. 6.12.2005.
26(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Hofteig, dags. 30.3.2005.

**Lagt fram af Andra Árnasyni hrl. vegna Möðrudals:**

27 Kröfulýsing ásamt skjalaskrá, dags. 8.4.2005.
27(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Möðrudal, dags. 6.12.2005.
27(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Möðrudal, dags. 30.3.2005.

**Lagt fram af Óskari Sigurðssyni hdl. vegna Víðihóla:**

28 Kröfulýsing, dags. 31.3.2005.
28(1) Fasteignamatsvottorð fyrir Víðihóla, dags. 4.4.2005.
28(2) Greinargerð, dags. 8.3.2006.

**Lagt fram af málsaðilum:**

29 a Yfirlitskort. Mál nr. 2/2005. Kröfulínur allra málsaðila, dags. 14.6.2006.
b Hlutakort 1/3, dags. 14.6.2006.
c Hlutakort 2/3, dags. 14.6.2006.
d Hlutakort 3/3, dags. 14.6.2006.

**Lagt fram af óbyggðanefnd:**

30 30(1) Fundargerð 1. fyrirtöku, dags. 17.8.2005.
30(2) Fundargerð 2. fyrirtöku, dags. 20.12.2005.
30(3) Fundargerð 3. fyrirtöku, dags. 9.3.2006.
30(4) Fundargerð aðalmeðferðar, dags. 21.6.2006.
30(5) Fundargerð endurupptöku, dags. 17.8.2006.
31 Greinargerð Hjörleifs Guttormssonar náttúrufr. um staðhætti og gróðurfar, dags. 16.5.2006.
32 Greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands um sögu jarða og annarra landsvæða, dags. 26.7.2006.

**Hliðsjónargögn**

**Lagt fram til hliðsjónar af Andra Árnasyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:**

Ónr. Dómur Hæstaréttar 1997, bls. 2792, um jörðina Laugarvelli í Jökuldalshreppi.
Ónr. Dómur Hæstaréttar 21.1.1998, mál nr. 171/1998, varðandi Gilsá í Jökuldalshreppi.
Ónr. Göngur og réttir eftir Braga Sigurjónsson, 5. bindi, bls. 312–366.
Ónr. *Austurland. Safn Austfirzkra fræða* I, II og V, Ritstjórar: Halldór Stefánsson og Þorsteinn M. Jónsson, Akureyri, 1947-1970. I. bindi, síður:149–163, 166–171, 182–229, 236–259, II bindi, síður: 36–45 og V bindi, bls. 328–329.
Ónr. *Múlaþing*, 5(1970), bls. 172–188.
Ónr. *Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1844*, Reykjavík, 2000. Hofteigssókn 1874 (bls. 96–99).
Ónr. *Múlasýslur. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1844*, Reykjavík, 1994. Möðrudalssókn 1839–1844 (bls. 225–229).
Ónr. Þorvaldur Thoroddsen: *Lýsing Íslands*, Reykjavík, 1919, bls.194–195.
Ónr. *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, Egilsstaðir, 1974, bls. 240–245, 249, 251–257, 259–273, 275–286, 313, 190–209, 211–212, 214–225, 227–228, 230–231 og 234–235.
Ónr. *Landnámabók* bls. 294–295. Nánari skýringar Ólafs Sigurgeirssonar hrl. vantar á þessu skjali.
Ónr. *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra árin 1752–1757* II, Reykjavík, 1981, bls. 83, 114 og 116–117.
Ónr. Yfirlit málflutningsræðu, dags. 23.6.2006.

**Lagt fram til hliðsjónar af óbyggðanefnd:**

Ónr. Ólafur Ólafsson Olavius: *Ferðabók. Landshagir í norðvestur-, norður- og norðaustursýslum Íslands 1775-1777* II, Reykjavík, 1964-1965, bls. 137–141. Skrá um eyðibýli í Norður-Múlasýslu *(Merkt B 11.2.a-g).*
Ónr. Halldór Stefánsson: „Jökuldalsheiðin og byggðin þar“, *Austurland: Safn austfirzkra fræða* I, bls. 145–274. *(Merkt B 11.3).*
Ónr. Halldór Stefánsson: „Landnám í Austfirðingafjórðungi. III. Einstök landnám“, *Austurland: Safn austfirzkra fræða* II, bls. 25–43, 54–59. *(Merkt B.11.4).*
Ónr. Skýrslur um Hofteigs- og Kirkjubæjarbrauð 1854. *(Merkt B. 11. 2 a-g, nr. 4a/3).*
Ónr. Sveinbjörn Rafnsson: *Byggðaleifar í Hrafnkelsdal og á Brúardölum*, Reykjavík, 1990, bls. 75–92 og 109–111. *(Merkt B. 11.3, nr. 4a).*
Ónr. Lyfrd. og Hrd. (1802–1873) VIII. b. 1857–1863, bls. 13–14, 94–98, 404–406. Háreksstaðamál. *(Merkt B. 3.1. a-h, nr. 4a).*
Ónr. Lyfrd. og Hrd. (1802–1873) IX. b. 1863–1867, bls. 65–71, 396–397. Háreksstaðamál. *(Merkt B.3.2 a-f, nr. 4a).*
Ónr. Lyfrd. og Hrd. (1890–1894) IV. b., bls. 210–211. Möðrudalur og Arnórsstaðir 1891, frávísun. *(Merkt B.3.3 a-b, nr. 4a).*
Ónr. Skýrslur í máli 2/2005 hjá óbyggðanefnd (10 blaðsíður, skrifaðar upp eftir hljóðupptöku).
Ónr. Bréf sýslumanns Norður-Múlasýslu um afréttarskrár, dags. 27.1.1986.

**Lagt fram til hliðsjónar af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Reykjahlíðar:**

Ónr. Jóhann Skaptason: „Sýslumörk Þingeyjarsýslu“, *Árbók Þingeyinga 1965* bls. 66–71.

**Lagt fram til hliðsjónar af Friðbirni Garðarssyni hdl. vegna Brúar:**

Ónr. *Manntal á Íslandi 1816* I, Prentað að tilhlutan Ættfræðifélagsins með styrk úr ríkissjóði, Akureyri, 1947.
Ónr. Heimir Þór Gíslason: „Um fjallagrös“, *Glettingur tímarit um austfirsk málefni*, 1(2005), bls. 15-18.
Ónr. *Tíðindi um stjórnamálefni Íslands* I, 1854–63, bls. 702–703. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um jarðarafgjöld af nýbýlinu Brattagerði.

Ónr. Yfirlit málflutningsræðu, ódags. en mótt. 24.6.2006.
Ónr. *Múlasýslur. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1874*, Reykjavík, 2000. Hofteigssókn 1840, bls. 66–67 og 96–97.

**Lagt fram til hliðsjónar af Friðbirni Garðarssyni hdl. vegna jarða í máli nr. 2/2005:**
Ónr. Forn jarðamörk í Jökuldal og Fljótsdal. Uppdráttur gerður af Páli Pálssyni á Aðalbóli, ódags.

**Skjöl lögð fram til upplýsingar fyrir lögmenn um rannsókn óbyggðanefndar**
Ónr. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll. nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000.
Ónr. Listi ÞÍ yfir þær jarðir á svæði 5 sem leitað er heimilda um. Dags. 28.2.2005–1.3.2005. Breytt 4.4.2005.
Ónr. Listi óbn yfir jarðir (og eyðibýli) á svæði 5 sem kröfulína íslenska ríkisins liggur um og/eða með fram, dags.20.3.2005.
Ónr. Efnisyfirlit landamerkjabókar Norður-Múlasýslu A, 1883–1951.
Ónr. Efnisyfirlit landamerkjabókar Norður-Múlasýslu B, 1921–1979.
Ónr. Efnisyfirlit landamerkjabókar Þingeyjarsýslu A, 1883–1888.
Ónr. Efnisyfirlit landamerkjabókar Þingeyjarsýslu B-E, (B 1888–1890, C 1890–1901, E1901–1936).
Ónr. Efnisyfirlit Björns Teitssonar o.fl. („Heimildaskráning jarða“), fyrir Múlasýslur.
Ónr. Afrit af erindi óbyggðanefndar, dags. 6.9.2005. Beiðni um gögn úr Afsals- og veðmálabókum sem eru í vörslu sýslumannsins á Seyðisfirði.

# ÚRSKURÐUR
# ÓBYGGÐANEFNDAR

**Mál nr. 3/2005**

**Vopnafjarðarhreppur**

ÓBYGGÐANEFND

29. maí 2007

EFNISYFIRLIT

1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD ....... 472

2. MÁLSMEÐFERÐ ....... 473

2.1. Hlutverk óbyggðanefndar ....... 473
2.2. Norðausturland tekið til umfjöllunar ....... 473
2.3. Lýstar kröfur og kynning ....... 474
2.4. Mál nr. 3/2005, Vopnafjarðarhreppur ....... 475

3. KRÖFUGERÐ ....... 477

3.1. Kröfur íslenska ríkisins ....... 477
3.2. Kröfur Hámundarstaða ehf. og Guðna J. Stefánssonar vegna Hámundarstaða ....... 477
3.3. Kröfur Veiðiklúbbsins Strengs vegna Hvammsgerðis ....... 478
3.4. Kröfur Karls Steingrímssonar og fleiri vegna Hróaldsstaða I og II ....... 478
3.5. Kröfur Katrínar Gústafsdóttur og fleiri vegna Áslaugarstaða ....... 479
3.6. Kröfur Guðmundar Gústafssonar og fleiri vegna Leifsstaða ....... 479
3.7. Kröfur Katrínar Gústafsdóttur og fleiri vegna Þorvaldsstaða ....... 479
3.8. Kröfur Steingerðar Gunnarsdóttur og fleiri vegna Hamars ....... 480
3.9. Kröfur Steingerðar Gunnarsdóttur og fleiri vegna Mælifells ....... 480
3.10. Kröfur Steingerðar Gunnarsdóttur og fleiri vegna Selsárvalla ....... 481
3.11. Kröfur Vopnafjarðarhrepps vegna Arnarvatns ....... 481
3.12. Kröfur Vopnafjarðarhrepps vegna Vopnafjarðarafréttar ....... 481
3.13. Kröfur Braga Vagnssonar og Elínar Metúsalemsdóttur vegna Brunahvamms ....... 482
3.14. Kröfur Braga Vagnssonar og Elínar Metúsalemsdóttur vegna Fögru-Kinnar og Gestreiðarstaða ....... 482
3.15. Kröfur Prestsetrasjóðs vegna Steinvarartungu og Mela (Hofs) ....... 483
3.16. Kröfur Vopnafjarðarhrepps vegna Þorbrandsstaðatungna (Þorbrandsstaða) ....... 483
3.17. Kröfur Sunnudals ehf. og fleiri vegna Gnýsstaða ....... 484
3.18. Kröfur Einars Helgasonar og fleiri vegna Hrappsstaða og Háteigs ....... 484
3.19. Kröfur Björns Sæmundssonar vegna Egilsstaða ....... 484
3.20. Kröfur Félagsbúsins Refsstaðar ehf. og fleiri vegna Refsstaðar I-III ....... 485
3.21. Kröfur Jóhanns B. Marvinssonar og fleiri vegna Svínabakka og Engihlíðar ....... 485
3.22. Kröfur Trausta Gunnsteinssonar vegna Rauðhóla ....... 485
3.23. Kröfur Péturs Ingólfssonar og Jóns Ingólfssonar vegna Skjaldþingsstaða ....... 486
3.24. Kröfur Björns Sigmarssonar og fleiri vegna Krossavíkur I og II ....... 486
3.25. Kröfur Ólafs Leifssonar og Guðmundar Leifssonar vegna Vindfells ....... 486
3.26. Kröfur Rósu Jónsdóttur og fleiri vegna Eyvindarstaða ....... 487
3.27. Kröfur Jónínu Hannesdóttur og fleiri vegna Böðvarsdals ....... 487

4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN ....... 488

4.1. Inngangur ....... 488
4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar ....... 488
4.3. Vettvangsferð ....... 489
4.4. Skýrslutökur ....... 490

5. SAGA JARÐA OG ANNARRA LANDSVÆÐA ....... 492

5.1. Landnám ....... 492
5.2. Hámundarstaðir ....... 493
5.3. Hvammsgerði ....... 496
5.4. Hróaldsstaðir ....... 498
5.5. Áslaugarstaðir ....... 500
5.6. Leifsstaðir ....... 502
5.7. Þorvaldsstaðir ....... 504
5.8. Hamar ....... 508
5.9. Mælifell ....... 510
5.10. Selsárvellir og Aðalból (Búastaðatungur) ....... 514
5.11. Arnarvatn (Hauksstaðir) ....... 517
5.12. Bustarfell, Brunahvammur, Fagrakinn og Gestreiðarstaðir ....... 521

*5.12.1. Bustarfell og Brunahvammur* ... *521*
*5.12.2. Fagrakinn og Gestreiðarstaðir* ... *526*
5.13. Steinvarartunga (Hofskirkja) ... 529
5.14. Melar ... 540
5.15. Þorbrandsstaðir og Þorbrandsstaðatungur ... 550
5.16. Gnýsstaðir ... 552
5.17. Hrappsstaðir og Háteigur ... 554
5.18. Egilsstaðir ... 557
5.19. Refsstaður ... 560
5.20. Svínabakkar og Engihlíð ... 565
5.21. Rauðhólar ... 567
5.22. Skjaldþingsstaðir ... 570
5.23. Krossavík ... 572
5.24. Vindfell ... 576
5.25. Eyvindarstaðir ... 579
5.26. Böðvarsdalur ... 582
5.27. Afréttarnot ... 585

**6. NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR ... 597**

6.1. Almenn atriði og dómafordæmi í þjóðlendumálum ... 597
*6.1.1. Gildi landamerkjabréfa jarða* ... *598*
*6.1.2. Heiðarbýli á Norðausturlandi* ... *600*
6.2. Landnám ... 602
6.3. Hámundarstaðir ... 602
*6.3.1. Inngangur* ... *602*
*6.3.2. Sjónarmið aðila* ... *603*
*6.3.3. Niðurstaða* ... *604*
6.4. Hvammsgerði ... 606
*6.4.1. Inngangur* ... *606*
*6.4.2. Sjónarmið aðila* ... *606*
*6.4.3. Niðurstaða* ... *608*
6.5. Hróaldsstaðir ... 611
*6.5.1. Inngangur* ... *611*
*6.5.2. Sjónarmið aðila* ... *611*
*6.5.3. Niðurstaða* ... *612*
6.6. Áslaugarstaðir ... 615
*6.6.1. Inngangur* ... *615*
*6.6.2. Sjónarmið aðila* ... *615*
*6.6.3. Niðurstaða* ... *616*
6.7. Leifsstaðir ... 619
*6.7.1. Inngangur* ... *619*
*6.7.2. Sjónarmið aðila* ... *619*
*6.7.3. Niðurstaða* ... *621*
6.8. Þorvaldsstaðir ... 623
*6.8.1. Inngangur* ... *623*
*6.8.2. Sjónarmið aðila* ... *623*
*6.8.3. Niðurstaða* ... *625*
6.9. Hamar ... 629
*6.9.1. Inngangur* ... *629*
*6.9.2. Sjónarmið aðila* ... *630*
*6.9.3. Niðurstaða* ... *631*
6.10. Mælifell ... 636
*6.10.1. Inngangur* ... *636*
*6.10.2. Sjónarmið aðila* ... *637*
*6.10.3. Niðurstaða* ... *638*
6.11. Selsárvellir (Búastaðatungur) ... 643
*6.11.1. Inngangur* ... *643*
*6.11.2. Sjónarmið aðila* ... *644*
*6.11.3. Niðurstaða* ... *645*
6.12. Arnarvatn ... 649

*6.12.1. Inngangur* ... *649*
*6.12.2. Sjónarmið aðila* ... *650*
*6.12.3. Niðurstaða* ... *651*
6.13. „Afréttur Vopnafjarðarhrepps“ ... 653
*6.13.1. Inngangur* ... *653*
*6.13.2. Sjónarmið aðila* ... *654*
*6.13.3. Niðurstaða* ... *655*
6.14. Fagrakinn og Gestreiðarstaðir ... 658
*6.14.1. Inngangur* ... *658*
*6.14.2. Sjónarmið aðila* ... *658*
*6.14.3. Niðurstaða* ... *660*
6.15. Steinvarartunga og Melar ... 663
*6.15.1. Inngangur* ... *663*
*6.15.2. Sjónarmið aðila* ... *664*
*6.15.3. Niðurstaða* ... *666*
6.16. Þorbrandsstaðatungur ... 671
*6.16.1. Inngangur* ... *671*
*6.16.2. Sjónarmið aðila* ... *671*
*6.16.3. Niðurstaða* ... *672*
6.17. Gnýsstaðir ... 675
*6.17.1. Inngangur* ... *675*
*6.17.2. Sjónarmið aðila* ... *676*
*6.17.3. Niðurstaða* ... *677*
6.18. Jarðir sem liggja að Smjörfjallgarði ... 680
*6.18.1. Inngangur* ... *680*
*6.18.2. Sjónarmið aðila* ... *681*
*6.18.3. Niðurstaða* ... *683*
6.19. Um málskostnað ... 686

**7. ÚRSKURÐARORÐ ... 688**

**VIÐAUKI**
Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

**FYLGISKJÖL**
I. Kort
II. Aðila- og eigendaskrá
III. Skjalaskrá

## 1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Þriðjudaginn 29. maí 2007 er tekið fyrir mál nr. 3/2005, Vopnafjarðarhreppur, og í því kveðinn upp svohljóðandi

### ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Kristján Torfason, formaður óbyggðanefndar, og nefndarmennirnir Karl Axelsson og Sif Guðjónsdóttir.

Aðilar málsins eru:[1]
Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna.
(Andri Árnason hrl.)
Jónína Hannesdóttir og fleiri vegna Böðvarsdals.
Björn Sæmundsson vegna Egilsstaða.
Rósa Jónsdóttir og fleiri vegna Eyvindarstaða.
Sunnudalur ehf. og fleiri vegna Gnýsstaða.
Einar Helgason og Gísli Helgason vegna Hrappsstaða I–II.
Helgi Sigurðsson og Margrét Sigtryggsdóttir vegna Háteigs.
Karl Steingrímsson vegna Hróaldsstaða I.
Sigmundur Steingrímsson og Auður Jónsdóttir vegna Hróaldsstaða II.
Trausti Gunnsteinsson vegna Rauðhóla.
Félagsbúið Refsstað ehf. vegna Refsstaðar I og III.
Þórður Pálsson og Ágústa Þorkelsdóttir vegna Refsstaðar II.
Pétur Ingólfsson og Jón Ingólfsson vegna Skjaldþingsstaða.
Jóhann B. Marvinsson og fleiri vegna Svínabakka.
Gauti Halldórsson og Halldóra Andrésdóttir vegna Engihlíðar.
Ólafur Leifsson og Guðmundur Leifsson vegna Vindfells.
(Friðbjörn Garðarsson hdl.)
Katrín Gústafsdóttir og fleiri vegna Áslaugarstaða.
Bragi Vagnsson og Elín Metúsalemsdóttir vegna Brunahvamms, Fögru-Kinnar og Gestreiðarstaða (Bustarfells).
Steingerður Gunnarsdóttir og fleiri vegna Hamars, Mælifells og Selsárvalla.
Hámundarstaðir ehf. og Guðni J. Stefánsson vegna Hámundarstaða.
Prestsetrasjóður vegna Steinvarartungu og Mels.
Veiðiklúbburinn Strengur vegna Hvammsgerðis.
Björn Sigmarsson vegna Krossavíkur I.
Karen Björnsdóttir og fleiri vegna Krossavíkur II.
Guðmundur Gústafsson og fleiri vegna Leifsstaða.

[1] Sjá nánar í aðilaskrá (fylgiskjal II).

Katrín Gústafsdóttir og fleiri vegna Þorvaldsstaða.
Vopnafjarðarhreppur vegna Arnarvatns, Þorbrandsstaðatungna (Þorbrandsstaða I og II) og Vopnafjarðarafréttar.
(Ólafur Björnsson hrl.)

## 2. MÁLSMEÐFERÐ

### 2.1. Hlutverk óbyggðanefndar

Hinn 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, sbr. einnig lög um breytingar á þeim, nr. 65/2000, 7/2005 og 19/2006. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr.:

a) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
b) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
c) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og úrskurðir óbyggðanefndar, fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

### 2.2. Norðausturland tekið til umfjöllunar

Með bréfi, dagsettu 1. mars 2004, tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra þá ákvörðun sína að taka til umfjöllunar tiltekið landsvæði á Norðausturlandi, sbr. 8., 11. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Landsvæði þetta, hið fimmta í röðinni hjá óbyggðanefnd, var að vestanverðu afmarkað af meginfarvegi Jökulsár á Fjöllum, allt frá Jökulsárósi í Öxarfirði og að aðalupptökum árinnar í Dyngjujökli. Þaðan er jaðri Dyngjujökuls fylgt þar til komið er vestur undir Kverkfjöll í Hveradal og þaðan er dregin lína áfram í suður, til skurðar við línu þá á Vatnajökli sem afmarkar svæðið til suðurs.

Hér ber þess að geta að framangreindum vesturmörkum var síðar breytt að því leyti að svokölluð Krepputunga, austan Jökulsár á Fjöllum og vestan Kreppuár, var skilin undan svæðinu, sbr. 8. gr. laga nr. 58/1998.[2]

Að austan afmarkast svæðið af farvegi Lagarfljóts, allt frá ósum þess á Héraðssandi þangað sem Gilsá rennur í það. Síðan fylgja mörk svæðisins Gilsá og austurmörkum Fljótsdalshrepps við Austur-Hérað, Djúpavogshrepp og Sveitarfélagið Hornafjörð.

[2] Sjá bókun í fundargerð 2. fyrirtöku í máli nr. 2/2005.

Framangreind afmörkun til austurs endar í Geldingafelli. Þaðan er dregin lína til suðvesturs inn á Vatnajökul, yfir hnjúk í 1438 m hæð og áfram í Grendil, þaðan í nafnlausan hnjúk skammt sunnan Grendils, áfram yfir Goðahnjúka og í miðja Breiðabungu og loks í stefnu á Svíahnjúk eystri til skurðar við framangreind vesturmörk. Afmörkun á Vatnajökli byggir á markalínum þeim sem samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendis Íslands hefur notað við vinnu sína.

Að norðan afmarkast svæðið af hafi.

Fjármálaráðherra var veittur frestur til 1. ágúst 2004 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á þessu svæði, væri um slíkar kröfur að ræða. Sýslumönnum og fyrirsvarsmönnum viðkomandi sveitarfélaga, þ.e. Öxarfjarðarhrepps, Raufarhafnarhrepps, Svalbarðshrepps, Þórshafnarhrepps, Skeggjastaðahrepps, Vopnafjarðarhrepps, Norður-Héraðs, Fellahrepps og Fljótsdalshrepps var tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar og gerð grein fyrir framhaldinu.

Kröfulýsingarfrestur fjármálaráðherra var fyrst framlengdur til 15. október 2004 og síðar til 12. nóvember sama árs og með því orðið við rökstuddri beiðni ráðuneytisins.

## 2.3. Lýstar kröfur og kynning

Kröfulýsingar fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendur á Norðausturlandi bárust 11. nóvember 2004. Óbyggðanefnd birti tilkynningu um málsmeðferð á framangreindu svæði og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrætti, í *Lögbirtingablaðinu* 28. desember 2004, *Fréttablaðinu* 7. janúar 2005 og *Morgunblaðinu* 9. janúar, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 31. mars 2005. Þá kom fram að yfirlýsingu um kröfugerð og málsmeðferð yrði þinglýst á þær fasteignir á svæðinu sem skráðar væru í þinglýsingabók og málið varðaði, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Kröfur fjármálaráðherra voru gerðar aðgengilegar almenningi á skrifstofum sýslumanna á Seyðisfirði og á Húsavík, auk sveitarfélaga á kröfusvæðum og heimasíðu óbyggðanefndar. Þá var málið kynnt í fjölmiðlum.

Frestur annarra til að lýsa kröfum á kröfusvæði ríkisins var framlengdur lítillega í þeim tilvikum að leitað var eftir slíku með rökstuddum hætti og bárust síðustu kröfulýsingar í maí 2005.

Gefið var út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og þær færðar inn á uppdrátt. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofum sýslumanna á Seyðisfirði og á Húsavík, frá 25. maí til og með 30. júní 2005, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 11. júlí 2005. Framangreind kynningargögn voru jafnframt aðgengileg á skrifstofum viðkomandi sveitarfélaga,

skrifstofu óbyggðanefndar og heimasíðu óbyggðanefndar. Vakin var athygli á kynningunni í fjölmiðlum. Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdafrests.

Fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins lagði fram kröfulýsingar um þjóðlendur á svæðinu í sex hlutum og níu kröfulýsingar vegna jarðeigna ríkisins. Á móti barst 101 kröfulýsing ýmissa aðila, sem sumar sköruðust eða náðu til fleiri en eins landsvæðis.

## 2.4. Mál nr. 3/2005, Vopnafjarðarhreppur

Í júlí 2005 var lögmönnum aðila tilkynnt að óbyggðanefnd hefði ákveðið að skipta þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins niður í fimm mál, þ.e. mál nr. 1/2005, Fljótsdal og Jökuldal, austan Jökulsár á Jökuldal; mál nr. 2/2005, Jökuldal norðan og vestan Jökulsár á Jökuldal ásamt Jökulsárhlíð; mál nr. 3/2005, Vopnafjarðarhrepp; mál nr. 4/2005, Svalbarðshrepp, Þórshafnarhrepp og Skeggjastaðahrepp og mál nr. 5/2005, Öxarfjarðarhrepp.

Mál nr. 3/2005 var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og forsvarsmanna málsaðila 17. ágúst 2005. Gerð var grein fyrir því að óbyggðanefnd skipuðu í málinu þau Kristján Torfason formaður, Karl Axelsson og Ragnheiður Bragadóttir. Gefið var færi á athugasemdum en engar slíkar komu fram. Lögð voru fram skjöl málsins ásamt skjalaskrá og upplýst um ýmis atriði varðandi gagnaöflun nefndarinnar. Skorað var á lögmenn að fara yfir umrædd atriði af sinni hálfu og gera hið fyrsta athugasemdir ef þeir teldu ástæðu til. Þá var athygli vakin á þinglýsingu athugasemdar um yfirstandandi þjóðlendumál á jarðir á ágreiningssvæði, skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, og óskað eftir að lögmenn gerðu umbjóðendum sínum grein fyrir þessu. Einnig var óskað eftir því að lögmenn skiluðu umboðum hið fyrsta og gerð grein fyrir mikilvægi þess að lögmenn og óbyggðanefnd ynnu saman að því að þeir sem hagsmuna ættu að gæta gerðust aðilar að málinu. Enn fremur var sérstaklega vakin athygli á ákvæði 17. gr. þjóðlendulaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl. Þá var því beint til lögmanna að kanna hvort ljúka mætti málinu að einhverju eða öllu leyti með sátt, sbr. 15. gr. þjóðlendulaga. Jafnframt kom fram að í lok september væri fyrirhugað að skoða vettvang en þess ber að geta að sú ferð var síðar felld niður vegna óhagstæðs veðurs.

Við aðra fyrirtöku málsins, 20. desember 2005, var lögð fram greinargerð af hálfu íslenska ríkisins og fleiri gögn. Við sama tækifæri var öðrum málsaðilum veittur frestur til 1. mars 2006 til skila á greinargerðum.

Við þriðju fyrirtöku málsins, 9. mars 2006, voru lagðar fram greinargerðir vegna fjölda jarða. Við þetta tækifæri voru einnig lögð fram frekari gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti.

Aðalmeðferð fór fram dagana 25., 26. og 27. júní 2006. Við upphaf hennar kom fram að Sif Guðjónsdóttir hefði tekið sæti Ragnheiðar Bragadóttur í málinu.

Þessi breytta skipan óbyggðanefndar hafði verið kynnt lögmönnum fyrir aðalmeðferð og engar athugasemdir verið gerðar af því tilefni.

Vettvangsferð fór fram sunnudaginn 25. júní og mánudaginn 26. júní voru teknar skýrslur, sjá nánar í köflum 4.3. og 4.4. Þriðjudaginn 26. júní fór síðan fram munnlegur málflutningur í fundarsal Hótels Héraðs, Egilsstöðum. Við það tækifæri kom m.a. fram að lögmenn teldu ekki sáttagrundvöll í málinu, sbr. 1. mgr. 15. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998. Var málið tekið til úrskurðar að málflutningi loknum.

Loks var málið endurupptekið 17. ágúst 2006 og lögð fram ný gögn. Þau höfðu áður verið kynnt lögmönnum og tækifæri gefið til athugasemda. Engar athugasemdir komu fram. Var málið síðan tekið til úrskurðar að nýju.

# 3. KRÖFUGERÐ[3]

## 3.1. Kröfur íslenska ríkisins

Af hálfu fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins eru gerðar þær endanlegu aðalkröfur að eftirfarandi lína verði úrskurðuð þjóðlendumörk í Vopnafirði: „Fyrsti punktur í kröfulínu er í Hágangnaurð í landamerkjapunkti Hámundarstaða (1), þaðan er dregin lína í Þverfell (2), þaðan í punkt (3) þar sem ytri Almenningsá rennur úr Almenningsvötnum, þaðan eftir brúnum í Almenningsá fremri (4), þar sem 500 m hæðarlína sker ána. Síðan er farið niður eftir ánni allt til þess að hún rennur í Selá (5). Haldið er upp Selá meðfram Mælifelli og Búastaðatungum á aðra hlið og landi Hauksstaða á hina hlið allt þar til kemur að hornmarki Hauksstaða og Arnarvatns (6). Draga svo línu milli Hauksstaðalands og Arnarvatnslands allt að Skeljungsá (7). Fylgja svo landamerkjum Brunahvamms allt að Hölkná (8) og eftir Hölkná þar til áin fellur í Hofsá (9). Svo er kröfulínan dregin eftir farvegi Hofsár niður meðfram Steinvarartungu og allt þar til Tunguá fellur í Hofsá (10), svo er farið upp Tunguá allt þar til Pyttá rennur í hana (11). Eftir þetta liggur kröfulínan meðfram farvegi Pyttár allt til upptaka (12), þá er farið norður eftir eystri landamerkjalínu Hraunfells og Þórðará fylgt að ármótum við Sunnudalsá (14), síðan beint yfir Smjörvatnsheiði í Beinavörðu (15). Frá Beinavörðu er dregin lína í upptök Þverár (16), en það er punktur á na. mörkum Hrappsstaða. Frá þessum stað er dregin bein lína í 1041 m hæðarpunkt í Refsstaðafjalli (17), þaðan í 1008 m hæðarpunkt (18) norðan Lambadalsskarðs, svo meðfram brúnum Krossavíkurfjalla í 593 m hæðarpunkt (19) í Selfjalli nyrst í Krossavíkurfjöllum og endað á sveitarfélagamörkum í Frökkufjalli (20).“

Íslenska ríkið gerir þá varakröfu, fari svo að óbyggðanefnd fallist ekki á að Búastaðatungur og Mælifell liggi innan þjóðlendumarka, „að ekki skuli draga línu um þjóðlendumörk lengra til landsins, en sem nemur Búastaðatungunum sjálfum og ekki lengra en umhverfis Mælifell“.

## 3.2. Kröfur Hámundarstaða ehf. og Guðna J. Stefánssonar vegna Hámundarstaða

Þess er krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur jarðanna hafi beinan eignarrétt að öllu landi þeirra og að viðurkennt verði að landamerki séu þessi: [...] þaðan beint í Há-Skálafell (punktur 4), þaðan í Gæsagilsá (5) og þaðan í Hágangsurð (6), að sunnan ræður Selá að Borgarlæk (11), hann síðan í svonefndan Efsta-mel (10),

[3] Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (kort) og II (aðilaskrá). Upphaflega var kröfum einnig lýst vegna jarðanna Hauksstaða, Einarsstaða og Hraunfells. Breytingar á kröfulínu ríkisins við meðferð málsins hafa hins vegar leitt til þess að þær falla nú utan þjóðlendukröfusvæðis. Þá var lýst kröfu vegna Syðri-Víkur sem liggur að þjóðlendukröfusvæði ríkisins en ekki er deilt um eignarréttarlega stöðu þess lands. Framangreindar jarðir koma því ekki til umfjöllunar í úrskurði þessum nema að því er varðar ákvörðun málskostnaðar.

þaðan beint í stein tvíklofinn á Miðöxl (9), þaðan sömu stefnu um vötn (7–8) í Hágangsröð (6).

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Gerð er sú varakrafa að miðað skuli við vatnaskil á svæðinu en málflutningur ríkisins verði ekki skilinn öðruvísi en ekki hafi verið ætlunin að gera kröfu inn á land jarðarinnar.

Loks er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.3. Kröfur Veiðiklúbbsins Strengs vegna Hvammsgerðis

Þess er krafist að viðurkennt verði að þinglýstur eigandi Hvammsgerðis hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar og heildarlandamerki hennar séu þessi:

„Að austan ræður Selá; að sunnan og vestan milli Hvammsgerðis og Hróaldsstaða ræður Hvammsá alla leið vestur í Hvammsárvatn. Að utan og norðan milli Hvammsgerðis og Hámundarstaða er Borgarlækur og úr honum í vörðu á svokölluðum Efsta-mel þaðan bein stefna í stóran stein tví-klofin á Miðöxl, þaðan aftur bein lína í ytri Hágangsröð.“

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Gerð er sú varakrafa að miðað skuli við vatnaskil á svæðinu en málflutningur ríkisins verði ekki skilinn öðruvísi en ekki hafi verið ætlunin að gera kröfu inn á land jarðarinnar.

Loks er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.4. Kröfur Karls Steingrímssonar og fleiri vegna Hróaldsstaða I og II

Aðalkrafa er að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt á landi Hróaldsstaða innan þeirra merkja sem lýst er í framlögðu landamerkjabréfi, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja: „Að sunnan Skarðsárós í Selá (punktur 1) þaðan í krókinn á Skarðsá (2) þaðan í Stóruvörðu (3) þaðan í Upsarenda (4) þaðan bein stefna í vatnaskil. Að norðan frá vatnaskilum í Hvammsárvatn (5) síðan ræður Hvammsá í ós við Selá (6). Að ofan ráða vatnaskil en Selá að neðan.“

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.5. Kröfur Katrínar Gústafsdóttur og fleiri vegna Áslaugarstaða

Þess er krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur Áslaugarstaða hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar og að viðurkennt verði að heildarlandamerki hennar séu „frá vörðu í há Upsabrún (punktur 4). Að utan Skarðsá (9) upp í Skarðsárkrók (8), þaðan beint í stóra vörðu og stefnu á Upsarhorn (7), að norðan sem vötnum hallar (5 og 6).“ Vesturmerki Áslaugarstaða liggi eftir línu sem dregin er í beina stefnu frá Hvammsárvatni í Syðri-Hágang.

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Gerð er sú varakrafa að miðað skuli við vatnaskil á svæðinu (dregin lína úr Hvammsárvatni/punkti B í Syðri-Hágang/punkt B2) en málflutningur ríkisins verði ekki skilinn öðruvísi en ekki hafi verið ætlunin að gera kröfu inn á land jarðarinnar.

Loks er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.6. Kröfur Guðmundar Gústafssonar og fleiri vegna Leifsstaða

Þess er krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur Leifsstaða hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar og að viðurkennt verði að heildarlandamerki hennar séu þessi:

„Að framan: Almenningsá ytri ræður að upptökum (punktar 1–2). Að norðan: Fremri Hágangur (3), að utan úr Hágang í Þverfells horn fremra (4), þaðan bein lína í vörðu á Upsabrún (5), þaðan bein lína í vestur horn á Hnaus, þaðan í Sauðahóla (6).“

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Gerð er sú varakrafa að miðað skuli við vatnaskil á svæðinu (dregin lína úr Syðri-Hágangi/punkti B2 í upptök Almenningsár/Ytri-Almenningsvötn/punkt C) en málflutningur ríkisins verði ekki skilinn öðruvísi en ekki hafi verið ætlunin að gera kröfu inn á land jarðarinnar.

Loks er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.7. Kröfur Katrínar Gústafsdóttur og fleiri vegna Þorvaldsstaða

Þess er krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur Þorvaldsstaða hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar og að viðurkennt verði að heildarlandamerki

hennar séu þessi: „Að utan ytri Almenningsá ræður frá Selá að upptökum hennar, þá Kistufellslækur í Miðfjarðará. Að norðan ræður Miðfjarðará í Miðlæk, þar næst að vestan Miðlækur á Einstökutorfu, þaðan yfir Kistufell beina stefnu á Merkistein á Urðarups.“

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Gerð er sú varakrafa að miðað skuli við línu sem dregin er úr upptökum Almenningsár/Ytri-Almenningsvötnum/punkti C í Kistufell/punkt D.

Loks er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.8. Kröfur Steingerðar Gunnarsdóttur og fleiri vegna Hamars

Þess er krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur jarðarinnar hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar og að viðurkennt verði að heildarlandamerki hennar séu þessi: Að austan liggur Selá (punktur 2). Að innan eða vestan liggur Þverá (2), sem kölluð er Almenningsá Innri og ræður hún upp á Upsabrún (3), þaðan bein stefna í Miðfjarðará (4). Að norðan ræður Miðfjarðará (4–5). Að utan eða austan er svokölluð Merkigróf (1), er liggur frá Selá upp í Urðarufs (8), síðan í einstaka torfu (6) sem er norðan við Kistufell (7) og niður með Miðlæk í Miðfjarðará (5).

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Gerð er sú varakrafa að miðað skuli við línu sem dregin er á milli punkta D og E á Kistufelli.

Loks er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.9. Kröfur Steingerðar Gunnarsdóttur og fleiri vegna Mælifells

Þess er krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur jarðarinnar hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar og að viðurkennt verði að heildarlandamerki hennar séu: Selá ræður að Selsárósi, þá ræður Selsá að upptökum, þaðan sjónhending í Há Bungu og þaðan í Heljardalsfjall, þaðan í Há Kistufell og úr því sjónhending í upptök Innri-Almenningsár, síðan ræður hún í Selá og svo hún að Selsá.

Sverrir Jörgensson, einn eigenda Mælifells, telur að mörkin að norðan séu Sýslumannsvarða (punktur 6), síðan með upptökum Miðfjarðarár og síðan sé línan úr Miðfjarðarárdrögum (8) beint austur í Upsabrúnir (9).

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Til vara er þess krafist að norðvesturmerki Mælifells liggi eftir línu sem dregin er frá Kistufelli (E) beina stefnu í upptök Selsár (F).

Loks er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.10. Kröfur Steingerðar Gunnarsdóttur og fleiri vegna Selsárvalla

Þess er krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur jarðarinnar hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar og að viðurkennt verði að heildarlandamerki hennar séu þessi, sbr. þinglýsta yfirlýsingu frá 31. desember 1974: „Selsárvellir standa rétt innan við Selsá, og tilheyrir jörðinni öll tungan (Bústaðatunga) norðaustan Selár milli Selsár að utan og Hrútár ytri að innan. En vatnaskil (sýslumörk) ráða að norðaustan.“

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Til vara er þess krafist að norðvesturmerki Selsárvalla liggi eftir línu sem dregin er frá upptökum Selsár (F) beina stefnu í upptök Ytri-Hrútár í Hábungu (4).

Loks er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.11. Kröfur Vopnafjarðarhrepps vegna Arnarvatns

Þess er krafist að viðurkennt verði að þinglýstur eigandi Arnarvatns hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar og að viðurkennt verði að heildarlandamerki hennar séu þessi: Frá Vesturdalsá ræður Desjarmýrarlækur (punktur 1) að upptökum (2), þaðan beina línu norðan við Hlíðarfell (3) yfir Sandhæð að Selá (4). Síðan ræður Selá allt inn í Selárbotna (5), sem liggja austur úr Grímsstaðadal, og úr Selárbotnum yfir Grjóturðarkambinn, beina stefnu ofan í Skeljungskvos (6), þar sem Skeljungsá hefur upptök sín, og fellur hún milli Arnarvatns og Brúnahvammslanda (7).

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Loks er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.12. Kröfur Vopnafjarðarhrepps vegna Vopnafjarðarafréttar

Þess er krafist að viðurkennt verði að það land innan sveitarmarka Vopnafjarðarhrepps sem tilheyrir engri jörð samkvæmt þinglýstum landamerkjum verði viðurkennt afréttarland Vopnafjarðarhrepps.

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist krafa um fullkominn afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo að umrætt landsvæði teljist þjóðlenda.

Loks er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.13. Kröfur Braga Vagnssonar og Elínar Metúsalemsdóttur vegna Brunahvamms

Þess er krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur jarðarinnar hafi beinan eignarrétt að öllu landi innan þinglýstra landamerkja. Þjóðlendukröfu ríkisins inn á land jarðarinnar verði að sama skapi hafnað.

Vísað er í landamerkjabréf Brunahvamms þar sem merkjunum er m.a. lýst svo: „[...] að ofan nefnd á [Skeljungsá] að landamerkjum inn í Skeljungakvos og í Súlendur, aftur þaðan í læk þann, sem kemur ofan framan við ofannefnt fjall og í efsta bug á Hölkná á Möðrudalsveginum. Þaðan ræður áin landamerkjum að innan í Hofsá.“

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Loks er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.14. Kröfur Braga Vagnssonar og Elínar Metúsalemsdóttur vegna Fögru-Kinnar og Gestreiðarstaða

Þess er krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur jarðanna hafi beinan eignarrétt að öllu landi þeirra innan þinglýstra landamerkja. Þjóðlendukröfu ríkisins inn á land jarðanna verði að sama skapi hafnað.

Krafist er viðurkenningar þess að land Gestreiðarstaða og Fögrukinnar sé háð beinum eignarrétti innan eftirfarandi merkja: Ós lækjar úr Súlendum í Hölkná (punktur 1), þaðan í Stóralækjarvatn (2), merkin liggja yfir það austanvert, […] þaðan í Eyktarnýpu (3) er stendur fremst og syðst á öxlum þeim er liggja inn og vestur frá Gestreiðarstöðum, og þaðan beint að Gestreiðarstaðakvísl (4) í ós Kollseiru í Hofsá (6). Gestreiðarstaðaland fylgir kvíslinni út dalinn eftir að Háreksstaðakvísl sameinast Gestreiðarstaðakvísl heita þær Hofsá. Síðan tekur við land Fögru-Kinnar og fylgir Hofsá út að ós Hölknár.

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Loks er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.15. Kröfur Prestssetrasjóðs vegna Steinvarartungu og Mela (Hofs)

Þess er krafist að viðurkennt verði að þinglýstur eigandi hafi beinan eignarrétt að öllu landi Steinvarartungu og Mels og að viðurkennt verði að heildarlandamerki séu þessi: Að austan ræður Tungnaá (1) suður á heiði að syðri Geldingalæk (2) þar sem hann fellur í nefnda á, þaðan (gagnvart Háreksstöðum) er miðað við Geldingalæk (G), síðan fremra-Brunahorn (H) og áfram í ármót fremri – 3. bug á Hofsá (I). Síðan ræður hún þar til Tungnaá fellur í hana (6).

Þá er þess krafist að viðurkennt verði að landamerki Mels séu þessi: „Að vestan Hofsá norðan frá mótum hennar við Hölkná, og suður að mótum Háreksstaða- og Gestreiðarstaðakvísla.“ Því er haldið fram að landið sem útmælt var hafi verið sem næst réttur ferningur á vesturlínuna, austur yfir Sauðafellshálsinn að stefnumörkum Sauðár, er fellur norður um Vatnaflóann.

Litið er svo á að að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Loks er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.16. Kröfur Vopnafjarðarhrepps vegna Þorbrandsstaðatungna (Þorbrandsstaða)

Þess er krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar og að viðurkennt verði að heildarlandamerki hennar séu þessi: „Að utan: Eftir gömlu merkigarðs garðslagi (sem nú er vírgirt) yfir Miðdegisgil og upp á hálsenda, svo inn eftir hálsi eins og hæst liggur fram sanda, allt inn á móti Skjónugili. Þaðan þvert í Skjónugil, og úr Skjónugili í Merkigil og með Merkigili í Hofsá. Þaðan Hofsá að fyrrgreindum merkigarði”. Þá fylgi jörðinni svokallað Heiðarstykki í Hraunfellsparti, (Þorbrandsstaðatungur) og merki þess séu: Ráði þar Þórðará að sunnan og norðan, er fellur ofan sunnan við Sandfell, myndar horn og ræður allt í Sunnudalsá. Sunnudalsá ræður að austan. „Óákveðið hve langt upp í Sandfell, líklega eins og vötn falla.“

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Loks er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.17. Kröfur Sunnudals ehf. og fleiri vegna Gnýsstaða

Aðalkrafa er að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt á landi Gnýsstaða innan þeirra merkja sem lýst er í framlögðum landamerkjabréfum, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja: Sunnudalsá ræður til upptaka að vestan (punktur 1), að austan ræður Fossá frá ósi við Sunnudalsá þangað til áin sker Smjörvatnsheiðarveg (2), þaðan liggja merkin um veginn til Beinavörðu (3), þaðan í Tröllkarl (4) og úr Tröllkarli á vatnaskilum til upptaka Sunnudalsár (Þórðarár) (5).

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt að landi sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda innan lýstra merkja. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.18. Kröfur Einars Helgasonar og fleiri vegna Hrappsstaða og Háteigs

Aðalkrafa er að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt á landi Hrappsstaða/Háteigs innan þeirra merkja sem lýst er í framlögðum landamerkjabréfum, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja: „Þverá ræður merkjum að utan í Hofsá (punktur 1) en að innan ræður Brunná (2) í Þverlækjarós (3). Þverlækur ræður í Steinku (4) þaðan í Beinavörðu (5), að ofan ráða vatnaskil.“

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt að landi sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda innan lýstra merkja. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.19. Kröfur Björns Sæmundssonar vegna Egilsstaða

Aðalkrafa er að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt á landi Egilsstaða innan þeirra merkja sem lýst er í framlögðum landamerkjabréfum, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: „Þverá ræður merkjum að innan í Hofsá (1) en Kvíslin ræður merkjum að utan (2). Að ofan ráða vatnaskil og Hofsá að neðan.“

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt að landi sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda innan lýstra merkja. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.20. Kröfur Félagsbúsins Refsstaðar ehf. og fleiri vegna Refsstaðar I–III

Aðalkrafa er að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt á landi Refsstaðar innan þeirra merkja sem lýst er í framlögðum landamerkjabréfum, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja: „Kvíslin ræður merkjum að innan (1) en Selá ræður merkjum að utan (2). Að ofan ráða vatnaskil og Hofsá að neðan."

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt að landi sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda innan lýstra merkja. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.21. Kröfur Jóhanns B. Marvinssonar og fleiri vegna Svínabakka og Engihlíðar

Aðalkrafa er að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt á landi Svínabakka/Engihlíðar innan þeirra merkja sem lýst er í framlögðum landamerkjabréfum, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: „Selá ræður merkjum að innan (1), að utan bein lína frá Einbúa (2) í Votaberg (3), síðan í Hofsá (4). Að ofan vatnaskil."

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda innan lýstra merkja. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.22. Kröfur Trausta Gunnsteinssonar vegna Rauðhóla

Aðalkrafa er að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt á landi Rauðhóla innan þeirra merkja sem lýst er í framlögðum landamerkjabréfum, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja: „Að sunnan bein lína frá Einbúa (1) í Votaberg (2) síðan í Hofsá. Að norðan Strákar á Strákatindi (1) í Markúsarheystæði (2) síðan í Hofsá. Að ofan ráða vatnaskil."

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.23. Kröfur Péturs Ingólfssonar og Jóns Ingólfssonar vegna Skjaldþingsstaða

Aðalkrafa er að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt á landi Skjaldþingsstaða innan þeirra merkja sem lýst er í framlögðum landamerkjabréfum, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja: „Að sunnan Strákar á Strákatindi (1) í Markúsarheystæði (2) síðan í Hofsá. Að norðan bein lína frá Einbúa (3) í Hofsá. Að ofan ráða vatnaskil.“

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.24. Kröfur Björns Sigmarssonar og fleiri vegna Krossavíkur I og II

Þess er krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur jarðarinnar hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar innan þinglýstra landamerkja, skv. landamerkjabréfi frá 11. júlí 1890. Krafist er viðurkenningar á eftirfarandi landamerkjum jarðarinnar: „Að framan milli Krossavíkur og Syðri-Víkur þar ræður Marklækur (punktur 2) ofan að vaði (3). Þaðan ræður bein lína í vörðu á Öxlinni (4), þaðan bein lína í sjó. Að utan milli Krossavíkur og Vindfells ræður Gljúfursá frá fjalli að fjöru (1).“

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Loks er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.25. Kröfur Ólafs Leifssonar og Guðmundar Leifssonar vegna Vindfells

Aðalkrafa er að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt á landi Vindfells innan þeirra merkja sem lýst er í framlögðum landamerkjabréfum, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja: „Gljúfursá að framan (1), þá ráða vatnaskil á Vindfellsfjalli (2) og síðan merkigarður í sjó fram (3).“

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt að landi, innan lýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.26. Kröfur Rósu Jónsdóttur og fleiri vegna Eyvindarstaða

Aðalkrafa er að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt á landi Eyvindarstaða innan þeirra merkja sem lýst er í framlögðu landamerkjabréfi, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja: „Dalsá að innan (1), vatnaskil á Vindfellsfjalli (2) og Lambadalsvegur (vatnaskil) að sunnan (3).“

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.27. Kröfur Jónínu Hannesdóttur og fleiri vegna Böðvarsdals

Aðalkrafa er að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt á landi Böðvarsdals innan þeirra merkja sem lýst er í framlögðum landamerkjabréfum, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja: „Dalsá að utan (punktur 1). Að austan ræður Gufa (2) í Gufubotn (3). Þaðan á Heiðarhnúk (4). Þaðan ráða vatnaskil (5) á Lambadalsveg (vatnaskil) (6).“

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

# 4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN

## 4.1. Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1–39 ásamt undirskjölum eða samtals 603 skjöl, auk 20 hliðsjónargagna. Sjá nánar í fylgiskjali nr. III (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

## 4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll., nr. 58/1998. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fáist um einstök álitaefni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til umfjöllunar. Verkið var unnið á hlutlausan og fræðilegan hátt. Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar og grundvallast á „Yfirliti yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Yfirlit þetta hefur verið kynnt lögmönnum málsaðila og engar athugasemdir komið fram. Við samningu þess hefur óbyggðanefnd notið ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands, Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar.

Fyrirsvarsmönnum aðila í máli þessu var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt átti óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmenn um þessi atriði. Þeir gátu einnig bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna eða afla. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. þjóðll. Lögmönnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til greinargerða Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar um þetta efni, skjala nr. 2 og 4. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. III, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (þ.e. undir yfirnúmerum 2 og 4) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

### 4.3. Vettvangsferð

Að morgni sunnudagsins 25. júní 2006 var haldið af stað í vettvangsferð frá Hótel Héraði, Egilsstöðum. Auk óbyggðanefndar, lögmanna málsaðila og starfsmanna óbyggðanefndar voru með í för þeir Hjörleifur Guttormsson náttúrufræðingur og Páll Pálsson frá Aðalbóli á Jökuldal. Hinir tveir síðastnefndu annast leiðsögn.

Ekið var frá Egilsstöðum um Fellabæ norður á þjóðveg nr. 1 yfir á Jökuldal að vegamótum við Norðausturveg (nr. 85), þar sem farið var úr bílnum og staðhættir kannaðir. Frá vegamótunum mátti sjá vesturhluta Steinvarartungu, Bruna og Brunahorn og glitta í Smjörfjöllin til austurs. Til norðurs sáust Súlendur. Þarna hófu þátttöku í vettvangsferð (á einkabílum) þeir Bragi Vagnsson, Bustarfelli, Friðbjörn Haukur Guðmundsson, formaður landbúnaðarnefndar Vopnafjarðar, Hauksstöðum, og Sverrir Jörgensson, Vakursstöðum, mættur sem fulltrúi jarðanna Mælifells, Selsárvalla og Hamars. Ekið var norð-austur Norðausturveg og stöðvað á móts við bæjarstæði Mels þar sem vel sést yfir kröfusvæði Mels og staðhættir skoðaðir. Þaðan var ferðinni haldið áfram í norð-austurátt og beygt til vesturs út á vegarslóða á móts við Bruna og ekið vestur yfir Brunahvammsháls. Þetta mun gamli þjóðvegurinn og telja heimamenn hann hafa verið tekinn í notkun í kringum 1976 en fluttur í núverandi vegarstæði vegna hentugra veðurfars þar. Stigið var úr rútunni austan við Biskupsáfanga, suð-vestan kröfulínupunkts nr. 19 í kröfulínu íslenska ríkisins. Horft var til austurs yfir Súlendugróf. Í norðri sást til Botnafjallgarðs og norðan hans til Dimmafjallgarðs. Ekið var til baka frá Biskupsáfanga aftur inn á Norðausturveg og haldið áfram til norð-austurs þar til komið var að ómerktum og ónúmeruðum vegarslóða sem liggur til norðurs af Norðausturvegi, upp að Arnarvatni. Við vegamótin við vegarslóðann yfirgaf Bragi Vagnsson hópinn en Sverrir Jörgensson og Friðbjörn Haukur komu í rútuna. Ekið var upp í norðurhorn Kálffells þar sem sást yfir Arnarvatn og nágrenni. Við Arnarvatn lýsti Friðbjörn staðháttum og fram kom að Páll teldi Arnarvatn hafa verið kallað Arnarfjarðarvatn. Til norð-vesturs sáust Heljardalsfjöll og Stakfell og suð-austan þeirra sást í Hrútafjöll og Kollufellið sem er þar austan við. Vestar sást í Dimmafjallgarð. Þá sáust Mælifell, Kistufell og Syðri-Hágangur vel til norðurs.

Gert var hádegishlé við Arnarvatn og að því loknu var vegarslóðinn ekinn til baka niður á Norðausturveg, þar sem Friðbjörn fór í eigin bíl, og ekið var áfram til norð-austurs fram hjá Þuríðarvatni og stöðvað við útsýnisskífuna á Bustarfelli. Sverrir lýsti staðháttum. Frá útsýnisskífunni sást vel niður yfir bæjarstæði Bustarfells og austur yfir stóran hluta Steinsvarartungu. Einnig sást yfir í Smjörvatnsheiði og í Smjörfjöllin. Til norð-austurs sást yfir Hofsárdal, Hofsháls og norður til Vesturárdals og alveg til sjávar.

Frá útsýnisskífunni á Bustarfelli var ekið sem leið lá á Vopnafjörð þar sem stöðvað var í skamma stund áður en haldið var áfram norður eftir vegi nr. 85. Beygt

var til suð-vesturs inn á Vesturárdalsveg (nr. 915), að bænum Fremri-Hlíð þar sem beygt var til norðurs og farið áfram inn á vegarslóða sem liggur um Rjúpnafell og Viðfellsflóa og farið norður á Viðfell þar til Selárdalur blasti við. Friðbjörn lýsti þar staðháttum. Vestan vegarslóða er Krókavatn og til vesturs sást í Mælifell. Staðnæmst var við Viðfell þar sem kröfulínupunktur nr. 5 í þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins er dreginn á kort og þar sem Almenningsá-Fremri kemur í Selá. Þaðan sást, til vesturs, yfir á Selsárvelli, Aðalból, Mælifell og Fossvelli. Til norðurs var horft upp eftir Almenningsá-Fremri þar sem hún fellur niður af Ufsabrúnum. Austan Almenningsár-Fremri sást í tóftir Fremri-Hamars og Ytri-Hamars. Til vesturs var horft yfir Búastaðatungur sem liggja á milli Selsár að norðan, Selár að austan og Hrútár að vestan.

Þessu næst var haldið til baka inn á Vesturárdalsveg og hann ekinn til norð-austurs að veiðihúsi sem er skammt frá bænum Fremri-Hlíð. Þar var gert stutt hlé en síðan haldið aftur af stað til norð-austurs inn á Norðausturveg og áfram að afleggjaranum sem liggur til suð-vesturs inn Selárdalinn. Afleggjarinn er ónúmeraður en hann liggur framhjá bæjunum Hróaldsstöðum I-II og Hvammsgerði. Afleggjarinn var ekinn sem leið liggur til suð-vesturs að bæjarstæði Leifsstaða þar sem snúið var við og ekin sama leið til baka út á Norðausturveg. Norðausturvegur var ekinn til norðurs yfir Hámundarstaðaröxl að Miðheiðarvatni en þaðan sást í rætur Ytri-Hágangs í þokunni til suð-vesturs. Snúið var við og ekið í Vopnafjarðarkaupstað frá Miðheiðarvatni. Á Vopnafirði var áð í skamma stund en þaðan var haldið suð-vestur Norðausturveg og ekið suður inn á Sunnudalsveg (nr. 919). Friðbjörn steig í rútuna og lýsti staðháttum. Sunnudalsvegur var ekinn til suð-vesturs í átt að Sunnudal. Á leiðinni sást í Þrætutunguhnúk. Stöðvað var við afleggjarann inn í Sunnudal og horft inn dalinn þar sem sást móta fyrir Sandfelli til suð-vesturs. Ekið var eftir Sunnudalsvegi til vesturs yfir Þorbrandsstaðarháls og komið inn á Norðausturveg, á móts við bæinn Teig, og ekið í átt til Vopnafjarðarkaupstaðar. Beygt var til suðurs inn á veg Hlíðarveg (nr. 917). Friðbjörn og Sverrir hættu þátttöku í vettvangsferð. Ekið var eftir Hlíðarvegi, til austurs, yfir Hellisheiði eystri og komið niður í Jökulsárhlíð. Ekið var inn Jökulsárhlíð eftir áðurnefndum Hlíðarvegi inn á þjóðveg nr. 1 og hann farinn á Egilsstaði þar sem vettvangsferð lauk kl. 20.05.

### 4.4. Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins gáfu eftirtaldir skýrslur og svöruðu spurningum óbyggðanefndar og lögmanna: 1. Runólfur Hannesson, eigandi hluta jarðarinnar Böðvarsdals; 2. Sverrir Jörgensson, fæddur og uppalinn á Krossavíkurtorfu, býr á Vakursstöðum; 3. Pétur Ingólfsson, eigandi að hálfri jörðinni Skjaldþingsstöðum; 4. Þórður Pálsson, eigandi að ¼ hluta af Refsstöðum II; 5. Gunnar Pálsson, eigandi Refsstaða I; 6. Hallgrímur Helgason, en faðir hans bjó á Hrappsstöðum og tveir bræður hans eftir þann tíma; 7. Grétar Jónsson, ábúandi Einarsstaða; 8. Bragi

Vagnsson, ábúandi að Bustarfelli; 9. Friðbjörn H. Guðmundsson, býr að Hauksstöðum; 10. Karl Steingrímsson, eigandi Hróaldsstaða I; 11. Sigmundur Steingrímsson, býr á Hróaldsstöðum II.

Að einstökum efnisatriðum í skýrslum aðila er vikið í úrskurði þessum, eftir því sem tilefni er til, en uppskriftir á þeim eru meðal gagna málsins.

## 5. SAGA JARÐA OG ANNARRA LANDSVÆÐA

Hér verður í fyrstu greint frá elstu ritheimildum um landnám á því svæði sem til umfjöllunar er. Því næst verða raktar heimildir um landsvæði þau sem þjóðlendukrafa íslenska ríkisins í máli þessu nær til, að því leyti sem þær varða afmörkun, eignarréttindi og nýtingu. Fyrrnefndar upplýsingar fylgja að mestu efnisþáttum og síðan tímaröð. Loks er gerð grein fyrir afréttarnotum á svæðinu almennt.[4]

### 5.1. Landnám

Samkvæmt *Landnámu* nam Eyvindur vápni mestallan Vopnafjörð:

> Eyvindr vápni ok Refr enn rauði, synir Þorsteins þjokkubeins, bjöggusk til Íslands af Strind ór Þrándheimi [...] Refr varð aptrreka, ok lét konungr drepa hann, en Eyvindr kom í Vápnafjörð ok nam fjörðinn allan frá Vestradalsá ok bjó í Krossavík enni iðri; hans son var Þorbjörn.
>
> Steinbjörn körtr hét son Refs ens rauða; hann fór til Íslands ok kom í Vápnafjörð. Eyvindr föðurbróðir hans gaf honum land allt milli Vápnafjarðarár ok Vestradalsár; hann bjó at Hofi. Hans synir váru þeir Þormóðr stikublígr, er bjó í Sunnudal, annarr Refr á Refsstöðum, þriði Egill á Egilsstöðum [...]
>
> Hróaldr bjóla var fóstbróðir Eyvindar vápna; hann nam land fyrir vestran Vestradalsá, dalinn hálfan ok Selárdal allan út til Digraness; hann bjó á Torfastöðum [...]
>
> Ölvir enn hvíti hét maðr [...] Hann varð ósáttr við Hákon jarl Grjótgarðsson ok fór á Yrjar ok dó þar, en Þorsteinn enn hvíti son hans fór til Íslands ok kom skipi sínu í Vápnafjörð eptir landnám. Hann keypti land at Eyvindi vápna ok bjó á Tóptavelli fyrir útan Síreksstaði nokkura vetr, áðr hann omsk at Hofslöndum með því móti, at hann heimti leigufé sitt at Steinbirni kört, en hann hafði ekki til at gjalda nema landit.[5]

Enn segir *Landnáma*:

> Þorsteinn torfi ok Lýtingr bræðr fóru til Íslands, Lýtingr nam Vápnafjarðarströnd alla ena eystri, Böðvarsdal ok Fagradal, ok bjó í Krossavík; frá honum eru Vápnfirðingar komnir.[6]

Vopnfirðinga saga, sem hefur verið talin rituð á öðrum fjórðungi 13. aldar,[7] fjallar um samskipti Hofverja og Krossvíkinga. Þar eru nefndir bæirnir Hof,

---

[4] Þessi kafli er byggður á greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands, sbr. skjal nr. 37. Þó hefur verið felld út eða stytt umfjöllun um heimildir sem ekki þykja hafa þýðingu fyrir úrlausn málsins.
[5] Skjal nr. 4 (106). bls. 289–290, 291.
[6] Skjal nr. 4 (106). bindi, bls. 292, Sturlubókartexti. Hauksbókartextinn er aðeins öðruvísi en landnámsmörkin eru eins, bls. 293.
[7] *Austfirðinga sögur*, Íslenzk fornrit XI, bls. XVII.

Krossavík ytri, Síreksstaðir, Sunnudalur, Refsstaðir, Egilsstaðir, sem allir eru nefndir í *Landnámu*. Af öðrum bæjum, sem þar eru nefndir og koma við þjóðlendumál, skal nefna Þorbrandsstaði, Búastaði og Eyvindarstaði.[8] Einnig er getið bæjar í Böðvarsdal, og giskar Jón Jóhannesson, sem gaf *Vopnfirðinga sögu* út, á að þar sé átt við býli, sem staðið hafi á Frökkuseli, frekar en á Laugaseli, en báðir staðirnir eru inni í Böðvarsdal.[9]

## 5.2. Hámundarstaðir

Mörkum móti Ljósalandi er þannig lýst í bókinni *Sveitir og jarðir í Múlaþingi*:

> Við Hámundarstaði fylgja mörkin Fuglabjargaá í Stóralækjartangasporð og þaðan í Þrívörðu á Sveinahálsi rétt við veginn yfir Sandvíkurheiði, síðan út Langahraun í Bakkanúpsskarð og Ljósalandsvatn.[10]

Mörk móti Hvammsgerði eru þar sögð:

> Mörk við Hvammsgerði eru við Selá og Borgarlæk upp undir Steinsöxl og þaðan nv. á Fuglabjargahæð (357 m).[11]

Landi er svo lýst í *Sveitum og jörðum í Múlaþingi*:

> [...] nær fjalli afhallandi mýrar og mólendi upp undir Hámundarstaðaöxl (Bæjaröxl á korti), sem er bunguvaxinn hnúkur í heiðarrótinni (um 200 m). [...] Upp með Borgarlæk frá Selá eru melar neðst, þá móar og mýrar upp undir Öxl, en þar hálsaland. Heiðin er 100-400 m á hæð og gnæfir Ytri-Hágangur yfir hana í vestri (923 m). [...] Landslag og gróðurfar á heiðinni er fjölbreytt, þar eru flóar, harðvelli, mólendi, vötn, holt, melar og hryggir á víxl, mestallt fremur vel gróið og ágætt land til beitar.
>
> [...] engjar hálfdeigjumýrar, ekki samfelldar, [...] flóaengi í heiði.[12]

Hinn 5. október 1453 seldi Oddur Ásmundsson Þorgils Finnbogasyni Ljótsstaði í Vopnafirði fyrir hálfan Presthvamm í Reykjadal. Fram kemur að Ljótsstöðum fylgi reki fyrir Hámundarstöðum.[13]

Brynjólfur Sveinsson keypti Hámundarstaði 16. ágúst 1654.[14]

Hús á Hámundarstöðum voru skoðuð og uppskrifuð 7. ágúst 1657. Þar eru jafnframt tilfærð svohljóðandi takmörk:

> Landamerke Jardarennar mille Hvamms á hid fremra, enn fuglabiarga á hid ytra upp ad axlarhædunum Sídan Siónhendijng upp effter upp umm þvera

---

[8] *Austfirðinga sögur*, bls. 51, 59, 60.
[9] *Austfirðinga sögur*, bls. 59 og 59 neðanmáls.
[10] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 64.
[11] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 66.
[12] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 67.
[13] Skjal nr. 4 (80).
[14] Skjal nr. 2 (168).

> Sveina (þad eru Wordur hladnar), er þar halldenn fiórdungur af Sandwíkur heide, og so upp sem Wötnum hallar.[15]

Með byggingarbréfi frá 17. ágúst 1663 byggði Brynjólfur biskup Sveinsson Vilhjálmi Jóhannssyni jörðina Hámundarstaði ásamt hjáleigunni Hvammsgerði með eftirfarandi takmörkum:

> [...] I millum Hwamms ár og Fuglabiarga ár til allra þeirra nota og brukunar sem leigumadur a ad lögum ad hafa.[16]

Hinn 30. maí 1669 á Hofi í Vopnafirði báru þeir Villum Jóhannsson, Þorgeir Þorgrímsson, Jón Þorkelsson og Jón Þórðarson svohljóðandi landamerkjavitnisburð þar sem Hámundarstaðir koma við sögu:

> Wmm landamerke Strandhaffnar, Hamundarstadar, liosalands og Ytra Nyps, sem þeir seigiast Wita hallded hafa Wered Wmm allann sinn alldur, j fyrstu ad halldinn hafe Wered landeign Strandhaffnar Wti Stapá þar fyrer utann, enn ad framann j Illukielldu. Hamundarstada landeign, uti fuglabiargará, Enn í Hraunsá ad framann og Selá. Liósaland framm I fuglabiargará og uti Illukielldu.[17]

Brynjólfur biskup Sveinsson byggði Vilhjálmi Jóhannssyni jörðina Hámundarstaði ásamt Hvammsgerði með bréfi frá 6. ágúst 1669. Takmörk jarðarinnar eru sögð vera:

> midlum Hvamz ár og fuglabjarga ár uppa Hafiall sem Wötn deila, og ofann i Selá ad framann, enn ofann i Sio ad utann, med ollum þeim gögnum og giædum sem þeirre Jord framast fylgia meiga og eiga.[18]

Hinn 25. ágúst 1843 á manntalsþingi á Vopnafjarðarkaupstað var þinglesin lögfesta fyrir Hámundarstöðum. Innihald lögfestunnar kemur ekki fram.[19]

Lögfesta Þorgríms Péturssonar fyrir jörðina Hámundarstaði var útbúin 21. maí 1845:

> Hérmed lögfesti eg Eignarjörd mína er Hamundarstadir heita, liggiandi i Vopnafiardar og Hofs Kirkiu sókn og Nordrmúla Syslu bædi hennar Tödr Eingiar Holt og Haga Vötn og Veidistadi alla item Reka og landsnytiar allar hvöriu Nafni sem heita, og Landamerkium

---

[15] Skjal nr. 2 (261). Undir bréfið setja eftirfarandi menn nöfn sín: Tómas Finnsson, Árni Halldórsson, Ólafur Þórðarson ábúandi jarðarinnar, Þorleifur Árnason, Hjalti Jónsson, Björn Stefánsson, Gísli Sigurðsson og Sigurður Guðnason.
[16] Skjal nr. 2 (179). Þess má geta að í texta bréfsins stendur Vilhjálmur en hann skrifar nafn sitt Villum í undirskrift á bréfinu. En auk hans og Brynjólfs biskups skrifa Vigfús Árnason, Oddur Eyjólfsson, Sigurður Björnsson og Teitur Pétursson undir bréfið.
[17] Skjal nr. 2 (191). Bréfið er fært inn í bréfabók biskups 9. júlí 1669.
[18] Skjal nr. 2 (193). Auk Brynjólfs biskups og Vilhjálms (Villems) skrifa Ólafur Jónsson, Jón Ólafsson, Þorsteinn Gunnarsson og Gísli Eiríksson undir bréfið.
[19] Skjal nr. 2 (207) a-b.

> 1. Ad framanverdu úr Borgáslækiarós á efsta mel á Brúninni Heidarland óskipt
>
> Ad utan verdu úr Fuglabiargarárósi í Stóra lækiartánga beint þadann á Brúnina fyrir framann fremsta Sellæk, þadann beinst i Grénishöfda, þadan beint vestr Höfda og sunnan vid Ytra Hágáng i Hvamsá.[20]

Lögfestan var þinglesin á manntalsþingi í Vopnafirði 31. maí 1845. Þar var henni mótmælt varðandi ítök.[21] Nokkrum dögum síðar, nánar tiltekið 2. júní 1845, var lögfestan þinglesin á Skeggjastaðamanntalsþingi. Þar mótmælti sr. Hóseas Árnason þeim hlutum hennar sem kynnu að ganga á skjön við skjöl sem til væru um Skeggjastaðaland.[22]

Landamerki Hámundarstaða voru skráð 10. júlí 1885 og þinglesin fjórum dögum síðar:

> Að utan milli Ljósalands og Hámundarstaða ræður Fuglabjargaá frá sjó og alla leið í Stóralækjar tungusporð, þaðan sömu stefnu í vörðu á Sveinahálsi, þaðan beint á há-Skálafell, þaðan í Gæsagilsá og þaðan í Hágangsröð; að sunnan ræður Sela að Borgarlæk, hann síðan á svo nefndan Efsta-mel, þaðan beint í stein tvíklofinn á Miðöxl, þaðan sömu stefnu um vötn og í Hágangsröð.[23]

Undir skjalið skrifuðu eigendur Hámundarstaða, þeir Guðvaldur Jónsson og Einar Jónsson, ábúendur Ljósalands, þeir Jóhann Jónsson og Jón Jónsson og eigendur Bakka, Þórarinn Hálfdánarson og N. Höygaard.

Hinn 15. júlí 1957 var samin landskiptagerð fyrir jarðirnar Hámundarstaði I, II, III og IV. Þar kemur eftirfarandi fram:

> Landamerki milli Hámundarstaða I og III annars vegar og Hámundarstaða II hins vegar, skulu vera eftirfarandi: Kvíagilslækur og Kvíagil ræður frá sjó og upp á móts við Gráastein, frá Gráasteini í vörðu 100 metra utan við Grjóthól og úr þeirri vörðu beina stefnu yfir Bæjaröxl í ytri enda Steinsaxlartjarnar. Tilheyrir útlandið Hámundarstöðum I og III, en framlandið Hámundarstöðum II. Heiðarland ofan axlar er óskipt. Þó skal hver ábúandi nytja slægjur í heiðinni upp af sínu landi. Túnstykki utan Kvíagilslækjar, sem áður tilheyrði Hámundarstöðum II, fellur nú undir Hámundarstaði I, en í stað þess fá Hámundarstaðir II svokallað Frambæjartún, og greiða eigendur Hámundarstaða II verðmismun túnanna, kr. 6.000 - sex þúsund krónur - til eiganda Frambæjartúns, Sigríðar Sveinbjörnsdóttur, Hvammstanga.

---

[20] Skjal nr 2 (220) a-b.
[21] Skjal nr. 2 (209) a-b.
[22] Skjal nr. 2 (210) a-b.
[23] Skjal nr. 2 (1) a-b.

> Hlunnindi, svo sem veiðirétt í ám og vötnum, æðarvarp, reki og uppsátur, sé sameign, að helmingi milli Hámundarstaða I og III annars vegar og Hámundarstaða II hins vegar.
>
> Ábúanda Hámundarstaða II er heimiluð vetrarbeit fyrir þrjá hesta í landi Hámundarstaða I og III.[24]

Undir landskiptagerðina skrifuðu Sigríður Jósefsdóttir, Sigríður Sveinbjarnardóttir, Einar Sveinbjörnsson, Friðrik Sigurjónsson, Sigmar Jörgensson og Páll Methúsalemsson.

Að loknum skiptunum var nýbýli Guðna Stefánssonar skipt úr landi Hámundarstaða II. Það var gert á eftirfarandi hátt:

> Ræktunarland nýbýlisins verður sem hér segir: Að utan ráða landamerki við Hámundarstaði I og III ofan mela upp að Jarðbakka, og ræður Jarðbakki að ofan inn á móts við Skemmugil. Að framan ræður Skemmugil og melbrún að neðan út að Kvíagili. Inni í þessu er tún það, sem Guðni er þegar byrjaður að rækta. Önnur tún fylgja áfram Hámundarstöðum II. Að öðru leyti er land og hlunnindi óskipt sameign og helmingaeign.[25]

Undir þetta skrifuðu Sigríður Jósefsdóttir, Guðni J. Stefánsson, Friðrik Sigurjónsson, Sigmar Jörgensson og Páll Methúsalemsson.

Jarðamat 1804 segir sjálfseignarjörðina Hámundarstaði með eyðihjáleigunni Hvammsgerði metna tólf hundruð og telur til kosta að þar fáist tvær tunnur af fjallagrösum og að þar sé silungsveiði. [26]Í jarðamatinu frá 1849 kemur fram að Hámundarstaðir eiga sinn eigin „afrétt“ og geta tekið í hann 200 fjár. Grasatekja er dálítil en heyskapur heldur langsóttur.[27] Samkvæmt fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 teljast Hámundarstaðir tvær jarðir (hálflendur). Því eru tveir kaflar um Hámundarstaði í matinu. Í þeim kemur fram að hálflendurnar eigi báðar upprekstrarland fyrir afréttarfé ábúenda. Einnig kemur fram að þær hafi útengi og bithaga fyrir hross.[28]

Heimildir benda ekki til annars en samfelld búseta hafi verið að Hámundarstöðum frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.

### 5.3. Hvammsgerði

Hvammsgerði er svo lýst í *Sveitum og jörðum í Múlaþingi*:

---

[24] Skjal nr. 2 (3) a-b.
[25] Skjal nr. 2 (3) a-b.
[26] Skjal nr. 2 (221) a-b.
[27] Skjal nr. 2 (164) a-b.
[28] Skjal nr. 2 (58) a-b.

> Jörðin hefur verið bændaeign. Hún er talin hjáleiga frá Hámundarstöðum 1847 (J ´47) og vitnað til Jarðabókar Skúla Magnússonar 1760 og jarðamatsbóka 1802-´06. 1861 (F ´61) er hún aftur á móti sögð hjáleiga frá Hróaldsstöðum. [...]
>
> H. er yst í Selárdal vestan Selár og land takmarkast við ána að sa. Mörk við Hróaldsstaði eru við Hvammsá og fylgja krókaleiðum árinnar nv. á beygju við 384 m hæðarpunkt (kort) og þaðan nv. á hreppamörk (sjá Hámundarstaði).
>
> Bærinn er í hvammi upp af Selá [...] Nokkurt undirlendi er upp að melakömpum sem liggja út og fram eftir dalnum ofan við hvamminn. Ofan við melana er afhallandi gróðurlendi, móar, mýrar og harðvelli, upp undir heiðarhálsinn og síðan brattari brekkur framan við Öxl. Þá tekur við mýrlendi og flóaflæmi með melhjöllum á milli og fer hækkandi upp til heiðarinnar. Allt þetta land og heiðin er gott beitiland og gróðursælt. Í heiðinni er Reyðarvatn, Nyrstavatn og Miðvatn. Nokkur silungsveiði er í þeim. [...]
>
> Engjar voru að mestu á mýrlendi, hálfdeigjum og í blautum flóum.[29]

Hvammsgerðis er getið í byggingarbréfum fyrir Hámundarstöðum frá árunum 1663 og 1669. Þar er mörkum Hámundarstaða lýst svo:

> [1663] [...] I millum Hwamms ár og Fuglabiarga ár til allra þeirra nota og brukunar sem leigumadur a ad lögum ad hafa ...[30]
>
> [1669] ... i midlum Hvamz ár og fuglabjarga ár uppa Hafiall sem Wötn deila, og ofann i Selá ad framann, enn ofann i Sio ad utann, med ollum þeim gögnum og giædum sem þeirre Jord framast fylgia meiga og eiga.[31]

Hinn 7. júní 1884 var gert „álit“ á landamerki Hvammsgerðis í nærveru eigenda og ábúenda aðliggjandi jarða. Landamerkin, sem voru þinglesin 11. júní 1886, eru svohljóðandi:

> Að austan ræður Selá; að sunnan og vestan milli Hvammsgerðis og Hróaldsstaða ræður Hvammsá alla leið vestur í Hvammsárvatn; að utan og norðan milli Hvammsgerðis og Hámundarstaða, er Borgarlækur og úr honum í vörðu á svo kölluðum Efsta mel, þaðan bein stefna í stóran stein tví klofinn á Miðöxl, þaðan aftur bein lína í ytri Hágangsröð.[32]

Þessi lýsing var staðfest af Þorfinni Þórðarsyni eiganda Hvammsgerðis, eigendum Hámundarstaða, þeim Guðvaldi Jónssyni og Einari Jónssyni og Jóhanni Þorsteinssyni, ábúanda á Hróaldsstöðum.

---

[29] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 69–70.
[30] Skjal nr. 2 (179).
[31] Skjal nr. 2 (193). Auk Brynjólfs biskups og Vilhjálms (Villems) skrifa Ólafur Jónsson, Jón Ólafsson, Þorsteinn Gunnarsson og Gísli Eiríksson undir bréfið.
[32] Skjal nr. 2 (4) a-b.

Jarðamat 1804 segir Hvammsgerði eyðihjáleigu frá Hámundarstöðum. Er matið á þeim saman tólf hundruð.[33] Í jarðamatinu frá 1849 kemur fram að Hvammsgerði er afbýli undan Hámundarstöðum með afskiptu landi, talið 4 hundruð. Þar stendur einnig að jörðin eigi sinn eigin „afrétt" og geti tekið í hann eitthvað lítið af öðrum. Jörðin hefur mikinn en langsóttan útheyskap. Nokkra grasatekju má telja.[34] Eins og sagt hefur verið hér að framan er Hvammsgerði talið hjáleiga frá Hróaldsstöðum í *Nýrri jarðabók 1861* en með sérstöku mati, 4 hundruð.[35] Í kaflanum um jörðina í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 er upprekstrarland sagt nægilegt og gott. Jörðin hefur góða sumarhaga en erfiða fjárgeymslu. Heimaland jarðarinnar verður fyrir skaða af völdum afréttarfjár.[36]

Búskapur hófst í Hvammsgerði á seinni hluta 19. aldar en jörðin féll úr ábúð árið 1937.[37] Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur Hvammsgerði verið ráðstafað með hefðbundnum hætti.

### 5.4. Hróaldsstaðir

*Sveitir og jarðir í Múlaþingi* hafa eftirfarandi umsögn:

> H. getur ekki í Austfirðingasögum fornu og landnámsmaður í Vesturdal hálfum og Selárdal, Hróaldur bjóla, sagður í Landnámu hafa búið á Torfastöðum. Þess hefur þó verið getið til vegna bæjarnafns og staðhátta, að hann hafi í fyrstu búið á H, (Austurl. II, 29), en búið verið flutt að Torfastöðum. [...]
>
> Landamörk eru við Selá að neðan og Ytri Hágang að ofan. Að na. deilir Hvammsá mörkum við Hvammsgerði og að sv. eru mörk við Áslaugarstaði utan við Skarðsá gegnt Breiðumýrarbæ upp á Selbrún (varða) og þaðan á Ufsabrún og áfram vestur á Hágang (sjá Áslaugarstaði).[38]

Hinn 6. ágúst 1542 seldi Loftur Kolbeinsson Árna Brandssyni jörðina Hróaldsstaði (hrohallzstadi) með öllum gögnum og gæðum er greindu koti fylgt höfðu að fornu og nýju. Að sögn Lofts voru landamerki jarðarinnar svohljóðandi:

> fram j skarszáá og vt j huamsáá vp j vps og ofan j seláá med tueimur veidivotnum.[39]

Hróaldsstaðir, sex hundruð að dýrleika, voru á meðal þeirra jarða sem Bjarni Oddsson fékk Brynjólfi biskupi Sveinssyni í jarðakaupsgjörningi sem fram fór að

---

[33] Skjal nr. 2 (221) a-b.
[34] Skjal nr. 2 (164) a-b.
[35] Skjal nr. 4 (2).
[36] Skjal nr. 2 (58) a-b.
[37] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 70.
[38] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 71.
[39] Skjal nr. 4 (93).

Bustarfelli 14. ágúst 1651. Takmörk jarðarinnar, eftir tveimur innsigluðum kaupbréfum og tveimur innsigluðum vitnisburðum, voru svohljóðandi:

> millum Skardsar og Hvams ar og ut i Selá, itölulaust i allann mata, upp i efstu ups med tveimur veide votnum.[40]

Gísli Eiríksson lögfesti, í umboði Brynjólfs Sveinssonar biskups, alla jörðina Hróaldsstaði í Vopnafirði með eftirfarandi takmörkum:

> i midlum Skardzár og Hvammzár uppa háfiall sem wötn deila, i mótz vid lögmerke annara manna, og ofann í Selá, hvoria Jörd Byskupenn kallar sijna fullnadar laga eign vera.[41]

Lögfestu þessa las Gísli að Hofskirkju 8. ágúst 1669 í viðurvist nálægra þingsóknarmanna og sex þeirra votta lesturinn með því að skrifa nöfn sín undir bréfið.

Í ódagsettu landamerkjabréfi Hróaldsstaða, sem var þinglýst 24. júní 1884, stendur eftirfarandi:

> Að framan ræður Skarðsá upp í svonefndan Skarðsárkrók, þaðan beint <í> stóru vörðu, sem er hér um bil mitt á milli Kroksins og Upsanna, og frá nefndri vörðu beina stefnu í Upsarenda og svo eptir sömu línu norður heiðina þar sem vötnum fer að halla norður af. -
>
> Að utan ræður Hvammsá alla leið neðan frá Sela og Norður í Hvammsárvatn. -
>
> Þessi landamerki hafa verið óátalin eptir [tvítekið] kunnugra manna sögn, svo lengi þeir muna til
>
> vitnar Jóhann Þorsteinsson ábúandi á Hróaldsstöðum.[42]

Þessa lýsingu staðfestu Guðmundur Magnússon í Hnefilsdal og Ólafur Runólfsson fyrir hönd eiganda Áslaugarstaða.

Landskiptagerð fyrir Hróaldsstaði I og II var framkvæmd í október 1957 en samkvæmt henni voru landamerkin svohljóðandi:

> Land Steingríms Sigmundssonar er útpartur jarðarinnar og takmarkast að norðvestan, norðaustan og suðaustan af þinglesnum landamerkjum aðliggjandi jarða. Frá Selá, þar sem Litlaá kemur í hana, ræður Litlaá mörkum, suðvestan að landinu að upptökum hennar og þaðan sjónhending til heiðar eftir höfuðstefnu árinnar, þar til sú lína sker þinglesin landamerki jarðarinnar. Steingríms jarðarhluta fylgja einnig úthluti túns, 4 hektarar, og er því skipt með beinni línu og hornmörk uppsett.
>
> Veiðirétt á hvor jarðarhlut að hálfu og er hann sameign.

---

[40] Skjal nr. 2 (218). Þrír menn votta í Skálholti hinn 4. júní 1712 að bréfið sé rétt skrifað eftir frumritinu sem var kálfskinnsbréf með átta innsiglum.

[41] Skjal nr. 2 (192).

[42] Skjal nr. 2 (5).

> Hreppurinn fær inn-hluta jarðarinnar innan áðurlýstra marka og þann hluta túns, sem er innan við áðurgreinda túnmarkalínu.[43]

Steingrímur Sigmundsson og Sigurður Gunnarsson oddviti, fyrir hönd hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps, skrifuðu undir landskiptagerðina.

Meðal kosta Hróaldsstaða í jarðamati 1804 er að þar fæst ein og hálf tunna af fjallagrösum. Jörðin er metin á sex hundruð.[44] Samkvæmt jarðamatinu frá 1849 eiga Hróaldsstaðir „afrétt" fyrir lömb og grasatekju handa heimilinu. Útheyskapur er nógur en ekki alltaf nálægur.[45] Í kaflanum um jörðina í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 er upprekstrarland sagt nægilegt og gott. Heimaland jarðarinnar verður fyrir skaða af völdum afréttarfjár. Sumarhagar eru góðir.[46]

Heimildir benda ekki til annars en samfelld búseta hafi verið að Hróaldsstöðum frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðinni verið ráðstafað með hefðbundnum hætti.

## 5.5. Áslaugarstaðir

Eftirfarandi er í *Sveitum og jörðum í Múlaþingi*:

> Landið nær neðan frá Selá og nv. á Syðri-Hágang. Mörk við Hróaldsstaði (sjá þar) eru utan við Skarðsá og við Leifsstaði tæpan km utan við Sauðá og til fjalla na. af Almenningsárvötnum. Leifsstaðir voru hjáleiga frá Á.
>
> Meðfram Selá eru móar og harðvelli á Selárbökkum. Í brekkunum eru þrjár brúnir, Neðsta-, Mið- og Efstabrún og land svipað og niður við ána, en þó nokkuð um mýrar. Ofan Efstubrúnar tekur heiðarlandið við með flóum upp undir Selbrekkur og Lönguhlíð. Ufsir eru nv. flóanna milli 500 og 600 m. Þaðan heita Urðir inn að Hágangi og er gróðursnautt land yfir að líta, en allt land neðar vel gróið og gott beitiland.
>
> Selrústir eru í Áslaugarstaðaheiði undir Selbrekkum, og beitarhús voru ofan við Efstubrún, aflögð um aldamót. [...]
>
> Gangnaskil eru í Hróaldsstaðaheiði og Mælifellsheiði.[47]

Frá 17. apríl 1596 er varðveittur vitnisburður Ingveldar Jónsdóttur áhrærandi Áslaugarstaði en hún bjó þar í þrjú ár ásamt sálugum eiginmanni sínum, Pétri Oddssyni, sem átti jörðina. Um takmörk jarðarinnar segir hún:

> framm j Saudáá og uti Kialhraun, enn eg man eigi hversu langt j Kialhraun hann eignadi sier: enn eptter þui, ad Pietur heitinn átti uti hraunid vil eg sveria

---

[43] Skjal nr. 2 (6) a-b.
[44] Skjal nr. 2 (221) a-b.
[45] Skjal nr. 2 (164) a-b.
[46] Skjal nr. 2 (58) a-b.
[47] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 73.

> ef þurfa þikir og alltijd liet hann rijfa þar hrijs og yrkia þad land ad ollu fyrer sijna rietta og fullkomliga eign hönum gefna af Sijnum faudr Oddi Kolbeinssijne: og eigi selldi Sijgurdur Steingrímsson honum þann partt med Hroallsstodumm: þui hann var áádr fra þeim kominn og alldreigi heyrda ec Pietur heitinn þvi lijsa fyrer mier nie neinumm: ad hann hefdi þann partt fra tecid þa hann firrst Þorde Gijslasyne, vegna Sijgurdar Jonssonar, kotid aslaugastadi til eignar, helldur kotid med þui ollu landi Sijgurdi feingid, sem hans sálugi fader Oddur Kolbeinsson hafdi mijnumm manni Pietri heittnum þad feingid.[48]

Í byggingarbréfi Brynjólfs biskups Sveinssonar frá 6. ágúst 1669 fær biskup Vilhjálmi Jóhannssyni Hámundarstaði með Hvammsgerði auk byggingarumboðs yfir hálfum Áslaugarstöðum með eftirfarandi takmörkum:

> j midlum Skardz ár og Sanda ár ofann i Selá og uppa Hafialll sem vötn meiga deila.[49]

Hinn 18. ágúst 1829 var Páll Melsteð sýslumaður mættur í svokallaðan Almenning í Selárdal, vestanvert við Vopnafjörð, til að takast á hendur, eftir skipun amtsyfirvalda frá 23. júlí 1828, skoðunar-, útvísunar- og skuldsetningargerð yfir nauðsynlegt land fyrir tvö mátuleg og í meðallagi góð nýbýli í fyrrnefndum Almenningi. Einn skoðunarmanna var bóndinn á Áslaugarstöðum. Þar eru mörk Almennings og Áslaugarstaða sögð:

> Ad utanverdu er Almenníngur adskilin frá Aslaugarstada Landi – þeim fremsta ádrverandi bæ í Selárdal ad nordanverdu Árinnar - vid Þverá, er Ytri Almenníngsá nefnist, er fellur nær því beint af brúnum ofan í Selá.[50]

Á manntalsþingi, sem haldið var 24. júní 1884, var landamerkjabréf Áslaugarstaða þinglesið. Í því stendur:

> Landamerki milli Áslaugarstaða og Leifsstaða eru: Úr Holbakka sem kallaður er og beint upp í Sandhóla og þaðan beint í læk utan undir mel sunnan til í Sanda-Klofa, og þaðan beint í vörðu á há Upsarbrún. Að utan: Skarðsá uppí Skarðsárkrók, þaðan beint í stóruvorðu og stefnu í Upsarhorn, að norðan þar sem vötnum hallar. [að norðan þar sem vötnum hallar, bætt við með sömu hendi en öðru bleki].[51]

Fyrir hönd eiganda Áslaugarstaða skrifuðu undir Guðmundur Magnússon í Hnefilsdal og Ólafur Runólfsson. Einnig skrifuðu undir eigandi Leifsstaða, Stefán Jónsson, ábúendur Áslaugarstaða, þeir Þórarinn Jóhannesson og Jón Kristjánsson og Jóhann Þorsteinsson, ábúandi á Hróaldsstöðum.

---

[48] Skjal nr. 2 (215). Bréfið er skrifað upp að forlagi Árna Magnússonar árið 1712 eftir gömlu innsigla- og undirskriftalausu pappírsblaði.
[49] Skjal nr. 2 (193).
[50] Skjöl nr. 2 (61) og 2 (205) a-b.
[51] Skjal nr. 2 (7) a-b.

Jarðamat 1804 metur Áslaugarstaði tíu hundruð en þá eru metnar með eyðihjáleigurnar Leifsstaðir og Lýtingsstaðir. Þar fékkst ein tunna af fjallagrösum.[52] Áslaugarstaðir eru metnir fjögur hundruð í Jarðatali Johnsens en vísað til þess að 1804 sé jörðin metin tíu hundruð með eyðibólunum Leifsstöðum og Lýtingsstöðum.[53] Samkvæmt jarðamati frá 1849 og *Nýrri jarðabók* 1861 hefur jörðin Áslaugarstaðir hjáleiguna Leifsstaði. Í jarðamatinu 1849 kemur fram að útheyskapur sé góður og að mestu leyti nærtækur.[54] Í kaflanum um Áslaugarstaði í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðinni fylgi upprekstrarland. Sumarhagar eru mjög góðir.[55]

Heimildir benda ekki til annars en samfelld búseta hafi verið að Áslaugarstöðum frá því að jarðarinnar er fyrst getið og þar til hún fellur úr ábúð árið 1962[56]. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðinni verið ráðstafað með hefðbundnum hætti.

## 5.6. Leifsstaðir

Svo segir í *Sveitum og jörðum í Múlaþingi*:

> Þessi jörð byggðist 1850 (Austurl. III. 151), en er þó getið neðanmáls í Jarðatali Johnsens (J ´47), nefnd „eyðiból“ undir Áslaugarstöðum, og bendir það til að áður hafi verið þar byggð. [...]
>
> Mörk við Áslaugarstaði eru nálægt Sauðá (sjá Áslaugarstaði), en að innan ræður Almenningsá upp að Almenningsvötnum sunnan undir Syðri-Hágangi. L eiga um þriggja km breiða spildu við Selá. [...] Landslag og gróðurfar er áþekkt því sem gerist á Áslaugarstöðum, harðvellisbakkar að Selá, þá móar og mýrar, síðan afhallandi hálsaland upp á brúnir og þar upp af heiðarflóar að bröttum urðarbrúnum Ufsa, þá Urðir, með gróðurlausa grjóthryggi og gróðurbollum á milli upp undir Syðri-Hágang (952 m). Sauðá kemur úr heiðarflóunum og Almenningsá af vatna- og flóasvæði í um 520 m hæð suður af Hágangi. Engjar voru víðlendar bæði í neðra og uppi í flóum og greiðfærar.[57]

Hinn 10. nóvember 1398 seldi Ólafur Jónsson séra Guðmundi Þorsteinssyni jörðina Bessastaði í Fljótsdal fyrir jarðirnar Torfastaði í Vopnafirði og Skálanes. Meðal þess sem sagt er fylgja Torfastöðum er:

> seljord j selárdal er leifstader heita.[58]

---

[52] Skjal nr. 2 (221) a-b.
[53] Skjal nr. 4 (1).
[54] Skjal nr. 2 (164) a-b. Skjal nr. 4 (2).
[55] Skjal nr. 2 (58) a-b.
[56] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 74.
[57] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 74–75.
[58] Skjal nr. 4 (73).

Leifsstaða er getið í umfjöllun um stríðshjálparskattinn 1681.[59]

Einar Stefánsson, prestur á Hofi, samdi skýrslu, að bón Sveins Pálssonar, um jarðir í Vopnafirði, byggðar og í eyði árið 1794, og er hún dagsett 8. apríl 1795.

Þar kemur fram að Leifsstaðir hafi farið í eyði 1788.[60]

Guttormur Þorsteinsson á Hofi segir í sóknarlýsingu árið 1840 Leifsstaði vera eyðikot í Áslaugarstaðalandi, byggt annað slagið í góðum árum.[61]

Hinn 31. júlí 1922 var útbúið landamerkjabréf fyrir Leifsstaði. Því var þinglýst 15. júní 1923:

> Að framan. Almenningsá ytri ræður að upptökum. Að norðan fremri Hágangur, að utan úr Hágang í Þverfells horn fremra, þaðan bein lína í vörðu á Upsabrún, þaðan bein lína í vesturhorn á Hnaus, þaðan í Sauðhóla, þaðan í Holbakka við Selá. Svo ræður Selá í Almenningsá.[62]

Eigandi Leifsstaða, Kristján Friðbjörn Einarsson, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Kristjáni Benedikt Stefánssyni, eiganda Þorvaldsstaða, Jónasi Pálssyni, eiganda hálfs Miðfjarðar, Björgvini Þorgrímssyni, eiganda hálfra Áslaugarstaða, og Halldóri Stefánssyni oddvita, fyrir hönd Vopnafjarðarhrepps, eiganda hálfra Áslaugarstaða. Einnig skrifuðu undir eigendur Lýtingsstaða, þau Sesselja Guðmundsdóttir og Árni Árnason, og ábúendur Miðfjarðar, þeir Eiríkur Sigurðsson og Bjarni Oddsson.

Leifsstaðir eru eyðihjáleiga, notuð af Áslaugarstöðum samkvæmt jarðamatinu frá 1804.[63] Jarðatal Johnsens nefnir ekki Leifsstaði, nema í framhjáhlaupi varðandi Áslaugarstaði,[64] en í jarðamatinu 1849 eru þeir sagðir hjáleiga frá Áslaugarstöðum og taldir tvö hundruð.[65] Ný jarðabók 1861 segir þá líka hjáleigu frá Áslaugarstöðum og metur jarðirnar saman.[66] Í kaflanum um Leifsstaði í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að árið 1915 var jörðin seld. Sumarhagar eru góðir fyrir stórgripi. Fjárgeymsla er erfið. Landamerkjum milli Leifsstaða og Áslaugarstaða var þinglýst 1884.[67]

Heimildir benda ekki til annars en samfelld búseta hafi verið að Leifsstöðum frá því að jarðarinnar er fyrst getið og þar til hún fellur úr ábúð árið 1961.[68] Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðinni verið ráðstafað með hefðbundnum hætti.

---

[59] Skjal nr. 2 (260) a-b.

[60] Skjal nr. 2 (257). Sveinn Pálsson tók próf í náttúruvísindum við Kaupmannahafnarháskóla 1. júní 1791. Hann ferðaðist um Ísland á árunum 1791–1795 fyrir náttúrufræðifélag Dana og sendi því skýrslur, sbr. Páll Eggert Ólason: *Íslenzkar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940* IV, bls. 372.

[61] *Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1874*, bls. 51

[62] Skjal nr. 2 (8) a-b.

[63] Skjal nr. 2 (221) a-b.

[64] Skjal nr. 4 (1).

[65] Skjal nr. 2 (164) a-b.

[66] Skjal nr. 4 (2).

[67] Skjal nr. 2 (58) a-b.

[68] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 70.

## 5.7. Þorvaldsstaðir

Í bókinni *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* segir svo:

> Almenningur. Svo kölluðust hin víðáttumiklu afréttarlönd, sem takmarkast að norðaustan af Almenningsá ytri, að suðaustan af Selá inn undir Búastaðatungur, að suðvestan nálægt Fjallamannaleið yfir Haug og að norðvestan og norðan við sýslu- og hreppamörk. Mikill hluti þessa lands er Mælifellsheiði, og nú kallast raunar allt þetta svæði svo í sambandi við fjallskil. [...]
>
> Í suðausturhöllum Mælifellsheiðar inn með Selá og í árdölum Selsár og Mælifellsár risu á fót nokkur býli á 19. öld. Í eyðibýlaskrá Halldórs Stefánssonar (Múlaþingi 5) er getið 7 býla á þessum slóðum. Þau voru Þorvaldsstaðir, Ytri- og Fremri-Hamar, Aðalból (byggt 1851-´1863 og við og við til 1878), Mælifell, Selsárvellir (1861-´77) og Fossvellir (1861-´64). Halldór segir heimildir vera fyrir því, að þetta býlahverfi væri kallað Almenningssveit. [...]
>
> Í ýmsum heimildum er þessi almenningur aðeins talinn ná yfir landið milli Almenningsánna ytri og fremri, en hitt Hofskirkjueign. [Síðan segir að brauðamat 1854 og Jarðatal Johnsens segi ekki að Hofskirkja eigi þessi lönd og einnig vísað til fasteignamats 1918].
>
> Talið er, að einhver fornbýli hafi verið á sömu slóðum og 19. aldar býlin í Almenningi. Til þess benda eyðitættur sögulausar, en með líklegum mannvistareinkennum að sögn kunnugra manna.[69]

Í lýsingu Hofssóknar árið 1840 eru Hamar og Þorvaldsstaðir sagðir byggðir fyrir 13 árum í afréttarlandi, sem áður hét Almenningur.[70]

Halldór Stefánsson hefur fjallað upphaf byggðar í Almenningi í „Þáttum um menn og viðburði“, sem birtust í III. bindi ritsafnsins Austurlands og segir þar nánar frá Þorvaldi Þórðarsyni sem bjó í Almenningi og Þorvaldsstaðir eru kenndir við. Halldór telur Almenningslandið milli Almenningsánna, ytri og innri, Hofskirkja ætti land fyrir sunnan en Áslaugarstaðir fyrir norðan.[71]

Um Þorvaldsstaði er sagt í bókinni *Sveitir og jarðir í Múlaþingi:*

> Skammt fyrir innan Leifsstaði fellur Almenningsá ytri í Selá. Önnur á með sama nafni, Almenningsá fremri, fellur einnig í Selá undan Kistufelli um 10 km innar. Svæðið milli ánna og upp til fjalla, það sem gróið land nær, eða vestur í Miðfjarðará, heitir Almenningur, og var fram á 19. öld sameignarland

---

[69] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 76.
[70] *Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 49 og 51. Sjá einnig skjöl nr. 2 (59) og 2 (205) a-b.
[71] Halldór Stefánsson: „Þættir um menn og viðburði“ *Austurland. Safn austfirzkra fræða* III, bls. 149–151.

> Vopnfirðinga í umsjá sveitarstjórnarinnar. Á þessu landi risu upp 3 býli á 19. öld á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar frá 1776, og var hið fyrsta byggt á Þ eitthvert árið milli 1812 og 1816. Landneminn var Þorvaldur Þórðarson frá Krossavík. Býli hans hét í fyrstu Almenningur og ekki kennt við hann fyrr en eftir hans dag. Ekki er ljóst, hvort Þorvaldur hefur haft leyfi til að byggja býlið, en synir Jóns almáttugs Björnssonar, Jónas og Jón, fengu formlegt leyfi til nýbýlastofnunar 1839. Jónas hóf þó búskap á Þ fyrr eða 1828.
>
> Landamörk milli Þ og Hamars eru nálægt því mitt á milli bæja (sbr. kort).[72]

Hinn 18. ágúst 1829 var Páll Melsteð sýslumaður mættur í svokallaðan Almenning í Selárdal vestanvert við Vopnafjörð til þess að takast á hendur, eftir skipun amtsyfirvalda frá 23. júlí 1828, skoðunar-, útvísunar- og skuldsetningargerð yfir nauðsynlegt land fyrir tvö mátuleg og í meðallagi góð nýbýli í fyrrnefndum Almenningi. Til verksins voru ásamt sýslumanni eftirfarandi skoðunarmenn: Guðmundur Guðmundsson á Áslaugarstöðum, Sigurður Jónsson á Hróaldsstöðum, Vigfús Jónsson á Ljótsstöðum og Þorgrímur Þorsteinsson á Búastöðum. Methúsalem Árnason, hreppstjóri á Bustarfelli, var mættur til þess að vera viðstaddur fyrir hönd sveitarinnar en eigendur og ábúendur þeirra jarða, sem lágu að téðum almenningi, höfðu skýrt frá því á manntalsþingi að Ásbrandsstöðum 15. sama mánaðar að þeir gætu ekkert tilkall gert til almenningsins og höfðu þ.a.l. ekkert á móti því að þar væri tekin upp byggð. Vegna Hofskirkju, sem eignað var land framan við almenninginn, mætti Methúsalem hreppstjóri að beiðni Hofsprests. Einnig voru til staðar bræðurnir Jónas og Jón Jónssynir sem höfðu þegar tekið sér bólfestu í umræddum almenningi.

Næst var riðið á landið og lýstu skoðunarmennirnir takmörkum almenningsins með eftirfarandi hætti:

> Hinn svonefndi Almenníngur liggur í Selárdal, ad Nordan- edr réttara sagt, vestanverdu vid Selá, er rennur eptir midium Dalnum alt í Sjó út. Ad utanverdu er Almenníngur adskilin frá Aslaugarstada Landi – þeim fremsta ádrverandi bæ í Selárdal ad nordanverdu Árinnar – vid Þverá, er Ytri Almenníngsá nefnist, er fellur nær því beint af brúnum ofan í Selá, enn þó svoleidis, ad Farvegur hennar geingur nokkud út á vid, og gjörir altsvo Landid Lítid eitt breidara nidr vid Selá enn á brúnum uppi. Ad austanverdu skiptir, eins og ádr er sagt, Selá, sem fyrir öllum Almenníngi rennur í Gliúfrum, og er ófær Yfirferdar fyrri en út vid Ytri Almenníngsá, Landinu edr Almenníngnum frá Löndum Jardanna Vakurstada, Ytrihlýdar og Fremrihlýdar í Vesturárdal, sem allar ega Land Nordur yfer Háls þann, er skilur Vesturardal og Selardal, alt í Selá. Ad sunnan- edr framan-verdu er Almenníngur adskilin frá Landsplátsi því, er Túnga nefnist, og Hofs Kyrkiu tilheyrir, vid Þverá er fremri Almenníngsá kallast, hvöred fellr af brúnum, Lítid eitt framá vid, ofaní Selá, svoleidis, ad hún eins og Ytri Almenníngsá,

[72] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 76–77.

> gjörir Landid Lítid eitt breidara nedan til vid Selá nidr, heldr enn þad er upp vid Fiallsbrynar. Ad Nordanverdu edr til Fialls upp, hefr Almenníngur eingin viss nátturleg Takmörk, önnur enn þau, ad hönum er eignad Land svo lángt upp sem Grasvegur nær, sem ekki er Leingra en upp á Fiallsbrýrnar, því þá taka vid Melar, Sandar og ad öllu graslaus Öræfi. Alt þad Land, sem innan hérgreindra Ummerkia Liggur, og Almenníngur kallast, er, eptir Ágétskíngu, hérum 1 ¼ Míla á Leingd, millum Ytri- og Fremri-Almenníngsár, en ekki meira en fra 1/8 til 1/6 Mílu á breidd, sömuleidis eptir Ágétskan, frá brúnum og nidur í Selá. Land þetta, sem eginlega er nokkud vidbrött Hálshlýd, er med nokkrum, samt ei miög mörgum Melum, Höltum, og þarámillum Graslendis Ennum og Flóum, og er í því töluverdt Slægiuland, og vídslægt, en hvörgi, eru þar Hardvellis-balar. Allan Almenníng álýta Sýsslumadurin og Skodunarmennirnir ekki betri en svo, ad samsvari medallags gódri 10 hndr. Jörd hér Austanlands, nær þar væri Túnkorn upprætad; Og þegar Land skal útvísa til 2ia Jarda, þeirra er byggilegar séu, er þad efalaust, ad allan Almenníng, innan framanskrifadra takmarka, verdr ad útleggia, svo ekkert verdi af hönum Afgángs.[73]

Að sögn skoðunarmanna hafði Jónas Jónsson tekið sér bólfestu í ytri parti almenningsins árið 1827 og byggt þar bæinn Þorvaldsstaði. Þeir sögðu Jón Jónsson hafa haldið til í fremri parti almenningins síðan 1828 og byggt þar bæinn Hamar. Líkt og á Þorvaldsstöðum mætti þar umhverfis rækta upp túnkorn fyrir eina kú. Skoðunarmennirnir töldu almenninginn innihalda nægilegt land handa tveimur smákotum og álitu að þar mætti leggja báðum nýbýlunum út land. Þeir hófust því handa við skiptin og höfðu það að leiðarljósi að landamerkin yrðu glögg og ágreiningslaus, að ekki yrði mjög mikill mismunur milli kotanna og að hvor nýbýlingur mætti halda því sem þeir höfðu samið um sín á milli og notað fram að þessu. Skoðunarmennirnir settu því landamerkin milli kotanna:

> úr Landamerkiaklauf – er liggur nidri vid Selá – í Vördu sem stendr á Dýarhól, þadan í Vördu á Mel þeim er stendr i beinni Línu upp af tédum Merkium og þadan beint upp á Uppsir edr Melbrún þá hvar Grasvegurin hættir. Fyrir utan þessi Merki var Þorvaldsstödum útlagt Land alt út ad Ytri Almenníngsá, ofan í Selá, og upp svo lángt sem Grasvegur nær. En fyrir framan þau var Hamri útlagt Land alt fram ad fremri Almenníngsá, ofaní Selá, og svo lángt upp sem Grasvegr nær.[74]

Það land sem Þorvaldsstöðum var útlagt var talið framfleyta 40 ám, 30 geldkindum, 30 lömbum og tveimur hestum og mátu skoðunarmennirnir jörðina sex hundruð til tíundar og afgjalds. Þeir bræður Jónas og Jón Jónssynir gerðu sig ánægða með þessa niðurstöðu skoðunarmannanna og með því var gerðinni lokið.

---

[73] Skjal nr. 2 (205) a-b. Sjá einnig skjal nr. 2 (59) a-b.
[74] Skjal nr. 2 (205) a-b. Sjá einnig skjal nr. 2 (59) a-b.

Þeim bræðrum Jónasi Jónssyni á Þorvaldsstöðum og Jóni Jónssyni á Hamri var veitt byggingarbréf fyrir jörðunum 5. nóvember 1829. Þetta kemur fram í bréfi Gríms Jónssonar amtmanns í Norður- og Austuramti til Páls Melsteðs, sýslumanns í Norður-Múlasýslu, frá 2. júlí 1830.[75]

Í lýsingu Hofssóknar árið 1840 eru Hamar og Þorvaldsstaðir sagðir byggðir fyrir 13 árum í afréttarlandi, sem áður hét Almenningur.[76]

Skrifað var undir landamerkjabréf jarðarinnar Þorvaldsstaða 25. júní 1885. Skjalinu var þinglýst 11. júní 1886:

> Jörðin Þorvaldsstaðir í Vopnfjarðarhrepp á land innan þeirra landamerkja, er nú skulu greind: Að austan og sunnan er Selá, er fellur eftir endilöngum Selárdal; að innan eða vestan er svo kölluð Merkigróf, sem liggur undan Urðarufs í Selá niður; að norðan er Miðfjarðará, er rennur út Miðfjarðarárdrög og út norður heiði; að utan er Kistufellslækur fyrir norðan Urðir, á Urðunum Almenningsárvötn, fyrir neðan Urðir Almenningsá, er fellur í Selá.[77]

Stefán Jónasson, eigandi Þorvaldsstaða, skrifaði undir bréfið. Það var einnig samþykkt af Einari Jónssyni, eiganda Hamars, og Stefáni Jónssyni á Leifsstöðum.

Hinn 31. júlí 1922 var útbúið nýtt landamerkjabréf fyrir Þorvaldsstaði. Það var þinglesið 15. júní 1923:

> Að utan ytri Almenningsá ræður frá Selá að upptökum hennar, þá Kistufellslækur í Miðfjarðará, að norðan ræður Miðfjarðará í Miðlæk, þar næst að vestan Miðlækur á Einstökutorfu, þaðan yfir Kistufell beina stefnu á Merkis-stein á Urðarups, frá Merkjasteini í vörðu á brúninni og það<an> í vörðu við Selá framan við Merkigil. Þá ræður Selá í Almenningsá ytri.[78]

Eigandi Þorvaldsstaða, Kristján Benedikt Stefánsson, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Sigurjóni Hallgrímssyni, eiganda Ytri-Hlíðar, Pétri Ólafssyni, eiganda Vakursstaða, Árna Árnasyni, eiganda hálfra Lýtingsstaða, Kristjáni Friðbirni Einarssyni, eiganda Leifsstaða, Sesselju Guðmundsdóttur, eiganda hálfra Lýtingsstaða og Jörgen Sigfússyni, eiganda Hamars.

*Jarðatal Johnsens* telur Þorvaldsstaði sem jörð en hefur eftir sýslumanni að þeir séu nýbýli og metnir sex hundruð.[79] Þeir eru einnig sérmetin jörð í *Nýrri jarðabók* 1861, nýja matið 14,8 hundruð.[80] Samkvæmt jarðamatinu frá 1849 á nýbýlið Þorvaldsstaðir, metið til sex hundraða, „afrétt“ fyrir sig. Útheyskapur er góður en nokkuð langsóttur.[81] Fasteignamat 1916–1918 segir engjar á Þorvaldsstöðum á víð og

---

[75] Skjal nr. 2 (61).
[76] *Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 49 og 51.
[77] Skjal nr. 2 (9).
[78] Skjal nr. 2 (10) a-b.
[79] Skjal nr. 4 (1).
[80] Skjal nr. 4 (2).
[81] Skjal nr. 2 (164) a-b.

dreif um landið; fjárgeymsla sé erfið haust og vor því að landið liggi að „afrétti". Mikill ágangur er af afréttarfé. Sumarhagar eru góðir.[82]

Heimildir benda ekki til annars en samfelld búseta hafi verið að Þorvaldsstöðum frá því að útvísunargerðin fór fram og þar til jörðin fór í eyði árið 1952. [83] Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins frá árinu 1885 hefur jörðinni verið ráðstafað með hefðbundnum hætti.

## 5.8. Hamar

*Sveitir og jarðir í Múlaþingi* segja:

> Fjórum til fimm km innan við Þorvaldsstaði stofnaði Jón bróðir Jónasar á Þorvaldsstöðum nýbýlið Hamar 1829 [...]
>
> Árið 1916 keypti Jörgen Sigfússon í Krossavík jörðina ásamt eyðibólum innar í Selárdal [...]
>
> Landamörk koma fram í Þorvaldsstaðalýsingu og vísast til þess.
>
> [...] Framan við bæ er harðvelli og mólendisbelti með mýrardrögum á milli upp frá Selárgili, síðan afhallandi mýrlendi upp á brún, ofar flóadrög upp undir Ufsir, sem er brattur og allhár urðarhryggur, sem liggur um lönd nokkurra jarða utar í dalnum. ...
>
> Afbýli frá H var Fram-Hamar byggður úr afrétt 1869. Þá kallaðist H Út-Hamar. Fram-Hamar var í byggð með köflum til 1888. Bæjarstæðið er inn undir Almenningsá fremri.
>
> H. fór í eyði 1928.[84]

Hinn 18. ágúst 1829 var Páll Melsteð sýslumaður mættur í svokallaðan Almenning í Selárdal vestanvert við Vopnafjörð til þess að takast á hendur, eftir skipun amtsyfirvalda frá 23. júlí 1828, skoðunar-, útvísunar- og skuldsetningargerð yfir nauðsynlegt land fyrir tvö mátuleg og í meðallagi góð nýbýli í fyrrnefndum almenningi. Þetta voru býlin Þorvaldsstaðir og Hamar. Nánar er sagt frá þessu máli í kaflanum um Þorvaldsstaði. En skoðunarmennirnir settu landamerkin milli kotanna:

> úr Landamerkiaklauf – er liggur nidri vid Selá – í Vördu sem stendr á Dýarhól, þadan í Vördu á Mel þeim er stendr i beinni Línu upp af tédum Merkium og þadan beint upp á Uppsir edr Melbrún þá hvar Grasvegurin hættir. Fyrir utan þessi Merki var Þorvaldsstödum útlagt Land alt út ad Ytri Almenníngsá, ofan í Selá, og upp svo lángt sem Grasvegur nær. En fyrir

[82] Skjal nr. 2 (58) a-b.
[83] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 77.
[84] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 78.

> framan þau var Hamri útlagt Land alt fram ad fremri Almenníngsá, ofaní Selá, og svo lángt upp sem Grasvegr nær.[85]

Hamar var talinn framfleyta þrjátíu ám, þrjátíu geldkindum, tuttugu lömbum og tveimur hestum og var metin til fjögurra hundraða. Þeir bræður Jónas og Jón Jónssynir gerðu sig ánægða með þessa niðurstöðu skoðunarmannanna og með því var gerðinni lokið.

Þeim bræðrum Jónasi Jónssyni á Þorvaldsstöðum og Jóni Jónssyni á Hamri var veitt byggingarbréf fyrir jörðunum 5. nóvember 1829. Þetta kemur fram í bréfi Gríms Jónssonar amtmanns í Norður- og Austuramti til Páls Melsteðs, sýslumanns í Norður-Múlasýslu, frá 2. júlí 1830.[86]

Í lýsingu Hofssóknar árið 1840 eru Hamar og Þorvaldsstaðir sagðir byggðir fyrir 13 árum í afréttarlandi sem áður hét Almenningur.[87]

Landamerkjabréf fyrir Hamar var undirritað 25. júní 1885 og þinglesið 11. júní 1886:

> Jörðin Hamar í Vopnafjarðarhreppi á land innan þeirra landamerkja er nú skulu greind: að austan og sunnan liggur Selá, er fellur eftir endilöngum Selárdal; að innan eða vestan liggur Þverá, sem kölluð er Almenningsá hin innri; hefur hún upptök sín undir Kistufelli og fellur niður í Selá; að norðan liggja Kistufellsurðir; að utan eða austan er svo kölluð Merkigróf, er liggur frá Urðarufs niður að Selá.[88]

Einar Jónsson, eigandi Hamars, skrifaði undir bréfið. Það gerðu einnig umboðsmaður Mælifells, Jón Jónsson, og Stefán Jónsson, eigandi Þorvaldsstaða.

Hinn 4. ágúst árið 1922 var útbúið landamerkjabréf fyrir jörðina Hamar. Því var þinglýst 15. júní 1923:

> Að austan liggur Selá, er fellur eftir endilöngum Selárdal. Að innan eða vestan liggur Þverá, sem kölluð er Almenningsá hin innri og ræður hún upp á Upsabrún, þaðan bein stefna í Miðfjarðará, að norðan ræður Miðfjarðará, að utan eða austan er svokölluð Merkigróf er liggur frá Selá uppí Urðarups. Síðan í einstaka torfu, sem er norðan við Kistufell og niður með Miðlæk í Miðfjarðará.[89]

Jörgen Sigfússon, eigandi Hamars og Mælifells, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Kristjáni Benedikt Stefánssyni, eiganda Þorvaldsstaða, Sigurði Þorsteinssyni, eiganda Fremrihlíðar, og Gunnari H. Gunnarssyni, umboðsmanni Rjúpnafells.

---

[85] Skjal nr. 2 (205) a-b. Sjá einnig skjal nr. 2 (59) a-b.
[86] Skjal nr. 2 (61).
[87] *Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 49 og 51.
[88] Skjal nr. 2 (11).
[89] Skjal nr. 2 (12) a-b.

Jarðatal Johnsens telur Hamar sem jörð en hefur eftir sýslumanni að hann sé nýbýli, metinn fjögur hundruð.[90] Hamar er einnig sérmetin jörð í *Nýrri jarðabók* 1861, nýja matið 9,8 hundruð.[91] Jarðamat 1849 segir nýbýlið Hamar, metið á fjögur hundruð, hafa „afrétt" fyrir sig. Engjar eru víðslægar en heyskapur er langsóttur.[92] Í kaflanum um Hamar í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin hafi upprekstrarland nægilegt og gott. Ágangur er af afréttarfé. Sumarhagar eru góðir en engjar eru dreifðar um landið.[93]

Hinn 8. janúar árið 2004 var kveðinn upp eignardómur í Héraðsdómi Austurlands í málinu nr. E-310/2003. Í dómsorði segir svo: „Viðurkenndur er eignarréttur stefnenda [...] að eyðijörðunum Mælifelli, landnúmer [...], Hamri landnúmer [...] og Selsárvöllum, landnúmer [...], öllum í Vopnafirði ásamt öllu því sem þeim fylgja og fylgja ber" í tilteknum eignarhlutföllum.[94]

Hamar var í byggð frá því að útvísunargerðin fór fram og þar til jörðin fór í eyði árið 1928.[95]

### 5.9. Mælifell

*Sveitir og jarðir í Múlaþingi* hafa eftirfarandi um Mælifell og Fossvelli:

> M telst nýbýli stofnað í afréttarlandi Hofskirkju 1854, og er heimild um það í matsgerð Selsárvalla 1918 (F ´18). [...]
>
> Land M takmarkast við Selsá, Selá og Mælifellsá í hinni miklu láglendiskvos austur af Dimmafjallgarði og Haugsurðum. Upp af hásléttunni rís fell mikið og hrikalegt með keilulaga toppi háum, sem sést víða að úr sveitinni. Það er Mælifell. Bærinn stóð í 400 m hæð í rót fjallsins austanverðu [...] Aðaleinkenni á Mælifellslandi í neðra eru víðáttumiklir brokflóar og starartjarnir, ágætt engi en votlent [...]
>
> Fossvellir tæpum þremur km sv. af M hljóta að teljast afbýli þaðan. Býlið var aðeins 3 ár í byggð, 1861-1864.[96]

Í máldagasafni Vilkins biskups frá 1397 er minnst á Mælifell sem eign Hofskirkju.[97] Hið sama er í máldögum Gísla Jónssonar frá um 1570[98] og vísitasíu Brynjólfs Sveinssonar 1641,[99] svo og síðari vísitasíum (sjá kafla um Steinvarartungu).

---

[90] Skjal nr. 4 (1).
[91] Skjal nr. 4 (2).
[92] Skjal nr. 2 (164) a-b.
[93] Skjal nr. 2 (58) a-b.
[94] Skjal nr. 22 (4).
[95] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 78.
[96] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 79.
[97] Skjal nr. 4 (75).
[98] Skjal nr. 4 (99). Gíslamáldagar voru að konungsboði 5. apríl 1749 löggiltir að sönnunargagni í málaferlum sem varða kynnu kirkjueignir, sbr. *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 545.
[99] Skjal nr. 2 (79) a-b.

Við áreið á Almenning hinn 18. ágúst 1829 til útmælingar á tveimur nýbýlum mætti Methúsalem Árnason, hreppstjóri á Bustarfelli, vegna Hofskirkju sem eignað var land framan við almenninginn að beiðni Hofsprests. Við áreiðina lýstu skoðunarmennirnir takmörkum Almenningsins móti landi Hofskirkju svo:

> Hinn svonefndi Almenníngur liggur í Selárdal, ad Nordan- edr réttara sagt, vestanverdu vid Selá [...] Ad sunnan- edr framan-verdu er Almenníngur adskilin frá Landsplátsi því, er Túnga nefnist, og Hofs Kyrkiu tilheyrir, vid Þverá er fremri Almenníngsá kallast, hvöred fellr af brúnum, Lítid eitt framá vid, ofaní Selá, svoleidis, ad hún eins og Ytri Almenníngsá, gjörir Landid Lítid eitt breidara nedan til vid Selá nidr, heldr enn þad er upp vid Fiallsbrynar. [100]

Hofsprestur tók saman skýrslu yfir eignir Hofsprestakalls 10. janúar 1844 þar sem eftirfarandi upplýsingar koma fram:

> 2 Afréttir edur Heidarlönd
>
> 1. Steinvarartunga brúkast sem Afrétt fyrir Hofsárdal -
>
> 2. Staxfell og Mælifell sem stundum líka brúkast fyrir afrétt af nokkrum Mönnum.[101]

Að Hofi í Vopnafirði hinn 14. maí 1844 lögfesti G. Thorstensen ítök Hofskirkju með eftirfarandi orðum:

> Innan Vopnafjardar þingsóknar tilheyrir Kyrkiunni hér á Hofi eptir authoriserudum Máldögum eptirfylgiandi Rekaítök á Bændaeignum m.m.
>
> [...]
>
> Mælifells Land allt - ad svokölludum Búastadatúngum undanteknum - samt Staxfell.[102]

Nánar er sagt frá lögfestunni í kaflanum um Steinvarartungu.

Þorsteinn Jónsson sýslumaður sendi Norður- og Austuramtinu bréf 18. nóvember 1853 en því fylgdi bónarbréf Arngríms Jónssonar á nýbýlinu Mælifelli. Í því óskar hann eftir að öðlast skatt- og tíundarfrelsi samkvæmt 10. grein nýbýlatilskipunarinnar. Pétur Havstein amtmaður skrifaði sýslumanni 29. sama mánaðar og bað hann um að tilkynna Arngrími um að ekki væri hægt að verða við ósk hans. Ástæðan væri sú að jörðin hafi verið notuð að undanförnu og eftir hana goldið og því væri ekki hægt að

---

[100] Skjal nr. 2 (205) a-b.
[101] Skjal nr. 2 (242).
[102] Skjal nr. 2 (219) a-b. G. Thorstensen er væntanlega séra Guttormur Þorsteinsson (1773–1848) sem dvaldi í Vopnafirði frá 1794. Aðstoðarprestur á Hofi frá 1797 og síðan prestur þar frá 1806 til dauðadags (Páll Eggert Ólason: *Íslenzkar æviskrár* II, bls. 226).

krefjast þess sem 10. greinin heimilar nýbýlisjörðum og þaðan af síður þar sem engin útvísun hafi farið fram.[103]

Býlisins Mælifells er fyrst getið í sóknarmannatali Hofs í árslok 1854.[104]

Með byggingarbréfi frá 26. janúar 1856 byggði séra Halldór Jónsson á Hofi bræðrunum Arngrími og Vigfúsi Jósefssonum:

> hid svokallada Mælifells land, er tilheyrir Hofskyrkju, ad undanskildri túngunni milli Mælifellsár og Almenníngsár hinnar fremri, - þó svoleidis, ad ytri partur nefnds lands frammad skridu [undir midju fellinu, yfirstrikað] nidurundan ytri enda á hamrabelti, sem liggr [??] á midju fellinu er mót 3/5 portum afgjaldsins byggdt hinum fyrrnefnda - Arngrími Josepssyni, en fremri parturinn móti 2/5 portum afgjaldsins hinum sídarnefnda Vigfúsi Jósepssyni.[105]

Sama ár, 1856, segir sóknarmannatal þá bræður báða búendur á Mælifelli. Svo er einnig næstu árin.[106]

Fremri partur Mælifellslands, sem Vigfús Jónsson hafði fengið sér byggðan 26. janúar 1856, var byggður Birni Guðmundssyni á Torfastöðum 11. apríl 1861. Bréfið er mjög skert að neðan en það af því sem lesið verður hljóðar þannig:

> Jeg undirskrifaður byggi hjermeð bóndanum Birni Guðmundssyni á Torfastöðum frá næstkomandi fardögum til allra löglegra leiguliđ[a] nota fremra part Mælifellslands útvið ... sem liggur niðurundan ytra enda á hamra ... því sem er í miðju fellinu, og geldur ... eptir land þetta árlega tvo sauði ...[107]

Í árslok 1861 er Björn Guðmundsson sagður bóndi á Fossvöllum samkvæmt sóknarmannatali.[108]

Af byggingarbréfi Arngríms Jósefssonar á Mælifelli, frá 20. júní 1865, fyrir Fossvallalandi undir Mælifelli má sjá að fremri partur Mælifellslands heitir nú Fossvellir. Arngrímur fær hér sama part og bróðir hans fékk 26. janúar 1856 en fram kemur að ekkjan Ólöf Arngrímsdóttir (ekkja Björns Guðmundssonar[109]) hafði sagt honum lausum. Tekið er fram að Arngrími sé heimilt landið til allra löglegra leiguliðanota gegn tveggja veturgamalla sauða árlegu eftirgjaldi og að sauðirnir séu góðar meðalkindur að vænleik. Einnig er tekið fram að engin hús séu á jörðinni. Bókin sem bréfið er í er illa farin og því verður ekki meira lesið af henni.[110]

Skýrsla um tekjur og útgjöld Hofsprestakalls var útbúin 6. júní 1867. Þar er meðal ískylda, ítaka o.s.frv., sem:

---

[103] Skjal nr. 2 (60).
[104] Skjalasöfn presta og prófasta. Hof í Vopnafirði BC/4.
[105] Skjal nr. 2 (95) a-b.
[106] Skjalasöfn presta og prófasta. Hof í Vopnafirði BC/4.
[107] Skjal nr. 2 (97) a-b.
[108] Skjalasöfn presta og prófasta. Hof í Vopnafirði BC/4.
[109] Skjalasöfn presta og prófasta. Hof í Vopnafirði BC/4.
[110] Skjal nr. 2 (98) a-b.

b) Öðrum leigðar:

2. Mælifellsland (þar sem nú er byggður bær, sem kirkjan á ekki) [...][111]

Nánar er fjallað um þessa skýrslu í kaflanum um Steinvarartungu.

Landamerkjaskrá fyrir jörðina Mælifell var útbúin 22. febrúar 1886. Hún var þinglesin 11. júní 1886:

> Selá ræður að Selsárósi, þá ræður Selsá að upptökum, þaðan sjónhending í há Bungu og þaðan í Heljardalsfjall, þaðan í há Kistufell og úr því sjónhending í upptök Innri-Almenningsár, síðan ræður hún í Selá, og svo hún að Selsá.[112]

Undir skrána skrifuðu Jón Jónsson, prestur á Hofi, Einar Jónsson, eigandi Hamars, og Jón Rafnsson, umboðsmaður Búastaðatungna.

Gerð var úttekt á eyðibýlinu Mælifelli vegna fyrirhugaðar sölu hinn 30. maí 1912. Þar kemur m.a. eftirfarandi fram:

> Eyðibýlið Mælifell liggur í Vopnafjarðarhreppi innan Norður Múlasýslu vestast í hreppnum uppfrá Selá innst uppúr Selárdal og er landið þar mjög mjótt meðfram Selá. Landið uppfrá Selá er alt grasivaxið uppað svokallaðri „Ufs“ og uppað Mælifellsbænum sem var enn er nú niðurrifinn, einnig er graslendi suður með Mælifellshnúk og í svokolluðum Grænafellsdokkum vestan hnúksins. Graslendi þetta er sem næst ¼ af landi því er telst til býlisins.
>
> [...] engar líkur eru til að býlið komist í ábúð aftur eftir að hafa staðið í eyði í 6 ár. Þar oss er kunnugt um að það er nú tilgangur kaupanda að brúka land þetta fyrir afrjett. [...]
>
> Við álítum því að það sé hlutverk okkar að meta hvað margt fje að land þetta beri sem afrjettar land í samanburði við afrjettir hjer í kring og er það álit okkar að það beri 300 – 400 fjár og afrjettar tollur hjer er vanalega 2-3 aurar á kind.[113]

Í afsali sem útbúið var í september 1913 kemur fram að ráðherra Íslands selji Mælifellsland til Jörgens Sigfússonar, leigjanda þess.[114]

Í jarðamatinu frá 1849 kemur fram varðandi Hof að fyrir upprekstur í svokallað Mælifellsland við Selárdal gjaldist 40 fiskar árlega.[115] *Ný jarðabók* 1861 getur ekki um Mælifell eða Fossvelli.[116] Í kaflanum um eyðibýlið Mælifell í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að í jarðamatinu 1861 og Jarðatali Johnsens sé býlið talið sem hluti Hofskirkju en svo sé ekki lengur. Þar segir

---

[111] Skjal nr. 2 (243).
[112] Skjal nr. 2 (13) a-b.
[113] Skjal nr. 2 (100).
[114] Skjal nr. 2 (100).
[115] Skjal nr. 2 (164) a-b.
[116] Skjal nr. 4 (2).

einnig að upprekstrarland sé nægilegt og sérlega gott. Beitiland er víðlent og engjar dreifðar um allt landið. Afréttarfé skemmir jörðina.[117]

*Sveitir og jarðir í Múlaþingi* greina frá því að búseta á Mælifelli hafi verið slitrótt og býlið farið í eyði árið 1906.[118]

Hinn 8. janúar árið 2004 var kveðinn upp eignardómur í héraðsdómi Austurlands í máli nr. E-310/2003. Í dómsorði segir svo: „Viðurkenndur er eignarréttur stefnenda [...] að eyðijörðunum Mælifelli, landnúmer [...], Hamri landnúmer [...] og Selsárvöllum, landnúmer [...], öllum í Vopnafirði ásamt öllu því sem þeim fylgja og fylgja ber“ í tilteknum eignarhlutföllum.[119]

### 5.10. Selsárvellir og Aðalból (Búastaðatungur)

Búastaða er getið í *Vopnfirðinga sögu*, sem talin hefur verið rituð einhvern tíma á öðrum fjórðungi 13. aldar.[120]

Minnst er á Búastaði í kaupbréfi Brynjólfs biskups Sveinssonar fyrir hluta jarðarinnar frá 11. ágúst 1657.[121]

Húsaskoðun fór fram á Búastöðum 29. mars 1658. Þar koma einnig fram eftirfarandi landamerki, með mörkum Búastaðatungna:

> Landamerke Jardarennar effter tilsögn Halls Björnssonar sem hann seiger Biarni Oddsson og adrer hafe sier sagt, rædur Oddsgil hid fremra uppá midian háls og ofan i Westrardalsá, hid ytra i Lambhaga læk, rædur hann þá i Westrar dals á og uppi Walhól og rettsynis uppi Hrafnakletta og so framm effter midium hálse. Item tilseiger Hallur ad Buastader eige tveggia hundrada Land Westur i heide sem kallast Buastadatungur fyrer nordan Selá, á mille Hrutár og Selaár.[122]

Í bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar er að finna afrit, gert af fimm mönnum í Skálholti 7. júlí 1660, af kaupbréfi frá 17. júlí 1646 þar sem séra Sigurður Bjarnarson selur Hjalta Jónssyni, fyrir hönd Brynjólfs biskups, fimm hundruð í Búastöðum

> med ollummm þeim gognumm og giædumm, sem greindumm fimm hundrudumm I nefndre Jordu Buastodum fylgia og fylgt hafa, ad fornu og nyu til fiallz og landz ...[123]

---

[117] Skjal nr. 2 (58) a-b.
[118] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 79.
[119] Skjal nr. 22 (4).
[120] *Austfirðinga sögur*, bls. 51 og XXVII.
[121] Skjal nr. 2 (171).
[122] Skjal nr. 2 (271). Undir bréfið skrifa Hjalti Jónsson, Tómas Finnsson, Hallur Björnsson, ábúandi jarðarinnar, og Þorgeir Þorgrímsson (handsalar). Tveir menn votta í Skálholti 5. júlí 1658 að bréfið sé réttilega fært inn í bréfabók Brynjólfs biskups eftir blaði sem fylgdi bréfi Hjalta Jónssonar.
[123] Skjal nr. 2 (176). Vottar að sölunni voru Bjarni Oddsson sýslumaður, séra Högni Jónsson, Einar Hjörleifsson, Þórarinn Sighvatsson og Tómas Finnsson.

Frá 23. júlí 1666 er varðveittur vitnisburður fjögurra manna í Skálholti um uppskrift og samlestur á kaupbréfi fyrir Búastöðum frá 15. apríl 1592. Þar kaupir Ingibjörg Vigfúsdóttir Búastaði, tólf hundruð að dýrleika, af Þórði Gíslasyni með eftirfarandi takmörkum:

> framm frá sier allt sudur j Oddsgil og Wppa háls so lángt ad rettsynis sie Wt effter hálsinum, Wt i Hrafnakletta, Wr Hrafnaklettum og i Walhól, Wr Walhol og rettsynis ofann i Westurdalsá. Item Raudabergshólma, og þá þar framm frá eru. Item Tungurnar allar j midlum Selsár, og Gásadalsár; þetta land allt itolu laust.[124]

Býlið Aðalból, sem sóknarmannatal getur fyrst um í árslok 1851, virðist samkvæmt landakortum vera í Búastaðatungum, en engin afmörkun hefur fundist á Aðalbólslandi. Bóndi þar var Páll Guðmundsson sem var á Aðalbóli til ársins 1863.[125]

Með byggingarbréfi frá 22. febrúar 1859 byggði umboðsmaður Odds Guðmundssonar, stúdents í Krossavík, bændunum Páli Guðmundssyni á Aðalbóli og Grími Grímssyni á Rjúpnafelli hinar svokölluðu Búastaðatungur til allra löglegra leiguliðanota. Getið er um afgjald, þ.e. þrjá veturgamla sauði árlega fyrir Mikaelsmessu, að þeir hafi notkun landsins að helmingi og því hvíli eftirgjaldið jafnt á þeim báðum nema þeir semji um annað sín á milli. Fleiri skilyrði umboðsmannsins eru tíunduð í bréfinu, þ.á m. þetta:

> en þad áskil jeg að þeir fyrir sanngjarna þóknun, unni bændunum á Búastödum þeirrar notkunar á Túngum, sem þeir sjálfir geta misst og hinir kunna ad æskja sjer.[126]

Sóknarmannatal Hofssóknar í árslok 1859 segir Grím Grímsson bónda á Aðalbóli en Pál Guðmundsson húsmann.[127] Allsherjarmanntal árið 1860 segir Aðalból og Selsárvelli/Selárvelli hjáleigur en ekki kemur fram hvaða jarðar.[128]

Búskap Páls Guðmundssonar á Aðalbóli lýkur samkvæmt sóknarmannatali árið 1863.[129] Eftir það er það í eyði nema í árslok 1877 er þar skráð fjölskylda sem áður var í tvíbýli á Selsárvöllum. Frá árinu 1878 er Aðalból í eyði.[130]

Hinn 10. maí 1872 voru þeir Guðmundur Stefánsson hreppstjóri og Björn Ásbjörnsson virðingarmaður mættir að Selsárvöllum. Frú Ó. Stefánsdóttir í Krossavík hafði óskað þess að þeir virtu húsin á jörðinni til ríkisdalatals af eigandanum Grími

---

[124] Skjal nr. 2 (186). Vottar að kaupunum voru Teitur Torfason Skálholtsráðsmaður, Torfi Jónsson kirkjuprestur, Teitur Pétursson og Ólafur Gíslason. Fram kemur í bréfinu að kaupin voru gerð með fullu samþykki eiginmanns Ingibjargar, séra Odds Þorkelssonar, en hann var prestur á Hofi í Vopnafirði frá því fyrir 1589 og til 1620, sbr. Sveinn Níelsson: *Prestatal og prófasta á Íslandi*, bls. 4.
[125] Skjalasöfn presta og prófasta. Hof í Vopnafirði BC/4, 5.
[126] Skjal nr. 2 (96) a-b.
[127] Skjalasöfn presta og prófasta. Hof í Vopnafirði BC/4.
[128] *Manntal 1860*. Múlasýslur.
[129] Skjalasöfn presta og prófasta. Hof í Vopnafirði BC/5.
[130] Skjalasöfn presta og prófasta. Hof í Vopnafirði BC/6.

Grímssyni í Ytrihlíð. Undir virðingargerðina skrifa Guðmundur og Björn auk Gríms sem titlar sig seljanda.[131]

Grímur Grímsson var töluverðan tíma bóndi á Selsárvöllum og stundum var þar tvíbýli. Árið 1878 virðist jörðin fara í eyði.[132]

Ódagsett landamerkjabréf fyrir Búastaði var þinglesið 24. júní 1884 en Búastaðatungur eru ekki nefndar:

> Landamerki fyrir Búastaðalandi. Vesturdalsá ræður að norðan að Oddsgili og Oddsgil að sunnan að Krók sunnanvert við Oddsgils-steina og þaðan út háhálsinn eptir því sem vötnum hallar á brekkubrún útnorður af háuþúfu, og þaðan beina stefnu í vörðu á Selfjalli, þaðan beina línu í vörðu við Miðklauf og síðan sjónhending í Vesturdalsá.[133]

Jón Rafnsson og Sigurður Jónsson skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Jóni Jónssyni, presti að Hofi.

Um aðskilnað Búastaða og Búastaðatungna segja Sveitir og jarðir í Múlaþingi:

> B<úastaðir> komust í eigu ábúanda um 1893, seljandi var Ólöf ríka Stefánsdóttir, ekkja Odds í Krossavík Guðmundssonar sýslumanns Péturssonar [...] Við þá sölu gekk undan jörðinni afréttarlandið Bú<a>staðatungur milli Selár og Selsár inn að Ytri-Hrútá og hefur síðan tilheyrt Krossavík.[134]

Í yfirlýsingu sýslumanns Norður-Múlasýslu um Selsárvelli frá 31. desember 1974 stendur:

> Að sögn Björns Sigmarssonar, Krossavík, standa Selsárvellir rétt innan við Selsá, og tilheyrir jörðinni öll tungan (Bú<a>staðatungur) norðaustan Selár milli Selsár að utan og Hrútár ytri að innan. En vatnaskil (sýslumörk) ráða að norðaustan.[135]

Samkvæmt jarðamatinu frá 1849 er Búastöðum eignað afréttarland í Selárdal, sem sé mjög afnotalítið.[136]

Í kaflanum um Selsárvelli í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin hafi verið óbyggð síðan 1880. Einnig að beitiland sé nærtækt og hún eigi mikið upprekstrarland. Þar er og að finna lýsingu ábúanda á landamerkjum hennar:

> Selsá ræður mörkum frá ósi að upptökum, þaðan sjónhending á há „Bungu“ þaðan eftir fjallgarði þeim sem skiptir löndum milli Vopnafjarðar og

---

[131] Skjal nr. 2 (99) a-b.
[132] Skjalasöfn presta og prófasta. Hof í Vopnafirði BC/4, 5 og 6.
[133] Skjal nr. 2 (136).
[134] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 107.
[135] Skjal nr. 2 (14).
[136] Skjal nr. 2 (164) a-b.

> Fjallahrepps að Hrútá þá ræður Hrútá þar til hún fellur í Selá; úr því ræður Selá að Selsárósi.[137]

Selárbakki er býli, sem var í byggð samkvæmt sóknarmannatölum 1855–1868. Þar bjó ein kona ásamt syni sínum og ekki annað fólk.[138] Ekki kemur fram hvar þetta býli hefur verið en af röð býla í sóknarmannatölunum má ætla að það hafi verið í Búastaðatungum þar sem það er talið á undan Selsárvöllum sem síðan eru á undan Mælifelli. Ekki hafa komið fram aðrar heimildir um þetta býli.

Hinn 8. janúar árið 2004 var kveðinn upp eignardómur í héraðsdómi Austurlands í málinu nr. E-310/2003. Í dómsorði segir svo: „Viðurkenndur er eignarréttur stefnenda [...] að eyðijörðunum Mælifelli, landnúmer [...], Hamri landnúmer [...] og Selsárvöllum, landnúmer [...], öllum í Vopnafirði ásamt öllu því sem þeim fylgja og fylgja ber“ í tilteknum eignarhlutföllum.[139]

## 5.11. Arnarvatn (Hauksstaðir)

*Sveitir og jarðir í Múlaþingi* segja um Hauksstaði:

> Hauksstaðaheiði heitir spildan milli Vesturdalsár og Selár utan frá Rjúpnafelli og sv. á hreppamörk í Selárbotnum og Súlendum. Í Hauksstaðaheiði, þ.e. þeim hluta er H<auksstöðum> tilheyrir, er upprekstrarland, fyrir 2000 fjár segir í F ´18, og virt á 30 krónur. Gengur þar fé víða af bæjum í Vesturdal. Nafn heiðarinnar er oft notað um mun stærra svæði en hér er gert (sjá Göngur og réttir III., 309 og Landið þitt II). [...]
>
> Afbýli tvö byggðust úr Hauksstaðalandi, Desjarmýri og Skálamóar, sem síðar nefndist Arnarvatn, Arnarvatn var byggt á þessari öld og lýst sér.[140]

Hauksstaða mun fyrst getið þegar minnst er á Hauksstaðaskóg í máldaga Refsstaðarkirkju frá því um 1367.[141]

Hauksstaðir eru sagðir kirkjueign í stríðshjálparskattskýrslum árið 1681.[142] Hins vegar eru þeir ekki nefndir í máldögum Vilkins og Gísla Jónssonar meðal eigna kirkjunnar á Hofi og ekki heldur í vísitasíum biskupa á 17. og 18. öld. Það er fyrst í vísitasíu Helga G. Thordersens árið 1850 að Hofskirkja er sögð eiga Hauksstaði með Barkárdal.[143] Það virðist þó sem Hofskirkja hafi eignast Hauksstaði miklu fyrr en ekki sést hvenær. E.t.v. má láta sér detta í hug að þeir séu sama jörðin og Ásdísarstaðir sem

[137] Skjal nr. 2 (58) a-b.
[138] Skjalasöfn presta og prófasta. Hof í Vopnafirði BC/4 og 5.
[139] Skjal nr. 22 (4).
[140] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 104 og 105.
[141] Skjal nr. 4 (72).
[142] Skjal nr. 2 (260).
[143] Skjal nr. 2 (92) a-b.

Vilkinsmáldagi segir eign Hofskirkju[144] og síðan er endurtekið í máldaga Gísla Jónssonar og vísitasíum biskupa.

Ábúandi Hauksstaða í Vopnafirði, Björn Gíslason, sótti 25. janúar 1872 um kaup á jörðinni með hjáleigunum Hólum og Skálamó, áður Desjarmýri. (Skálamór varð síðar að *Arnarvatni.*[145]) Sagði hann jörðina fyrrum hafa verið metna sex hundruð en nú 29,6 hundruð með hjáleigunum. Hús, sem fylgdu, væru bæði fá og smá. Því vildi hann eignast jörðina, svo hann þyrfti ekki sem leiguliði í ótryggri ábúð að ráðast í miklar framkvæmdir. Yfirvöld samþykktu með konungsúrskurði 22. júní 1872 að jörðin með hjáleigum yrði seld fyrir 2.500 ríkisdali.[146] Ekkert kemur fram í skjölum varðandi jarðarsöluna um landstærð og gæði jarðarinnar.

Guttormur Þorsteinsson segir í sóknarlýsingu Hofs árið 1840 að Dysjarmýri sé byggð fyrir sex árum í Hauksstaðalandi.[147] [Land hjáleigunnar Desjarmýrar mun síðar hafa fallið til Arnarvatns.][148]

Hauksstaðir ásamt hjáleigunum Hólum og Skálamó (áður Desjarmýri) og tveimur kúgildum voru seldir 25. janúar árið 1872 fyrir 3.500 ríkisdali með samþykki kirkju- og kennslumálaráðuneytisins danska.[149]

Vorið 1885 var samið landamerkjabréf fyrir Hauksstaði. Því var þinglýst 14. júlí sama ár:

> Landamerki milli Hauksstaða og Rjúpnafells eru þessi, sem hér greinir: Frá gamalli markvörðu, sem stendur norðan við Vesturdalsá og þaðan upp til Fellsbrúna eftir settum vörðum af hlutaðeigendum vorið 1884, og svo frá nefndri Fellsbrún í næstu vörðu norðan við fellið, þaðan beint yfir Flóasundin og beinastefnu í Grasalækjarós, sem fellur í Selá. Þaðan eins og Selá ræður allt inn í Selárbotna, sem liggja austur úr Grímsstaðadal, og úr Selárbotnum yfir Grjóturðar-Kambinn beina stefnu ofan í Skeljungskvos, þar sem að Skeljungsá hefur upptök sín, og fellur hún millum Hauksstaða og Brúnahvamms landa og skiftir þeim eftir gömlum farveg árinnar, alla leið út í Arnarfjarðarvatn, svo eftir nefndu vatni í ós þann, er úr því rennur og sem eru upptök að Vesturdalsá, og þaðan til lands og vatns eins og áin ræður út að svo nefndum Mið-fiskilæk á móts við Fossland, og þaðan sem lækurinn ræður upp í Urðarfjallsbrún og er sett markvarða á mel í fjallsbrúninni, úr nefndri vörðu beina stefnu í Fiskivötn, þaðan beint út Urðarfjallið móts við Bustarfellsland og í næsta Markvörðumel, og þaðan út drögin, sem liggja út í Kílinn, sem rennur eftir Urðarfjallinu alla leið út í Nykurvatn og skiftir hann löndum milli Bustarfells og Hauksstaða. Og úr Kílsósnum og í norðari Sandvík á Vatninu; þaðan beint í mel yzt á háfjallinu, sunnan við

[144] Skjal nr. 4 (75).
[145] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 106.
[146] Skjal nr. 2 (236).
[147] *Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 51.
[148] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 106.
[149] Skjal nr. 2 (236). Sjá einnig skjal nr. 2 (250).

> Urðarfjallshnaus á móts við Teigsland, þaðan beint út sunnan við Sandfell og í Oddsgil, beina stefnu á Marksteina, svo eftir Oddsgili ofan í Vesturdalsá, og svo fram sem áin ræður inn á móts við þá upphaflega tilgreindu Markvörðu millum Hauksstaða og Rjúpnafells.
>
> Svo er allt land innan þessara tilnefndu takmarka eign Hauksstaða.[150]

Kr. Jóhannsson eigandi Hauksstaða skrifaði undir þetta skjal. Það gerðu einnig Jón Jónsson prestur á Hofi (væntanlega vegna Rjúpnafells), Gestur Sigurðsson eigandi Foss, P. Guðjohnsen sem var umboðsmaður Teigs af hendi Vopnafjarðarhrepps og M. Einarsson, eigandi Bustarfells.

Landamerkjabréf fyrir Hauksstaði var útbúið í desember 1921. Það var þinglesið 15. júní 1923:

> Landamerki milli Hauksstaða og Rjúpnafells eru þessi, sem hér greinir:
>
> Frá gamalli markvörðu, sem stendur norðan við Vesturdalsá og þaðan upp til Fellsbrúna eftir settum vörðum af hlutaðeigendum vorið 1884 og svo frá nefndri Fellsbrún í næstu vörðu norðanvið fellið, þaðan beint yfir Flóasundin og beina stefnu í Grasalækjarós, sem fellur í Selá. Þaðan ræður Selá inn á móts við Sandhæð. Frá nefndri Sandhæð beina línu norðan við Hlíðarfell í upptök Desjarmýrarlæks, síðan ræður nefndur lækur merkjum milli Hauksstaða og Arnarvatns í Vesturdalsá. Frá Desjarmýrarlæk ræður Vesturdalsá út að svonefndum Miðfiskilæk, ræður sá lækur merkjum milli Hauksstaða og Kálffells upp til fjallsbrúnar, og er sett markvarða á fjallsbrúnina, úr nefndri vörðu beina stefnu í Fiskivötn, þaðan beint út fjallið móts við Bustarfellsland og í næsta markvörðumel og þaðan út drögin, sem liggja út í kílinn, sem rennur eftir Urðarfjallinu alla leið út í Nykurvatn og skiftir það löndum milli Bustarfells og Hauksstaða. Úr norðari Sandvík á nefndu vatni beina stefnu í mel yzt á háfjallinu, sunnan við Urðarfjallshnaus, og skal þar sett markvarða, þaðan beint út sunnan við Sandfell í Oddsgil beina stefnu í Marksteina, svo ræður Oddsgil ofan í Vesturdalá, og svo fram með ánni inn á móts við þá upphaflega tilgreindu Markvörðu milli Hauksstaða og Rjúpnafells.
>
> Svo er alt land innan þessara tilnefndu takmarka eign Hauksstaða.[151]

Eigandi Hauksstaða, Víglundur Helgason, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Þórarni Ketilssyni, eiganda Arnarvatns, M. Einarssyni, eiganda Bustarfells, Sigurði Þorsteinssyni, eiganda Kálffells, Þorgrími Jónatanssyni, eiganda Búastaða, og Jörgen Sigfússyni, eiganda Búastaðatungu [Selsárvalla] og Hamars. Einnig skrifuðu undir Steindór Jóhannesson fyrir hönd eigenda Grímsstaða [á

---

[150] Skjal nr. 2 (15).
[151] Skjal nr. 2 (16) a-b.

Fjöllum], Jakob Einarsson vegna Teigs og Gunnar H. Gunnarsson, umráðamaður Rjúpnafells.

Jarðamat 1804 segir Hauksstaði fjögurra hundraða kirkjujörð frá Hofi. Einnig stendur að jörðin hafi „afrétt“, metinn á 44 álnir, er tilheyri kirkjunni. Jörðin gefur sex tunnur af fjallagrösum.[152] Jarðatal Johnsens getur um Desjarmýri sem hjáleigu frá Hauksstöðum og segir fornt mat á Hauksstöðum sex hundruð.[153] Svo og *Ný jarðabók* 1861. En nýja matið er 29, 6 hundruð.[154] Í jarðamatinu frá 1849 kemur fram að Desjarmýri sé hjáleiga frá Hauksstöðum. Þar stendur einnig að jörðin eigi „afrétt“ fyrir sig og geti tekið af öðrum 600 fjár. Gott útengi en langsóttur heyskapur.[155] Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 er minnst á að heiðarbýlið Arnarvatn hafi verið byggt út úr Hauksstöðum. Báðar jarðirnar hafi síðan verið seldar. Samkvæmt fasteignamatinu átti salan á Hauksstöðum sér stað árið 1916. Í því kemur einnig fram að Hauksstaðir eigi upprekstrarland fyrir 2000 fjár. Útengjar eru á víð og dreif en sumarhagar eru frekar slæmir.[156]

Heimildir benda ekki til annars en samfelld búseta hafi verið að Hauksstöðum frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins frá árinu 1885 hefur jörðinni verið ráðstafað með hefðbundnum hætti.

Eftirfarandi er í *Sveitum og jörðum* í Múlaþingi:

> A var frá upphafi afbýli frá Hauksstöðum og hét Skálamór. Býlið er ekki nefnt í jarðabókinni 1861 (F ´61) eða öðrum eldri prentuðum heimildum frá 19. öld. [...]
>
> Býlið er í breiðri lægð í Hauksstaðaheiði norðvestan við Arnarvatn. Landamörk eru að sa. við Vesturdalsá, sem telst eiga upptök í vatninu, þótt aðdragandi sé innar, og við Arnarvatnið. Að sv. ræður mörkum Skeljungsá, að nv. Selá, og að na. er markalínan frá Selá yfir Sandhæð, sa. í Desjarmýrarlæk (sjá Hauksst.). Hjáleigan Desjarmýri er innan þessara takmarka.[157]

Í skýrslu um Hofsbrauð frá 1854 kemur fram að Desjarmýri sé hjáleiga byggð í Hauksstaðalandi.[158]

Helgi Guðlaugsson á Hauksstöðum seldi Jóni Helgasyni áttunda hluta úr Hauksstöðum, 3, 7 hndr. að dýrleika skv. nýju mati frá 5. júlí 1915. Þar er mörkum lýst svo:

---

[152] Skjal nr. 2 (221) a-b.
[153] Skjal nr. 4 (1).
[154] Skjal nr. 4 (2).
[155] Skjal nr. 2 (164) a-b.
[156] Skjal nr. 2 (58) a-b.
[157] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 106.
[158] Hliðsjónarskjal: *Skýrsla um Hofsbrauð 1854*, bls 438–443.

> Að norðan úr Desjarmýrarlæk þar sem hann rennur í Vesturdalsá og ræður hann að upptökum, þá beina sjónhendingu í Selá, að vestan ræður Selá, að sunnan Skeljungsá, að austan Arnarvatn og Vesturdalsá að Desjarlæk.[159]

Tekið var fram að seljandi hefði ekki þinglesna eignarheimild. Nafnið Arnarvatn á þessum eignarhluta var þinglesið um leið og afsalið, 10. júlí 1915. Er þá tekið fram að nýbýlið hafi verið byggt árið 1901.[160]

Landamerkjabréf fyrir Arnarvatn var útbúið í desember 1921. Það var þinglesið 15. júní 1923:

> Frá Vesturdalsá ræður Desjarmýrarlækur að upptökum, þaðan beina línu norðan við Hlíðarfell yfir Sandhæð að Selá. Síðan ræður Selá alt inn í Selárbotna, sem liggja austur úr Grímsstaðadal, og úr Selárbotnum yfir Grjóturðarkambinn, beina stefnu ofan í Skeljungskvos, þar sem Skeljungsá hefur upptök sín, og fellur hún milli Arnarvatns og Brúnahvammslanda og skiftir þeim eftir farveg árinnar alla leið út í Arnarvatn, svo eftir nefndu vatni í ós þann er úr því rennur og sem eru upptök að Vesturdalsá og þaðan til lands og vatns eins og áin ræður að þeim upphaflega nefndum Desjamýrarlæk.
>
> Svo er alt land innan þessara takmarka eign Arnarvatns.[161]

Þórarinn Ketilsson, eigandi Arnarvatns, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Víglundi Helgasyni, eiganda Hauksstaða, Sigurði Þorsteinssyni, eiganda Kálffells, M. Einarssyni, eiganda Brunahvamms, og Jóni A. Stefánssyni í Möðrudal. Einnig skrifaði undir Steindór Jóhannesson fyrir hönd eigenda Grímsstaða og Víðidals.

Jarðatal Johnsens getur um Desjarmýri sem hjáleigu frá Hauksstöðum.[162] Svo og *Ný jarðabók* 1861.[163] Í kaflanum um Arnarvatn í Fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 stendur að í jarðamatinu 1861 sé kot þetta metið með jörðinni Haugsstöðum [Hauksstöðum] sem það sé byggt úr. Í kaflanum kemur einnig fram að jörðin hafi nægilegt afréttarland og landamerki hennar séu ókunn. Samkvæmt matinu má lesa þau út úr landamerkjum Hauksstaða. Ágætir sumarhagar.[164]

Arnarvatn var í byggð frá síðari hluta 19. aldar en fór endanlega í eyði árið 1934.

### 5.12. Bustarfell, Brunahvammur, Fagrakinn og Gestreiðarstaðir

#### 5.12.1. Bustarfell og Brunahvammur

*Sveitir og jarðir í Múlaþingi* hafa eftirfarandi um Bustarfell:

---

[159] Skjal nr. 2 (296) a-b.
[160] Skjal nr. 2 (296) a-b. Sbr. A. 4.5. / skjal nr. 2 (297).
[161] Skjal nr. 2 (17) a-b.
[162] Skjal nr. 4 (1).
[163] Skjal nr. 4 (2).
[164] Skjal nr. 2 (58) a-b.

> B kemur fyrst við sögu í Sturlungu, er Ólafur bóndi þar barðist í liði Þorvarðar Þórarinssonar á Hofi í Þverárbardaga 1255. Jörðin hefur verið bændaeign og í sjálfsábúð sömu ættar frá 1532 [...]
>
> Býlin Foss og Brunahvammur eru í eign B og taldar hjáleigur þaðan í J ´47, en Foss ekki í F ´61. Núverandi ábúendur telja, að báðar þessar jarðir hafi verið lögbýli í eign Bustarfellsmanna.
>
> Vopnafirði og Brunahvammi tilheyrir síðan 1892 löng og mjó spilda vestan Hofsár og Gestreiðarstaðakvíslar allt suður á Eyktagnípu í Jökuldalsheiði. Þar voru býlin Fagrakinn (Kinn á korti) og Gestreiðarstaðir (sjá Möðrudal).
>
> [...] upprekstrarland í heimalandi, Brunahvamms- og Gestreiðarstaðalandi.[165]

Í máldagasafni Vilkins biskups frá 1397 kemur fram að Péturskirkja hafi verið á Bustarfelli en þar kemur ekkert fram um land kirkjunnar. Í sama máldagasafni er Brunahvamms getið sem eignar Hofskirkju.[166]

Í gerningi frá 1. september 1408 um máldaga og landamerki Möðrudals á Fjalli, sem talinn er vera falsbréf, er mörkum Möðrudals og Bustarfells lýst þannig:

> Þad skilur Land millum Mödrudals og Bustarfells og so i Læk þann sem fellur i Krokunum i Holkna til Hofsar.167

Úr tíð Stefáns biskups Jónssonar er máldagi Möðrudalskirkju frá 1493 en þar er mörkum Möðrudals og Bustarfells lýst á eftirfarandi hátt:

> þat skilur landamerki millvm modrvdals oc Bvstarfells: oc sionhending j Eykarnypu: vr læk þeim er fellur vr holknaa:168

Hinn 11. febrúar 1532 seldi Þorsteinn Pálsson, með samþykki Gamla Magnússonar, bróður síns, Árna Brandssyni tvo parta í jörðinni Bustarfelli. Því næst greinir hann frá takmörkum jarðarinnar:

> seigir hann þessi landamerki halldin hafa uerit af sinum forelldrum og aunguan ataulu veitt hafa. fram med hofsa fyrir uestan gegnt grasakro og þuersyne uestur j selaa. riettsyne ur anne og j skieliungsuatn þadan og ut j arnarfiardaruatn. Riettsyne j þuridarnup og ut j teigaraa. ofan med anne og j arnarhol fyrir austan hofsaa. or raudanup og austur j þordaraa og suo fram j helluskard. þadan og j tungaa ofan med anne og j hofsaa og suo aptur i raudanup.[169]

Hinn 7. maí 1660 fóru fram eignaskipti á Bustarfelli, sem var 50 hundruð að dýrleika, á milli bræðranna Sigurðar og Péturs yngra Bjarnasona. Eftir að hafa skipt á

---

[165] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 133 og 134.
[166] Skjöl nr. 4 (75) og 4 (77).
[167] Skjal nr. 4 (95).
[168] Skjal nr. 4 (119).
[169] Skjal nr. 4 (91). Önnur uppskrift er til af þessu bréfi, sbr. skjal nr. 4 (90). Bréfið er skrifað degi síðar, 12. febrúar.

milli sín húsum jarðarinnar og völlum beggja vegna götunnar koma eftirfarandi upplýsingar fram um landið:

> Enn landed allt Sudur I Þurijdará, og vt I Teigará thil eijngia og beijtar, thil retts Jaffnadar eignar og brúkunar med bródurlegum kiærleika, og so á fiall upp, wmm allar heidar nordur og sudur effter eignar heffd gamallre og Skiölum Jardarennar. Eirnen med eijgenlegre eijnijngu Skifftu þeir so Jordunum Eijnarstödum og Fosse, ad Sigurdur ætte Jordena Eynarsstade x hndr. ad dijrleika med öllu þuij lande fyrer austan Hofsá Sem henne fylger og fylgtt heffur ad fornu og niju effter breffanna hliódan, enn Petur ætte neffndann Foss og lete ser lijka fyrer x hndr. á mótz vid Eijnar Stade med þessu lande, Sudur frá, Sem leijngst breffenn vtvijsa og hallded heffur vered, og So I fiall vpp og ut vmm heide, I Þurijdarvatn, enn ut fra Fosse I Þurijdará.[170]

Í kaupbréfi Brynjólfs biskups Sveinssonar og Sigurðar Bjarnasonar frá 18. ágúst 1663 selur biskup Sigurði m.a. Bakka á Ströndum sem var tólf hundruð að dýrleika. Í staðinn fékk Sigurður, með samþykki konu sinnar, föður, bróður, systur og mágs, biskupi hálft Bustarfell 25 hundruð að dýrleika. Biskup taldi hins vegar að réttur dýrleiki jarðarinnar væri tuttugu hundruð vegna mismunar á landinu sem þeir bræður, Sigurður og Pétur yngri, skiptu á milli sín er þeir skiptu Bustarfelli 7. maí 1660. En þar kom fram að Foss sem féll í hlut Péturs yngra væri ekki tíu hundruð að dýrleika og því ekki jafngildi Einarsstaða.[171]

Hinn 3. september 1673 að Torfastöðum í Vopnafirði fékk Pétur eldri Bjarnason, í umboði bróður síns, Péturs yngra, Bjarna Einarssyni, umboðsmanni Brynjólfs biskups Sveinssonar, jörðina Innrihlíð (Fremrihlíð) í Vesturárdal auk peningagreiðslu í lausum aurum í skiptum fyrir hálft Bustarfell. Bustarfell var metið 25 hundruð að dýrleika og voru takmörk þess svohljóðandi:

> ... ad Innan I Þuridará, enn ad utann I Teigar á nedann Vr Hofs á midlum þessara Landamerkia og so Vppa Hafiöll sem Vötn deila til helminga midlum fyrrgreindra Landamerkia effter þeim skiptum sem Biarne Oddsson giördi a þui Lande midlum sona sinna Peturs yngra og Sigurdar Bjarnasonar.[172]

Aukaréttur var settur að Fossvöllum 15. september 1884 af sýslumanninum, Einari Thorlaciusi. Þá var tekið fyrir mál Methúsalems Einarssonar á Bustarfelli (vegna Brunahvamms) gegn Stefáni Einarssyni, bónda í Möðrudal, út af ágreiningi

---

[170] Skjal nr. 2 (180). Auk Sigurðar og Péturs skrifa Guðmundur Ketilsson, Jochum Jochumsson, Þorlákur Guðmundsson og Oddur Jónsson undir bréfið. Hinn 18. ágúst 1663 votta 10 menn á Bustarfelli að bréfið sé rétt skrifað eftir frumritinu.

[171] Skjal nr. 2 (181). Auk Brynjólfs biskups og Sigurðar skrifa Bjarni Oddsson, Pétur Bjarnason, Bjarni Eiríksson, Oddur Eyjólfsson, Gróa Bjarnadóttir (handsalar), Teitur Torfason, Sigurður Björnsson, Ólafur Jónsson og Teitur Pétursson undir bréfið. Útdrætti úr þessu kaupbréfi var þinglýst á manntalsþingi á Skeggjastöðum 7. júní 1864, sbr. skjal nr. 2 (214) a-b.

[172] Skjal nr. 2 (196). Auk Péturs og Bjarna skrifa Oddur Jónsson, Ólafur Ásmundsson, Jóhann Þórðarson og Árni Gunnarsson (handsalar) undir bréfið. Sjá einnig skjal nr. 2 (216) og skjal nr. 2 (197).

áhærandi landamerki. Í dóm voru valdir Jón Methúsalemsson á Brú, Jónas Eiríksson á Eiríksstöðum, Þorvarður Kjerúlf, læknir á Ormarsstöðum, og Sæbjörn Egilsson á Hrafnkelsstöðum. Sökum þess hversu langt var liðið sumars og hve langt í burtu landið sem skoða átti lá uppi á Jökuldalsheiði var áreiðinni frestað til næsta sumars og ákveðið að merkjagangan skyldi fara fram í lok júlí eða byrjun ágúst.[173]

Á manntalsþingi að Fossvöllum 7. júlí 1888 tók Bjarni Jónsson í Víðidal sæti Jóns Methúsalemssonar frá Brú í landamerkjamáli Bustarfells (Brunahvamms) gegn Möðrudal. Ákveðið að réttað skyldi í málinu 17. júlí næstkomandi á Gestreiðarstöðum.[174]

Einar sýslumaður Thorlacius setti aukarétt á Gestreiðarstöðum 17. júlí eins og boðað hafði verið. Sýslumaður spurði málsparta hvort þeir gerðu kröfu um að ný áreið færi fram þar sem nýr dómsmaður hafði verið skipaður í málið. Ekki reyndist þörf á því.

Umboðsmaður sækjanda lagði nokkur skjöl inn fyrir réttinn og að auki var lögð fram sáttargerð þar sem Jón Jónsson, hreppstjóri á Skjöldólfsstöðum, gerði tilkall til þess lands sem ágreiningurinn stóð um. Að því búnu lagði umboðsmaður sækjanda málið í dóm. [175]

Vegna forfalla í merkjadómnum var Guðmundur Snorrason í Fossgerði skipaður í hann 12. september 1892.[176]

Hinn 13. september 1892 var aukaréttur settur að Bustarfelli og loks kveðinn upp dómur í landamerkjamáli því sem Methúsalem Einarsson, eigandi Bustarfells, hafði höfðað gegn Stefáni Einarssyni í Möðrudal. Dómsmenn töldu lítið hægt að byggja á þeim skjölum sem framlögð höfðu verið fyrir réttinn því að bæði væru þau fá og höfðu að þeirra mati ekki sönnunargildi að undanskildum útdrætti frá 29. júlí 1645 af máldaga Möðrudalskirkju úr tíð Stefáns biskups. Þeir yrðu því að mestu leyti að byggja á eðlilegum landsháttum. Fram kom að ágreiningurinn um ofangreint þrætuland milli Bustarfells og Möðrudals hefði staðið í nokkur ár án þess að hafa verið leiddur til lykta. Árið 1888 hefðu landamerki Möðrudals annars vegar og Arnórsstaða og Víðihóla hins vegar verið ákvörðuð með dómi og hefðu staðið óhögguð síðan. Landamerkin þar á milli hefðu verið ákvörðuð með eftirfarandi hætti:

> eftir sjónhendingu úr Rúnasteini á Urðarhlíð og í Eyktargnípu[177]

Sú landamerkjalína sem stefnandinn krafðist að yrði látin ráða landamerkjum milli Bustarfells og Möðrudals var í beinni áframhaldandi sjónhendingu frá ofangreindum landamerkjum frá 1888. Þar sem merkjadómnum þótti ekki ástæða til

---

[173] Skjal nr. 2 (272). Málsaðilar mættu fyrir sáttanefnd í Vopnafirði 12. ágúst 1884 en gátu ekki komist að málamiðlun, sbr. skjal nr. 2 (277).
[174] Skjal nr. 2 (273) a-b.
[175] Skjal nr. 2 (274) a-b.
[176] Skjal nr. 2 (275).
[177] Skjal nr. 2 (276).

þess að hrófla við þeim voru takmörk Möðrudals og Bustarfells ákveðin á eftirfarandi hátt:

> sjónhending úr ós lækjar þess, er fellur í Hólkná undan Súlendum á Möðrudalsvegi, yfir austanvert Stóralækjarvatn í Eyktargnýpu, er stendur fremst og syðst á öxlum þeim, er liggja inn og vestur frá Gestreiðarstöðum.[178]

Þessum dómi var þinglýst á manntalsþingi í Vopnafirði 9. júlí 1894.

Landamerkjaskrá fyrir Bustarfell var útbúin 7. júlí 1894. Hún var þinglesin tveimur dögum síðar:

> Að utan úr Teigarárós þar sem áin fellur í Hofsá og upp með henni í Nikurvatnsósinn ytri; þaðan inn Nikurvatn í kýl þann, sem fellur í vatnið að vestan [upphaflega skrifað „austan" en strikað yfir það] og nefndur er Nikurvatnskýll, ræður hann svo inn fjall og í Fiskivatn; þaðan beina stefnu inn á móts við Fiskilæk; þaðan austur beina leið ofan fyrir framan Litlu öxl ofan í svo kallaðann Fremri-Sniðalæk, sem ræður landamerkjum að framan í Hofsá.[179]

Methúsalem Einarsson, eigandi Bustarfells, skrifaði undir lýsinguna. Það gerðu einnig Gestur Sigurðsson, eigandi Foss, og Kr. Jóhannsson fyrir Hauksstaði.

Hinn 7. júlí 1894 var útbúin landamerkjaskrá fyrir jörðina Brunahvamm. Henni var þinglýst tveimur dögum síðar. Þar kemur eftirfarandi fram:

> Að utan, þar sem Hafragerðislækur fellur í Hofsá, upp með honum í neðsta bug á ofannefndum læk, þaðan beina línu framan á há-Kálfell, þaðan norður beina línu í stæðsta eða neðsta foss í Skjeljungsá, svo ræður að ofan nefnd á landamerkjum inn í Skeljungskvos og í Súlendur, aptur þaðan og í læk þann, sem kemur ofan framan við ofannefnt fjall og í efsta bug á Hólkná á Möðrudalsveginum; þaðan ræður áin landamerkjum að innan í Hofsá.[180]

Methúsalem Einarsson, eigandi Brunahvamms, skrifaði undir þessa lýsingu. Hún var einnig samþykkt af Gesti Sigurðssyni, eiganda Foss, og Kr. Jóhannssyni, eiganda Hauksstaða.

Sjálfseignarjörðin Bustarfell er sögð 30 hundruð í jarðamati 1804 og nýtir hún eyðihjáleiguna Brunahvamm. Þar er silungsveiði og á jörðinni fást átta tunnur af fjallagrösum. Jörðin getur nýtt skóg.[181]

Í jarðamatinu frá 1849 stendur að útheyskapur Bustarfells sé víðfenginn.[182]

Brunahvammur er hjáleiga frá Bustarfelli með afskiptu landi samkvæmt jarðamatinu 1849. Þar stendur einnig:

---

[178] Skjal nr. 2 (276). Vísað er til landamerkjadóms Norður-Múlasýslu frá 20. september 1888 þegar landamerkin eru tilfærð.
[179] Skjal nr. 2 (20) a-b.
[180] Skjal nr. 2 (19) a-b.
[181] Skjal nr. 2 (221) a-b.
[182] Skjal nr. 2 (164) a-b.

> .Utheyisskapur langsóktur enn toluverdur og Heifall gott [...] Afrétt hefir Jördinn fyrir sig og má taka af ödrum 100 Fjár.[183]

Samkvæmt fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 fylgir Bustarfelli sérstakt upprekstrarland sem er nægilega stórt fyrir fé ábúanda. Sumarhagar stórgripa eru lakir. Í kaflanum um Brunahvamm í sama mati kemur fram að sumarhagar séu ágætir en engjar langsóttar og fjárgeymsla erfið. Mikill ágangur er á engi af afréttarfé. Landamerki eru innfærð í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, þinglýst 9. júlí 1894.[184]

Heimildir benda ekki til annars en búseta hafi verið nokkuð samfelld í Brunahvammi frá því að jarðarinnar er fyrst getið og þar til hún fellur úr ábúð árið 1945. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðinni verið ráðstafað með hefðbundnum hætti.

### 5.12.2. Fagrakinn og Gestreiðarstaðir

Eftirfarandi er í bókinni *Sveitir og jarðir í Múlaþingi*:

> Gestreiðarstaðir og Fagrakinn (Kinn) voru býli í Jökuldalsheiði norður frá Rangárlóni og upphaflega talin í landi Möðrudals. Á G er talið, að verið hafi fornbýli [...] Síðari byggðartími G var 1844-1897 og F 1855-1886.[185]

Einar Stefánsson, prestur á Hofi, samdi skýrslu, að bón Sveins Pálssonar, um jarðir í Vopnafirði, byggðar og í eyði árið 1794, og er hún dagsett 8. apríl 1795. Þar kemur fram að hjáleigan Gestreiðarstaðir sé í eyði en Hofsprestur getur þess ekki hvenær það gerðist.[186]

Gestreiðarstaðir byggðust árið 1844. Þar var búið með hléum 1844–1897.[187]

Halldór Stefánsson segir Fögrukinn byggða úr Möðrudalslandi, eftir því sem þá var talið, árið 1855. Þar var búið nær samfellt til 1886 er jörðin fór í eyði vegna uppblásturs á túni jarðarinnar.[188]

Fullyrðing Halldórs Stefánssonar stenst ekki hvað varðar Fögrukinn en nýbýlingarnir á Fögrukinn og Gestreiðarstöðum voru meðal þeirra sem komu við sögu í bréfaskiptum sýslumanns í Norður-Múlasýslu og amtmanns í Norður- og Austuramti árið 1849 sem fjallað er um í kaflanum um Mel hér á eftir.

Gestreiðarstaðir og Fagrakinn voru meðal þeirra nýbýla sem sýslumaður sagði reist í ómótmælanlegri landareign áður byggðra jarða.[189]

---

[183] Skjal nr. 2 (164) a-b.
[184] Skjal nr. 2 (58) a-b.
[185] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 283–284.
[186] Skjal nr. 2 (257). Sveinn Pálsson tók próf í náttúruvísindum við Kaupmannahafnarháskóla 1. júní 1791. Hann ferðaðist um Ísland á árunum 1791–1795 fyrir náttúrufræðifélag Dana og sendi því skýrslur, sbr. Páll Eggert Ólason: *Íslenzkar æviskrár* IV, bls. 372.
[187] Halldór Stefánsson: *Austurland. Safn austfirzkra fræða*, bls. 187–189, 201, 217–218.
[188] Halldór Stefánsson: *Austurland. Safn austfirzkra fræða*, bls. 193, 200, 216–217.
[189] Skjal nr. 2 (281) a-b.

Hinn 15. september 1884 að Fossvöllum var aukaréttur settur að Fossvöllum af sýslumanninum, Einari Thorlaciusi. Þar var tekið fyrir mál séra Stefáns Halldórssonar, á Hofteigi sem umboðsmaður kirkjujarðarinnar Arnórsstaða og Kristján Sigurðsson á Víðihólum gegn Stefáni Einarssyni í Möðrudal út af ágreiningi um landamerki.

Dómur var svo kveðinn upp í málinu að Fossvöllum 20. september 1888:

> Landamerki millum Möðrudals á Fjalli annarsvegar og Víðirhóla í Jökuldalsheiði og Arnórsstaða á Jökuldal hinsvegar eru þessi: sjónhending úr Rúnasteini, er stendur á svo nefndri Urðarhlíð, inn og vestur frá Sænautaseli, og í Eyktargnýpu, þverbrattan gnúp, er stendur fremst og syðst á öxlum þeim, er liggja inn og vestur frá Gestreiðarstöðum, vestanvert við kvísl þá, er fellur úr Sænautavatni út, skammt frá gnúpum að austan.[190]

Þessum dómi var þinglýst 20. júní 1893 á manntalsþingi á Skjöldólfsstöðum.[191]

Málinu var vísað til Landsyfirréttar árið 1891 en vísað frá vegna dráttar á áfrýjunarstefnu.[192]

Í lok 19. aldar hófust landamerkjadeilur milli eigenda Bustarfells og Möðrudals. Deilt var um landsvæði sem tengdist býlunum Fögrukinn og Gestreiðarstöðum. Um þetta mál hefur verið fjallað í kaflanum um Bustarfell hér á undan en dómurinn í heild sinni er á þessa leið:

> Var þá lagt fram: „Extract útskriptar af máldaga Stefáns biskups um Möðrudalskirkju“ frá 1645 og afstöðu - uppdráttur af Jökuldalsheiði frá svo kölluðum „Rúnasteini“ á „Urðarhlíð“ út í Súlendur. - Sækjandi er viðstaddur og af hendi hins stefnda Jón bóndi Kjartansson á Arnórsstöðum. Málspartar lögðu málið í dóm eptir að áreið að nýju hafi farið fram í gær á landið. Var síðan í landamerkjamáli Matúsalem Einarsson, eigandi Bustarfells og Brúnahvamms gegn Stefáni Einarssyni í Möðrudal uppkveðinn svolátandi
>
> Dómur
>
> Mál þetta, er lagt hefur verið til sátta, eins og lög standa til, og síðan var lagt í dóm eptir að málspörtum hafði verið veittur nægur frestur til þess að útvega sjer skilríki þau, er fengizt gætu, er hafið af Metúsalem bónda Einarssyni á Bustarfelli gegn Stefáni bónda Einarssyni í Möðrudal út af ágreiningi um landamerki nýnefndra eignarjarða þeirra, og hafa dómsmenn tvisvar riðið á landið ásamt málspörtum, að fráteknum Guðmundi Snorrasyni, sem er nýr maður í dóminum, og hefir því aðeins riðið á það einusinni, en er áður gagnkunnugur. Á framlögðum skjölum af hálfu málparta verður ekkert

[190] Skjal nr. 2 (108).
[191] Skjal nr. 2 (310).
[192] *Landsyfirrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenzkum málum IV*, 3 (frá 1893), bls. 210-211.

> verulegt byggt, þar eð þau eru fá, og hafa ekki sönnunargildi að ætlun merkjadómsins, nema ef vera skyldi extract af máldaga Stefáns biskups um Möðrudalskirkju, 29. júlí 1645; verður merkjadómurinn því að öðru leyti að byggja á eðlilegum landsháttum. Þess skal hjer getið, að um undanfarin mörg ár hefur verið ágreiningur um þrætuland þetta milli Bustarfells og Möðrudals án þess að misklið þeirri hafi verið ráðið til lykta. Árið 1888 var felldur landamerkjadómur milli Möðrudals annarsvegar og Arnórsstaða og Víðirhóla hinsvegar með þeim úrslitum, er óhögguð standa enn þá, að landamerki þar á milli skyldu vera: „eftir sjónhendingu úr Rúnasteini á Urðarhlíð og í Eyktargnýpu", er hinn nýi dómsmaður viðurkennir einnig rjett ákveðin. Nú stendur hjer svo á, að landamerkjalína sú, er sækjandi heimtar ákveðna milli Bustarfells og Möðrudals liggur í beinni sjónhending áframhaldandi af hinum innri áður ákveðnu mörkum, og virðist merkjadómnum engin ástæða til að breyta þeirri stefnu, er þá var tekin. [...]
>
> Því dæmist rjett að vera:
>
> Landamerki milli Bustarfells í Vopnafirði og Möðrudals á Fjalli skulu vera þessi: Sjónhending úr ós lækjar þess, er fellur í Hólkná undan Súlendum á Möðrudalsvegi, yfir austanvert Stóralækjarvatn í Eyktargnýpu, er stendur fremst og syðst á Öxlum þeim, er liggja inn og vestur frá Gestreiðarstöðum.[193]

Dómurinn var lesinn á manntalsþingi 9. júlí 1894.

Methúsalem Einarsson á Bustarfelli seldi Jóni Jónssyni á Skjöldólfsstöðum hluta jarðarinnar Bustarfells hinn 13. júlí 1894. Hið selda land tengdist býlunum Fögrukinn og Gestreiðarstöðum. Í afsalsbréfinu kemur eftirfarandi fram:

> Eg Metusalem Einarsson eptirlæt hjermeð og afsala frá Eignarjörð minni Bustarfelli í Vopnafirði öllu því landi austan Gestreiðarstaðakvísla, sem áðurnefndri eignarjörð minni Bustarfelli var tildæmt með landamerkjadómi milli hennar og Möðrudals dagsettum 13 Juli 1892.[194]
>
> Skal því hjereptir áðurnefnd Gestreiðarstaðakvísl vera einustu landamerki milli jarðanna Bustarfells í Vopnafirði, og Skjöldulfsstaða í Jökuldal, svo lengi, sem hún fellur í þeim sama farvegi, er nú fellur hún, og allt land austan hennar, sem með áðurnefndum landamerkjadómi er tildæmt Bustarfelli vera landareign Skjöl<d>úlfsstaða óátalið af mjer og mínum erfingjum.
>
> Eg Jón Jónsson skuldbind mig aptur á móti til að greiða Metusalem Einarssyni einn þriðjung þess kostnaðar er málssókn hans við eiganda Möðrudals hefur bakað honum.[195]

Afsalið var lesið á manntalsþingi á Skjöldólfsstöðum 8. júní 1895.

---

[193] Skjal nr. 2 (21) a-b.
[194] [Er þetta sami dómur og tekinn er upp hér að framan og dagsetningin því röng því að hann er dagsettur 13.9.1891?]
[195] Skjal nr. 2 (22) a-b.

*Ný jarðabók* 1861 telur Gestreiðarstaði og Fögrukinn meðal afbýla frá Möðrudal og metin með þeirri jörð.[196]

### 5.13. Steinvarartunga (Hofskirkja)

Um Steinvarartungu segja *Sveitir og jarðir í Múlaþingi*:

> Í Steinvarartungu í Tunguheiði var Tungusel í tungusporðinum yst. Það er talið á skrá Hofsprests 1794 [eyðibýlaskrá gerð fyrir Svein Pálsson] og byggt aftur af Jóhannesi Friðrikssyni frá Fossi 1861-´64. Munnmæli herma frá og nafn bendir þar til sels áður, en síðar voru þar sauðahús Hofspresta fyrir aldamótin og sauðamaður á Einarsstöðum. [...] Hin býlin í heiðinni voru Melur (sjá þar) og Hólmavatn. Hólmavatn er við Langhólmavatn, raunar í Jökuldals- og Skjöldólfsstaðalandi eftir hreppamörkum á korti að dæma, og þótt talið sé hér, er ekki fullyrt, að það sé í Hofskirkjulandi. Það var í byggð eitt ár skv. heiðarbýlasögu Halldórs Stefánssonar. [Síðan kemur ábending um, að ársetning Halldórs á búsetu standist ekki.][197]

Hofs er getið í *Landnámu*. Eyvindur vápni, landnámsmaður í Vopnafirði, gaf Steinbirni kört Refssyni, bróðursyni sínum, land allt milli Vopnafjarðarár og Vesturdalsár. Bjó Steinbjörn að Hofi. Síðan varð hann að fá Þorsteini hvíta Ölvissyni Hofslönd upp í skuldir og bjó Þorsteinn lengi á Hofi.[198] Samkvæmt *Vopnfirðinga sögu* varð Hof miðstöð valds og mannaforráða í Vopnafirði á dögum afkomenda Þorsteins hvíta.

Kirkja var á Hofi þegar um 1200 er kirknaskrá Páls biskups Jónssonar var tekin saman.[199]

Í máldagasafni Vilkins biskups frá 1397 segir m.a. um Hofskirkju:

> Allra heilagra kirkia ath hofe j uopnafirde aa heimaland allt ok tungoland allt ok sirexstade. asdisarstade [aldisarstadi, skv. öðru afriti]. saudardal [„Sandardal“ skv. öðru afriti] ok brunahuam. staksfell [„Stackfell“ skv. tveimur afritum] ok mælefell ... steinuarartungo alla.[200]

Annar af tveimur óársettum máldögum Hofskirkju, sem taldir eru frá árunum 1491–1518, nafngreinir ekki jarðir kirkjunnar heldur segir aðeins:

> Kirkian ad hofe a heimaland alltt: þar til lxx hndr. j fasta eign.[201]

Máldagi Gísla Jónssonar biskups frá um 1570 (1570–1576) er að mörgu leyti sambærilegur Vilkinsmáldaga. Í máldaganum stendur að Hofskirkja eigi:

---

[196] Skjal nr. 4 (2).
[197] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 129.
[198] Skjal nr. 4 (106), bls. 289–290.
[199] Skjal nr. 4 (94).
[200] Skjal nr. 4 (75).
[201] Skjal nr. 4 (86).

> heimaland alltt. og Tunguland alltt og Syraxstade. Asdijsarstade. Saudardal [„Saudadal“ skv. öðru afriti] og Brunahuamm. Staxfell [„Stapafiall“ skv. öðru afriti] og Mælefell [...] Steinuarartungu alla.[202]

Árið 1641 vísiteraði Brynjólfur Sveinsson biskup í Skálholti Hof. Í vísitasíunni er margt sem finna má í máldögum Vilkins og Gísla en einnig er í henni ýmislegt sem ekki kemur þar fram:

> Allra Heilagra Kyrkia ad Hofe j Vopnafirde á Heimaland allt, Tungu land allt og Sijreksstade, Álfdysarstadi, Saudárdal Brúna Huamm, Staksfell og Mælifell, hun á Skála land allt, og flutning allann og uidreka. Sköruuyk, Kumlauyk, Vidauyk, Fremri Nypur, Skoga, Riupnafell. hun á Steinuarar tungu alla [...]
>
> Halft Standanda Nes til bejtar alla Straumseyre og Hraunfell, Bidur Biskupinn Sr Vigfus Arnasson ad Seigia til landa merkia Stadarins Og Stadarins Jarda og Jtaka. Og þad hand Skriftad ad Senda til Skalholtz Jnnan Jafn leingdar.
>
> [Í öllum vísitasíum er tekið fram, að Hofskirkja eigi Bjarnarey alla.][203]

Sömu upplýsingar er að finna í vísitasíu frá árinu 1677.[204] Fyrsti hluti vísitasíu frá árinu 1706 er byggður á vísitasíunum frá 1641 og 1677:

> Anno 1706, 20. Augusti visiterud Kirkian ad Hofe i Vopnafyrde. Hun a Heimaland allt og tunguland allt og Sirekstade, asdísarstede, Sudurárdal [þessu orði hefur verið breytt og fæst helst þessi merking út] og Bruna Hvamm, Staxfell og Mælefell [...] Steinvarar tungu alla [...] Hun á Skalaland allt og flutning allan og vidreka [...] Framar á Kirkian þessar iarder [...] Riupnafell, Hraunfell. [...]
>
> Skiöl þesse liggia á Kirkiunne; Vitnisburdur Priors Brands Rafnssonar um lambsfódur Dat. 1546 med einu Hangande innsigle a pergament. Vitnisburdur Jons prestz Jónssonar officialis og þriggia annara Presta hliodande umm ad þeir hafi sied Maldaga sem þa hafe leiged i Skalhollte, enn nu var vitnisburdurinn Samanboren vid Maldaga Hofs Kirkiu i visitatiu bok hr. Gisla Jónzsonar, og finst i öllum hönum Samhliódandj, So miked sem vidvikur landeign [breytt úr: landareign] og reka itokum Kirkiunnar, bref þetta er á Kalfskinn Dat 1448. Hafa vered fyrer 4 Hangande innnsigle hver nu eru öll i burt.[205]

Ekki er ástæða til að vitna í biskupsvísitasíur á Hofi 1727 og 1748. Rétt er þó að geta þess að í vísitasíunni frá 1727 er ýmislegt skrifað öðruvísi en í fyrri vísitasíum

---

[202] Skjal nr. 4 (99). Einnig kemur fram að kirkjan eigi hluta í reka sem takmarkast af Vindfellsmarki.
[203] Skjal nr. 2 (79) a-b. Umræddur séra Vigfús Árnason var prestur á Hofi 1638–1673, sbr. Sveinn Níelsson: *Prestatal og prófasta*, bls. 5.
[204] Skjal nr. 2 (80) a-b.
[205] Skjal nr. 2 (82) a-b.

og að í þeirri frá 1748 er dalur sá sem í öðrum vísitasíum er annað hvort kallaður Sauðárdalur eða Suðurárdalur kallaður Sandárdalur.[206]

Finnur Jónsson og Hannes Finnsson vísiteruðu Hof á árunum 1763 og 1779. Í vísitasíunum, sem þá voru skráðar, er ekkert að finna sem ástæða er til að skrá hér enda eru þær byggðar á fyrri vísitasíum.[207]

Í vísitasíu biskups árið 1850 stendur eftirfarandi:

> Ár 1850 dag 11da August, vísiteraði Biskup H. G. Thordersen Riddari af Dbr. Kyrkjuna að Hofi í Vopnafyrði, við hana er með Rescripti af 4ða Sept 1812 sameinuð sú fyrrverandi Beneficiairkyrkja á Refstað með hennar eignum og ítökum; Hofs kyrkja á nú heimaland alt með gögnum og gæðum, þessar jarðir: Fagradal, Rauðhóla, Refstað, Hraunfell, Sýreksstaði –venjulega kallað Sýríngsstaðir – Hauksstaði með Barkárdal, Rjúpnafell, Skóga, Fremriníp, Viðvík og Saurbæ – báðar á Lánganessströnd – Kumlavík, Skála og Sköruvík – þessar 3 seinasttöldu á Lánganesi – héraðauki Hofsborgartúngu – sem áður kallaðist Túnguland – sem næstum ætíð fylgt hefir og ennþá fylgir beneficio sem beitarland, samt Bjarnarey, sem ekki er bygð, enfremur 2 eggvershólma, fyrir Austurskálnesslandi; Steinvarartúngu, sem nú brúkast sem afrétt fyrir Hofsárdal, og er nú sem stendur nokkur vafi um landamerki hennar að framan, Stakksfell og Mælifell, sem einnig brúkast á stundum fyrir afrétt; allan reka samt selveiði milli Bergtánga og Valdavíkurlækjar, – uppaf Bjarnarey – samt hálft Standandanes til beitar [síðan kemur upptalning á reka- og skógarítökum].[208]

Í lýsingu Hofs frá 1752 stendur eftirfarandi:

> temmelig god Græsgang, nogen Skov.[209]

Hinn 20. ágúst 1776 á manntalsþingi á Ásbrandsstöðum lagði séra Skafti Árnason fram lögfestu, sem dagsett var samdægurs, undir nafni sínu fyrir landeign Hofsstaðar beneficii. Innihaldsins er ekki getið en að upplestri loknum var lögfestan árituð af sýslumanni og skilað aftur.[210]

Á manntalsþingi í Vopnafjarðarkaupstað 19. maí 1783 var lesin upp lögfesta séra Árna Þorsteinssonar fyrir heimalandinu á Hofi. Innihalds er að engu getið.[211]

Að Hofi hinn 6. maí 1785 lögfesti séra Árni Þorsteinsson Steinvarartungu:

> Jeg underskrifadur Lögfeste hier i dag mier Allra nádugast Tiltrudads Hofs Beneficii Kijrkiu Eignarland, Steinvarar-Tungu (kallad). Liggiande i Vopnafyrde innann Hofs Sóknar, med ollumm þess Gognumm og Giædumm – sem tjedre Jörd fylgt hefur og fylgia ber, ad fornu og Niju til Lands og

---

[206] Skjöl nr. 2 (84) og 2 (87).
[207] Skjöl nr. 2 (88) og 2 (90).
[208] Skjal nr. 2 (92) a-b.
[209] Skjal nr. 2 (237).
[210] Skjal nr. 2 (201) a-b.
[211] Skjal nr. 2 (203) a-b.

> Vatns, Hagbeitar, Eingia Skóga og Grasa tekiu Jnnann efter skrifadra Takmarka. Nla. ad Framann ur Hofsá a móts vid Bruna enda fremre og þadann riettsijnis austur i Gieldinga læk þar hann fellur ur Vatnenu og þadann austur i Tungá mots vid Hellers Öxl; rædur so nefnd Tungá Landeign ad austann verdu, alt til ár móta fyrer nordann Tungusel; Sijdann rædur adur nefnd Hofsá Landeign ad Nordann og Vestannverdu framm efter, alt þar til kiemur á mots vid ádur nefndann Fremre Brunaenda.
>
> Fyrer byd eg öllumm greindt Hofs-Beneficii Eignar Land Steinvarar Tungu ad bruka án mïns leifis edur i Nockru til Gagns muna sier Hagnijta inann Ádrgreindra Takmarka undir vidliggiande Sekter og Laga tiltal.
>
> Til merkis mitt Nafn ad Hofi i Vopnafyrde þann 6ta Maii 1785. Arne Thorsteinsson.
>
> Upplesed fyrer Manntals Þinge a Vopnafiardar Kaupstad þann 6ta· Maii 178<5> G. Petersen.[212]

Hinn 12. febrúar 1793 sendi Hofsprestur stiftamtmanni bréf þar sem hann tilkynnti honum að árið áður hefði hann ekki getað skilað inn útsvari vegna kotanna Hofsborgar og Tungusels. Í bréfinu kemur einnig fram að presturinn var mjög óánægður með að vera krafinn útsvars vegna kotanna þar sem þau væru í eyði og nær ónýt. Máli sínu til frekari stuðnings rakti presturinn sögu þessara kota í stuttu máli. Í máli hans kom fram að Tungusel lægi í afréttarlandi Hofskirkju, svokallaðri Steinvarartungu. Þar hefði verið mjög stopul búseta. Þannig hefði aðeins í þrígang verið reynt að halda þar bú frá árinu 1601. Í öll skiptin hefðu þær tilraunir staðið stutt yfir enda hefði búskapur í Tunguseli verið mjög erfiður. Eftir að síðasta tilraunin fór út um þúfur hafði margoft verið reynt að fá einhverja til að setjast þar að en án árangurs.[213]

Einar Stefánsson, prestur á Hofi, samdi skýrslu, að bón Sveins Pálssonar, um jarðir í Vopnafirði, byggðar og í eyði árið 1794, og er hún dagsett 8. apríl 1795.

Þar kemur fram að hjáleigan Tungusel hafi legið í eyði síðan 1784.[214]

Hinn 23. maí 1839 var útbúin lýsing á Hofsprestakalli Þar kemur m.a. fram:

> Afriett, sem nefnist Steinvarartunga, tilheÿrir kirkunni, þar hefir aldrei verid buid, Nema litinn tima, fyrir seinustu Vulcans Arinn 1783 og 1784, eg hefi haft þar beitarhus, fyri Saudi á vetrum og afrjett, fyri geldfé á Sumrum, og stundum 2 eda 3, lambsfódr i afriettartoll.
>
> [...]

---

[212] Skjal nr. 2 (75) a-b.
[213] Skjal nr. 2 (244) a-b.
[214] Skjal nr. 2 (257). Sveinn Pálsson tók próf í náttúruvísindum við Kaupmannahafnarháskóla 1. júní 1791. Hann ferðaðist um Ísland á árunum 1791–1795 fyrir náttúrufræðifélag Dana og sendi því skýrslur, sbr. Páll Eggert Ólason: *Íslenzkar æviskrár* IV, bls. 372.

> n, Raudsholar hafa ei byggdir verid meir enn 300 ár, eg byggdi þá upp fyri 30 arum, dÿrleika þess Kots hefi eg hvörgi gétad feingid enn - er nu byggt - - 4 hndr. [landsk.] 80 [fiskar] 1 [Kúgildi][215]

Ekki er minnst á Mælifell eða Stakfell í þessari lýsingu Hofsbrauðs.

Hofsprestur tók saman skýrslu yfir eignir Hofsprestakalls 10. janúar 1844 þar sem eftirfarandi upplýsingar koma fram:

> 2 Afréttir edur Heidarlönd
>
> 1. Steinvarartunga brúkast sem Afrétt fyrir Hofsárdal -
>
> 2. Staxfell og Mælifell sem stundum líka brúkast fyrir afrétt af nokkrum Mönnum.[216]

Að Hofi í Vopnafirði hinn 14. maí 1844 lögfesti G. Thorstensen ítök Hofskirkju með eftirfarandi orðum:

> Innan Vopnafjardar þingsóknar tilheyrir Kyrkiunni hér á Hofi eptir authoriserudum Máldögum eptirfylgiandi Rekaítök á Bændaeignum m.m.
>
> [...]
>
> i Steinvarartúnga med þessum Ummmerkium: Úr Geldingalæk fremri og þadan i Kolfinnulind fyrir framan fremra Brunahörn og þadan i Armót.
>
> k, Mælifells Land allt - ad svokölludum Búastadatúngum undanteknum - samt Staxfell.
>
> Hvör Rekaítök eg samqvæmt Cancellísíns og Háyfirvaldanna Skikkun útgéfinni á nærstl. Ári hermed auglýsi ad vera Kyrkiunnar Eign og lögfesti þau samqvæmt Jónsbókar Landsleigubálks 17d-18d og 26 Capit. og NL-1-22-17, samt Forordníngu af 1ta Julii 1746 henar 16du Grein.
>
> Öll framan skrifud Itök og Eignir, sem til þessa Tíma ad minni Vitund hafa verid i átölulausri Hefd og Brúkun, fyrirbýd eg hvörium Manni undir Laga og Oheimildar Sektir, á nokkurn Hátt sér ad nota án míns Vilia og Vitundar.[217]

J. C. Voigt, settur sýslumaður í Norður-Múlasýslu, vottar að lögfestan hafi verið lesin upp fyrir manntalsþingsrétti að Fossvöllum hinn 18. maí 1844.

Þessi lögfesta var þinglesin að nýju árið 1886.[218]

Hinn 7. september 1844 var réttað í máli vegna nýbýlisins á Háreksstöðum: Vitnin, sex að tölu, höfðu öll dvalið langdvölum á Jökuldal. Milli Hofskirkjulands og Skjöldólfsstaða sögðu þrjú vitni nokkurn veginn samhljóða merkin vera: Úr

---

[215] Skjal nr. 2 (283) a-b.
[216] Skjal nr. 2 (242).
[217] Skjal nr. 2 (219) a-b. G. Thorstensen er væntanlega séra Guttormur Þorsteinsson sem hélt Hof frá 1805–1848, sbr. Sveinn Níelsson: *Prestatal og prófasta*, bls. 5.
[218] Skjal nr. 2 (23) a-b.

Geldingalæk í Kolfinnulind undir Bruna og til vesturs frá Kolfinnulind í Sauðafellshorn og allan Háreksstaðaháls. Fjórða vitnið sagðist hafa heyrt að allur Vatnaflói lægi undir Skjöldólfsstaði.[219]

Í vísitasíu Stefáns prófasts Árnasonar 15. ágúst 1845 að Hofi kemur fram að kirkjan haldi öllum eignum sínum og ítökum í hefð og brúkun. Einnig er þess getið að sóknarpresturinn hafi árið áður látið þinglýsa öllum skjölum áhrærandi eignir og ítök kirkjunnar án þess að nokkur hafi mótmælt þeim.[220]

Í bréfi frá 14. október 1848 til Péturs Havsteens sýslumanns skýrir Jón Guðmundsson á Melum frá nýbýlisstofnun sinni. Bréf þetta varð tilefni nokkurra bréfaskrifta milli yfirvalda hér á landi þar sem fjallað er m.a. um Hof. Nánar er sagt frá þessu bréfi í kaflanum um Mel hér á eftir.[221]

Um miðja 19. öld kviknaði landamerkjadeila milli Hofs í Vopnafirði og Möðrudals á Fjalli. Orsök deilunnar var sú að stuttu eftir að Jón Guðmundsson stofnaði nýbýlið Mel/Mela vestur undir hryggnum Bruna, árið 1848, veitti Sigurður Jónsson í Möðrudal honum byggingarleyfi fyrir jörðinni. Presturinn á Hofi, Halldór Jónsson, var ósáttur við þetta enda taldi hann bæinn vera innan svokallaðrar Steinvarartungu, landsvæðis sem á væri afréttarland og teldist í eigu Hofskirkju samkvæmt gömlum máldögum, vísitasíum og lögfestu frá 1785. Hann ræddi málið við Sigurð og komust þeir að þeirri niðurstöðu að rétt væri að stiftsyfirvöld skæru úr um deiluna og var prófasturinn í Norður-Múlaprófastsdæmi beðinn um að koma gögnum sem málsaðilarnir byggðu málflutning sinn á til stiftsyfirvalda.

Minnst er á þessa deilu í vísitasíu á Hofi 8. september 1851. Þar stendur:

> Í tilliti til afrettar landsens Steinvarartungu ber Beneficiarius þad samt fram, ad fyrir herum 3r árum, se upptekid Nýbyli kallad Melur, sem hann, svo vel eptir skjölum þeim er liggja vid þetta - Hofs - prestakall, sem kunnugra manna aliti geti ei annad ætlad, en liggi innan afrettarlandsens Steinvarartungu takmarka, en sem ad proprietarius Moðrudals kirkju, vilji eigna ser, eda kirkju sinni hvar um fyrir skemstu fallid hafa umrædur millum velnefnds Beneficiarii, og proprietariens i Moðrudal, þa þeir jafnframt gjerdu areid á land þetta [síðan hefur verið strikað yfir síðustu stafina og orðin „sem samliggia“] án þess þó, ad nefndur proprietarius i Moðrudal, gjeti sannfærst um, ad Nýbylid Melur lægi innan Steinvarartungu takmarka, [„og“ yfirstrikað] jafnvel þo hann hinsvegar gjæti ei mótmælt edur onytt, logfestur af 1785 6 dag Mai m. sem tiltekur med skírum og ljosum ordum landamerki Steinvarartungu, innan hvorra umgétid Nýbyli Melur liggur. - Komi nú hlutadegendur, ser saman um ad utkljá þetta landaþrætu efni sín á milli, svoleidis ad Nýbylið Melur alitist innan Steinvarartungu takmarka og allt svo Hofs kirkjueign, verdur profasturinn að tilhalda Beneficiario á Hofi, til ad

[219] Skjal nr. 2 (309) a-b.
[220] Skjal nr. 2 (239).
[221] Skjal nr. 2 (282) a-b.

> halda [„landamer“ yfirstrikað] afrettarlandinu Steinvarartungu undir Hofs kirkju innan þeirra Merkia sem umgetin logfesta af 1785 tiltekur, allt svo leingi, ad þad annadhvort eptir Stiptyfirvaldanna Úrsliti, edur Dómi ekki verdur fra henni tekid.[222]

Líkt og nefnt var hér að framan var prófasturinn í Norður-Múlaprófastsdæmi beðinn um að koma gögnum sem málsaðilarnir byggðu málflutning sinn á til stiftsyfirvalda. Af hálfu Hofsprests var um að ræða afrit lögfestunnar frá 1785 þar sem mörkum Steinvarartungu er lýst svo:

> ad framan úr Hofsá á mótsvid Brunaenda fremri og þadan rjettsýnis austur í Gjeldíngalæk þar hann fellur úr Vatninu og þadan austur í Tungá móts vid Hellersöxl; rædur svo nefnd Tungá Landeign ad austanverdu alt til Armóta fyrir nordan Tungusel; sidan rædur ádurnefnd Hofsá Landeign ad nordan – og vestan – verdu framm eftir alt þar til kjemur á móts vid ádurnefndan fremri Brunaenda.[223]

En Möðrudalsbóndi sendi eftirfarandi útdrátt úr óstaðfestri „afskrift“ af gerningi frá Egidíusarmessu árið 1408:

> A Egidyus Messudag ad Breidabólstad í Fliots Hlijd voru til stadar ad sofeldum gjörníngi a almennilegri Presta Stefnu Offisyalis Skaulhollts Stadar Umdæmiss á Austfiördum Þorarinn prestur Jónsson i umbodi Jóns Biskups í Skaulhollti er veitti Messudiakn Olafe Jo [...] um Mödrudal [...] og Sturlafleti millum lækja tvegga og kallast Péturstúnga, þad skilur Land millum Mödrudals og Bustarfells og so í læk þann sem fellur í Krókunum í Hölkná til Hofs ár og sjónhendíng í Eikar-Nípu! allan géstreidar Hals vestur til þryvördu [...]
>
> Egidyus Messudag Breidabólstad í Fljótshlýd Offisyalis, Þórarin prestur Andrésson
>
> Ar Eptir Krists Burd MCCCCVIIJ
>
> Jón prestur Eygilsson, Oddur prestur Jónsson, Gudmundur prestur Þorsteinsson, Jón prestur Wigfússon, Hallur prestur Ormsson, Gudmundur prestur Styggsson
>
> Ad þessi útdráttur sé réttr vitnar, H. Jónsson[224]

Prófasturinn sendi skjölin til stiftsyfirvalda 14. janúar 1852. Með bréfinu fylgdu, að beiðni Hofsprests, þær upplýsingar sem hann taldi sig geta veitt varðandi landamerkjadeiluna. Þær voru svohljóðandi:

---

[222] Skjal nr. 2 (240) a-b.
[223] Skjal nr. 2 (245) a-b.
[224] Skjal nr. 2 (245).

> þann 4ra ára tíma, sem eg á fullordins aldri, var í Vopnafirdi og Hofs-sókn, heýrdi eg aldrei nein tvímæli á því, ad Hofs-Kyrkja ætti ei alla Steinvarartúngu millum Hofs- og Tungu-ár framad géldingalæk, og þar þvert yfir túnguna frá austri, úr tunguá þar sem géldingalækurinn fellur í hana, og til vesturs í Hofsá; - brúkadi prófastur sál. G. Þorsteinsson þetta land átölulaust sjalfur fyrir AfréttarLand, sem og til ad leigja þad ödrum til gjeldfjárupprieksturs á sumardag allan þann tíma sem hann var soknarprestur á Hofi í yfir 40 ár.[225]

Biskup sendi prófasti svarbréf 16. mars 1852. Í því hvatti hann prófastinn til þess að leita sátta í málinu og mælti með því að farin yrði áreiðargerð á hið umdeilda land.[226]

Í vísitasíu Stefáns Árnasonar frá 6. ágúst 1853 að Hofi er drepið á framvindu landaþrætumáls Hofs og Möðrudals. Þar segir að málið hafi á yfirstandandi sumri verið útkljáð með áreið og samkomulagi á milli deiluaðila. Aðeins sé beðið eftir samþykki stiftisins og þegar það fáist muni samningurinn vera innfærður aftan við vísitasíuna. Staðið var við það og sjá má af áreiðarsamningnum að deiluaðilar mættu eftir tillögum stiftsyfirvalda til nýbýlisins Mels 25. júlí 1853. Þar mættu staðarhaldari á Hofi, eigandi hálfs Möðrudals á Fjöllum og umboðsmaður eiganda hins helmings jarðarinnar. Einnig voru mættir til þess að vera viðstaddir Jón Jónsson hreppstjóri á Vakursstöðum, Methúsalem Friðriksson á Fossi, Jón Jónsson á Skjöldólfsstöðum og Andrés Andrésson á Gestreiðarstöðum.

Deiluaðila greindi á um hvort nýbýlið Melur lægi í landi Möðrudals eða Hofskirkju. Máli sínu til stuðnings lagði séra Halldór fram þrjá máldaga, tvær lögfestur (frá 1785 og 1844) og þrjá vitnisburði núlifandi manna. Einkum mátti sjá af lögfestunum og vitnisburðunum að fyrrnefnt nýbýli lægi í landi Hofskirkju. Af hálfu Möðrudalseigenda var lagður fram máldagi Stefáns biskups og annað eldra máldagablað. Tilkall Möðrudalskirkju til Mela var byggt á örnefninu „Eikar nypu“ samkvæmt máldaga Stefáns biskups en „Eiktarnýpu“ samkvæmt eldra máldagablaðinu. Deiluaðilar gátu ekki komist að niðurstöðu og því brugðu þeir á það ráð, uppá væntanlegt samþykki stiftsyfirvalda, að láta fyrrnefnda fjóra bændur sem viðstaddir voru skera úr um málið. Þeirra niðurstaða var svohljóðandi:

> Þareð það er ósannað, að eiktar/eða eykar- nýpa sje til, annarsstaðar en á „Gestreiðarhálsi“, þá verðum við að álíta, að nýbýlið „Melur“ liggi utan takmarka Möðrudals kyrkjulands.[227]

Undir samninginn skrifuðu fyrrgreindir fjórir bændur og þrír málsaðilar en aftan við hann er þetta innfært:

[225] Skjal nr. 2 (245).
[226] Skjal nr. 2 (246).
[227] Skjal nr. 2 (241) a-b.

> Þa i framanskrifudum areidargjorningi nefndu 3 Maldaga nl. biskups Brinjulfs Vilchins og Gisla Jonss(ona)r, logfestur og vitnisburdi hefi eg lika gegnum lesid, og nefna maldagarnir - einsog allar Visitatiur biskupa og prófasta, ad Hofs kirkju tilheýri Sauðárdalur og Brunahvammur allur, samt Steinvarartúnga öll, en Sauðárdalur liggur á fremri parti tungunnar, og brunahvammur er álitid, að liggi fyrir suðvestan brunahornið fremra, en takmörk þau ad framanverdu sem logfesturnar og vitnisburdirnir tilgreina, eru þessi: úr geldingalæk fremri og þaðan í Kolfinnu lind fyrir framan fremra brunahorn [Sums staðar: í brunahorn fremra] og þaðan i ármót (sumstaðar i þriðja bug a hofsá, sumst. [og ber: yfirstrikað] somu stefnu i hofsa) liggur lina þessi vid fremra enda á sauðárdal, og framanvert i þeim meinta brunahvammi, talsvert f(yrir) framan nybylid Mel.[228]

Undir þessa athugasemd setti Stefán Árnason, prófastur í Norður-Múlasýslu, nafn sitt að Hofi 6. ágúst 1853.

Í bréfi sem biskup sendi prestinum á Hofi 18. júní 1855 kemur fram að hann samþykki niðurstöðu bændanna fjögurra.[229]

Jón Guðmundsson hóf árið 1848 byggingu nýbýlis í landi sem Hofskirkja og Skjöldólfsstaðaeigandi töldu sig eiga og var síðan dæmt þeim eftir töluverð málaferli, sem eru rakin í kaflanum um Mel hér á eftir.

Hinn 28. maí 1856 kvittaði Jón Jónsson bóndi í Skjöldólfsstöðum Halldór Jónsson, prófast á Hofi, fyrir leigu tveggja undanfarinna ára eftir Grunnavatnsdal og þríhyrning fyrir framan Steinvarartungu sem náði til lands þess sem sumarið 1854 var útvísað Háreksstöðum.[230]

Á sáttafundi í deilu Hofsprests og Jóns Guðmundssonar á Melum 20. október 1856 var ábúð á Stakfelli eitt af sáttaboðum prestsins til Jóns:

> 2. að ákærði standi í næstkomandi fardögum góðviljuglega, og kæranda fyrirhafnarlaust upp af Mel, og kærandi byggi honum aptur Hofs kyrkjuland „Staxfell“ kallað, og skuli hann njóta þar þess landskuldarfrelsis, sem tilskipun 15 April 1776 ákveður.[231]

Þessu boði var hafnað eins og öðrum sáttaboðum.

Í skýrslu um Hofsbrauð frá 1854 kemur fram að presturinn hafi engin not af ískyldum, ítökum né hlunnindum þeim sem fylgja eiga prestakallinu samkvæmt máldögum nema af Steinvarartungu. Hún sé notuð til fjárupprekstrar á sumrum og til beitar á vetrum þegar á þurfi að halda sem sé þó sjaldan. Þess er jafnframt getið að Steinvarartunga hafi verið leigð og að jafnaði gefið af sér 45 álnir og fyrir leigðan heyskap 15 álnir eða samtals 60 álnir á 16 2/5 skildinga sem samsvari 10 ríkisdölum og 24 skildingum. Þar er einnig að finna athugasemd um að í landi Steinvarartungu sé

---

[228] Skjal nr. 2 (241) a-b.
[229] Skjal nr. 2 (247), sjá einnig skjal nr. 2 (63).
[230] Skjal nr. 2 (66) a-b.
[231] Skjal nr. 2 (228) a-b.

nýlega komið á eitt býli sem tvær veturgamlar kindur væri sanngjörn leiga fyrir. Einnig sé Mælifellsland leigt fyrir 20 pund af ull og tólg til helminga. Að endingu er minnst á að Stakfell sé svo fjarri mannabyggðum að hvorki sé hægt að leigja né nota það.[232]

Hinn 30. október 1856 tók Þorsteinn Jónsson sýslumaður Háreksstaðamálið til dóms fyrir aukarétti að Ketilsstöðum á Völlum. Þar lögsótti séra Einar Hjörleifsson í Vallanesi Jón Sölvason og Vigfús Pétursson á Háreksstöðum til þess annaðhvort að greiða sér hæfilega árlega landskuld eftir nýbýlið Háreksstaði sem hann taldi liggja í landeign eignarjarðar sinnar Skjöldólfsstaða eða að rýma jörðina í næstu fardögum eftir að dómur hefði fallið. Í málinu var m.a. borið vitni um að landamerki Skjöldólfsstaða, Arnórsstaða, Möðrudals, Hofskirkju (Steinvarartunga) og Hjarðarhaga ættu að liggja saman. Háreksstaðir lægju hins vegar mitt á milli þessara landeigna ef þeir tilheyrðu ekki einhverri þeirra en af þeim hefðu einungis Skjöldólfsstaðir gert tilkall til Háreksstaðalands.[233]

Skýrsla um tekjur og útgjöld Hofsprestakalls var útbúin 6. júní 1867. Þar ermeðal ískylda og ítaka o.s.frv., sem:

> a) Notaðar eru af prestinum:
>
> 2. Hagbeit á Steinvarartungu fyrir geldfjenað á sumrum og í viðlögum fyrir sauði á vetrum
>
> b) Öðrum leigðar:
>
> 2. Mælifellsland (þar sem nú er byggður bær, sem kirkjan á ekki) [...]
>
> 3. Steinvarartunga (þar sem nú er komið upp 1 býli) [...]
>
> c) Ónotuð:
>
> 2. Staksfell svo fjarlægt öllum mannabyggðum, að hvorki verður leigt nje notað.[234]

Landamerki Hofs voru þinglesin 14. júlí 1885. Jón Jónsson, prestur að Hofi, skrifaði undir landamerkjalýsinguna. Hún var samþykkt af Runólfi Magnússyni, bónda á Felli, og Jóni Rafnssyni, bónda á Búastöðum.[235] Aðeins er fjallað um heimaland Hofs í þessu bréfi. Er uppskrift því sleppt hér.

Tvær landamerkjalýsingar fyrir Steinvarartungu voru skráðar með skömmu millibili á síðari hluta níunda áratugar 19. aldar. Skrifað var undir aðra landamerkjalýsinguna 24. febrúar 1886. Hún var þinglesin 11. júní 1886:

---

232 Hliðsjónargagn. Skýrsla um Hofsbrauð 1854, bls. 438–443.
233 Skjal nr. 2 (307) a-b.
234 Skjal nr. 2 (243).
235 Skjal nr. 2 (24) a-b.

> Að austan sem Tunguá fellur í Hofsá og suður á heiði að Syðri-Geldingalæk, þar sem hann fellur í fyr nefnda á. Þaðan sjónhending í Kolfinnulind á Sauðárdal og í Brunahorn og í þriðja bug í Hofsá og ræður hún síðan þar til Tunguá fellur í hana.[236]

Undir þetta landamerkjabréf skrifuðu Jón Jónsson, prófastur á Hofi, Jón Benjamínsson, bóndi á Háreksstöðum, og Methúsalem Einarsson, eigandi Bustarfells.

Hin var undirrituð 12. ágúst 1886 og þinglesin 21. júlí 1887:

> Að austan ræður Tungná suður á heiði að syðri Geldingalæk þar sem hann fellur í nefnda á, þaðan sjónhending í Kolfinnulind, þaðan beint í syðra Brunahorn og svo í þriðja bug á Hofsá, síðan ræður hún þar til Tunguá fellur í hana.[237]

Jón Jónsson (prófastur á Hofi), Methúsalem Einarsson, eigandi Bustarfells, og Gestur Sigurðsson, eigandi Foss, skrifuðu undir þessa lýsingu.

Lögfesta séra Guttorms Þorsteinssonar fyrir ítökum Hofskirkju frá árinu 1844 var þinglesin að nýju 11. júní 1886.[238] Vísast til hennar hér framar.

Biskup Íslands sendi sýslumanni Norður-Múlasýslu bréf 29. apríl 1954 og bað hann að lýsa ítökum kirkna í sýslunni samkvæmt ósk dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og lögum nr. 113/1952 um lausn ítaka af jörðum. Þar á meðal voru eftirtaldar eignir Hofskirkju í Vopnafirði:

> h. Steinvarartunga með þessum ummerkjum: Úr Geldingalæk fremri og þaðan í Kolfinnulind fyrir framan fremri Brunnahorn og þaðan í Ármót.
>
> i. Mælifellsland allt - að svokölluðum Bústaðatungum undanteknum -samt Staxfell.
>
> Ítök þessi eru talin samkvæmt landamerkjabók N. Múlasýslu (No 3 1886, sjá No 5 1887).[239]

Samkvæmt jarðamatinu 1804 er kirkjujörðin Hof metin til tólf hundraða.[240]

Í jarðamatinu frá 1849 kemur fram að jörðin Hof hafi eyðibýlin Hofsborg og Steinvarartungu. Engjar eru víðslægar Þar kemur einnig fram að:

> Vetrarbeit gód og verst vel á Steinvarartungu, hvar Beitarhus eru á Vetrum og Afrétt fyrir Géldfé á Sumrum. - I Afréttartolla fyrir Upprekstur á Steinvarartungu gialdast til Jafnadar 60 Fiskar árlega, enn fyrir Upprekstur í svokallad Mælifellsland vid Selárdal, 40 Fiskar árlega.[241]

[236] Skjal nr. 2 (25).
[237] Skjal nr. 2 (26).
[238] Skjal nr. 2 (23).
[239] Skjal nr. 2 (287).
[240] Skjal nr. 2 (221) a-b.
[241] Skjal nr. 2 (164) a-b.

Í kaflanum um Hof í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að síðan jörðin var metin 1861 hafi Bjarnarey og Mælifell gengið undan. Sumarhagar eru ágætir. Mikill ágangur er af gripum nábúa. Þar kemur líka fram að jörðinni fylgi mikið upprekstrarland sem kallist Steinvarartunga:

> Staðnum fylgir upprekstrarland mikið og gott svonefnt „Steinvarartunga"; Mætti taka í afrétt þá æði margt fé auk heimafjár, en þess ekki verið leitað um langt skeið.

Síðar segir:

> Samkvæmt fyrirmælum stjórnarráðs Íslands með símskeyti meðteknu 12. júlí 1918 ber hér að sérmerkja „ítök" Hofsstaðakirkju í annara löndum og varphólma þá sem kirkjan á fyrir Skálaneslandi en telja síðan matsverð ítakanna til heimajarðarinnar Hofs. Verður því ítökunum lýst hér í stuttu máli hverju fyrir sig. [...]
>
> Steinvarartunga: Landamerki þessa afréttarlands, sem talið er eign Hofskirkju eru innfærð í landamerkjabók Norður Múlasýslu bls. 94 þingl. á Vopnafjarðar manntalsþingi 11. júní 1885.
>
> Þar sem afrétt þessi hefir legið undir Hof og verið notuð sem upprekstrarland þaðan um ómunatíð, álíst rétt að meta hana með heimajörðinni en eigi sérstaklega.[242]

## 5.14. Melar

Í *Sveitum og jörðum* í Múlaþingi er sagt frá stofnun býlisins og landi:

> Býlið var byggt sem nýbýli i Tunguheiði 1848. Frumbyggjar voru Jón Guðmundsson [...] og kona hans Steinunn Torfadóttir ... [stuttlega er rakinn málarekstur vegna byggingarinnar].
>
> Land M náði yfir nokkurn veginn rétthyrnda spildu milli Hofsár að vestan og Sauðár að austan, norður að Höltnarósi og suður að mótum Gestreiðarstaða- og Háreksstaðakvíslar. Nálægt 7,5x4 km (kort).[243]

Í bréfi frá 14. október 1848 til Péturs Havsteens sýslumanns skýrði Jón Guðmundsson á Melum frá nýbýlisstofnun sinni. Hann kvaðst hafa verið í vist hjá Jóni Sölvasyni á Háreksstöðum árið 1847 og kvænst þá um haustið án þess þó að fá jörð eða jarðarpart til ábúðar þrátt fyrir að hafa gert allt hvað hann gat til þess. Síðasti kostur hans í stöðunni hefði verið að byggja sér nýlendu, nú í vor, u.þ.b. einni bæjarleið utan við Háreksstaði í landsplássi sem hann vissi ekki til að nokkur maður hefði eignað sér. Enda hefði komið á daginn að enginn hefði bannað honum að byggja þar þótt enginn hefði heldur gefið honum leyfi til þess. Jón spurði sýslumann ráða um

[242] Skjal nr. 2 (58) a-b.
[243] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 139

hvernig hann ætti að snúa sér í málinu og vildi vita hvort hann ætti að óska eftir útmælingu lands handa býlinu og hvaða gjöld honum bæri að greiða.[244]

Pétur Havsteen sýslumaður skrifaði J. Stefánssyni, hreppstjóra á Egilsstöðum, um málið 1. desember sama ár. Í bréfinu greinir hann frá bólfestu Jóns Guðmundssonar í Skjöldólfsstaðaheiði og spyr hvort nokkur jarðeigandi eða umboðsmaður jarða í þessum hreppi geri tilkall til umrædds landsvæðis og hvort sveitin hljóti nokkurn skaða af byggingu nýbýlis þar. Hreppstjóri svaraði um hæl 10. janúar 1849. Í bréfi sínu segir hann að kunnugir menn sem hann hefði ráðfært sig við teldu að nýbýlið stæði annaðhvort öldungis eða því sem næst á takmörkum lands þess sem Jón Sölvason á Háreksstöðum eignaði sér og Steinvarartungu. Hann greinir síðan frá því að Steinvarartunga sé afréttarland frá Hofi og þangað reki allir bændur í Hofsárdal geldfé sitt á sumrum ásamt nokkrum bændum annars staðar frá. Skiljanlega teldu menn hin mestu óþægindi stafa af byggð Jóns Guðmundssonar því að þar væru helstu geldfjárstöðvar og vegna nálægðar byggðarinnar, sem nú væri komin upp um allar heiðar við „afréttina“, væri þess skammt að bíða að tekið yrði fyrir að menn fengju að láta fénað sinn ganga þar á sumrum og yrði það mikill skaði fyrir velmegun fólks. J. Stefánsson segir erfitt að greina ráðvendni manna sem heimildarlaust setjist niður í eða upp við „afréttir“ manna. Hann fullyrðir að mörgum sveitarmönnum þyki haustheimtur sínar hafa farið versnandi síðan byggðin óx í heiðinni en hvort sem heiðarbyggðinni væri um að kenna eða ekki væri ljóst að hún væri enginn búbætir. Af þessum orsökum óski Hofsprestur, sem ráði fyrir afréttarlandi kirkjunnar, og fleiri bændur í Vopnafirði, sem reka fé sitt í Steinvarartungu, að byggð Jóns Guðmundssonar á Melum verði aflögð og fari fram á aðstoð sýslumanns í því efni.[245]

Sýslumaður skrifaði einnig Jóni Jónssyni, hreppstjóra á Skjöldólfsstöðum, 1. desember 1848 og spurði hann um nýlendu Jóns Guðmundssonar á Melum. Jón svaraði 8. janúar 1849 og sagðist ekki hafa orðið þess var að nokkur vildi né gæti gert tilkall til þess landsvæðis sem Jón á Melum hefði numið. Hann sagði einnig að nokkrir væru þeirrar skoðunar að svæðið væri kirkjuland frá Hofi í Vopnafirði og víst væri að Vopnfirðingar hefðu notað það sem „afrétt“. Því væri þetta býli, líkt og önnur heiðarbýli, illa þokkað af nærliggjandi sveitum. Hann sagði líka að íbúar heiðarbýlanna yrðu hvort tveggja að vera greiðviknir við afréttarfé og ráðvandir að öllu leyti því að ekki væri ávallt hægt að leiða sannleikann í ljós. En þar vísar hreppstjóri væntanlega til versnandi heimta af afréttarsvæðinu með aukningu heiðarbyggðar, líkt og J. Stefánsson hreppstjóri gerir í bréfi sínu.[246]

Pétur Havsteen sýslumaður skrifaði Grími Jónssyni amtmanni 24. mars 1849. Þar segir hann að við embættistöku sína hafi þegar nokkrir nýbyggjarar verið búnir að

[244] Skjal nr. 2 (282) a-b.
[245] Skjal nr. 2 (282) a-b.
[246] Skjal nr. 2 (282) a-b.

setja sig niður í Möðrudalsheiði, þ.e.a.s. í fjalllendi það sem liggur á milli Möðrudals, Vopnafjarðar og Jökuldals. Fjöldi nýbýla hefði aukist þar hratt á undanförnum árum og væru þau nú um átta talsins. Fimm þeirra, þ.e. Sænautasel, Gestreiðarstaðir, Veturhús, Hneflasel og Fagrakinn, væru reist í ómótmælanlegri landareign áður byggðra jarða. Ábúendur þessara jarða greiddu árlegt eftirgjald til eigenda þeirra en því væri ekki að skipta varðandi Háreksstaði, Rangárlón og Mela. Hann segir vafa leika á um hvort nýbýlið Háreksstaðir tilheyrði Skjöldólfsstöðum eða væri byggt í almenningi en nýbýlismaðurinn ætlaði að láta reyna á það fyrir dómstólum. Það sama ætti við um hvort Rangárlón tilheyri Hofskirkju, Hákonarstöðum eða Möðrudal og ekki væri minna deilt um nýbýlið Mela.

Sýslumaður lét fylgja með bréf Jóns Guðmundssonar, nýbýlismanns á Melum, frá 14. október 1848 og svör hreppstjóra við fyrirspurnum sínum varðandi það. Hann segir enn fremur að jafnvel þótt ekki yrði fallist á að nýbýlið Melar lægi innan Steinvarartungu, landsvæðis Hofskirkju í Vopnafirði þá mætti ætla, staðsetningarinnar vegna, að eigandi Skjöldólfsstaða gerði ekki síður kröfu til þeirra heldur en Háreksstaða. Því vildi sýslumaður, fordæmisins vegna, að amtið gæfi ekki leyfi fyrir útvísun til nýbyggjarans fyrr en samþykki lægi fyrir. En slíkt samþykki myndi ekki haldast nema nýbyggjarinn viðurkenndi eignarrétt hins og greiddi árlegt eftirgjald sem þó væri ólíklegt að af yrði. Að lokum segist sýslumaður sammála hreppstjórunum um að leggja beri niður byggð á Melum því að Jón Guðmundsson hefði í algeru heimildarleysi sett sig niður í heiðina og að sama skapi væri vera hans þar til óþæginda fyrir íbúa Vopnafjarðar. Sýslumaður óskar þó álits amtmanns á málinu.[247]

Grímur amtmaður skrifaði Pétri sýslumanni 23. apríl 1849 þar sem hann segist hafa fengið í síðasta mánuði bréf frá átta mönnum sem kölluðu sig nýbyggjara í Skjöldólfsstaðaheiði. Amtmaður nafngreindi menninna og voru þeir ábúendur þeirra jarða sem sýslumaður nefndi í bréfi sínu 24. mars 1849 en þar á meðal var Jón Guðmundsson á Melum. Áttmenningarnir fóru fram á að amtmaður hlutaðist til um að þeim yrði útmælt land til þeirra nýbýla sem þeir sögðust hafa upptekið. Eftir að hafa kynnt sér bréf sýslumanns bað Grímur amtmaður hann að tilkynna áttmenningunum svohljóðandi svar sitt við bón þeirra:

> Ad öll þessi svokölludu nýbýli séu uppbygd annadhvurt í efalausri landareign annara jardeigenda ellegar í þrætuplátsum, sem fleyri vilja eigna sér,
>
> Ad amtid þessvegna ekki géti álitid tilskipun 15da April 1776. ad eiga vid þetta málefni,

[247] Skjal nr. 2 (281) a-b. Pétur Havsteen var sýslumaður í Norður-Múlasýslu frá 25. apríl 1845 en hann varð amtmaður í Norður- og Austuramti 16. maí 1850, sbr. Páll Eggert Ólason: *Íslenzkar æviskrár* IV, bls. 158. Grímur Jónsson var amtmaður að norðan og austan, í seinna skiptið frá 27. maí 1842 og til dauðadags, 7. júní 1849, sbr. Páll Eggert Ólason: *Íslenzkar æviskrár* II, bls. 102.

Ad einginn þessara manna hafi præsterad þá skilmála sem nefnd tilskipun í §§ 1 til 10 hefir fyrirlagt,

Ad amtid ekki géti sannfært sig um ad slíkir heidarbúar, sem ekki einasta vilja vera fríir vid allar borgaralegar skyldur, heldur ödlast öll borgaraleg réttindi, géti verid landinu til sannrar uppbyggingar og nota, og

Ad amtid þessvegna ekki álíti sig competent til ad gjöra radstöfun um útmælíngu og útskiptíngu lands til þessara heidarbýla, hvarum vidkomendur verda ad koma sér saman vid hlutadeigandi eignarmenn, edur þá sem gjöra tilkall til eignanna.[248]

Ágreiningur varð um hluta af því landi sem Melar (Melur) voru byggðir í, milli Hofsprests og Möðrudalsbónda. Hefur það mál verið rakið hér á undan í kaflanum um Steinvarartungu.

Jafnframt hófust deilur milli Hofsprests og Jóns Guðmundssonar á Melum, sem voru á þessa leið:

Í sóknarskjali Hofsprests, sem dagsett er 24. ágúst 1858, er rakinn aðdragandi málshöfðunar gegn Jóni Guðmundssyni, þ.e. stofnun nýbýlisins í banni Hofsprests og ágreiningur við Möðrudal.[249] Strax í kjölfar áreiðar árið 1853 vegna ágreinings Hofsprests og Möðrudalsbónda um landið fór Jón Guðmundsson að fala landið af Hofspresti til byggingar gegn framboðinni landskuld og gerðu þeir með sér samning þar að lútandi. Eftir honum galt Jón landskuld í tvö ár, eins og bréf hans frá 14. desember 1855 ber með sér, en rauf svo gerða samninga. Haldinn var sáttafundur vegna samningsrofsins 20. október 1856[250] og gerði Hofsprestur Jóni sáttatilboð sem hann vildi ekki þekkjast. Jón fékk því frest til 17. nóvember og sendi þá Sigurð vinnumann sinn með umboð sitt sem sáttanefndin mat ógilt og var málinu vísað til aðgerða réttarins. Setudómari var skipaður í málinu 15. apríl 1857 en 20. júní það ár[251] náðust samningar á milli málsparta sem skyldu álítast jafngildir og gerðir hefðu verið fyrir sáttanefnd. Fyrir rétti að Melum 22. ágúst 1857, eftir að Jón hafði sjálfur kosið tvo menn til þess að meta landskuld Mela samkvæmt fyrrnefndum samningi, neitaði hann að viðurkenna að landið væri eign Hofskirkju.[252]

Samkvæmt sáttagerð á Hofi 20. júní 1857 bauð Hofsprestur Jóni Guðmundssyni að kjósa tvo menn til þess að meta landskuld Mela, fimm hundruð að dýrleika, og var ákveðið við útvísunina að hún skyldi vera tvær veturgamlar kindur, einn fjórðungur ullar og tveir fjórðungar tólgar.[253]

---

[248] Skjal nr. 2 (282) a-b.
[249] Skjal nr. 2 (65).
[250] Skjal nr. 2 (228) a-b.
[251] Skjal nr. 2 (229) a-b.
[252] Skjal nr. 2 (64).
[253] Skjal nr. 2 (229) a-b.

Þorsteinn Jónsson, sýslumaður í Norður-Múlasýslu, var mættur 22. ágúst 1857 til þess að útvísa nýbýlinu Melum, að skipun Norður- og Austuramtsins, hæfilegt land að lokinni löglegri áreiðar- og skoðunargerð. Halldór Jónsson, prófastur á Hofi, taldi nýbýlið Mela vera eign Hofskirkju en nýbýlismaðurinn Jón Guðmundsson hélt að það kynni að vera í almenningi og ekki eign neins einstaks manns. Það var sameiginlegt álit allra skoðunarmanna að nýbýlið skyldi hafa:

> land úr ármótum Háreksstaða- og Gestreiðarstaða-kvíslar austur beint í Sauðafell, þaðan sömu stefnu á Skálafell beint austur að Sauðá; þá ræður Sauðá að austan þangað til Höltná eða Hólkná fellur í Hofsá að norðan, úr því ræður Hofsá allt að fyrrnefndum ármótum Háreksstaða- og Gestreiðarstaða kvísla.[254]

Mela með ofangreindum takmörkum mátu skoðunarmennirnir til fimm hundraða. Þeir Halldór prófastur og séra Einar Hjörleifsson í Vallanesi viðurkenndu að þar af væru fjögur hundruð úr landi Hofskirkju en séra Einar áleit að fimmta hundraðið væri úr eignarjörð sinni Skjöldólfsstöðum komið. Um nokkur ár hafði Hofsprestur goldið ábúanda Skjöldólfsstaða leigu fyrir þetta eina hundrað sem eignað var Skjöldólfsstöðum og takmarkaðist með eftirfarandi hætti:

> úr fyrrgreindum ármótum í Skálafell að framan, eins og áður er sagt, og úr sömu ármótum í svo nefnt fremra Brunahorn að utan, og beina stefnu austur í Sauðá.[255]

Melum var því úthlutað land innan ofangreindra takmarka þó að geymdum óskertum rétti allra þeirra er hlut áttu að máli. Undir þessa útvísun Mela skrifa eftirfarandi menn nöfn sín: Þorsteinn Jónsson sýslumaður, Halldór Jónsson, prófastur á Hofi, séra Einar Hjörleifsson í Vallanesi, K. Kröyer. Jón Sölvason, S. Jónsson, F. Ólafsson og Björn Hannesson. Jón Guðmundsson neitaði að skrifa undir vegna þess að hann viðurkenndi ekki að Melaland tilheyrði Hofskirkju og beitti í því sambandi fyrir sig máldögum Vilkins og Gísla Jónssonar biskupa sem hann vildi þó hvorki að væru framlagðir né innfærðir í útskrift af þingbókinni. J. Thorstensen vottar að skjalið hafi verið lagt fyrir aukarétt Norður-Múlasýslu 25. ágúst 1858.

Hinn 29. apríl 1858 komu saman átta nefndarmenn sem Jón Guðmundsson á Melum hafði kallað saman til þess að yfirvega og segja álit sitt á landamerkjum. Nefndarmennirnir átta voru Grímur Magnússon, Þórður Guðmundsson, Sigurður Jóakimsson, Jón Þorleifsson, Jón Guðlaugsson, Jón Sölvason, Andrés Andrésson og Páll Pétursson. Þeir byrjuðu á því að segja álit sitt á því hver takmörk Hofskirkjulands væru að framan fram til heiðarinnar eftir örnefnum sem talin hefðu verið merki þeirra landsparta sem máldagarnir eignuðu Hofskirkju:

---

[254] Skjal nr. 2 (64) a-b. Sjá einnig skjal nr. 2 (211) a-b.
[255] Skjal nr. 2 (64) a-b. Sjá einnig skjal nr. 2 (211) a-b.

> [...] Hellisöksl og Gjeldíngalæk, úr hvörjum örnefnum að stefnan á að takast ifir Brunann í framanverdann Brunahvam og fellur hún so sunnantil við Súlendur.[256]

Nefndarmenn greindu einnig frá áliti sínu á takmörkum Hofskirkjulands:

> Hellisöksl og Gjeldíngalækur, sem við allir þekkjum grant, eru rjett sett á uppdrættinum, og gjetum við ej haft nejtt verulegt ámóti honum, að hann ej rjettur sje; við vitum, að kirkjan á Hofi á ekkjert land eður hefur nokkurntíma átt firir austan Túngá, en Stejnvarartúnga endar við Gjeldíngalæk og þá álitum við, að kirkjan ejgi ej lejngra land fram, en að honum; hvað Prófastur ej heldur ejgnar henni eptir máldögunum. Þá tekur Sauðárdalur (Suðurdalur) við að vestan; og gjetum við ej álitið, að hann eður það, sem dalur gjetur nefnst eður sem vanalega kallast dalur, nái lejngra fram, en að línunni eður stefnunni úr Hellisöksl í Gjeldíngalækinn, jafnvel þó lítilfjörleg drög hans kunni að sjást eður gjeta hejtið framar með Sauðá; enda ejgna ej máldagarnir kirkjunni útþrikkilega allann dalinn, heldur nefna ejnúngis Sauðárdal (Suðurdal) sem ejgn kirkjunnnar, hvað við skiljum so: að kirkjan ejgi mejgindalinn að stefnunni fram við hin örnefnin og móts við Gjeldíngalækinn og þar, er Stejnvarartúnga endar og móts við Brunahvam; við álitum því, að kirkjan ejgi ej land lejngra fram, en í stefnuna, er fellur úr Hellisökslinni í upptök Gjeldíngalæksins, þar er hann fellur úr Gjeldíngavatni, sem við allir þekkjum, það sem fremst má verda. So tekur sonefndur Bruni við þar vesturundan, vestan við Sauðárdalinn og Sauðá, fellur stefnan ifir hann í framanverdann Brunahvam eður í takmörk hans að sunnan og lítið ejtt firir sunnan Súlendur.[257]

Einnig greindu þeir frá áliti sínu á takmörkum Brunahvamms:

> Við álítum, að Brunahvammur nái ej lejngra fram, en þar sem stefnan fellur, nl. gagnvardt því, er Hölkná fellur í Hofsá; biggjum við álit okkar það bæði á því, sem landslagið sjálft vottar, því þar er auðsjáanlegur hvammur útmeð Hofsá, en ej heldur lejngra fram, því þar kjemur hæð eður lejti, sem liggur fast að ánni fram, sem við álítum að takmarka hvamminn og þar er og lind, sem við allir þekkjum, sem við álitum að sje sonefnd Kolfinnulind, því hún ber það með sjer, að hún hefur öll ejnkjenni lindar og fellur niðurundan Brunanum, að kalla má, en landið þar firir framan bædi vestan og austan við Brunann og kríngum hann, er ímist mírarflóar, melhólar, hollt, melhriggir með tjörnum í hjer og hvar innanum o.s.fr.; gjetum við ómögulega álitið það hvam og þá undirejns ej Brunahvam og líka á því, er við höfum hejrt og vitum, að Brunahvammur hefur alment verið nefndur og álitinn þángað, sem áður er sagt, og ej lejngra fram og að þessi lind hefur og verið alment álitin

---

[256] Skjal nr. 2 (68) a-b.

[257] Skjal nr. 2 (68) a-b. Prófasturinn sem um getur í klausunni er séra Halldór Jónsson sem hélt Hof 1849–1881 og var prófastur í nyrðri hluta Múlaprófastsdæmis frá 1854–1879, sbr. Sveinn Níelsson, *Prestatal og prófasta*, bls. 5 og 34.

> eður af mörgum að minsta kosti Kolfinnulind og nefnd so; eptir áðursögðu álítum við því Brunahvam að takmarkast og ná ej lejngra, en að nefndri lind, sem við álitum Kolfinnulind og þá undir ejns, að kirkjan ejgi ej land lejngra á þann bóginn eður framar eptir máldögunum. Varda sú, sem er á Brunanum, er auðsjáanlega gömul, þar hún er vaksin gejtaskóf frá neðsta uppúr, sem ej kjemur á grjót eður stejna af loptsverkaninni firren um lángann tíma, hana álítum við landamerkjavördu; biggjum við það álit okkar á því, að hún er að kalla má í rjettri áðurgrejndri stefnu, þá miðað er úr Gjeldíngalæk og hinum örnefnunum, þó er hún ej í öldúngis rjettri stefnu, þá miðað er úr Gjeldíngalæk, þar er hann fellur úr vatninu, heldur verdur hún í rjettri stefnu, þá miðað er þaðan, er hann fellur í Túngá, sem og á því, að hún stendur þar ejn, hvar ejnginn vegur er, sem allir vita, ifir Brunann, hún gjetur því ej vegavarda verið, ej heldur grasafólks þar grös eru ej tekin á Brunanum; við álítum hana því landamerkjavördu.[258]

Eftir að hafa sagt álit sitt á takmörkum Hofskirkjulands og takmörkum Brunahvamms sögðust nefndarmennirnir aldrei hafa heyrt að land það sem nú væri nýlendan Melar hafi nokkurn tíma, fyrr eða síðar, verið notað af Hofi. Það sama ætti við um önnur lönd á heiðinni sem að Melum lægju og hvorki væru Hofskirkjulönd né eign.[259]

Í réttarstefnu frá 23. júlí 1858 kemur fram að séra Halldór Jónsson á Hofi sjái sér ekki annað fært en höfða mál gegn Jóni Guðmundssyni vegna ábúðar hans á Melum en Hofsprestur vildi að hann viki þaðan. Á stefnuna hefur Jón skrifað klausu þar sem hann ónýtir hana því að hvorki séra Halldór á Hofi né séra Einar í Vallanesi hefðu framvísað skilríkjum fyrir Melalandi er útvísunin fór fram. Einnig benti hann á að samkvæmt lögum ætti málið að takast fyrir á þrætulandinu og því ætti að kalla hann fyrir þar en ekki til þinghússins á Hofi eins og gert væri í stefnunni.[260]

Hér að framan var nefnt sóknarskjal Hofsprests frá 24. ágúst 1858, þar sem aðdragandi deilunnar var rakinn.[261] Í því skjali sagðist Hofsprestur hafa sent mótmæli sín gegn útmælingunni 22. ágúst 1857 rakleiðis til amtsins og sagðist sem umráðandi landsins ekki kæra sig um að Jón öðlaðist nýbyggjarabréf og varð það úr enda hefði hann enn ekki fengið slíkt bréf. Næst hefði Jóni verið birt útbyggingarskjal, dagsett 10. desember 1857, en þegar hann sat sem fastast fram yfir fardaga og í ofanálag skrifaði Hofspresti bréf, dagsett 24. apríl 1858, sem prestur taldi uppfullt af ósannindum og meiðandi ummælum, kærði prestur hann fyrir sáttanefnd. Enn á ný hefði verið reynd tilraun til sátta[262] en Jón hafnað sáttaboði Hofsprests og málinu því verið vísað til réttarins aðgerða samkvæmt bréfi stiftsyfirvalda frá 28. október 1857.

---

[258] Skjal nr. 2 (68) a-b.
[259] Skjal nr. 2 (68) a-b.
[260] Skjal nr. 2 (62).
[261] Skjal nr. 2 (65).
[262] Skjal nr. 2 (230) a-b.

Í sóknarskjali Hofsprests kemur enn fremur fram að hann hafi eftir fremsta megni reynt að forðast málssókn. Einnig segir að Jón hafi ítrekað viðurkennt landið sem eign Hofskirkju og gert samninga um eftirgjald þess en svo rofið þá hvað eftir annað og með því fyrirgert ábúðarrétti sínum samkvæmt lögum um jarðabyggingu og samninga. Jón segi sjálfur í bréfi sínu að hann hafi reist býli sitt í banni Hofsprests og fullyrðingar hans um að landið hafi almennt verið álitið almenningur séu beinlínis rangar. Það sýni lögfestur Hofspresta frá 18. og 19. öld, vitnisburðir núlifandi manna og aðgerðir Jóns sjálfs sem tók landið fyrst til byggingar af eigendum Möðrudals og svo Hofspresti. Umrætt mál snerist því að mati Hofsprests um samningsrof en ekki heimild Hofskirkju fyrir Melalandi en sú heimild teldist fullsönnuð með áreiðargerðinni á milli Hofs- og Möðrudalskirkna frá árinu 1853. En þar voru lögð fram heimildaskjöl, eins og máldagar biskupanna Vilkins, Gísla og Brynjólfs, auk lögfesta og vitnisburða.

Hofsprestur taldi augljóst að Jón Guðmundsson væri rækur af Melum fyrir rof á skilmálum, skyldur að skila húsum á jörðinni sem væru metin á 50 ríkisdali, skyldur til greiðslu fjársekta til fátækra fyrir meiðandi ummæli og skyldi gert að greiða allan málskostnað. Að endingu vildi presturinn að rétturinn tæki kröfu sína um vangreidda landskuld frá fardögum 1857 til greina.[263]

H. Kröyer var talsmaður Jóns Guðmundssonar á Melum í máli Hofsprests gegn honum sem tekið var fyrir í aukarétti á Hofi 26. ágúst 1858. Í varnarskjali Jóns sagði Kröyer að rétt væri að Jón hefði goldið landskuld af Melum í tvö ár en það þýddi hvorki að hann viðurkenndi að landið væri eign Hofskirkju né að hann væri skyldugur til þess eins og Hofsprestur vildi meina. Þegar Jón reisti nýbýli sitt vissi hann ekki betur en að það væri í almenningi. Það var jafnframt álit annarra kunnugra manna eins og átta manna nefndarálit frá 29. apríl 1858 sannaði en þar voru tilgreind takmörk þeirra Hofskirkjulanda sem lægju fram að heiðinni og að nýlendunni Melum. Einnig sýndu máldagar Vilkins og Gísla biskupa, sem Jón hafði fengið staðfest afrit af frá biskupi, að þeir eigni Hofskirkju einungis alla Steinvarartungu, Sauðárdal, Brunahvamm og ekkert meira. Hins vegar kalli Jón og kunnugir menn það land, sem Melar standi á, Illaflóa og allt út að Brunahvammi en þar sem máldagarnir minnist ekki á Illaflóa þá bendi það til þess að hann tilheyri ekki Hofskirkju. Eftirfarandi upplýsingar um staðsetningu umrædds landsvæðis komu fram í máli Kröyers er hann minnist á:

> Illaflóa eður það land framanvið Brunahvam vestan og sunnan við Brunann,
> er Melaland að mestu liggur í.[264]

Kröyer taldi að ofangreindar upplýsingar hefðu valdið því að Jón hefði skipt um skoðun og að hann hefði ekki talið sig þurfa að greiða Hofspresti landskuld eða

[263] Skjal nr. 2 (65).
[264] Skjal nr. 2 (67) a-b.

hefði ranglega skuldbundið sig til þess. Að því búnu lagði Kröyer nefndarálit áttmenninganna og máldagana fyrir réttinn. En hann sagði þau skjöl sýna að nýlendulandið væri utan þeirra takmarka Hofskirkjulands sem máldagarnir eignuðu kirkjunni. Til þess að hægt væri að dæma um það hvort Hofskirkja ætti nýlendulandið, þ.e.a.s. Illaflóa, og hvort Hofsprestur hefði haft heimild til þess að gera samninga um það þá krafðist Kröyer þess að hann legði fram öll þau skjöl sem kirkjan ætti fyrir landinu. Því ef svo reyndist að kirkjan ætti ekki landið þá taldi hann Jón lausan undan öllum loforðum og samningum um eftirgjald af Melum því samningur sem gerður væri í villu ætti ekki að standa. Það ætti ennfremur við ef báðir aðilar hefðu verið í villu því e.t.v. hefði Hofsprestur ekki vitað hvort kirkjan ætti landið samkvæmt máldögum eða ekki.

Kröyer taldi það fráleitt að Jón hefði brotið af sér ábúðarrétt sinn á landinu þótt hann hefði tregðast við að gjalda landskuld eftir gerðum samningi enda hefði hann efast um heimild hans. Enda hefði hann enn ekkert byggingarbréf fengið sem virtist benda til þess að Hofsprestur væri ekki fullviss um rétt kirkjunnar til landsins. Jón neitaði því að þáverandi Hofsprestur hefði bannað sér að byggja en sagðist þó hafa fengið ávæning af því. Kröyer sagði að hér skipti höfuðmáli hvort Jóni hefði verið birt þetta bann því það gæti ekki komið til réttarhnekkis nema það hefði verið auglýst honum. En hefði Hofsprestur ekki auglýst Jóni það benti það enn og aftur til þess að hann hefði ekki treyst sér til þess eða ekki þóst hafa ástæðu til að banna bygginguna. Kröyer benti þó á að engu máli skipti hvort honum hefði verið bannað að byggja og vísaði til nýbýlatilskipunarinnar frá 15. apríl 1776 því til stuðnings.[265]

Í varnarskjali Kröyers koma að mestu fram sömu upplýsingar og í tveimur réttarsvörum Jóns Guðmundssonar á Melum sem lögð voru fyrir réttinn á Hofi 26. og 27. ágúst.[266] Í réttarsvörunum er þó greint nánar frá ýmsum málsatvikum, t.d. ásökunum Jóns í garð Hofsprests um samningsrof. Hann hefur þar uppi eftirfarandi orð um staðsetningu Illaflóa:

> Landið vestan og suðvestan við Brunann sje nefndur Illiflói, að norðan lítið ejtt firir framan Brunahvamm.[267]

Einnig viðurkennir Jón að hann hafi ekki fullkomið leyfi til að njóta nýbyggjararéttarins fyrr en hann hafi fengið leyfi en um það sækti hann nú til amtsins og hann ætlaði að skrifa út í haust þegar útvísunargerðin hafði borist honum í hendur.

Dæmt var í Melamáli í aukarétti á Eskifirði 5. október 1858. Hofsprestur krafðist þess að Jón yrði dæmdur til þess að víkja af ábýlisjörð sinni, skila bæjarhúsunum og borga landskuld til þess tíma samkvæmt samingi. Áðurnefnd málsatvik voru stuttlega rakin. Með innleggi, dagsettu 26. ágúst 1858, vildi Jón rifta sátt frá 20. júní 1857 því að séra Halldór væri ekki réttur umráðamaður Melalands. Sú

---

[265] Skjal nr. 2 (67) a-b.
[266] Skjal nr. 2 (70) a-b og skjal nr. 2 (71) a-b.
[267] Skjal nr. 2 (71) a-b.

fullyrðing var hins vegar ósönnuð að mati dómsins en sannað þótti að séra Halldór hefði full umráð yfir því landi sem tilheyrði Skjöldólfsstöðum. Einnig hefði enginn nema Möðrudalskirkja við áreiðina 1853 gert tilkall til þessa lands en sú þræta hefði eftir bréfi stiftsyfirvaldanna frá 18. júní 1855 þegar verið útkljáð. Þar sem Jón, í fyrsta lagi, hefði ekki tekið út gagnstefnu til þess að leiða þrætuna um eignarhald landsins inn í þetta mál sem séra Halldór hefði höfðað einungis vegna samningsrofs og þar sem Jón hefði, í öðru lagi, engan rétt til landsins, annan en þann sem hann hefði samið um við Hofsprest, og hefði ekki einu sinni nýbyggjarabréf upp á vasann, þá taldi rétturinn óþarfa að taka eignarrétt Hofskirkju á Melalandi til umfjöllunar. Hann myndi því aðeins taka afstöðu til réttar séra Halldórs gagnvart Jóni, þar sem sannað væri af hálfu séra Halldórs að hann hefði haldið þá sætt sem gerð var 20. júní 1857. Þar var einungis krafist þeirrar landskuldar sem metin var af gerðarmönnum tilnefndum af Jóni og áleit rétturinn þá að honum hefði einnig borið að halda þessa sætt. Með því að brjóta hana hefði hann eftir 6. grein tilskipanar frá 15. maí 1705 fyrirgert ábúðarrétti sínum og því hlyti hann að víkja þaðan á fardögum 1859 eftir kröfu séra Halldórs, skila húsum jarðarinnar, borga umsamda landskuld til þess tíma frá fardögum 1857 og greiða málskostnað.[268]

Jón Guðmundsson, nýbýlingur á Melum, sótti um nýbýlisrétt á býlinu 6. janúar 1860 til konungs. Allir sem komu að málinu, prestur á Hofi og hreppstjóri í Vopnafirði, sem voru umsagnaraðilar, sýslumaður í Norður-Múlasýslu og amtmaður í Norður- og Austuramti, lögðust gegn því, að nýbýlisleyfi yrði veitt. Leyfissynjun dómsmálaráðuneytisins danska er skráð á síðasta málsskjal.[269]

Jón Guðmundsson var ekki af baki dottinn og í byrjun sjöunda áratugarins (1861 og 1862) ítrekaði hann kröfur sínar til Mela:

> Á manntalsþingi að Hofi 10. júní 1861 var þinglýst skjali Jóns Guðmundssonar í Hvammsgerði, frá 12. maí sama ár m.a. viðvíkjandi brúkun og afnot af nýbýlinu Melum. Halldór Jónsson prófastur á Hofi mótmæti innihalds skjalsins sem er látið ógetið og geymdi sér og kirkju sinni óskertan rétt.[270]

Hinn 27. júní 1862 á manntalsþingi að Hofi var auglýst skjal Jóns Guðmundssonar á Melum, dagsett 24. júní 1862, viðvíkjandi meintum eignarrétti hans til Melalands og afnotum þess. Halldór Jónsson, prófastur og prestur á Hofi, mótmælti skjalinu sem tilefnis- og ástæðulausu og bar fyrir sig óraskanlegan dóm gengnum á

[268] Skjal nr. 2 (72) a-b.
[269] Skjal nr. 2 (222) a-b.
[270] Skjal nr. 2 (212) a-b. Á sáttafundi að Teigi 5. júlí 1858 hafði Hofsprestur boðið Jóni Guðmundssyni ævilanga ábúð á Hvammsgerði fyrir sex veturgamla sauði í árlegt eftirgjald ef hann viki af Melum í næstu fardögum. Jón var ófús að ganga að sáttaboðum Hofsprests og krafðist því að málinu yrði vísað til landslaga, sbr. skjal nr. 2 (230) a-b. Jóni var gert að víkja af Melum með dómi 5. október 1858, sbr. skjal nr. 2 (72) a-b. Hann hefur því vísast flutt sig að Hvammsgerði og þar er hann 1861.

móti Jóni Guðmundssyni út af Melalandi. Einnig bætti hann við að Jón væri aftur fluttur með búslóð sína að Melum í fullkomnu heimildarleysi.[271]

Búið var á Mel með hléum til vorsins 1904.[272]

## 5.15. Þorbrandsstaðir og Þorbrandsstaðatungur

Þorbrandsstaða er getið í *Vopnfirðinga sögu*, sem talin hefur verið rituð einhvern tíma á öðrum fjórðungi 13. aldar.[273]

Þorbrandsstaða er einnig getið í máldaga Refsstaðarkirkju frá því um 1367.[274]

Á Þorbrandsstöðum stóð bænhús samkvæmt óársettum máldaga sem talinn er frá árunum 1491–1518.[275]

Minnst er á Þorbrandsstaði í makaskiptabréfi frá 25. febrúar 1640 þegar Brynjólfur Sveinsson biskup eignast hálfa jörðina.[276]

Hús á Þorbrandsstöðum voru skoðuð og uppskrifuð 17. ágúst 1657. Þar er jafnframt getið svohljóðandi takmarka:

> Landamerke Jardarennar ad framan hafa hallden wered i Mörk, er þad gil eitt framm og yfer undan Bustarfelle, sem nær ofan wr fialle og nidur á Sliettlende, Enn ad utan i gard og ofan j Hofsá, er þad sá ytre gardurenn sem gyrder af Refstadar kyrkiu Skógar Itak er mællt ad Þorbrandstader eige afftur Mánadar beit á wetur fyrer tvo hesta I Refstadar nese, gardur sá rædur landamerkiumm á hálsenn upp, og so framm effter háhálsenum ofan ad fyrrskrifudu Marka gile.[277]

Minnst er á Þorbrandsstaðatungur í eftirfarandi landamerkjavitnisburði Jóhanns Villemssonar, Þorláks Þorljótssonar og Jóns Þórðarsonar sem þeir báru á Egilsstöðum 30. maí 1669:

> Wmm landamerke Haga, Hraffnstada og Eigilstada og Sunnudals, sem þeir segiast Wita átölulaust hallded Wered hafa, ad fráteknum þeim Holma, sem felle er eignadur. I fyrstu landeign Sunnudal, framm I Wpptök Sunnudalsár, fyrer utann Þorbrandstada Tungur og allt landed fyrer austann Sunnudalsá og uti merkegil og I Wppi (sic) Brunnárgil og so Wpp i Suarttfall. [...] og þetta agreiningslaust, Wmm allann Worn alldur, sem Wier til munum.[278]

Á manntalsþingi að Vopnafjarðarkaupstað 28. maí 1842 var birt lögfesta Thorstensens prófasts, líklega séra Guttorms Þorsteinssonar er þá hafði nýlega látið af

---

[271] Skjal nr. 2 (213) a-b.
[272] Halldór Stefánsson: *Austurland. Safn austfirzkra fræða*, bls. 191–192, 204–205, 221.
[273] *Austfirðinga sögur*, bls. 51 og XXVII.
[274] Skjal nr. 4 (72).
[275] Skjal nr. 4 (87).
[276] Skjal nr. 2 (189).
[277] Skjal nr. 2 (270). Undir bréfið skrifa Hjalti Jónsson, Árni Halldórsson, Þorleifur Árnason, Högni Pétursson, Björn Stefánsson og Sigurður Guðnason nöfn sín. Fram kemur einnig í bréfinu að nafn ábúandans er Oddur Jónsson.
[278] Skjal nr. 2 (191). Bréfið er fært inn í bréfabók biskups 9. júlí 1669.

embætti prófasts, fyrir eignarjörð sinni Þorbrandsstöðum. Innihalds lögfestunnar er ekki getið.[279]

Hinn 14. júlí 1885 voru ódagsett landamerki Þorbrandsstaða þinglesin. Landamerkjalýsingin er svohljóðandi:

> Að utan úr Hofsá eftir gömlu garðlagi þvert upp á há hálsendan, þaðan sjónhending eftir há hálsinum í svo kallað Skjónugil, þaðan þvert ofan í Merkigil, sem fellur í Hofsá. [280]

Undir þetta skrifa Einar Helgason, eigandi Þorbrandsstaða, Jón Jónsson prestur að Hofi (væntanlega sem umráðamaður Hraunfells) og Sveinn Jónsson, eigandi Einarsstaða.

Í landamerkjalýsingunni stendur einnig:

> Þess utan eiga Þorbrandsstaðir heiðarland undir Sandfelli, og ræður Þórðará að innan og neðan þar til hún fellur í Sunnudalsá; svo ræður Sunnudalsá upp í Sandfell, þaðan beina sjónhending í áðurnefnda Þórðará.[281]

Einar Helgason, eigandi Þorbrandsstaða, og Jón Jónsson, umráðamaður Hraunfells, skrifuðu undir þennan texta.

Landamerkjabréf fyrir Þorbrandsstaði var útbúið 14. júlí 1922. Það var þinglesið 15. júní 1923:

> Að utan: Eftir gömlu merkisgarðs garðlagi, (sem nú er vírgirt) yfir Miðdegisgil og upp á hálsenda, svo inn eftir hálsi eins og hæst liggur fram sanda, alt inn á móti Skjónugili. Þaðan þvert í Skjónugil, og úr Skjónugili í Merkigil og með Merkigili í Hofsá. Þaðan Hofsá að fyrgreindum merkigarði.[282]

Einar Helgason, eigandi Þorbrandsstaða, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Jóni Sigfússyni, eiganda Einarsstaða, Jóni Kristjánssyni, eiganda Hraunfells, Jósep Hjálmarssyni, eiganda Síreksstaða, og eigendum Bustarfells, þeim Methúsalem Einarssyni og Methúsalem Methúsalemssyni. Einnig skrifuðu undir Einar Jónsson, Hofi, og Halldór Stefánsson oddviti, fyrir hönd Vopnafjarðarhrepps, eiganda Teigs.

Sjálfseignarjörðin Þorbrandsstaðir er metin til tólf hundraða samkvæmt jarðamatinu 1804. Þar er að finna silung og hún gefur fjórar tunnur af fjallagrösum.[283] Samkvæmt fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 eiga Þorbrandsstaðir

---

[279] Skjal nr. 2 (206) a-b. Um prófaststíð séra Guttorms, sjá Sveinn Níelsson: *Prestatal og prófasta*, bls. 34.
[280] Skjal nr. 2 (56) a-b.
[281] Skjal nr. 2 (56) a-b.
[282] Skjal nr. 2 (57) a-b.
[283] Skjal nr. 2 (221) a-b.

upprekstur undir Sandfelli fyrir 200 fjár. Sumarhagar eru lélegir en engjar eru dreifðar um landið.[284]

Heimildir benda ekki til annars en að samfelld búseta hafi verið að Þorbrandsstöðum frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins frá árinu 1885 hefur jörðinni verið ráðstafað með hefðbundnum hætti.

## 5.16. Gnýsstaðir

Þessar upplýsingar um Gnýsstaði eru í bókinni *Sveitir og jarðir í Múlaþingi*:

> G eru fyrst taldir sem eyðihjáleiga frá Sunnudal (J ´47) 1804, en voru byggðir upp á 18. öld. [...] Er G féllu úr ábúð 1945, keypti Björgvin Stefánsson [...] jörðina [...] en upprekstrarrétt í Gnýstaðaheiði keyptu bæirnir Sunnudalur, Guðmundarstaðir og Hrappsstaðir. ... [...] G eru innsti bær í Sunnudal forna, nú Hraunfellsdal, austan Sunnudalsár. Landamörk við Borgir fylgja Fossá upp í Smjörvötn, þaðan um Hofteigsöldu í Tröllkarl við syðra Sandfellshorn, þaðan um Sandfell í upptök Sunnudalsár, sem síðan ræður vesturmörkum á móti Hraunfelli. Frá Fossá og inn í Tröllkarl eru um 15 km (kort).
>
> [...] Smjörvatnshæðir eru suður af Svartfelli og Gnýstaðaurðir inn að Sandfelli mjög gróðurlítið land.[285]

Að sögn *Landnámu* bjó Þormóður stikublígur, sonur Steinbjarnar kartar, í Sunnudal. Steinbjörn körtur var bróðursonur Eyvindar vopna landnámsmanns. Þrír synir Steinbjarnar, Þormóður, Egill og Refur, eru allir sagðir hafa búið í því landi sem Eyvindur nam en utan þess sem Steinbjörn fékk að gjöf.[286]

Sunnudals er getið í umfjöllun um stríðshjálparskattinn 1681. Nefnt er að hann sé kirkjujörð.[287]

Minnst er á Sunnudal í eftirfarandi landamerkjavitnisburði Jóhanns Villemssonar, Þorláks Þorljótssonar og Jóns Þórðarsonar sem þeir báru á Egilsstöðum 30. maí 1669:

> Wmm landamerke Haga, Hraffnstada og Eigilstada og Sunnudals, sem þeir segiast Wita átölulaust hallded Wered hafa, ad fráteknum þeim Holma, sem felle er eignadur. I fyrstu landeign Sunnudal, framm I Wpptök Sunnudalsár, fyrer utann Þorbrandstada Tungur og allt landed fyrer austann Sunnudalsá og uti merkegil og I Wppi (sic) Brunnárgil og so Wpp i Suarttfall. [...] og þetta agreiningslaust, Wmm allann Worn alldur, sem Wier til munum.[288]

---

[284] Skjal nr. 2 (58) a-b.
[285] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 147 og 148.
[286] Skjal nr. 4 (106), bls. 289–290.
[287] Skjal nr. 2 (260) a-b.
[288] Skjal nr. 2 (191). Bréfið er fært inn í bréfabók biskups 9. júlí 1669.

Einar Stefánsson, prestur á Hofi, samdi skýrslu, að bón Sveins Pálssonar, um jarðir í Vopnafirði, byggðar og í eyði árið 1794, og er hún dagsett 8. apríl 1795. Þar kemur fram að Gnýsstaðir hafi farið í eyði 1784.[289]

Á manntalsþingi, sem haldið var 14. júlí 1885, voru ódagsett landamerki Gnýsstaða þinglesin. Þau voru svohljóðandi:

> Að utanverðu úr Sunnudalsá upp með Fossá að Svartfelli allt þar til Smjörvatnsheiðarvegur liggur yfir hana, ræður svo áður nefndur vegur að Beinavörðu, þaðan bein sjónhending í Tröllkarl undir Sandfelli, og þaðan þvert ofan í áður nefnda Sunnudalsá.[290]

Þrír aðilar rituðu nöfn sín undir þessa lýsingu: þeir Einar Helgason, eigandi Gnýsstaða, Jóhannes Einarsson, eigandi Hrappsstaða, og V. Sigfússon varaoddviti (væntanlega vegna Borga).

Hinn 14. júlí 1922 var útbúið landamerkjabréf fyrir Gnýsstaði. Því var þinglýst 15. júní 1923:

> Að utan milli jarðanna Gnýstaða og Borga sem nú er hreppseign.
>
> Úr Sunnudalsá upp með Fossá alt upp í Smjörvatnalæk og með honum í Smjörvatn og úr Smjörvatni í Beinavörðu. Frá Beinavörðu inn miðja heiði og í Tröllkarl. Frá Tröllkarli niður með Sunnudalsá, eins og hún rennur.
>
> Þess skal getið, að Sunnudalsá rennur eftir dalnum fyrir neðan Gnýstaðaland, eftir gljúfragili, og breytist því farvegur hennar ekkert.[291]

Einar Helgason, eigandi Gnýsstaða, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Birni Sigurðssyni, eiganda Hrappsstaða, og Halldóri Stefánssyni oddvita, f.h. Vopnafjarðarhrepps, eiganda Borga.

Jarðamat 1804 segir Sunnudal með eyðihjáleigunni Gnýsstöðum sextán hundruð. Þar fást sex tunnur af fjallagrösum. Þá tilheyrir jörðinni „afréttur“ sem metinn er á 44 álnir.[292] Jarðatal Johnsens segir Gnýsstaði hjáleigu frá Sunnudal, fyrst talda 1804, þá sem eyðihjáleigu. Þá eru Gnýsstaðir taldir fjögur hundruð að mati, önnur hjáleiga frá Sunnudal, Borgir, fjögur hundruð, en Sunnudalur átta hundruð.[293] Samkvæmt jarðamatinu frá 1849 eru Gnýsstaðir hjáleiga frá Sunnudal með afskiptu landi. Þar kemur einnig fram að jörðin eigi „afrétt“ fyrir sig. Útheyskapur er sæmilegur og dálitla grasatekju má telja.[294] *Ný jarðabók* 1861 segir Gnýsstaði enn hjáleigu frá Sunnudal en sérstakt mat er þá á jörðinni, 6,59 hundruð, en Sunnudalur og

---

[289] Skjal nr. 2 (257). Sveinn Pálsson tók próf í náttúruvísindum við Kaupmannahafnarháskóla 1. júní 1791. Hann ferðaðist um Ísland á árunum 1791–1795 fyrir náttúrufræðifélag Dana og sendi því skýrslur, sbr. Páll Eggert Ólason: *Íslenzkar æviskrár* IV, bls. 372.
[290] Skjal nr. 2 (28).
[291] Skjal nr. 2 (29) a-b.
[292] Skjal nr. 2 (221) a-b.
[293] Skjal nr. 4 (1).
[294] Skjal nr. 2 (164) a-b.

Borgir saman 24,71 hundrað.[295] Samkvæmt fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 eiga Gnýsstaðir nægilegt upprekstrarland fyrir afréttarfé ábúanda. Engjar eru nokkuð langsóttar.[296]

Heimildir benda ekki til annars en samfelld búseta hafi verið að Gnýsstöðum frá því að byggð tókst þar aftur og þar til hún fór í eyði árið 1945. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins frá árinu 1885 hefur jörðinni verið ráðstafað með hefðbundnum hætti.

### 5.17. Hrappsstaðir og Háteigur

Eftirfarandi er úr bókinni *Sveitir og jarðir í Múlaþingi*:

> H hafa jafnan verið bændaeign og löngum í sjálfsábúð á síðari tímum. Jarðarinnar er getið í jarðeignaskrá Björns Péturssonar sýslum. á Bustarfelli við dauða hans 1744. [...] Munnmæli herma, að Hrappur sá, er jörðina byggði í öndverðu hafi deilt og barist við Egil bónda á Egilsstöðum um afréttarsvæðið Þrætutungur undan Smjörfjöllum. Hrappur féll, Egilsstaðir hafa tungurnar. [...]
>
> Selrústir eru á Þverárdal.
>
> Jörðin liggur allt norðan frá Hofsá og sv. að Beinavörðu á Smjörvatnsheiði, rúmlega 20 km vegalengd samkv. korti. Landamörk við Egilsstaði fylgja Þverá að baki hálsins frá ósi (í Hofsá) til upptaka og þaðan þvert austur og upp á Smjörfjöll milli Þrætutungna og Lambatungna. Að nv. er mörk við Brunná og sunnar Fossá, í Smjörvötn og Beinavörðu. [...]
>
> Hrappsstaðir II eru nýbýli í landi Hrappsstaða stofnað 1956. Ræktunarland er 30 ha., en beitiland óskipt og aðrar nytjar að ⅓ á móti Hrappsstöðum og Háteigi.[297]

*Sveitir og jarðir í Múlaþingi* segja um tilurð Háteigs:

> Háteigur er annað nýbýli í Hrappsstaðalandi stofnað 1957. Ræktunarlandið er 30 ha. og aðrar landsnytjar að þriðjungi (sjá Hrappsstaði II).[298]

Hrafnsstaða/Hrappsstaða (Hrafstaða) er getið í dómi sex manna, útnefndum af Oddi lögmanni Ásmundssyni 3. október 1465, um ólöglega sölu á tuttugu hundruðum úr Bustarfelli.[299]

Brynjólfur Sveinsson biskup keypti Hrappsstaði 29. janúar 1659.[300]

---

[295] Skjal nr. 4 (2).
[296] Skjal nr. 2 (58) a-b.
[297] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 155–156.
[298] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 157.
[299] Skjal nr. 4 (83).
[300] Skjal nr. 2 (174).

Mörkum Hrappsstaða og Egilsstaða er lýst við húsaskoðun á Egilsstöðum 13. ágúst 1657:

> Landamerke Jardarennar [...] enn ad framman mille Rafnstada og Eigilstada rædur Þverárgil wr fialle so lángt ofan effter rettsynis sem witnisburder og Skiöl umm fullnast, hvar effter er ad Spyria hiá Biarna Oddssyne, hvar Þverár farwegurenn riettastur sie, og hvorsu Lángt ráda skule ad Hofsá.[301]

Brynjólfur Sveinsson fékk sendan húsareikning Hrappsstaða, dagsettan 30. maí 1659, frá umboðsmanni sínum í Múlaþingi. Þar koma m.a. fram eftirfarandi takmörk jarðarinnar (áþekk þeim frá 1657):

> Landeign Jardarennar effter tilsögn ábuandans Jóns Sigvatssonar, framm i Brunná hid efra, effter þui hann seiger sera Sigurdur Arnason hafe sier bygt, rædur hun þá i Hofsá, enn hid ytra rædur Þverá wr fialle og ofan i gegn, þo seiger Jón til átölu hid nedra milli ánna, og þikist aflaga borenn af Hagamönnum.[302]

Á Egilsstöðum hinn 30. maí 1669 báru þeir Jóhann Villemsson, Þorlákur Þorljótsson og Jón Þórðarson vitni um landamerki milli nokkurra jarða og þ. á m. Hrappsstaða/Hrafnsstaða. Þar kemur m.a. eftirfarandi fram:

> Wmm landamerke Haga, Hraffnstada og Eigilstada og Sunnudals, sem þeir segiast Wita átölulaust hallded Wered hafa, ad fráteknum þeim Holma, sem felle er eignadur. [...] Landeign Hraffnsstaða, allt fyrer austann Brunná ofann j fornu kujsl og so uti Þuerá, og so framm med Þuerá I fiallgarda. [...] og þetta agreiningslaust, Wmm allann Worn alldur, sem Wier til munum.[303]

Í júlí árið 1885 var útbúið landamerkjabréf fyrir jörðina Hrappsstaði. Það var þinglesið 14. þess mánaðar. Samkvæmt því eru landamerki Hrappsstaða eftirfarandi:

> Landamerki jarðarinnar Hrappsstaða í Vopnafirði eru þessi: Að utan ræður „Þverá“ frá upptökum þar til hún kvíslast á láglendinu og ræður þá Miðkvíslin landamerkjum milli Egilsstaða og Hrappstaða og eru settar vörður utan megin árinnar; þá ræður Hofsá í Brunná, og ræður hún þar til Þverlækur fellur í hana suðvestur af Tungufelli, síðan Þverlækur inn með Langahrygg í Steinku, þaðan í Beinavörðu og þaðan í Smjörfjöll.[304]

---

[301] Skjal nr. 2 (268). Undir bréfið setja eftirfarandi menn nöfn sín: Árni Halldórsson, Jóhann Villemsson, Villum Jóhannsson, Sigurður Guðnason, Björn Stefánsson, Pétur Rafnsson og Þorleifur Árnason. Sá Bjarni Oddsson sem minnst er á að varðveiti skjöl og vitnisburði Egilsstaða var sýslumaður í Múlaþingi 1630–1650 og hafði lengi jarðaumboð fyrir Brynjólf biskup Sveinsson á Austfjörðum, sbr. Páll Eggert Ólason: *Íslenzkar æviskrár* II, bls. 183–184.

[302] Skjal nr. 2 (225). Tveir menn votta í Skálholti hinn 6. júlí 1659 að rétt sé skrifað eftir blaði sem fylgdi bréfi Hjalta Jónssonar. Sigurður Árnason, sem byggði Jóni Sighvatssyni jörðina, var prestur á Skorrastað í Norðfirði um 1638 til 1668, sbr. Sveinn Níelsson: *Prestatal og prófasta*, bls. 23. Hann hefur e.t.v. verið umboðsmaður Brynjólfs biskups um hríð eða þá átt Hrappsstaði á undan biskupi og selt honum þá.

[303] Skjal nr. 2 (191). Bréfið er fært inn í bréfabók biskups 9. júlí 1669.

[304] Skjal nr. 2 (31).

Jóhannes Einarsson, eigandi Hrappsstaða, skrifaði undir lýsinguna auk P. Guðjohnsens, eiganda Egilsstaða, Sigvalda Jónssyni, umboðsmanni Sunnudals, og Einars Helgasonar, eiganda Gnýsstaða.

Landamerkjabréf fyrir Hrappsstaði var útbúið 1. ágúst 1922 og þinglesið 15. júní 1923:

> Að utan ræður Þverá ofan úr háfjöllum og niður í Hofsá. Þaðan ræður Hofsá í gamlan farveg Brunnár. Þá ræður þessi gamli farvegur Brunnár upp í Brunná, þar sem hún hefur yfirgefið hinn gamla farveg. Úr því ræður Brunná þangað til þverlækur fellur í hana suðvestanvert við Tungufell, þá ræður Þverlækur inn með Langahrygg í Steinku, þaðan í Beinavörðu og þaðan í Smjörfjöll.[305]

Undir landamerkjabréfið skrifaði Björn Sigurðsson, eigandi Hrappsstaða. Það var samþykkt af Ásbirni Stefánssyni, eiganda Guðmundarstaða, Helga Fr. Magnússyni, eiganda Fells, Einari Helgasyni, eiganda Gnýsstaða, Jóni Vilhjálmssyni, ábúanda Sunnudals, og Gísla S. Helgasyni sem skrifaði undir bæði sem eigandi Egilsstaða og sem umboðsmaður Hallgríms Gíslasonar, eiganda Haga. Landamerkjabréfið var einnig samþykkt af Jakobi Einarssyni vegna Borga fyrir hönd Vopnafjarðarhrepps.

Árið 1957 var 30 ha. lands úr Hrappsstöðum ásamt beitarrétti í landi jarðarinnar að ¼ hluta afsalað vegna stofnunar nýbýlisins Háteigs.[306]

Jarðamat 1804 segir sjálfseignarjörðina Hrappsstaði tólf hundruð og þar fáist 3 tunnur af fjallagrösum.[307] Hrappsstaðir eiga samkvæmt jarðamati 1849 „afrétt“ fyrir sig. Útheyskapur er langsóttur.[308] Samkvæmt fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 fylgir Hrappsstöðum nægilegt upprekstrarland fyrir afréttarfé. Sumarhagar eru góðir.[309]

Heimildir benda ekki til annars en samfelld búseta hafi verið að Hrappsstöðum frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins frá árinu 1885 hefur jörðinni verið ráðstafað með hefðbundnum hætti.

Hinn 4. nóvember 1957 afsalaði Helgi Gíslason 30 ha. af óræktuðu landi úr eignarjörð sinni Hrappsstöðum til Sigurðar Björnssonar, Hrappsstöðum, vegna nýbýlisins Háteigs er hann ætlaði að byggja á téðu landi. Í afsalsbréfinu stendur eftirfarandi:

> Landinu fylgja beitarréttindi í landi jarðarinnar að ¼ hluta, óskipt, svo og önnur réttindi í sama hlutfalli. Landið liggur norðaustan túns á Hrappsstöðum og takmarkast af landi nýbýlis Hallgríms Helgasonar að suðvestan, úr

---

[305] Skjal nr. 2 (32) a-b.
[306] Skjal nr. 2 (33) a-c.
[307] Skjal nr. 2 (221) a-b.
[308] Skjal nr. 2 (164) a-b.
[309] Skjal nr. 2 (58) a-b.

langamelsenda undir Hrappsstaðahálsi í Stóramóslág, um Stóramó í Stekkjarhvamm við Brunná.[310]

Eftirfarandi stendur í afsalsbréfi frá 28. nóvember 1957:

Hér með gef ég afsal fyrir 30 ha. af óræktuðu landi úr eignarjörð minni Hrappsstöðum [...]

# # #

Landið liggur norðaustan túns á Hrappsstöðum úr Réttarmel í Langamelsenda um þúfu í Svarðalækjarós við Brunná. Landinu fylgja beitarréttindi í landi jarðarinnar að ¼ hluta, svo og önnur réttindi í sama hlutfalli.[311]

## 5.18. Egilsstaðir

Eftirfarandi er í *Sveitum og jörðum í Múlaþingi*:

E er innsta jörð í sveitarhlutanum Fjallasíðu, sem nær út að Gljúfursárdal. Mörk við Hrappsstaði eru við Þverá (sjá Hrappsst.), en við Refsstað við Kvíslá ofan úr Kvíslárskarði og niður í Kvíslárbug fram og niður af Refsstað, [...]

Egilsstaðaafrétt liggur suður Þverárdal og þar suður af Þrætutunga að upptökum Þverár. Á Egilsstaðaafrétt er undirlendi mjótt meðfram Þverá, en fjallið mikið um sig og bratt með hjöllum og botnum upp á brúnir. Hestárdalur liggur austur í fjöllin. Þrætutunga er bungumyndað urðarsvæði undir Smjörfjöllum með undirlendisræmu meðfram Þverá.[312]

Egilsstaða er getið í *Landnámu*. Þar bjó Egill, sonur Steinbjarnar kartar á Hofi, bróðursonar Eyvindar vápna landnámsmanns. Þrír synir Steinbjarnar, Þormóður, Egill og Refur, eru allir sagðir hafa búið í því landi, sem Eyvindur nam, en utan þess sem Steinbjörn fékk að gjöf.[313]

Hús á Egilsstöðum voru skoðuð og uppskrifuð 13. ágúst 1657. Þar kemur fram að jörðin sé sextán hundruð að dýrleika og að takmörk hennar séu svohljóðandi:

Landamerke Jardarennar ad utan mille refstada og Eigilstada rædur gardur nedan wr Hofsár böckumm og rietta sióndeilíng I Hofsá, og so upp effter so Lángt sem hann náer, og effter þui sem hann wísar sióndeilijng i qvíslar giled, Sidan rædur gilid I fiall upp, enn ad framman mille Rafnstada og Eigilstada rædur Þverárgil wr fialle so lángt ofan effter rettsynis sem witnisburder og

---

[310] Skjal nr. 2 (33) a-c.
[311] Skjal nr. 2 (33) a-c.
[312] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 159.
[313] Skjal nr. 4 (106), bls. 289–290.

> Skiöl umm fullnast, hvar effter er ad Spyria hiá Biarna Oddssyne, hvar Þverár farwegurenn riettastur sie, og hvorsu Lángt ráda skule ad Hofsá.[314]

Varðveittur er vitnisburður þeirra Jóhanns Villemssonar, Þorláks Þorljótssonar og Jóns Þórðarsonar sem þeir báru á Egilsstöðum 30. maí 1669 um landamerki nokkurra jarða og þ.á m. eru Egilsstaðir. Í vitnisburði þessum segir:

> Wmm landamerke Haga, Hraffnstada og Eigilstada og Sunnudals, sem þeir segiast Wita átölulaust hallded Wered hafa, ad fráteknum þeim Holma, sem felle er eignadur. [...] Landeign Egilstada, framm j Þuerá ofarlega og ofann ad Hoffsá, effter þuj sem Þuera hefur ad fornu Runned, og so uti gard þann, sem nefnist merkegardur, og Wpp frá gardenum i Ytrekuísl, sem liggur milli Egilstada og Refstada, og so efst j giled og þetta agreiningslaust, Wmm allann Worn alldur, sem Wier til munum.[315]

Landamerki jarðarinnar Egilsstaða voru færð til bókar í júlí 1885. Þau voru þinglesin 14. þess mánaðar:

> Að framan ræður „Þverá“ frá upptökum þar til er hún kvíslast á láglendinu og ræður þá miðkvíslin landamerkjum milli Hrappstaða og Egilsstaða. Að utan ræður „Kvíslin“ ofan úr fjalli ofan í „Bug“ eða svo kallaðan Kvíslarkrók fram og niður af Refstað og þaðan sjónhending í Merkigarðsleifar, sem liggja neðan við svo kallaða „Kílsbreidd“, rétt framan við Hofshlöðuna og eftir sömu stefnu í Hofsá.[316]

Undir landamerkjabréfið skrifuðu P. Guðjohnsen, eigandi Egilsstaða, Jóhannes Einarsson, eigandi Hrappsstaða, og Jón Jónsson, prestur á Hofi (væntanlega vegna Refsstaðar).

Hinn 28. júlí 1922 var útbúið annað landamerkjabréf fyrir jörðina Egilsstaði. Það var þinglesið 15. júlí 1923:

> Að framan ræður Þverá ofan úr háfjöllum og niður í Hofsá.
>
> Að utan ræður Refsstaðakvísl ofan úr háfjöllum niður í Kvíslarkrók, þaðan beina línu í gamlan merkigarð niður undir Hofsárbökkum og þaðan beint í Hofsá.
>
> Að neðan Hofsá.[317]

Ábúandi Egilsstaða, Benedikt Gíslason, skrifaði undir landamerkjabréfið í umboði eiganda jarðarinnar. Það var samþykkt af Birni Pálssyni, eiganda Refsstaðar,

---

[314] Skjal nr. 2 (268). Undir bréfið setja eftirfarandi menn nöfn sín: Árni Halldórsson, Jóhann Villemsson, Villum Jóhannsson, Sigurður Guðnason, Björn Stefánsson, Pétur Rafnsson og Þorleifur Árnason. Sá Bjarni Oddsson sem minnst er á að varðveiti skjöl og vitnisburði Egilsstaða var sýslumaður í Múlaþingi 1630–1650 og hafði lengi jarðaumboð fyrir Brynjólf biskup Sveinsson á Austfjörðum, sbr. Páll Eggert Ólason: *Íslenzkar æviskrár* II, bls. 183–184.
[315] Skjal nr. 2 (191). Bréfið er fært inn í bréfabók biskups 9. júlí 1669.
[316] Skjal nr. 2 (34) a-b.
[317] Skjal nr. 2 (35) a-b.

Helga Fr. Magnússyni, eiganda Fells, Birni Sigurðssyni, eiganda Hrappsstaðaog Guðmundi Kristjánssyni, eiganda Ásbrandsstaða.

Landskiptagerðir fyrir Egilsstaði I og II voru útbúnar 21. mars 1963:

Egilsstöðum I, eigandi Björn Sæmundsson, Egilsstöðum Vopnafjarðarhreppi, skal fylgja, af gamla túninu, allt framtúnið frá brekku um skurð og ræður sá skurður í svokallaðan Miðlæk. Að norvestan ræður vegur fram á fremra nátthagahorn og þaðan upp í Nátthagamel um Klaufarlæk beina línu í Lækjarhús og þaðan í áður nefndan skurð. Auk þess spilda 30 mtr. norðvestur frá íbúðarhúsi og 35 mtr. suðaustur frá íbúðarhúsi. Spilda þessi nær frá skurði að suðvestan, að túngirðinu að norð~~vestan~~ austan

Einnig fylgir ræktanlegt land frá Lækjarhúsum, suðaustur Klauf að „Myrarbletti“ og þaðan suður neðri brún á Húsgrundarmó á móts við heystæði á Húsgrund og þaðan norðaustur í Húsgrundarlæk og ræður hann út að áðurnefndum Mýrarbletti. Einnfremur ræktunarland neðan vegar með affallsskurði og þaðan með þverskurði út að Fornukvísl og með henni 300 mtr. niður á nesið og suðvestur jafnbreiða spildu að Þveráreyrum og með þeim upp að vegi, og með honum út að á<ð>urnefndum affallsskurði.

Að öðru leiti fylgir þessum hluta jarðarinnar beitiland og hlunnindi að hálfu. Einnig hálft afréttarland í Egilsstaðaafrétt.
Vopnafirði 21. marz 1963

Egilsstöðum II, eigandi Baldur Sæmundsson, Egilsstöðum Vopnafjarðarhreppi, skal fylgja af gamla túninu, úttúnið neðan túnspildu Björns, sem nær 30 mtr. norður fyrir íbúðarhús og suðvestur með henni að skurði og með honum niður í gegn um veg og niður að þverskurði og með honum út áð Fornuhvísl og með henni og túngirðingu að norðaustan upp að áðurnefndri spildu Björns. Auk þess spilda frá túngirðingu að norðaustan, sjónhendingu 15 mtr. austan við fjóshlöðu og 15 mtr. vestan Brekkufjárhúsa í Brekkuhorn og upp það í túngirðingu að suðaustan og með henni í túngirðingu að norðaustan.

Einnig fylgir ræktanlegt land úr túngirðingu við Brekkuhorn upp með melnum í Fagurhól. Úr honum í Kvísl með henni að vegi og ræður hann að túngirðingu í Brekkuhorn. Ennfremur ræktunarland neðan vegar við Kvísl og með henni 400 mtr. og þaðan suðvestur jafnbreiða spildu að Fornukvísl og með henni upp að vegi og með honum að Kvísl.

> Að öðru leiti fylgir þessum hluta jarðarinnar beitiland og hlunnindi að hálfu.
> Einnig hálft afréttarland í Egilsstaðaafrétt.
> Vopnafirði 21. marz 1963[318]

Undir skrifa Baldur og Björn Sæmundssynir.

Jarðamat 1804 segir sjálfseignarjörðina Egilsstaði með eyðihjáleigunni Gerði sextán hundruð að dýrleika. Jörðinni tilheyrir „afréttur", metinn á 22 álnir.[319] Samkvæmt jarðamati 1849 eiga Egilsstaðir „afrétt" fyrir sig. Útheyskapur er reitingssamur.[320] Samkvæmt fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 fylgir Egilsstöðum upprekstrarland. Sumarhagar eru góðir en smalamennska er erfið því landið liggur að „afrétti".[321]

Heimildir benda ekki til annars en samfelld búseta hafi verið að Egilsstöðum frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins frá árinu 1885 hefur jörðinni verið ráðstafað með hefðbundnum hætti.

### 5.19. Refsstaður

Um Refsstað segja *Sveitir og jarðir í Múlaþingi*:

> R er landnámsjörð og getið í Landnámu og Vopnfirðingasögu. [...] R var kirkjustaður frá um miðja 14. öld til 1812, en þá var sóknin lögð til Hofs. [...]
>
> Jörðin er milli Kvíslár og Selár, og nær land af Smjörfjöllum norðan til og niður í Hofsá. [...] Landið er um 2 km á breidd, en 12-13 km á lengd sa. af Smjörfjöllum nv. í Hofsá (kort). [...]
>
> Refsstaður III. Nýbýli stofnað 1957 í landi Refsstaðar. Útmælt ræktunarland var 30 ha. í miðju landi neðan vega og ¼ af óskiptu landi. [...]
>
> Refsstaður II: Nýbýli var stofnað 1951 í landi Refsstaðar, sem þá varð R I. Býlið fékk í sinn hlut 30 ha. ræktunarland og ¼ af óskiptu landi og hlunnindum.[322]

Refsstaðar er getið í Landnámu. Þar bjó Refur, sonur Steinbjarnar kartar á Hofi, bróðursonar Eyvindar vápna landnámsmanns. Þrír synir Steinbjarnar, Þormóður, Egill og Refur, eru allir sagðir hafa búið í því landi, sem Eyvindur nam en utan þess sem Steinbjörn fékk að gjöf.[323]

---

[318] Skjal nr. 2 (36).
[319] Skjal nr. 2 (221) a-b.
[320] Skjal nr. 2 (164) a-b.
[321] Skjal nr. 2 (58) a-b.
[322] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 161–162.
[323] Skjal nr. 4 (106), bls. 289–290.

Á Refsstað var kirkja þegar um 1200 er Páll biskup Jónsson setti saman kirknaskrá sína.[324]

Í Hítardalsbók sem er máldagasafn úr biskupstíð Oddgeirs biskups Þorsteinssonar og talið frá því um 1367 kemur eftirfarandi fram:

> Kirkia hins heilaga Laurentij á Refstodum á heimaland allt. Raudzhola land.[325]

Hér er aðeins tæpt á innihaldi máldagans en ítarlegri afskrift hefur varðveist af honum þar sem talin eru ítök kirkjunnar.[326]

Sömu upplýsingar koma fram í máldaga Refsstaðarkirkju í máldagasafni Vilkins biskups frá 1397 og komu fram í Hítardalsbók frá því um 1367 að því undanskildu að árið 1397 á kirkjan aðeins hálft heimaland.[327]

Í öðrum af tveimur óársettum máldögum Refsstaðarkirkju sem taldir eru frá árunum 1491–1518 segir:

> Kirkian ad Refstodvm a heimaland alltt oc xj hndr. kot ad auk.[328]

Samkvæmt máldaga Gísla Jónssonar biskups frá um 1570 (1570–1576), sem byggður er á eldri máldögum, átti kirkjan á Refsstað allt heimaland og Rauðhólaland (Rauðshólaland/Rauðahólaland). Þá eru talin sömu ítök og í ítarlegri gerðinni frá árinu 1367.[329]

Árið 1641, í tíð Brynjólfs Sveinssonar biskups í Skálholti, var Refsstaður vísiteraður. Í vísitasíunni er vitnað í og tekið upp úr máldögum Vilkins og Gísla en einnig er í henni minnst á ýmis önnur atriði:

> Visiteruð Laurentii Kyrkia ad Refstad. Hun á efter Wilchins Maldaga heimaland halft. Allt efter Visitatiu bok H. Gysla Jonssonar, og leikur eigi á tueim tungum kyrki<a>nn eigi ecki alla Jordina So langt sem menn kunna Minni Reka. Hun á Rauds hola land [síðan kemur ítakaupptalning]
>
> Efter Spurdi Biskupinn prestinn Sera Olaf ad Landamerkium Stadarins. Lofar hann hefdar vitnum jnnan jafnleingdar, Og Jardar og Jtaka til Fjalls Og fiöru, ad Senda j Skalholt, a Stadnum og Stadarins Jtokum.[330]

Við húsaskoðun á Svínabökkum 8. ágúst 1657 var lýst landamerkjum milli Svínabakka og Refsstaðar:

---

324 Skjal nr. 4 (94).
325 Skjal nr. 4 (71).
326 Skjal nr. 4 (72).
327 Skjal nr. 4 (78).
328 Skjal nr. 4 (85). Oddur biskup Einarsson fann gamlan máldaga Refsstaðarkirkju frá 1566 inni í prentaðri kirkjubók þegar hann reið þar um 29. júlí 1601. Þar kemur hins vegar ekkert meira fram en í fyrri máldögum, sbr. skjal nr. 4 (98).
329 Skjal nr. 4 (101).
330 Skjal nr. 2 (78) a-b. Umræddur prestur er séra Ólafur Magnússon sem hélt Refsstað frá 1638 eða 1639 til 1652, sbr. Páll Eggert Ólafsson: *Íslenzkar æviskrár* IV, 66.

> Landamerke Jardarennar ad framan millum Refstadar og Svínabacka Wr Selá, sem áen rennur ofan i Hofsá og so upp effter henne so sem hun rennur ofan effter Lambadal uppi fiall á mótz wid Bödvarsdal, Ad utan millum Raudhóla og Svínabacka wr Hofsá effter þui sem Gardurenn rædur, þó sígenn sie sem þó siest enn, og wr gardenum og uppi Einbuaklett, og sídan siónhendijng I fiall upp.[331]

Hús á Egilsstöðum voru skoðuð og uppskrifuð 13. ágúst 1657. Þar er lýst mörkum á móti Refsstað:

> Landamerke Jardarennar ad utan mille refstada og Eigilstada rædur gardur nedan wr Hofsár böckumm og rietta sióndeilíng I Hofsá, og so upp effter so Lángt sem hann náer, og effter þui sem hann wísar sióndeilijng i qvíslar giled, Sidan rædur gilid I fiall upp.[332]

Varðveittur er vitnisburður þeirra Jóhanns Villemssonar, Þorláks Þorljótssonar og Jóns Þórðarsonar sem þeir báru á Egilsstöðum 30. maí 1669 um landamerki nokkurra jarða, þ. á m. Egilsstaða og Refsstaðar. Þar segir:

> Landeign Egilstada, framm j Þuerá ofarlega og ofann ad Hoffsá, effter þuj sem Þuera hefur ad fornu Runned, og so uti gard þann, sem nefnist merkegardur, og Wpp frá gardenum i Ytrekuísl, sem liggur milli Egilstada og Refstada, og so efst j giled og þetta agreiningslaust, Wmm allann Worn alldur, sem Wier til munum.[333]

Þórður Þorláksson biskup vísiteraði Refsstað árið 1677:

> Þann 20 Augustj. Laurentij Kirkia ad Refstad á heimaland allt, Raudzhoola land a millj hvors og Skialldtijngsstada greinast landamerkj Raudzhooll hinn Jtrj rettsyniz upp j fiallsgnijpu og rettsynis ofann i Hofs Á videatur visitatio Annj 1669.[334]

Í vísitasíum Refsstaðar frá 1706 og 1727 er ekki að finna neinar upplýsingar um land umfram það sem kemur fram í vísitasíu 1677.[335]

Ekki er ástæða til að vitna í vísitasíur Refsstaðar 1748, 1763 og 1779. [336]

Refsstaður var lagður undir Hof með konungsúrskurði 4. september 1812 og kirkjan aftekin.[337]

---

[331] Skjal nr. 2 (262). Undir bréfið skrifa Árni Halldórsson, Villum Jóhannsson, Björn Stefánsson, Þorvaldur Jónsson, Hjalti Jónsson, Magnús Sigfússon líkast til ábúandinn, Ólafur Jónsson, Jóhann Villemsson, Tómas Finnsson og Þorleifur Árnason nöfn sín.

[332] Skjal nr. 2 (268). Undir bréfið setja eftirfarandi menn nöfn sín: Árni Halldórsson, Jóhann Villemsson, Villum Jóhannsson, Sigurður Guðnason, Björn Stefánsson, Pétur Rafnsson og Þorleifur Árnason. Sá Bjarni Oddsson sem minnst er á að varðveiti skjöl og vitnisburði Egilsstaða var sýslumaður í Múlaþingi 1630–1650 og hafði lengi jarðaumboð fyrir Brynjólf biskup Sveinsson á Austfjörðum, sbr. Páll Eggert Ólason: *Íslenzkar æviskrár* II. Reykjavík, 1948, bls. 183–184.

[333] Skjal nr. 2 (191). Bréfið er fært inn í bréfabók biskups 9. júlí 1669.

[334] Skjal nr. 2 (81) a-b.

[335] Skjöl nr. 2 (83) a-b og nr. 2 (85).

[336] Skjöl nr. 2 (86), 2 (89) og 2 (91).

[337] *Lovsamling for Island* VII, bls 438–439.

Ódagsettum landamerkjum Refsstaðar var þinglýst 14. júlí 1885 ásamt landamerkjum margra jarða Hofskirkju. Þau voru svohljóðandi.

> Að innan ræður Kvíslin ofan úr fjalli og ofan í Bug eða svo kallaðan Kvíslarkrók fram og niður af Refstað og þaðan sjónhending í Merkigarðleifar, sem liggja neðan við svo kallaða Kílsbreidd, rétt framan við Hofshlöðuna og eftir sömu stefnu í Hofsá. Að utan ræður Selá frá fjalli til Hofsár.[338]

Landamerkjabréfið var samþykkt af Jóni Jónssyni, presti að Hofi (þá umráðamanni Refsstaðar), og P. Guðjohnsen, eiganda Egilsstaða [en hann var einnig umboðsmaður aðaleiganda Svínabakka. Sjá þar].

Gerð var úttekt á Refsstað 2. janúar 1911 vegna fyrirhugaðar sölu jarðarinnar. Þar kemur fram að bærinn liggi undir austurfjöllum Vopnafjarðar. Samkvæmt úttektinni liggur hann fast við fjallið og nes frá honum liggur niður að Hofsá. Einnig kemur fram að landamerki jarðarinnar séu glögg og útkljáð samkvæmt landamerkjalögum. Þar kemur líka fram að:

> Fremur er jörð þessi landþröng, þar eð landið er mjög stutt meðfram fjallinu, en liggur aðallega í breiddinni frá Hofsá og upp til fjallsins, alt er landið grasi vaxið, (ekki blásið) upp að fjallsbrún, úr því taka við eintómar urðir.[339]

Á manntalsþingi á Vopnafirði 3. júní 1912 var þinglesið bann Björns Pálssonar á Refsstað gegn heimildarlausum afnotum jarðarinnar og eggja- og dúntekju í landi hennar.[340]

Ábúandi Refsstaðar, Björn Pálsson, keypti jörðina af ríkinu 28. júní 1912. Í kaupsamningnum kemur fram að undanskildir sölunni séu námar sem hafi fundist eða kunna að finnast á jörðinni.[341]

Hinn 28. júlí 1922 var útbúið nýtt landamerkjabréf fyrir Refsstaði sem var þinglesið 15. júní 1923:

> Að framan, milli Egilsstaða og Refsstaðar ræður Refsstaðakvísl ofan úr háfjöllum niður á Kvíslarkrók, þaðan beina línu í gamlan merkigarð niður undir Hofsárbökkum, þaðan beint í Hofsá.
>
> Að neðan Hofsá, sú kvíslin, sem rennur í gamla farveginum: norðan við Hólmann.
>
> Að utan, milli Svínabakka og Refsstaðar, ræður Selá alla leið austan úr háfjöllum, þar til hún fellur í Hofsá.
>
> Að ofan háfjöllin.[342]

---

[338] Skjal nr. 2 (37) a-b.
[339] Skjal nr. 2 (232).
[340] Skjal nr. 2 (227).
[341] Skjal nr. 2 (232).
[342] Skjal nr. 2 (38) a-b.

Björn Pálsson, eigandi og ábúandi Refsstaðar, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Guðmundi Kristjánssyni, eiganda Ásbrandsstaða, Birni V. Methúsalemssyni, eiganda Svínabakka, og Benedikt Gíslasyni, umboðsmanni Egilsstaða.

Eftirfarandi útdráttur er úr afsali fyrir Refsstað II sem gefið var út 29. nóvember 1951:

> Landshluti þessi takmarkast þannig:
>
> Allt land milli Selár og línu, sem hugsast dregin sjónhending úr Tungugili á milli Selár og Haugsár í Byttugil norðan Hofsár ofanað svonefndu Miðnesi, og norður nesið síðan, þar til það fellur í Selá.
>
> Innan þessara landamerkja er þó um tveggja hektara tún, sem tilheyrir heimajörðinni, og skal nýbýlið skila jafn stóru ræktuðu landi.
>
> Sömuleiðis er innan þessara merkja svarðarland ca. 1 hektari í svokölluðum Svarðartöngum, skal það tilheyra heimajörðinni að hálfu.
>
> Land nýbýlisins er 32 hektarar, sem er allt gott land til ræktunar, og er í þessu stykki 50-70 hesta engi árlega.
>
> Beitiland er að öðru leyti óskipt, en nýbýlið skal hafa aðgang að 40 hesta engi árlega úr heimajörðinni, ef ábúandi þess hefur sjálfur þörf fyrir það.[343]

Undir skrifar Páll Methúsalemsson.

Eftirfarandi útdráttur er úr afsali fyrir Refsstað III sem gefið var út 26. júlí 1957:

Býlið fékk eftirtalinn hluta úr jörðinni Refsstað I:

> Landspildu, er takmarkast að utan af affallsskurði, að ofan af þjóðveginum, að framan af línu, sem er sjónhending úr Selárgljúfri um íbúðarhúsið Refsstaði I í þann enda íbúðarhússins á Ásbrandsstöðum, að neðan takmarkast spildan af svonefndu Miðnesi. Landspilda þessi er sem næst 30 hektarar og fylgja með henni í kaupum þessum ¼ – einn fjórði hluti – af óræktuðu og óskiptu landi jarðarinnar Refstaður I. Þá fylgir í kaupum þessum girðingar, sem nú eru um hluta áðurgreindrar landspildu, en að öðru leyti fylgja henni ekki nein mannvirki.[344]

Undir skrifa Páll Methúsalemsson, seljandi, og Erlingur Pálsson, kaupandi.

Fyrrum kirkjujörðin Refsstaður er metin níu hundruð að dýrleika í jarðamati 1804 en landkostir ekki nefndir.[345] Ekkert kemur heldur fram um afréttarnot í jarðamati 1849. Þar stendur hins vegar að útheyskapur sé góður.[346] Samkvæmt

---

[343] Skjal nr. 2 (39) a-c.
[344] Skjal nr. 2 (39) a-c.
[345] Skjal nr. 2 (221) a-b.
[346] Skjal nr. 2 (164) a-b.

fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 á Refsstaður ekkert upprekstrarland. Hún hefur góða sumarhaga fyrir nautgripi og hross.[347]

Heimildir benda ekki til annars en samfelld búseta hafi verið að Refsstað frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins frá árinu 1885 hefur jörðinni verið ráðstafað með hefðbundnum hætti.

### 5.20. Svínabakkar og Engihlíð

Þessi lýsing er í *Sveitum og jörðum í Múlaþingi*:

> Býlið Fáskrúðarbakki, sem getur í Vopnfirðingasögu er talið hafa verið í landi S, en S eru ekki nefndir í sögunni. Árið 1899 var F byggður sem nýbýli í landi S (sjá ábt.) og er sérmetið býli í F ´18. [...]
>
> Svínabakkaland nær frá Hofsá og upp á fjöll. Mörk við Refsstað eru við Selá sem kemur af Lambadal, en við Rauðhóla um 500 m innan við Rauðhólaá [...]
>
> Engihlíð er nýbýli frá S og á helming lands.[348]

Brynjólfur Sveinsson biskup eignaðist Svínabakka með makaskiptum 5. maí 1656.[349]

Hús á Svínabökkum voru skoðuð og uppskrifuð 8. ágúst 1657. Þar er getið svohljóðandi merkja:

> Landamerke Jardarennar ad framan millum Refstadar og Svínabacka Wr Selá, sem áen rennur ofan i Hofsá og so upp effter henne so sem hun rennur ofan effter Lambadal uppi fiall á mótz wid Bödvarsdal, Ad utan millum Raudhóla og Svínabacka wr Hofsá effter þui sem Gardurenn rædur, þó sígenn sie sem þó siest enn, og wr gardenum og uppi Einbuaklett, og sídan siónhendijng I fiall upp.[350]

Samkvæmt þessu virðast Svínabakkar eiga land móti Böðvarsdal þótt það komi ekki fram í síðari lýsingum.

Landamerki jarðarinnar Svínabakka voru skráð í júlí 1885 og voru þinglesin 14. þess mánaðar. Merkin eru þessi:

> Að framan ræður Selá frá fjalli til Hofsár. Að utan sjónhending úr efsta Einbúa í Klöpp á Votabergi og þaðan um Melshorn utan við Merkigil í

---

[347] Skjal nr. 2 (58) a-b.
[348] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 164.
[349] Skjal nr. 2 (170).
[350] Skjal nr. 2 (262). Undir bréfið skrifa Árni Halldórsson, Villum Jóhannsson, Björn Stefánsson, Þorvaldur Jónsson, Hjalti Jónsson, Magnús Sigfússon líkast til ábúandinn, Ólafur Jónsson, Jóhann Villemsson, Tómas Finnsson og Þorleifur Árnason nöfn sín.

> gamlan skurð, er vottar fyrir á Nesinu niður í Illukeldu ós. - Þá ræður Hofsá.[351]

P. Guðjohnsen, umboðsmaður eiganda að ¾, skrifaði undir. Það gerðu einnig Kristján Eymundsson, eigandi að ¼ jarðarinnar, og Jón Jónsson, prestur að Hofi, en Hofskirkja átti þá Refsstað og Rauðhóla.

Hinn 6. september 1915 mæltist hreppstjórinn, Gunnar H. Gunnarsson, til þess við stjórnarráðið að það fyrirskipaði nýja áreið á landamerki Rauðhóla því að þau væru óljós. Eða eins og segir í bréfi hreppstjórans:

> Því Illukelduós fellur ekki í Hofsá og þá á jörðin hvergi land í Hofsá en einungis í Hesthólmahyl. Þá er fram tekið að Hofsá ráði en neðanvert við hesthólmahyl er hólmi sem Svínabakkar næsta jörð vilja helga sér.[352]

Hinn 28. júlí 1922 var útbúið annað landamerkjabréf fyrir Svínabakka sem var þinglesið 15. júní 1923:

> Að framan: Selá ofan úr háfjöllum til ósa. Að ofan: háfjöllin. Að utan: úr röðinni fremst á Strákatindi, utan við Öskjuna og í Selhryggjakverk fremst, þaðan beint í efsta Einbúa, úr honum í merkjavörðu á Votabergi, þaðan í melshorn utan við Merkigil, þaðan í fornan skurð, sem vottar fyrir á nesinu og í Illukelduós ytri, og þaðan beint í Hofsá. Að neðan: Hofsá.[353]

Björn V. Methúsalemsson, sem átti hluta Svínabakka, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Stefáni Stefánssyni, eiganda Rauðhóla, Guðmundi Kristjánssyni, eiganda Ásbrandsstaða, og Birni Pálssyni, eiganda Refsstaðar.

Árið 1955 var hluta lands Svínabakka afsalað til nýbýlisins Engihlíðar.[354]

Sjálfseignarjörðin Svínabakkar er sögð tólf hundruð að dýrleika í jarðamati 1804. Engir kostir til lands eru nefndir nema góður útigangur. Útheyskapur er mikill.[355] Ekkert er minnst á upprekstur eða „afrétt“ á Svínabökkum í jarðamati 1849.[356]

Samkvæmt fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 vantar Svínabakka upprekstrarland fyrir afréttarfé. Jörðin hefur góða sumarhaga fyrir nautgripi og hross. Í matinu kemur einnig fram að jörðin Fáskrúðsbakkar sé byggð og skipt út úr Svínabakkalandi. Í kaflanum um Fáskrúðsbakka í fasteignamatinu frá 1916–1918 stendur að jörðin eigi ekkert upprekstrarland og hennar sé ekki getið í jarðamatinu

351 Skjal nr. 2 (40).
352 Skjal nr. 2 (233).
353 Skjal nr. 2 (41) a-b.
354 Skjal nr. 2 (42).
355 Skjal nr. 2 (221) a-b.
356 Skjal nr. 2 (164) a-b.

1861. Í fasteignamatinu kemur einnig fram að landamerki Fáskrúðsbakka hafi ekki verið skráð. Sumarhagar fyrir nautgripi og hross eru góðir en sauðland er lélegt.[357]

Heimildir benda ekki til annars en samfelld búseta hafi verið að Svínabökkum frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins frá árinu 1885 hefur jörðinni verið ráðstafað með hefðbundnum hætti.

*Sveitir og jarðir í Múlaþingi* segja um Engihlíð:

> Nýbýlið E er stofnað 1959 í landi Svínabakka, nánar tiltekið Fáskrúðsbakkalandi.[358]

Hinn 10. september 1955 afsalaði eigandi Svínabakka, Ólafía Sigríður Einarsdóttir, landi til Halldórs Björnssonar, sonar síns, þannig að hann gæti reist nýbýli. Í afsalinu kemur eftirfarandi fram:

> Land þetta takmarkast þannig:
>
> Austan þjóðvegar svonefnd Tunga, þ.e. land allt milli Selár að sunnan og Haugsár að norðan og ráða þinglesin landamerki jarðarinnar að austan takmörkum landsins. Fylgir með í afsali þessu tún það sem í tungunni er og fjárhús fyrir 130 fjár og hlaða yfir 250 hesta. Enn fremur fylgir með í afsali þessu ræktanlegt land ca. 30 hektarar, sem afmarkast þannig:
>
> Suðaustan af skurði og girðingu norðaustan af gamla túninu (gamall skurður og girðing). Suðvestan af Haugsá og Selá og norðvestan frá svokölluðum fremri vörðum sjónhending í þjóðveginn, enn fremur fylgja býlinu 3 hektarar nýrækt, sem liggur utan Haugsár.[359]

Undir skjalið skrifar Ólafía Sigríður Einarsdóttir.

## 5.21. Rauðhólar

Eftirfarandi er tekið upp úr *Sveitum og jörðum í Múlaþingi*:

> Fornum sögum fer ekki af býlinu, en lega þess og lögun jarðarinnar bendir til, að því hafi verið holað niður í fullbyggðu landi. Í neðanmál<s>grein í J ´47 segir, að það hafi verið kirkjujörð frá Refsstað og „eftir brauðaskýrslu prestsins 1839 verið í eyði um meir en 300 ár, uns hann byggði hana upp.“ Byggð er hún þó 1703 (manntal), svo að eitthvað er hér málum blandað [...]
>
> Land R er „langt og mjótt“ [...] Það nær austan úr innstu Dalsárdrögum (eða jafnvel innar) sa. af Strákatindi (1080 m) framan við Skjaldþingsstaðaskarð og liggur í mjúkum boga niður í Hofsá. Breiddin er aðeins 600-700 m, og fellur Rauðhólaá víðast aðeins utar en um mitt landið [...]

[357] Skjal nr. 2 (58) a-b.
[358] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 166.
[359] Skjal nr. 2 (42).

> Beitarhús voru uppi við Selhryggi, og selrústir og sæmilegar fjallaslægjur í kring. Slægjublettir eru víðar á reytingi um fjallið.[360]

Fram kemur í máldaga Refsstaðarkirkju frá því um 1367 að kirkjan eigi Rauðshólaland.[361] Rauðhólar töldust eign Refsstaðarkirkju meðan þar var kirkja en lögðust síðan til Hofs.[362]

Við húsaskoðun á Svínabökkum 8. ágúst 1657 var getið merkja milli Rauðhóla og Svínabakka:

> Landamerke Jardarennar [...] Ad utan millum Raudhóla og Svínabacka wr Hofsá effter þui sem Gardurenn rædur, þó sígenn sie sem þó siest enn, og wr gardenum og uppi Einbuaklett, og sídan siónhendijng I fiall upp.[363]

Mörkum Rauðhóla við Skjaldþingsstaði var lýst við húsaskoðun á Skjaldþingsstöðum sama dag 1657:

> Landamerke hennar [...] enn ad framan helldur Biskupenn under Raudhól hinn ytra wera eige, þar til önnur skiöl framm koma, og ofan i kyl þann sem þar er fyrer nedan, wr þeim kyl I raudhólenn og retta Siónhendijng i fiall upp, enn wijst hyggur hann, ad Skialldteinstader eige til þessara merkia og wr kylnum eiga þeir ofan i Hofsá ef Landslög ráda skulu.[364]

Í biskupsvísitasíu á Refsstað árið 1677 segir um landamerki Rauðhóla móti Skjaldþingsstöðum:

> Þann 20 Augustj. Laurentij Kirkia ad Refstad á heimaland allt, Raudzhoola land a millj hvors og Skialldtijngsstada greinast landamerkj Raudzhooll hinn Jtrj rettsyniz upp j fiallsgnijpu og rettsynis ofann i Hofs Á videatur visitatio Annj 1669.[365]

Einar Stefánsson, prestur á Hofi, samdi skýrslu, að bón Sveins Pálssonar, um jarðir í Vopnafirði, byggðar og í eyði árið 1794, og er hún dagsett 8. apríl 1795. Þar kemur fram að hjáleigan Rauðshólar í Refsstaðarsókn sé í eyði en ekki er getið hvenær það á að hafa gerst.[366]

Hinn 23. maí 1839 var útbúin lýsing á Hofsprestakalli. Þar segir m.a. um kirkjujarðir:

---

[360] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 167.
[361] Skjal nr. 4 (72).
[362] *Lovsamling for Island* VII, bls. 438–439.
[363] Skjal nr. 2 (262). Undir bréfið skrifa Árni Halldórsson, Villum Jóhannsson, Björn Stefánsson, Þorvaldur Jónsson, Hjalti Jónsson, Magnús Sigfússon líkast til ábúandinn, Ólafur Jónsson, Jóhann Villemsson, Tómas Finnsson og Þorleifur Árnason nöfn sín.
[364] Skjal nr. 2 (263). Undir bréfið skrifa Árni Halldórsson, Tómas Finnsson, Magnús Sigfússon, Björn Stefánsson og Þorleifur Árnason.
[365] Skjal nr. 2 (80) a-b.
[366] Skjal nr. 2 (257). Sveinn Pálsson tók próf í náttúruvísindum við Kaupmannahafnarháskóla 1. júní 1791. Hann ferðaðist um Ísland á árunum 1791–1795 fyrir náttúrufræðifélag Dana og sendi því skýrslur, sbr. Páll Eggert Ólason: *Íslenzkar æviskrár* IV, bls. 372.

> n, Raudsholar hafa ei byggdir verid meir enn 300 ár, eg byggdi þá upp fyri 30 arum, dÿrleika þess Kots hefi eg hvörgi gétad feingid enn - er nu byggt - - 4 hndr. [landsk.] 80 [fiskar] 1 [Kúgildi][367]

Landamerkjum Rauðhóla var þinglýst 14. júlí 1885:

> Að framan sjónhending úr efsta Einbúa í klöpp á „Votabergi“ og þaðan um melshorn utan við Merkigil í gamlan skurð, er vottar fyrir á nesinu niður í Illukelduós; þá ræður Hofsá. Að utan: Sjónhending úr Strákum á Strákatindi um ytra „heystæði“ niður á nesi í Hofsá.[368]

Landamerkjabréfið var samþykkt af Jóni Jónssyni, presti á Hofi, umráðamanni Rauðhóla, P. Guðjohnsen, umboðsmanni eiganda ¾ hluta Svínabakka og E. Eymundssyni, umboðsmanni Skjaldþingsstaða.

Gerð var úttekt á Rauðhólum 2. júlí 1915 vegna væntanlegrar sölu. Þar kemur fram að jörðin liggi undir austurfjöllum Vopnafjarðarhrepps, skammt innan við fjarðarbotninn. Einnig að jörðin nái alveg upp á fjallsbrún. Í úttektinni kemur einnig fram að landamerki jarðarinnar séu útkljáð samkvæmt landamerkjalögum en séu ekki glögg.[369]

Hinn 6. september 1915 mæltist hreppstjórinn, Gunnar H. Gunnarsson, til þess við stjórnarráðið að það fyrirskipaði nýja áreið á landamerki Rauðhóla því að þau væru óljós. Eða eins og segir í bréfi hreppstjórans:

> Því Illukelduós fellur ekki í Hofsá og þá á jörðin hvergi land í Hofsá en einungis í Hesthólmahyl. Þá er fram tekið að Hofsá ráði en neðanvert við hesthólmahyl er hólmi sem Svínabakkar næsta jörð vilja helga sér.[370]

Ábúandi Rauðhóla, Stefán Stefánsson, keypti jörðina af ríkinu 31. júlí 1916. Í kaupsamningnum kemur fram að undanskildir sölunni séu námar sem hafi fundist eða kunna að finnast á jörðinni.[371]

Hinn 28. júlí 1922 var útbúið landamerkjabréf fyrir jörðina Rauðhóla. Það var þinglesið 15. júní 1923:

> Að framan: Úr röðinni fremst á Strákatindi utan við Öskjuna, þaðan í Selhryggjakverk fremst, þaðan beint í efsta Einbúa, úr Efsta Einbúa í merkjavörðu á Votabergi, þaðan í Melshorn utan við Merkigil, þaðan í skurð, er vottar fyrir á nesinu og í Illukelduós og þaðan beint í Hofsá.
>
> Að utan: Sjónhending úr Strákum á Strákatindi um ytra Heystæði niður á nesi, þaðan beint í Hofsá.[372]

---

[367] Skjal nr. 2 (283) a-b.
[368] Skjal nr. 2 (43).
[369] Skjal nr. 2 (233).
[370] Skjal nr. 2 (233).
[371] Skjal nr. 2 (233).
[372] Skjal nr. 2 (44) a-b.

Stefán Stefánsson, eigandi jarðarinnar Rauðhóla, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Stefáni Valdimarssyni, eiganda Vatnsdalsgerðis, Guðmundi Kristjánssyni, eiganda Ásbrandsstaða, Ingólfi Eyjólfssyni, eiganda Skjaldþingsstaða, og Birni V. Methúsalemssyni, eiganda að hluta Svínabakka.

Jarðamatið 1804 segir Refsstaðarkirkjujörðina Rauðhóla fjögur hundruð að dýrleika. Ekki eru nefndir neinir kostir landsins nema útigangur.[373] Jarðamat 1849 nefnir ekki upprekstrarland eða land fyrir afréttarfé. Útheyskapur er töluverður.[374] Samkvæmt fasteignamati 1916–1918 eiga Rauðhólar ekkert upprekstrarland. Sumarhagar eru góðir fyrir nautgripi og hross en sauðfjárhagar í lakara lagi.[375]

Heimildir benda ekki til annars en samfelld búseta hafi verið á Rauðhólum frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðinni verið ráðstafað með hefðbundnum hætti.

## 5.22. Skjaldþingsstaðir

Um Skjaldþingsstaði segja *Sveitir og jarðir í Múlaþingi*:

> Býlisins er ekki getið í fornum bókum [...] Jörðin er kölluð Skjalþing(s)staðir í eldri heimildum [...] og rithættinum Skjal(d)teinsstaðir bregður fyrir. [...]
>
> Land S nær frá Hofsá og á fjöll upp austur í Dalsárdrög. Mörk við Rauðhóla (úr Markúsartótt í Hofsárbakka í Strákatind á fjalli) eru skv. korti nokkurn veginn mitt á milli Rauðhólaár og Skjalþingsstaðaár [...] Syðri-Víkurmörk skammt innan við Litluá.[376]

Skjaldþingsstaðir koma við sögu í kaupbréfi frá 20. október 1539 þar sem Kolbeinn Oddason selur Snorra Árnasyni

> alla sydri wík og skiallteinsstadj j vópnafirdi er ligia j Refsstadar ki(r)k(i)vsokn.[377]

Skjaldþingsstaðir voru sex hundruð að dýrleika, eða fjórðungur úr Syðrivík, samkvæmt kaupbréfi frá 10. maí 1559.[378]

Hús á Skjaldþingsstöðum voru skoðuð og uppskrifuð 8. ágúst 1657. Þar koma einnig fram svohljóðandi takmörk jarðarinnar:

> Landamerke hennar ad utan millum Sidre wikur og hennar Melalækur edur Litla á, edur hvad prófast þui þad er óskyrt, enn ad framan helldur Biskupenn

---

[373] Skjal nr. 2 (221) a-b.
[374] Skjal nr. 2 (164) a-b.
[375] Skjal nr. 2 (58).
[376] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 169.
[377] Skjal nr. 4 (92). Skjaldþingsstaða er getið í bréfi frá 8. maí 1502 í sambandi við atburði er fram fóru 18. apríl 1495 en Árni Magnússon handritasafnari getur þess að klausan þar sem jarðarinnar er getið sé með ungri hendi, sbr. skjal nr. 4 (89).
[378] Skjal nr. 4 (97).

> under Raudhól hinn ytra wera eige, þar til önnur skiöl framm koma, og ofan i kyl þann sem þar er fyrer nedan, wr þeim kyl I raudhólenn og retta Siónhendijng i fiall upp, enn wijst hyggur hann, ad Skialldteinstader eige til þessara merkia og wr kylnum eiga þeir ofan i Hofsá ef Landslög ráda skulu.[379]

Hús í Syðrivík voru skoðuð og uppskrifuð 9. ágúst 1657. Þar er getið landamerkja Skjaldþingsstaða og Syðrivíkur:

> Jardarennar Landamerke [...] enn Inn frá millum Skialldteinstada og Sidre wikur rædur Melalækur ofan wr fialle; og I kylenn, þar ofan undan, þadan I Einbuar ofan I Hofsá, rædur hun wt ad sande [...] [380]

Í biskupsvísitasíu á Refsstað árið 1677 segir um landamerki Rauðhóla móti Skjaldþingsstöðum:

> Þann 20 Augustj. Laurentij Kirkia ad Refstad á heimaland allt, Raudzhoola land a millj hvors og Skialldtijngsstada greinast landamerkj Raudzhooll hinn Jtrj rettsyniz upp j fiallsgnijpu og rettsynis ofann i Hofs Á videatur visitatio Annj 1669.[381]

Hinn 11. júlí 1890 var útbúið landamerkjabréf fyrir jörðina Skjaldþingsstaði. Því var þinglýst sama dag:

> Að framan milli Skjalþingsstaða og Rauðhóla, ráða Strákar á Strákatindi, þaðan bein lína í Markúsarheystæði í Lambhaga og þaðan beint í Hofsá. -
>
> Að utan milli Skjalþingsstaða og Syðri-Víkur skal taka beina línu úr Einbúa í fjallsbrún, þannig að tveir hlutir landsstykkis þess sem eru á milli Litluár og Melalækjar tilheyri Skjalþingsstöðum en einn hluti þess Syðri-Vík, og skal varða landamerki á því svæði. Frá Einbúa ræður bein lína í Hofsá.[382]

P. V. Davíðsson skrifaði undir eftir fullmakt fyrir eiganda Skjaldþingsstaða, Ó. A. Stefánsdóttur. Einnig skrifuðu undir Jóhannes Jóhannesson, eigandi að 5/6 úr jörðinni Syðrivík, og V. Sigfússon, eigandi að 1/6 úr Syðrivík.

Landamerkjabréf fyrir Syðrivík er frá sama degi og ber bréfunum saman um landamerki við Skjaldþingsstaði.[383]

Nýtt landamerkjabréf fyrir Skjaldþingsstaði var útbúið 31. júlí 1922 og þinglesið 15. júní 1923:

---

[379] Skjal nr. 2 (263). Undir bréfið skrifa Árni Halldórsson, Tómas Finnsson, Magnús Sigfússon, Björn Stefánsson og Þorleifur Árnason.

[380] Skjal nr. 2 (264). Undir bréfið skrifa Tómas Finnsson, Árni Halldórsson, Þorleifur Árnason, Björn Stefánsson og Sigurður Guðnason nöfn sín. Jafnframt kemur fram í bréfinu að ábúandinn er Jón Þórðarson.

[381] Skjal nr. 2 (81) a-b.

[382] Skjal nr. 2 (45).

[383] Skjal nr. 2 (47) a-b.

> Að framan milli Skjalþingsstaða og Rauðhóla ráða Strákar á Strákatindi, þaðan bein lína í Markúsarheystæði í Lambhaga og þaðan beint í Hofsá, eins og hún rennur nú.
>
> Að utan, milli Skjalþingsstaða og Syðri-Víkur skal taka beina línu úr Einbúa á fjallsbrún, þannig að tveir hlutar landsstykkis þess, sem er á milli Litluár og Melalækjar, tilheyri Skjalþingsstöðum, en einn hluti þess Syðri-Vík og skal varða landamerki á því svæði. Frá Einbúa ræður bein lína í Hofsá, eins og hún rennur nú.[384]

Ingólfur Eyjólfsson, eigandi jarðarinnar Skjaldþingsstaða, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Stefáni Valdimarssyni, eiganda Vatnsdalsgerðis, Steindóri Kristjánssyni, eiganda Syðrivíkur, og Stefáni Stefánssyni, eiganda Rauðhóla.

Jarðamatið 1804 getur engra kosta til lands á sjálfseignarjörðinni Skjaldþingsstöðum sem máli skipta hér. Jörðin er sögð sex hundruð.[385] Skjaldþingsstaðir hafa allgóðan útheyskap samkvæmt jarðamatinu 1849.[386] Samkvæmt fasteignamati Norðður-Múlasýslu 1916–1918 eiga Skjaldþingsstaðir ekkert upprekstrarland. Sumarhagar eru góðir fyrir nautgripi og hross.[387]

Heimildir benda ekki til annars en samfelld búseta hafi verið að Skjaldþingsstöðum frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins frá árinu 1890 hefur jörðinni verið ráðstafað með hefðbundnum hætti.

### 5.23. Krossavík

*Sveitir og jarðir í Múlaþingi* segja um Krossavík:

> Fyrr á öldum var jörðin í eigu ýmissa höfðingja, svo sem Jóns biskups Arasonar um 1530, að talið er, og um 1777 setur Guðmundur Pétursson sýslumaður bú í K. Hann og afkomendur hans áttu jörðina til 1893 [...]
>
> K er á suðausturströnd Vf. gegnt kauptúninu á Kolbeinstanga. Mörk við Syðri-Vík eru við Marklæk ofan af Krossavíkurbungu [...] Mörk við Vindfell eru við Gljúfursá frá Árvík við sjó og suður Gljúfursárdal að baki Krossavíkurfjalla. Landið markar þríhyrning á korti og strandlengjan er um 6 km utar víkum og vogum. [...]
>
> Í F ´18 segir að jörðin eigi ekkert upprekstrarland, og að vísu á hún ekki land að víðáttumiklum heiðum. [...] Sumarhagar eru einnig góðir fyrir alla gripi, en munu hafa þótt fullþröngir fyrir margt fé [...]

---

[384] Skjal nr. 2 (46) a-b.
[385] Skjal nr. 2 (221) a-b.
[386] Skjal nr. 2 (164) a-b.
[387] Skjal nr. 2 (58) a-b.

Nú er öllu landi skipt milli K I og K II, en milli K I og Hellisfjörubakka er einungis skipt túni og ræktunarlandi.[388]

Samkvæmt *Landnámu* nam Lýtingur Vopnafjarðarströnd alla hina eystri, Böðvarsdal og Fagradal og bjó í Krossavík.[389]

Í máldagasafni Vilkins biskups frá 1397 er að finna máldaga Krossavíkur en þar kemur ekkert fram um land kirkjunnar.[390]

Afrit var tekið af þremur vitnisburðum um landamerki Syðrivíkur móti Krossavík í Skálholti 1661 og er þá að finna í bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar. Fyrsti vitnisburðurinn er frá miðvikudegi næstum fyrir Þorláksmessu 1643 en þar segist Eiríkur Kolbeinsson vera 54 ára gamall og hafa dvalið allan sinn aldur í Vopnafirði að tveimur árum undanskildum er hann var á Bakka á Ströndum. Eiríkur segist

> alldrei heyrt annad enn Sydriwik ætti I marklæk hid Efra enn ad Grenjum hid nedra, allt thil þess Salugi Tumi Jonsson kom thil krossauikur, og alldrei umm alla mina daga hefi eg heyrt Greni kollud, milli krossauijkur og Sydriuijkur nema fyrer utan Hrúthaga, og thad plass sem hvalenn rak næsta fyrer farandi Wetur I Sama mata hafa Sydrevikur abuendur allann adurnefndann tima nytkad og brukad land og Reka ad greindum takmörkum, thil fialls og fiöru effter þvi Sem eg heyrt hefi ad þeim hafi Wered bygt ...[391]

Næstur er vitnisburður Þorljóts Sturlasonar sem segist 67 ára gamall og hafa dvalið allan þann tíma í Vopnafirði að frátöldum átta árum á Skeggjastað. Í vitnisburðinum, sem er frá árinu 1643, kemur fram að hann hafi

> [...] aldrei heyrt annad enn Sydreujk ætte I Marklæk hid efra, enn ad grenjum hid Nedra, allt thar thil Saluge Tumi Jonsson kom thil Krossaujkur, og alldrej umm alla Mina æfi hefi eg heyrt Milli Sydriujkur og krossauikur greni kollud Nema fyrer utan Hrúthaga, Og þad plass sem hvalenn rak a næsta fyrerfarandi Wetur Somuleidis hafa Sydreujkur abuendur, allann adur nefndann tima nytkad og brukad land og Reka ad adurgreindum takmorkum, til fjalls og fjöru effter þui sem eg heyrt hefi ad þeim hafi bygt wered ...[392]

Síðasti vitnisburðurinn er frá miðvikudeginum næsta fyrir Þorláksmessu 1643 en þar segist Magni Gíslason vera 52 ára gamall og hafa dvalið nítján ár í Vopnafirði og sjö í Viðvík og

> ei annad heyrt ne Witad enn Sydriujkur abuendum hafi bygt Wered ut ad grenium hid nedra Enn I Marklæk hid efra allann adurnefndann tima, Og alldrei hefi eg heyrt greni kollud Milli Sydrivikur og krossavikur nema fyrer utann Hruthaga, og fyrer utann þad plass sem hvalenn rak á fyrer farandi

---

388 *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 173–174.
389 Skjal nr. 4 (106), bls. 292.
390 Skjal nr. 4 (76).
391 Skjal nr. 2 (177). Vottar að vitnisburði Eiríks voru þeir Ólafur Magnússon og Jón Jónsson.
392 Skjal nr. 2 (177). Rafn Eiríksson og Jón Jónsson voru vottar að vitnisburði Þorljóts.

Wetri, War eg tuo ár buandi I Sydre Wik, og War mier bigdt ad greindum takmorkum I huor eg eirnenn hiellt.[393]

Við skoðun á húsum í Syðrivík 9. ágúst 1657 er getið landamerkja móti Krossavík:

Jardarennar Landamerke hid ytra millum Krossa wíkur og Sidre Wíkur i Marklæk hid efra, enn ad Grenjum hid nedra.[394]

Hús á Vindfelli (Vindfullu) voru skoðuð og uppskrifuð 11. ágúst 1657. Þar ákveður Brynjólfur biskup Sveinsson landamerki á milli Krossavíkur og Vindfells sem menn hafði greint á um. Takmörk jarðarinnar voru svohljóðandi:

Landamerke Jardarennar ad Innan rædur gliufursá millum fialls og fiöru millum Krossa wíkur og Windfellz, enn ad utan millum Eyvindarstada og Windfellz, er merke ad Griótgördum enn þeir eru tveir og hefur ágreint, hvort sá ytre edur Innre skyllde merkium ráda, leggur nu Biskupenn sem bádar Jardernar á þad atkvæde á, ad Windfell eige land, wti ytre grjótgardenn.[395]

Haldinn var árangurslaus sáttafundur milli eigenda Krossavíkur og Syðrivíkur um landamerki téðra jarða 21. júní 1884. Því var málinu vísað til dóms.[396]

Hinn 19. september 1884 setti sýslumaðurinn, Einar Thorlacius, aukarétt að Vopnafjarðarkaupstað. Þangað voru mættir út af landamerkjaágreiningi Vigfús Sigfússon kaupmaður fyrir eigin hönd og vegna meðeiganda sinna að Syðrivík og hins vegar Guttormur Þorsteinsson og Runólfur Magnússon sem mætti einnig fyrir sameiganda þeirra Ólöfu Stefánsdóttur. Sóknaraðili gerði þá kröfu að:

landamerki milli Syðrivíkur og Krossavíkur sé hinn svo nefndi Marklækur úr fjalli ofan niður að Marklækjarvaði, þar sem mannaverk byrja á læknum, síðan ráði bein lína eptir sjónhendingu framarlega á Grenisöxl í sjó niður.[397]

Krafa varnaraðila var hins vegar svohljóðandi:

að landamerkjalínan verði bein lína úr gili við sjóinn í upptök lækjarins í fjallinu, eða þá að Marklækurinn ráði eins og hann nú er úr fjalli og í sjó niður.[398]

Því næst voru átta menn nefndir í dóm og ruddu málsaðilar tveimur mönnum hvor úr honum. Að því búnu var ákveðið að merkjagangan skyldi fara fram daginn eftir.

---

[393] Skjal nr. 2 (177). Ólafur Magnússon og Jón Jónsson voru vottar að vitnisburði Magna.
[394] Skjal nr. 2 (264). Undir bréfið skrifa Tómas Finnsson, Árni Halldórsson, Þorleifur Árnason, Björn Stefánsson og Sigurður Guðnason nöfn sín. Jafnframt kemur fram í bréfinu að ábúandinn er Jón Þórðarson.
[395] Skjal nr. 2 (265). Undir bréfið skrifa Jón Jónsson, ábúandi jarðarinnar, Hjalti Jónsson, Árni Halldórsson, Sigurður Guðnason, Björn Stefánsson, Þorleifur Árnason og Pétur Rafnsson.
[396] Skjal nr. 2 (231) a-b.
[397] Skjal nr. 2 (223) a-b.
[398] Skjal nr. 2 (223) a-b.

Rétturinn var settur aftur að Syðrivík degi síðar, eða 20. september, og eftir að dómsmenn höfðu svarið eið skýrði sýslumaðurinn þeim frá því um hvað ágreiningurinn stæði og svo var gengið á landamerki. Að aflokinni merkjagöngu skýrðu dómsmenn frá því hvernig þeim þætti eðlilegast að landamerkjalínan lægi og var gerð eftirfarandi sátt á milli málsaðila:

> Landamerki milli jarðanna Syðrivíkur og Krossavíkur skulu hér eptir vera þessi: Marklækur úr fjalli ofan niður að svo nefndu Marklækjarvaði, þaðan bein lína eptir sjónhendingu í vörðu framarlega á svo nefndri Grenisöxl, þaðan í aðra vörðu niður undir sjó (við Klappargats fjöru) fyrir utan Þorsteins höfn og ber að setja landamerki þar eptir.[399]

Málsaðilar skrifuðu undir sáttargerðina, auk sýslumanns og dómsmanna.

Landamerkjabréf Krossavíkur 11. júlí 1890 (þinglesið sama dag) er byggt á áðurnefndri sáttargerð frá 1884:

> Að framan milli Krossavíkur og Syðri-Víkur þar ræður Marklækur ofan að vaði; þaðan bein lína í vörðu á Öxlinni; þaðan bein lína í sjó.
>
> Að utan milli Krossavíkur og Vindfells ræður Gljúfursá frá fjalli til fjöru.[400]

P. V. Davíðsson, umboðsmaður O. Stefánsdóttur, eiganda $^{1}/_{3}$ Krossavíkur, skrifaði undir bréfið, og samþykkti það einnig sem eigandi þriðjungs úr Krossavík. Landamerkjabréfið var einnig samþykkt af Jóhannesi Jóhannessyni (eiganda að 5/6 úr Syðrivík), M. og S. Jósefssonum (eigendum Vindfells), V. Sigfússyni eiganda að 1/6 úr Syðrivík, og Guttormi Þorsteinssyni en hann átti þriðjung í Krossavík.

Landamerki á milli Krossavíkur I og II voru skráð 26. ágúst 1959 og þinglesin árið eftir:

> Úr Grímsgjá í Tjaldstein, úr Tjaldsteinibeina línu í miðjan fjóshlöðuvegg í Krossavík I. Þaðan í bæjarlæk á milli íbúðarhúsa Krossavíkur I og Krossavíkur II. Þaðan sjónhending í norðurenda klappar ofan Neðri Rauðár. Þaðan í Rauðárós.
>
> ++ ++ ++
>
> Það skal tekið fram, að ábúendum Krossavíkur I og ábúendum nýbýla, sem þar kunna að rísa upp, er heimilt að fá engjar til slægna í landi Krossavíkur II næstu 5 ár, ef þeir óska þess.
>
> Reka og öðrum hlunnindum jarðanna er óskift.

---

[399] Skjal nr. 2 (224) a-b. Haldinn var sáttafundur um þetta mál á Hofi 21. júní 1884 án þess að sættir næðust. Þar má sjá að Jóhannes Jóhannesson á Syðrivík átti hlut í jörðinni og sáttaboð Syðrivíkurmanna sem Krossavíkurmenn höfnuðu, sbr. skjal nr. 2 (231) a-b.

[400] Skjal nr. 2 (48) a-b.

> Var skiftum þar með lokið og undirrita hlutaðeigendur gjörð þessa henni til staðfestingar.[401]

Undir skrifuðu Sigmar Jörgensson, Frímann Jakobsson, Friðrik Sigurjónsson, Sigurður Pétursson og Páll Methúsalemsson.

Sjálfseignarjörðin Krossavík er sögð 30 hundruð að dýrleika með tveimur eyðihjáleigum í jarðamatinu 1804. Engir kostir til lands eru taldir nema útigangur.[402]

Í jarðamatinu frá 1849 kemur fram að jörðinni Krossavík fylgi afbýlið Hellisfjörubakkar. Ekkert er minnst á upprekstur. Útheyskapur er góður og nærtækur.[403]

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 er tveimur köflum varið í umfjöllun um Krossavík. Í öðrum er fjallað um 2/3 hluta jarðarinnar en í hinum 1/3 hluta hennar. Í kaflanum um 2/3 hlutana stendur að finna megi dálítinn heyskap, sem sé nokkuð langsóttur, í bithögum og jörðin hafi eitt sinn átt selfarar- og viðarítak í Böðvarsdal. Í báðum köflunum stendur síðan að jörðin eigi ekkert upprekstrarland og sumarhagar séu ágætir fyrir nautgripi og hesta.

Í fasteignamatinu frá 1916–1918 er kafli um Hellisfjörubakka. Þar kemur fram að í jarðamatinu 1861 er býlið skráð sem afbýli frá Krossavík. Þar segir einnig að jörðin hafi ekkert upprekstrarland og landamerki hennar séu þau sömu og Krossavíkur. Sumarhagar fyrir nautgripi og hross eru góðir.[404]

Heimildir benda ekki til annars en samfelld búseta hafi verið í Krossavík frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins frá árinu 1890 hefur jörðinni verið ráðstafað með hefðbundnum hætti.

## 5.24. Vindfell

Eftirfarandi er í *Sveitum og jörðum í Múlaþingi*:

> Jörðin hefur jafnan verið bændaeign [...]
>
> V er nv. fjalls þess, er bærinn dregur nafn af. Mörk við Krossavík eru við Gljúfursá en við Eyvindarstaði um vatnaskil á Vindfellinu út í Merkiklett á hálsenda og þaðan beina línu í sjó við Refsstaðarbás.
>
> [...] en á Gljúfursárdal eru uppgrónar skriður einkennandi. Þar eru rústir, líklega sels, á Seltorfu. [...]
>
> Engjar voru fremur reytingssamar um fellið og í framlandi.[405]

---

[401] Skjal nr. 2 (49).
[402] Skjal nr. 2 (221) a-b.
[403] Skjal nr. 2 (164) a-b.
[404] Skjal nr. 2 (58) a-b.
[405] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 178–179.

Í máldaga Refsstaðarkirkju frá því um 1367 er fyrst minnst á Vindfellsland (Vindfulluland) en kirkjan átti þar reka.[406]

Hús á Vindfelli (Vindfullu) voru skoðuð og uppskrifuð 11. ágúst 1657. Þar ákveður Brynjólfur biskup Sveinsson landamerki á milli Krossavíkur og Vindfells sem menn hafði greint á um. Takmörk jarðarinnar eru svohljóðandi:

> Landamerke Jardarennar ad Innan rædur gliufursá millum fialls og fiöru millum Krossa wíkur og Windfellz, enn ad utan millum Eyvindarstada og Windfellz, er merke ad Griótgördum enn þeir eru tveir og hefur ágreint, hvort sá ytre edur Innre skyllde merkium ráda, leggur nu Biskupenn sem bádar Jardernar á þad atkvæde á, ad Windfell eige land, wti ytre grjótgardenn ...[407]

Sama dag voru hús á Eyvindarstö-ðum skoðuð og takmörk jarðarinnar ákveðin með eftirfarandi hætti:

> Landamerke Jardarennar wr grjótgard ytra riettsynis uppi fiall, og wr þeim griótgarde med Siónum wti Bodvarzdalsá, rædur hun so framm effter öllum dal I fiöll upp framm yfer alla afriett, og so wt effter fiallgardenum til fyrstu Siónhendíngar i Griótgardenn.[408]

Brynjólfur Sveinsson biskup var staddur í Böðvarsdal í Vopnafirði 23. ágúst 1663 og voru landamerki á milli Eyvindarstaða og Vindfells sett eftir skikkun hans. Þar kemur eftirfarandi fram:

> Brynjólfur Sweinsson ad Skalhollti medkennist med þessu brefi og undirskrifudu nafni ad eg hefi formerkt ad fyrer mier hafi adur rangliga underrettad werid umm Landamerki millum Jarda minna Windfells og Eyvindarstada I Woknafirdi, þar willt hefur werid um griótgarda Nöfnin sem merkium ráda wid sioenn millum greindra Jarda, enn adur hafa Jafnliga halldinn werid merki þessara Jarda I mille, I Grótgard þann Innra þad menn kunna ad minnast I tid Biarna saluga Einarssonar, allt til þess, eg okunnugur war þar ödruwise um talinn. Þwi skicka eg nu þar eg Weit sannari rök merkianna Jordunne Eywindarstodum þau fornu merki og alla brukun hennar ábuanda Inn I grótgardenn Innra, og þau rett merki seigiandi millum greindra Jarda, Eywindarstada og Windfells, fyrerbiódandi her á móte ad göra.[409]

Hinn 7. ágúst 1669 byggði Brynjólfur biskup Sveinsson Jóni Jónssyni jörðina Vindfell í Vopnafirði, sex hundruð að dýrleika, með eftirfarandi takmörkum:

---

[406] Skjal nr. 4 (72).
[407] Skjal nr. 2 (265). Undir bréfið skrifa Jón Jónsson ábúandi jarðarinnar, Hjalti Jónsson, Árni Halldórsson, Sigurður Guðnason, Björn Stefánsson, Þorleifur Árnason og Pétur Rafnsson.
[408] Skjal nr. 2 (266). Undir bréfið setja eftirfarandi aðilar nöfn sín: Þorljótur Sturlason ábúandi jarðarinnar (handsalar), Árni Halldórsson, Þorleifur Árnason, Björn Stefánsson og Sigurður Guðnason.
[409] Skjal nr. 2 (183).

> Ur Glifurz á, og ut I Griotgard hinn ytra uppa Hahals, sem Wötn meiga falla, og ofann I Sió[410]

Skrifað var undir landamerkjabréf fyrir Vindfell 23. júní 1884 og þinglesið degi síðar:

> Landamerki fyrir Vindfelli í Vopnafirði: Að utan er Klafastapi sem stendur niður undan ytri grjótgarði upp í Stórusteinsvörðu, sem stendur í norðurbrún fjallsenda, úr þeirri vörðu inn hæstu urðir að Vesturkvísl fyrir utan Lambadalsveg; að innan skilur Gljúfursá á milli Krossavíkur og Vindfells.[411]

Undir bréfið skrifuðu Stefán Jósefsson, Methúsalem Jósefsson, G. Þorsteinsson og Friðrik Sigurðsson. (Stefán og Methúsalem munu hafa verið fyrir Vindfell, G. Þorsteinsson fyrir Krossavík en Friðrik Sigurðsson fyrir Eyvindarstaði.)

Hinn 2. ágúst 1922 var útbúið landamerkjabréf fyrir Vindfell. Það var þinglesið 15. júní 1923:

> Lönd að Vindfellslandi eiga aðeins 2 jarðir, Eyvindarstaðir að utan og austan, en Krossavík að innan.
>
> Milli Krossavíkur og Vindfells ræður merkjum Gljúfursá, alla leið úr Gljúfursárdalsbotni til sjávar. En milli Eyvindarstaða og Vindfells ræður merkjum að utan svo kallaður Miðgrjótgarður, sem liggur frá sjó fyrir utan Refsstaðabás. Úr fyrnefndum grjótgarði beina línu austur, á hornmerki að utan og austan á Vindfellsfjalli. Þaðan svo inn urðir eftir miðju háfjalli (Vindfellsfjalli) alla leið inn að Krossavíkurlandi.[412]

Ólafur Sæmundsson skrifaði undir fyrir Vindfell. Landamerkjabréfið var samþykkt af Þorbjörgu Jónatansdóttur vegna Eyvindarstaða og Jörgen Sigfússyni vegna Krossavíkur.

Engir kostir til lands eru taldir á sjálfseignarjörðinni Vindfelli í jarðamati 1804 en jörðin sögð SEX hundruð.[413] Samkvæmt jarðamatinu frá 1849 á Vindfell „afrétt“ fyrir sig. Útheyskapur er lítill.[414] Í fasteignamatinu 1916–1918 kemur fram að Vindfell hafi nægilegt upprekstrarland. Jörðin hefur sumarhaga og sauðland. Hún verður fyrir nokkrum ágangi af afréttarfé.[415]

Heimildir benda ekki til annars en samfelld búseta hafi verið á Vindfelli frá því að jarðarinnar er fyrst getið og þar til hún fellur úr ábúð árið 1970. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins frá árinu 1884 hefur jörðinni verið ráðstafað með hefðbundnum hætti.

---

[410] Skjal nr. 2 (194). Auk Brynjólfs biskups og Jóns skrifa Ólafur Jónsson, Jón Ólafsson, Þorsteinn Gunnarsson og Gísli Eiríksson undir bréfið.
[411] Skjal nr. 2 (50).
[412] Skjal nr. 2 (52).
[413] Skjal nr. 2 (221) a-b.
[414] Skjal nr. 2 (164) a-b.
[415] Skjal nr. 2 (58) a-b.

Hinn 21. desember árið 1995 var kveðinn upp eignardómur í Héraðsdómi Austurlands í máli nr. E-139/1995. Í dómsorði segir svo: „Viðurkenndur er óskiptur eignarréttur Guðmundar Leifssonar kt. [...], og Ólafs Leifssonar kt. [...], að jörðinni Vindfelli í Vopnafirði, ásamt öllum húsum, mannvirkjum og réttindum sem jörðinni fylgja“ í tilteknum eignarhlutföllum.

### 5.25. Eyvindarstaðir

*Sveitir og jarðir í Múlaþingi* segja:

> E. hafa jafnan verið bændaeign. Bærinn er í Böðvarsdal vestan árinnar, sem heitir Dalsá, og stendur um 2 km frá sjó með ána á aðra hlið, en Vindfellið, sem raunar kallast Vindfellsfjall (740 m), á hina. Mörk við Vindfell (sjá þar) eru um vatnaskil á fjalli. Dalsá skiptir löndum milli E og Böðvarsdal inn til innstu draga, en hann nær 16-17 km suður í fjöll.
>
> [...] Afrétt er í landi jarðarinnar, Eyvindarstaðaafrétt, smöluð á 7-9 stundum af 2-3 mönnum, fótgangandi, því að hestum verður ekki komið við vegna bratta.[416]

Eyvindarstaða er getið í *Vopnfirðinga sögu* sem talin hefur verið rituð einhvern tíma á öðrum fjórðungi 13. aldar.[417]

Hinn 23. ágúst 1654 fóru fram jarðaskipti á milli Brynjólfs biskups Sveinssonar og hjónanna Ólafs eldra Ketilssonar og Sesselju Torfadóttur. Torfi Einarsson, faðir Sesselju, hafði lofað biskupi fyrstum manna kaupum á jörðinni Eyvindarstöðum, sex hundruðum að dýrleika, fyrir aðra fastaeign og höfðu þeir gert með sér bréflegan gjörning um það. Af þessum sökum fékk Ólafur, með samþykki konu sinnar sem hafði fengið jörðina að gjöf frá föður sínum, biskupi jörðina Eyvindarstaði með:

> ollum þeim gögnum og giædum til fialls og fiöru Lands og siafar sem fyrrskrifadre Jordu fylgia og fylgia eiga ad fornu og niju.[418]

Hús á Eyvindarstöðum voru skoðuð og uppskrifuð 11. ágúst 1657. Þar upplýsist að dýrleiki jarðarinnar er sex hundruð og um takmörk hennar kemur eftirfarandi fram:

> Landamerke Jardarennar wr grjótgard ytra riettsynis uppi fiall, og wr þeim griótgarde med Siónum wti Bodvarzdalsá, rædur hun so framm effter öllum

[416] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 180.
[417] *Austfirðinga sögur*, bls. 60 og XXVII.
[418] Skjal nr. 2 (169). Undir bréfið skrifa auk Ólafs og Brynjólfs biskups Halldór Jónsson, Hjalti Jónsson, Hannes Björnsson og Gísli Vigfússon.

> dal I fiöll upp framm yfer alla afriett, og so wt effter fiallgardenum til fyrstu Siónhendíngar i Griótgardenn.[419]

Við húsaskoðun á Vindfelli sama dag ákvað Brynjólfur biskup Sveinsson landamerki Vindfells móti Krossavík og Eyvindarstöðum:

> Landamerke Jardarennar ad Innan rædur gliufursá millum fialls og fiöru millum Krossa wíkur og Windfellz, enn ad utan millum Eyvindarstada og Windfellz, er merke ad Griótgördum enn þeir eru tveir og hefur ágreint, hvort sá ytre edur Innre skyllde merkium ráda, leggur nu Biskupenn sem bádar Jardernar á þad atkvæde á, ad Windfell eige land, wti ytre grjótgardenn ...[420]

Brynjólfur Sveinsson biskup var staddur í Böðvarsdal í Vopnafirði 23. ágúst 1663 og voru landamerki á milli Eyvindarstaða og Vindfells sett eftir skikkun hans:

> Brynjólfur Sweinsson ad Skalhollti medkennist med þessu brefi og undirskrifudu nafni ad eg hefi formerkt ad fyrer mier hafi adur rangliga underrettad werid umm Landamerki millum Jarda minna Windfells og Eyvindarstada I Woknafirdi, þar willt hefur werid um griótgarda Nöfnin sem merkium ráda wid sioenn millum greindra Jarda, enn adur hafa Jafnliga halldinn werid merki þessara Jarda I mille, I Grótgard þann Innra þad menn kunna ad minnast I tid Biarna saluga Einarssonar, allt til þess, eg okunnugur war þar ödruwise um talinn. Þwi skicka eg nu þar eg Weit sannari rök merkianna Jordunne Eywindarstodum þau fornu merki og alla brukun hennar ábuanda Inn I grótgardenn Innra, og þau rett merki seigiandi millum greindra Jarda, Eywindarstada og Windfells, fyrerbiódandi her á móte ad göra.[421]

Jafnframt því að byggja Jóni Jónssyni Vindfell í Vopnafirði með bréfi frá 7. ágúst 1669 fékk Brynjólfur biskup honum byggingarráð fyrir Eyvindarstöðum með eftirfarandi takmörkum:

> ur griotgarde hinum ytra, og rettsynis uppa Háháls og ut I Bodvarzdalzá, og so upp effter henne, i Hafioll sem Wötn meiga deila.[422]

Hinn 23. júní 1884 var skrifað undir landamerkjabréf Eyvindarstaða og því þinglýst daginn eftir. Samkvæmt bréfinu eru mörkin þessi:

> Landamerki jarðarinnar Eyvindarstaða eru: Dalsá að austan og utan; að norðan í Klafastapa, sem stendur niður undan ytri Grjótgarði upp í Stóru steins vörðu; að sunnan er Lambadalsvegur.[423]

Undir bréfið skrifa Friðrik Sigurðsson (væntanlega bóndi á Eyvindarstöðum) og Stefán Jósefsson (frá Vindfelli).

---

[419] Skjal nr. 2 (266). Undir bréfið setja eftirfarandi aðilar nöfn sín: Þorljótur Sturlason ábúandi jarðarinnar (handsalar), Árni Halldórsson, Þorleifur Árnason, Björn Stefánsson og Sigurður Guðnason.
[420] Skjal nr. 2 (265). Undir bréfið skrifa Jón Jónsson ábúandi jarðarinnar, Hjalti Jónsson, Árni Halldórsson, Sigurður Guðnason, Björn Stefánsson, Þorleifur Árnason og Pétur Rafnsson.
[421] Skjal nr. 2 (183).
[422] Skjal nr. 2 (194).
[423] Skjal nr. 2 (53).

Landamerkjabréf Vindfells frá sama degi segir mörk jarðanna:

> Að utan er Klafastapi sem stendur niður undan ytri grjótgarði upp í Stórusteinsvörðu, sem stendur í norðurbrún fjallsenda, úr þeirri vörðu inn hæstu urðir að Vesturkvísl fyrir utan Lambadalsveg.[424]

Samkvæmt landamerkjabréfi fyrir Böðvarsdal, Fagradal og Eyvindarstaði frá árinu 1884 skilur Böðvarsdalsá milli Eyvindarstaða og Böðvarsdals.[425]

Böðvarsdalsá er einnig sögð vera í mörkum milli Eyvindarstaða og Böðvarsdals í landamerkjabréfi Böðvarsdals frá 7. júlí 1922.[426]

Landamerkjabréf Vindfells árið 1922 segir:

> Lönd að Vindfellslandi eiga aðeins 2 jarðir, Eyvindarstaðir að utan og austan, en Krossavík að innan.
>
> [...] En milli Eyvindarstaða og Vindfells ræður merkjum að utan svo kallaður Miðgrjótgarður, sem liggur frá sjó fyrir utan Refsstaðabás. Úr fyrnefndum grjótgarði beina línu austur, á hornmerki að utan og austan á Vindfellsfjalli. Þaðan svo inn urðir eftir miðju háfjalli (Vindfellsfjalli) alla leið inn að Krossavíkurlandi.[427]

Þessi mörk voru samþykkt af umráðamönnum Vindfells og Eyvindarstaða.

Sjálfseignarjörðin Eyvindarstaðir er sögð sex hundruð að dýrleika í jarðamati 1804. Jörðin á „afrétt“ sem metinn er á 22 álnir.[428]

Samkvæmt jarðamatinu frá 1849 eiga Eyvindarstaðir „afrétt“ fyrir sig og geta tekið af öðrum 100 fjár. Engjar eru fremur litlar og verða fyrir skriðuföllum.[429]

Fasteignamat Norður-Múlasýslu, sem samið var á árunum 1916-1918, segir upprekstrarland á Eyvindarstöðum nægilegt fyrir afréttarfé ábúanda og hafi sú „afrétt“ verið lítið eitt notuð af öðrum en tekjurnar ekki teljandi. Engjar eru á víð og dreif, sumar mjög langsóttar, og smalamennska er erfið. Jörðin hefur ágæta sumarhaga.[430]

Samkvæmt landakorti virðast mörk Sleðbrjóts í Jökulsárhlíð og Eyvindarstaða geta legið saman. Nánar er fjallað um landamerki Sleðbrjóts í kaflanum um Egilsstaði.

Heimildir benda ekki til annars en samfelld búseta hafi verið að Eyvindarstöðum frá því að jarðarinnar er fyrst getið og þar til hún fellur úr ábúð árið 1984. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins frá árinu 1884 hefur jörðinni verið ráðstafað með hefðbundnum hætti.

---

[424] Skjal nr. 2 (50).
[425] Skjal nr. 2 (54).
[426] Skjal nr. 2 (55).
[427] Skjal nr. 2 (52).
[428] Skjal nr. 2 (221) a-b.
[429] Skjal nr. 2 (164) a-b.
[430] Skjal nr. 2 (58) a-b.

## 5.26. Böðvarsdalur

Svohljóðandi lýsing er í *Sveitum og jörðum í Múlaþingi*:

> Samnefndur eru dalur og bær, og er dalsins getið í Vopnfirðingasögu o.fl. fornsögum, einnig í Landnámu sem hluta af landnámi Lýtings. Á söguöld virðist bær einn eða fleiri hafa staðið innar í dalnum [...] og eru að vísu seljaörnefni inni í dalnum, Laugasel og Frökkusel [...]
>
> Landamörk B og Eyvindarstaða eru við Dalsána, en að utan eru mörk við Fagradal frá sjó að telja: Gufulækur, sem steyptist fram undan Gufuhæð og frá hæðinni að Heiðarhnúk (699 m) eftir austurbrún Búrsins, síðan eftir Seldalsfjalli og á hreppamörk austur af Seldal. [...] Suður af Frökkufjalli er enn hálendissvæði með skriðum, urðum og grasgeirum, þar er Yxnadalur með samnefndri á og hæst í landi B Yxnadalstunga 882 m. Landið nær suður undir Selskarð upp af Sleðbrjótsseli í Hlíð.[431]

Böðvarsdals er getið í rekaskrá Skálholtsstaðar sem talin er vera frá því um 1270.[432]

Hinn 27. nóvember 1602 í Breiðdal voru fjórir menn viðstaddir er Kolbeinn Oddsson seldi séra Einari Sigurðssyni, í umboði sonar síns, Odds Skálholtsbiskups, föðurleifð sína hálfan Böðvarsdal sem var tólf hundruð að dýrleika. Kolbeinn seldi jörðina:

> undann sier og sinum erfingium enn under Herra Odd Einarsson og hans erfingia: med aullum þeim gögnum og giædum sem greindre hálfre jördu fylger og fylgt hefur ad fornu og nyiu bæde til fialls og fioru: sem hann vard fremst eigande ad epter sinn födur: til riettra laga skipta vid sinn samborinn bródur Gudbrand Oddsson: innan þessara tilgreindra takmarka: vt ad Gufugiá og inn ad Griótgördum: ad öllu þui tilskildu sem i lögmalenu skipar ad tilskiled skule vera i riettum jardakaupum.[433]

Hús á Svínabökkum voru skoðuð og uppskrifuð 8. ágúst 1657. Þar er getið landamerkja sem virðast að nokkru liggja móti Böðvarsdal:

> Landamerke Jardarennar ad framan millum Refstadar og Svínabacka Wr Selá, sem áen rennur ofan i Hofsá og so upp effter henne so sem hun rennur ofan effter Lambadal uppi fiall á mótz wid Bödvarsdal [...][434]

---

[431] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 182.
[432] Skjal nr. 4 (70).
[433] Skjal nr. 2 (217). Bréfið var skrifað upp að forlagi Árna Magnússonar í Skálholti 2. júní 1712 og votta fjórir menn að rétt sé skrifað eftir frumritinu. Þess er jafnframt getið að frumritið var kálfskinnsbréf með fjórum hangandi innsiglum, heilum og læsilegum. Árni segist hafa gefið Birni Péturssyni á Bustarfelli frumritið árið 1724 og getur þess jafnframt að það hafi verið skrifað með forgóðri hendi sem hann telur að hafi verið hönd Gissurar Gíslasonar sem er einn af þeim fjórum mönnum sem votta jarðakaupin með bréfi sínu frá 27. nóvember 1602.
[434] Skjal nr. 2 (262). Undir bréfið skrifa Árni Halldórsson, Villum Jóhannsson, Björn Stefánsson, Þorvaldur Jónsson, Hjalti Jónsson, Magnús Sigfússon líkast til ábúandinn, Ólafur Jónsson, Jóhann Villemsson, Tómas Finnsson og Þorleifur Árnason nöfn sín.

Landamerkjum á Eyvindarstöðum er lýst við húsaskoðun 11. ágúst 1657. Samkvæmt því er Böðvarsdalsá í merkjum móti Böðvarsdal:

> Landamerke Jardarennar wr grjótgard ytra riettsynis uppi fiall, og wr þeim griótgarde med Siónum wti Bodvarzdalsá, rædur hun so framm effter öllum dal I fiöll upp framm yfer alla afriett, og so wt effter fiallgardenum til fyrstu Siónhendíngar i Griótgardenn.[435]

Hús í Böðvarsdal voru skoðuð og uppskrifuð 12. ágúst 1657. Þar er getið svohljóðandi takmarka:

> Landamerke Jardarennar ad Innan rædur Bödvars dalz á, nedan wr sió og uppi fiall, rædur so fiallgardurenn framan effter sem wötnum hallar, ad Örnu bud, wr Örnu bud I Gufugiá, og þadan Siónhendijng rjetta i þufu þá sem Stendur á Jadrenum fyrer utan Gufu Læk, og til þessara merkia Seiger Biörn fader Sinn Biarne Einarzson hafe bygt Bödvarsdal, og ecke hafe Sídan tvímæle hier á leiked.[436]

Með bréfi frá 3. október 1668 byggði Brynjólfur biskup Sveinsson Hjalta Jónssyni, umboðsmanni sínum, Böðvarsdal í Vopnafirði með hjáleigunni Þýfi sem samtals voru átján hundruð að dýrleika. Brynjólfur biskup fól landseta sínum að byggja bæ á jörðunni með eftirfarandi orðum:

> Bæ Wil eg lá[ta] setia framm j dalnum, á hentugu platze nockud háfu, þar sem af hallar á allar sidur nockud, og Wænt þiker til Tuns og Bæarstædis, sem leingst má framm under Mulanum, þo so ad Wel sie laust Wid hann, so hwörke sie Skriduhætt ne Snioflóda, hwörke á Tuned ne bæenn [...] hwört sem hentugra þiker bæarstæded j Laugasele, eda annarsstadar framm undir Mulanum, enn framar i dölunum Wil eg hann ei hafa, þuj þar er helldur Skridu og Snjóflóda Won.[437]

Brynjólfur biskup fékk Jóni Jónssyni byggingarráð fyrir Vindfelli með eftirfarandi takmörkum 7. ágúst 1669:

> ur griotgarde hinum ytra, og rettsynis uppa Háháls og ut I Bodvarzdalzá, og so upp effter henne, i Hafioll sem Wötn meiga deila.[438]

Landamerkjabréf fyrir Torfastaði og Hnitbjörg í Jökulsárhlíð var útbúið 18. júní 1883 og þinglesið samdægurs. Þar koma fram mörk móti Böðvarsdal:

> Milli Böðvarsdals og Torfastaða eru mörkin beint út fjallið eptir því sem vötnum hallar.[439]

---

[435] Skjal nr. 2 (266). Undir bréfið setja eftirfarandi aðilar nöfn sín: Þorljótur Sturlason ábúandi jarðarinnar (handsalar), Árni Halldórsson, Þorleifur Árnason, Björn Stefánsson og Sigurður Guðnason.
[436] Skjal nr. 2 (267). Undir bréfið setja eftirfarandi menn nöfn sín: Árni Halldórsson, Björn Bjarnason líkast til ábúandinn, Björn Stefánsson, Gísli Sigurðsson, Hjalti Jónsson, Þorleifur Árnason og Sigurður Guðnason.
[437] Skjal nr. 2 (190). Bréfið er fært inn í bréfabók biskups ári síðar, þ.e. 3. október 1669.
[438] Skjal nr. 2 (194) a-b.
[439] Skjal nr. 2 (120) í máli nr. 2/2005.

Páll Ólafsson, umboðsmaður Skriðuklaustursjarða, skrifaði undir landamerkjalýsinguna. Hún var samþykkt af Runólfi Magnússyni, eiganda Böðvarsdals.

Skjal með upplýsingum um landamerki milli Böðvarsdals, Fagradals og Eyvindarstaða var þinglesið 24. júní 1884. Samkvæmt því eru landamerkin eftirfarandi:

> Gufa og ræður hún frá sjó í Gufubotn, þaðan beinsýn í Heiðarhnúk og inn á Seldalsurðir, úr Seldalsurðum og inn á Lambadalsveg, þaðan norður í Böðvarsdalsá og ræður hún til sjávar.[440]

Undir bréfið er skrifað af R. Magnússyni (eiganda Böðvarsdals) og tveimur bændum í Fagradal, þeim Ó. Runólfssyni og Halldóri Þórðarsyni. Einnig skrifaði Jón Jónsson, prestur að Hofi, undir skjalið en Hofskirkja átti Fagradal.

Landamerkjabréf fyrir Böðvarsdal var útbúið 7. júlí 1922. Það var þinglesið 15. júní 1923:

> Landamerki á milli Böðvarsdals og Fagradals og Eyvindarstaða eru þessi: Gufa, og ræður hún frá sjó í Gufubotn, þaðan bein sýn í Heiðarhnúk og inn á Seldalsurðir, úr Seldalsurðum og inn á Lambadalsveg, þaðan norður í Böðvarsdalsá og ræður hún til sjávar.[441]

Runólfur Hannesson skrifaði undir bréfið. Það var samþykkt af Sveini Jónssyni í Fagradal og Þorbjörgu Jónatansdóttur á Eyvindarstöðum.

Sjálfseignarjörðin Böðvarsdalur er sögð átján hundruð að dýrleika í jarðamati 1804. Þá er jörðin sögð eiga „afrétt" sem metinn er á 22 álnir.[442]

Samkvæmt jarðamatinu frá 1849 fylgir nýbýlið Þýfi jörðinni Böðvarsdal. Þar kemur einnig fram að jörðin eigi „afrétt" fyrir sig og geti tekið af öðrum svo sem 200 fjár. Útengjar eru nokkuð víðslægnar.[443]

Í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að Böðvarsdalur hafi nægilegt upprekstrarland fyrir fé ábúanda en það gefi ekki aðrar tekjur. Engjar eru á víð og dreif um landið og sumarhagar eru ágætir.[444]

Heimildir benda ekki til annars en samfelld búseta hafi verið í Böðvarsdal frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins frá árinu 1883 hefur jörðinni verið ráðstafað með hefðbundnum hætti.

---

[440] Skjal nr. 2 (54).
[441] Skjal nr. 2 (55) a-b.
[442] Skjal nr. 2 (221) a-b.
[443] Skjal nr. 2 (164) a-b.
[444] Skjal nr. 2 (58) a-b.

## 5.27. Afréttarnot

Á fimmta áratug 18. aldar var sýslumönnum á Íslandi boðið að semja lýsingar á sýslum sínum. Lýsing Þorsteins Sigurðssonar á Norður-Múlasýslu, sem er einhver sú nákvæmasta, er dagsett á Víðivöllum 5. júní 1745. Þar segir m.a. að „afréttir" þekkist aðeins sunnan Jökulsár á Brú:

> Ingen Stutterie er her [...] men der imod har vi paa fiældene og udi de ubebygte Dale vores Kvæg om Sommertiden neml. Heste, Studer, Lambe og Gieldfaar og kalder vi desse Stæder Afrett; hvor om meldes i vores islandske Lov udi Landsleyebalken. Saadan Afretter er synden for Jökulsaae og Jökulsaaedal i de ubebygte Dale [...] Ingen anden lovlig Afrett er her i Sysselets Norderdeel, men Böndene lade deres Kvæg gaae i de Daler og Marker som ligger i kring Gaardene.[445]

Í jarðamatinu 1804, sem aldrei var löggilt, eru „afréttir", sem jörðum fylgja, metnir sérstaklega. Þannig á Böðvarsdalur „afrétt", sem metinn er á 22 álnir. Sömuleiðis Eyvindarstaðir, og matið hið sama. Egilsstöðum tilheyrir „afréttur", einnig metinn á 22 álnir. Sunnudal með eyðihjáleigunni Gnýsstöðum tilheyrir „afréttur" sem metinn er á 44 álnir. Sama mat er á „afrétti" á Hauksstöðum. Fjallagrasatekja er víða mikil, sem ætla verður í fjall- eða heiðalandi: Hrappsstöðum þrjár tunnur, Sunnudal með Gnýsstöðum sex tunnur, Þorbrandsstöðum tvær tunnur, Einarsstöðum fjórar tunnur, Bustarfelli átta tunnur, Hauksstöðum átta tunnur, Rjúpnafelli sex tunnur, Áslaugarstöðum með eyðihjáleigunum Leifsstöðum og Lýtingsstöðum ein tunna, Hróaldsstöðum ein og hálf tunna og Hámundarstöðum með eyðihjáleigunni Hvammsgerði tvær fjallagrasatunnur.[446]

Í lýsingu Hofssóknar árið 1840 segir Guttormur Þorsteinsson, prestur á Hofi:[447]

> Afréttum hér er víðast svo varið að geldfé er rekið til fjalls frá þeim bæ er næst stendur fjalli og nokkrum nábúabæjum, t. að m. Eyvindarstaðaafrétt, Egilsstaðaafrétt o.fl. Þær afréttir sem flestir reka á, og kalla má almennar afréttir, eru: Steinvarartunga, sem Hofsk[ir]kja á, og er ysti hluti Tunguheiðar milli Tung[u]ár og Hofsár, og Hauksstaðaheiði, undirlendi hjá Dimmafjallgarði sem Hauksstaðir eiga. [...] Er hvör skyldur að leggja menn til fjársafns á afrétt hvörri sem kindur hefir látið á hana.[448]

Framar í lýsingunni kemur fram að Eyvindarstaðadalur, sem norðaustan megin heiti Böðvarsdalur, sé „afréttar-, búfjár- og slægjuland" frá Eyvindarstöðum og Böðvarsdal.[449]

---

[445] *Sýslulýsingar 1744–1749*, bls. 262–263.
[446] Skjal nr. 2 (221) a-b.
[447] Guttormur Þorsteinsson (1773–1848), aðstoðarprestur á Hofi frá 1797 og síðan prestur þar 1806 til dánardægurs (Páll Eggert Ólason: *Íslenzkar æviskrár* II, bls. 226).
[448] *Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 49–50.
[449] *Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 42.

Guttormur nefnir Tungusel sem eyðibýli í Steinvarartungu.[450] Í sömu lýsingu segir:

> Grasatekja er í heiðarlöndum bæjanna í Hraunfells- og Hofsárdal, Hrappsstöðum, Sunnudal, Hraunfelli, Bustarfelli, Brunahvammi. Í Hauksstaðaheiði og inn af Selárdal fæst líka lítið eitt af fjallagrösum.[451]

Sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu, Ole Vorm Smith, skrifaði öllum hreppstjórum í sýslunni 13. júní 1864 og fól þeim á hendur að gera uppástungur um sérhvað, sem þeir álitu nauðsynlegt varðandi fjallgöngur á haustum í hreppum þeirra, m.a.:

> c, hvar hverjir skulu gjöra gangnaskil og hvað langt skuli gengið til öræfa eða mots við aðrar sveitir eða sýslur.[452]

Ætlaðist hann til þess, að uppástungurnar yrðu gerðar í samþykktarformi fyrir hverja sveit og komnar til sín fyrir miðjan ágústmánuð næstkomandi. Síðan mundi hann kveðja til tvo eða þrjá menn úr hverjum hreppi til fundar til þess að gera frumvarp til samþykkta fyrir alla sýsluna sem síðan yrði send amtmanni til samþykktar. Svör bárust úr flestum hreppum, þó ekki Jökuldals- og Hlíðarhreppum, Hróarstungu- og Seyðisfjarðarhreppum. Ekki verður séð af bréfa- og bréfadagbókum sýslumanns að orðið hafi úr frekari framkvæmdum.

Hreppstjóri Vopnafjarðarhrepps, ásamt meðráðamönnum sínum, lagði m.a. til:

> 4. gr. Hér eptir skal eingum leyfast að sleppa géldfé sínu í heimalönd þau, sem ekki fylgjir heiðar land svo mikið að á lítist fyrir fé það sem sleppt er bagalaust fyrir næstu búendur.
>
> [...]
>
> 8. gr. Lögréttir skulu vera.
>
> 1 á Eyvindastöðum og skal þar vera réttað fé af Eyvindastaða og Böðvarsdals afrétt.
>
> 2. á Eigilsstöðum og réttist þar fé af Eigilsstaðaafrétt. [Hér er strikað yfir gangnasvæði, sem á við næsta svæði á eftir.]
>
> 3. á Gnýstöðum þar réttist fé af Gnýstaðadal og Smjör vatns heiði norðan verðri.
>
> 4. á Einarstöðum þar réttist fé af Einarstaðaafrétt og svo nefndum Parti sem tilheyrir Þorbrandsstöðum (afréttar stykkji.)
>
> 5. á Túnguseli þar réttist fé af Steinvarartúngu.

[450] *Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 51.
[451] *Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 50–51.
[452] Skjal nr. 2 (258) a-b.

6. á Hauksstöðum þar réttist fé úr Hauksstaðaheiði.

7. á Hámundastöðum þar réttist fé innan frá Almenníngsá, úr Miðfjarðarárdrögum, Upsum bak við Selárdal og Sandvíkurheiði austanverðri útí gegn fyrir austan Viðvíkurdal.[453]

Hinn 25. júní 1906 á manntalsþingi að Skeggjastöðum var þinglýst áreiðargerð á afréttarland í grennd við Bungufjallgarð, Heljardal, Stakfellsdal og Haugstorfur sem framkvæmd var af fimm mönnum 9.–11. júlí 1905. Innihalds áreiðargerðarinnar er ekki getið en henni var einnig þinglýst á manntalsþingi á Vopnafirði 26. júní 1906.[454]

Stjórnarráð Íslands sendi öllum sýslumönnum beiðni 29. desember 1919 um skýrslu um svæði í sýslum þeirra sem talin væru almenningar, svo og um afréttarlönd sem ekki sannanlega hefðu tilheyrt eða nú tilheyrðu nokkru lögbýli.[455] Ari Arnalds, sýslumaður í Norður-Múlasýslu, sendi eftirfarandi svar hreppstjórans í Vopnafirði með bréfi 4. nóvember 1920:

Ljótsstöðum 13 okt 1920

Eg hefi meðtekið brjef yðar velborni herra sýslumaður frá 2 sept sl. þar sem þjer spyrjist fyrir um hvort nokkur lönd sjeu hjer í hreppnum sem teljist almenningur. Eg hefi leitað mjer upplýsinga um þetta og komist að þeirri niðurstöðu að hjer í kring Vopnafjörð sjeu eigi til nein lönd sem teljist almenningur þau eru öll talin til jarða og býla

Virðingarfylst Gunnar H. Gunnarsson[456]

Gunnlaugur A. Jónsson, hreppstjóri í Skeggjastaðahreppi, svaraði 20. október 1920 og sagðist nýbúinn að fá bréf sýslumanns frá 20. september sem hafi verið samhljóða bréfi hans frá 20. apríl 1920. Af þeim sökum sendi hann honum aftur svar sitt frá 20. júní en þar kemur m.a. þetta fram:

Eins og kunnugt er, liggur bæjaröðin í Skeggjastaðahreppi meðfram sjávarströndinni, að undanskildum 4 bæjum, er lítið eitt liggja upp frá sjó. Inn til landsins frá bæjunum liggja svo misstórar landsspildur, sem eftir stærð þeirra, ýmist eru talin heimalönd (búfjárhagar) eða afrjettarlönd. Eiga því allar stærri jarðir hreppsins óslitið land úr heimahögum inn í afrjettir, alveg inn að afrjettarlöndum Vopnfirðinga að sunnan og Langnesinga að vestan. Þó er eitt svæði innst í svokallaðri Miðfjarðarheiði, sem hjeðan úr hreppi eru gjörð fjallskil á, og teljast mun mega til afrjettarlanda er ekki tilheyri nokkru lögbýli. Svæði þetta var áður fyrri smalað af Vopnfirðingum, en við áreið, sem gjörð var fyrir nokkrum árum síðan á heiðalönd þau er liggja milli Vopnafjarðar-, Skeggjastaða-, Fjalla-, Svalbarðs-, og Sauðaneshreppa var það

[453] Skjal nr. 2 (259) a-b.
[454] Skjal nr. 2 (226) a-b.
[455] Skjal nr. 2 (165).
[456] Skjal nr. 2 (166).

tildæmt Skeggjastaðahreppi. Er það því hið eina svæði, er um getur verið að ræða hjer í hreppi í tilgangi þeim er áður umgetið brjef yðar ræðir um.[457]

Gunnlaugur hreppstjóri segir enn fremur að ofangreindar upplýsingar verði að duga að sinni því hann hafi ekki getað aflað sér nægilegra upplýsinga um stærð eða legu umrædds svæðis. Hann muni hins vegar reyna að gera ítarlegri lýsingu á svæðinu verði óskað eftir því.

Í *Göngum og réttum* er afréttartakmörkum Vopnfirðinga lýst þannig af Benedikt Gíslasyni frá Hofteigi sem var fæddur og uppalinn í Vopnafirði:[458]

> Liggja þessar afréttir allt í kringum sveitina frá Kollumúla (Kothellumúla) yzt, austan fjarðarins (málvenja), suður um hin snævi þöktu Smjörfjöll, á miðja Smjörvatnsheiði, að hinu mikla Sandfelli, sem er niður numið á miðjum heiðum milli Jökuldals- og Vopnafjarðarheiða, norðan við Sandfell í Gilsárbotna, yfir Skjaldklofa, sem er skammt fyrir norðaustan Heiði við Jökuldal (byggðin gamla), utanvert við Möðrudalsöræfi, að Dimmafjallgarði og norður með honum, að Stakfelli, innst á Þistilfjarðarheiðum, meðfram Miðfjarðará, er fellur til sjávar á miðri Strönd, að Hágangnalæk, er fellur úr Kistufelli norður í Miðfjarðará rétt vestan við Háganga syðri um Háganga ytri, og út á Digranes norðan fjarðarins. Þó eru á einu svæði kringum sveitina engar afréttir, en það er á svæðinu frá Gljúfursá, um 5 km fyrir utan Krossavík á Vopnafjarðarströnd eystri, að Selá, sem fellur skammt frá Refstað ofan úr fjöllunum, en þetta svæði, og nokkru innar, er nefnt í daglegu tali Undir Fjöllum.[459]

Leitarsvæðum Vopnfirðinga er þannig lýst í *Göngum og réttum*:

> *Böðvarsdalsafrétt* Böðvarsdalurinn er tvö leitarsvæði, austan og vestan við Dalsána, sem eftir honum rennur. Er Böðvarsdalsafrétt austan árinnar. Er dalurinn alllangur, og uppi í hlíðum eru skörð í fjöllin, sem þarna eru þó mjög þunn milli Héraðs og Böðvarsdals. Ganga þetta svæði 5-6 menn, og er dagsmölun. [...]
>
> *Eyvindarstaðaafrétt* Fyrir vestan Dalsána gegnt Böðvarsdalsafrétt liggur Eyvindarstaðaafrétt. Er hún minna leitarsvæði en Böðvarsdalsafrétt, en erfið vegna bratta, og leita hana venjulega þrír menn, og er dagsmölun.
>
> Á Dalaafréttir ráku bændur undir Fjöllum um nokkurt skeið lömb til hagagöngu, meðan fráfærur tíðkuðust. [...] Til Dalabæjanna heyrir bærinn Vindfell, er eigi á afrétt með sínu landi, og rekur bóndinn jafnan upp í heiðar eins og það er kallað. [...]

---

[457] Skjal nr. 2 (166).

[458] Um lýsingarnar segir í *Sveitum og jörðum í Múlaþingi* I, bls. 76: „Afréttarlöndum Vopnafjarðar er ágætlega lýst af Benedikt Gíslasyni frá Hofteigi og Methúsalem Methúsalemssyni í III. bindi Gangna og rétta.“

[459] Bragi Sigurjónsson: *Göngur og réttir* V, bls. 251.

*Egilsstaðaafrétt* Suður frá Egilsstöðum gengur Þverárdalur með daladrögum suður í Smjörfjöll. Austan Þverár liggur Egilsstaðaafrétt og er afmörkuð í fjögur svæði: Fjallið milli Kvíslár og Gjárinnar, Kvíslárskarð, Afréttina milli Gjár og Hestár, og Þrætutungur, milli Hestár og Þverár, sem kemur úr Smjörfjöllum fyrir innan Tungurnar. [...] Þrætutungurnar eru allvíðáttumikið urðarsvæði undir Smjörfjöllum og hafa lítið álit sem afrétt. [...] Egilsstaðaafrétt smala fimm menn [...] Það er dagsmölun.

*Smjörvatnsheiði* [...] Gangnamennirnir á Smjörvatnsheiði fara líka veginn á miðja heiði að Beinavörðu. Þaðan smala þeir stykki það, sem þessu nafni heitir í gangnaseðli Vopnfirðinga, en er aðeins lítill hluti af öllu því flæmi, sem í raun og veru heitir Smjörvatnsheiði [...] Þetta leitarland, sem kallað er Smjörvatnsheiði, er í þremur svæðum, og liggur það innsta milli Beinavörðu og Steinku, ár sem fellur ofan úr Smjörfjöllum og niður í Sunnudalsá í Hraunfellsdal, og heitir Fossá úr brúnum á dalnum. Þetta er mikið urðarstykki, og er smalað milli Smjörfjalla og Smjörvatna og í Smjörfjallaskarð. Fyrir utan Steinku er smalað ofan á brúnir á Hraunfellsdal og að Þverlæk. Upp af þessu stykki undir Smjörfjöllum eru Lambalækjartungur og næst fyrir innan Þrætutungur í Egilsstaðaafrétt. Fyrir utan Þverlæk heitir heiðin Hrappsstaðadalur og liggur með Þverá að norðanverðu. Frá Þverlæk eru norðurtakmörk heiðarinnar Brunná, og er smalað út með henni og stykki, sem heitir Tungufell, er afmarkast af Brunná og Tunguá, sem kemur af Tungudal rétt fyrir utan Þverlæk, og fellur í Brunná skammt fyrir framan Hrappsstaði.

[...] ganga svæðið 6-7 menn. Það er dagsmölun.

*Gnýstaðadalur* Þetta leitarsvæði liggur á milli Fossár (Steinku) og Sandfells, sem fyrr hefir verið nefnt, og liggur meginhluti þess í hinni eiginlegu Smjörvatnsheiði. Farið er upp með Fossá og suður með henni fram hjá Svartsfelli, sem er skammt vestan við Steinku, snertuspöl ofan við brúnir. [...] Farið er suður að Smjörvötnum, sem er vatnaklasi á heiðinni, og er hið innsta, Stóra-Smjörvatn, rétt vestan við Beinavörðu. Frá Stóra-Smjörvatni er smalað í stefnu á Sandfell, þar sem stendur steinn einn mikill og heitir Tröllkarl. Smala nú Jökuldælir á móti að sunnan, og eiga þeir að hittast við Tröllkarl, Jökuldælir og Vopnfirðingar. Þarna á heiðinni er geysivíðáttumikið urðarstykki og ákaflega torleitað. [...] Liggur meiri hluti þessa svæðis í löndum Jökuldæla. [...] Við Tröllkarl er Tröllkarlsflói, og er þar oft margt fé. [...] Með Sandfelli eru Sunnudalsárdrög, og hagar góðir. [...] Sandfellið er stór háslétta og er aldrei gengið uppi á því, talið öruggt, að þar séu engir hagar, enda oft kominn snjór á það um göngur [...] Smalað er svo út dalinn með Sunnudalsá og rekið til réttar á Gnýstöðum [...] Gnýstaðadal smala venjulega sex menn, og er gangan erfið og dagsmölun.

*Hraunfellspartur* Innsti bær í Hraunfellsdalnum norðan Sunnudalsár er Hraunfell, og aðeins litlu utar en Gnýstaðir. Tunga mikil myndast milli Sunnudalsár og Hofsár[...] Á tungu þessari liggur hálsinn milli Hofsárdals og Hraunfellsdals, og heitir Þorbrandsstaðaháls yzt, en síðar Hraunfellsháls, og Einarsstaðafjall upp af bænum Einarsstöðum, innst austan Hofsár í Hofsárdal. Stutt fyrir innan Einarsstaði kemur Tunguá í Hofsá eftir daladragi, sem nefnt er Tungudalur. Liggur Tungudalur suður undir Sandfell. Ofan af Sandfelli kemur Pyttá, um miðju þess að norðvestanverðu. Pyttá rennur í Tunguá, og landið á þessu afmarkaða vatnasvæði er nefnt Hraunfellspartur. [...] Gangnamenn leggja upp frá Hraunfelli og smala norðanvert við Sandfell að Pyttá og síðan út með Tunguá og Sunnudalsá, Einarsstaðafjall og Hraunfellsháls, og reka til réttar á Þorbrandsstöðum. Er þetta erfið dagsmölun [...] Hraunfellspart ganga venjulega sjö menn.

*Tunguheiði* [...] Nokkru fyrir innan Einarsstaði, austan Hofsár, og Burstarfells, norðan Hofsár í Hofsárdal, fellur Tunguá í Hofsá, eins og áður segir. [...] Milli ánna verður tunga ein mikil, og breikkar eftir því, sem fjær dregur tungusporði [...] Af Hofsá að vestan og Tunguá og Sandfelli að austan markast Tunguheiði, og liggur nokkur hluti þessa leitarsvæðis Vopnfirðinga í löndum Jökuldæla. Leitað er suður fyrir Sandfell í Gilsárbotna í Skjöldólfsstaðalandi [...] Úr Gilsárbotnum liggja svo innstu mörk Tunguheiðar framanvert á Skjaldklofa, sem er hnjúkur á hálendisræmu, er liggur eftir Tunguheiði stutt frá brúnum í Vopnafirði og heitir Fellahlíð. [...] Norður frá Skjaldklofa rennur Háfslækur í Háreksstaðakvísl, sem þarna heitir að vísu Lindará, og fylgja Vopnfirðingar honum. Fyrir innan lækinn er Ármótaselsheiði í löndum Jökuldæla, en fyrir norðan Háreksstaðakvísl er Háreksstaðaháls, og smala Jökuldælir hann til Háreksstaða, um leið og Vopnfirðingar Tunguheiði. Háreksstaðaháls er smalaður að Gestreiðarstaðakvísl á Gestreiðarstaðadal, en þangað smala Vopnfirðingar í leitarsvæði, sem heitir Hauksstaðaheiði.

Leitarmenn safnast saman á Fossi í Hofsárdal [...] og hefja göngurnar þaðan í einu samfloti, venjulega 16 saman, suður að Geldingafelli, en það er yzt á Fellahlíðinni. [...] Breiður dalur liggur milli Fellahlíðar og Sandfells, er heitir Grunnavatnsdalur, og er hann smalaður inn eftir. Tveir menn fara í Gilsárbotna og vestur innstu mörk, en fé af Grunnavatnsdal er rekið yfir Fellahlíð fyrir utan Skjaldklofa og norður í Háreksstaði. Fyrir norðan Fellahlíð og að Háreksstaðakvísl liggur geysistórt land, sem kallað er Vatnaflói af smávötnum og mýrargróðri. Er þetta land smalað að Háreksstöðum, og kemur þar saman allt fé af þessum svæðum og af Háreksstaðahálsi, sem Jökuldælir smala. Er réttað á Háreksstöðum, og taka Jökuldælir sitt fé. Háreksstaðaland liggur allt í Jökuldælalöndum, og einnig mikill hluti af Melslandi, sem þar er næst fyrir utan.

Næsta dag er safnið rekið út með Háreksstaðakvísl, er bráðlega fellur í Hofsá, og út með Hofsá yfir Melsland. Þar fyrir utan er há fjallsbunga á brún dalsins og heitir Bruni. [...] fyrir utan Bruna er Sauðárdalur, og fellur Sauðá eftir honum sunnan úr heiðinni, en austan við hann heitir Fríðufell. Er nú smalaður hinn ytri hluti svæðisins og farið utanvert við Vatnaflóa og að Geldingafelli, síðan smalað með Tunguá, en féð hefir ætíð styggzt frá henni af smölun Hraunfellspartsmanna fyrri daginn. Yzti hluti Tunguheiðar heitir Steinvarartunga, og mun áður hafa staðið bær þar samnefndur í tungusporðinum, og lengi voru þar beitarhús frá Hofi, en smalinn hélt til á Einarsstöðum. [...]

*Hauksstaðaheiði* Þegar farið er frá Hofi í Vopnafirði að Hauksstöðum, innsta bæ í Vesturárdal, er farið yfir svokallaðan Hofsháls. [...] Heiðalöndin inn af þessum hálsi, með Burstarfellinu, og svo heiðin vestur af Hauksstöðum fyrir innan Fjallamannaveg vestur í Haugsfjöll, eru nefnd Hauksstaðaheiði í gangnaseðlinum. Er þetta stærsta leitarsvæði Vopnfirðinga og tekur yfir Burstarfells-, Foss-, Arnarvatns- og Hauksstaðalönd, og norðvestast í þessu leitarsvæði heita Búastaðatungur. Hafa þær kannske fyrr meir fylgt þeirri jörð. Liggja Burstarfellslönd innst og syðst í þessari heiði að Hofsá, og ná yfir Brunahvamms-, Kinnar- og Gestreiðarstaðalönd, sem eru aflögð býli á heiðinni. Fossheiði nær yfir Fossfjall, norður af bænum Fossi, og er þar eyðibýlið Kálffell. Arnarvatnsland er í kringum Arnarvatn, en úr því kemur Vesturdalsá, og liggur það því í daladrögum hennar. Hauksstaðaland er þar fyrir vestan, með eyðibýlinu Desjarmýri, og að fyrrsögðum mörkum.

Leitarsvæði þetta er allskýrt afmarkað af Hofsá að sunnan og Dimmafjallgarði og Haugsfjöllum að vestan. Þó ná Burstarfellslönd suður í Möðrudalsfjallgarð og heitir þar Kollseyrudalur, og er hann fjærsta leitarsvæði í löndum Vopnfirðinga. [...] Er hann jafnan smalaður inn eftir og féð rekið yfir í Gestreiðarstaðadal og út með Gestreiðarstaðakvísl. Fyrir norðan Kollseyrudal skerst Langidalur í gegnum Möðrudalsfjallgarð, eða á milli Möðrudalsfjallgarðs og Dimmafjallgarðs. Heitir endi Dimmafjallgarðs Þjóðfell, líklega upprunalega Þjóffell, og er smalað af Vopnfirðingum inn fyrir Þjóðfell í dalnum. Þar fyrir innan smala Möðrudælingar. [...]

Þegar Burstarfellslöndum sleppir við Hálsenda, tekur við Fossheiði og nær út að Burstarfellsfjalli norður af bænum Burstarfelli. Er Fossheiði smöluð að Arnarvatni, eins og öll Hauksstaðaheiði, en Burstarfellsfjall, út, og ofan af Burstarfelli, fast við Hofsveg til Hauksstaða, sem fyrr segir, og féð rekið til Hauksstaða. Er þetta hinn syðri eða syðsti hluti Hauksstaðaheiðar. Miðhluta Hauksstaðaheiðar má svo kalla daladrög Vesturárdals, Arnarvatnsland og Möðrudalskvos fyrir norðan Brunahvammsháls og inn í Selárbotna vestan undir Súlendum og upp að Dimmafjallgarði. [...]

Vestan við Selá og stutt frá Dimmafjallgarði eru Hrútafjöll. [...] Er oft erfitt að ná fé úr Hrútafjöllum [...]

Fyrir sunnan Hrútafjöll rennur Hrútafjallaá syðri innan úr Dimmafjallgarði, en norðan við þau samnefnd á, nyrðri, og falla þær báðar í Selá gegnt Víðilækjum. Fyrir norðan Hrútafjallaá nyrðri heita Búastaðatungur að Selsá, er kemur vestan úr Haugsfjöllum og fellur í Selá, þar sem Víðilækir enda. Eru þar leitarmörk Hauksstaðaheiðar við Mælifellsheiði [...]

Hauksstaðaheiði smala ætíð yfir 20 menn. [...] Farið er upp frá Brunahvammi, og liðinu skipt um suðurhluta og norðurhluta heiðarinnar, inn í Kollseyrudal og Langadal, og vestur í Selárbotna og Hrútafjöll og Búastaðatungur. [...] Er heiðin nálega öll smöluð á gangnadag að Arnarvatni, og er safnið réttað þar. [...]

Daginn eftir er safnið rekið frá Arnarvatni út með Vesturdalsá, og heitir dalurinn þar Þverfellsdalur af samnefndu felli fyrir norðan ána. Einnig er smalað út Fossheiði og Burstarfellsfjall, sem fyrr segir. [...]

*Mælifellsheiði* Fyrir norðan og norðvestan Vopnafjörð er háslétta mikil [...]

Upp af þessari hásléttu rísa einstök fjöll [...] rísa þar í stefnu frá norðaustri í suðvestur Hágangar ytri og syðri, Kistufell og Mælifell, sem stendur eigi langt frá Haugsfjöllum. Við Hágangana eru sveitarmörk, og er sá ytri allnærri brúnum á Norður-Strönd (Skeggjastaðahreppi) [...]

Stutt fyrir sunnan Syðri-Hágang tekur svo við Kistufellið, og skiptir mörgum kílómetrum á lengd. [...] Rétt fyrir framan Syðri-Hágang rennur lækur vestur í Miðfjarðará, sem fellur til sævar á miðri Norður-Strönd. Eru landmörk Vopnafjarðar að innan við þennan læk, sem ýmist er nefndur Hágangna- eða Kistufjallalækur, og við Miðfjarðará að vestan. Þessi vestustu lönd Vopnafjarðar, frá Syðri-Hágang, og norður að Miðfjarðará, að Haugsfjöllum sunnarlega, og mörkum Hauksstaðaheiðar, heita einu nafni Mælifellsheiði. Þessi heiði skiptist þó, ef svo mætti kalla, í ýmis lönd, því að á þessu svæði eru sex eyðibýli, og fjögur af þeim fóru ekki í eyði fyrr en í tíð núlifandi manna: [...] Um síðustu aldamót og nokkru síðar keypti Jörgen Sigfússon í Krossavík [...] öll þessi lönd, og hafði fyrir upprekstur fjár af Krossavíkurtorfunni. [...] Áður hétu þessi lönd Almenningur, líklega af sameign sveitarmanna. Þó er ekki vitað, að það hafi verið öll þessi lönd, sem svo hétu [...]

Fyrir norðan Kistufell og innan Hágangnalæk norður að Miðfjarðará, er geysimikið og vel gróið haglendi, og er ætíð kallað Miðfjarðarárdrög, og ná þau með Miðfjarðará inn í fjöll. [...]

Mælifellsheiði smala ævinlega 14 menn, og eru margir þeirra frá Krossavík. [...] Er farið upp frá Þorvaldsstöðum og upp undir Hágang, og liðinu skipt.

> Fara fjórir í Miðfjarðarárdrög, en tíu smala inn sunnan Kistufells og alla leið inn í Haugsfjöll og kringum Mælifellshnjúk að leitarmörkum Hauksstaðaheiðarmanna. Er fénu smalað að Aðalbóli, eyðibýlinu gamla, sem stendur við Selsá stutt þar fyrir framan, er Selsá fellur í Selá, og reka þeir úr Drögum féð þangað. [...]
>
> *Stakfellsstykki* Fyrir vestan Mælifellsheiði, í löndum Þistilfirðinga, stendur brotið keilumyndað fjall, sem heitir Stakfell. Er það rétt fyrir austan fjallgarðinn mikla og dimma, þar sem hann heitir Heljardalsfjöll. Vopnfirðingar smala í kringum þetta fell, og heitir Heljardalur milli þess og fjallanna. [...] Austan undir Stakfelli stendur litla Stakfell, eins og barn hjá fullorðnum manni. Það er umhverfi þessi fell, sem Vopnfirðingar smala, og kalla Stakfellsstykki. [...]
>
> *Hróaldsstaðaheið*i Stutt fyrir utan bæinn Þorvaldsstaði í Selárdal rennur Almenningsá í Selá. Hún á upptök sín í Almenningsvötnum, sem eru rétt fyrir sunnan Syðri-Hágang. Landið fyrir sunnan Háganga að Hvammsá, er fellur í Selá rétt fyrir framan bæinn Hvammsgerði, sem er stutt frá botni Nýpsfjarðar, er nefnt Hróaldsstaðaheiði á fjárskilamáli sveitarmanna, þótt bæirnir Áslaugarstaðir og Leifsstaðir eigi þarna lönd með Hróaldsstöðum. Milli Háganganna heitir Þverfellsdalur. [...]
>
> Hróaldsstaðaheiði smala venjulega sex menn [...] Heiðin er smöluð að innan frá Almenningsá og komið með safnið niður með Hvammsá [...]
>
> *Sandvíkurheiði* Norðurströnd Vopnafjarðar frá botni Nýpsfjarðar út á Digranes er alllöng [...] Þar standa bæirnir Strandhöfn yzt, þá Purkugerði, Ljósaland, Hámundarstaðir og Hvammsgerði í mynni Selárdals. Heiðalöndin upp frá þessum bæjum á heiðinni, sem skilur Vopnafjörð og Norður-Strönd, eru einu nafni nefnd Sandvíkurheiði af hinu gamla nafni á Bakkafirði, Sandvík. [...] Heiðarlandið takmarkast af landmörkum Vopnafjarðar og Strandar, og liggja þau frá Lönguttó á Digranesi móti austri, milli Strandhafnar og Viðvíkur í Skeggjastaðahreppi á Strönd, inn Vatnahrygg miðheiðis, og beygjast þar í vestur á Skálafell, um Gæsadalsárdrög, í Ytri-Hágang og að Hvammsá í Þverfellsdal. Er smalað inn heiðina og safnið rekið niður með Hvammsá að utan og réttað á svokallaðri Hringsrétt. [...] Er heiðin dagsmölun og smala venjulega tíu menn.[460]

Síðan þetta var skrifað (um og fyrir 1950) hafa ýmsar breytingar orðið á leitum á ýmsum leitarsvæðum. Samkvæmt lýsingu frá 1987 fara smalamenn á *Tunguheiði* inn heiðina í næturstað á eyðibýlinu Mel. Að morgni fara nokkrir suðvestur á Háreksstaðaháls og smala hann að Hįreksstöðum, aðrir fara austur yfir heiði, smala út beggja vegna við Geldingafell, snúa við og safna fé af öllu svæðinu: Grunnavatnsdal,

[460] Bragi Sigurjónsson: *Göngur og réttir* V, bls. 253–270.

Fellahlíð og Vatnaflóa, inn á Skjaldklofa, um Reiðtjörn og Háfslæk. Þar koma til liðs menn af Jökuldal og smala út með Hárekssstaðakvísl. Fé af öllu þessu svæði er safnað að Hárekssstöðum og réttað þar. Þaðan reka Vopnfirðingar að Mel og smala Sauðafell og Sauðárdal og flóasvæðið norðan Sauðafells að Hofsá. Næsta dag er smalað svæðið milli Hofsár og Tunguár. *Steinvarartunga. Gestreiðarstaðadalur, Kollseyrudalur, Kinnarland, Brunahvamms- og Fossland* eru einnig smöluð með öðrum hætti. Fyrstu nótt gist að Mel, að morgni riðið suðaustur fyrir á Dalina, þeir smalaðir út. Næsta dag smalað Kinnarland ásamt aðliggjandi svæðum í samsmölun við innstu Hauksstaðaheiðarmenn, síðari hluta dags smalað Brunahvammsland út í Foss. Þriðja dag smalað út með Hofsá og hið efra um Bustarfellsland. *Hauksstaðaheiði*. Gist er í kofa á Arnarvatni. Fyrri smaladag fara sumir í Langadal um Þjóðfell og Biskupsáfanga og smala að Banatorfurétt, síðan um Brunahvammsháls, Kvosir og Laka í Arnarvatn. Sumir fara í Hrútafjöll og Selárbotna. Allir fara út heiði að morgni. *Mælifellsheiði*. Farið er í kofa á Aðalbóli. Næsta dag farið vestur um Búastaðatungur og norður fyrir Stakfell og Mælifell og smalað í átt að Selá. Seinni smaladag farið um svæðið utan Mælifellsár, í efra um Urðir og Upsir að Almenningsá ytri. *Miðfjarðarárdrög* eru nú sérstakt smalasvæði. Við það hefur bæst svæði utar með Miðfjarðaránni samliggjandi við Drögin og nær út að læk sem kemur norðan úr Ytri-Hágangi.[461]

Afréttarlöndum er ekki lýst nákvæmlega í Sveitum og jörðum í Múlaþingi. Þar segir:

> Afréttarlönd eru víðáttumikil og allgóð [...] Torsótt getur reynst að smala afréttirnar, þar sem þær liggja að víðernum Jökuldalsheiðar, Möðrudalslanda og Haugsfjallgarðs.[462]

Í lýsingum einstakra jarða og landsvæða er eftirfarandi:

Almenningur:

> Almenningur. Svo kölluðust hin víðáttumiklu afréttarlönd, sem takmarkast að norðaustan af Almenningsá ytri, að suðaustan af Selá inn undir Búastaðatungur, að suðvestan nálægt Fjallamannaleið yfir Haug og að norðvestan og norðan við sýslu- og hreppamörk. Mikill hluti þessa lands er Mælifellsheiði, og nú kallast raunar allt þetta svæði svo í sambandi við fjallskil. [...] [463]

Þorvaldsstaðir. Um heiðarlandið segir:

> Gil er að Selá fyrir neðan Þ [...] Þar upp af er gróin hlíð [...] upp á Efstubrún og uppi í heiðinni flóaflæmi hækkandi upp að Ufsum. Þar taka við Urðir, grýtt land með einstöku grasvinjum. Kistufell er að mestu gróðurvana. Norðvestur af fjallinu eru Miðfjarðarárdrög með ljósalykkjuflóum ríkjandi, en

---

[461] Bragi Sigurjónsson: *Göngur og réttir* V, bls. 307–310.
[462] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 56
[463] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 76.

harðvellisholt og melbrúnir á milli. Þetta land er í heild hið besta haglendi og telst hluti af Mælifellsheiði.[464]

Hauksstaðir:

Hauksstaðaheiði heitir spildan milli Vesturdalsár og Selár utan frá Rjúpnafelli og sv. á hreppamörk í Selárbotnum og Súlendum. Í Hauksstaðaheiði, þ.e. þeim hluta er H<auksstöðum> tilheyrir, er upprekstrarland, fyrir 2000 fjár segir í F ´18, og virt á 30 krónur. Gengur þar fé víða af bæjum í Vesturdal. Nafn heiðarinnar er oft notað um mun stærra svæði en hér er gert (sjá Göngur og réttir III., 309 og Landið þitt II). [...] [465]

Búastaðatungur:

B komust í eigu ábúanda um 1893, seljandi var Ólöf ríka Stefánsdóttir, ekkja Odds í Krossavík Guðmundssonar sýslumanns Péturssonar [...] Við þá sölu gekk undan jörðinni afréttarlandið Bú<a>staðatungur milli Selár og Selsár inn að Ytri-Hrútá og hefur síðan tilheyrt Krossavík.[466]

Bustarfell:

Vopnafirði og Brunahvammi tilheyrir síðan 1892 löng og mjó spilda vestan Hofsár og Gestreiðarstaðakvíslar allt suður á Eyktagnípu í Jökuldalsheiði. Þar voru býlin Fagrakinn (Kinn á korti) og Gestreiðarstaðir (sjá Möðrudal).

[...] upprekstrarland í heimalandi, Brunahvamms- og Gestreiðarstaðalandi.[467]

Einarsstaðir:

Landamerki [...] þá inn endilangan Hraunfellspart, sem er heiðarbunga milli Hraunfellsdals og Hofsárdals, mikið afréttarland með melöldum, mólendi og víðáttumiklum flóum, og áfram suður liggja mörkin sem næst vatnaskilum allt suður að Pyttá vestur af Sandfelli, þangað eru um 20 km heiman frá bæ (sjá aths. við Hraunfell varðandi landamörk við Skjöldólfsstaði, kort). Síðan fylgja landamörk Tungá na. grunnan heiðardal og síðast Hofsá.[468]

Gnýsstaðir:

G eru fyrst taldir sem eyðihjáleiga frá Sunnudal (J ´47) 1804, en voru byggðir upp á 18. öld. [...] Er G féllu úr ábúð 1945, keypti Björgvin Stefánsson [...] jörðina [...] en upprekstrarrétt í Gnýstaðaheiði keyptu bæirnir Sunnudalur, Guðmundarstaðir og Hrappsstaðir. [...] [469]

Egilsstaðir:

[464] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 76–77.
[465] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 104.
[466] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 107.
[467] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 133–134.
[468] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 140.
[469] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 147–148.

> [...] Egilsstaðaafrétt liggur suður Þverárdal og þar suður af Þrætutunga að upptökum Þverár. Á Egilsstaðaafrétt er undirlendi mjótt meðfram Þverá, en fjallið mikið um sig og bratt með hjöllum og botnum upp á brúnir. Hestárdalur liggur austur í fjöllin. Þrætutunga er bungumyndað urðarsvæði undir Smjörfjöllum með undirlendisræmu meðfram Þverá.[470]

> Krossavík:

> Í F ´18 segir að jörðin eigi ekkert upprekstrarland, og að vísu á hún ekki land að víðáttumiklum heiðum. [...] Sumarhagar eru einnig góðir fyrir alla gripi, en munu hafa þótt fullþröngir fyrir margt fé [...] [471]

> Eyvindarstaðir:

> [...] Afrétt er í landi jarðarinnar, Eyvindarstaðaafrétt, smöluð á 7-9 stundum af 2-3 mönnum, fótgangandi, því að hestum verður ekki komið við vegna bratta.[472]

Elsta fjallskilareglugerð Norður-Múlasýslu er frá árinu 1893[473] en síðan þá hafa nokkrar fjallskilareglugerðir verið gerðir. Síðasta fjallskilasamþykkt fyrir Norður-Múlasýslu og Seyðisfjörð sérstaklega er frá árinu 1989.[474]

---

[470] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 159.
[471] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 174.
[472] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 180.
[473] Skjal nr. 4 (6).
[474] Skjal nr. 4 (14).

# 6. NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

## 6.1. Almenn atriði og dómafordæmi í þjóðlendumálum

Í úrskurðum óbyggðanefndar á fyrsta landsvæðinu sem tekið var til meðferðar, sjá mál nr. 1–7/2000, er í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum á næsta landsvæði sem tekið var til meðferðar er í kaflanum *Viðauki við almennar niðurstöður óbyggðanefndar* aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við, sjá mál nr. 1–5/2001. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki með úrskurðum í málum á þriðja svæðinu, nr. 1–9/2003, og því fjórða, nr. 1–6/2004. Sami viðauki fylgir hér og með öðrum úrskurðum í málum á fimmta landsvæðinu sem óbyggðanefnd hefur tekið til umfjöllunar, nr. 1–5/2005.

Á þeim tíma sem liðinn er frá því *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og viðauki við þær birtist hefur Hæstiréttur kveðið upp nokkurn fjölda dóma sem fela í sér afstöðu réttarins til atriða sem almenna þýðingu hafa við efnislega úrlausn þjóðlendumála. Skal þar fyrst getið um dóm Hæstaréttar frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 sem fjallað var um í inngangi að niðurstöðum óbyggðanefndar í málum á svæði 4. Svo sem þar segir verður sú ályktun af honum dregin, sbr. nú einnig dóm Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006, að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verði að leysa úr máli á þeim grundvelli. Í tilvikum ríkisjarða hefur því þó verið lýst yfir af hálfu íslenska ríkisins að í þjóðlendukröfu felist ekki afsal á eignarlandi og því eigi niðurstaða óbyggðanefndar, að því leyti sem hún tekur til ríkisjarða, að ráðast af sömu atriðum og lögð séu til grundvallar um annað eignarland. Aðrir dómar varða fremur heimildamat og sönnunarkröfur, nánar tiltekið tveir dómar Hæstaréttar frá 21. október 2004 (mál nr. 47 og 48/2004); þrír dómar frá 11. maí 2006 (mál nr. 496/2005, 454/2005 og 345/2005); tveir dómar frá 28. september 2006 (mál nr. 497/2005 og 498/2005); tveir dómar frá 5. október 2006 (mál nr. 67/2006 og 133/2006) og nú síðast þrír dómar frá 16. maí 2007 (mál nr. 448/2006, 536/2006 og 24/2007).

Sú umfjöllun um einstök landsvæði sem hér fer á eftir er í beinu samhengi og samræmi við framangreindar *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*, ásamt viðauka við þær, og vísar til þeirra. Fyrirliggjandi dómar og úrskurðir óbyggðanefndar eru einnig fordæmi við úrlausn málsins, í þeim tilvikum að reynt hefur á atriði sem almenna þýðingu hafa.

Hér á eftir verður fyrst lagt mat á hvort dómar gefi tilefni til að herða sönnunarkröfur til landamerkjabréfa jarða og að því loknu fjallað almennt um stofnun heiðarbyggðar á Norðausturlandi. Þá verður gerð grein fyrir landnámi á því svæði sem mál þetta varðar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega

stöðu einstakra landsvæða, í staðfræðilegri röð.[475] Loks verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar.

### 6.1.1. Gildi landamerkjabréfa jarða

Í forsendum dóms Hæstaréttar í máli nr. 48/2004, sem birtur er í dómasafni þess árs á bls. 3796, tók rétturinn almenna afstöðu til mats á gildi landamerkjabréfa, annars vegar jarða og hins vegar annarra landsvæða, og inntaks eignarréttar á svæði, sem lýst er í landamerkjabréfi jarðar, sbr. einnig tilvísanir í síðari dómum í þjóðlendumálum, t.d. máli nr. 345/2005. Orðrétt segir svo:

> Við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði, sem þar er lýst, skiptir almennt máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði, en þekkt er að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig til dæmis afrétti, sem ekki tengjast sérstaklega tiltekinni jörð. Felur landamerkjabréf fyrir jörð í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega.

Einnig kemur fram það álit réttarins að áritun um samþykki eigenda aðliggjandi jarða, þinglýsing og innfærsla í landamerkjabók auki sönnunargildi landamerkjabréfs. Sama máli gegnir ef ekki hefur verið ágreiningur um merki viðkomandi jarðar. Hins vegar verði ekki litið fram hjá þeirri staðreynd að fyrir gildistöku laga nr. 58/1998 hafi engum verið til að dreifa sem gat sem handhafi beins eignarréttar gert samninga um mörk þess lands sem nú nefnist þjóðlenda. Þá verði þess að gæta að með því að gera landamerkjabréf gátu menn ekki einhliða aukið við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Verði til þess að líta hvort til séu eldri heimildir sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfi enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu lands.

Segja má einnig að í nýjustu dómum, sbr. mál nr. 536/2006 og 24/2007, hafi enn verið hnekkt á þýðingu þess að landsvæði teljist innan merkja jarðar. Samkvæmt þessu er óbyggðanefnd rétt að leggja áfram áherslu á landamerkjabréf jarða, sbr. umfjöllun um þau í *Almennum niðurstöðum*, enda þótt með skýrum fyrirvörum sé.

Umfjöllun dómstóla um landamerkjabréf jarðanna Úthlíðar, Stafafells (hluta), Skaftafells og Hóla gefur þó tilefni til að huga sérstaklega að því hvort óbyggðanefnd beri að herða kröfur til sönnunar eignarlands innan landamerkjabréfa jarða, frá því sem lagt er til grundvallar í *Almennum niðurstöðum*. Viðkomandi landsvæði voru öll talin eignarlönd en í forsendum dóma samt sem áður lýst efasemdum um að svo væri að öllu leyti.

---

[475] Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á skýrslu Hjörleifs Guttormssonar náttúrufræðings, sbr. skjal nr. 36, útgefnum kortum Landmælinga Íslands, örnefnaskrám frá Örnefnastofnun Íslands, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3., og almennum uppsláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

Í tilvikum Úthlíðar og þess hluta Stafafellslands sem liggur sunnan og vestan Jökulsár, sbr. mál nr. 48/2004 og 498/2005, lágu fyrir bæði landamerkjabréf og eldri heimildir um merki. Lýsingar þessar fengu vel samrýmst en beinn eignarréttur á hluta þeirra landsvæða sem afmörkuð voru þrátt fyrir það talinn vafa undirorpinn. Fram kemur að staðhættir og fyrirliggjandi heimildir um gróðurfar styðji ekki að þar hafi verið stofnað til beins eignarréttar með námi. Ekki voru þó talin skilyrði til að skilja þessi landsvæði undan eignarlandi jarðanna, einkum þar sem ekkert hefði komið fram af hálfu íslenska ríkisins sem leggja mætti til grundvallar við nánari afmörkun að þessu leyti. Varðandi umræddan hluta Úthlíðar var einnig tekið fram að ekki hefði verið sýnt fram á að landsvæðið hefði verið nýtt sem samnotaafréttur.

Í tilvikum Skaftafells og Hóla, sbr. mál nr. 496/2005 og 48/2004, voru landamerkjabréf fyrir hendi en engar eldri heimildir. Um landamerkjabréf Skaftafells, sem er ódagsett en var þinglesið á árinu 1890, segir svo í dómi Hæstaréttar:

> Þótt landamerkjabréfið geti haft sönnunargildi um mörk eignarlands Skaftafells með því að það var áritað um samþykki af eigendum aðliggjandi jarða, þinglesið og fært í landamerkjabók, verður að líta til þess að ekki var á valdi eigenda jarðarinnar að auka með landamerkjabréfinu við land sitt eða annan rétt umfram það, sem áður hafði verið. Getur landamerkjabréf þetta því ekki eitt og sér nægt gegn andmælum áfrýjanda til að sanna beinan eignarrétt eigenda Skaftafells II að landinu á Skeiðarársandi, sem deilt er um í málinu, heldur verða önnur atriði jafnframt að koma til, sem stutt geta sömu niðurstöðu, sbr. dóm Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 [sem fjallar m.a. um Hóla], sem birtur er í dómasafni þess árs á bls. 3796.

Hér skal einnig getið dóms í máli nr. 345/2004, varðandi jörðina Fell í Suðursveit. Þar lá fyrir skýr eldri heimild, nánar tiltekið lögfesta frá árinu 1851, þar sem merki inn til landsins voru m.a. miðuð við aðliggjandi jökul. Landamerkjabréf jarðarinnar frá árinu 1922 var mun óskýrara, náði skemur inn til landsins, þ.e. í átt að jökli, og gat ekki sérstaklega um merki gagnvart jöklinum. Fjalllendið næst jökli var dæmt þjóðlenda og þannig fremur miðað við hina yngri heimild, þ.e. landamerkjabréfið, sem náði skemur en hin eldri. Þar höfðu þó önnur atriði einnig vægi.

Óbyggðanefnd hefur nú þegar kveðið upp úrskurði sem fjalla um fjölda jarða á sunnanverðu landinu, þ.e. svæðum 1–4, og heimilda um afmörkun og eignarréttindi á ágreiningssvæðum verið skipulega leitað, m.a. á Þjóðskjalasafni og hjá sýslumannsembættum. Séu þær skoðaðar heildstætt kemur í ljós að landamerkjabréf hátt í tvöhundruð jarða hafa verið könnuð sérstaklega. Í upp undir helmingi tilvika hefur það verið elsta lýsing á merkjum jarðar og beinn samanburður við eldri heimildir þannig ekki mögulegur. Því fer einnig fjarri að eldri heimildir séu almennt heildstæðar merkjalýsingar. Þvert á móti geta þær verið brotakenndar og jafnvel fremur falið í sér vísbendingar en ótvíræðar lýsingar. Loks eru tíu tilvik þar sem

ekkert landamerkjabréf, í skilningi landamerkjalaga, er fyrir hendi og verður ekki séð að það hafi nokkurn tíma verið gert. Að því er varðar mikinn meirihluta jarða á svæðum 1–4, var niðurstaðan sú að aðrar heimildir um merki, væru þær til, ýmist styddu lýsingu bréfs eða mæltu henni ekki í mót. Merkjum væri því rétt lýst í landamerkjabréfi svo sem óbyggðanefnd skýrði það. Tekið skal fram að sú skýring var í ákveðnum tilvikum önnur en málsaðila.

Svo sem að framan greinir virðast dómstólar þannig gera fremur strangar kröfur til landamerkjabréfa jarða, þ. á m. að þau hafi stuðning af öðru og þá einkum eldri heimildum. Til þess ber þó að líta að fleiri atriði eru hér samofin og lögð til grundvallar niðurstöðu hverju sinni, þar á meðal mismunandi vægi eða trúverðugleiki einstakra heimilda, nýting, gróðurfar og staðhættir. Með hliðsjón af því og með tilliti til stjórnskipulegrar jafnræðisreglu telur óbyggðanefnd að fara beri varlega í að draga víðtækar ályktanir af þessari umfjöllun. Líta ber til þess að eftir að gengið hafði verið frá landamerkjabréfi, með tilheyrandi opinberri skráningu, hafði jarðeigandi síður ástæðu til að varðveita skjöl sem þar kann að hafa verið byggt á. Eðlilegt verður að telja að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem fyrir hendi kann að vera í slíkum tilvikum.

Niðurstaða óbyggðanefndar er því sú að ekki sé ástæða til að herða sérstaklega kröfur um sönnun eignarlands innan lýsingar í landamerkjabréfi jarðar, umfram það sem áður hefur verið lagt til grundvallar og samrýmist vel þeirri almennu afstöðu Hæstaréttar til landamerkjabréfa sem áður var lýst. Eftir sem áður er ljóst að dómstólar gera nokkuð strangar kröfur til sönnunar eignarlands, sbr. einnig þá meginreglu í íslenskum rétti að sá sem telur til eignarréttar yfir landi verður að færa fram heimildir fyrir eignartikalli sínu. Jafnframt liggur fyrir að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2005 þar sem segir svo:

> [...] nær frá upphafi Íslandsbyggðar mörkuðu menn sér ekki eingöngu ákveðin landsvæði, sem voru háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu manna. Meðan landsvæði gaf eitthvað af sér lágu hagsmunir til þess að halda merkjum réttindanna við, hvers eðlis sem þau voru. Af framanrituðu þykir leiða að skýra verði hvaða réttindi það séu sem menn voru að skipta á milli sín.

### 6.1.2. Heiðarbýli á Norðausturlandi

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er gerð almenn grein fyrir þeirri stofnun eignarréttar sem heimilaður var í nýbýlatilskipun frá 15. apríl 1776, um landnám og byggingu eyðijarða, og síðar nýbýlalögum, nr. 15/1897.[476] Að því er varðar Norðausturland sérstaklega í þessu sambandi benda heimildir til að í kjölfar

[476] Sbr. kafla 3.3. í viðauka.

nýbýlatilskipunar og fram yfir miðja 19. öld hafi þar verið stofnað til heiðarbyggðar í meiri mæli en í þeim landshlutum sem áður hafa komið til umfjöllunar hjá óbyggðanefnd. Byggð þessi stóð að jafnaði stutt, oft slitrótt, og þegar komið var fram á miðja 20. öld var henni nær alveg lokið. Í kjölfar gildistöku landamerkjalaga voru ýmist gerð sérstök landmerkjabréf fyrir slík heiðarbýli eða þau felld innan landamerkjalýsingar tiltekinnar jarðar.

Samkvæmt ákvæðum nýbýlatilskipunar gat slík býlisstofnun hvort heldur er verið í landi jarðar eða utan þess. Kveðið var á um útmælingu viðkomandi landsvæðis undir stjórn sýslumanns og útgáfu amtmanns á byggingarbréfi til handa nýbýlingi enda hefði skilyrðum verið fullnægt.

Í þeim tilvikum að stofnað var til nýbýlis í landi jarðar með lögformlegum hætti, sbr. einkum 2. gr. nýbýlatilskipunar, er ljóst að með því hefur ekki orðið breyting á eignarréttarlegri stöðu landsvæðisins. Hér gegnir sama máli og ef þar var stofnað til byggðar með öðrum hætti, svo sem leigu eða sölu hluta jarðar.[477] Um slík landsvæði hlýtur því að fara eftir sömu sjónarmiðum og jarðir almennt, hvernig sem formlegum frágangi hefur verið háttað. Um jarðir almennt vísast nánar til *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*.

Hafi hins vegar tekist byggð utan jarðar, sbr. einkum 4. gr. nýbýlatilskipunar, verður að kanna hvort þar hafi verið stofnað til lögformlegs nýbýlis. Hafi svo verið er ljóst að viðkomandi landsvæði er eignarland, þá þegar af þeirri ástæðu. Ella verður að líta svo á að ekki hafi verið stofnað til beins eignarréttar á grundvelli þeirrar löggjafar. Eignarréttarleg staða viðkomandi landsvæðis breyttist því ekki, hvernig sem henni var farið. Annað mál er að í kjölfarið kann að hafa stofnast þar eignarland á öðrum grundvelli, sbr. lög nr. 46/1905 um hefð.

Heiðarbyggð á Norðausturlandi er nefnd ýmsum nöfnum í heimildum, einkum nýbýli, afbýli, heiðarkot og hjáleiga. Notkun þessara hugtaka er misvísandi og tekur ekki endilega mið af ákvæðum nýbýlatilskipunar eða nýbýlalaga. Þannig kann tiltekið býli að vera nefnt nýbýli í heimildum án þess að byggingarbréf liggi fyrir. Málsmeðferð nýbýlaumsóknar getur þá af einhverjum ástæðum hafa lokið á einhverju stigi, svo sem eftir útmælingu, eða jafnvel ekki hafist yfirleitt. Á hinn bóginn getur verið að byggingarbréf hafi verið gefið út en býlið þrátt fyrir það nefnt annað en nýbýli, t.d. hjáleiga.

Útgáfa byggingarbréfs, sem stundum er nefnt nýbýlaleyfi, tekur af vafa um stofnun eignarlands og að landsvæði hafi frá þeim tíma öðlast stöðu jarðar að lögum. Að öðru leyti hlýtur að þurfa að leggja mat á eignarréttarlega stöðu viðkomandi landsvæðis áður en þar tókst byggð og hvort sú staða hafi tekið breytingum síðan. Í því sambandi ber að líta til þeirra krafna sem Hæstiréttur hefur gert til sönnunar eignarlands, sbr. kafla 6.1.1.

[477] Sbr. kafla 4.2. í viðauka.

## 6.2. Landnám

Í kafla 5.1. hér að framan er gerð grein fyrir frásögn *Landnámu* af landnámi í Vopnafirði og þá fyrst og fremst horft til þess svæðis sem hér er til meðferðar. Svo sem þar greinir nam Eyvindur vápni mestallan Vopnafjörð eða nánar tiltekið „fjörðinn allan frá Vestradalsá ok bjó í Krossavík“. Hann gaf Sveinbirni kört „land allt milli Vápnafjarðarár ok Vestradalsár“ og seldi Þorsteini hinum hvíta óskilgreint land. Þorsteinn „bjó á Tóptavelli fyrir útan Síreksstaði nokkura vetr, áðr hann omsk at Hofslöndum“. Þá nam Hróaldur bjóla land „fyrir vestran Vestradalsá, dalinn hálfan ok Selárdal allan út til Digraness; hann bjó á Torfastöðum“. Loks nam Lýtingur „Vápnafjarðarströnd alla ena eystri, Böðvarsdal ok Fagradal, ok bjó í Krossavík“.

Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrlausnum sínum byggt á því að skýrar frásagnir *Landnámu* hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar en talið hæpið að af takmörkuðum lýsingum í *Landnámu* verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi, sbr. einnig dóm Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2005 sem fjallaði um Hoffells-Lambatungur í Nesjum. Af þeim frásögnum *Landnámu* sem að framan er lýst verður ekki ráðið hversu langt inn til landsins landnám á Vopnafjarðarsvæðinu náði og að því leyti verða þannig engar afdráttarlausar ályktanir af þeim dregnar. Að öðru leyti vísast til þeirrar umfjöllunar um einstök landsvæði sem hér fer á eftir.

## 6.3. Hámundarstaðir

### 6.3.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands Hámundarstaða.

Íslenska ríkið hefur dregið þjóðlendukröfulínu sína frá Hágangaurð (punktur 1) beina línu í Þverfell (2). Á móti hefur gagnaðili, þinglýstur eigandi Hámundarstaða, gert kröfu um beinan eignarrétt að því landsvæði sem hann telur að liggi innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar. Þjóðlendukrafa ríkisins tekur til vestanverðs lands Hámundarstaða eins og gagnaðilar hafa teiknað það á kröfulínukorti. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.2.

Að Hámundarstöðum liggur ágreiningssvæði í máli nr. 4/2005 hjá óbyggðanefnd til norðurs. Til suðurs er Hvammsgerði. Að austan liggja Hámundarstaðir að Ljósalandi og hafi. Í vestri gnæfir Ytri-Hágangur (923 m), undir honum Hágangaheiði og Hágangaurð en þegar austar dregur lækkar landið. Frá

bæjarstæði Hámundarstaða í Ytri-Hágang (923 m) eru rúmlega 16,5 km í beinni loftlínu.

### 6.3.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(6), er almennt byggt á því að grundvöllurinn að beinum eignarrétti að landi hérlendis hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalaus svæði orðið fleiri með tímanum. Þetta verði helst ráðið af lögtöku nýbýlatilskipunar konungs 1776 sem beinlínis hafi verið lögtekin svo til væru úrræði til að gera eigendalaus svæði að eignarlöndum og efla þar með byggð. Því er haldið fram að af landnámslýsingum megi ráða að land hafi ekki verið numið til heiða og fjalla í Vopnafirði nema austast þar sem eru Böðvarsdalur og Fagridalur. Þá er byggt á því af hálfu ríkisins að afréttir, eins og þeir hafi verið skilgreindir fyrir gildistöku þjóðlendulaga 1998, hafi verið þjóðlendur þar sem tilteknum jörðum fylgdi réttur til afréttarnota. Af hálfu ríkisins er því haldið fram að kröfulína þess sé eðlileg þjóðlendulína miðað við landamerkjalýsingu jarðarinnar en hún verði ekki skilin öðruvísi en svo að báðir endapunktar liggi í Hágangsurð.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl nr. 24 og 19(3), er því haldið fram að af lýsingum *Landnámu* megi ráða að allt land í Vopnafjarðarhéraði hafi verið numið og undirorpið beinum eignarrétti síðan. Gróðurfar, nýting og búseta bendi einnig til að land þetta hafi allt verið numið í öndverðu enda landið forsenda búsetu og byggðar á þessu svæði. Þá er á því byggt að land innan landamerkja jarðar sé eignarland. Landamerkjalög 1882 hafi ekkert kveðið á um hvaða land eða hver landgæði fylgdu jörðum eða öðrum fasteignum enda hafi ekkert verið um það deilt þar sem jarðeigandi hafi verið talinn eiga fullkominn eignarrétt innan landamerkja jarðar sinnar. Venjuréttur og hefðarsjónarmið leiði einnig til þess að allt land innan landamerkja jarða teljist eignarland.

Þá telja eigendur Hámundarstaða sig hafa réttmætar væntingar til eignarhalds innan merkja jarðarinnar vegna fyrri lögskipta við ríkisvaldið. Landamerkjum jarðarinnar og aðliggjandi jarða hafi verið þinglýst athugasemdalaust og viðurkennd af öllum, þ.m.t. hinu opinbera, um áratugaskeið. Hafi þau aldrei verið vefengd af ríkisvaldinu. Þá hafi skattar og önnur lögboðin gjöld alltaf verið greidd af öllu landinu. Um áraraðir hafi öll landgæði verið nýtt af eigendum og enginn hafi getað nýtt jörðina án samþykkis þeirra. Venjur varðandi fjallskil geti ekki ráðið úrslitum þegar tekin sé afstaða til þess hvort jörðin sé öll beinum eignarrétti háð. Þá er því haldið fram að í ljósi þeirra gjörninga sem liggi fyrir um ráðstöfun landsins hafi eigendur Hámundarstaða nægar heimildir fyrir eignartilkalli sínu. Það sé því ríkisins að hrekja þá staðhæfingu að landsvæðið sé fullkomin eign þeirra. Vísað er til fyrri úrskurða óbyggðanefndar um að landsvæði sem talið hafi verið jörð eða hluti jarðar samkvæmt elstu heimildum sé háð beinum eignarrétti, fari landamerkjalýsingi ekki í

bága við þær eldri heimildir. Byggt er á úrlausnum Mannréttindadómstóls Evrópu um réttmætar væntingar. Þessar væntingar styðjist meðal annars við framkomu ríkisins gagnvart þeim með athöfnum og athafnaleysi. Loks er vísað til þess að skilyrði hefðar séu fyrir hendi.

### 6.3.3. Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Hámundarstaða er rakin í kafla 5.2. Þar kemur fram að Hámundarstaða er getið í heimildum allt frá miðri 15. öld. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.[478] Lýsingar *Landnámabókar* benda til þess að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að einhverju leyti innan upphaflegs landnáms, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvað ráðið verður af heimildum um merki Hámundarstaða. Fyrirliggjandi er landamerkjabréf jarðarinnar, dags. 10. júlí 1885 og þingl. 14. júlí 1885, auk merkjalýsinga í skoðunargjörð frá 1657, byggingarbréfum 1663 og 1669, vitnisburði 1669 og lögfestu frá 1845. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Hámundarstöðum. Athugun þessi tekur til norðurmerkja og norðanverðra vesturmerkja, inn til landsins og innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Hámundarstaða verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins.

Norðurmörkum Hámundarstaða er þannig lýst í landamerkjabréfinu 1885 að þau liggi um „há-Skálafell, þaðan í Gæsagilsá og þaðan í Hágangsröð“. Úr Hágangsröð er svo farið „um vötn“ í stein tvíklofinn á Miðöxl og þaðan í Efsta-mel. Eignarlandskrafa eiganda Hámundarstaða miðar merki í þessu sambandi við Ytri-Hágang en þjóðlendukrafa íslenska ríkisins við Hágangsurð.

Bréf Hámundarstaða er áritað vegna jarðarinnar Bakka (Nýjabæjar) í Skeggjastaðahreppi en ekki vegna jarðanna Skeggjastaða, Þorvaldsstaða og Gunnarsstaða sem austar liggja. Um landamerki þessara jarða er fjallað í máli nr. 4/2005 hjá óbyggðanefnd. Þar er komist að þeirri niðurstöðu að eignarland Skeggjastaða, Þorvaldsstaða og Gunnarsstaða nái ekki suður að kröfusvæði eigenda Hámundarstaða og úrskurðuð þjóðlenda í afréttareign á tilteknu svæði.

Jörðin Hvammsgerði var áður hjáleiga frá Hámundarstöðum, sbr. kafla 6.4. Samkvæmt landamerkjabréfi Hvammsgerðis, dags. 7. júní 1884 og þingl. 11. júní 1886, eru merki jarðarinnar til norðvesturs, gagnvart Hámundarstöðum, og landsvæðum sem fjallað er um í áðurnefndu máli nr. 4/2005 svofelld: „... að utan og norðan milli Hvammsgerðis og Hámundarstaða, er Borgarlækur og úr honum í vörðu á svokölluðum Efsta mel“ en þaðan beina stefnu í stóran stein tvíklofinn á Miðöxl og þaðan aftur beina línu í Ytri-Hágangsröð. Bréf Hvammsgerðis er þannig í samræmi

---

[478] Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

við bréf Hámundarstaða og er jafnframt áritað vegna þeirrar jarðar. Tekið er fram að miðað sé við „Ytri“-Hágangsröð.

Hér skal þess getið að u.þ.b. 8 km suður af Ytri-Hágangi (923 m) er Syðri-Hágangur (952 m) og þar á milli Þverfell (650 m). Fjallaröð þessi myndar skýr landfræðileg mörk og vatnaskil vestur af Selárdal og heiðarlöndum ofan hans.

Í eldri heimildum um merki Hámundarstaða, þá norðan Hvammsár og þannig að meðtöldu Hvammsgerði, er ýmist miðað við vatnaskil eða örnefni sem liggja í námunda við vatnaskil. Þannig er merkjum lýst svo í skoðunargjörð sem fram fór á árinu 1657: „Landamerke Jardarennar mille Hvamms á hid fremra, enn fuglabiarga á hid ytra upp ad axlarhædunum Sídan Siónhendijng upp effter upp umm þvera Sveina (þad eru Wordur hladnar), er þar halldenn fiórdungur af Sandwíkur heide, og so upp sem Wötnum hallar“. Í byggingarbréfi frá árinu 1669 voru takmörk jarðarinnar „i midlum Hvamz ár og fuglabjarga ár uppa Hafiall sem Wötn deila“. Í lögfestu fyrir Hámundarstaði sem útbúin var 1845 eru merki þessi: „Ad utan verdu úr Fuglabiargarárósi í Stóra lækiartánga beint þadann á Brúnina fyrir framann fremsta Sellæk, þadann beinst i Grénishöfda, þadan beint vestr Höfda og sunnan vid Ytra Hágáng i Hvamsá.“ Aðrar eldri heimildir, byggingarbréf 1663 og vitnisburður 1669, eru ógleggri að þessu leyti.

Óbyggðanefnd telur að eldri heimildir um Hámundarstaði, sbr. einnig landamerkjabréf Hvammsgerðis, styðji þá skýringu á landamerkjabréfi jarðarinnar að merki hennar til norðvesturs miðist við Ytri-Hágang.

Í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882 var gert landamerkjabréf fyrir jörðina Hámundarstaði. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum hennar sé þar rétt lýst. Landamerkjabréf Hámundarstaða var undirritað af eigendum jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Hámundarstaða hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um þýðingu landamerkjabréfa almennt fyrir jarðir við mat á sönnun um eignarhald að landi vísast til þess sem rakið er í kafla 6.1.1.

Ekki eru heimildir um annað en jörðin Hámundarstaðir hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1885, svo sem þeim er nánar lýst hér framar, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Hálendari hluti jarðarinnar hefur þar ekki verið undanskilinn enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Ekki verður annað séð en þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða

staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki talin hafa þar úrslitaáhrif í því sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Vopnafirði, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 36. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja Hámundarstaða sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[479]

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Hámundarstaða, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.4. Hvammsgerði

### 6.4.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands Hvammsgerðis.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá Hágangnaurð (punktur 1) beina línu í Þverfell (2). Á móti hefur gagnaðili, þinglýstur eigandi Hvammsgerðis, lýst kröfu um beinan eignarrétt að því landsvæði sem hann telur að liggi innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.3.

Að Hvammsgerði liggja Hámundarstaðir til norðurs en Hróaldsstaðir til suðurs. Að norðvestan er ágreiningssvæði í máli nr. 4/2005 hjá óbyggðanefnd. Jörðin liggur yst í Selárdal, vestan Selár, en ágreiningssvæði aðila er í suður- og austurhlíðum Ytri-Hágangs (923 m). Frá bæjarstæði Hvammsgerðis í Ytri-Hágang (923 m) eru rúmlega 14,7 km í beinni loftlínu.

### 6.4.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(6), er byggt á því að grundvöllurinn að beinum eignarrétti að landi hérlendis hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalaus svæði orðið fleiri með tímanum. Þetta verði helst ráðið af lögtöku nýbýlatilskipunar konungs 1776 sem beinlínis hafi verið lögtekin svo til væru úrræði til að gera eigendalaus svæði að eignarlöndum og efla þar með byggð. Því er haldið fram að af landnámslýsingum megi ráða að land hafi ekki verið numið til heiða og fjalla í

[479] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Vopnafirði nema austast þar sem eru Böðvarsdalur og Fagridalur. Þá er byggt á því af hálfu ríkisins að afréttir, eins og þeir hafi verið skilgreindir fyrir gildistöku þjóðlendulaga 1998, hafi verið þjóðlendur þar sem tilteknum jörðum fylgdi réttur til afréttarnota. Af hálfu ríkisins er því haldið fram að kröfulína þess sé eðlileg þjóðlendulína miðað við landamerkjalýsingu jarðarinnar auk lýsingar Hámundarstaða og Hróaldsstaða. Lýsing merkja milli Hámundarstaða og Hvammsgerðis við Ytri-Hágang að ofan verði vart skilin öðruvísi en orðalagið segi til um, átt sé við urðina við fjallið en ekki topp þess. Sama gildi um merkjalýsingu milli Hvammsgerðis og Hróaldsstaða sem segi merkin beina línu í ytri Hágangsurð.

Af hálfu gagnaðila er því haldið fram að af lýsingum *Landnámu* megi ráða að allt land í Vopnafjarðarhéraði hafi verið numið og undirorpið beinum eignarrétti síðan. Gróðurfar, nýting og búseta bendi einnig til að land þetta hafi allt verið numið í öndverðu enda landið forsenda búsetu og byggðar á þessu svæði. Í ljósi fornra heimilda um jörðina, sem sýni að henni tilheyri land allt að vatnaskilum, sé ljóst að landamerkjabréf Hvammsgerðis sé í góðu samræmi við eldri heimildir. Þá er á því byggt að land innan landamerkja jarðar sé eignarland. Landamerkjalög 1882 hafi ekkert kveðið á um hvaða land eða hver landgæði fylgdu jörðum eða öðrum fasteignum enda hafi ekkert verið um það deilt þar sem jarðeigandi hafi verið talinn eiga fullkominn eignarrétt innan landamerkja jarðar sinnar. Venjuréttur og hefðarsjónarmið leiði einnig til þess að allt land innan landamerkja jarða teljist eignarland.

Þá telur eigandi Hvammsgerðis sig hafa réttmætar væntingar til eignarhalds innan merkja jarðarinnar vegna fyrri lögskipta við ríkisvaldið. Landamerkjum jarðarinnar og aðliggjandi jarða hafi verið þinglýst athugasemdalaust og landamerkin verið viðurkennd af öllum, þ.m.t. hinu opinbera, um áratugaskeið. Hafi þau aldrei verið vefengd af ríkisvaldinu. Þá hafi skattar og önnur lögboðin gjöld alltaf verið greidd af öllu landinu. Um áraraðir hafi öll landgæði verið nýtt af eigendum og enginn getað nýtt jörðina án samþykkis þeirra. Venjur varðandi fjallskil geti ekki ráðið úrslitum þegar tekin er afstaða til þess hvort jörðin sé öll beinum eignarrétti háð. Þá er því haldið fram að í ljósi þeirra gjörninga sem liggi fyrir um ráðstöfun landsins hafi eigendur Hvammsgerðis nægar heimildir fyrir eignartilkalli sínu. Það sé því ríkisins að hrekja þá staðhæfingu að landsvæðið sé fullkomin eign þeirra. Vísað er til fyrri úrskurða óbyggðanefndar um að landsvæði sem talið hafi verið jörð eða hluti jarðar samkvæmt elstu heimildum sé háð beinum eignarrétti, fari landamerkjalýsingi ekki í bága við þær eldri heimildir. Byggt er á úrlausnum Mannréttindadómstóls Evrópu um réttmætar væntingar. Þessar væntingar styðjist meðal annars við framkomu ríkisins gagnvart þeim með athöfnum og athafnaleysi. Loks er vísað til þess að skilyrði hefðar séu fyrir hendi.

### 6.4.3. Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Hvammsgerði er rakin í kafla 5.3. Þar kemur fram að þess er getið fyrst í byggingarbréfum fyrir Hámundarstaði frá árunum 1663 og 1669. Af heimildum verður ráðið að Hvammsgerði var áður hluti jarðarinnar Hámundarstaða, sbr. kafla 6.3.[480] Lýsingar *Landnámabókar* benda til þess að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að einhverju leyti innan upphaflegs landnáms, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Hvammsgerðis er lýst í landamerkjabréfi frá 7. júní 1884 og þingl. 11. júní 1886. Hvammsgerði sýnist hafa rúmast innan merkjalýsinga fyrir Hámundarstaði áður en landamerkjabréf voru gerð fyrir jarðirnar á árunum 1884 og 1885. Ber þar að nefna merkjalýsingar í skoðunargjörð frá 1657, byggingarbréfum 1663 og 1669, vitnisburði 1669 og lögfestu frá 1845. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Hvammsgerði. Athugun þessi tekur til norðvesturmerkja jarðarinnar, inn til landsins og innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Hvammsgerðis verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins.

Samkvæmt landamerkjabréfi Hvammsgerðis eru merki jarðarinnar til norðvesturs og vesturs, gagnvart Hámundarstöðum og landsvæðum sem fjallað er um í máli nr. 4/2005 hjá óbyggðanefnd, svofelld: „að utan og norðan milli Hvammsgerðis og Hámundarstaða, er Borgarlækur og úr honum í vörðu á svokölluðum Efsta mel...“ og þaðan beina stefnu í stóran stein tvíklofinn á Miðöxl og þaðan aftur beina línu í Ytri Hágangsröð. Bréfið er áritað vegna Hámundarstaða og í samræmi við lýsingu í bréfi þeirrar jarðar, sbr. kafla 6.3. Landamerkjabréf Hvammsgerðis er hins vegar ekki áritað vegna Gunnarsstaða og Miðfjarðar né heldur bréf þeirra vegna Hvammsgerðis. Í áðurnefndu máli, nr. 4/2005, er komist að þeirri niðurstöðu að eignarland Gunnarsstaða og Miðfjarðar nái ekki suður að kröfusvæði eiganda Hvammsgerðis og úrskurðuð þjóðlenda í afréttareign á tilteknu svæði.

Samkvæmt landamerkjabréfi Hvammsgerðis eru merki til suðvesturs, gagnvart Hróaldsstöðum, með Hvammsá vestur í Hvammsárvatn. Landamerkjabréf Hróaldsstaða, þingl. 24. júní 1884, lýsir þessum merkjum eins. Fyrr í bréfinu segir að merkin liggi frá Upsarenda og eftir sömu línu norður heiðina þar sem vötnum fer að halla norður af. Eldri heimildir um merki Hróaldsstaða miða einnig við Hvammsá „upp í ups“, í „efstu ups“ eða „upp á háfjall sem vötn deila“, sbr. kafla 6.5.

Hvammsgerði var áður innan merkja Hámundarstaða og í eldri heimildum um suður- og norðvesturmerki Hámundarstaða er miðað við Hvammsá og vatnaskil eða örnefni sem liggja í námunda við vatnaskil. Þannig er merkjum lýst svo í skoðunargjörð sem fram fór á árinu 1657: „Landamerke Jardarennar mille Hvamms á hid fremra, enn fuglabiarga á hid ytra upp ad axlarhædunum Sídan Siónhendijng upp

[480] Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

effter upp umm þvera Sveina (þad eru Wordur hladnar), er þar halldenn fiórdungur af Sandwíkur heide, og so upp sem Wötnum hallar“.

Í byggingarbréfi frá árinu 1669 voru takmörk jarðarinnar „i midlum Hvamz ár og fuglabjarga ár uppa Hafiall sem Wötn deila.“ Í lögfestu fyrir Hámundarstaði sem útbúin var 1845 eru merki þessi: „Ad utan verdu úr Fuglabiargarárósi í Stóra lækiartánga beint þadann á Brúnina fyrir framann fremsta Sellæk, þadann beinst i Grénishöfda, þadan beint vestr Höfda og sunnan vid Ytra Hágáng i Hvamsá.“ Aðrar eldri heimildir, byggingarbréf 1663 og vitnisburður 1669, eru ógleggri að þessu leyti.

Hér skal þess getið að u.þ.b. 8 km suður af Ytri-Hágangi (923 m) er Syðri-Hágangur (952 m) og þar á milli er Þverfell (650 m). Fjallaröð þessi myndar skýr landfræðileg mörk og vatnaskil vestur af Selárdal og heiðarlöndum ofan hans.

Óbyggðanefnd telur að eldri heimildir um Hámundarstaði styðji þá skýringu á landamerkjabréfum Hámundarstaða og Hvammsgerðis að merki þeirra til norðvesturs miðist við Ytri-Hágang. Sömu heimildir styðja einnig þá skýringu á bréfi Hvammsgerðis að miða við vatnaskil frá Ytri-Hágangi og suður yfir Þverfellsdal. Á þeim slóðum eru nokkur vötn og þaðan rennur Hvammsá í mörgum kvíslum. Vatnaskilin skera það landsvæði sem ágreiningur málsaðila tekur til. Um þýðingu þess við mat á eignaréttarlegri stöðu landsins verður fjallað hér síðar.

Í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882 var gert landamerkjabréf fyrir jörðina Hvammsgerði. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum hennar sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Bréfið var undirritað af eiganda jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Hvammsgerðis hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða þess landsvæðis sem hér til umfjöllunar og samkvæmt framangreindu er að hluta innan merkja jarðarinnar Hvammsgerðis en að hluta utan þeirra. Um þýðingu landamerkjabréfa almennt fyrir jarðir við mat á sönnun um eignarhald að landi vísast til þess sem rakið er í kafla 6.1.1.

Ekki eru heimildir um annað en jörðin Hvammsgerði, eins og hún er afmörkuð hér að framan, hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1884, svo sem þeim er nánar lýst hér framar, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Hálendari hluti jarðarinnar hefur ekki verið þar undanskilinn, enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Ekki verður annað séð en innan þessara marka hafi eignarhald verið án ágreinings eða athugasemda. Þannig eru engar heimildir um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða

nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Vopnafirði, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 36. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja jarðarinnar Hvammsgerðis sé þjóðlenda. Á hinn bóginn hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu gagnaðila að merki jarðarinnar nái svo langt til norðvesturs sem gerð er krafa til. Ræðst því afmörkun að því leyti af vatnaskilum, líkt og að framan er rakið. Ekki hefur verið sýnt fram á að utan merkja jarðarinnar Hvammsgerðis en innan kröfusvæðis eiganda hennar í máli þessu sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttað hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að vestan umræddrar vatnaskilalínu sé þjóðlenda en austan hennar eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[481]

Kemur þá til skoðunar hvort stofnast hafi til óbeinna eignarréttinda innan þess lands sem gerð er krafa til af hálfu gagnaðila en fellur utan landamerkja jarðarinnar Hvammsgerðis samkvæmt framangreindri afmörkun, þ.e. landsvæði sem nær frá vatnaskilum og vestur að kröfulínu gagnaðila. Fyrir liggur að landsvæði þetta hefur verið nýtt af eigendum Hvammsgerðis til beitar og annarra venjubundinna afréttarnota og aðrir hafa ekki sett fram kröfur til þess. Verður því fallist á að landið sé í afréttareign Hvammsgerðis.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að umrætt landsvæði utan landamerkja jarðarinnar Hvammsgerðis, suðvestur undir Ytri-Hágangi, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Frá vatnaskilum á Ytri-Hágangi, á sveitarfélagamörkum og jafnframt í nyrðri kröfulínu vegna Hvammsgerðis, er vatnaskilum fylgt suður þar til kemur að skurðpunkti við syðri kröfulínu vegna Hvammsgerðis (sem jafnframt er nyrðri kröfulína Hróaldsstaða II) í máli þessu. Þeirri kröfulínu er síðan fylgt til norðvesturs að skurðpunkti við línu sem dregin er úr vörðu sem stendur á hól við Kistufellslæk í Hölknárdrög við nyrsta Hágangshorn. Hinni síðastnefndu línu er síðan fylgt til norðurs, að kröfulínu vegna Hvammsgerðis á sveitarfélagamörkum. Loks er sveitarfélagamörkum fylgt til austurs í hinn fyrstnefnda punkt á vatnaskilum.*

---

[481] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Sama landsvæði er í afréttareign Hvammsgerðis, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

## 6.5. Hróaldsstaðir

### 6.5.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands Hróaldsstaða, sem nú skiptast í Hróaldsstaði I og II.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá Hágangnaurð (punktur 1) og beina línu í Þverfell (2) og síðan í punkt þar sem ytri Almenningsá rennur úr Almenningsvötnum (3). Á móti hafa gagnaðilar, þinglýstir eigendur Hróaldsstaða, gert kröfu um beinan eignarrétt að því landsvæði sem þeir telja að liggi innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.4.

Að Hróaldsstöðum liggja Hvammsgerði til norðurs og Áslaugarstaðir til suðurs. Að vestan er ágreiningssvæði í máli nr. 4/2005 hjá óbyggðanefnd. Hróaldsstaðir eru í Selárdal, vestan Selár, en ágreiningssvæði aðila liggur í um 480 m hæð yfir sjávarmáli og tekur til Þverfellsdals auk Þverfells (650 m).

### 6.5.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1 (6), er byggt á því að grundvöllurinn að beinum eignarrétti að landi hérlendis hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalaus svæði orðið fleiri með tímanum. Þetta verði helst ráðið af lögtöku nýbýlatilskipunar konungs 1776 sem beinlínis hafi verið lögtekin svo til væru úrræði til að gera eigendalaus svæði að eignarlöndum og efla þar með byggð. Því er haldið fram að af landnámslýsingum megi ráða að land hafi ekki verið numið til heiða og fjalla í Vopnafirði nema austast þar sem eru Böðvarsdalur og Fagridalur. Þá er byggt á því af hálfu ríkisins að afréttir, eins og þeir hafi verið skilgreindir fyrir gildistöku þjóðlendulaga 1998, hafi verið þjóðlendur þar sem tilteknum jörðum fylgdi réttur til afréttarnota. Af hálfu ríkisins er því haldið fram að kröfulína þess sé eðlileg þjóðlendulína miðað við landamerkjalýsingu jarðarinnar auk lýsingar Hámundarstaða og Hvammsgerðis. T.d. verði lýsing merkja milli Hróaldsstaða og Hvammsgerðis, sem segi merkin liggja eftir beinni línu í ytri Hágangsurð, vart skilin öðruvísi en orðalagið segi til um. Átt sé við urðina við fjallið en ekki topp þess.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl nr. 12, 12 (5) og 5 (4), er því haldið fram að allt land jarða og afrétta í Vopnafjarðarhreppi hafi frá landnámi verið undirorpið beinum eignarrétti. Gróðurfar, nýting og búseta bendi einnig til að land þetta hafi allt verið numið í öndverðu enda landið forsenda búsetu og byggðar á þessu svæði. Athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðar verði ekki hnekkt nema óyggjandi

sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrði um inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvíli þannig á íslenska ríkinu. Norðurmerkjum jarðarinnar sé lýst í heimild frá 1657 og falli sú lýsing alveg saman við landamerkjalýsingu í framlögðu landamerkjabréfi. Þetta styrki enn frekar sönnunargildi landamerkjabréfsins svo ekki sé unnt að efast um fullkominn eignarrétt innan lýstra merkja. Þá telja gagnaðilar að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda þeirra án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Gagnaðilar hafi í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að land innan landamerkja jarðarinnar væri undirorpið fullkomnum eignarrétti þeirra. Til vara byggja gagnaðilar á því að þeir hafi hefðað landið enda hafi þeir byggt það og nýtt langt umfram tilskilinn hefðartíma.

### 6.5.3. Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Hróaldsstöðum er rakin í kafla 5.4. Þar kemur fram að þeirra er getið í heimildum allt frá árinu 1542. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.[482] Lýsingar *Landnámabókar* benda til þess að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að einhverju leyti innan upphaflegs landnáms, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Hróaldsstaða er lýst í landamerkjabréfi, ódags. en þingl. 24. júní 1884. Einnig eru fyrir hendi eldri merkjalýsingar, nánar tiltekið frá sölu jarðarinnar frá 1542, í jarðakaupsamningi frá 1651 og lögfestu sem lesin var upp að Hofskirkju árið 1669. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Hróaldsstöðum. Athugun þessi tekur til norðvestur- og vesturmerkja jarðarinnar, inn til landsins innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Hróaldsstaða verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins.

Samkvæmt landamerkjabréfi Hróaldsstaða eru merki jarðarinnar til norðurs, gagnvart Hvammsgerði, miðuð við „Hvammsá, alla leið neðan frá Selá og norður í Hvammsárvatn“. Hróaldsstaðir eiga síðan merki gagnvart Áslaugarstöðum að sunnanverðu. Þau eru miðuð við „Skarðsá upp í svonefndan Skarðsárkrók, þaðan beint í stóru vörðu, sem er hér um bil mitt á milli Króksins og Upsanna, og frá nefndri vörðu beina stefnu í Upsarenda og svo eptir sömu línu norður heiðina þar sem vötnum fer að halla norður af“. Þær eldri heimildir um merki Hróaldsstaða sem að framan var getið miða einnig við Skarðsá, Hvammsá og „upp í ups“, í „efstu ups“ eða „upp á háfjall sem vötn deila“.

Landamerkjabréf Hvammsgerðis, dags 7. júní 1884 og þingl. 11. júní 1886, og Áslaugarstaða, ódags. en þingl. 24. júní 1884, eru í samræmi við bréf Hróaldsstaða. Þau eru bæði árituð vegna þeirrar jarðar en bréf hennar einungis vegna Áslaugarstaða

---

[482] Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Í kafla 6.4. hér að framan er komist að þeirri niðurstöðu að eldri heimildir um Hámundarstaði, sem einnig taka til Hvammsgerðis, styðji þá skýringu á landamerkjabréfi Hvammsgerðis að þar sé miðað við vatnaskil frá Ytri-Hágangi og suður yfir Þverfellsdal. Sams konar niðurstaða í umfjöllun um Áslaugarstaði, sbr. kafla 6.6, styðst jafnframt við eldri heimild um þá jörð.

Hér skal þess getið að u.þ.b. 8 km suður af Ytri-Hágangi (923 m) er Syðri-Hágangur (952 m) og þar á milli er Þverfell (650 m). Fjallaröð þessi myndar skýr landfræðileg mörk og vatnaskil vestur af Selárdal og heiðarlöndum ofan hans. Í Þverfellsdal, á milli Þverfells og Ytra-Hágangs, eru nokkur vötn og þaðan rennur Hvammsá í mörgum kvíslum. Á kortum Landmælinga Íslands eru Ufsir merktar í heiðarbrúninni upp af Selárdal en Hágangsurð norðar og nær Ytri-Hágangi. Ufs, eða ups, hefur ekki einhlíta merkingu í íslensku máli og mun þannig almennt bæði geta vísað til fjallseggjar og láréttra bergstalla.

Óbyggðanefnd telur að eldri heimildir um Hróaldsstaði styðji þá skýringu á landamerkjabréfi jarðarinnar að norðvesturmerki miðist við vatnaskil, þ.e.a.s. liggi úr Ytri-Hágangi yfir Þverfellsdal, Þverfell og upp í hlíðar Syðri-Hágangs. Vatnaskilin skera það landsvæði sem ágreiningur málsaðila tekur til. Um þýðingu þessa við mat á eignaréttarlegri stöðu landsins verður fjallað hér síðar.

Í áðurnefndu máli nr. 4/2005 hjá óbyggðanefnd er komist að þeirri niðurstöðu að eignarland jarðarinnar Miðfjarðar nái ekki suður að kröfusvæði eiganda Hróaldsstaða og úrskurðuð þjóðlenda í afréttareign á tilteknu svæði.

Í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882 var gert landamerkjabréf fyrir jörðina Hróaldsstaði. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum hennar sé þar rétt lýst. Bréfið var undirritað af fyrirsvarsmanni Hróaldsstaða, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Hróaldsstaða hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar og er samkvæmt framangreindu innan merkja jarðarinnar Hróaldsstaða austan vatnaskila en utan þeirra vestan vatnaskila. Um þýðingu landamerkjabréfa almennt fyrir jarðir við mat á sönnun um eignarhald að landi vísast til þess sem rakið er í kafla 6.1.1.

Ekki eru heimildir um annað en jörðin Hróaldsstaðir, eins og hún er afmörkuð hér að framan, hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þessara marka hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Hálendari hluti jarðarinnar hefur ekki verið þar undanskilinn enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Ekki verður annað séð en innan þessara marka hafi eignarhald verið

án ágreinings eða athugasemda. Þannig eru engar heimildir um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Vopnafirði, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 36. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja jarðarinnar Hróaldsstaða sé þjóðlenda. Á hinn bóginn hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu gagnaðila að merki jarðarinnar nái svo langt til norðvesturs sem gerð er krafa til. Ræðst því afmörkun að því leyti af vatnaskilum, líkt og að framan er rakið. Ekki hefur verið sýnt fram á að utan merkja jarðarinnar Hróaldsstaða, en innan kröfusvæðis eiganda hennar í máli þessu, sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttað hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að vestan umræddrar vatnaskilalínu sé þjóðlenda en austan hennar eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[483]

Kemur þá til skoðunar hvort stofnast hafi til óbeinna eignarréttinda innan þess lands sem gerð er krafa til af hálfu gagnaðila en fellur utan landamerkja jarðarinnar Hróaldsstaða samkvæmt framangreindri afmörkun, þ.e. landsvæði sem nær frá vatnaskilum og vestur að kröfulínu gagnaðila. Fyrir liggur að landsvæði þetta hefur verið nýtt af eigendum Hróaldsstaða til beitar og annarra venjubundinna afréttarnota og aðrir hafa ekki sett fram kröfur til þess. Verður því fallist á að landið sé í afréttareign Hróaldsstaða.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að umrætt landsvæði utan landamerkja jarðarinnar Hróaldsstaða, þ. á m. í Þverfellsdal, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Farið er úr punkti sem er þar sem nyrðri kröfulína vegna Hróaldsstaða II (sem jafnframt er syðri kröfulína vegna Hvammsgerðis) mætir línu sem dregin er úr vörðu sem stendur á hól við Kistufellslæk í Hölknárdrög við nyrsta Hágangshorn, og með þeirri línu til suðurs í punkt sem er þar sem syðri kröfulína Hróaldsstaða I (sem jafnframt er nyrðri kröfulína Áslaugarstaða) mætir sömu línu. Þaðan er kröfulínu Hróaldsstaða I (og Áslaugarstaða) fylgt að vatnaskilum. Síðan er vatnaskilum fylgt norður að framangreindri nyrðri kröfulínu Hróaldsstaða II (og Hvammsgerðis) og henni fylgt til vesturs í þann punkt sem hér að framan var fyrst nefndur.*

---

[483] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Sama landsvæði er í afréttareign Hróaldsstaða, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

## 6.6. Áslaugarstaðir

### 6.6.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands Áslaugarstaða.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá Þverfelli (punktur 2) og í punkt þar sem ytri Almenningsá rennur úr Almenningsvötnum (3). Á móti hafa gagnaðilar, þinglýstir eigendur Áslaugarstaða, gert kröfu um beinan eignarrétt að því landsvæði sem þeir telja að liggi innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.5.

Að Áslaugarstöðum liggja Hróaldsstaðir til norðurs og Leifsstaðir til suðurs. Að vestan er ágreiningssvæði í máli nr. 4/2005 hjá óbyggðanefnd. Jörðin liggur í Selárdal, vestan Selár, en ágreiningssvæði aðila er á og við Syðri-Hágang. Frá bæjarstæði Áslaugarstaða í 761 m hæðarpunkt í Syðri-Hágangi eru um 9,7 km í beinni loftlínu.

### 6.6.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(6), er byggt á því að grundvöllurinn að beinum eignarrétti að landi hérlendis hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalaus svæði orðið fleiri með tímanum. Þetta verði helst ráðið af lögtöku nýbýlatilskipunar konungs 1776 sem beinlínis hafi verið lögtekin svo að til væru úrræði til að gera eigendalaus svæði að eignarlöndum og efla þar með byggð. Því er haldið fram að af landnámslýsingum megi ráða að land hafi ekki verið numið til heiða og fjalla í Vopnafirði, nema austast þar sem eru Böðvarsdalur og Fagridalur. Þá er byggt á því af hálfu ríkisins að afréttir, eins og þeir hafi verið skilgreindir fyrir gildistöku þjóðlendulaga 1998, hafi verið þjóðlendur þar sem tilteknum jörðum fylgdi réttur til afréttarnota. Sá punktur á kröfulínu ríkisins þar sem ytri Almenningsá renni úr Almenningsárvötnum sé tekinn að álitum úr útmælingargerð fyrir Þorvaldsstaði sem nýbýlis frá 1829. Af hálfu ríkisins er því haldið fram að þessi punktur á kröfulínu þess sé eðlilegur punktur á þjóðlendulínu þar sem land hafi við útmælinguna verið mælt út beint upp á Upsir eða melbrún þangað sem grasvegur hætti. Lítill grasvegur sé til staðar þegar komið sé upp á brúnir.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl nr. 19(3) og 20, er því haldið fram að af lýsingum *Landnámu* megi ráða að allt land í Vopnafjarðarhéraði hafi verið numið og undirorpið beinum eignarrétti síðan. Gróðurfar, nýting og búseta bendi einnig til að land þetta hafi allt verið numið í öndverðu enda landið forsenda búsetu og byggðar á

þessu svæði. Þá er á því byggt að land innan landamerkja jarðar sé eignarland. Landamerkjalög 1882 hafi ekkert kveðið á um hvaða land eða hver landgæði fylgdu jörðum eða öðrum fasteignum enda hafi ekkert verið um það deilt þar sem jarðeigandi hafi verið talinn eiga fullkominn eignarrétt innan landamerkja jarðar sinnar. Venjuréttur og hefðarsjónarmið leiði einnig til þess að allt land innan landamerkja jarða teljist eignarland.

Þá telja gagnaðilar sig hafa réttmætar væntingar til eignarhalds innan merkja jarðarinnar vegna fyrri lögskipta við ríkisvaldið. Landamerkjum jarðarinnar og aðliggjandi jarða hafi verið þinglýst athugasemdalaust og hafi landamerkin verið viðurkennd af öllum, þ.m.t. hinu opinbera, um áratugaskeið. Hafi þau aldrei verið vefengd af ríkisvaldinu. Þá hafi skattar og önnur lögboðin gjöld alltaf verið greidd af öllu landinu. Um áraraðir hafi öll landgæði verið nýtt af eigendum og enginn hafi getað nýtt jörðina án samþykkis þeirra. Venjur varðandi fjallskil geti ekki ráðið úrslitum þegar tekin sé afstaða til þess hvort jörðin sé öll beinum eignarrétti háð. Í ljósi þeirra gjörninga sem liggi fyrir um ráðstöfun landsins hafi eigendur Áslaugarstaða nægar heimildir fyrir eignartilkalli sínu. Það sé því ríkisins að hrekja þá staðhæfingu að landsvæðið sé fullkomin eign þeirra. Vísað er til fyrri úrskurða óbyggðanefndar um að landsvæði sem talið hafi verið jörð eða hluti jarðar samkvæmt elstu heimildum sé háð beinum eignarrétti, fari landamerkjalýsingi ekki í bága við þær eldri heimildir. Byggt er á úrlausnum Mannréttindadómstóls Evrópu um réttmætar væntingar. Þessar væntingar styðjist meðal annars við framkomu ríkisins gagnvart þeim með athöfnum og athafnaleysi. Loks er vísað til þess að skilyrði hefðar séu fyrir hendi.

### 6.6.3. Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Áslaugarstöðum er rakin í kafla 5.5. Þar kemur fram að Áslaugarstaða er getið í heimildum allt frá árinu 1596. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.[484] Lýsingar *Landnámabókar* benda til þess að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að einhverju leyti innan upphaflegs landnáms, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Áslaugarstaða er lýst í landamerkjabréfi, ódags. og þingl. 24. júní 1884. Einnig eru fyrir hendi eldri heimildir sem að meira eða minna leyti greina frá merkjum, nánar tiltekið vitnisburður frá 1596 og byggingarbréf frá 1669, auk skoðunar og útvísunargerðar vegna Almennings í Selárdal frá 1829. Þá verður jafnframt litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Áslaugarstöðum. Athugun þessi tekur til norðvesturmerkja jarðarinnar, inn til landsins og innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Áslaugarstaða verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins.

---

[484] Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Samkvæmt landamerkjabréfi Áslaugarstaða eru merki jarðarinnar að norðanverðu, m.a. gagnvart Hróaldsstöðum, í Skarðsá upp í Skarðsárkrók, þaðan beint í stóruvörðu og stefnu í Upsarhorn. Að norðan þar sem vötnum hallar. Þetta er í samræmi við landamerkjabréf Hróaldsstaða, ódagsett en þingl. 24. júní 1884, og bréfin bera gagnkvæmar áritanir um samþykki merkja. Í byggingarbréfi Áslaugarstaða frá 1669 er jafnframt miðað við Skarðsá og upp á Háfjall sem vötn mega deila. Eldri heimildir um merki Hróaldsstaða miða einnig við Skarðsá og „upp í ups“, í „efstu ups“ eða „upp á háfjall sem vötn deila“, sbr. kafla 6.5.

Samkvæmt landamerkjabréfi Áslaugarstaða eru merki jarðarinnar að sunnanverðu, gagnvart Leifsstöðum, úr Holbakka í Sandhóla og þaðan beint í læk utan undir mel sunnan til í Sanda-Klofa og þaðan beint í vörðu á há Upsarbrún. Landamerkjabréfið er samþykkt vegna Leifsstaða og gagnkvæmt. Í landamerkjabréfi Leifsstaða, frá 31. júlí 1922 og þingl. 15. júní 1923, er svohljóðandi lýsing: „Að norðan fremri Hágangur, að utan úr Hágang í Þverfells horn fremra, þaðan bein lína í vörðu á Upsarbrún, þaðan bein lína í vesturhorn á Hnaus, þaðan í Sauðhóla, þaðan í Holbakka við Selá.“ Heimildir um merki Áslaugarstaða og Leifsstaða virðast þannig að einhverju leyti skarast hið efra en afmörkun í kröfugerð eigenda Leifsstaða í máli þessu virðist fremur miða við landamerkjabréf Áslaugarstaða að þessu leyti. Þá virðast merki jarðanna hafa tekið breytingum hið neðra. Framangreint kann að skýrast af því að land þessara jarða virðast á tíma hafa runnið saman að meira eða minna leyti, sbr. merkjalýsingu í skoðunar- og útvísunargjörð vegna Almennings í Selárdal frá 1829. Þar var lýst merkjum gagnvart Áslaugarstöðum og þannig gert ráð fyrir landi Leifsstaði innan þess og ótilgreint.

Hér skal þess getið að u.þ.b. 8 km suður af Ytri-Hágangi (923 m) er Syðri-Hágangur (952 m) og þar á milli er Þverfell (650 m). Fjallaröð þessi myndar skýr landfræðileg mörk og vatnaskil vestur af Selárdal og heiðarlöndum ofan hans. Á kortum Landmælinga Íslands eru Ufsir merktar í heiðarbrúninni upp af Selárdal en Hágangsurð norðar og nær Ytri-Hágangi. Ufs, eða ups, hefur ekki einhlíta merkingu í íslensku máli og mun þannig almennt bæði geta vísað til fjallseggjar og láréttra bergstalla.

Óbyggðanefnd telur að eldri heimild um Áslaugarstaði, sbr. einnig heimildir um merki aðliggjandi jarða, styðji þá skýringu á landamerkjabréfi jarðarinnar að norðvesturmerki miðist við vatnaskil, þ.e.a.s. liggi úr Þverfelli og yfir Syðri-Hágang. Vatnaskilin skera það landsvæði sem ágreiningur málsaðila tekur til. Um þýðingu þessa við mat á eignaréttarlegri stöðu landsins verður fjallað hér síðar.

Í áðurnefndu máli nr. 4/2005 hjá óbyggðanefnd er komist að þeirri niðurstöðu að eignarland jarðarinnar Miðfjarðar nái ekki suður að kröfusvæði eigenda Áslaugarstaða og úrskurðuð þjóðlenda í afréttareign á tilteknu svæði.

Í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882 var gert landamerkjabréf fyrir jörðina Áslaugarstaði. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum hennar sé

þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Landamerkjabréf Áslaugarstaða var undirritað af eigendum jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Áslaugarstaða hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um þýðingu landamerkjabréfa almennt fyrir jarðir við mat á sönnun um eignarhald að landi vísast til þess sem rakið er í kafla 6.1.1.

Ekki eru heimildir um annað en jörðin Áslaugarstaðir, eins og hún er afmörkuð hér að framan, hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þessara landamerkja hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Hálendari hluti jarðarinnar hefur ekki verið þar undanskilinn enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Ekki verður annað séð en innan þessara marka hafi eignarhald verið án ágreinings eða athugasemda. Þannig eru engar heimildir um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Vopnafirði, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 36. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja Áslaugarstaða sé þjóðlenda. Á hinn bóginn hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu gagnaðila að merki jarðarinnar nái svo langt til norðvesturs sem gerð er krafa til. Ræðst því afmörkun að því leyti af vatnaskilum, líkt og að framan er rakið. Ekki hefur verið sýnt fram á að utan merkja jarðarinnar Áslaugarstaða, en innan kröfusvæðis eigenda hennar í máli þessu, sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttað hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að vestan umræddrar vatnaskilalínu sé þjóðlenda en austan hennar eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[485]

Kemur þá til skoðunar hvort stofnast hafi til óbeinna eignarréttinda innan þess lands sem gerð er krafa til af hálfu gagnaðila en fellur utan landamerkja jarðarinnar Áslaugarstaða samkvæmt framangreindri afmörkun, þ.e. landsvæði sem nær frá vatnaskilum og vestur að kröfulínu gagnaðila. Fyrir liggur að umrætt landsvæði hefur

[485] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

verið nýtt af eigendum Áslaugarstaða til beitar og annarra venjubundinna afréttarnota og aðrir hafa ekki sett fram kröfur til þess. Verður því fallist á þá kröfu að landið sé í afréttareign Áslaugarstaða.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að umrætt landsvæði utan landamerkja jarðarinnar Áslaugarstaða, þ. á m. á vestanverðum Syðra-Hágangi, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Farið er úr punkti á Syðri-Hágangi sem er þar sem syðri kröfulína vegna Áslaugarstaða (sem er jafnframt nyrðri kröfulína vegna Leifsstaða) mætir línu sem dregin er úr vörðu sem stendur á hól við Kistufellslæk í Hölknárdrög við nyrsta Hágangshorn og með þeirri línu til norðurs í þann punkt þar sem nyrðri kröfulína Áslaugarstaða (og jafnframt syðri kröfulína vegna Hróaldsstaða I) mætir sömu línu. Þaðan er kröfulínu Áslaugarstaða (og Hróaldsstaða I) fylgt austur að vatnaskilum og síðan vatnaskilum í suðurátt í þann punkt sem hér að framan var fyrst nefndur.*

Sama landsvæði er í afréttareign Áslaugarstaða, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr.

### 6.7. Leifsstaðir

### 6.7.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands Leifsstaða.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá Þverfelli (punktur 2) og í punkt þar sem ytri Almenningsá rennur úr Almenningsvötnum (3). Á móti hafa gagnaðilar, þinglýstir eigendur Leifsstaða, gert kröfu um beinan eignarrétt að því landsvæði sem þeir telja að liggi innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.6.

Að Leifsstöðum liggja Áslaugarstaðir til norðurs og Þorvaldsstaðir til suðurs. Til vesturs er ágreiningssvæði í máli nr. 4/2005 hjá óbyggðanefnd. Til austurs er Selá. Ágreiningssvæði aðila liggur á og sunnan við Syðri-Hágang (952 m), þ. á m. Almenningsárvatna sem liggja í u.þ.b. 520 m hæð yfir sjávarmáli. Frá bæjarstæði Leifsstaða að 952 m hæðarpunkti í Syðri-Hágangi eru um 9,4 km í beinni loftlínu.

### 6.7.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(6), er byggt á því að grundvöllurinn að beinum eignarrétti að landi hérlendis hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalaus svæði orðið fleiri með tímanum. Þetta verði helst ráðið af lögtöku nýbýlatilskipunar

konungs 1776 sem beinlínis hafi verið lögtekin svo til væru úrræði til að gera eigendalaus svæði að eignarlöndum og efla þar með byggð. Því er haldið fram að af landnámslýsingum megi ráða að land hafi ekki verið numið til heiða og fjalla í Vopnafirði nema austast þar sem eru Böðvarsdalur og Fagridalur. Þá er byggt á því af hálfu ríkisins að afréttir, eins og þeir hafi verið skilgreindir fyrir gildistöku þjóðlendulaga 1998, hafi verið þjóðlendur þar sem tilteknum jörðum fylgdi réttur til afréttarnota. Leifsstaðamörkin eystri séu fremri Hágangur, að utan úr Hágang í Þverfellshorn fremra, þaðan bein lína í vörðu á Ufsabrún. Þetta sé á engan hátt hægt að skilja. Sé raunin sú að línan nái frá Ytri-Hágangi í Þverfellshorn og svo í Syðri-Hágang þá liggi línan frá vesturmörkunum en ekki að þeim eins og eigi að vera en þau eru Almenningsá ytri að upptökum sem eru í Almenningsárvötnum og þannig langt frá Syðri-Hágangi. Þessar lýsingar verði að meta þannig að eignarlönd jarðanna nái ekki inn fyrir Hróaldsstaðaheiðina og inn á Hágangnaheiði.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl nr. 19(3) og 28, er því haldið fram að af lýsingum *Landnámu* megi ráða að allt land í Vopnafjarðarhéraði hafi verið numið og undirorpið beinum eignarrétti síðan. Gróðurfar, nýting og búseta bendi einnig til að land þetta hafi allt verið numið í öndverðu enda landið forsenda búsetu og byggðar á þessu svæði. Þá er á því byggt að land innan landamerkja jarðar sé eignarland. Landamerkjalög 1882 hafi ekkert kveðið á um hvaða land eða hver landgæði fylgdu jörðum eða öðrum fasteignum enda hafi ekkert verið um það deilt þar sem jarðeigandi hafi verið talinn eiga fullkominn eignarrétt innan landamerkja jarðar sinnar. Venjuréttur og hefðarsjónarmið leiði einnig til þess að allt land innan landamerkja jarða teljist eignarland.

Þá telja gagnaðilar sig hafa réttmætar væntingar til eignarhalds innan merkja jarðarinnar vegna fyrri lögskipta við ríkisvaldið. Landamerkjum jarðarinnar og aðliggjandi jarða hafi verið þinglýst athugasemdalaust og landamerkin verið viðurkennd af öllum, þ.m.t. hinu opinbera, um áratugaskeið. Hafi þau aldrei verið vefengd af ríkisvaldinu. Þá hafi skattar og önnur lögboðin gjöld alltaf verið greidd af öllu landinu. Um áraraðir hafi öll landgæði verið nýtt af eigendum og enginn getað nýtt jörðina án samþykkis þeirra. Venjur varðandi fjallskil geti ekki ráðið úrslitum þegar tekin sé afstaða til þess hvort jörðin sé öll beinum eignarrétti háð. Þá því haldið fram að í ljósi þeirra gjörninga sem liggi fyrir um ráðstöfun landsins hafi eigendur Leifsstaða nægar heimildir fyrir eignartilkalli sínu. Það sé því ríkisins að hrekja þá staðhæfingu að landsvæðið sé fullkomin eign þeirra. Vísað er til fyrri úrskurða óbyggðanefndar um að landsvæði sem talið hafi verið jörð eða hluti jarðar samkvæmt elstu heimildum sé háð beinum eignarrétti, fari landamerkjalýsingi ekki í bága við þær eldri heimildir. Byggt er á úrlausnum Mannréttindadómstóls Evrópu um réttmætar væntingar. Þessar væntingar styðjist meðal annars við framkomu ríkisins gagnvart þeim með athöfnum og athafnaleysi. Loks er vísað til þess að skilyrði hefðar séu fyrir hendi.

### 6.7.3. Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Leifsstöðum er rakin í kafla 5.6. Þar kemur fram að Leifsstaða er getið í heimildum allt frá 14. öld, ýmist sem sjálfstæðrar jarðar eða hjáleigu frá Áslaugarstöðum, en byggð þar mun ekki hafa verið samfelld.[486] Lýsingar *Landnámabókar* benda til þess að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að einhverju leyti innan upphaflegs landnáms, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Leifsstaða er lýst í landamerkjabréfi, dags. 31. júlí 1922 og þingl. 15. júní 1923. Þá er getið um suðurmerki Áslaugarstaða að meðtöldum Leifsstöðum í skoðunar- og útvísunargjörð vegna Almennings í Selárdal frá 1829. Aðrar eldri heimildir um Áslaugarstaði virðast hins vegar einungis lýsa merkjum gagnvart Leifsstöðum. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Leifsstöðum. Athugun þessi tekur til norðvesturmerkja jarðarinnar, inn til landsins, og innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Leifsstaða verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins.

Samkvæmt landamerkjabréfi Leifsstaða eru merki jarðarinnar að norðan miðuð við „fremri“ [Syðri]-Hágang en „að utan“ er merkjum lýst svo: „ [...] úr Hágang í Þverfells horn fremra, þaðan bein lína í vörðu á Upsabrún, þaðan bein lína í vesturhorn á Hnaus, þaðan í Sauðhóla, þaðan í Holbakka við Selá.“ Bréfið er áritað vegna Miðfjarðar og Áslaugarstaða. Samkvæmt landamerkjabréfi Áslaugarstaða, ódags. en þingl. 24. júní 1884, eru landamerki milli Áslaugarstaða og Leifsstaða: „Úr Holbakka sem kallaður er og beint upp í Sandhóla og þaðan beint í læk utan undir mel sunnan til í Sanda-Klofa, og þaðan beint í vörðu á há Upsarbrún, að norðan þar sem vötnum hallar.“ Bréfið er áritað vegna Leifsstaða.

Heimildir um merki Leifsstaða og Áslaugarstaða virðast þannig að einhverju leyti skarast hið efra en afmörkun í kröfugerð eigenda Leifsstaða í máli þessu virðist fremur miða við landamerkjabréf Áslaugarstaða að þessu leyti. Þá virðast merki jarðanna hafa tekið breytingum hið neðra. Framangreint kann að skýrast af því að land þessara jarða virðist á tíma hafa runnið saman að meira eða minna leyti, sbr. merkjalýsingu í skoðunar- og útvísunargjörð vegna Almennings í Selárdal frá 1829. Þar var lýst merkjum gagnvart Áslaugarstöðum og þannig gert ráð fyrir landi Leifsstaði innan þess og ótilgreint.

Samkvæmt landamerkjabréfi Leifsstaða eru merki til suðurs, gagnvart Þorvaldsstöðum, í Almenningsá ytri sem ræður að upptökum. Bréfið er áritað vegna Þorvaldsstaða. Samkvæmt landamerkjabréfi Þorvaldsstaða, frá 25. júní 1885, eru merkin samhljóða en ná þó nokkuð lengra til vesturs eða frá Almenningsárvötnum á Urðunum í Kistufellslæk og með honum í Miðfjarðará. Bréfið er áritað vegna

[486] Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Leifsstaða. Í skoðunar-, útvísunar- og skuldsetningargerð sem fram fór árið 1829 var landi lýst fyrir tvö mátuleg og í meðallagi góð nýbýli í Almenningi þeim er síðar var nefndur Þorvaldsstaðir eftir ábúanda. Þar er mörkum lýst með Ytri-Almenningsá og svo langt upp sem Grasvegur nær. Yngri heimildir um Þorvaldsstaði lýsa merkjum hins vegar mun lengra inn til landsins, sjá nánar í kafla 6.8.

Hér skal þess getið að u.þ.b. 8 km suður af Ytri-Hágangi (923 m) er Syðri-Hágangur (952 m) og þar á milli er Þverfell (650 m). Fjallaröð þessi myndar skýr landfræðileg mörk og vatnaskil vestur af Selárdal og heiðarlöndum ofan hans. Á kortum Landmælinga Íslands eru Ufsir merktar í heiðarbrúninni upp af Selárdal en Hágangsurð norðar og nær Ytri-Hágangi. Ufs, eða ups, hefur ekki einhlíta merkingu í íslensku máli og mun þannig almennt bæði geta vísað til fjallseggjar og láréttra bergstalla. Almenningsá kemur af vatna- og flóasvæði í um 520 m hæð suður undir og suðaustur af Syðri-Hágangi og ofan Ufsa.

Óbyggðanefnd telur að orðalag í landamerkjabréfi Leifsstaða, sbr. einnig heimildir um merki aðliggjandi landsvæða, styðji þá skýringu á norðvesturmerkjum jarðarinnar að þau liggi úr Syðri-Hágangi að upptökum Almenningsár ytri, sbr. afmörkun í kröfugerð eigenda Leifsstaða í máli þessu. Lína þessi liggur nærri vatnaskilum.

Í áðurnefndu máli nr. 4/2005 hjá óbyggðanefnd er komist að þeirri niðurstöðu að eignarland jarðarinnar Miðfjarðar nái ekki suður að kröfusvæði eigenda Leifstaða og úrskurðuð þjóðlenda í afréttareign á tilteknu svæði.

Í kjölfar þess að landamerkjalög frá 1919 tóku gildi var gert landamerkjabréf fyrir jörðina Leifsstaði. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að kröfulína eigenda Leifsstaða í máli þessu hafi stuðning af þeirri lýsingu, sbr. einkum merkjalýsingar Áslaugarstaða. Landamerkjabréf Leifsstaða var undirritað af eiganda jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Þetta bendir allt til þess að jarðamerki á þessu svæði hafi verið talin ná svo langt inn til landsins sem að framan greinir. Jafnframt er ljóst að jarðeigendur hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um þýðingu landamerkjabréfa almennt fyrir jarðir við mat á sönnun um eignarhald að landi vísast til þess sem rakið er í kafla 6.1.1.

Ekki eru heimildir um annað en jörðin Leifsstaðir hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan merkja jarðarinnar, sbr. umfjöllun um þau hér að framan, hafa eigendur hennar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Hálendari hluti jarðarinnar hefur ekki verið þar undanskilinn enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Ekki verður annað séð en þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Þannig eru engar heimildir um að land innan marka

jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki talin hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Vopnafirði, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 36. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja Leifsstaða sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[487]

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Leifsstaða, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.8. Þorvaldsstaðir

### 6.8.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands Þorvaldsstaða.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá þeim stað sem ytri Almenningsá rennur úr Almenningsárvötnum (punktur 3), eftir brúnum í fremri Almenningsá þar sem 500 metra hæðarlína sker ána (4). Á móti hafa gagnaðilar, þinglýstir eigendur Þorvaldsstaða, lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggi innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1 og kröfum gagnaðila í kafla 3.7.

Að Þorvaldsstöðum liggja til suðvesturs Ytri- og Fremri-Hamar og til norðausturs eru Leifsstaðir. Til norðvesturs er ágreiningssvæði í máli nr. 4/2005 hjá óbyggðanefnd. Til suðausturs er Selá. Í máli þessu deila aðilar um landsvæði á og við Kistufell, suðvestur af Ytri-Hágangi. Upp af Kistufelli rísa nokkrir smáhnjúkar í 680–760 m hæð yfir sjávarmáli. Norðvestan til, ofan Kistufells, er nokkuð flatlendur og gróinn flói er kallast Miðfjarðarárdrög. Liggja þau í um 500–520 m hæð yfir sjávarmáli. Frá bæjarstæði Þorvaldsstaða í 760 m hæðarpunkt í Kistufelli eru tæplega 9,5 km í beinni loftlínu.

### 6.8.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(6), er byggt á því að grundvöllurinn að beinum eignarrétti að landi hérlendis hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalaus

[487] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

svæði orðið fleiri með tímanum. Þetta verði helst ráðið af lögtöku nýbýlatilskipunar konungs 1776 sem beinlínis hafi verið lögtekin svo að til væru úrræði til að gera eigendalaus svæði að eignarlöndum og efla þar með byggð. Því er haldið fram að af landnámslýsingum megi ráða að land hafi ekki verið numið til heiða og fjalla í Vopnafirði nema austast þar sem eru Böðvarsdalur og Fagridalur. Þá er byggt á því af hálfu ríkisins að afréttir, eins og þeir hafi verið skilgreindir fyrir gildistöku þjóðlendulaga 1998, hafi verið þjóðlendur þar sem tilteknum jörðum fylgdi réttur til afréttarnota. Heimilt hafi verið að reisa býli utan eignarlanda fjarri byggð á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar og líkindi séu á því að slík nýbýli hafi verið reist á almenningslandi ef ekki væri gerður sérstakur kaupsamningur eða byggingarbréf við einhvern jarðeiganda eða heimildir til um að nýbýlið teldist hjáleiga eða afbýli. Slík nýbýli, sem reist hafi verið utan eignarlanda, hafi ekki getað orðið eignarlönd nema með þau væri farið eftir ákvæðum tilskipunarinnar frá 1776. Þá er því haldið fram að menn hafi átölulaust getað reist nýbýli á heiðum og því hafi verið næsta fátítt að leitað væri eftir leyfi amtmanns heldur býlið reist. Flest hafi þessi heiðarbýli staðið stutt og eftir að landamerkjalög voru sett 1882 hafi stórjarðir innlimað eyðibýlin í landamerkjalýsingar sínar. Þá er byggt á því að afréttir, eins og þeir hafi verið skilgreindir fyrir gildistöku þjóðlendulaga 1998, hafi verið þjóðlendur þar sem tilteknum jörðum fylgdi réttur til afréttarnota. Því er haldið fram að land Þorvaldsstaða sé reist í svokölluðum Almenningi, hluta af Mælifellsheiði. Um almenning í skilningi lögbókanna hafi verið að ræða og þau býli sem þar hafi verið reist á 19. öld hafi aldrei getað orðið eignarlönd nema til þeirra hafi verið stofnað eftir ákvæðum tilskipunar 1776. Til nýbýlis að Þorvaldsstöðum sé stofnað með lögmætum hætti en hins vegar hafi land jarðanna við gerð landamerkjabréfa verið stækkað og dregið allt að hreppamörkum. Slíkt sé marklaust að lögum og þess vegna sé kröfulína ríkisins miðuð við útmælingargerðina. Ríkið telur kröfulínu sína vera eðlilega þjóðlendulínu þar sem hún miði við mörk útmælds lands Þorvaldsstaða í brúnum eða þar sem grasvegur hættir, svo sem það sé orðað í útmælingunni.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl nr. 31 og 19 (3), er því haldið fram að af lýsingum *Landnámu* megi ráða að allt land í Vopnafjarðarhéraði hafi verið numið og undirorpið beinum eignarrétti síðan. Gróðurfar, nýting og búseta bendi einnig til að land þetta hafi allt verið numið í öndverðu enda landið forsenda búsetu og byggðar á þessu svæði. Þá er á því byggt að land innan landamerkja jarðar sé eignarland. Landamerkjalög 1882 hafi ekkert kveðið á um hvaða land eða hver landgæði fylgdu jörðum eða öðrum fasteignum enda hafi ekki verið um það deilt þar sem jarðeigandi hafi verið talinn eiga fullkominn eignarrétt innan landamerkja jarðar sinnar. Venjuréttur og hefðarsjónarmið leiði einnig til þess að allt land innan landamerkja jarða teljist eignarland.

Þá telja eigendur Þorvaldsstaða sig hafa réttmætar væntingar til eignarhalds innan merkja jarðarinnar vegna fyrri lögskipta við ríkisvaldið. Landamerkjum

jarðarinnar og aðliggjandi jarða hafi verið þinglýst athugasemdalaust og hafi landamerkin verið viðurkennd af öllum, þ.m.t. hinu opinbera, um áratugaskeið. Hafi þau aldrei verið vefengd af ríkisvaldinu. Þá hafi skattar og önnur lögboðin gjöld alltaf verið greidd af öllu landinu. Um áraraðir hafi öll landgæði verið nýtt af eigendum og enginn getað nýtt jörðina án samþykkis þeirra. Venjur varðandi fjallskil geti ekki ráðið úrslitum þegar tekin sé afstaða til þess hvort jörðin sé öll beinum eignarrétti háð. Þá er því haldið fram að í ljósi þeirra gjörninga sem liggi fyrir um ráðstöfun landsins hafi eigendur Þorvaldsstaða nægar heimildir fyrir eignartilkalli sínu. Það sé því ríkisins að hrekja þá staðhæfingu að landsvæðið sé fullkomin eign þeirra. Vísað er til fyrri úrskurða óbyggðanefndar um að landsvæði sem talið hafi verið jörð eða hluti jarðar samkvæmt elstu heimildum sé háð beinum eignarrétti fari landamerkjalýsing ekki í bága við þær eldri heimildir. Byggt er á úrlausnum Mannréttindadómstóls Evrópu um réttmætar væntingar. Þessar væntingar styðjist meðal annars við framkomu ríkisins gagnvart þeim með athöfnum og athafnaleysi. Loks er vísað til þess að skilyrði hefðar séu fyrir hendi. Núverandi landamerki Þorvaldsstaða hafi verið afráðin með eldra landamerkjabréfi frá árinu 1885, á grundvelli þágildandi landamerkjalaga frá 1882 sem síðan hafi verið byggt á athugasemdalaust.

### 6.8.3. Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Þorvaldsstaða er rakin í kafla 5.7. Svo sem þar kemur fram er hér um að ræða eitt svokallaðra heiðarbýla, sbr. kafla 6.1.2, í byggð frá því snemma á 19. öld til ársins 1952. Ekki er um það deilt að til þess var stofnað í svokölluðum Almenningi, utan landamerkja jarða á svæðinu. Árið 1829 fór fram „Skoðunar-, útvísunar- og skuldsetningargjörð“ yfir tvö nýbýli í fyrrnefndum Almenningi, nánar tiltekið Þorvaldsstaði og Hamar, undir stjórn sýslumanns og að skipan amtsyfirvalda. Í kjölfar þessarar útmælingar var gefið út byggingarbréf vegna Þorvaldsstaða og sama máli gegndi um Hamar, sbr. kafla 6.9. Síðar gerðu eigendur jarðarinnar tvö landamerkjabréf fyrir hana, hið fyrra dags. 25. júní 1885 og þingl. 11. júní 1886, hið síðara dags. 31. júlí 1922 og þingl. 15. júní 1923.

Ljóst er af framangreindu að fyrirmælum nýbýlatilskipunar var fullnægt og er það viðurkennt af hálfu íslenska ríkisins í máli þessu. Ágreiningur aðila í máli þessu varðar afmörkun jarðarinnar til norðurs. Skeikar þá verulegu á kröfugerð íslenska ríkisins, sem sögð er miða við „enda grasvegsins“ í skilningi útmælingarinnar 1829, og kröfugerð eigenda Þorvaldsstaða, þar sem miðað er við Miðfjarðará og vísað til eldra og yngra landamerkjabréfs jarðarinnar. Með hliðsjón af þeim sérstaka stofnunarhætti eignarréttar sem hér er um að ræða, þ.e. á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar, skiptir það höfuðmáli hvernig útmælingin verður túlkuð og hvort hin yngri gögn fá samrýmst henni. Til athugunar er þannig til hvaða landsvæðis útmælingin taki, hvort landamerkjabréf jarðarinnar taki til stærra svæðis og hver sé eignarréttarleg staða þess lands sem þar kann að muna.

Kemur þá fyrst til nánari skoðunar hvernig merkjum Þorvaldsstaða er lýst í útmælingargjörðinni 1829 og tveimur landamerkjabréfum jarðarinnar, hið eldra dags. 25. júní 1885, þingl. 11. júní 1886, og hið yngra dagsett 31. júlí 1922, þingl. 15. júní 1923. Landamerkjabréfin voru samþykkt vegna aðliggjandi jarða í Vopnafirði en ekki vegna lands að norðanverðu. Athugun þessi tekur til norðvesturmerkja jarðarinnar, inn til landsins og innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Þorvaldsstöðum.

Hér skal þess getið að u.þ.b. 8,5 km norðaustur af Kistufelli (820 m) er Syðri-Hágangur (952 m) og enn norðar Ytri-Hágangur (923 m). Fjallaröð þessi myndar skýr landfræðileg mörk og vatnaskil vestur af Selárdal og heiðarlöndum upp af honum. Almenningsá rennur af vatna- og flóasvæði í um 520 m hæð Selárdalsmegin við Kistufell og Syðri-Hágang. Norðvestan sömu fjalla, handan vatnaskila, rennur Miðfjarðará. Drög hennar koma af svæðinu upp undir Kistufelli en Kistufellslækur á upptök sín norðar og nær Syðri-Hágangi, vestur af Almenningsárvötnum. Frá Kistufelli að mótum Kistufellslækjar og Miðfjarðarár eru u.þ.b. 7,5 km.

Í eldra landamerkjabréfi Þorvaldsstaða eru austurmörk miðuð við Almenningsá ytri, Almenningsárvötn og Kistufellslæk í Miðfjarðará. Hið yngra bréf lýsir þessum merkjum með sambærilegum hætti. Í útmælingunni er hins vegar miðað við Almenningsá ytri „og upp svo langt sem Grasvegur nær“. Að þessum hluta kröfusvæðis eigenda Þorvaldsstaða í máli þessu, en það miðast við landamerkjabréf jarðarinnar, liggja Leifsstaðir og ágreiningssvæði í máli 4 hjá óbyggðanefnd þegar vestar dregur og inn í landið.

Merkjum Leifsstaða, sem liggja til móts við Þorvaldsstaði á umræddu svæði, er lýst svo í landamerkjabréfi, dags. 31. júlí 1922 og þingl.15. júní 1923, að Almenningsá ytri ráði til upptaka en síðan og að norðan fremri Hágangur (Syðri Hágangur). Lína þessi liggur mjög nærri vatnaskilum. Bæði bréf Þorvaldsstaða eru árituð af hálfu Leifsstaða og bréf Leifsstaða er áritað af eiganda Þorvaldsstaða. Ofan við Leifsstaði tekur við kröfusvæði eigenda Miðfjarðar, sbr. mál nr. 4/2005 hjá óbyggðanefnd. Þar er komist að þeirri niðurstöðu að eignarland jarðarinnar Miðfjarðar nái ekki suður að kröfusvæði eigenda Leifsstaða og úrskurðuð þjóðlenda í afréttareign á tilteknu svæði. Grundvallast sú niðurstaða m.a. á því að landamerkjabréf Miðfjarðar frá 1921 lýsi merkjum lengra inn til landsins en eldra bréf hennar, frá 1884.

Í eldra landamerkjabréfi Þorvaldsstaða er vesturmerkjum lýst um Merkigróf sem liggur undan Urðarufs og í Selá. Merkjum Hamars, sem liggur þarna á móti að vestanverðu, er lýst með sama hætti í eldra landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1885. Bæði bréf Þorvaldsstaða eru árituð af eiganda Hamars og bréf Hamars af eiganda Þorvaldsstaða. Í yngra landamerkjabréfi Þorvaldsstaða segir að vesturmerki liggi um Miðlæk á Einstökutorfu, þaðan yfir Kistufell beina stefnu á Merkis-stein á Urðarups, frá Merkjasteini í vörðu á brúninni og þaðan í vörðu við Selá framan við Merkigil. Í yngra landamerkjabréfi Þorvaldsstaða, frá 1922, er svipuð lýsing og þau bera einnig

gagnkvæmar áritanir. Útmælingin 1829 miðar hins vegar við „landamerkiaklauf“ við Selá, vördu á Dýarhól, vördu á Mel sem standi þar ofar í beinni línu og loks „beint upp á Uppsir eður Melbrún þá hvar Grasvegurin hættir“.

Að norðan miðar landamerkjabréf Þorvaldsstaða við Miðfjarðará. Í útmælingunni eru merkin hins vegar og svo sem fyrr segir miðuð við „grasveginn“. Bréfið er ekki áritað vegna norðurmerkjanna en þar á móti liggur land, utan landamerkjabréfa, sem fjallað er um í máli nr. 4/2005 hjá óbyggðanefnd. Þar er komist að þeirri niðurstöðu að svæðið sé þjóðlenda og afréttur Þórshafnarhrepps.

Þá verður líka talið skipta máli við þennan samanburð að skoða afmörkun jarðarinnar Hamars til norðurs en útmælingin 1829 tók jafnframt til þeirrar jarðar og er um norðurmörk hennar vísað til þess staðar þar sem grasveginn þrjóti. Í eldra landamerkjabréfi Hamars frá 25. júní 1885 er þessum sömu merkjum Hamars lýst um Kistufellsurðir en í yngra landamerkjabréfi þeirrar jarðar frá 4. ágúst 1922 er hins vegar miðað við Miðfjarðará og afmörkun þá orðin sú sama og í landamerkjabréfum Þorvaldsstaða.

Það er niðurstaða óbyggðanefndar að útilokað sé að framangreindar merkjalýsingar, annars vegar í útmælingu og hins vegar í landamerkjabréfum, fái samrýmst. Telur óbyggðanefnd óyggjandi að merki jarðarinnar séu afmörkuð lengra inn til landsins í hinum yngri heimildum, þ.e. landamerkjabréfunum. Verður þetta m.a. ráðið af því að útmælingin er venju fremur glögg, skýr og ítarleg um lands- og staðhætti og útilokað annað en í henni hafi jafnframt verið miðað við ýmis þau kennileiti sem koma fyrir í landamerkjabréfunum og tengja afmörkun að norðaustan og vestanverðu Miðfjarðará sem norðurmerkjum.

Mat á því hvar gróðurveginn hafi þrotið árið 1829 er eðli málsins samkvæmt erfiðleikum bundið. Um þetta atriði má þó hafa nokkra hliðsjón af fyrrnefndri útmælingu frá 1829 þegar þar segir „Ad Nordanverdu edr til Fialls upp, hefr Almenníngur eingin viss nátturleg Takmörk, önnur enn þau, ad hönum er eignad Land svo lángt upp sem Grasvegur nær, sem ekki er Leingra en upp á Fiallsbrýrnar, því þá taka vid Melar, Sandar og ad öllu graslaus Öræfi. Alt þad Land, sem innan hérgreindra Ummerkia Liggur, og Almenníngur kallast, er, eptir Ágétskíngu, hérum 1 ¼ Míla á Leingd, millum Ytri- og Fremri-Almenníngsár, en ekki meira en fra 1/8 til 1/6 Mílu á breidd, sömuleidis eptir Ágétskan, frá brúnum og nidur í Selá.“ Hér má jafnframt líta til úttektar á eyðibýlinu Mælifelli frá 30. maí 1912 en þar segir: „Landið uppfrá Selá er alt grasivaxið uppað svokallaðri „Ufs“ og uppað Mælifellsbænum sem var en er nú niðurrifinn, einnig er graslendi suður með Mælifellshnúk og í svokolluðum Grænafellsdokkum vestan hnúksins. Graslendi þetta er sem næst ¼ af landi því er telst til býlisins.“

Styðja framangreind sjónarmið og afmörkun fráleitt þá lýsingu norðurmerkja í Miðfjarðará, norður yfir Kistufell, sem tekin er upp í landamerkjabréfunum. Eru í

raun engar líkur til annars en að viðmiðunin „lok grasvegar“ hafi legið sunnan Kistufells.

Að fenginni þessari niðurstöðu um merki Þorvaldsstaða þarf að leysa úr eignarréttarlegri stöðu þess landsvæðis sem liggur vestan og utan útmælingarinnar en innan landamerkjabréfanna og ágreiningur aðila í máli þessu stendur um. Svo sem rakið er í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámabók* hversu langt inn til fjalla landnám á þessu svæði náði. Af því verða engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um hvort þar hafi í öndverðu verið stofnað til beins eignarréttar á þessu svæði með námi. Staðhættir eru námi ekki til stuðnings. Óvissa um aðferðir við landnám er þó of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Í kafla 6.1.1. er fjallað um sönnunargildi landamerkjabréfa fyrir eignarrétt að landi í ljósi dóma Hæstaréttar og almennra niðurstaðna óbyggðanefndar. Eins og þar kemur fram hafa menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt með því að gera landamerkjabréf. Þegar sönnunargildi landamerkjabréfs er virt verður að líta til þess hvort önnur gögn geta fallið að bréfinu eða mæla því gegn. Ekkert hefur komið fram sem rennir stoðum undir að á svæðinu utan útmælingarinnar hafi verið stofnað til beins eignarréttar á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar. Þá hafa heldur ekki verið leidd í ljós nein þau not af þessu fjalllendi sem stofnað hafi til beins eignarréttar á grundvelli hefðar, sbr. lög nr. 46/1905.

Í málinu verður hins vegar ekki byggt á kröfulínu íslenska ríkisins sem að mati óbyggðanefndar er dregin of austarlega. Eigendur Þorvaldsstaða miða varakröfu sína til norðvesturs við vatnaskil. Af því sem að framan er rakið má telja ljóst að mörk samfelldrar gróðurþekju hafa ekki náð lengra inn til landsins en að vatnaskilum er útmælingargerðin var gerð þó ómögulegt sé að segja hversu nærri vatnaskilum gróðurþekjan hefur náð. Að virtri þeirri afmörkun sem fram kemur í útmælingargerð frá 1829, almennum staðháttum og sérfræðilegum líkindum fyrir mörkum samfelldrar gróðurþekju við útmælingu verða norðvesturmerki Þorvaldsstaða dregin um vatnaskil á Kistufelli, svo sem þau eru afmörkuð á grundvelli upplýsinga frá Vatnamælingum Orkustofnunar. Vatnaskil þess liggja vestar en þjóðlendukröfulína íslenska ríkisins. Ekki verður gerð krafa til eigenda Þorvaldsstaða um frekari sönnun í þeim efnum og við það miðað að kröfusvæði þeirra austan vatnaskilalínunnar sé beinum eignarrétti háð.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan landamerkja Þorvaldsstaða, svo sem þeim hefur verið lýst hér að framan, sé þjóðlenda. Með hliðsjón af staðháttum á heiðarlandi þessu, og að gættum þeim sönnunarkröfum sem gera verður í ljósi dóma Hæstaréttar í þjóðlendumálum, verður á hinn bóginn að telja svo verulegan vafa leika á því að land norðan Kistufells og að Miðfjarðará hafi við gerð landamerkjabréfsins verið eignarland, fyrir nám, löggerninga eða með öðrum hætti, að á slíku verði ekki byggt.

Ræðst því afmörkun að því leyti af vatnaskilum, líkt og að framan er rakið. Eins og notkun landsins hefur verið háttað hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir þannig til þeirrar niðurstöðu að vestan umræddrar vatnaskilalínu sé þjóðlenda en austan hennar eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[488]

Kemur þá til skoðunar hvort stofnast hafi til óbeinna eignarréttinda innan þess lands sem gerð er krafa til af hálfu gagnaðila en fellur utan landamerkja jarðarinnar Þorvaldsstaða samkvæmt framangreindri afmörkun, þ.e. landsvæði sem nær frá vatnaskilum og vestur að kröfulínu gagnaðila. Fyrir liggur að umrætt landsvæði hefur verið nýtt af eigendum Þorvaldsstaða til beitar og annarra venjubundinna afréttarnota og aðrir hafa ekki sett fram kröfur til þess. Verður því fallist á þá kröfu að landið sé í afréttareign Þorvaldsstaða.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að umrætt landsvæði norðvestan Kistufells utan landamerkja jarðarinnar Þorvaldsstaða, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Frá þeim stað þar sem kröfulína vegna Þorvaldsstaða, á milli Syðri-Hágangs og Kistufells, sker vatnaskil er kröfulínunni fylgt í Kistufellslæk og þeim læk í Miðfjarðará. Miðfjarðará er fylgt til suðvesturs og síðan Miðlæk í Einstöku torfu. Þaðan er dregin lína yfir Kistufell í stefnu á Merkisstein á Urðarups og ræður sú lína, sem jafnframt er kröfulína vegna Þorvaldsstaða, að vatnaskilum á Kistufelli. Loks er vatnaskilum fylgt norðaustur að hinum fyrstnefnda punkti.*

Sama landsvæði er í afréttareign Þorvaldsstaða, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

## 6.9. Hamar

### 6.9.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands Hamars.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá þeim stað sem ytri Almenningsá rennur úr Almenningsárvötnum (punktur 3), eftir brúnum í fremri Almenningsá þar sem 500 metra hæðarlína sker ána (4). Á móti hafa gagnaðilar, þinglýstir eigendur Hamars, kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggi innan merkja samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1 og kröfum gagnaðila í kafla 3.8.

---

[488] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Að Hamri liggja til suðvesturs Mælifell og Fossvellir og til norðausturs eru Þorvaldsstaðir. Til suðausturs er Selá og þar liggja á móti jarðirnar Fremrihlíð og Rjúpnafell. Til norðvesturs er ágreiningssvæði í máli nr. 4/2005 hjá óbyggðanefnd. Landsvæði það sem hér er deilt um liggur að stórum hluta í yfir 500 m hæð yfir sjávarmáli. Norðvestan til, í um 500–520 m hæð yfir sjávarmáli, liggur suðurhluti Miðfjarðarárdraga sem er nokkuð flatlendur og gróinn flói. Upp af honum rís suðurhluti bratts fells, Kistufells (820 m). Frá bæjarstæði Ytri-Hamars í 820 m hæðarpunkt í Kistufelli eru rúmlega 7,7 km í beinni loftlínu.

### 6.9.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(6), er byggt á því að grundvöllurinn að beinum eignarrétti að landi hérlendis hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalaus svæði orðið fleiri með tímanum. Þetta verði helst ráðið af lögtöku nýbýlatilskipunar konungs 1776 sem beinlínis hafi verið lögtekin svo til væru úrræði til að gera eigendalaus svæði að eignarlöndum og efla þar með byggð. Því er haldið fram að af landnámslýsingum megi ráða að land hafi ekki verið numið til heiða og fjalla í Vopnafirði nema austast þar sem eru Böðvarsdalur og Fagridalur. Þá er byggt á því af hálfu ríkisins að afréttir, eins og þeir hafi verið skilgreindir fyrir gildistöku þjóðlendulaga 1998, hafi verið þjóðlendur þar sem tilteknum jörðum fylgdi réttur til afréttarnota. Heimilt hafi verið að reisa býli utan eignarlanda fjarri byggð á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar og líkindi séu á því að slík nýbýli hafi verið reist á almenningslandi ef ekki var gerður sérstakur kaupsamningur eða byggingarbréf við einhvern jarðeiganda eða heimildir til um að nýbýlið teldist hjáleiga eða afbýli. Slík nýbýli, sem reist hafi verið utan eignarlanda, hafi ekki getað orðið eignarlönd nema með þau væri farið eftir ákvæðum tilskipunarinnar frá 1776. Þá er því haldið fram að menn hafi átölulaust getað reist nýbýli á heiðum og því hafi verið næsta fátítt að leitað væri eftir leyfi amtmanns heldur býlið reist. Flest hafi þessi heiðarbýli staðið stutt og eftir að landamerkjalög voru sett 1882 hafi stórjarðir innlimað eyðibýlin í landamerkjalýsingar sínar. Því er haldið fram að land Hamars sé reist í svokölluðum Almenningi, hluta af Mælifellsheiði. Um almenning í skilningi lögbókanna hafi verið að ræða og þau býli sem þar hafi verið reist á 19. öld hafi aldrei getað orðið eignarlönd nema til þeirra hafi verið stofnað eftir ákvæðum tilskipunar 1776. Til nýbýlis að Hamri sé stofnað með lögmætum hætti en hins vegar hafi land jarðanna við gerð landamerkjabréfa verið stækkað og dregið allt að hreppamörkum. Slíkt sé marklaust að lögum og þess vegna sé kröfulína ríkisins miðuð við útmælingagerðina. Ríkið telur kröfulínu sína vera eðlilega þjóðlendulínu þar sem hún miði við mörk útmælds lands Hamars í brúnum eða þar sem grasvegur hættir, svo sem það er orðað í útmælingunni.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl 22 og 19(3), er því haldið fram að af lýsingum *Landnámu* megi ráða að allt land í Vopnafjarðarhéraði hafi verið numið og undirorpið beinum eignarrétti síðan. Gróðurfar, nýting og búseta bendi einnig til að land þetta hafi allt verið numið í öndverðu enda landið forsenda búsetu og byggðar á þessu svæði. Þá er á því byggt að land innan landamerkja jarðar sé eignarland. Landamerkjalög 1882 hafi ekkert kveðið á um hvaða land eða hver landgæði fylgdu jörðum eða öðrum fasteignum enda hafi ekki verið um það deilt þar sem jarðeigandi hafi verið talinn eiga fullkominn eignarrétt innan landamerkja jarðar sinnar. Venjuréttur og hefðarsjónarmið leiði einnig til þess að allt land innan landamerkja jarða teljist eignarland.

Þá telja eigendur Hamars sig hafa réttmætar væntingar til eignarhalds innan merkja jarðarinnar vegna fyrri lögskipta við ríkisvaldið. Landamerkjum jarðarinnar og aðliggjandi jarða hafi verið þinglýst athugasemdalaust og hafi landamerkin verið viðurkennd af öllum, þ.m.t. hinu opinbera, um áratugaskeið. Hafi þau aldrei verið vefengd af ríkisvaldinu. Þá hafi skattar og önnur lögboðin gjöld alltaf verið greidd af öllu landinu. Um áraraðir hafi öll landgæði verið nýtt af eigendum og enginn getað nýtt jörðina án samþykkis þeirra. Venjur varðandi fjallskil geti ekki ráðið úrslitum þegar tekin sé afstaða til þess hvort jörðin sé öll beinum eignarrétti háð. Þá er því haldið fram að í ljósi þeirra gjörninga sem liggi fyrir um ráðstöfun landsins hafi eigendur Hamars nægar heimildir fyrir eignartilkalli sínu. Það sé því ríkisins að hrekja þá staðhæfingu að landsvæðið sé fullkomin eign þeirra. Vísað er til fyrri úrskurða óbyggðanefndar um að landsvæði sem talið hafi verið jörð eða hluti jarðar samkvæmt elstu heimildum sé háð beinum eignarrétti, fari landamerkjalýsing ekki í bága við þær eldri heimildir. Byggt er á úrlausnum Mannréttindadómstóls Evrópu um réttmætar væntingar. Þessar væntingar styðjist meðal annars við framkomu ríkisins gagnvart þeim með athöfnum og athafnaleysi. Loks er vísað til þess að skilyrði hefðar séu fyrir hendi. Núverandi landamerki Hamars hafi verið afráðin með eldra landamerkjabréfi frá árinu 1885, á grundvelli þágildandi landamerkjalaga frá 1882 sem síðan hafi verið byggt á athugasemdalaust.

### 6.9.3. Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Hamars er rakin í kafla 5.8. Svo sem þar kemur fram er hér um að ræða eitt svokallaðra heiðarbýla, sbr. kafla 6.1.2, í byggð frá því skömmu fyrir 1830 til ársins 1928. Ekki er um það deilt að til þess var stofnað í svokölluðum Almenningi, utan landamerkja jarða á svæðinu. Árið 1829 fór fram „Skoðunar-, útvísunar- og skuldsetningargjörð“ yfir tvö nýbýli í fyrrnefndum Almenningi, nánar tiltekið Hamar og Þorvaldsstaði, undir stjórn sýslumanns og að skipan amtsyfirvalda. Í kjölfar þessarar útmælingar var gefið út byggingarbréf vegna Hamars og sama máli gegndi um Þorvaldsstaði, sbr. kafla 6.8. Síðar gerðu eigendur jarðarinnar tvö landamerkjabréf fyrir hana, hið fyrra dagsett 25.

júní 1885 og þingl. 11. júní 1886, hið síðara dags. 4. ágúst 1922 og þingl. 15. júní 1923.

Ljóst er af framangreindu að fyrirmælum nýbýlatilskipunar var fullnægt og er það viðurkennt af hálfu íslenska ríkisins í máli þessu. Ágreiningur aðila í máli þessu varðar afmörkun jarðarinnar til norðurs. Skeikar þá verulegu á kröfugerð íslenska ríkisins, sem sögð er miða við „enda grasvegsins“ í skilningi útmælingarinnar 1829, og kröfugerð eigenda Hamars þar sem miðað er við Miðfjarðará og einkum vísað til yngra landamerkjabréfs jarðarinnar. Með hliðsjón af þeim sérstaka stofnunarhætti eignarréttar sem hér er um að ræða, þ.e. á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar, skiptir það höfuðmáli hvernig útmælingin verður túlkuð og hvort hin yngri gögn fá samrýmst henni. Til athugunar er þannig til hvaða landsvæðis útmælingin taki, hvort landamerkjabréf jarðarinnar taki til stærra svæðis og hver sé eignarréttarleg staða þess lands sem þar kann að muna.

Af hálfu gagnaðila hefur sérstaklega verið vísað til eignardóms Héraðsdóms Austurlands frá 8. janúar 2004 í máli nr. E-310/2003. Í dómsorði segir svo: „Viðurkenndur er eignarréttur stefnenda [gagnaðila íslenska ríkisins í máli þessu] að eyðijörðunum [...] Hamri, landnúmer FMR 156477 [...] öllum í Vopnafirði ásamt öllu því sem þeim fylgja og fylgja ber“ í tilteknum eignarhlutföllum. Í forsendum dómsins kemur fram að Jörgen Sigfússon sé þinglýstur eigandi Hamars og liggi þar fyrir þinglýstur kaupsamningur. Frá andláti Jörgens, á árinu 1928 hafi aldrei verið þinglýst skiptayfirlýsingu á jörðina og sé hún því enn skráð á nafn hans. Dómur þessi grundvallast á ákvæði 1. mgr. 122. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Samkvæmt því veitir eignardómur dómhafa heimild til yfirráða og ráðstafana eins og hann hefði í höndum afsalsbréf eða annað viðeigandi skjal. Skilyrði er að hann hafi sannað eða gert sennilegt að hann hafi öðlast réttindi með samningi eða hefð en skorti skilríki fyrir rétti sínum. Ljóst er þannig að dómhafi er ekki í annarri eða betri stöðu en afsalshafi sem getur samkvæmt almennum reglum þurft að færa á það sönnur að í afsali hafi falist raunveruleg yfirfærsla á eignarréttindum. Má í því sambandi t.d. vísa í dóma Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 47/2004 (Afréttur Biskupstungna norðan vatna) og 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005 (Breiðármörk). Af framangreindum eignardómi Héraðsdóms Austurlands leiðir því hvorki að í „eyðijörðinni Hamri, landnúmer FMR 156477“ felist tiltekin eignarréttindi né afmörkun hugsanlegs réttindasvæðis.

Kemur þá til nánari skoðunar hvernig merkjum Hamars er lýst í útmælingargjörðinni 1829 og tveimur landamerkjabréfum jarðarinnar, hið eldra frá 1885 og hið yngra frá 1922. Landamerkjabréfin voru samþykkt vegna aðliggjandi landsvæða í Vopnafirði, að því þó gættu að sami fyrirsvarsmaður var fyrir Hamar og Mælifell 1922 en ekki vegna lands að norðanverðu. Athugun þessi tekur til norðvesturmerkja jarðarinnar, inn til landsins og innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Hamri.

Hér skal þess getið að u.þ.b. 8,5 km norðaustur af Kistufelli (820 m) er Syðri-Hágangur (952 m) og enn norðar Ytri-Hágangur (923 m). Fjallaröð þessi myndar skýr landfræðileg mörk og vatnaskil vestur af Selárdal og heiðarlöndum upp af honum. Norðvestan sömu fjalla, handan vatnaskila, rennur Miðfjarðará. Drög hennar koma af svæðinu upp undir Kistufelli. Á kortum Landmælinga Íslands eru Ufsir merktar í heiðarbrúninni upp af Selárdal. Ufs, eða ups, hefur ekki einhlíta merkingu í íslensku máli og mun þannig almennt bæði geta vísað til fjallseggjar og láréttra bergstalla.

Í útmælingunni er austurmerkjum Hamars, gagnvart Þorvaldsstöðum, lýst „úr Landamerkiaklauf – er liggur nidri vid Selá – í Vördu sem stendr á Dýarhól, þadan í Vördu á Mel þeim er stendr i beinni Línu upp af tédum Merkium og þadan beint upp á Uppsir edr Melbrún þá hvar Grasvegurin hættir“. Í eldra landamerkjabréfi Hamars er miðað við „Merkigróf, er liggur frá Urðarufs niður að Selá“. Merkjum Þorvaldsstaða, sem liggja til móts við Hamar á umræddu svæði, er lýst með sama hætti í eldra landamerkjabréfi þeirrar jarðar, einnig frá 1885, og bréfin bera gagnkvæmar áritanir. Í yngra landamerkjabréfi Hamars er mörkum að norðaustan lýst úr Selá og í „Merkigróf er liggur frá Selá uppí Urðarups. Síðan í einstaka torfu, sem er norðan við Kistufell og niður með Miðlæk í Miðfjarðará.“ Í yngra landamerkjabréfi Þorvaldsstaða, frá 1922, er svipuð lýsing og þau bera einnig gagnkvæmar áritanir.

Í útmælingunni 1829 segir varðandi vestur- og norðurmerki að Hamri tilheyri „Land alt fram ad fremri Almenníngsá, ofaní Selá, og svo lángt upp sem Grasvegr nær“. Í landamerkjabréfinu 1885 er vesturmerkjum lýst svo: „að innan eða vestan liggur Þverá, sem kölluð er Almenningsá hin innri; hefur hún upptök sín undir Kistufelli og fellur niður í Selá.“ Bréfið ber áritun umboðsmanns Mælifells sem liggur þar að vestan. Landamerkjabréfið 1922 lýsir vesturmerkjum í „[...] Almenningsá hin innri og ræður hún upp á Upsabrún, þaðan bein stefna í Miðfjarðará.“ Landamerkjabréf Mælifells, dags. 22. febrúar 1886 og þingl. 11. júní 1886, er áritað af eiganda Hamars. Þar er merkjum lýst langt norðvestur fyrir Miðfjarðará og sveitarmörk, nánar tiltekið í Heljardalsfjöll. Í kafla 6.10. er komist að þeirri niðurstöðu að umrætt landamerkjabréf verði ekki lagt til grundvallar um afmörkun Mælifellslands, sjá nánar í þeim kafla.

Í útmælingunni eru norðurmerki miðuð við þann stað þar sem „grasveginn“ þrjóti. Landamerkjabréf Hamars frá 1885 miðar að þessu leyti við Kistufellsurðir en samkvæmt landamerkjabréfinu 1922 eru norðurmörk í Miðfjarðará. Bréfin eru ekki árituð vegna norðurmerkjanna en þar á móti liggur land, utan landamerkjabréfa, sem fjallað er um í máli nr. 4/2005 hjá óbyggðanefnd. Þar er komist að þeirri niðurstöðu að svæðið sé þjóðlenda og afréttur Þórshafnarhrepps. Lega Miðfjarðarár er óumdeild og Kistufellsurðir taka yfir allstórt svæði suðaustan undir Kistufelli. Suðvestan undir fellinu erj Mælifellsurðir.

Þegar tilvitnaðar lýsingar eru bornar saman með heildstæðari hætti hagar þannig til að í útmælingunni er um vesturmerkin miðað við Almenningsá fremri milli

Selár og þess staðar þar sem grasvegur nái. Í eldra landamerkjabréfinu er hins vegar miðað við endimörk að norðan í upptökum Almenningsár fremri undir Kistufelli. Um norðausturmörkin er í útmælingunni miðað við endimörk að norðan í Uppsum eða Melbrún þar sem grasvegurinn hætti. Í eldra landamerkjabréfinu er um sömu merki vísað til „... Merkigróf, er liggur frá Urðarufs niður að Selá.“ en í því yngra „Merkigróf er liggur frá Selá uppí Urðarups. Síðan í einstaka torfu, sem er norðan við Kistufell og niður með Miðlæk í Miðfjarðará.“

Það er niðurstaða óbyggðanefndar að útilokað sé að framangreindar merkjalýsingar fái samrýmst. Telur óbyggðanefnd óyggjandi að merki jarðarinnar séu afmörkuð lengra inn til landsins í yngstu heimildinni, þ.e. landamerkjabréfinu frá 1922. Verður þetta m.a. ráðið af því að útmælingin er venju fremur glögg, skýr og ítarleg um lands- og staðhætti og útilokað annað en í henni hafi jafnframt verið miðað við ýmis þau kennileiti sem koma fyrir í yngra landamerkjabréfinu og tengja afmörkun að norðaustan og vestanverðu við Miðfjarðará sem norðurmerki. Hitt skiptir ekki síður máli að lýsing yngra og eldra landamerkjabréfs á norðurmörkum er ekki í samræmi og virðist lýsing eldra bréfsins, sem um norðurmörk vísar til upptaka Almenningsár fremri undir Kistufelli og Kistufellsurða, fá samrýmst lýsingu í útmælingu en ekki viðmiðun við Miðfjarðará í hinu yngra bréfi.

Mat á því hvar gróðurveginn hafi þrotið árið 1829 er eðli málsins samkvæmt erfiðleikum bundið. Um þetta atriði má þó hafa nokkra hliðsjón af fyrrnefndri útmælingu frá 1829 þegar þar segir að: „Ad Nordanverdu edr til Fialls upp, hefr Almenníngur eingin viss nátturleg Takmörk, önnur enn þau, ad hönum er eignad Land svo lángt upp sem Grasvegur nær, sem ekki er Leingra en upp á Fiallsbrýrnar, því þá taka vid Melar, Sandar og ad öllu graslaus Öræfi. Alt þad Land, sem innan hérgreindra Ummerkia Liggur, og Almenníngur kallast, er, eptir Ágétskíngu, hérum 1 ¼ Míla á Leingd, millum Ytri- og Fremri-Almenníngsár, en ekki meira en fra 1/8 til 1/6 Mílu á breidd, sömuleidis eptir Ágétskan, frá brúnum og nidur í Selá.“ Eru í raun engar líkur til annars en viðmiðunin „lok grasvegar“ hafi því legið sunnan Kistufells. Styðja framangreind sjónarmið og afmörkun því fráleitt þá lýsingu norðurmerkja í Miðfjarðará sem tekin er upp í yngra landamerkjabréfinu en sýnist á hinn bóginn geta samrýmst afmörkun eldra landamerkjabréfsins um Kistufellsurðir. Hér má jafnframt líta til úttektar á eyðibýlinu Mælifelli frá 30. maí 1912 en þar segir: „Landið uppfrá Selá er alt grasivaxið uppað svokallaðri „Ufs“ og uppað Mælifellsbænum sem var enn er nú niðurrifinn, einnig er graslendi suður með Mælifellshnúk og í svokolluðum Grænafellsdokkum vestan hnúksins. Graslendi þetta er sem næst ¼ af landi því er telst til býlisins.“

Styðja framangreind sjónarmið og afmörkun fráleitt þá lýsingu norðurmerkja í Miðfjarðará, norður yfir Kistufell, sem tekin er upp í landamerkjabréfi 1922. Eru í raun engar líkur til annars en viðmiðunin „lok grasvegar“ hafi legið sunnan Kistufells.

Að fenginni þeirri niðurstöðu um merki Hamars sem að framan greindi þarf að leysa úr eignarréttarlegri stöðu þess landsvæðis sem liggur vestan og utan útmælingarinnar en innan landamerkjabréfsins og ágreiningur aðila í máli þessu stendur um. Svo sem rakið er í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámabók* hversu langt inn til fjalla landnám á þessu svæði náði. Af því verða engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um hvort þar hafi í öndverðu verið stofnað til beins eignarréttar á þessu svæði með námi. Staðhættir eru námi ekki til stuðnings. Óvissa um aðferðir við landnám er þó of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Í kafla 6.1.1. er fjallað um sönnunargildi landamerkjabréfa fyrir eignarrétt að landi í ljósi dóma Hæstaréttar og almennra niðurstaðna óbyggðanefndar. Eins og þar kemur fram hafa menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt með því að gera landamerkjabréf. Þegar sönnunargildi landamerkjabréfs er virt verður að líta til þess hvort önnur gögn geta fallið að bréfinu eða mæla því gegn. Ekkert hefur komið fram sem rennir stoðum undir að á svæðinu utan útmælingarinnar hafi verið stofnað til beins eignarréttar á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar. Þá hafa heldur ekki verið leidd í ljós nein þau not af þessu fjalllendi sem stofnað hafi til beins eignarréttar á grundvelli hefðar, sbr. lög nr. 46/1905.

Í málinu verður hins vegar ekki byggt á kröfulínu íslenska ríkisins sem að mati óbyggðanefndar er dregin of austarlega. Eigendur Ytri- og Fremri-Hamars miða varakröfu sína til norðvesturs við vatnaskil. Af því sem að framan er rakið má telja ljóst að mörk samfelldrar gróðurþekju hafa ekki náð lengra inn til landsins er útmælingargerðin var gerð en að vatnaskilum, þó ómögulegt sé að segja hversu nærri vatnaskilunum gróðurþekjan hefur náð. Að virtri þeirri afmörkun sem fram kemur í útmælingargerð frá 1829, almennum staðháttum, sérfræðilegum líkindum fyrir mörkum samfelldrar gróðurþekju við útmælingu og líklegri staðsetningu svokallaðra Kistufellsurða verða norðvesturmerki Hamars dregin um vatnaskil í Kistufelli svo sem þau eru afmörkuð á grundvelli upplýsinga frá Vatnamælingum Orkustofnunar. Vatnaskil þess liggja vestar en þjóðlendukröfulína íslenska ríkisins. Ekki verður gerð krafa til eigenda Ytri- og Fremri-Hamars um frekari sönnun í þeim efnum og við það miðað að kröfusvæði þeirra austan vatnaskilalínunnar sé beinum eignarrétti háð.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan landamerkja Hamars, svo sem þeim hefur verið lýst hér að framan, sé þjóðlenda. Með hliðsjón af staðháttum á heiðarlandi þessu, og að gættum þeim sönnunarkröfum sem gera verður í ljósi dóma Hæstaréttar í þjóðlendumálum, verður á hinn bóginn að telja svo verulegan vafa leika á því að land norðan vatnaskila á Kistufelli og að Miðfjarðará hafi við gerð landamerkjabréfsins verið eignarland, fyrir nám, löggerninga eða með öðrum hætti, að á slíku verði ekki byggt. Ræðst því afmörkun að því leyti af vatnaskilum, líkt og að framan er rakið. Eins og notkun landsins hefur verið háttað hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi

verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir þannig til þeirrar niðurstöðu að vestan umræddrar vatnaskilalínu sé þjóðlenda en austan hennar eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[489]

Kemur þá til skoðunar hvort stofnast hafi til óbeinna eignarréttinda innan þess lands sem gerð er krafa til af hálfu gagnaðila en fellur utan landamerkja jarðarinnar Hamars samkvæmt framangreindri afmörkun, þ.e. landsvæði sem nær frá vatnaskilum og vestur að kröfulínu gagnaðila. Fyrir liggur að umrætt landsvæði hefur verið nýtt af eigendum Hamars til beitar og annarra venjubundinna afréttarnota og aðrir hafa ekki sett fram kröfur til þess. Verður því fallist á þá kröfu að landið sé í afréttareign Hamars.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að umrætt landsvæði norðvestan Kistufells og utan landamerkja jarðarinnar Hamars, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

> *Frá þeim stað þar sem nyrðri kröfulína vegna Hamars, svo sem hún liggur frá Merkissteini á Urðarups í Einstöku torfu, sker vatnaskil á Kistufelli er vatnaskilum fylgt yfir Kistufell þar til þau skera syðri kröfulínu vegna Hamars (sem jafnframt er nyrðri kröfulína vegna Mælifells). Sú kröfulína liggur í stefnu frá Upsarbrún í Miðfjarðará og henni er fylgt norðvestur yfir Kistufell og í Miðfjarðará. Síðan er Miðfjarðará fylgt að Miðlæk og þeim læk í Einstöku torfu. Þaðan er dregin lína yfir Kistufell í stefnu á Merkisstein á Urðarups og ræður sú lína, sem jafnframt er kröfulína vegna Hamars (og Þorvaldsstaða), að hinum fyrstnefnda punkti í vatnaskilum á Kistufelli.*

Sama landsvæði er í afréttareign Hamars, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

## 6.10. Mælifell

### 6.10.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands Mælifells. Þess skal strax getið að þá er miðað við afmörkun eignarlandskröfusvæðis eins og hún er á uppdrætti þeim sem gagnaðilar ríkisins hafa lagt fram samhliða texta kröfugerðar. Svo sem nánar verður gerð grein fyrir hér á eftir er ósamræmi á milli uppdráttar og texta þar sem í texta er miðað við landamerkjabréf Mælifells, dags. 22. febrúar 1886 og þingl. 11. júní 1886, en á uppdrætti er eignarlandskröfusvæðið minna. Um þau landsvæði sem falla innan afmörkunar í texta en utan uppdráttar er fjallað í kafla 6.9. um Hamar í kafla 6.11. um

[489] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Selsárvelli og máli nr. 4/2005 hjá óbyggðanefnd, nánar tiltekið að því er varðar afrétti Svalbarðshrepps og Þórshafnarhrepps.

Íslenska ríkið hefur dregið aðalkröfulínu sína frá Almenningsá fremri þar sem 500 m hæðarlína sker ána (punktur 4), með þeirri á í Selá (5) og síðan eftir Selá þar til kemur að hornmarki Hauksstaða og Arnarvatns (6). Aðalkrafa ríkisins gerir þannig ráð fyrir að Mælifell sé allt í þjóðlendu. Til vara er þess krafist að ekki skuli draga þjóðlendumörk lengra til landsins en umhverfis Mælifell. Á móti hafa gagnaðilar, þinglýstir eigendur Mælifells, lýst kröfu um beinan eignarrétt að öllu því landsvæði sem þeir telja að liggi innan merkja þess. Til vara er að norðvestanverðu miðað við línu sem dregin er frá Kistufelli beina stefnu í upptök Selsár. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1 og kröfum gagnaðila í kafla 3.9.

Að Mælifelli liggur Hamar til norðausturs en Selsárvellir og Aðalból til suðurs og suðvesturs. Handan Selár, að austanverðu, eru jarðirnar Hauksstaðir og Rjúpnafell. Til norðvesturs eru ágreiningssvæði í máli nr. 4/2005 hjá óbyggðanefnd. Að norðanverðu tilheyrir landsvæði þetta Mælifellsheiði, hásléttu sem liggur í um 500 m hæð yfir sjávarmáli. Sunnan til rís Mælifell (822 m) og undir því, norðan Selsár, er land nokkuð gróið, í u.þ.b. 400 m hæð. Norðan og austan Mælifells rennur Mælifellsá.

### 6.10.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(6), er byggt á því að grundvöllurinn að beinum eignarrétti að landi hérlendis hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalaus svæði orðið fleiri með tímanum. Þetta verði helst ráðið af lögtöku nýbýlatilskipunar konungs 1776 sem beinlínis hafi verið lögtekin svo til væru úrræði til að gera eigendalaus svæði að eignarlöndum og efla þar með byggð. Því er haldið fram að af landnámslýsingum megi ráða að land hafi ekki verið numið til heiða og fjalla í Vopnafirði nema austast þar sem eru Böðvarsdalur og Fagridalur. Þá er byggt á því af hálfu ríkisins að afréttir, eins og þeir hafi verið skilgreindir fyrir gildistöku þjóðlendulaga 1998, hafi verið þjóðlendur þar sem tilteknum jörðum fylgdi réttur til afréttarnota. Heimilt hafi verið að reisa býli utan eignarlanda fjarri byggð á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar frá 1776 og líkindi séu á því að slík nýbýli hafi verið reist í almenningslandi ef ekki var gerður sérstakur kaupsamningur eða byggingarbréf við einhvern jarðeiganda eða heimildir til um að nýbýlið teldist hjáleiga eða afbýli. Slík nýbýli, sem reist hafi verið utan eignarlanda, hafi ekki getað orðið eignarlönd nema með þau væri farið eftir ákvæðum tilskipunarinnar frá 1776. Þá er því haldið fram að menn hafi átölulaust getað reist nýbýli á heiðum og því hafi verið næsta fátítt að leitað væri eftir leyfi amtmanns heldur býlið reist. Flest hafi þessi heiðarbýli staðið stutt og eftir að landamerkjalög voru sett 1882 hafi stórjarðir innlimað eyðibýlin í landamerkjalýsingar sínar. Því er haldið fram að býlin Mælifell og Fossvellir séu reist í almenningi um miðja 19. öld án nýbýlaleyfis amtmanns. Um almenning í skilningi

lögbókanna hafi verið að ræða og þau býli sem þar hafi verið reist á 19. öld hafi aldrei getað orðið eignarlönd nema til þeirra hafi verið stofnað eftir ákvæðum tilskipunar 1776. Engar heimildir séu um að svo hafi verið varðandi Mælifell og Fossvelli.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl 29 og 19(3), er því haldið fram að af lýsingum *Landnámu* megi ráða að allt land í Vopnafjarðarhéraði hafi verið numið og undirorpið beinum eignarrétti síðan. Gróðurfar, nýting og búseta bendi einnig til að land þetta hafi allt verið numið í öndverðu enda landið forsenda búsetu og byggðar á þessu svæði. Þá er á því byggt að land innan landamerkja jarðar sé eignarland. Landamerkjalög 1882 hafi ekkert kveðið á um hvaða land eða hver landgæði fylgdu jörðum eða öðrum fasteignum enda hafi ekko verið um það deilt þar sem jarðeigandi hafi verið talinn eiga fullkominn eignarrétt innan landamerkja jarðar sinnar. Venjuréttur og hefðarsjónarmið leiði einnig til þess að allt land innan landamerkja jarða teljist eignarland.

Þá telja gagnaðilar sig hafa réttmætar væntingar til eignarhalds innan merkja jarðarinnar vegna fyrri lögskipta við ríkisvaldið. Landamerkjum jarðarinnar og aðliggjandi jarða hafi verið þinglýst athugasemdalaust og landamerkin verið viðurkennd af öllum, þ.m.t. hinu opinbera, um áratugaskeið. Hafi þau aldrei verið vefengd af ríkisvaldinu. Þá hafi skattar og önnur lögboðin gjöld alltaf verið greidd af öllu landinu. Um áraraðir hafi öll landgæði verið nýtt af eigendum og enginn getað nýtt jörðina án samþykkis þeirra. Venjur varðandi fjallskil geti ekki ráðið úrslitum þegar tekin sé afstaða til þess hvort jörðin sé öll beinum eignarrétti háð. Þá er því haldið fram að í ljósi þeirra gjörninga sem liggi fyrir um ráðstöfun landsins hafi eigendur Mælifells og Fossvalla nægar heimildir fyrir eignartilkalli sínu. Það sé því ríkisins að hrekja þá staðhæfingu að landsvæðið sé fullkomin eign þeirra. Vísað er til fyrri úrskurða óbyggðanefndar um að landsvæði sem talið hafi verið jörð eða hluti jarðar samkvæmt elstu heimildum sé háð beinum eignarrétti fari landamerkjalýsingi ekki í bága við þær eldri heimildir. Byggt er á úrlausnum Mannréttindadómstóls Evrópu um réttmætar væntingar. Þessar væntingar styðjist meðal annars við framkomu ríkisins gagnvart þeim með athöfnum og athafnaleysi. Loks er vísað til þess að skilyrði hefðar séu fyrir hendi.

### 6.10.3. Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Mælifells og Fossvalla er rakin í kafla 5.9. Þar kemur fram að um var að ræða tvö svokallaðra heiðarbýla, sbr. kafla 6.1.2, stofnuð um miðja 19. öld í Mælifelli sem virðist hafa legið undir Hofskirkju. Byggð í Mælifelli lagðist af árið 1906 en nokkru fyrr á Fossvöllum.

Af hálfu gagnaðila hefur sérstaklega verið vísað til eignardóms Héraðsdóms Austurlands frá 8. janúar 2004 í máli nr. E-310/2003. Í dómsorði segir svo: „Viðurkenndur er eignarréttur stefnenda [gagnaðila íslenska ríkisins í máli þessu] að eyðijörðunum Mælifelli, landnúmer FMR 156508 [...] öllum í Vopnafirði ásamt öllu

því sem þeim fylgja og fylgja ber“ í tilteknum eignarhlutföllum. Í forsendum dómsins kemur fram að Jörgen Sigfússon sé þinglýstur eigandi Mælifells og liggi þar fyrir þinglýstur kaupsamningur. Frá andláti Jörgens, á árinu 1928, hafi aldrei verið þinglýst skiptayfirlýsingu á jörðina og sé hún því enn skráð á nafn hans. Dómur þessi grundvallast á ákvæði 1. mgr. 122. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Samkvæmt því veitir eignardómur dómhafa heimild til yfirráða og ráðstafana eins og hann hefði í höndum afsalsbréf eða annað viðeigandi skjal. Skilyrði er að hann hafi sannað eða gert sennilegt að hann hafi öðlast réttindi með samningi eða hefð en skorti skilríki fyrir rétti sínum. Ljóst er þannig að dómhafi er ekki í annarri eða betri stöðu en afsalshafi sem getur samkvæmt almennum reglum þurft að færa á það sönnur að í afsali hafi falist raunveruleg yfirfærsla á eignarréttindum. Má í því sambandi t.d. vísa í dóma Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 47/2004 (Afréttur Biskupstungna norðan vatna) og 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005 (Breiðármörk). Af framangreindum eignardómi Héraðsdóms Austurlands leiðir því hvorki að í „eyðijörðinni Mælifelli, landnúmer FMR 156508“ felist tiltekin eignarréttindi né afmörkun hugsanlegs réttindasvæðis.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Mælifells er lýst í landamerkjabréfi frá 22. febrúar 1886, þingl. 11. júní 1886. Einnig verður kannað hvað ráðið verður af öðrum heimildum um það efni en þar nýtur við úttektar frá 1912 vegna fyrirhugaðrar sölu. Auk þess verður litið til heimilda um merki aðliggjandi svæða, þ. á m. útmælingar vegna aðliggjandi landsvæðis frá 1829.

Í landamerkjaskrá Mælifells frá 1886 er suðurmörkum lýst svo að Selá ráði að Selsárósi, þá Selsá að upptökum og þaðan sjónhending í há Bungu. Að vestan eru mörkin sögð úr há Bungu í Heljardalsfjall. Að norðan er línan dregin úr Heljardalsfjalli í há Kistufell og þaðan sjónhendingu í upptök Innri-Almenningsár og hún síðan í Selá. Landamerkjalýsingin er undirrituð af Hofspresti. Í mati sem fram fór vegna fyrirhugaðrar sölu Mælifells 30. maí 1912 er ekki að finna heildstæða afmörkun landsvæðisins. Þó kemur þar fram að landið sé upp frá Selá innst upp úr Selárdal og af því má ráða að Ufs, Mælifellshnúkur og Grænafellsdokkir séu innan marka. Í framangreindum dómi frá 2004 er ekki að finna afmörkun né heldur í afsali til Jörgens Sigfússonar frá 1913.

Í útmælingu á landi í Almenningi frá árinu 1829 kemur fram lýsing á mörkum hin útmælda lands gagnvart landsvæði er Hofskirkju tilheyri og er þar miðað við Fremri-Almenningsá. Bréf Mælifells er áritað vegna Hamars sem liggur að til norðausturs. Í kafla 6.9. hér að framan er fjallað um nýbýlið Hamar og því lýst hvernig eldri heimildir um merki þess, þ.e. útmælingin frá 1829 og landamerkjabréf frá 1885, lýsa merkjum mun skemur inn til landsins en landamerkjabréf frá 1922. Eldra bréf Hamars er áritað af umboðsmanni Mælifells og yngra bréf Hamars af Jörgen Sigfússyni sem þá hafði fest kaup á Mælifellslandi.

Suðvestan við Mælifell eru Selsárvellir, sbr. kafla 6.11. hér á eftir. Svo sem þar segir benda eldri heimildir um afmörkun Selsárvalla ekki til þess að merki hafi náð eins langt inn til landsins og og yngri heimildir gera ráð fyrir.

Landamerkjabréf Mælifells er óglöggt um afmörkun og kemur ekki heim og saman við uppdrátt sem lagður hefur verið fram af hálfu þeirra sem gera eignarlandskröfu til þess. Á uppdrættinum, sbr. einnig skýrslutökur í máli þessu, er landsvæðið afmarkað svo: Selá ræður frá þeim stað þar sem Almenningsá fremri rennur í hana og að Selsárósi. Þá ræður Selsá að upptökum. Þaðan er dregin bein lína í Sýslumannsvörðu á mörkum Vopnafjarðarhrepps og Þórshafnarhrepps (sem nú er hluti Langanesbyggðar) og þeim mörkum síðan fylgt í Miðfjarðarárdrög. Úr Miðfjarðarárdrögum er farið í Upsabrúnir og þaðan er Almenningsá fremri fylgt aftur í Selá. Í landamerkjabréfinu er merkjum hins vegar lýst í há-Bungu, sem er langt suðvestan við umrædda afmörkun á kröfulínukorti, og Heljardalsfjall sem er á mörkum Svalbarðshrepps og Norðurþings. Bréfið er ekki undirritað af hálfu landsvæða utan Vopnafjarðarhrepps og skarast verulega á við kröfur gagnaðila íslenska ríkisins í máli 4/2005 auk þess að ganga inn á það land sem tilheyrði svokölluðum Almenningi. Þá bendir útmælingin 1829 og matsgerðin 1912, þar sem fjallað er um land á og við Mælifellið sjálft, ekki til þess að merki hafi náð svo langt til norðvesturs. Hér skal þess getið að Heljardalsfjöll eru rúmlega 24 km norðvestur af Mælifelli. Að mati óbyggðanefndar hafa ekki fengist haldbærar útskýringar á þeirri afmörkun sem lögð er til grundvallar í texta kröfugerðar af hálfu gagnaðila í máli þessu. Í ljósi alls þessa verður ekki byggt á landamerkjabréfi Mælifellslands um afmörkun þess.

Í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882 var þannig gert landamerkjabréf fyrir Mælifell. Það var þinglesið og innfært í landamerkjabók sýslumanns. Bréfið tekur til þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar og mun stærra svæðis að auki, svo sem áður er lýst. Þekkt er að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir. Með því að gera landamerkjabréf hafa menn ekki getað einhliða aukið við land sitt eða annan rétt. Frá upphafi Íslandsbyggðar helguðu menn sér ekki eingöngu ákveðin landsvæði, sem voru háð beinum eignarrétti, heldur einnig ítök, afrétti og öll önnur réttindi sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra. Meðan landsvæði gaf eitthvað af sér lágu hagsmunir til þess að halda við merkjum réttindanna, hvers eðlis sem þau voru. Um þetta má t.d. vísa til dóma Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2006 (Hoffellslambatungur) og 5. október 2006 í máli nr. 67/2006 (Skjaldbreiður). Í ljósi dóma Hæstaréttar um eignarréttarlega þýðingu landamerkjabréfa og almennra niðurstaðna óbyggðanefndar liggur jafnframt fyrir að með gerð landamerkjabréfs varð ekki einhliða stofnað til eignarréttar á landsvæði sem ekki var fyrir undirorpið eignarrétti.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindrar afmörkunar. Svo sem rakið er í kafla 6.2. er því ekki lýst í

*Landnámabók* hversu langt inn til fjalla landnám á þessu svæði náði. Af því verða engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um hvort í öndverðu hafi verið stofnað til beins eignarréttar á þessu svæði með námi. Staðhættir eru námi ekki til stuðnings. Óvissa um aðferðir við landnám er þó of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Engin gögn liggja fyrir um það hvernig Hofskirkja er upphaflega komin að rétti sínum til þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar. Í heimildum er ítrekað minnst á Mælifell sem eign Hofskirkju í máldögum og vísitasíum, fyrst í máldagasafni Vilkins biskups frá 1397. Við útmælingu á nýbýlunum Þorvaldsstöðum og Hamri árið 1829 var mætt fyrir hönd Hofskirkju vegna lands framan við Almenninginn. Í skýrslum yfir eignir Hofsprestakalls frá 1844 er Mælifells getið með afréttum eða heiðarlöndum prestakallsins og meðal ítaka, öðrum leigð, í skýrslu 1867. Í síðastnefndu heimildinni er tekið fram að þar sé nú byggður bær sem kirkjan eigi ekki. Þá er Mælifells getið í lögfestu á ítökum Hofskirkju frá 14. maí 1844. Í jarðamatinu frá 1849 kemur fram varðandi Hof að fyrir upprekstur í svokallað Mælifellsland við Selárdal gjaldist 40 fiskar árlega.

Engin gögn liggja fyrir um að umrætt landsvæði hafi lengst af verið nýtt til annars en sumarbeitar fyrir búfé og annarra takmarkaðra nota. Það er ekki fyrr en um miðja nítjándu öld sem stofnað er til búsetu á þessu landi og í árslok 1853 eiga sér stað bréfaskipti þar sem því er hafnað að veita skatt- og tíundarfrelsi samkvæmt 10. grein nýbýlatilskipunarinnar. Vísað er til þess að „jörðin“ hefði verið notuð að undanförnu og eftir hana goldið og því væri ekki hægt að krefjast þess sem 10. greinin heimilaði nýbýlisjörðum og þaðan af síður þar sem engin útvísun hefði farið fram. Hofsprestur gaf síðan út byggingarbréf fyrir Mælifellslandi, að hluta skipt í tvennt, í ársbyrjun 1856. Fyrir fremri partinn liggja einnig fyrir byggingarbréf frá 1861 og 1865 sem þá virðist nefndur Fossvellir. Samkvæmt því er fram kemur í úttekt á eyðibýlinu Mælifelli vegna fyrirhugaðrar sölu hinn 30. maí 1912 lauk byggð á þessu svæði 1906. Árið 1913 afsalaði ráðherra Íslands Mælifellslandi til leigjanda þess, Jörgens Sigfússonar. Kaupverð var hið sama og matsmenn höfðu komust að niðurstöðu um árið áður. Í matsgerðinni kemur fram að matsmenn álitu það hlutverk sitt að meta hversu margt fé land þetta bæri sem afréttarland. Gagnaðilar leiða rétt sinn frá umræddum kaupanda, sbr. einnig framangreindan eignardóm Héraðsdóms Austurlands frá 8. janúar 2004.

Í heimildum frá fyrri hluta 19. aldar er Mælifell þannig flokkað með afréttum/heiðarlöndum Hofskirkju og þangað er rekið fé gegn greiðslu afréttartolls. Afmörkun þess er ekki vafalaus en ljóst er þó að landsvæði það sem hér er gert tilkall til sem eignarlands Mælifells og Fossvalla hefur áður fyrr, a.m.k. að hluta til, tilheyrt því. Sú aðgreining sem felst í því að Mælifell er ekki hluti af eiginlegu landi Hofskirkju, jafnan getið með sérstökum hætti í heimildum og einnig beinlínis nefnt

afréttur eða ítak Hofskirkju, bendir til þess að þar hafi verið afréttur kirkjunnar í þeim skilningi að hún hafi átt þar óbein eignarréttindi fremur en beinan eignarrétt.[490] Má í þessu sambandi vísa til dóms Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 47/2004 (Afréttur norðan vatna). Hið sama verður einnig ráðið af staðháttum en um er að ræða heiðarland fjarri byggð. Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en réttur til Mælifells hafi orðið til á þann veg að landsvæðið hafi verið tekið til sumarbeitar fyrir búpening og ef til vill annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur, sem sveitarstjórnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu þessu virtu verður því ekki talið að landsvæði þetta sé undirorpið eignarrétti nema til hans hafi stofnast á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar frá 15. apríl 1776 eða í skjóli hefðar síðar.

Í málinu liggur ekki fyrir byggingarbréf útgefið af amtmanni fyrir nýbýli á umræddu svæði og raunar virðist ágreiningslaust að slíkt bréf hefur ekki verið gefið út. Með því að ekki hefur verið leitt í ljós að fyrirmælum nýbýlatilskipunar hafi verið fullnægt hefur ekki verið sannað að stofnað hafi verið til beins eignarréttar á grundvelli þeirrar löggjafar. Verður því ekki miðað við að eignarréttarleg staða landsvæðisins hafi tekið breytingum á þeim grundvelli. Í þessu sambandi ber að vísa til þeirra krafna sem Hæstiréttur hefur gert til sönnunar eignarlands, sbr. kafla 6.1.1.

Kemur þá til skoðunar hvort stofnast hafi til eignarréttar að landsvæðinu á grundvelli hefðar. Svo sem áður er rakið var byggð stopul að Mælifelli og Fossvöllum, á árunum 1854–1906. Möguleg hagnýting landsins fyrir setningu laga um hefð, nr. 46/1905, gat ekki að þágildandi lögum stofnað til eignarréttar yfir landinu. Vísast um þetta til almennra niðurstaðna óbyggðanefndar.[491] Hins vegar þarf að huga nánar að stöðu landsvæðisins við og eftir gildistöku þeirra laga. Í aðdraganda þess að ríkið seldi Mælifellsland árið 1913 er upplýst að það hafði verið í eyði í sex ár en leigt út til beitar. Það er selt leigjandanum, Jörgen Sigfússyni í Krossavík, og verðlagt í samræmi við möguleg afréttarnot. Upplýst hefur verið að eftir þennan tíma hafi landið verið nýtt til upprekstrar á vegum eigenda Krossavíkur og á seinni árum hafi fé frá bæjum í Vesturárdal gengið þangað til beitar. Beit á því landsvæði sem hér er til umfjöllunar hefur verið ráðstafað og stýrt af þeim aðilum sem gera eignarréttarlegt tilkall til Mælifells. Þá liggur fyrir að Mælifell hefur verið á arðskrá Veiðifélags Selár og ráðstafanir á vegum þess félags meðal annars gerðar af sömu aðilum, í nafni Mælifells.

Óbyggðanefnd telur að framangreind takmörkuð afnot, beit og veiði leiði ekki til þess að beinn eignarréttur að afréttarsvæði þessu hafi unnist fyrir hefð, sbr. lög nr. 46/1905. Hefur því hvorki verið stofnað til beins eignarréttar á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar né hefðar en af því leiðir að Mælifell hefur ekki öðlast stöðu

---

[490] Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).
[491] Sjá viðauka.

jarðar að lögum, sbr. umfjöllun um hugtakið *jörð* í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*. Í afsali ráðherra Íslands á Mælifellslandi gat ekki falist frekari yfirfærsla eignarráða en áður heyrðu Hofskirkju til og efni afsalsins 1913, auk aðdragandiaþeirra viðskipta, getur einnig samrýmst því að þar hafi verið seld afréttareign, þ.e.a.s. hefðbundinn réttur til upprekstrar og veiði.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að umrætt landsvæði, auðkennt sem Mælifell, sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Þá leiðir rannsókn óbyggðanefndar einnig til þeirrar niðurstöðu að á umræddu landsvæði sé þjóðlenda og er fallist á kröfu íslenska ríkisins þess efnis.[492]

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að Mælifellsland, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Frá þeim stað þar sem Almenningsá fremri rennur í Selá ræður Selá að Selsárósi. Þá ræður Selsá að upptökum. Þaðan er dregin bein lína í Sýslumannsvörðu á mörkum Vopnafjarðarhrepps og Þórshafnarhrepps og þeim mörkum síðan fylgt í Miðfjarðarárdrög. Úr Miðfjarðarárdrögum er farið í Upsabrúnir og þaðan er Almenningsá fremri fylgt aftur í Selá.*

Sama landsvæði er í afréttareign Mælifells, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. laga nr. 58/1998, sem nýtur veiðiréttar í Selá samkvæmt II. kafla laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006.

## 6.11. Selsárvellir (Búastaðatungur)

### 6.11.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands Selsárvalla.

Íslenska ríkið hefur dregið aðalkröfulínu sína frá þeim stað þar sem Almenningsá fremri mætir Selá (punktur 5) og síðan eftir Selá þar til kemur að hornmarki Hauksstaða og Arnarvatns (6). Aðalkrafa ríkisins gerir þannig ráð fyrir að Selsárvellir séu að öllu leyti í þjóðlendu. Til vara er þess krafist að ekki skuli draga línu um þjóðlendumörk lengra til landsins en sem nemur Búastaðatungunum sjálfum. Á móti hafa gagnaðilar, þinglýstir eigendur Selsárvalla, lýst kröfu um beinan eignarrétt að öllu því landsvæði sem þeir telja að liggi innan merkja þess. Til vara er að norðvestanverðu miðað við línu sem dregin er frá upptökum Selsár í stefnu í upptök Ytri-Hrútár í Hábungu. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1 og kröfum gagnaðila í kafla 3.10.

---

[492] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Aðliggjandi Selsárvöllum eru Mælifell til austurs, ágreiningssvæði í máli nr. 5/2005 hjá óbyggðanefnd til vesturs og ágreiningssvæði í máli nr. 4/2005 til norðurs. Til suðausturs er land jarðarinnar Hauksstaða en Selá skilur að. Landsvæði þetta er háslétta í yfir 400 m hæð yfir sjávarmáli. Syðst og austast eru Búastaðatungur, á milli Selsár og Selár, í 360–400 m hæð yfir sjávarmáli. Þegar vestar dregur og norðar hækkar land í yfir 500 m hæð yfir sjávarmáli. Þar er Sandhnjúkavatn í 540 m hæð en austan þess og sunnan eru Sandhnjúkar (642 m og 771 m). Norðvestan vatnsins er Einbúi (728 m og 823 m).

### 6.11.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(6), er byggt á því að grundvöllurinn að beinum eignarrétti að landi hérlendis hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalaus svæði orðið fleiri með tímanum. Þetta verði helst ráðið af lögtöku nýbýlatilskipunar konungs 1776 sem beinlínis hafi verið lögtekin svo að til væru úrræði til að gera eigendalaus svæði að eignarlöndum og efla þar með byggð. Því er haldið fram að af landnámslýsingum megi ráða að land hafi ekki verið numið til heiða og fjalla í Vopnafirði nema austast þar sem eru Böðvarsdalur og Fagridalur. Þá er byggt á því af hálfu ríkisins að afréttir, eins og þeir hafi verið skilgreindir fyrir gildistöku þjóðlendulaga 1998, hafi verið þjóðlendur þar sem tilteknum jörðum fylgdi réttur til afréttarnota. Heimilt hafi verið að reisa býli utan eignarlanda fjarri byggð á grundvelli nýbýlatilskipunar frá 1776 og líkindi séu á því að slík nýbýli hafi verið reist á almenningslandi ef ekki var gerður sérstakur kaupsamningur eða byggingarbréf við einhvern jarðeiganda eða heimildir til um að nýbýlið teldist hjáleiga eða afbýli. Slík nýbýli, sem reist hafi verið utan eignarlanda, hafi ekki getað orðið eignarlönd nema með þau væri farið eftir ákvæðum tilskipunarinnar frá 1776. Þá er því haldið fram að menn hafi átölulaust getað reist nýbýli á heiðum og því hafi verið næsta fátítt að leitað væri eftir leyfi amtmanns heldur býlið reist. Flest hafi þessi heiðarbýli staðið stutt og eftir að landamerkjalög voru sett 1882 hafi stórjarðir innlimað eyðibýlin í landamerkjalýsingar sínar. Því er haldið fram að býlin Selsárvellir og Aðalból séu reist í almenningi um miðja 19. öld, án nýbýlaleyfis amtmanns. Um hafi verið að ræða almenning í skilningi lögbókanna og þau býli sem þar hafi verið reist á 19. öld hafi aldrei getað orðið eignarlönd nema til þeirra hafi verið stofnað eftir ákvæðum tilskipunar 1776. Engar heimildir séu um að svo hafi verið varðandi Selsárvelli og Aðalból.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl 30 og 19(3), er því haldið fram að af lýsingum *Landnámu* megi ráða að allt land í Vopnafjarðarhéraði hafi verið numið og undirorpið beinum eignarrétti síðan. Gróðurfar, nýting og búseta bendi einnig til að land þetta hafi allt verið numið í öndverðu enda landið forsenda búsetu og byggðar á þessu svæði. Þá er á því byggt að land innan landamerkja jarðar sé eignarland.

Landamerkjalög 1882 hafi ekkert kveðið á um hvaða land eða hver landgæði fylgdu jörðum eða öðrum fasteignum enda hafi ekki verið um það deilt þar sem jarðeigandi hafi verið talinn eiga fullkominn eignarrétt innan landamerkja jarðar sinnar. Venjuréttur og hefðarsjónarmið leiði einnig til þess að allt land innan landamerkja jarða teljist eignarland. Landamerkjum jarðarinnar og aðliggjandi jarða hafi verið þinglýst athugasemdalaust og viðurkennd af öllum, þ.m.t. hinu opinbera, um áratugaskeið. Hafi þau aldrei verið vefengd af ríkisvaldinu. Þá hafi skattar og önnur lögboðin gjöld alltaf verið greidd af öllu landinu. Um áraraðir hafi öll landgæði verið nýtt af eigendum og enginn getað nýtt jörðina án samþykkis þeirra. Venjur varðandi fjallskil geti ekki ráðið úrslitum þegar tekin sé afstaða til þess hvort jörðin sé öll beinum eignarrétti háð. Þá er því haldið fram að í ljósi þeirra gjörninga sem liggi fyrir um ráðstöfun landsins hafi gagnaðilar nægar heimildir fyrir eignartilkalli sínu. Það sé því ríkisins að hrekja þá staðhæfingu að landsvæðið sé fullkomin eign þeirra. Vísað er til fyrri úrskurða óbyggðanefndar um að landsvæði sem talið hafi verið jörð eða hluti jarðar samkvæmt elstu heimildum sé háð beinum eignarrétti, fari landamerkjalýsing ekki í bága við þær eldri heimildir. Byggt er á úrlausnum Mannréttindadómstóls Evrópu um réttmætar væntingar. Þessar væntingar styðjist meðal annars við framkomu ríkisins gagnvart þeim með athöfnum og athafnaleysi. Loks er vísað til þess að skilyrði hefðar séu fyrir hendi.

### 6.11.3. Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Selsárvalla, Aðalbóls og Selárbakka er rakin í kafla 5.10. Þar kemur fram að um var að ræða svokölluð heiðarbýli, sbr. kafla 6.1.2, stofnuð um miðja 19. öld í Búastaðatungum sem virðast hafa legið undir jörðina Búastaði í Vesturárdal. Búseta á svæðinu var stopul og lagðist endanlega af 1878.

Af hálfu gagnaðila hefur sérstaklega verið vísað til eignardóms Héraðsdóms Austurlands frá 8. janúar 2004 í máli nr. E-310/2003. Í dómsorði segir svo: „Viðurkenndur er eignarréttur stefnenda [gagnaðila íslenska ríkisins í máli þessu] að eyðijörðunum [...] Selsárvöllum, landnúmer FMR 156516 [...] öllum í Vopnafirði ásamt öllu því sem þeim fylgja og fylgja ber“ í tilteknum eignarhlutföllum. Í forsendum dómsins segir að enginn sé skráður eigandi Selsárvalla í þinglýsingabókum sýslumannsins á Seyðisfirði en þó liggi fyrir veðsetning Jörgens Sigfússonar í Krossavík á jörðinni frá árinu 1927. Hafi hún síðan óvéfengt verið talin í eigu Krossavíkur en Jörgen lést árið 1928. Dómur þessi grundvallast á ákvæði 1. mgr. 122. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Samkvæmt því veitir eignardómur dómhafa heimild til yfirráða og ráðstafana eins og hann hefði í höndum afsalsbréf eða annað viðeigandi skjal. Skilyrði er að hann hafi sannað eða gert sennilegt að hann hafi öðlast réttindi með samningi eða hefð en skorti skilríki fyrir rétti sínum. Ljóst er þannig að dómhafi er ekki í annarri eða betri stöðu en afsalshafi sem getur samkvæmt

almennum reglum þurft að færa á það sönnur að í afsali hafi falist raunveruleg yfirfærsla á eignarréttindum. Má í því sambandi t.d. vísa í dóma Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 47/2004 (Afréttur Biskupstungna norðan vatna) og 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005 (Breiðármörk). Af framangreindum eignardómi Héraðsdóms Austurlands leiðir því hvorki að í „eyðijörðinni Selsárvöllum, landnúmer FMR 156516" felist tiltekin eignarréttindi né afmörkun hugsanlegs réttindasvæðis.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Selsárvalla er lýst í yfirlýsingu um landamerki frá 31. desember 1974 sem gagnaðilar íslenska ríkisins miða kröfugerð sína við. Einnig verður kannað hvað ráðið verður af öðrum heimildum um það efni en þar nýtur við úttektar frá 1658, vitnisburðar frá 1666 og fasteignamati 1916–1918. Auk þess verður litið til heimilda um aðliggjandi svæði.

Af yfirlýsingunni frá 1974, þar sem sýslumaður hefur merkjalýsingu Selsárvalla eftir Birni Sigmarssyni í Krossavík, má ráða að Selsá ráði norðurmörkum, Selá og Ytri-Hrútá suðurmörkum og inn til landsins, þ.e. að vestanverðu, ráði vatnaskil (sýslumörk). Að austanverðu mætast Selá og Selsá. Lýsing í fasteignamati frá 1916–1918 miðar við sömu ár, en há-Bungu og fjallgarð á milli Vopnafjarðar og Fjallahrepps inn til landsins. Elstu heimildir um merki Búastaðatungna, úttekt á jörðinni Búastöðum frá 1658 og vitnisburður frá 1666, virðast miða við tunguna sunnan Selsár en merki inn til landsins eru ekki tiltekin sérstaklega.

Aðliggjandi Selsárvöllum til suðurs er jörðin Hauksstaðir. Í landamerkjabréfi Hauksstaða, dags. í desember 1921 og þingl. 15. júní 1923, eru norðurmerki miðuð við Selá, sbr. það sem að framan greinir um suðurmerki Selsárvalla. Bréfið er m.a. samþykkt vegna Búastaðatungu [Selsárvalla].

Austan við Selsárvelli er Mælifell, sbr. kafla 6.10. hér að framan. Þar er komist að þeirri niðurstöðu að um afmörkun svæðisins verði ekki byggt á landamerkjabréfi Mælifells, dags. 22. febrúar 1886 og þingl. 11. júní sama ár, sem undirritað var af umboðsmanni Búastaðatungna [Selsárvalla]. Ástæður þessu eru m.a. þær að lýsing þess á merkjum inn til landsins sé ekki trúverðug.

Norður af Selsárvöllum, svo sem þeir eru afmarkaðir í eignarlandskröfu, er ágreiningssvæði í máli nr. 4/2005 hjá óbyggðanefnd. Þar er komist að þeirri niðurstöðu að svæðið, sem er utan landamerkjabréfa, sé þjóðlenda og afréttur Þórshafnarhrepps. Til vesturs og suðurs eru ágreiningssvæði í máli nr. 5/2005 og þar er komist að þeirri niðurstöðu að suðurhlutinn sé þjóðlenda í afréttareign Grímsstaða, utan afmörkunar í landamerkjabréfi þeirrar jarðar en vesturhlutinn þjóðlenda í afréttareign tiltekinna jarða og innan sérstaks landamerkjabréfs. Þar er nánar tiltekið um að ræða „Landamerkjaskrá fyrir afrjettarlandi jarðanna: Víðihóls, Hólssels, Fagradals og Nýhóls í Skinnastaðahreppi", útbúið 3. júní 1890 og þinglesið 12. júní 1891.

Samkvæmt framansögðu var ekki gert landamerkjabréf fyrir Selsárvelli í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882. Gagnaðilar íslenska ríkisins miða

kröfugerð sína við einhliða merkjalýsingu eiganda jarðarinnar Krossavíkur sem gerð var og þinglýst á árinu 1974. Sú afmörkun sem þar kemur fram nær lengra inn til landsins en ráð virðist fyrir gert í hinum elstu heimildum, sbr. tilvísun þeirra síðarnefndu til tungna. Jafnframt er ljóst að sú lýsing ábúanda sem tekin er upp í fasteignamati 1916–1918, þar sem miðað er við kennileiti utan Vopnafjarðarhrepps, nær enn lengra norðvestur en yfirlýsingin 1974.

Á yfirlýsingu Björns Sigmarssonar frá 1974 verður ekki litið sem landamerkjabréf, í samræmi við fyrirmæli landamerkjalaga, nr. 41/1919. Þá er jafnframt ljóst að merkjalýsingar, þ. á m. landamerkjabréf, hafa ekki eingöngu verið gerðar fyrir jarðir. Með gerð slíkrar lýsingar hafa menn ekki getað stofnað til réttinda sér til handa eða einhliða aukið við land sitt eða annan rétt. Frá upphafi Íslandsbyggðar helguðu menn sér ekki eingöngu ákveðin landsvæði, sem voru háð beinum eignarrétti, heldur einnig ítök, afrétti og öll önnur réttindi sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra. Meðan landsvæði gaf eitthvað af sér lágu hagsmunir til þess að halda við merkjum réttindanna, hvers eðlis sem þau voru. Um þetta má t.d. vísa til dóma Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2006 (Hoffellslambatungur) og 5. október 2006 í máli nr. 67/2006 (Skjaldbreiður). Í ljósi dóma Hæstaréttar um eignarréttarlega þýðingu landamerkjabréfa og almennra niðurstaðna óbyggðanefndar liggur jafnframt fyrir að með gerð landamerkjabréfs varð ekki einhliða stofnað til eignarréttar á landsvæði sem ekki var fyrir undirorpið eignarrétti.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindrar afmörkunar. Svo sem rakið er í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámabók* hversu langt inn til fjalla landnám á þessu svæði náði. Af því verða engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um hvort í öndverðu hafi verið stofnað til beins eignarréttar á þessu svæði með námi. Staðhættir eru námi ekki til stuðnings. Óvissa um aðferðir við landnám er þó of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Um Búastaðatungur er fyrst getið í heimild frá árinu 1658 og þá tilheyrandi jörðinni Búastöðum í Vesturárdal, sbr. einnig vitnisburð frá 1666 og jarðamat frá 1849. Ekkert bendir til að umrætt landsvæði hafi lengst af verið nýtt til annars en sumarbeitar fyrir búfé og annarra takmarkaðra nota. Það er ekki fyrr en um miðja 19. öld að stofnað er til búsetu þar. Virðast eigendur Krossavíkur, sem jafnframt áttu þá Búastaði, þá byggja landið, að hluta til a.m.k., en áskilja Búastaðabændum eftir sem áður rétt til afnota af því. Koma þar við sögu a.m.k. þrír bæir, þ.e. Selsárvellir, Aðalból og Selárbakki, en þeir verða ekki allir staðsettir með vissu. Búseta var stopul og endanlega aflögð árið 1878. Gagnaðilar leiða rétt sinn frá eigendum Krossavíkur, sbr. einnig framangreindan eignardóm Héraðsdóms Austurlands frá 8. janúar 2004.

Búastaðatungna er jafnan getið með sérstökum hætti í heimildum um Búastaði, í samræmi við það sem oft sést þegar fjallað er um nytjasvæði jarða, og þær eru ekki hluti af eiginlegu landi Búastaða sem liggja í Vesturárdal. Þá er hér um að ræða fjallaland, fjarri byggð. Óbyggðanefnd telur að heimildir um Búastaðatungur, nýting þeirra og staðhættir á svæðinu bendi til þess að þar hafi verið afréttur jarðarinnar Búastaða í þeim skilningi að hún hafi átt þar óbein eignarréttindi fremur en beinan eignarrétt.[493] Má í þessu sambandi til samanburði vísa til dóms Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2006 (Hoffellslambatungur). Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en réttur til Búastaðatungna hafi orðið til á þann veg að landsvæðið hafi verið tekið til sumarbeitar fyrir búpening og ef til vill annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur, sem sveitarstjórnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu þessu virtu verður því ekki talið að Selsárvellir (Búastaðatungur) séu undirorpnir beinum eignarrétti nema til hans hafi stofnast á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar frá 15. apríl 1776 eða í skjóli hefðar síðar.

Í málinu liggur ekki fyrir byggingarbréf útgefið af amtmanni fyrir nýbýli á umræddu svæði og raunar ágreiningslaust að slíkt bréf hefur ekki verið gefið út. Með því að ekki hefur verið leitt í ljós að fyrirmælum nýbýlatilskipunar hafi verið fullnægt hefur ekki verið sannað að stofnað hafi verið til beins eignarréttar á grundvelli þeirrar löggjafar. Verður því ekki miðað við að eignarréttarleg staða landsvæðisins hafi tekið breytingum á þeim grundvelli. Í þessu sambandi ber að vísa til þeirra krafna sem Hæstiréttur hefur gert til sönnunar eignarlands, sbr. kafla 6.1.1.

Kemur þá til skoðunar hvort stofnast hafi til eignarréttar að landsvæðinu á grundvelli hefðar. Möguleg hagnýting landsins fyrir setningu laga um hefð nr. 46/1905 gat ekki að þágildandi lögum stofnað til eignarréttar yfir landinu. Vísast um þetta til almennra niðurstaðna óbyggðanefndar.[494] Hins vegar þarf að huga nánar að stöðu landsvæðisins eftir gildistöku þeirra laga. Upplýst hefur verið að eftir að framangreind heiðarbýlabyggð lagðist af hefur landið verið nýtt til upprekstrar á vegum eigenda og bænda í Krossavík. Á seinni árum mun fé frá bæjum í Vesturárdal einnig hafa gengið þangað til beitar. Selsárvellir eru ekki á arðskrá Veiðifélags Selár.

Óbyggðanefnd telur að nytjar þessar, fyrst og fremst beit, séu í samræmi við þær heimildir Búastaða og Krossavíkur sem að framan hafa verið raktar. Þær leiða ekki til þess að beinn eignarréttur að afréttarsvæði þessu hafi unnist fyrir hefð, sbr. lög nr. 46/1905. Hefur því hvorki verið stofnað til beins eignarréttar á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar né hefðar en af því leiðir að Selsárvellir hafa ekki öðlast stöðu jarðar að lögum, sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

[493] Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).
[494] Sjá viðauka.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að umrætt landsvæði, auðkennt sem Selsárvellir, sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Þá leiðir rannsókn óbyggðanefndar einnig til þeirrar niðurstöðu að á umræddu landsvæði sé þjóðlenda og er fallist á kröfu íslenska ríkisins þess efnis.[495]

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að Selsárvellir, svo sem landsvæðið er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Selá ræður frá Selsárósi þar til Ytri-Hrútá fellur í hana. Þaðan ræður Ytri-Hrútá að sýslumörkum. Sýslumörkum er fylgt í Einbúa og þaðan í Sýslumannsvörðu á mörkum Vopnafjarðarhrepps og Þórshafnarhrepps, síðan í upptök Selsár. Loks er Selsá fylgt í Selá og er þá komið að hinum fyrstnefnda punkti.*

Sama landsvæði er í afréttareign þeirra aðila sem kallað hafa til réttinda yfir Selsárvöllum í máli þessu, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

## 6.12. Arnarvatn

### 6.12.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands Arnarvatns.

Kröfulína íslenska ríkisins er dregin frá vestara hornmarki Hauksstaða og Arnarvatns (punktur 6) eftir landamerkjum milli Hauksstaðalands og Arnarvatnslands, eins og þeim er lýst í landamerkjabréfum þeirra, allt að Skeljungsá (7). Svo er landamerkjum Brunahvamms fylgt allt að Hölkná (8). Íslenska ríkið gerir þannig kröfu um að allt land innan landamerkja Arnarvatns, eins og þeim er lýst í landamerkjabréfi frá 1921, sé þjóðlenda. Á móti hefur gagnaðili, þinglýstur eigandi Arnarvatns, lýst kröfu um beinan eignarrétt að sama landsvæði. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.11.

Að Arnarvatni liggja Hauksstaðir að norðan, landsvæði Brunahvamms, Kálffells og Foss til austurs. Til norðvesturs og vesturs liggja afréttarlönd Vopnfirðinga í Botnfjallgarði og ágreiningssvæði í máli nr. 5/2005 hjá óbyggðanefnd. Til suðurs er afréttarland Vopnfirðinga við Súlendur. Landsvæði það sem hér um ræðir liggur í um og yfir 500 m hæð yfir sjávarmáli á Hauksstaðaheiði. Land er hallalítið en þó eru þar nokkrar melöldur. Á svæðinu eru nokkur vötn. Ber þar helst að nefna Arnarvatn (413m) austast á svæðinu, Langavatn (521 m) vestur undir Langafelli og Leirvatn (500 m) sem liggur sunnan Langafells (619 m). Skammt norðaustan þess er Hlíðarfell (561 m) og melalda þeirra á milli. Syðst rís land skarpt í Súlendum í um 720 m hæð yfir sjávarmáli.

---

[495] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

### 6.12.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(6), er byggt á því að grundvöllurinn að beinum eignarrétti að landi hérlendis hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalaus svæði orðið fleiri með tímanum. Því er haldið fram að af landnámslýsingum megi ráða að land hafi ekki verið numið til heiða og fjalla í Vopnafirði nema austast þar sem eru Böðvarsdalur og Fagridalur. Heimilt hafi verið að reisa býli utan eignarlanda fjarri byggð á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar frá 1776 og líkindi séu á því að slík nýbýli hafi verið reist á almenningslandi ef ekki var gerður sérstakur kaupsamningur eða byggingarbréf við einhvern jarðeiganda eða heimildir til um að nýbýlið teldist hjáleiga eða afbýli. Engin gögn séu fyrirliggjandi um að landskipti hafi farið fram á Hauksstaðalandi, selt hafi verið úr landinu, gert byggingarbréf eða stofnuð hjáleiga eða afbýli frá Hauksstöðum nema í bókinni *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I þar sem býlið er nefnt afbýli. Byggt er á því að slík nýbýli sem reist hafi verið utan eignarlanda hafi ekki getað orðið eignarlönd nema með þau væri farið eftir ákvæðum tilskipunarinnar frá 1776. Þá er því haldið fram að menn hafi átölulaust getað reist nýbýli á heiðum og því hafi verið næsta fátítt að leitað væri eftir leyfi amtmanns heldur býlið reist. Flest hafi þessi heiðarbýli staðið stutt og eftir að landamerkjalög voru sett 1882 hafi stórjarðir innlimað eyðibýlin í landamerkjalýsingar sínar. Þá er byggt á því að afréttir, eins og þeir hafi verið skilgreindir fyrir gildistöku þjóðlendulaga 1998, hafi verið þjóðlendur þar sem tilteknum jörðum fylgdi réttur til afréttarnota. Því er því haldið fram að eldri heimildir um landamerki Hauksstaða en landamerkjabréfin frá 1922 skorti því til sönnunar að heiðarbýlið hafi verið byggt úr landi jarðarinnar. Gera verði kröfu til slíkrar sönnunar þar sem land býlisins sé í landi sem notað hafi verið sem afréttur og standi það hátt að þar hafi ekki reynst grundvöllur fyrir viðvarandi byggð. Ekki hafi komið fram afsal eða byggingarbréf varðandi það landsvæði sem um ræðir því til sönnunar að þar hafi nýbýli verið reist í landi háðu eignarrétti. Nýbýlið Arnarvatn hafi verið reist í afréttarlandi Hauksstaða án nýbýlaleyfis amtmanns. Öll rök séu þannig til að telja land Arnarvatns í þjóðlendu.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl 19 og 19(3), er því haldið fram að landsvæði það sem hér er til meðferðar sé og hafi verið undirorpið beinum eignarrétti allt frá landnámsöld. Telja verði röksemdir ríkisins þess efnis að landnám í Vopnafirði hafi almennt ekki náð til heiða og ekki til fjalla fráleitar enda séu þær ekki reistar á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Vísað er til dóma Mannréttindadómstóls Evrópu þar sem reynt hafi á skýringu hugtaksins eign. Þá er byggt á því að land innan landamerkja jarðar sé eignarland. Landamerkjalög 1882 hafi ekkert kveðið á um hvaða land eða hver landgæði fylgdu jörðum eða öðrum fasteignum enda hafi ekki verið um það deilt þar sem jarðeigandi hafi verið talinn eiga fullkominn eignarrétt innan landamerkja jarðar sinnar. Venjuréttur og hefðarsjónarmið leiði einnig til þess að allt land innan landamerkja jarða teljist eignarland.

Þá byggja gagnaðilar á réttmætum væntingum til eignarhalds innan merkja jarðarinnar vegna fyrri lögskipta við ríkisvaldið. Landamerkjum jarðarinnar og aðliggjandi jarða hafi verið þinglýst athugasemdalaust og hafi landamerkin verið viðurkennd af öllum, þ.m.t. hinu opinbera, um áratugaskeið. Hafi þau aldrei verið vefengd af ríkisvaldinu. Þá hafi skattar og önnur lögboðin gjöld alltaf verið greidd af öllu landinu. Um áraraðir hafi öll landgæði verið nýtt af eigendum og enginn getað nýtt jörðina án samþykkis þeirra. Venjur varðandi fjallskil geti ekki ráðið úrslitum þegar tekin sé afstaða til þess hvort jörðin sé öll beinum eignarrétti háð. Til stuðnings kröfunum er m.a vísað til jarðamats 1849, þar sem Desjarmýri er tilgreind með Hauksstöðum, og sölugernings frá 1872 þar sem Hauksstaðir voru seldir með hjáleigunum Hólum og Skálamó.

### 6.12.3. Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Arnarvatns er rakin í kafla 5.11. Þar kemur fram að Arnarvatni var skipt út úr landi jarðarinnar Hauksstaða á 19. öld og hét þá Skálamór og þar áður Desjarmýri. Samkvæmt sóknarlýsingu Hofs frá 1840 var Desjarmýri byggð úr landi Hauksstaða árið 1834. Samkvæmt fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–18 var heiðarbýlið Arnarvatn byggt út úr Hauksstöðum og síðan selt. Búið var á Arnarvatni nær samfellt til ársins 1935. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.[496] Lýsingar *Landnámabókar* benda fremur til þess að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé, a.m.k. að einhverju leyti, innan upphaflegs landnáms, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Arnarvatns er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, frá desember 1921 og þingl.15. júní 1923. Landsvæðið sem um ræðir var áður innan landamerkja Hauksstaða, sbr. landamerkjabréf Hauksstaða frá vorinu 1885 sem þinglýst var 14. júlí það ár. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Arnarvatni. Athugun þessi tekur til alls lands Arnarvatns eins og það er afmarkað í landamerkjabréfi en umrætt svæði er allt innan kröfulínu íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Arnarvatns verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins.

Í landamerkjabréfi Arnarvatns er landamerkjum Arnarvatns lýst svo: „Frá Vesturdalsá ræður Desjarmýrarlækur að upptökum, þaðan beina línu norðan við Hlíðarfell yfir Sandhæð að Selá. Síðan ræður Selá allt inn í Selárbotna, sem liggja austur úr Grímsstaðadal, og úr Selárbotnum yfir Grjóturðarkambinn, beina stefnu ofan í Skeljungskvos, þar sem Skeljungsá hefur upptök sín, og fellur hún milli Arnarvatns og Brúnahvammslanda og skiptir þeim eftir farveg árinnar alla leið út í Arnarvatn, svo eftir nefndu vatni í ós þann er úr því rennur og sem eru upptök að Vesturdalsá og þaðan til lands og vatns eins og áin ræður að þeim upphaflega nefndum

496 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Desjamýrarlæk. Svo er allt land innan þessara takmarka eign Arnarvatns.“ Bréfið er m.a. samþykkt vegna Hauksstaða, Möðrudals og fyrir hönd eigenda Grímsstaða á fjöllum og Víðidals. Þessi merki eru í samræmi við merki Hauksstaða samkvæmt landamerkjabréfi þeirrar jarðar frá vorinu 1885, sem þinglesið var 14. júlí sama ár, að því leyti sem þau liggja innan merkja Hauksstaða áður en Arnarvatni var skipt úr Hauksstöðum. Í yngra bréfi Hauksstaða, frá desember 1921 og þingl. 15. júní 1923, er svo lýst því landsvæði sem tilheyrir Hauksstöðum eftir að Arnarvatni var skipt út úr jörðinni. Merki Arnarvatns fá jafnframt samræmst merkjum Brunahvamms, sbr. landamerkjabréf þeirrar jarðar frá 7. júlí 1894 og þingl. tveimur dögum síðar. Þá eru merki Arnarvatns í samræmi við merki Grímsstaða en um þau er nánar fjallað í máli nr. 5 hjá óbyggðanefnd. Merki Arnarvatns til suðvesturs og suðurs liggja að afréttarlöndum Vopnafjarðarhrepps í Botnfjallgarði og Súlendum sem eru í syðri hluta Hauksstaðaheiðar en á þeim landsvæðum eru engar lögformlegar merkjalýsingar.

Svo sem rakið hefur verið var gert landamerkjabréf fyrir Hauksstaði í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882. Í kjölfar setningar nýrra landamerkjalaga 1919 var gert sérstakt landamerkjabréf fyrir Arnarvatn. Heimildir þær sem raktar eru í kafla 5.11 benda til að þá hafi verið búið að skipta Arnarvatni út úr landi Hauksstaða. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en landamerkjum sé rétt lýst í landamerkjabréfunum. Þau eru jafnan árituð af hálfu aðliggjandi jarða svo sem fyrr greinir þrátt fyrir að ekki hafi verið leitað samþykkis yfir sveitarfélagamörk varðandi eldra landamerkjabréf Hauksstaða, þinglesin, færð í landamerkjabók og á þeim byggt síðan um merki jarðarinnar að þessu leyti, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að þeir sem telja til eignarréttinda yfir Arnarvatni hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé rétt lýst í framangreindum heimildum.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um þýðingu landamerkjabréfa fyrir jarðir við mat á sönnun um eignarhald að landi vísast til þess sem rakið er í kafla 6.1.1.

Fram kemur í heimildum að Arnarvatn hafi verið byggt í landi Hauksstaða og líkt og áður er rakið rúmast lýsing landamerkjabréfs Arnarvatns innan fyrra landamerkjabréfs Hauksstaða sem gert var árið 1885. Verður til þess að líta að forsaga jarðanna er sú sama en fyrir Hauksstöðum eru heimildir frá því á 14. öld, líkt og nánar er rakið í kafla 5.11. Verður þetta talið renna frekari stoðum undir sönnunargildi landamerkjabréfs Arnarvatns. Þá hefur ekkert komið fram sem fer í bága við landamerkjabréf fyrir landið eða veikir það sem sönnunargagn um eignarhaldið.

Ekki eru heimildir um annað en jörðin Arnarvatn hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma bæði meðan landsvæðið taldist til Hauksstaða og allt til ársins 1935. Innan þeirra marka sem hér er byggt á um

landamerki Arnarvatns hafa eigendur jarðarinnar í gegnum tíðina farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt.

Ekki verður annað séð en þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þá eru engar heimildir um að land innan merkja Hauksstaða hafi haft mismunandi eignarréttarlega stöðu áður en Arnarvatni var skipt þaðan út. Þá ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Vopnafirði, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 36. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Arnarvatns sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[497]

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Arnarvatns, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.13. „Afréttur Vopnafjarðarhrepps "

### 6.13.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem gert er tilkall til sem afréttar Vopnafjarðarhrepps samkvæmt kröfulýsingu sveitarfélagsins. Um er að ræða tvö landfræðilega aðskilin svæði en á milli þeirra liggur jörðin Arnarvatn. Þá verður jafnframt fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem gerð hefur verið krafa til sem eignarlands Brunahvamms en ágreiningur er milli eigenda Brunahvamms og íslenska ríkisins um hvernig vesturmörk jarðarinnar séu dregin gagnvart fyrstnefndu kröfusvæði Vopnafjarðarhrepps. Um eignarréttarlega stöðu Brunahvamms er ekki ágreiningur.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá hornmarki Hauksstaða og Arnarvatns (punktur 6) en síðan er línan dregin milli Hauksstaðalands og Arnarvatnslands allt að Skeljungsá (7). Þá fer línan að Hölkná (punktur 8) og eftir Hölkná þar til áin fellur í Hofsá (9). Miðað við þessa afmörkun er gerð þjóðlendukrafa til beggja landsvæðanna. Gagnaðilar eru Vopnafjarðarhreppur og þinglýstir eigendur Brunahvamms. Af hálfu Vopnafjarðarhrepps hefur verið lýst kröfu um að landsvæðið sem afmarkað er á korti sé afréttur þeirra og eigendur Brunahvamms um beinan

---

[497] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

eignarrétt að austasta hluta þessa landsvæðis. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.12. og 3.14.

Að því landsvæði sem liggur lengra til vesturs, og kennt verður hér eftir við Botnfjallgarð og nær yfir stærstan hluta svæðisins, er ágreiningssvæði í máli nr. 5 til vesturs og norðurs, jörðin Arnarvatn til austurs og ágreiningssvæði í máli nr. 2 til suðurs. Að hinu landsvæðinu, sem nær yfir hluta af kröfusvæði Brunahvamms en að öðru leyti yfir kröfusvæði vegna afréttar Vopnafjarðarhrepps og einkennist af fjallinu Súlendur, er jörðin Arnarvatn til vesturs og norðurs, Brunahvammur til vesturs og ágreiningssvæði í máli nr. 2 til suðurs. Botnafjallgarður liggur í yfir 500 m yfir sjávarmáli og nær hæst í 779 m hæð. Um 62% lands Botnafjallgarðs flokkast sem ógróið og 25,2% flokkast sem hálfgróið. Landsvæðið vestan undir Súlendum (798 m) liggur í yfir 600 m yfir sjávarmáli. Súlendur eru allhátt fjall og sums staðar hömrum girt. Súlendur eru ógrónar til hálfgrónar.

### 6.13.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 2 og 1(7) a-b, er á því byggt að grundvöllurinn að beinum eignarrétti að landi hérlendis hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalaus svæði orðið fleiri með tímanum. Þetta er talið helst ráðið af lögtöku nýbýlatilskipunar konungs 1776 sem hafi verið lögtekin svo að til væru úrræði til að gera eigendalaus svæði að eignarlöndum og efla þar með byggð. Heimilt hafi verið að reisa býli utan eignarlanda fjarri byggð og séu líkindi fyrir því að slík nýbýli hafi verið reist á almenningslandi ef ekki hafi verið gerður sérstakur kaupsamningur eða byggingarbréf við einhvern jarðeiganda eða heimildir til um að nýbýlið teldist hjáleiga eða afbýli. Öll heiðin milli Jökuldals og Vopnafjarðar virðist samkvæmt þessu hafa verið almenningur en á umræddu landsvæði hafi aldrei verið stofnað til nýbýlis né búið. Þetta bendi til að landsvæðið sé þjóðlenda.

Af hálfu gagnaðila, Vopnafjarðarhrepps, sbr. skjöl nr. 13(1) og 33, er byggt á almennri venju þess efnis að afréttarlönd er ekki tilheyri neinni sérstakri jörð séu afréttareign viðkomandi sveitarfélags. Þá er byggt á hefð en eigendur hafi farið með öll hefðbundin afnot, s.s. beit, veiði og nýtingu auðlinda í jörðu sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar og hafi öll nýting verið háð leyfi sveitarfélagsins. Vísað er til fyrri úrskurða óbyggðanefndar þess efnis að landsvæði sem talið hafi verið afréttur samkvæmt elstu heimildum sé afréttareign viðkomandi sveitarfélags. Sérstaklega er vísað til jafnræðisreglu stjórnsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna.

Af hálfu gagnaðila, eigenda Brunahvamms, sbr. skjöl nr. 19(3) og 21, er byggt á þinglýstum landamerkjabréfum og öðrum skráðum eignarheimildum sem þeir hafi fyrir þessari eign sinni, afsölum og fasteignamötum. Fullur hefðartími sé einnig liðinn frá því að framangreindum landamerkjagjörðum hafi verið þinglýst. Öll afnot og

nytjar landsins séu háðar leyfi landeigenda enda enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess. Samkvæmt fyrrnefndum heimildum hafi gagnaðilar óskoraðan eignarrétt fyrir landinu m.a. á grundvelli hefðar. Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Hafi öllum heimildaskjölum gagnaðila verið þinglýst athugasemdalaust. Þá er vísað sérstaklega til jafnræðisreglu stjórnsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna.

### 6.13.3. Niðurstaða

Í kafla 5.27. eru raktar heimildir um afréttarnot á þeim svæðum sem fjallað er um í máli þessu, þ. á m. á Hauksstaðaheiði. Kröfulýsing Vopnafjarðarhrepps nær til syðri hluta heiðarinnar og hér verður tekin afstaða til hennar. Að því er varðar Brunahvamm vísast til kafla 5.12. þar sem rakin er saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Brunahvamms. Þar kemur fram að Brunahvamms er getið í heimildum frá því á 19. öld og var skipt út úr jörðinni Bustarfelli.[498] Svo sem áður sagði greinir aðila ekki á um að jörðin Brunahvammur sé eignarland.

Engar heimildir finnast um nákvæma afmörkun á þessum landsvæðum né að þau hafi haft sérstakt heiti. Þannig voru hvorki gerð landamerkjabréf fyrir landsvæðin í kjölfar setningar landamerkjalaga frá árinu 1882 né árinu 1919. Í kröfulýsingu er Botnfjallgarður afmarkaður af kröfusvæði í máli nr. 5 hjá óbyggðanefnd til norðurs og vesturs. Suðurmörkin afmarkast af kröfusvæði í máli nr. 2 hjá óbyggðanefnd og austurmörkin af jörðinni Arnarvatni eins og henni er lýst í landamerkjabréfi frá árinu 1921. Landsvæðið í kringum Súlendur afmarkast af kröfusvæði í máli nr. 2 til suðurs og suðvesturs og af jörðinni Arnvarvatni til norðurs og norðvesturs eins og henni er lýst í landamerkjabréfi frá árinu 1921. Til austurs afmarkast landsvæðið í samræmi við merkjalýsingu Brunahvamms sem fram kemur í landamerkjabréfi jarðarinnar frá árinu 1894. Vegna þess að landsvæðin eru landfræðilega aðskilin verður til hagræðingar fyrst fjallað um mörk Botnafjallgarðs og landsvæði kringum hann en síðan um svæðið við Súlendur og þá sérstaklega vikið að mörkum gagnvart Brunahvammi. Að því loknu verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsvæðanna.

Verður þá litið til vestur- og norðurmerkja Botnafjallgarðs og landsvæðis umhverfis hann sem afmörkuð eru í landamerkjabréfi Grímsstaða sem er ódags. en þingl. 31. maí 1886. Samkvæmt því eru merki til austurs og norðurs frá Svartfelli á Dimmafjallgarðsvegi, þaðan að Dimmagili en svo að þeim stað þar sem Hrútá fellur í Selá. Sjá nánari umfjöllun um Grímsstaði í máli nr. 5/2005 hjá óbyggðanefnd.

---

[498] Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Austurmörk landsvæðisins eru gagnvart jörðinni Arnarvatni. Samkvæmt landamerkjabréfi Arnarvatns frá desember árið 1921 og þingl. 15. júní 1923, eru mörk til norðvesturs og vesturs með Selá inn í Selárbotna.

Merki landsvæðisins til suðurs fara úr Selárbotnum og með hreppmörkum Vopnafjarðar- og fyrrum Jökuldalshrepps út að merkjum Grímsstaða. Um aðliggjandi landsvæði er fjallað í umfjöllun um Möðrudal í máli nr. 2/2005 hjá óbyggðanefnd.

Þá verður litið til landsvæðis í kringum fjallið Súlendur. Mörk landsvæðisins til vesturs og norðvesturs eru miðuð við landamerkjabréf Arnarvatns. Samkvæmt landamerkjabréfi þeirrar jarðar frá desember árið 1921 og þingl. 15. júní 1923, eru merki til suðausturs úr Selárbotnum yfir Grjóturðarkambinn beina stefnu ofan í Skeljungskvos. Nánari umfjöllun um merki Arnarvatns er að finna í kafla 6.12. hér að framan.

Til austurs eru merki landsvæðisins gagnvart Brunahvammi. Af hálfu ríkisins er viðurkennt að jörðin Brunahvammur sé eignarland en um mörk hennar gagnvart umræddu landsvæði er ágreiningur. Þarfnast þau því nánari athugunar. Samkvæmt landamerkjabréfi Brunahvamms frá 7. júlí 1894 og þingl. tveimur dögum síðar, eru merki til austurs miðuð við Skeljungsá inn í Skeljungskvos og í Súlendur „aptur þaðan og í læk þann, sem kemur ofan framan við ofannefnt fjall og í efsta bug á Hólkná á Möðrudalsveginum“. Íslenska ríkið dregur þjóðlendulínu úr Skeljungsá í Skeljungskvos og beina línu til suðurs í hæsta punkt í Súlendum og síðan í læk sem rennur úr fjallinu. Eigendur Brunahvamms afmarka jörðina þannig að í stað þess að fara beina línu úr Skeljungsánni er farið í boga yfir Súlendur og í læk sem rennur úr fjallinu. Með þessu ná vesturmörk jarðarinnar lengra til vesturs en samkvæmt kröfulínu íslenska ríkisins. Ekki er skýrt í landamerkjabréfi Brunahvamms hvert sé nákvæmlega farið í fjallið Súlendur en um önnur kennileiti er ekki ágreiningur. Óbyggðanefnd telur að úr Skeljungsá skuli farið í hæsta punkt (798 m) í fjallinu Súlendur og þaðan í læk þann sem rennur úr Súlendum í Hölkná.

Mörk landsvæðisins til suðurs og suðvesturs eru gagnvart landsvæði sem ábúendur Möðrudals hafa gert tilkall til og miðast við hreppamörk Vopnafjarðar- og fyrrum Jökuldalshrepps. Þau eru miðuð við ós lækjar úr Súlendum í Hölkná og þaðan beina línu í norðvestur í Selárbotna. Nánar er fjallað um þetta aðliggjandi landsvæði í máli nr. 2/2005.

Svo sem hér hefur verið rakið var hvorki gert landamerkjabréf fyrir landsvæðin í kjölfar gildistöku landamerkjalaga frá 1882 né gildandi laga frá árinu 1919. Þannig liggur ekki fyrir lögformleg lýsing á heildarmerkjum landsvæðanna. Þau eru afmörkuð af landamerkjalýsingum aðliggjandi jarða og landsvæða auk hreppamarka. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en merkjum sé rétt lýst hér að framan og þau séu ágreiningslaus.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan þeirra merkja svo sem þau hafa verið skilgreind hér að framan. Líkt og áður er rakið gerir

sveitarfélagið ekki kröfu um beinan eignarrétt að landsvæðunum, einungis að viðurkennt verði að landsvæðið sé afréttur. Eins og venja er í þessum málum verður kröfugerðin skilin þannig að þessi krafa sé höfð uppi vegna jarða í sveitarfélaginu. Ekki fæst séð að sú krafa sæti sérstökum andmælum af hálfu íslenska ríkisins. Kemur því til skoðunar hvernig landsvæðin hafa verið nýtt af jörðum í hreppnum.

Umrædd landsvæði eru hluti svokallaðrar Hauksstaðaheiðar. Þegar hennar er getið í skriflegum heimildum er það tengt upprekstri og afréttarnotum. Af fjallskilareglugerð verður ekkert ráðið um hagnýtingu svæðisins. Í greinargerð um staðhætti og náttúrufar í Vopnafjarðarhreppi eftir Hjörleif Guttormsson náttúrufræðing segir frá Hauksstaðaheiði í umfjöllun um afréttarlönd Vopnfirðinga. Þar segir: „Hún er vestur af Fossdal, markast af Hofsá að sunnan og Dimmafjallgarði og Haugsfjöllum að vestan. Nær er Botnafjallgarður og Hrútafjöll og afréttarmörk við Ytri-Hrútá og ármót við Selá.“ Svipaða lýsingu á heiðinni er að finna í ritinu *Göngur og réttir* V. Þar segir jafnframt að miðhluta Hauksstaðaheiðar megi kalla daladrög Vesturárdals, Arnarvatnslands og Möðrudalskvos fyrir norðan Brunahvammsháls og inn í Selárbotna vestan undir Súlendum og upp að Dimmafjallgarði. Í ritinu *Sveitir og jarðir í Múlaþingi*, I. bindi segir um umrætt landsvæði: „Hauksstaðaheiði heitir spildan milli Vesturdalsár og Selár utan frá Rjúpnafelli og sv. á hreppmörk í Selárbotnum og Súlendum.“ Af lýsingum á landsvæðinu verður ráðið að umrædd fjöll „rammi af Hauksstaðaheiðina til suðvesturs og séu smöluð með henni“.

Af framangreindu verður ráðið að búfjáreigendur í Vopnafjarðarhreppi hafi haft af landsvæðinu hefðbundin afréttarnot, undir umsjón hreppsins, á sama hátt og gildir um samnotaafrétti almennt.[499] Ekki verður annað séð en leitarfyrirkomulag hafi verið ágreinings- og athugasemdalaust.

Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið fjallað um eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitarsvæði taka þó breytingum auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði [...] sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998. Engin gögn liggja fyrir um að landsvæði þetta hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að það landsvæði sem hér hefur verið fjallað um, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998, og er fallist á kröfu íslenska ríkisins þess efnis:[500]

> *Úr Selárbotnum er farið yfir Grjóturðarkambinn beina stefnu ofan í Skeljungskvos þar sem Skeljungsá hefur upptök sín. Þaðan er farið beina línu í hæsta punkt í Súlendum og síðan í læk þann sem kemur ofan framan við Súlendur og í efsta bug á Hölkná. Þá er farið með*

[499] Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).
[500] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

*Hölkná að sveitarfélagamörkum og þeim fylgt til norðvesturs aftur í Selárbotna. Þaðan er svo farið í Selá og henni fylgt þar til Fremri-Hrútá fellur í hana en þá er farið vestur Dimmagil og í Svartfell sem er á sveitarfélagamörkum. Loks er sveitarfélagamörkum fylgt til austurs í Selárbotna.*

Sama landsvæði er afréttur jarða í Vopnafjarðarhreppi í skilningi 1. gr. og b-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998.

## 6.14. Fagrakinn og Gestreiðarstaðir

### 6.14.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands Fögrukinnar (Kinnar) og Gestreiðarstaða.

Kröfulína íslenska ríkisins er dregin með landamerkjum Brunahvamms að Hölkná og eftir Hölkná þar til hún fellur í Hofsá. Á móti hafa gagnaðilar, þinglýstir eigendur Brunahvamms og Bustarfells II, lýst kröfu um beinan eignarrétt að sama landsvæði. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. auk kafla 3.1. úrskurðar í máli 2/2005 hjá óbyggðanefnd, og kröfum gagnaðila í kafla 3.13.

Að kröfusvæði Fögrukinnar liggur Brunahvammur að norðan, Melar að austan og Gestreiðarstaðir að sunnan. Til vesturs er Möðrudalur á Hólsfjöllum, sbr. mál nr. 2/2005 hjá óbyggðanefnd. Að kröfusvæði Gestreiðarstaða liggur Fagrakinn til norðurs, norðan Hofsár, en til vesturs og austurs eru landsvæði sem fjallað er um í máli nr. 2/2005 hjá óbyggðanefnd. Það eru nánar tiltekið Möðrudalur og Háreksstaðir, auk Arnórsstaða til suðurs. Landsvæðið sem um ræðir hefur leguna norður-suður og liggur í um 500 m hæð yfir sjávarmáli. Austan til rennur Gestreiðarstaðakvísl til norðurs í Hofsá. Svæðið er lítt gróið og er þar helst mosi og mólendi. Frá 615 m hæðarpunkti í Eyktarnípu í ós Hölknár í Hofsá eru um 15,5 km, mælt í beinni loftlínu.

### 6.14.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(6), er byggt á því að grundvöllurinn að beinum eignarrétti að landi hérlendis hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalaus svæði með tímanum orðið fleiri. Þetta verði helst ráðið af lögtöku nýbýlatilskipunar konungs 1776 sem beinlínis hafi verið lögtekin svo að til væru úrræði til að gera eigendalaus svæði að eignarlöndum og efla þar með byggð. Því er haldið fram að af landnámslýsingum megi ráða að land hafi ekki verið numið til heiða og fjalla í

Vopnafirði, nema austast þar sem eru Böðvarsdalur og Fagridalur. Þá er byggt á því af hálfu ríkisins að afréttir, eins og þeir hafi verið skilgreindir fyrir gildistöku þjóðlendulaga 1998, hafi verið þjóðlendur þar sem tilteknum jörðum fylgdi réttur til afréttarnota. Heimilt hafi verið að reisa býli utan eignarlanda fjarri byggð á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar og líkindi séu á því að slík nýbýli hafi verið reist á almenningslandi ef ekki var gerður sérstakur kaupsamningur eða byggingarbréf við einhvern jarðeiganda eða heimildir til um að nýbýlið teldist hjáleiga eða afbýli. Slík nýbýli, sem reist hafi verið utan eignarlanda, hafi ekki getað orðið eignarlönd nema með þau væri farið eftir ákvæðum tilskipunarinnar frá 1776. Þá er því haldið fram að menn hafi átölulaust getað reist nýbýli á heiðum og því hafi verið næsta fátítt að leitað væri eftir leyfi amtmanns heldur býlið reist. Flest hafi þessi heiðarbýli staðið stutt og eftir að landamerkjalög voru sett 1882 hafi stórjarðir innlimað eyðibýlin í landamerkjalýsingar sínar.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl 21 og 19(3), er því haldið fram að af lýsingum *Landnámu* megi ráða að allt land í Vopnafjarðarhéraði hafi verið numið og undirorpið beinum eignarrétti síðan. Gróðurfar, nýting og búseta bendi einnig til að land þetta hafi allt verið numið í öndverðu enda landið forsenda búsetu og byggðar á þessu svæði. Þá er á því byggt að land innan landamerkja jarðar sé eignarland. Landamerkjalög 1882 hafi ekkert kveðið á um hvaða land eða hver landgæði fylgdu jörðum eða öðrum fasteignum enda hafi ekki verið um það deilt þar sem jarðeigandi hafi verið talinn eiga fullkominn eignarrétt innan landamerkja jarðar sinnar. Venjuréttur og hefðarsjónarmið leiði einnig til þess að allt land innan landamerkja jarða teljist eignarland.

Þá telja gagnaðilar sig hafa réttmætar væntingar til eignarhalds innan merkja jarðarinnar vegna fyrri lögskipta við ríkisvaldið. Landamerkjum jarðarinnar og aðliggjandi jarða hafi verið þinglýst athugasemdalaust og hafi landamerkin verið viðurkennd af öllum, þ.m.t. hinu opinbera, um áratugaskeið. Hafi þau aldrei verið vefengd af ríkisvaldinu. Þá hafi skattar og önnur lögboðin gjöld alltaf verið greidd af öllu landinu. Um áraraðir hafi öll landgæði verið nýtt af eigendum og enginn getað nýtt jörðina án samþykkis þeirra. Venjur varðandi fjallskil geti ekki ráðið úrslitum þegar tekin sé afstaða til þess hvort jörðin sé öll beinum eignarrétti háð. Í ljósi þeirra gjörninga sem liggi fyrir um ráðstöfun landsins hafi gagnaðilar nægar heimildir fyrir eignartilkalli sínu. Það sé því ríkisins að hrekja þá staðhæfingu að landsvæðið sé fullkomin eign þeirra. Vísað er til fyrri úrskurða óbyggðanefndar um að landsvæði sem talið hafi verið jörð eða hluti jarðar samkvæmt elstu heimildum sé háð beinum eignarrétti, fari landamerkjalýsing ekki í bága við þær eldri heimildir. Byggt er á úrlausnum Mannréttindadómstóls Evrópu um réttmætar væntingar. Þessar væntingar styðjist meðal annars við framkomu ríkisins gagnvart þeim með athöfnum og athafnaleysi. Einnig séu skilyrði hefðar uppfyllt. Að auki er byggt á dómi aukaréttar Norður-Múlasýslu frá 1892. Hluti þess lands sem þá hafi verið dæmt Bustarfelli hafi

svo verið selt til Skjöldólfsstaða án athugasemda af hálfu yfirvalda. Vísað er sérstaklega til jafnræðisreglu stjórnsýslulaga og stjórnarskrár og bent á að ekki verði gerð ríkari sönnunarkrafa á hendur eigendum Fögrukinnar og Gestreiðarstaða en til annarra landeigenda í landinu. Eignarréttur innan merkja jarðarinnar Möðrudals á Fjöllum sé viðurkenndur og því sé vandséð hvernig hægt sé að telja land Fögrukinnar og Gestreiðarstaða þjóðlendu. Hér sé um sambærilegt land að ræða þar sem sambærileg gögn búi að baki.

### 6.14.3. Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Gestreiðarstaða og Fögrukinnar er rakin í kafla 5.12. Þar kemur fram að Gestreiðarstaða er fyrst getið í skýrslu Einars Stefánssonar, prests á Hofi, um jarðir í Vopnafirði frá 1795. Þar kemur fram að Gestreiðarstaðir séu hjáleiga sem sé í eyði. Heimildir greina frá því að Gestreiðarstaðir hafi byggst árið 1844 og þar hafi verið búið með hléum til ársins 1897. Af heimildum má ráða að Fagrakinn hafi verið komin í byggð árið 1849 og þar hafi verið búið nær samfellt til ársins 1886, er býlið fór í eyði. Svo sem rakið er í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámabók* hversu langt inn til fjalla landnám á þessu svæði náði. Af því verða engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um hvort í öndverðu hafi verið stofnað til beins eignarréttar á þessu svæði með námi.

Kemur þá til skoðunar hvernig afmörkun Fögrukinnar og Gestreiðarstaða er lýst í fyrirliggjandi heimildum, sbr. kafla 5.12. Jafnframt verður leitast við að varpa ljósi á það hvort um er að ræða landsvæði sem hefur verið innan landamerkja jarða.[501] Í því skyni að varpa ljósi á framangreind atriði er óhjákvæmilegt að líta til afmörkunar aðliggjandi jarða, einkum Möðrudals, í fyrirliggjandi heimilum þar sem umræddar heimildir hafa ekki að geyma heildstæðar lýsingar á afmörkun Gestreiðarstaða og Fögrukinnar. Að fenginni niðurstöðu um þessi atriði verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins.

Ekki eru til landamerkjabréf fyrir Fögrukinn og Gestreiðarstaði en þau landsvæði sem hér um ræðir voru dæmd eignarland Bustarfells í dómi aukaréttar Norður-Múlasýslu í landamerkjamáli gagnvart Möðrudal, uppkveðnum 13. september 1892. Í dómnum 1892 var landamerkjum milli Bustarfells og Möðrudals lýst svo: „Sjónhending úr ós lækjar þess, er fellur í Hólkná undan Súlendum á Möðrudalsvegi, yfir austanvert Stóralækjarvatn í Eyktargnýpu, er stendur fremst og syðst á Öxlum þeim, er liggja inn og vestur frá Gestreiðarstöðum.“ Eigandi Bustarfells afsalaði 1894 þeim hluta landsins sem er austan Gestreiðarstaðakvíslar. Dómurinn var lesinn upp á manntalsþingi 9. júlí 1894. Þrátt fyrir dóminn er umrætt landsvæði ekki tilgreint innan merkja Bustarfells í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 7. júlí 1894 sem þinglesið var tveimur dögum síðar, eða sama dag og dómurinn var lesinn upp á manntalsþingi.

[501] Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Landsvæðunum er heldur ekki lýst innan merkja Brunahvamms í landamerkjabréfi þeirrar jarðar sem einnig var útbúið 7. júlí 1894 og þinglesið tveimur dögum síðar.

Í máldaga Möðrudalskirkju frá árinu 1493 er mörkum Möðrudals og Bustarfells að hluta lýst svo að tekin sé sjónhending í Eyktarnípu úr læk þeim sem fellur úr Hölkná. Þar kemur og fram að lönd Möðrudals og Bustarfells liggi saman. Í landamerkjalýsingum Bustarfells frá 1532 og 1660 eru þau landsvæði sem nú er gerð eignarréttarkrafa um vegna Fögrukinnar og Gestreiðarstaða hins vegar ekki talin með innan landamerkja jarðarinnar en fyrri landamerkjalýsingin var gerð vegna sölu hluta úr Bustarfelli, sú síðari vegna eignarskipta á jörðinni. Í vísitasíum fyrir Möðrudal frá árunum 1648, 1677 og 1706 kemur hið sama fram og í fyrrnefndum máldaga, það er að sjónhending sé tekin í Eyktarnípu úr læk þeim sem fellur úr Hölkná. Vísitasíur 1779 og 1850, svo og lögfesta fyrir Möðrudal frá 1844, lýsa merkjunum á sama hátt hvað þetta varðar. Í skýrslu Hofsprests frá árinu 1795 er minnst á hjáleiguna Gestreiðarstaði innan Hofssóknar og að hún sé í eyði. Í lögfestu fyrir Möðrudal 1844 er vísað í áðurnefndan máldaga frá 1493 og sjónhending tekin í Eyktarnípu úr læk þeim sem fellur í Hölkná. Í óstaðfestri „afskrift" af gerningi frá Egidíusarmessu árið 1408 sem Sigurður í Möðrudal lagði fram vegna landamerkjadeilu við Hof sem kviknaði um miðja 19. öld kemur fram að mörkin milli Möðrudals og Hofslanda liggi í læk þann er fellur í krókunum í Hölkná til Hofsár og sjónhending í Eyktarnípu. Í landamerkjabréfi Möðrudals, sem dagsett er 20. mars 1884 og lagt var fram á þingi sem haldið var árið 1885 vegna landamerkjaágreinings, eru hjáleigurnar Gestreiðarstaðir og Fagrakinn taldar með Möðrudal og merkjunum lýst svo: „[...] að norðanverðu ræður merkjum austan við Fjallgarða, lækur sá sem rennur undan „Súlendum" ofan í krókinn á „Hólkná", svo ræður áin þar til hún rennur í „Hofsá". Að austan verðu ræður, fyrst Hofsá suður að „Háreksstaðakvísl", þá „Þrívörður" á hálsinum milli Háreksstaða og Gestreiðarstaða, og síðan Þrí varðna háls, svo í mitt „Sænautavatn." Svo virðist sem þau landsvæði sem hér er gerð eignarréttarkrafa um vegna Fögrukinnar og Gestreiðarstaða séu þannig að öllu leyti innan lýstra merkja Möðrudals samkvæmt landamerkjabréfinu. Bréfið er hins vegar einungis undirritað af eiganda Möðrudals en ekki af eigendum aðliggjandi jarða.

Í bréfi Péturs Havsteen sýslumanns til Gríms Jónssonar amtmanns frá árinu 1849 kemur fram að Gestreiðarstaðir og Fagrakinn séu reist í ómótmælanlegri landareign áður byggðra jarða og ábúendur þeirra greiði árlegt eftirgjald til eigenda þeirra eins og rakið er m.a. í kafla 5.14., um Mela. Hið sama kemur fram í svari amtmanns til sýslumanns sama ár. Í jarðamati 1849 kemur fram að Möðrudalur hafi afbýlin Gestreiðarstaði og Fögrukinn og í *Nýrri jarðabók* 1861 eru Fagrakinn og Gestreiðarstaðir einnig talin afbýli frá Möðrudal. Á þingi vegna Háreksstaðamáls árið 1856 var lagður fram vitnisburður frá árinu 1532 þar sem eigandi Möðrudals staðhæfði að lönd Möðrudals og Skjöldólfsstaða lægju saman en eins og rakið er í máli nr. 2/2005 eru til heimildir um að nýbýlinu Háreksstöðum hafi verið skipt út úr

landi Skjöldólfsstaða á 19. öld. Þá var fyrir aukarétti að Ketilsstöðum á Völlum árið 1856 m.a. borið vitni um að landamerki Skjöldólfsstaða, Arnórsstaða, Möðrudals, Hofskirkju (Steinvarartunga) og Hjarðarhaga ættu að liggja saman

Í kjölfar setningar nýrra landamerkjalaga 1919 var gert nýtt landamerkjabréf fyrir Möðrudal. Bréfið er ódagsett en var þinglesið 25. júlí 1923. Þar er merkjunum lýst „Úr Eyktagnýpu í gróf þá er fellur í Hólkná, framanvert við Súlendur, þaðan beint vestur á Þjóðfell.“ Undir bréfið skrifuðu m.a. þáverandi ætlaðir eigendur Gestreiðarstaða og Fögrukinnar. Samkvæmt lýsingu þessa síðara landamerkjabréfs Möðrudals er landsvæði það sem nú er gerð eignarréttarkrafa um vegna Fögrukinnar og Gestreiðarstaða ekki lengur innan landamerkjalýsingar Möðrudals nema að litlu leyti þar sem kröfulínan er dregin vestar en umrædd lýsing gefur til kynna og til samræmis við niðurstöðu aukaréttar Norður-Múlasýslu 1892 í landamerkjamálinu milli Möðrudals og Bustarfells. Tilvitnaðar heimildir um merki Möðrudals á Fjöllum eru nánar raktar í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2005.

Þær heimildir sem raktar hafa verið eru að nokkru leyti misvísandi um það hvaða jörðum það landsvæði sem hér er deilt um hefur tilheyrt í gegnum tíðina. Heimildirnar tilgreina Gestreiðarstaði og Fögrukinn ýmist með Möðrudal eða Bustarfelli. Þá bera deilurnar milli eigenda Bustarfells og Möðrudals sem lauk með dómi aukaréttar Norður-Múlasýslu árið 1892 því vitni að ágreiningur var um eignarhald landsvæðisins. Þrátt fyrir þessa óvissu virðist ávallt hafa verið óumdeilt að landsvæðin hafi verið innan merkja jarða. Það verður einnig afdráttarlaust ráðið af heimildum og er niðurstaða óbyggðanefndar sú að svo hafi verið.

Í landamerkjabréfi fyrir Skjöldólfsstaði og Háreksstaði frá 24. október 1921, sem þinglýst var 27. júlí 1922, er ekki að finna nákvæma lýsingu á vesturmerkjum þeirra jarða gagnvart Gestreiðarstöðum. Efni bréfsins, svo og aðrar heimildir um landamerki Skjöldólfsstaða og Háreksstaða eru raktar í máli nr. 2/2005 hjá óbyggðanefnd.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Ekki er gerð krafa um það af hálfu ríkisins að landsvæðið vestan kröfusvæða Gestreiðarstaða og Kinnar sé þjóðlenda en þar er um að ræða kröfusvæði Möðrudals á Fjöllum. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu í máli 2/2005 að landsvæði þau er liggja að Gestreiðarstöðum til austurs og suðurs séu eignarlönd, sbr. umfjöllun þar um Arnórsstaði og Háreksstaði. Um landsvæðin norðaustan kröfusvæðis Fögrukinnar er hins vegar fjallað í kafla 6.15 um Steinvarartungu og Mela í máli þessu. Þá er ekki vefengt af hálfu ríkisins að land Brunahvamms sem liggur að Kinn til norðurs sé háð beinum eignarrétti. Það landsvæði sem hér er til umfjöllunar er þannig umlukið eignarlöndum á flesta vegu. Tillit til þess styður þá niðurstöðu að landsvæði Gestreiðarstaða og Fögrukinnar hafi sömu eignarréttarlegu stöðu.

Þá ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Vopnafirði, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 36, og rennir sú staðreynd stoðum undir að landsvæðið hafi verið numið í upphafi. Ekki eru heimildir um annað en löndin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma með sama hætti og aðliggjandi landsvæði. Innan þeirra merkja sem hér er byggt á um landamerki Gestreiðarstaða og Fögrukinnar virðist sem eigendur hafi í gegnum tíðina farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt og ekki verður gerð frekari krafa um sönnun þess. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu. Þegar þessi aðstaða er virt í heild sinni standa ekki rök til annars en niðurstaðan verði sú sama að því er varðar Gestreiðarstaði og Kinn og land aðliggjandi jarða.

Ekki verður annað séð en ágreiningslaust hafi verið að landsvæðin hafi verið háð beinum einkaeignarrétti þótt langvinnar deilur hafi áður staðið um landamerkin eins og að framan er rakið. Engar heimildir eru um að land á svæðinu hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan kröfusvæða Gestreiðarstaða og Kinnar sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[502]

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Gestreiðarstaða og Kinnar, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.15. Steinvarartunga og Melar

### 6.15.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands Steinvarartungu og Mela. Um þann hluta Mela, skv. afmörkun í áreiðar- og skoðunargjörð frá 22. ágúst 1857, sem liggur innan merkja Skjöldólfsstaða í Jökuldal er fjallað í máli nr. 2/2005 hjá óbyggðanefnd.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína úr þeim punkti þar sem Hölkná fellur í Hofsá (9), eftir farvegi Hofsár niður meðfram Steinvarartungu og allt þar til Tunguá fellur í Hofsá (10), svo er farið upp Tunguá allt þar til Pyttá rennur í hana (11). Samkvæmt þessari kröfugerð falla Steinvarartunga og Melur að öllu leyti innan þjóðlendu. Á móti hefur Prestssetrasjóður lýst kröfu um beinan eignarrétt að sama

[502] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

landsvæði innan nánar tilgreindra merkja. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.15.

Að Steinvarartungu liggja til norðvesturs og norðurs Brunahvammur, Kálffell, Foss og Bustarfell. Til austurs eru Einarsstaðir og til suðurs er Melur að vestanverðu og ágreiningssvæði í máli nr. 2/2005 hjá óbyggðanefnd að austanverðu, þ. á m. kröfusvæði vegna Háreksstaða. Síðastnefnda svæðið liggur einnig sunnan við Mela en vestan við Mela, sunnan Brunahvamms, eru Gestreiðarstaðir og Kinn.

Steinvarartunga og Melur liggja syðst í Vopnafjarðarhreppi og eru hluti Tunguheiðar, í 200–560 m hæð yfir sjávarmáli. Nyrst á tungunni liggur fjallið Tungukollur (475 m), þar inn af er Fríðufell (561 m) og síðan Bruni (526 m). Á milli Bruna og Fríðufells er Sauðárdalur og um hann rennur Sauðá til norðurs í Hofsá. Steinvarartunga er nokkuð gróin og er þar einkum mólendi og votlendi. Frá ármótum Hofsár og Tunguár við norðurenda Steinvarartungu í ós Geldingalækjar í Geldingavatni eru u.þ.b. 12 km, mælt í beinni loftlínu.

### 6.15.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(6), er byggt á því að grundvöllurinn að beinum eignarrétti að landi hérlendis hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalaus svæði orðið fleiri með tímanum. Þetta verði helst ráðið af lögtöku nýbýlatilskipunar konungs 1776 sem beinlínis hafi verið lögtekin svo að til væru úrræði til að gera eigendalaus svæði að eignarlöndum og efla þar með byggð. Því er haldið fram að af landnámslýsingum megi ráða að land hafi ekki verið numið til heiða og fjalla í Vopnafirði nema austast þar sem eru Böðvarsdalur og Fagridalur. Þá er byggt á því af hálfu ríkisins að afréttir, samkvæmt skilgreiningu þeirra fyrir gildistöku þjóðlendulaga 1998, hafi verið þjóðlendur þar sem tilteknum jörðum fylgdi réttur til afréttarnota. Þá er því haldið fram að þar sem í skriflegum heimildum sé sagt að land utan byggðar sé eign einhvers aðila sé allt eins átt við afréttareign. Byggt er á því að Steinvarartunga sé ekki hluti af Hofsjörðinni og ekki vitað til að þar hafi verið jörð.

Að því er varðar Mela sérstaklega er af hálfu íslenska ríkisins vísað til niðurstöðu dóms aukaréttar Norður-Múlasýslu frá 5. október 1858. Niðurstaða dómsins hafi verið sú að ábúandinn á Melum þurfti að víkja af býli sínu þar sem hann hafi ekki virst eiga neinn rétt til landsins og ekki fengið nýbyggjarabréf. Málið hafi varðað deilur um afgjald en ekki hafi reynt á eignarrétt Hofskirkju né Skjöldólfsstaða að landi Mela. Þannig hafi áfram verið óvissa fyrir hendi um hvort landið væri almenningur, afréttur eða í eign einhverrar jarðar. Ábúandi Mela hafi ekki getað orðið löglegur eigandi að heiðarbýlinu þar sem hann hafi ekki fylgt ákvæðum nýbýlatilskipunnar frá 1776 en aðeins hafi farið fram áreiðargjörð. Að öðru leyti er vísað í framangreind sjónarmið varðandi eignarréttarlega stöðu Steinvarartungu.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl 25 og 19(3), er því haldið fram að af lýsingum *Landnámu* megi ráða að allt land í Vopnafjarðarhéraði hafi verið numið og undirorpið beinum eignarrétti síðan. Gróðurfar, nýting og búseta bendi einnig til að land þetta hafi allt verið numið í öndverðu enda landið forsenda búsetu og byggðar á þessu svæði. Þá er á því byggt að land innan landamerkja jarðar sé eignarland. Landamerkjalög 1882 hafi ekkert kveðið á um hvaða land eða hver landgæði fylgdu jörðum eða öðrum fasteignum enda hafi ekki verið um það deilt þar sem jarðeigandi hafi verið talinn eiga fullkominn eignarrétt innan landamerkja jarðar sinnar. Venjuréttur og hefðarsjónarmið leiði einnig til þess að allt land innan landamerkja jarða teljist eignarland.

Einnig telur gagnaðili sig hafa réttmætar væntingar til eignarhalds innan merkja jarðarinnar vegna fyrri lögskipta við ríkisvaldið. Landamerkjum jarðarinnar og aðliggjandi jarða hafi verið þinglýst athugasemdalaust og landamerkin viðurkennd af öllum, þ.m.t. hinu opinbera, um áratugaskeið. Hafi þau aldrei verið vefengd af ríkisvaldinu. Þá hafi skattar og önnur lögboðin gjöld alltaf verið greidd af öllu landinu. Um áraraðir hafi öll landgæði verið nýtt af eigendum og enginn getað nýtt jörðina án samþykkis þeirra. Venjur varðandi fjallskil geti ekki ráðið úrslitum þegar tekin sé afstaða til þess hvort jörðin sé öll beinum eignarrétti háð. Þá er því haldið fram að í ljósi þeirra gjörninga sem liggi fyrir um ráðstöfun landsins hafi eigendur Steinvarartungu og Mela nægar heimildir fyrir eignartilkalli sínu. Það sé því ríkisins að hrekja þá staðhæfingu að landsvæðið sé fullkomin eign þeirra. Vísað er til fyrri úrskurða óbyggðanefndar um að landsvæði sem talið hafi verið jörð eða hluti jarðar samkvæmt elstu heimildum sé háð beinum eignarrétti, fari landamerkjalýsing ekki í bága við þær eldri heimildir. Byggt er á úrlausnum Mannréttindadómstóls Evrópu um réttmætar væntingar. Þessar væntingar styðjist meðal annars við framkomu ríkisins gagnvart þeim með athöfnum og athafnaleysi. Einnig er vísað til þess að skilyrði hefðar séu fyrir hendi.

Að því er varðar Steinvarartungu vísar gagnaðili sérstaklega til lögfestu frá 1785 svo og eldri heimilda, máldaga og vísitasía, sem og landamerkjalýsingar 1885. Vakin er athygli á að sú lýsing sé í samræmi við lögfestuna.

Varðandi Mela vísar gagnaðili sérstaklega til lögfestu Steinvarartungu, dags. 6. maí 1785, og löglegrar áreiðar- og skoðunargjörð fyrir Mel, dags. 22. ágúst 1857. Einnig er vísað til dóms aukaréttar Norður-Múlasýslu, dags. 5. október 1858, um deilur um afgjald ábúenda Mela. Málsóknin hafi byggst á samningi sem rétturinn taldi löglegan og heimilan. Í málinu hafi reynt á eignarrétt Hofskirkju eða Skjöldólfsstaða á hinu umþrætta landi. Samningur um greiðslu afgjalds hefði verið markleysa, hefði ábúandinn ekki verið dæmdur til að víkja frá Melum vegna vangoldinnar leigu nema vegna þess að dómurinn viðurkenndi eignarrétt kirkjunnar. Þannig hafi óvissu um hvort landið var almenningur, afréttur eða eign jarðar verið eytt.

### 6.15.3. Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Steinvarartungu er rakin í kafla 5.13. hér að framan og Mela í kafla 5.14. Þar kemur fram að Steinvarartunga virðist hafa legið undir Hofskirkju og að Melar voru meðal svokallaðra heiðarbýla, sbr. kafla 6.1.2., stofnuð á tungunni suðvestanverðri um miðja 19. öld. Byggð á Melum stóð á tímabilinu 1848 til 1904, að fimm árum undanskildum.

Kemur þá fyrst til athugunar hvað ráðið verður af þessum heimildum um afmörkun Steinvarartungu og Mela. Um afmörkun Steinvarartungu er fjallað í fjölda heimilda og ber þar að nefna lögfestur Hofskirkju frá 1785 og 1844, tvö landamerkjabréf Steinvarartungu frá 1886. Um Hof sjálft var fjallað í öðru bréfi. Nokkur fjöldi gagna á rætur að rekja til deilna um afmörkun Steinvarartungu. Annars vegar deildi Hofskirkja við Skjöldólfsstaði um suðurmerki Steinvarartungu og afmörkun heiðarbýlanna Mela og Háreksstaða, og hins vegar deildi Hofskirkja við Möðrudal á Fjalli um vesturmerki Steinvarartungu og afmörkun Mela að því leyti. Í þessu sambandi verður einnig litið til gagna um merki Mela og einnig aðliggjandi landsvæða, einkum Háreksstaða. Að lokinni umfjöllun um afmörkun verður gerð grein fyrir eignarréttarlegri stöðu Steinvarartungu og Mela.

Landamerkjalýsing Steinvarartungu til austurs og vesturs er í samræmi við landamerkjalýsingar aðliggjandi jarða sem eru Einarsstaðir, Bustarfell, Kálffell, Foss og Brunahvammur. Hofsá og Tunguá skilja Steinvarartungu frá umræddum jörðum. Austur- og vesturmerki Steinvarartungu þarfnast því ekki frekari umfjöllunar.

Í fyrri landamerkjalýsingu Steinvarartungu, dags. 24. febrúar 1886 og þingl. 11. júní 1886, er merkjum hennar inn til landsins lýst svo að frá Syðri-Geldingalæk, þar sem hann fellur í Tunguá, sé tekin sjónhendingu í Kolfinnulind, þaðan beint í syðra Brunahorn og svo í þriðja bug á Hofsá. Síðari landamerkjalýsing Steinvarartungu, dags. 12. ágúst 1886 og þingl. 21. júlí 1887, er á sama veg hvað þetta varðar. Hún var undirrituð af þáverandi bónda á Háreksstöðum. Elsta lýsing á merkjum Steinvarartungu, í lögfestu séra Árna Þórarinssonar fyrir Hofi 1785, fær samrýmst þessu. Þá bar vitnum í máli vegna nýbýlisins á Háreksstöðum árið 1844 saman um að merkin milli Hofskirkjulands og Skjöldólfsstaða væru úr Geldingalæk í Kolfinnulind undir Bruna.

Í landamerkjabréfi Skjöldólfsstaða og Háreksstaða frá 1921 er norðurmörkum þeirra jarða lýst frá syðri Geldingalæk, sjónhending í Kolfinnulind og í Brunahorn og 3. bug Hofsár. Bréfið er m.a. undirritað af ábúanda Hofs. Þannig verður ekki séð að á þeim tíma hafi Háreksstaðir og Hof deilt um landamerki. Í máli þessu, sbr. og mál 2/2005 hjá óbyggðanefnd, hefur hins vegar komið upp ágreiningur milli umræddra aðila um staðsetningu þeirra kennileita sem landamerkjabréfin greina frá á mörkum Háreksstaða og Steinvarartungu. Sá ágreiningur lýtur fyrst og fremst að staðsetningu 3. bugs á Hofsá, svo sem sjá má af því hvernig aðilar draga kröfulínur sínar á kort.

Sunnanvert kröfusvæði Steinvarartungu og Mela skarast þannig við kröfusvæði Háreksstaða.

Fyrstu og einu lýsinguna á landamerkjum Mela er að finna í áreiðar- og skoðunargjörð frá 22. ágúst 1857. Samkvæmt henni er norðurhluti Mela innan merkja Steinvarartungu, sbr. tvö landamerkjabréf hennar. Suðurhluti Mela er hins vegar innan merkja Skjöldólfsstaða samkvæmt landamerkjabréfi þeirrar jarðar, dags. 24. október 1921 og þingl. 27. júlí 1922. Samkvæmt áreiðargjörðinni frá 1857 eru landamerki Mela þessi:

> [...] *land úr ármótum Háreksstaða- og Gestreiðarstaða-kvíslar austur beint í Sauðafell, þaðan sömu stefnu á Skálafell beint austur að Sauðá; þá ræður Sauðá að austan þangað til Höltná eða Hólkná fellur í Hofsá að norðan, úr því ræður Hofsá allt að fyrrnefndum ármótum Háreksstaða- og Gestreiðarstaða kvísla.*

Við áreiðargjörðina var sá hluti Mela sem talinn var vera úr Skjöldólfsstöðum afmarkaður með þessum hætti:

> *úr fyrrgreindum ármótum í Skálafell að framan, eins og áður er sagt, og úr sömu ármótum í svo nefnt fremra Brunahorn að utan, og beina stefnu austur í Sauðá.*

Athygli vekur að við áreiðargjörðina 1858 virðist miðað við að mörk Skjöldólfsstaða og Steinvarartungu að vestan hafi legið úr ármótum Háreksstaða- og Gestreiðarstaðakvíslar. Í framangreindum landamerkjabréfum er hins vegar miðað við þriðja bug Hofsár og í lögfestunni frá 1785 er miðað við Hofsá á móts við Brunaenda fremri. Lýsingar landamerkjabréfanna og lögfestan eru vel samrýmanlegar. Allt að einu er ljóst að merki Steinvarartungu og Skjöldólfsstaða hafa skorið land Mels, enda eru ármót Háreksstaða- og Gestreiðarstaðakvísla, Sandfell og Skálafell mun sunnar en framangreind lína. Að sama skapi eru ármót Hölknár og Hofsár mun norðar.

Í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882 voru gerð sérstök landamerkjabréf fyrir Steinvarartungu sem einnig taka til hluta Mela. Bréfin voru þinglesin og innfærð í landamerkjabók sýslumanns. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum Steinvarartungu sé þar rétt lýst og svæðið er glöggt afmarkað af ám til austurs og vesturs. Eftir sem áður þarfnast eignarréttarleg staða Steinvarartungu og Mela athugunar enda þekkt að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir. Frá upphafi Íslandsbyggðar helguðu menn sér ekki eingöngu ákveðin landsvæði, sem voru háð beinum eignarrétti, heldur einnig ítök, afrétti og öll önnur réttindi sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra. Meðan landsvæði gaf eitthvað af sér lágu hagsmunir til þess að halda við merkjum réttindanna, hvers eðlis sem þau voru. Um þetta má t.d. vísa til dóma Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2006 (Hoffellslambatungur) og 5. október 2006 í máli nr. 67/2006 (Skjaldbreiður). Með því að gera landamerkjabréf hafa menn ekki getað einhliða aukið við land sitt eða annan rétt. Í ljósi dóma Hæstaréttar um eignarréttarlega

þýðingu landamerkjabréfa og almennra niðurstaðna óbyggðanefndar liggur jafnframt fyrir að með gerð landamerkjabréfs varð ekki einhliða stofnað til eignarréttar á landsvæði sem ekki var fyrir undirorpið eignarrétti.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindrar afmörkunar. Svo sem rakið er í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámabók* hversu langt inn til fjalla landnám á þessu svæði náði. Af því verða engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um hvort í öndverðu hafi verið stofnað til beins eignarréttar á þessu svæði með námi. Staðhættir eru námi ekki til stuðnings. Óvissa um aðferðir við landnám er þó of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Engin gögn liggja fyrir um það hvernig Hofskirkja er upphaflega komin að rétti sínum til þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar. Í máldögum og vísitasíum Hofskirkju er ítrekað minnst á Steinvarartungu sem eign kirkjunnar, fyrst í máldagasafni Vilkins biskups frá 1397. Í vísitasíu 1850 segir að Steinvarartunga brúkist nú sem afrétt fyrir Hofsárdal og í lögfestu frá 1785 er Steinvarartunga nefnd eignarland og jörð Hofskirkju. Í lýsingu á Hofsprestakalli frá 1839 kemur fram að afréttin Steinvarartunga tilheyri kirkjunni. Þar hafi aldrei verið búið nema lítinn tíma en prestur hafi haft þar beitarhús fyrir sauði á vetrum og afrétt fyrir geldfé á sumrum og stundum haft tvö eða þrjú lambsfóður í afréttartoll. Í skýrslu Hofsprests frá 1844 um eignir Hofsprestakalls kemur fram að Steinvarartunga brúkist sem afrétt. Hið sama kemur fram í vísitasíu biskups frá 1851 og skýrslu um Hofsbrauð 1854. Þá má nefna skýrslu um tekjur og útgjöld Hofsprestakalls frá 1867 þar sem tilgreind er hagbeit á Steinvarartungu fyrir geldfénað á sumrum og í viðlögum fyrir sauði á vetrum. Þá kemur fram í jarðamatinu 1849 Hofi sé goldinn afréttartollur vegna Steinvarartungu. Í kaflanum um Hof í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðinni fylgi mikið upprekstarland sem kallist Steinvarartunga. Árið 1954 lýsir biskup Íslands Steinvarartungu sem ítaki Hofskirkju.

Búseta í Steinvarartungu hefur verið stopul og skammvinn. Ber þar fyrst að nefna Tungusel. Þannig kemur fram í bréfi Hofsprests til stiftamtmanns árið 1793 að kotið Tungusel lægi í afréttarlandi Hofskirkju í Steinvarartungu og væri í eyði. Þar hefði verið mjög stopul búseta, aðeins í þrígang verið reynt að halda þar bú frá árinu 1601. Þær tilraunir hefðu staðið stutt enda búskapur þar mjög erfiður. Þá kemur fram í skýrslu Hofsprests frá 1795 að Tungusel hafi verið í eyði síðan 1784.

Að því er varðar Mela nýtur ekki við heimilda fyrr en árið 1848 þegar heiðarbýlið var reist. Þar mun byggð hafa staðið til 1904 að slepptum fimm árum. Í dómi aukaréttar Norður-Múlasýslu hinn 5. október 1858 var fjallað um kröfu Halldórs Jónssonar prófasts á Hofi til þess að Jón Guðmundsson, bóndi á Mel, yrði dæmdur til að víkja af ábýlisjörð sinni, skila bæjarhúsum og borga til þess tíma landskuld. Í forsendum dómsins kom fram að Melur „væri sumpart álitin eign Hofskirkju og

sumpart byggð sækjanda af eiganda Skjöldólfsstaða á Jökuldal". Um eignarrétt Jóns sagði að hann „ekki virtist hafa neinn annan rjett til landsins enn þann er hann hefur öðlast samkvæmt þeim við sækjanda gjörðu skilmálum, meðan ekki einu sinni fengið nýbyggjara brjef". Þá taldi rétturinn að ekki væri nauðsyn að taka afstöðu til eignarréttar Hofs að Melalandi heldur einungis til réttar aðila samkvæmt samkomulagi þeirra frá 20. júní 1856 um landskuld. Þrátt fyrir að áreiðar- og skoðunargjörð hafi farið fram virðist rétturinn byggja á því að skilyrði þess að til eignarréttar nýbýlings hefði stofnast væri að hann hefði fullgilt byggingarbréf samkvæmt nýbýlatilskipun frá 15. apríl 1776. Fyrir dómnum lá viðurkenning Jóns um að hann hefði ekki fullkomið leyfi til að njóta nýbyggjararéttarins fyrr en hann hefði fengið leyfi. Það ætlaði hann að sækja um til amtsins um haustið, þegar útvísunargerðin hefði borist honum í hendur. Með bréfi, dags. 6. janúar 1860, sótti Jón Guðmundsson um nýbýlaleyfi til konungs. Var því hafnað af bæði amtmanni og danska dómsmálaráðuneytinu.

Þær heimildir sem raktar hafa verið greina frá því að Steinvarartunga hafi í aldanna rás fyrst og fremst verið nýtt sem beitiland Hofskirkju. Ekki eru heildstæðar heimildir um beitingu annars konar eignarráða af hálfu eigenda Hofs í Steinvarartungu en vegna afréttarnota. Í bréfi biskups Íslands til sýslumanns Norður-Múlasýslu, dags. 29. apríl 1954, biður hann m.a. um að ítaki Hofskirkju í Steinvarartungu verði lýst í samræmi við lög nr. 113/1952 um lausn ítaka af jörðum. Beiðni biskups bendir til þess að af hálfu kirkjunnar hafi ekki verið litið svo á Steinvarartunga væri háð beinum eignarrétti hennar. Sú aðgreining sem felst í því að Steinvarartunga er ekki hluti af eiginlegu landi Hofskirkju og liggur aðskilin frá því er jafnan getið með sérstökum hætti í heimildum og einnig beinlínis nefnt afréttur eða ítak Hofskirkju, bendir til þess að þar hafi verið afréttur kirkjunnar í þeim skilningi að hún hafi átt þar óbein eignarréttindi fremur en beinan eignarrétt.[503] Má í þessu sambandi vísa til dóms Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 47/2004 (Afréttur norðan vatna). Hið sama verður einnig ráðið af staðháttum en um er að ræða heiðarland. Með vísan til dóma Hæstaréttar 16. maí 2007 í málum nr. 448/2006, 536/2006 og 24/2007 skal þess einnig getið að á þeim landsvæðum sem nærri Steinvarartungu liggja eru bæði eignarlönd og þjóðlendur, sé litið heildstætt á niðurstöður í málum á svæði 5 hjá óbyggðanefnd.

Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en réttur til Steinvarartungu hafi orðið til á þann veg að landsvæðið hafi verið tekið til sumarbeitar fyrir búpening og ef til vill annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur, sem sveitarstjórnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu þessu virtu verður því ekki talið að landsvæði þetta sé undirorpið eignarrétti nema til hans hafi stofnast á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar frá 15. apríl 1776 eða í skjóli hefðar síðar.

[503] Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Í málinu liggur fyrir að byggingarbréf fyrir Mel eða annað nýbýli á umræddu svæði var ekki gefið út. Með því að ekki hefur verið leitt í ljós að fyrirmælum nýbýlatilskipunar hafi verið fullnægt hefur ekki verið sannað að stofnað hafi verið til beins eignarréttar á grundvelli þeirrar löggjafar. Verður því ekki miðað við að eignarréttarleg staða landsvæðisins hafi tekið breytingum á þeim grundvelli. Í þessu sambandi ber að vísa til þeirra krafna sem Hæstiréttur hefur gert til sönnunar eignarlands, sbr. kafla 6.1.1.

Kemur þá til skoðunar hvort stofnast hafi til eignarréttar að landsvæðinu á grundvelli hefðar. Svo sem áður er rakið var byggð að Melum á árunum 1848–1904, þó ekki samfelld. Upplýst hefur verið að eftir þennan tíma hafi landið verið nýtt til upprekstrar á vegum eigenda Hofs á sama hátt og aðrir hlutar Steinvarartungu. Möguleg hagnýting landsins fyrir setningu laga um hefð, nr. 46/1905, gat ekki að þágildandi lögum stofnað til eignarréttar yfir landinu. Vísast um þetta til almennra niðurstaðna óbyggðanefndar.[504] Óbyggðanefnd telur að framangreind takmörkuð afnot, fyrst og fremst beit, leiði ekki til þess að beinn eignarréttur að afréttarsvæði þessu hafi unnist fyrir hefð, sbr. lög nr. 46/1905. Gegnir þar sama máli um Steinvarartungu og Mela. Hefur því hvorki verið stofnað til beins eignarréttar á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar né hefðar en af því leiðir að hvorki Melar né aðrir hlutar Steinvarartungu hafa öðlast stöðu jarðar að lögum, sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar, Steinvarartunga og Melar, sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttað hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Þá leiðir rannsókn óbyggðanefndar einnig til þeirrar niðurstöðu að á umræddu landsvæði sé þjóðlenda og er fallist á kröfu íslenska ríkisins þess efnis.[505]

Að því er varðar staðsetningu á suðurmerkjum, gagnvart Háreksstöðum, telur óbyggðanefnd að miða skuli við þriðja bug á Hofsá, svo sem hann kemur fram á kortum Landmælinga Íslands og fer sú lína saman við sveitarfélagamörk þar.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að Steinvarartunga að meðtöldum hluta Mela, svo sem landsvæðið er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

> *Að austan ræður Tungnaá suður á heiði að syðri Geldingalæk þar sem hann fellur í nefnda á, þaðan sjónhending í Kolfinnulind, þaðan beint í syðra Brunahorn og svo í þriðja bug á Hofsá. Síðan ræður hún þar til Tungnaá fellur í hana.*

Sama landsvæði er í afréttareign Hofs sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

---

[504] Sjá viðauka.
[505] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

## 6.16. Þorbrandsstaðatungur

### 6.16.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands Þorbrandsstaðatungna.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína sunnan frá upptökum Pyttár**,** þá er farið norður eftir eystri landamerkjalínu Hraunfells og Þórðará fylgt að ármótum við Sunnudalsá. Á móti hefur þinglýstur eigandi Þorbrandsstaða lýst kröfu um beinan eignarrétt að Þorbrandsstaðatungum. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.16.

Að Þorbrandsstaðatungum liggur Hraunfell til vesturs, Gnýsstaðir til austurs og Hjarðarhagi og Hjarðargrund í Jökuldalshreppi til suðurs. Landsvæðið liggur milli Þórðarár og efsta hluta Sunnudalsár syðst í Vopnafjarðarhreppi og afmarkast af Sandfelli að sunnan. Sá hluti Sunnudalsár sem hér um ræðir er á sumum kortum nefndur Grjótá fremri. Stærstur hluti þess landsvæðis sem hér um ræðir er í 600–800 metra hæð yfir sjávarmáli, undir hlíðum Sandfells og Hellisaxlar og í útjaðri Smjörvatnsheiðar. Ofan til er svæðið að mestu ógróið eða lítt gróið en neðan til má finna allnokkurt mólendi auk votlendis í grennd við þann stað þar sem Þórðará og Sunnudalsá koma saman.

### 6.16.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(21), er almennt byggt á því að grundvöllurinn að beinum eignarrétti að landi hérlendis hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalaus svæði orðið fleiri með tímanum. Þetta verði helst ráðið af lögtöku nýbýlatilskipunar konungs 1776 sem beinlínis hafi verið lögtekin svo að til væru úrræði til að gera eigendalaus svæði að eignarlöndum og efla þar með byggð. Því er haldið fram að af landnámslýsingum megi ráða að land hafi ekki verið numið til heiða og fjalla í Vopnafirði nema austast þar sem eru Böðvarsdalur og Fagridalur. Þá er byggt á því af hálfu ríkisins að afréttir, eins og þeir hafi verið skilgreindir fyrir gildistöku þjóðlendulaga 1998, hafi verið þjóðlendur þar sem tilteknum jörðum fylgdi réttur til afréttarnota. Þá er því haldið fram að þar sem í skriflegum heimildum sé sagt að land utan byggðar sé eign einhvers aðila sé allt eins átt við afréttareign. Byggt er á því að Þorbrandsstaðatunga sé hluti af leitarsvæðinu Hraunfellspartur sem sé dæmigerður samnotaafréttur. Hins vegar hafi aldrei verið gengið á hina miklu hásléttu Sandfell enda hafi verið talið öruggt að þar væru engir hagar og oft hafi verið kominn snjór á það um göngur.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl nr. 35 og 19(3), er því haldið fram að af lýsingum *Landnámu* megi ráða að allt land í Vopnafjarðarhéraði hafi verið numið og undirorpið beinum eignarrétti síðan. Gróðurfar, nýting og búseta bendi einnig til að land þetta hafi allt verið numið í öndverðu enda landið forsenda búsetu og byggðar á þessu svæði. Þá er á því byggt að land innan landamerkja jarðar sé eignarland. Landamerkjalög 1882 hafi ekkert kveðið á um hvaða land eða hver landgæði fylgdu jörðum eða öðrum fasteignum enda hafi ekkert verið um það deilt þar sem jarðeigandi hafi verið talinn eiga fullkominn eignarrétt innan landamerkja jarðar sinnar. Venjuréttur og hefðarsjónarmið leiði einnig til þess að allt land innan landamerkja jarða teljist eignarland.

Þá telja gagnaðilar sig hafa réttmætar væntingar til eignarhalds innan merkja Þorbrandsstaðatungna vegna fyrri lögskipta við ríkisvaldið. Landamerkjum jarðarinnar og aðliggjandi jarða hafi verið þinglýst athugasemdalaust og viðurkennd af öllum, þ.m.t. hinu opinbera, um áratugaskeið. Hafi þau aldrei verið vefengd af ríkisvaldinu. Þá hafi skattar og önnur lögboðin gjöld alltaf verið greidd af öllu landinu. Um áraraðir hafi öll landgæði verið nýtt af eigendum og enginn getað nýtt landið án samþykkis þeirra. Venjur varðandi fjallskil geti ekki ráðið úrslitum þegar tekin sé afstaða til þess hvort jörðin sé öll beinum eignarrétti háð. Byggt er á landamerkjabréfi Þorbrandsstaða, dags. 14. júlí 1885, um að jörðinni fylgi heiðarstykki, Þorbrandsstaðatungur. Vísað er til fyrri úrskurða óbyggðanefndar um að landsvæði sem talið hafi verið jörð eða hluti jarðar samkvæmt elstu heimildum sé háð beinum eignarrétti, fari landamerkjalýsingi ekki í bága við þær eldri heimildir.

### 6.16.3. Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Þorbrandsstaða og Þorbrandsstaðatungna er rakin í kafla 5.15. Þar kemur fram að Þorbrandsstaða er getið í heimildum frá 13. öld. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.[506] Þorbrandsstaðatungna er fyrst getið í heimildum frá 17. öld og í landamerkjabréfi Þorbrandsstaða, ódags. en þingl. 14. júlí 1885, er annars vegar lýst merkjum Þorbrandsstaða og hins vegar merkjum heiðarlands Þorbrandsstaða. Jörðin Þorbrandsstaðir liggur utan við kröfusvæði ríkisins. Á milli Þorbrandsstaða og Þorbrandsstaðatungna liggja jarðirnar Hraunfell og Gnýsstaðir.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Þorbrandsstaðatungna er lýst í framangreindu landamerkjabréfi en engar heildstæðar eldri merkjalýsingar liggja fyrir. Í yngra landamerkjabréfi Þorbrandsstaða, dags. 14. júlí 1922 og þingl. 15. júní 1923, er Þorbrandsstaðatungna að engu getið. Jafnframt verður litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Að fengnum niðurstöðu um afmörkun Þorbrandsstaðatungna verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins.

[506] Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Vestur- og norðurmerki Þorbrandsstaðatungna eru gagnvart Hraunfelli. Samkvæmt því er greinir í landamerkjabréfinu frá 1885 „ræður Þórðará að innan og neðan þar til hún fellur í Sunnudalsá“, sbr. einnig tilvísun til Þorbrandsstaðatungna í vitnisburði frá 1669. Samkvæmt vitnisburðinum liggja Þorbrandsstaðatungur vestan við Sunnudal. Það kemur heim og saman við að Gnýsstaðir séu byggðir úr jörðinni Sunnudal. Landamerkjabréfið er áritað vegna Hraunfells. Samkvæmt landamerkjabréfi Hraunfells, ódags. en þingl. 14. júlí 1885, eru merki þeirrar jarðar úr Sandfelli „þaðan þvert út í Þórðará; svo ræður hún í Sunnudalsá“. Landamerkjabréf Hraunfells, sem liggur að Þorbrandsstöðum til norðvesturs, er áritað vegna Þorbrandsstaða.

Verður þá litið til austurmerkja Þorbrandsstaðatungna, gagnvart Gnýsstöðum. Samkvæmt landamerkjabréfinu 1885 „ræður Sunnudalsá upp í Sandfell“. Landamerkjabréfið er ekki áritað vegna Gnýsstaða. Samkvæmt landamerkjabréfi Gnýsstaða, ódags. en þingl. 14. júlí 1885, eru austurmerki þeirra „Tröllkarl undir Sandfelli, og þaðan þvert ofan í áður nefnda Sunnudalsá“. Eru bréfin þannig í ágætu samræmi hvort við annað. Bréfið er ekki áritað vegna Þorbrandsstaðatungna.

Verður þá litið til suðurmerkja Þorbrandsstaðatungna, gagnvart Hjarðarhaga í Jökuldal. Samkvæmt landamerkjabréfinu 1885 ræður Sandfell merkjum að sunnan. Bréfið er ekki áritað um samþykki vegna þessara merkja. Í landamerkjabréfi Hjarðarhaga, dags. 19. júní 1884 og þingl. 21. júní sama ár, er norðanverðum vesturmerkjum þeirra lýst í fremstu Klauf á Sandfelli og austurmerkjum í ytra Sandfellshorn. Merkjum Hjarðarhaga er að öðru leyti ekki lokað að norðan. Í yngra landamerkjabréfi Hjarðarhaga, dags. 24. október 1921 og þingl. 27. júlí 1922, er norðanverðum vestur- og austurmerkjum lýst með sama hætti en að auki tilgreint að Miðheiði ráði að norðan. Landamerkjabréf Hjarðarhaga eru ekki árituð vegna Þorbrandsstaðatungna.

Samkvæmt framangreindu ber merkjalýsingum ágætlega saman um merki Þorbrandsstaðatungna. Þá er ekki ágreiningur um afmörkun þeirra samkvæmt korti því sem lagt hefur verið fram í máli þessu.

Í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882 var gert landamerkjabréf fyrir Þorbrandsstaði og þar lýst sérstaklega aðskildu heiðarlandi jarðarinnar, svokallaðri Þorbrandsstaðatungu. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum svæðisins sé þar rétt lýst. Skjal þetta var þinglesið og innfært í landamerkjabók sýslumanns. Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir þeirri niðurstöðu Hæstaréttar að landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða en hins vegar verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega, sjá nánar í kafla 6.1.1. Með því að gera landamerkjabréf hafa menn ekki getað einhliða aukið við land sitt eða annan rétt. Frá upphafi Íslandsbyggðar helguðu menn sér ekki eingöngu ákveðin landsvæði, sem voru háð beinum eignarrétti, heldur einnig ítök, afrétti og öll önnur réttindi sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra. Meðan landsvæði gaf

eitthvað af sér lágu hagsmunir til þess að halda við merkjum réttindanna, hvers eðlis sem þau voru. Ber um þetta efni sérstaklega að vísa til dóms Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2006 (Hoffellslambatungur).

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan merkja Þorbrandsstaðatungna, svo sem þau hafa verið skilgreind hér að framan. Svo sem rakið er í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámabók* hversu langt inn til fjalla landnám á þessu svæði náði. Af því verða engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um hvort í öndverðu hafi verið stofnað til beins eignarréttar á þessu svæði með námi. Staðhættir eru námi ekki til stuðnings. Óvissa um aðferðir við landnám er þó of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Hvergi kemur fram í heimildum að í Þorbrandsstaðatungum hafi verið búseta af nokkru tagi, sjálfstæð jörð eða hjáleiga. Landsvæðisins er fyrst getið í vitnisburði um merki Haga, Hrafnsstaða, Egilsstaða og Sunnudals, dags. 30. maí 1669. Með bréfi sýslumanns Norður-Múlasýslu, dags. 13. júní 1864, bað hann hreppstjóra í sýslunni að gera tillögur að fyrirkomulagi fjallskila. Í bréfi hreppstjóra Vopnafjarðarhrepps kom fram að lögréttir skyldu vera á átta stöðum í hreppnum, þar á meðal á Einarsstöðum. Þar ætti að rétta fé af Einarsstaðaafrétt og svonefndum parti „tilheyrir Þorbrandsstöðum (afréttar stykkji)“. Þorbrandsstaðatungna er næst getið í landamerkjabréfi Þorbrandsstaða frá 1885 en þar segir m.a. að jörðin eigi „heiðarland undir Sandfelli“. Í fasteignamati 1916–1918 segir að Þorbrandsstaðir eigi upprekstur undir Sandfelli fyrir 200 fjár. Þorbrandsstaðatungur eru hluti af leitarsvæðinu, Hraunfellspartur, sem tekur til landsvæðis norðanvert við Sandfell að Pyttá og síðan út með Tunguá og Sunnudalsá, Einarsstaðafjalli og Hraunfellshálsi. Í byggðasögunni *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* (I. bindi útgefið 1974) segir að Þorbrandsstaðir eigi upprekstur á Hraunfellspart og taki göngur 2–3 daga.

Óbyggðanefnd telur þá aðgreiningu Þorbrandsstaðatungna frá Þorbrandsstöðum sem fram kemur í landamerkjabréfinu 1885 í samræmi við það sem oft sést í landamerkjabréfum þegar lýst er landsvæði sem jörð hefur nytjar af án þess að það fylgi henni sem annað land hennar. Sérstaka athygli vekur að í yngra landamerkjabréfi Þorbrandsstaða frá 1922 er Þorbrandsstaðatungna að engu getið. Bendir það einnig til þess að ekki hafi verið litið svo á landsvæðið væri eiginlegur hluti af jörðinni Þorbrandsstöðum. Engin gögn liggja fyrir um að Þorbrandsstaðatungur hafi verið nýttar til annars en sumarbeitar fyrir búfé og annarra takmarkaðra nota. Staðhættir og fjarlægð frá byggð styðja þá niðurstöðu en landsvæðið liggur í um 600 m hæð yfir sjávarmáli og rís hæst við Sandfell í 875 metrum. Fjallskil hafa verið á hendi sveitarfélags, landsvæðið er ekki afgirt og þangað hefur búfénaður leitað frá öðrum jörðum án hindrana.[507] Með vísan til dóma

[507] Sbr. umfjöllun um hugtakið afrétt í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Hæstaréttar 16. maí 2007 í málum nr. 448/2006, 536/2006 og 24/2007 skal þess einnig getið að á þeim landsvæðum sem nærri Þorbrandsstaðatungum liggja eru bæði eignarlönd og þjóðlendur, sé litið heildstætt á niðurstöður í málum á svæði 5 hjá óbyggðanefnd.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að afréttarsvæðið Þorbrandsstaðatungur sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttað hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda og er fallist á kröfu ríkisins þess efnis.[508] Heimildir benda einnig til þess að Þorbrandsstaðatungur séu í afréttareign Þorbrandsstaða.

Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið fjallað um og talið þjóðlenda í afréttareign Þorbrandsstaða eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitarsvæði taka þó breytingum auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem nefnt er Þorbrandsstaðatungur, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

*Ræður Þórðará að innan og neðan þar til hún fellur í Sunnudalsá; svo ræður Sunnudalsá upp í Sandfell, þá er sveitarfélagamörkum fylgt til vesturs í áðurnefnda Þórðará.*

Sama landsvæði er í afréttareign Þorbrandsstaða, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

## 6.17. Gnýsstaðir

### 6.17.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands Gnýsstaða.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu frá ármótum Þórðarár og Sunnudalsár og síðan beint yfir Smjörvatnsheiði í Beinavörðu. Samkvæmt þessari kröfugerð er nokkur hluti Smjörvatnsheiðar innan þjóðlendu. Á móti hafa þinglýstir eigendur Gnýsstaða lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðisins sem þeir telja að liggi innan merkja jarðarinnar. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.17.

Að Gnýsstöðum liggja Þorbrandsstaðatungur og jörðin Hraunfell til vesturs. Að austan og suðaustan liggja jarðirnar Borgir, Hrappstaðir og Háteigur í Vopnafirði og jörðin Fossvellir í Jökulsárhlíð. Til suðurs liggja Gnýsstaðir að jörðunum Hjarðarhaga, Hjarðargrund, Hofteigi, Hvanná og Haukstöðum í Jökuldal. Landsvæðið sem um ræðir liggur í 400–700 m hæð yfir sjávarmáli á Smjörvatnsheiði, suðaustan

[508] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Sunnudals. Suðaustan til liggur Grjótárvatn í 665 m yfir sjávarmáli. Land hallar mót vestri og er land mest gróið þar sem land liggur lægst. Gróður minnkar ört eftir því sem austar dregur og hæð lands eykst. Stærstur hluti landsvæðisins er að mestu grágrýtisauðn. Frá bæjarstæði Gnýsstaða í ós Grjótárvatns eru um 13 km, mælt í beinni loftlínu.

### 6.17.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1 (6), er almennt byggt á því að grundvöllurinn að beinum eignarrétti að landi hérlendis hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalaus svæði orðið fleiri með tímanum. Þetta verði helst ráðið af lögtöku nýbýlatilskipunar konungs 1776 sem beinlínis hafi verið lögtekin svo að til væru úrræði til að gera eigendalaus svæði að eignarlöndum og efla þar með byggð. Því er haldið fram að af landnámslýsingum megi ráða að land hafi ekki verið numið til heiða og fjalla í Vopnafirði nema austast þar sem eru Böðvarsdalur og Fagridalur. Þá er byggt á því af hálfu ríkisins að afréttir, eins og þeir hafi verið skilgreindir fyrir gildistöku þjóðlendulaga 1998, hafi verið þjóðlendur þar sem tilteknum jörðum fylgdi réttur til afréttarnota. Þá er því haldið fram að þegar skriflegar heimildir greini frá að land utan byggðar sé eign einhvers aðila sé allt eins átt við afréttareign. Innan merkja Gnýsstaða sé afréttarlandið Gnýsstaðadalur sem sé sambeitarafréttur. Afréttarsvæðið sé á gangnaseðli Vopnafjarðar og einu afnotin séu sumarbeit búfjár. Gnýsstaðir taki þannig undir sig meginhluta Smjörvatnsheiðar sem sé mikið öræfaland og hátt yfir sjó. Þá mæli gegn gildi landsmerkjabréfsins að það styðjist ekki við eldri heimildir.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl nr. 1, 19 og 19(5), er því haldið fram að jörðin sé innan landnáms Eyvindar vopna sem nam Vopnafjörð allan austan Vesturdalsár. Því er mótmælt að óljósar lýsingar *Landnámu* verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðarinnar verði dregin í efa. Byggt er á því að Gnýsstöðum hafi verið skipt úr Sunnudal en elstu heimild um merki þeirrar jarðar sé að finna í bréfabók Brynjólfs biskups frá árinu 1669. Vísað er til þinglýstra landamerkjabréfa Gnýsstaða, hið eldra frá 1885 en hið yngra og frá 1922. Byggt er á landbrigðaþætti *Grágásar* og landbrigðabálki *Jónsbókar* um merkjagöngur. Merkjalýsingar hafi sjaldan verið að finna í kaupbréfum en haldið gildi sínu enda þótt þær hefðu aðeins varðveist í munnlegri geymd. Með setningu landamerkjalaga, nr. 5/1882 og nr. 41/1919, hafi stjórnvöld átt frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum og leyst úr ágreiningi, væri hann fyrir hendi. Lýsingum landamerkjabréfa verði ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Eignarrétturinn sé friðhelgur, sbr. 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu. Íslenska ríkið hafi með athöfnum sínum vakið hjá eigendum jarðarinnar réttmætar væntingar til þess að land

hennar innan lýstra merkja sé undirorpið beinum eignarrétti. Loks er vísað til þess að skilyrði hefðar séu uppfyllt.

### 6.17.3. Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Gnýsstöðum er rakin í kafla 5.16. Þar kemur fram að Gnýsstaða er fyrst getið í heimildum frá lokum 18. aldar og í fyrstu nefndir hjáleiga frá jörðinni Sunnudal. Byggð hefur ekki verið samfelld á Gnýsstöðum en stóð síðast frá því um fyrir aldamótin 1900 og fram undir miðja 20. öld. Svo sem fram kemur í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámabók* hversu langt inn til landsins landnám í Vopnafirði náði. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að hluta innan þess.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum er lýst í tveimur landamerkjabréfum Gnýsstaða hið eldra ódagsett en þinglýst 14. júlí 1885, og hið yngra dags. 14. júlí 1922 og þingl. 15. júní 1923. Eldri heimildir um afmörkun liggja ekki fyrir, utan vitnisburðar, dags. 30. maí 1669, þar sem m.a. er fjallað um merki Sunnudals. Athugun þessi tekur til suðurmerkja og sunnanverðra vestur- og austurmerkja, innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Jafnframt verður litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Gnýsstaða verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Verður þá fyrst litið til vestur- og suðvesturmerkja Gnýsstaða, gagnvart Þorbrandsstaðatungum og Hraunfelli, þegar norðar dregur. Samkvæmt eldra landamerkjabréfi Gnýsstaða eru merkin að vestan miðuð við „Tröllkarl undir Sandfelli, og þaðan þvert ofan í áður nefnda Sunnudalsá“. Eðlilegast er að skilja bréfið þannig að Sunnudalsá ráði svo áfram merkjum að austan. Það er í samræmi við yngra landamerkjabréfið þar sem miðað er við að merkin liggi frá „Tröllkarli niður með Sunnudalsá, eins og hún rennur“. Samkvæmt vitnisburði frá 1669 voru merki Sunnudals talin ná „framan í upptök Sunnudalsár, fyrir utan Þorbrandstaðatungur“. Upptök Sunnudalsár má rekja í norðanvert Sandfell. Vitnisburðurinn er þannig í ágætu samræmi við landamerkjabréfin. Samkvæmt landamerkjabréfi Þorbrandsstaða frá 1885 eru merki Þorbrandsstaðatungna „Sunnudalsá upp í Sandfell“. Er sú merkjalýsing í samræmi við landamerkjabréf Gnýsstaða. Landamerkjabréf Hraunfells, ódagsett en þinglýst 14. júlí 1885, er einnig í samræmi við landamerkjabréf Gnýsstaða. Bréf Gnýsstaða eru ekki árituð vegna Þorbrandsstaðatungna eða Hraunfells né heldur þau bréf vegna Gnýsstaða.

Verður þá litið til austur- og norðausturmerkja Gnýsstaða, gagnvart Borgum og Hrappsstöðum ásamt Háteigi. Samkvæmt eldra landamerkjabréfi Gnýsstaða, frá 1885, eru merkin miðuð við „Fossá að Svartfelli allt þar til Smjörvatnsheiðarvegur liggur yfir hana, ræður svo áður nefndur vegur að Beinavörðu“. Landamerkjabréfið er áritað vegna Hrappsstaða og varaoddvita hreppsins en Borgir voru í eigu hans. Í yngra

landamerkjabréfi Gnýsstaða, frá 1922, eru austurmerki jarðarinnar áfram miðuð við Fossá en síðan „upp í Smjörvatnalæk og með honum í Smjörvatn og úr Smjörvatni í Beinavörðu“. Með þessari breytingu virðast mörkin færast lítið eitt til vesturs. Landamerkjabréfið er áritað vegna Hrappsstaða og af oddvita vegna Borga. Í vitnisburðinum frá 1663 segir um merki jarðarinnar Sunnudals að austan: „[...] allt land fyrir austan Sunnudalsá og út í Merkigil og í uppi Brunnárgil og svo upp í Svartfell.“ Afmörkun til austurs er þannig ekki fyllilega skýr en nefnt Svartfell liggur vestan undir Þrívörðuhálsi. Í málinu er ekki ágreiningur um Beinavörðu sem norðausturmörk Gnýsstaða og dregur ríkið þjóðlendukröfulínu sína þaðan og norðvestur yfir Smjörvatnsheiði.

Verður þá litið til suðurmerkja Gnýsstaða, gagnvart landsvæðum sem fjallað er um í máli nr. 2/2005 hjá óbyggðanefnd. Þetta eru Fossvellir, Hauksstaðir, Hvanná, Hofteigur og Hjarðargrund. Samkvæmt landamerkjabréfi Gnýsstaða frá 1885 eru merkin miðuð við „Beinavörðu, þaðan bein sjónhending í Tröllkarl undir Sandfelli, og þaðan þvert ofan í áður nefnda Sunnudalsá“. Landamerkjabréfið frá 1922 er í samræmi við bréfið frá 1885. Hvorugt bréfið er áritað um samþykki vegna jarða sem fjallað er um í máli 2/2005. Bréfin samrýmast landamerkjabréfi Fossvalla, dags. og þingl. 21. júní 1884, en samkvæmt því ákvarðast norðurmerki þeirrar jarðar af Beinavörðu. Í landamerkjabréfi Hauksstaða, dags. 17. júní 1883 og þingl. 18. júní 1883, er merkjum lýst til Miðheiðar. Í yngra landamerkjabréfi Hauksstaða, dags. 24. október og þingl. 27. júlí 1922, segir að merkin að norðan ráðist af Miðheiði. Nákvæm staðsetning Miðheiðar liggur ekki fyrir en í kröfulýsingu íslenska ríkisins er sveitarfélagamörkum fylgt. Í landamerkjabréfi Hvannár, dags. 20. júní 1884 og þingl. 21. júní 1884, er merkjum jarðarinnar lýst svo langt norður þar til vötnum hallar. Yngra landamerkjabréf Hvannár, dags. 12. júní 1923 og þinglýst 25. júlí sama ár, lýsir merkjum með sama hætti. Í landamerkjabréfi Hofteigs, dags. 20. júní 1884 og þingl. 21. júní sama ár, er vesturmerkjum jarðarinnar lýst í ytra Sandfellshorn og austurmerkjum þangað sem vötnum hallar. Í yngra landamerkjabréfi Hofteigs, dags. 12. júní 1923 og þingl. 25. júlí sama ár, er merkjum að austan lýst í vatnaskil og þaðan bein lína vestur í Sandfell. Loks er austurmerkjum Hjarðarhaga lýst í ytra Sandfellshorn í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags .19. júní 1884 og þingl. 21. júní sama ár. Í yngra landamerkjabréfi jarðarinnar, dags 24. október 1921 og þingl. 27. júlí 1922, er merkjum lýst með sama hætti. Engin af framangreindum landamerkjabréfum í Jökuldal og Jökulsárhlíð eru árituð vegna Gnýsstaða. Bréfin eru hins vegar í ágætu samræmi við landamerkjabréf þeirrar jarðar.

Íslenska ríkið hefur dregið þjóðlendukröfulínu sína í máli nr. 2/2005 hjá óbyggðanefnd, í 744 metra hæðarpunkt sem sagður er liggja á sveitarfélagamörkum á Miðheiði. Samkvæmt kortum liggur nefndur hæðarpunktur 1200 metrum sunnan við Beinavörðu. Myndast þannig mjó ræma milli þjóðlendukröfulína í málunum tveimur. Þar sem bæði landamerkjabréf Fossvalla í Jökulsárhlíð og Gnýsstaða lýsa merkjum í

Beinavörðu verður talið ótvírætt að merki jarðanna hafi legið saman. Í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2005 er komist að þeirri niðurstöðu að land innan merkja Fossvalla sé eignarland. Í því máli gerði íslenska ríkið hins vegar ekki þjóðlendukröfu til lands sunnan Gnýsstaða, þ.e. jarðanna Hauksstaða, Hvannár og Hofteigs.

Í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882 var gert landamerkjabréf fyrir Gnýsstaði. Af framansögðu er ljóst að kröfusvæði eiganda Gnýsstaða er innan landamerkjabréfa jarðarinnar frá 1885 og 1922. Er það raunar viðurkennt af hálfu íslenska ríkisins í þessu máli en í kröfulýsingu segir að landamerkjabréf Gnýsstaða sé „afdráttarlaus lýsing merkja allt að hreppamörkum á stóru svæði“. Heimildir benda til þess að land Gnýsstaða hafi áður verið innan merkja jarðarinnar Sunnudals. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði liggur að sveitarfélagamörkum að sunnan. Landamerkjabréf Gnýsstaða var þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um afmörkun án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Þetta bendir til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Gnýsstaða hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Þar ber þess fyrst að geta að heimild um merki jarðarinnar Sunnudals frá árinu 1669 bendir til þess að Gnýsstöðum hafi verið skipt úr landi hennar. Í samræmi við þetta eru Gnýsstaðir nefndir hjáleiga frá Sunnudal, sbr. t.d. jarðamat 1849. Aðliggjandi Gnýsstöðum eru aðrar jarðir; þar var búið um áratugaskeið og þeirri búsetu lauk ekki fyrr en um miðja síðustu öld. Samkvæmt framangreindu telur óbyggðanefnd nægjanlega fram komið að Gnýsstaðir hafi stöðu jarðar að lögum, sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*. Um þýðingu landamerkjabréfa fyrir jarðir við mat á sönnun um eignarhald að landi vísast til þess sem rakið er í kafla 6.1.1.

Ýmsar heimildir eru um afréttarnot lands innan merkja Gnýsstaða. Þannig segir í jarðamatinu 1849 að jörðin eigi „afrétt“ fyrir sig og samkvæmt fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 eiga Gnýsstaðir nægilegt upprekstrarland fyrir afréttarfé ábúanda. Í bréfi sýslumanns Norður-Múlasýslu, dags. 13. júní 1864, eru hreppstjórar beðnir að gera tillögur að fyrirkomulagi fjallskila. Í bréfi hreppstjóra Vopnafjarðarhrepps kom fram að lögréttir skyldu vera á átta stöðum í hreppnum, þar á meðal á Gnýsstöðum. Þar ætti að rétta fé af Gnýsstaðadal og norðanverðri Smjörvatnsheiði. Í ritinu *Göngur og réttir*, V. bindi útgefið 1987, segir að Gnýsstaðardalur sé meðal leitarsvæða í Vopnafirði. Það leitarsvæði liggi milli Fossár og Sandfells og sé meginhluti þess í hinni eiginlegu Smjörvatnsheiði. Í byggðasögunni *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* (I. bindi, útgefið O1974), segir að þegar Gnýsstaðir féllu úr ábúð 1945 hafi Björgvin Stefánsson keypt jörðina en upprekstrarréttur í Gnýsstaðaheiði hafi verið seldur til eigenda jarðanna Sunnudals,

Guðmundarstaða og Hrappsstaða. Í umfjöllun um Sunnudal í sömu bók segir að jörðin eigi upprekstur á Smjörvatnsheiði og Gnýsstaðadal. Guðmundarstaðir eru þar sagðir eiga upprekstur á Smjörvatnsheiði. Afsal Björgvins Stefánssonar var fært á veðmálaregistur Gnýsstaða. Í máli þessu liggja hins vegar ekki fyrir nein önnur gögn um að upprekstarrétturinn hafi verið skilinn frá jörðinni.

Ekki eru heimildir um annað en Gnýsstaðir hafi verið byggðir og nýttir eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1885 hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Heiðin hefur þar ekki verið undanskilin enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Óbyggðanefnd telur framangreindar heimildir um afrétt innan merkja Gnýsstaða vísi fremur til notkunar viðkomandi landsvæðis en eignarréttarlegrar stöðu þess.[509] Samkvæmt því telur óbyggðanefnd ekki að land Gnýsstaða hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar verða ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Einnig ber að geta þess að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Vopnafirði, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu. Með vísan til dóma Hæstaréttar 16. maí 2007 í málum nr. 448/2006, 536/2006 og 24/2007 skal þess einnig getið að á þeim landsvæðum sem nærri Gnýsstöðum liggja eru bæði eignarlönd og þjóðlendur, sé litið heildstætt á niðurstöður í málum á svæði 5 hjá óbyggðanefnd.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Gnýsstaða sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[510]

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Gnýsstaða, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.18. Jarðir sem liggja að Smjörfjallgarði

### 6.18.1. Inngangur

Umfjöllun þessa kafla tekur til landsvæðisins ofan kröfulínu íslenska ríkisins sem afmarkar þjóðlendukröfu þess í Smjörfjöllum innan sveitarfélagamarka Vopnafjarðarhrepps. Til landsvæða ofan kröfulínu ríkisins er gerð krafa um eignarrétt af hálfu þinglýstra eigenda jarðanna Hrappsstaða og Háteigs, Egilsstaða, Refsstaðar,

---

[509] Sbr. umfjöllun um jarðir og afrétti í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka)
[510] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Svínabakka og Engihlíðar, Rauðhóla, Skjaldþingsstaða, Krossavíkur, Vindfells, Eyvindarstaða og Böðvarsdals.

Íslenska ríkið gerir kröfu um að landsvæði efst í Smjörfjöllum verði úrskurðað þjóðlenda. Kröfusvæðið er afmarkað með línu sem dregin er úr Beinavörðu í suðri, þaðan í upptök Þverár, úr upptökum Þverár í 1041 m hæðarpunkt í Refsstaðafjalli, þaðan í 1008 m hæðarpunkt norðan Lambadalsskarðs, svo með fram brúnum Krossavíkurfjalla í 593 m hæðarpunkt í Selfjalli nyrst í Krossavíkurfjöllum, og þaðan í sveitarfélagamörk á Frökkufjalli. Þar tekur við kröfulína ríkisins sem lýst er í máli 2/2005 – Jökuldalur norðan og vestan Jökulsár ásamt Jökulsárhlíð og Hróarstungum. Af hálfu eigenda Hrappsstaða, Egilsstaða, Refsstaðar, Svínabakka og Engihlíðar, Rauðhóla, Skjaldþingsstaða, Krossavíkur, Vindfells, Eyvindarstaða og Böðvarsdals er því haldið fram að landsvæðið sé undirorpið beinum eignarrétti. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í köflum 3.18.–3.27.

Smjörfjöllin eru firnabreiður fjallgarður sem er mikill um sig og rísa hæstu hnjúkarnir í yfir 1200 m hæð yfir sjávarmáli. Rísa þau hæst í 1255 m hæð yfir sjávarmáli í hnjúki sem liggur um 11,5 km austan Gnýsstaða, mælt í beinni loftlínu. Um Smjörfjöllin liggja sveitarfélagamörk Fljótsdalshéraðs og Vopnafjarðarhrepps. Vopnafjarðarmegin eru Smjörfjöllin með hamrabrúnir, þar sem smáir hvilftarjöklar hafa grafið sig niður á nokkrum stöðum og myndað skálar og ekið fram jökulruðningi á nokkrum stöðum. Frá bæjarstæðum jarða Vopnafjarðarmegin Smjörfjallanna að sveitarfélagamörkum á Smjörfjöllum eru um 9,5–13 km, mælt í beinni loftlínu.

### 6.18.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1 (6), er almennt byggt á því að landnám og lög séu frumstofnunarhættir beins eignarréttar. Grundvöllur að beinum eignarrétti hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalausum svæðum fjölgað með tímanum. Byggt er á því að afréttir, eins og þeir hafi verið skilgreindir fyrir gildistöku þjóðlendulaga 1998, hafi verið þjóðlendur þar sem tilteknum jörðum fylgdi réttur til afréttarnota. Þar sem í skrifuðu máli er sagt að ákveðið land utan byggðar sé eign einhvers aðila sé allt eins átt við afréttareign eins og að viðkomandi aðili eigi beinan eignarrétt. Af hálfu ríkisins er því sérstaklega haldið fram að mörkum Hrappsstaða sé ekki lýst lengra en sem nemur punkti 16 í kröfulínu þess (við upptök Þverár) og að áðurnefndir punktar í Refsstaðafjalli, norðan Lambadalsskarðs, í Selfjalli og Frökkufjalli liggi ofan lýstra merkja jarða í Vopnafirði. Útilokað sé að beinn eignaréttur að landi geti náð til lands í svona mikilli hæð yfir sjó. Þá er sérstaklega á því byggt varðandi jörðina Vindfell að þrátt fyrir að eignardómur hafi gengið um jörðina árið 1995 bindi það ekki hendur ríkisins þar sem ríkið hafi ekki verið aðili að málinu og hafi fyrst getað öðlast aðild að slíkum málum eftir setningu þjóðlendulaga, nr. 58/1998.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl nr. 5, 5(3), 6, 6(3), 8, 8(3), 10, 10(3), 13, 13(3), 14, 14(7), 15, 15(3), 16, 16(13), 18, 18(4), 19 og 19(3), er því haldið fram að af lýsingum *Landnámu* megi ráða að allt land í Vopnafjarðarhreppi hafi verið numið í upphafi. Umrædd landsvæði séu innan landnáms Eyvindar vopna sem nam Vopnafjörð allan austan Vesturdalsár. Þau hafi þannig frá landnámi verið undirorpin beinum eignarrétti. Því er mótmælt að óljósar lýsingar *Landnámu* verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðanna verði dregin í efa. Vísað er til þinglýstra landamerkjabréfa viðkomandi jarða sem í aðalatriðum séu samhljóða og uppáskrifuð af eigendum aðliggjandi jarða þó að ekki sé farið yfir sveitarfélagamörk til að afla undirskrifta. Landamerkin séu þinglýst og færð í landamerkjabók og séu ágreiningslaus. Fjallskilavenjur geti ekki ráðið úrslitum þegar metið sé hvort land jarðar sé undirorpið beinum eignarrétti. Vísað er til þess að málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd lúti ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og með hliðsjón af meðalhófsreglu þeirri sem lögfest er í 12. gr. laganna sé óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að axla hana. Sem dæmi um slíkar óhóflegar sönnunarkröfur megi nefna að landeiganda sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga.

Gagnaðilar halda því og fram að eftir að ríkisvald stofnaðist hér á landi hafi handhafar þess margsinnis, bæði beint og óbeint, viðurkennt fullkominn eignarrétt þeirra innan lýstra merkja. Hafi ríkisvaldið einhvern tíma getað haft uppi vefengingarkröfu á hendur þeim sé ljóst að slík krafa sé fyrir löngu fallin úr gildi fyrir tómlæti eða fyrningu handhafa ríkisvaldsins. Heimildarskjölum þeirra fyrir jörðunum hafi verið þinglýst athugasemdalaust. Gagnaðilar hafi þess vegna í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að land innan landamerkja jarðanna væri undirorpið fullkomnum eignarrétti þeirra. Einnig vísa þeir til hefðar málstað sínum til stuðnings. Staðhættir og heimildir um gróðurfar og nýtingu mæli því ekki í mót að land jarðanna hafi verið numið svo að samræmist landamerkjabréfum þeirra. Það hafi fyrst verið við setningu landamerkjalaga árið 1882 og síðar árið 1919 að stjórnvöld áttu frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því sé staðan sú í fjölmörgum tilvikum að elstu upplýsingar um landamerki jarða hafi ekki orðið til fyrr en í kjölfar landamerkjalaga. Þá vísa margir gagnaðila til þess að ekki verði annað séð af gögnum málsins en merki hafi verið virt milli aðila um áratugaskeið án árekstra og jarðirnar skráðar í veðmálabækur án árekstra.

Gagnaðilar vegna Vindfells, benda sérstaklega á að þeir hafi fengið eignardóm fyrir jörðinni árið 1995 þar sem óskoruð eignarráð þeirra yfir jörðinni voru viðurkennd. Þá er hafnað þeim skilningi íslenska ríkisins að það hafi ekki getað öðlast aðild að eignardómsmálum eins og því er eigendur Vindfells fengu dóm í árið 1995,

þar sem íslenska ríkið hafi í málum sem varða eignarrétt að landi stefnt sér inn í mál eftir almennum reglum ef það hafi talið sig eiga hagsmuna að gæta.

Gagnaðilar vegna Krossavíkur vísa sérstaklega til dóma Mannréttindadómstóls Evrópu þar sem reynt hafi á skýringu hugtaksins eign. Þá byggja þeir á því að land innan landamerkja jarðar sé eignarland. Landamerkjalög 1882 hafi ekki kveðið á um hvaða land eða hver landgæði fylgdu jörðum eða öðrum fasteignum enda hafi ekkert verið um það deilt þar sem jarðeigandi hafi verið talinn eiga fullkominn eignarrétt innan landamerkja jarðar sinnar. Einnig er byggt á því að venjuréttur og hefðarsjónarmið leiði til þess að allt land innan landamerkja jarða teljist eignarland.

### 6.18.3. Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar þeirra jarða í Vopnafjarðarhreppi sem liggja að Smjörfjöllum er rakin í köflum 5.17.–5.26. Af þeim heimildum sem þar eru raktar verður ráðið að um sjálfstæðar jarðir hefur verið að ræða.[511] Svo sem fram kemur í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámabók* hversu langt inn til landsins landnám í Vopnafirði náði. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að hluta innan þess.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum umræddra jarða er lýst í landamerkjabréfum og hvað ráðið verður af eldri heimildum um sama efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Smjörfjallgarði austanverðum. Athugun þessi tekur til merkja jarðanna, inn til landsins, og innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki jarðanna verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Í landamerkjalýsingum þeirra jarða sem gerðar eru eignarlandskröfur til er merkjum jarðanna gjarnan lýst frá upptökum áa í Smjörfjöllum eða frá vatnaskilum. Hér verður gerð grein fyrir landamerkjum jarðanna eins og þeim er lýst í landamerkjabréfum þeirra að því marki sem þau skarast við kröfusvæði íslenska ríkisins.

Eystri landamerkjum Hrappsstaða er lýst frá upptökum Þverár í landamerkjabréfi jarðarinnar frá árinu 1885. Í landamerkjabréfi hennar frá árinu 1922 er umræddum merkjum lýst svo að Þverá ráði „ofan úr háfjöllum“. Vestari landamerkjum Egilsstaða er lýst með sama hætti í landamerkjabréfum þeirrar jarðar frá árunum 1885 og 1922.

Nyrðri merkjum Egilsstaða er lýst svo í landamerkjabréfi jarðarinnar frá árinu 1885 að að utan ráði „Kvíslin“ ofan úr fjalli. Í landamerkjabréfi jarðarinnar frá árinu 1922 er það orðað svo að Refsstaðakvísl ráði „ofan úr háfjöllum“. Syðri

[511] Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

landamerkjum Refsstaðar er lýst með sama hætti í landamerkjabréfum þeirrar jarðar frá árunum 1885 og 1922.

Nyrðri merkjum Refsstaðar er lýst svo í landamerkjabréfi jarðarinnar frá árinu 1885 að Selá ráði „frá fjalli“ og í landamerkjabréfinu frá árinu 1922 er það orðað svo að Selá ráði alla leið „austan úr háfjöllum“. Syðri landamerkjum Svínabakka er lýst með sambærilegum hætti í landamerkjabréfum þeirrar jarðar frá árunum 1885 og 1922.

Í umræddu landamerkjabréfi frá árinu 1885 er nyrðri landamerkjum Svínabakka til fjalla lýst svo að að utan ráði „sjónhending úr efsta Einbúa í Klöpp á Votaberg.“ Í landamerkjabréfi jarðarinnar frá árinu 1922 er umræddum merkjum lýst svo að þau séu: „Að utan: úr röðinni fremst á Strákatindi, utan við Öskjuna og í Selhryggjakverk fremst, þaðan beint í efsta Einbúa, úr honum í merkjavörðu á Votabergi“. Syðri landamerkjum Rauðhóla er lýst með nákvæmlega sama hætti til fjallanna í landamerkjabréfum þeirrar jarðar frá árunum 1885 og 1922.

Í umræddu landamerkjabréfi Rauðhóla frá árinu 1885 er nyrðri merkjum jarðarinnar lýst svo að að utan ráði: „Sjónhending úr Strákum á Strákatindi um ytra „heystæði.“ Sama lýsing er hvað það varðar í landamerkjabréfi jarðarinnar frá árinu 1922. Það kemur heim og saman við lýsingu syðri landamerkja Skjaldþingsstaða í landamerkjabréfum þeirrar jarðar frá árunum 1880 og 1922. Þar er umrætt heystæði nefnt Markúsarheystæði og staðsett í Lambhaga.

Í umræddum landamerkjabréfum Skjaldþingsstaða er merkjum jarðarinnar til norðurs gagnvart Syðri-Vík lýst svo að taka skuli beina línu úr Einbúa í fjallsbrún þannig að tveir hlutir landstykkis þess sem eru á milli Litluár og Melalækjar tilheyri Skjaldþingsstöðum en einn hluti þess Syðri-Vík. Vestari landamerkjum Krossavíkur er lýst svo í landamerkjabréfi jarðarinnar frá árinu 1890 að Marklækur ráði „ofan að vaði“. Að austan er Gljúfursá sögð ráða „frá fjalli til fjöru”. Það samrýmist lýsingu vesturmerkja Vindfells í landamerkjabréfi þeirrar jarðar frá árinu 1884 þar sem segir „að innan skilur Gljúfursá á milli Krossavíkur og Vindfells“. Í landamerkjabréfi Vindfells frá árinu 1922 er Gljúfursá sögð ráða merkjum alla leið úr Gljúfursárbotni. Í áðurnefndu landamerkjabréfi Vindfells frá árinu 1884 eru eystri mörk jarðarinnar dregin „inn hæstu urðir að Vesturkvísl fyrir utan Lambadalsveg“ og í landamerkjabréfinu frá árinu 1922 „inn urðir eftir miðju háfjalli (Vindfellsfjalli) alla leið inn að Krossavíkurlandi“. Vestari landamerkjum Eyvindarstaða er lýst svo í landamerkjabréfi jarðarinnar frá árinu 1884 að þau nái upp í Stóru steins vörðu. Landamerkjum Eyvindarstaða er þannig lýst skemur inn til fjalla en gert er í landamerkjabréfi Vindfells. Þá er eystri landamerkjum jarðarinnar lýst svo að Dalsá ráði að austan og utan. Þar mun vera átt við Böðvarsdalsá sbr. meðal annars byggingarbréf fyrir Eyvindarstaði frá árinu 1663 þar sem Böðvarsdalsá er sögð ráða „í háfjöll sem vötn mega deila“. Það kemur heim og saman við landamerkjabréf Böðvarsdals frá árinu 1884 sem lýsir vestari landamerkjum Böðvarsdals til fjallanna

„úr Seldalsurðum og inn Lambadalsveg, þaðan norður í Böðvarsdalsá“. Í landamerkjabréfi Böðvarsdals frá árinu 1922 er umræddum landamerkjum lýst „úr Seldalsurðum og inn á Lambadalsveg, þaðan norður í Böðvarsdalsá“.

Í þeim landamerkjabréfum sem að framan er vísað til er landamerkjum milli jarða gjarnan lýst að vatnaskilum í Smjörfjöllum og stundum vísað til kennileita í háfjöllunum svo sem Einbúa, Lambadalsvegar og Stráka í Strákatindi. Af eldri heimildum sem raktar eru í köflum 5.17.–5.26 verður ráðið að þær renni almennt frekari stoðum undir þær landamerkjalýsingar sem raktar hafa verið varðandi mörk umræddra jarða undir Smjörfjöllum til fjallanna. Í þeim tilvikum sem ósamræmis gætir er það lítils háttar og verður ekki ráðið af eldri heimildum að efri mörk jarðanna til fjallanna hafi almennt legið neðar en landamerkjabréfin gefa til kynna. Samkvæmt því sem að framan er rakið verður að telja að allt það landsvæði í Smjörfjöllum sem þjóðlendukrafa ríkisins lýtur að sé innan landamerkja umræddra jarða. Í austurhlíðum Smjörfjalla liggja jarðir í Jökulsárhlíð á Fljótsdalshéraði. Eins og fram kemur í umfjöllun um þær jarðir í máli nr. 2/2005 hjá óbyggðanefnd er þeim, líkt og þeim jörðum sem hér eru til umfjöllunar, lýst upp til fjallanna, gjarnan að vatnaskilum. Af því verður ráðið að jarðir í Vopnafjarðarhreppi og í Jökulsárhlíð liggi saman í Smjörfjöllum.

Í ljósi framangreinds og heimilda um merkjalýsingar annarra jarða austur með Smjörfjöllum telur óbyggðanefnd að merki jarða í Vopnafjarðarhreppi nái saman við merki annarra jarða uppi á Smjörfjöllum. Óbyggðanefnd telur að heimildir um merki jarða vestur, norður og austur með Smjörfjöllum bendi til þess að þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins falli allt innan þeirra. Þá skal áréttað að í merkjaumfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Hér verður fjallað um sameiginleg atriði sem varða þetta landsvæði og komist að niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu þess. Um þýðingu landamerkjabréfa almennt fyrir jarðir við mat á sönnun um eignarhald að landi vísast til þess sem rakið er í kafla 6.1.1.

Í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882 voru gerð landamerkjabréf fyrir þær jarðir sem hér eru til umfjöllunar. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en merkjum sé þar að mestu leyti rétt lýst. Landamerkjabréf jarðanna eru í flestum tilvikum samþykkt af aðliggjandi jörðum eða öfugt þótt ekki sé leitað samþykkis yfir sveitarfélagamörk en í öðrum tilvikum samrýmast merki jarða á kröfusvæðinu. Bréfin voru þinglesin, færð í landamerkjabók og á þeim byggt síðan um merki jarðanna án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem máli skiptir við úrlausn þessa máls. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Þá er og ljóst að eigendur jarðanna hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Ekki eru heimildir um annað en umræddar jarðir hafi verið byggðar og nýttar eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem hér er byggt á um landamerki hafa eigendur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið hefur þar ekki verið undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Óvissa um upptök einstakra áa eða eftir atvikum staðsetningu vatnaskila er ekki slík að hún skipti máli við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæðisins. Engin gögn benda til þess að land á þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins, innan merkja jarða, hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað land þeirra.

Að landsvæði því sem hér er til umfjöllunar liggja landsvæði sem úrskurðuð hafa verið eignarlönd í máli nr. 2/2005 hjá óbyggðanefnd. Er þannig leitt í ljós að allt landsvæðið austan þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar er eignarland. Telur óbyggðanefnd að gögn málsins styðji ekki þá niðurstöðu að gera eigi mun á umræddu landsvæði og aðliggjandi eignarlöndum að þessu leyti. Þá verður ekki séð að eldri heimildir mæli gegn þeim lýsingum sem landamerkjabréf umræddra jarða fela í sér.

Þá ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Vopnafirði, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 36. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að á þessu landsvæði sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[512]

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land það sem eigendur Hrappsstaða, Egilsstaða, Refsstaðar, Svínabakka og Engihlíðar, Rauðhóla, Skjaldþingsstaða, Krossavíkur, Vindfells, Eyvindarstaða og Böðvarsdals gera kröfu um eignarrétt að svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

### 6.19. Um málskostnað

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat hefur nefndin m.a. litið til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eiga að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga enda rekist hagsmunir ekki á. Við mat á fjárhæð kostnaðar hefur nefndin enn fremur

---

[512] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

litið til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu.

## 7. ÚRSKURÐARORÐ[513]

Landsvæði utan landamerkja jarðarinnar Hvammsgerðis, suðvestur undir Ytri-Hágangi, svo sem það er afmarkað hér á eftir, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Frá vatnaskilum á Ytri-Hágangi, á sveitarfélagamörkum og jafnframt í nyrðri kröfulínu vegna Hvammsgerðis, er vatnaskilum fylgt suður þar til kemur að skurðpunkti við syðri kröfulínu vegna Hvammsgerðis (sem jafnframt er nyrðri kröfulína Hróaldsstaða II) í máli þessu. Þeirri kröfulínu er síðan fylgt til norðvesturs að skurðpunkti við línu sem dregin er úr vörðu sem stendur á hól við Kistufellslæk í Hölknárdrög við nyrsta Hágangshorn. Hinni síðastnefndu línu er síðan fylgt til norðurs, að kröfulínu vegna Hvammsgerðis á sveitarfélagamörkum. Loks er sveitarfélagamörkum fylgt til austurs í hinn fyrstnefnda punkt á vatnaskilum.*

Sama landsvæði er í afréttareign Hvammsgerðis, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði utan landamerkja jarðarinnar Hróaldsstaða, þ. á m. í Þverfellsdal, svo sem það er afmarkað hér á eftir, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Farið er úr punkti sem er þar sem nyrðri kröfulína vegna Hróaldsstaða II (sem jafnframt er syðri kröfulína vegna Hvammsgerðis) mætir línu sem dregin er úr vörðu sem stendur á hól við Kistufellslæk í Hölknárdrög við nyrsta Hágangshorn, og með þeirri línu til suðurs í punkt sem er þar sem syðri kröfulína Hróaldsstaða I (sem jafnframt er nyrðri kröfulína Áslaugarstaða) mætir sömu línu. Þaðan er kröfulínu Hróaldsstaða I (og Áslaugarstaða) fylgt að vatnaskilum. Síðan er vatnaskilum fylgt norður að framangreindri nyrðri kröfulínu Hróaldsstaða II (og Hvammsgerðis) og henni fylgt til vesturs í þann punkt sem hér að framan var fyrst nefndur.*

Sama landsvæði er í afréttareign Hróaldsstaða, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði utan landamerkja jarðarinnar Áslaugarstaða, þ. á m. á vestanverðum Syðra-Hágangi, svo sem það er afmarkað hér á eftir, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

---

[513] Sjá til skýringar fylgiskjal nr. I (kort). Við afmörkun þjóðlendu í hverju máli fyrir sig er miðað við orðalag í fyrirliggjandi heimildum um það landsvæði sem til meðferðar er. Blæbrigðamunur kann því að vera á lýsingum á sömu línu á milli einstakra mála.

*Farið er úr punkti á Syðri-Hágangi sem er þar sem syðri kröfulína vegna Áslaugarstaða (sem er jafnframt nyrðri kröfulína vegna Leifsstaða) mætir línu sem dregin er úr vörðu sem stendur á hól við Kistufellslæk í Hölknárdrög við nyrsta Hágangshorn og með þeirri línu til norðurs í þann punkt þar sem nyrðri kröfulína Áslaugarstaða (og jafnframt syðri kröfulína vegna Hróaldsstaða I) mætir sömu línu. Þaðan er kröfulínu Áslaugarstaða (og Hróaldsstaða I) fylgt austur að vatnaskilum og síðan vatnaskilum í suðurátt í þann punkt sem hér að framan var fyrst nefndur.*

Sama landsvæði er í afréttareign Áslaugarstaða, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði norðvestan Kistufells, utan landamerkja jarðarinnar Þorvaldsstaða, svo sem það er afmarkað hér á eftir, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Frá þeim stað þar sem kröfulína vegna Þorvaldsstaða, á milli Syðri-Hágangs og Kistufells, sker vatnaskil er kröfulínunni fylgt í Kistufellslæk og þeim læk í Miðfjarðará. Miðfjarðará er fylgt til suðvesturs og síðan Miðlæk í Einstöku torfu. Þaðan er dregin lína yfir Kistufell í stefnu á Merkisstein á Urðarups og ræður sú lína, sem jafnframt er kröfulína vegna Þorvaldsstaða, að vatnaskilum á Kistufelli. Loks er vatnaskilum fylgt norðaustur að hinum fyrstnefnda punkti.*

Sama landsvæði er í afréttareign Þorvaldsstaða, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði norðvestan Kistufells, utan landamerkja jarðarinnar Hamars, svo sem það er afmarkað hér á eftir, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Frá þeim stað þar sem nyrðri kröfulína vegna Hamars, svo sem hún liggur frá Merkissteini á Urðarups í Einstöku torfu, sker vatnaskil á Kistufelli er vatnaskilum fylgt yfir Kistufell þar til þau skera syðri kröfulínu vegna Hamars (sem jafnframt er nyrðri kröfulína vegna Mælifells). Sú kröfulína liggur í stefnu frá Upsarbrún í Miðfjarðará og henni er fylgt norðvestur yfir Kistufell og í Miðfjarðará. Síðan er Miðfjarðará fylgt að Miðlæk og þeim læk í Einstöku torfu. Þaðan er dregin lína yfir Kistufell í stefnu á Merkisstein á Urðarups og ræður sú lína, sem jafnframt er kröfulína vegna Hamars (og Þorvaldsstaða), að hinum fyrstnefnda punkti í vatnaskilum á Kistufelli.*

Sama landsvæði er í afréttareign Hamars, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Mælifellsland, svo sem það er afmarkað hér á eftir, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Frá þeim stað þar sem Almenningsá fremri rennur í Selá ræður Selá að Selsárósi. Þá ræður Selsá að upptökum. Þaðan er dregin bein lína í Sýslumannsvörðu á mörkum Vopnafjarðarhrepps og Þórshafnarhrepps og þeim mörkum síðan fylgt í Miðfjarðarárdrög. Úr Miðfjarðarárdrögum er farið í Upsabrúnir og þaðan er Almenningsá fremri fylgt aftur í Selá.*

Sama landsvæði er í afréttareign Mælifells, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. laga nr. 58/1998, sem nýtur veiðiréttar í Selá samkvæmt II. kafla laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006.

Selsárvellir, svo sem landsvæðið er afmarkað hér á eftir, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Selá ræður frá Selsárósi þar til Ytri-Hrútá fellur í hana. Þaðan ræður Ytri-Hrútá að sýslumörkum. Sýslumörkum er fylgt í Einbúa og þaðan í Sýslumannsvörðu á mörkum Vopnafjarðarhrepps og Þórshafnarhrepps, síðan í upptök Selsár. Loks er Selsá fylgt í Selá og er þá komið að hinum fyrstnefnda punkti.*

Sama landsvæði er í afréttareign þeirra aðila sem kallað hafa til réttinda yfir Selsárvöllum í máli þessu, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Afréttur Vopnafjarðarhrepps, svo sem hann er afmarkaður hér á eftir, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Úr Selárbotnum er farið yfir Grjóturðarkambinn beina stefnu ofan í Skeljungskvos þar sem Skeljungsá hefur upptök sín. Þaðan er farið beina línu í hæsta punkt í Súlendum og síðan í læk þann sem kemur ofan framan við Súlendur og í efsta bug á Hölkná. Þá er farið með Hölkná að sveitarfélagamörkum og þeim fylgt til norðvesturs aftur í Selárbotna. Þaðan er svo farið í Selá og henni fylgt þar til Fremri-Hrútá fellur í hana en þá er farið vestur Dimmagil og í Svartfell sem er á sveitarfélagamörkum. Loks er sveitarfélagamörkum fylgt til austurs í Selárbotna.*

Sama landsvæði er afréttur jarða í Vopnafjarðarhreppi í skilningi 1. gr. og b-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998.

Steinvarartunga að meðtöldum hluta Mela, svo sem landsvæðið er afmarkað hér á eftir, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Að austan ræður Tungnaá suður á heiði að syðri Geldingalæk þar sem hann fellur í nefnda á, þaðan sjónhending í Kolfinnulind, þaðan beint í*

*syðra Brunahorn og svo í þriðja bug á Hofsá. Síðan ræður hún þar til Tungnaá fellur í hana.*

Sama landsvæði er í afréttareign Hofs, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Þorbrandsstaðatungur, svo sem þær eru afmarkaðar hér á eftir, eru þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Ræður Þórðará að innan og neðan þar til hún fellur í Sunnudalsá; svo ræður Sunnudalsá upp í Sandfell, þá er sveitarfélagamörkum fylgt til vesturs í áðurnefnda Þórðará.*

Sama landsvæði er í afréttareign Þorbrandsstaða, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Útlagður kostnaður málsaðila, annarra en fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins, utan þóknunar lögmanna, hefur þegar verið endurgreiddur úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998. Þóknun málflytjenda ákvarðast svo: Friðbjörn E. Garðarsson hdl. kr. 4.420.000.– og Ólafur Björnsson hrl. kr. 2.970.000.– og greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

Gerður er fyrirvari um hnitasetningu þjóðlendulínu að liðnum málsskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu. Þá getur skipan þjóðlendu innan staðarmarka sveitarfélaga komið til endurskoðunar.

Kristján Torfason

Karl Axelsson

Sif Guðjónsdóttir

## VIÐAUKI

**Almennar niðurstöður óbyggðanefndar í málum nr. 1-7/2000 (Uppsveitir Árnessýslu) og 1-5/2001 (Sveitarfélagið Hornafjörður).**

*Sjá bls. 151-215.*

## FYLGISKJÖL

**I. Kort**
**II. Aðilaskrá**
**III. Skjalaskrá**




Yfirlitskort
Mál nr. 3/2005
Vopnafjarðarhreppur

Óbyggðanefnd
ÞJÓÐLENDUR

- Mörk þjóðlendu skv. úrskurði óbyggðanefndar
- Mörk afréttareignar innan þjóðlendu skv. úrskurði óbyggðanefndar
- Aðalkrafa ríkisins um þjóðlendumörk
- Varakrafa ríkisins um þjóðlendumörk
- Kröfur gagnaðila ríkisins
- Varakröfur gagnaðila ríkisins
- Afmörkun á kröfugerð ábúenda
- Skörun á kröfum gagnaðila ríkisins
- Mörk sveitarfélaga
- Vatnaskil

Um tölusetta kröfulínupunkta vísast til kröfulýsinga málsaðila
Línur sem liggja samsíða hafa sömu staðsetningu

Dags. 29. maí 2007 Blað nr. VO-01

LANDFORM ehf

Kortagrunnur: IS50V birt með leyfi Landmælinga Íslands (L05040005)
LANDSLAGSARKITEKTAR FÍLA, AUSTURVEGUR 6, 800 SELFOSS, s/482 4090 fax/482 3542, landform@landform.is

## II. Aðilaskrá

| | |
|---|---|
| Þjóðlendur | Fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins. |
| Afréttur Vopnafjarðarhrepps | Vopnafjarðarhreppur |
| Arnarvatn | Vopnafjarðarhreppur |
| Áslaugarstaðir | Katrín Gústafsdóttir |
| Áslaugarstaðir | Veiðiklúbburinn Strengur ehf. |
| Áslaugarstaðir | Þengill Oddsson |
| Áslaugarstaðir | Þorsteinn Páll Gústafsson |
| Brunahvammur (Bustarfell) | Elín Methúsalemsdóttir |
| Brunahvammur (Bustarfell) | Bragi Vagnsson |
| Böðvarsdalur | Alma Kristmannsdóttir |
| Böðvarsdalur | Anna Birgitta Geirfinnsdóttir |
| Böðvarsdalur | Dánarbú Einars Runólfssonar |
| Böðvarsdalur | Erna Hannesdóttir |
| Böðvarsdalur | Hrannar Kristmannsson |
| Böðvarsdalur | Jónína Hannesdóttir |
| Böðvarsdalur | Lára J. Einarsdóttir |
| Böðvarsdalur | Óskar H. Kristmannsson |
| Böðvarsdalur | Runólfur Hannesson |
| Böðvarsdalur | Runólfur K. Einarsson |
| Böðvarsdalur | Sigurður Geirfinnsson |
| Böðvarsdalur | Sigurður S. Einarsson |
| Böðvarsdalur | Ægir Karl Kristmansson |
| Egilsstaðir | Björn Sæmundsson |
| Einarsstaðir | Grétar Jónsson |
| Einarsstaðir | Guðbjörg Pétursdóttir |
| Engihlíð | Gauti Halldórsson |
| Engihlíð | Halldóra Andrésdóttir |
| Eyvindarstaðir | Eyvindur Vopni Hauksson |
| Eyvindarstaðir | Gunnar Hreinn Hauksson |
| Eyvindarstaðir | Indriði Rafn Hauksson |

| | |
|---|---|
| Eyvindarstaðir | Rósa Jónsdóttir |
| Fagrakinn (Bustarfell) | Bragi Vagnsson |
| Fagrakinn (Bustarfell) | Elín Methúsalemsdóttir |
| Gestreiðarstaðir (Bustarfell) | Bragi Vagnsson |
| Gestreiðarstaðir (Bustarfell) | Elín Methúsalemsdóttir |
| Gnýsstaðir | Anton Gunnarsson |
| Gnýsstaðir | Arnþór Ingi Sigurjónsson |
| Gnýsstaðir | Ásta Sigurðardóttir |
| Gnýsstaðir | Emil Þór Erlingsson |
| Gnýsstaðir | Erlingur Emilsson |
| Gnýsstaðir | Gunnar Kristberg Gunnarsson |
| Gnýsstaðir | Grétar Urðar Karlsson |
| Gnýsstaðir | Jakob Karlsson |
| Gnýsstaðir | Stefanía Katrín Karlsdóttir |
| Gnýsstaðir | Sunnudalur ehf. |
| Hamar | Alda Þórðardóttir |
| Hamar | Ásta Þórðardóttir |
| Hamar | Björn Sigmarsson |
| Hamar | Erla Guðrún Þórðardóttir |
| Hamar | Flosi Jörgensson |
| Hamar | Frímann Freyr Kjerúlf Björnsson |
| Hamar | Guðrún Gunnarsdóttir |
| Hamar | Hallfríður Frímannsdóttir |
| Hamar | Helgi Jörgensson |
| Hamar | Hjalti Jörgensson |
| Hamar | Ingibjörg Steindórsdóttir |
| Hamar | Jónína Sigríður Jörgensdóttir |
| Hamar | Karen Björnsdóttir |
| Hamar | Kolfinna Gunnarsdóttir |
| Hamar | Laufey Jörgensdóttir |
| Hamar | Margrét Sigríður Björnsdóttir |
| Hamar | Marta A. Þórðardóttir |
| Hamar | Sigmar Jörgensson |
| Hamar | Steindór Gunnarsson |

| | |
|---|---|
| Hamar | Sverrir Jörgensson |
| Hamar | Valgerður Salvör Schultz |
| Hamar | Þórdís Unnur Þórðardóttir |
| Hamar | Þórlaug Steingerður Toivonen |
| Hauksstaðir | Baldur Guðmundsson |
| Hauksstaðir | Friðbjörn H. Guðmundsson |
| Hauksstaðir | Guðlaug Friðbjarnardóttir |
| Hámundarstaðir I | Hámundarstaðir ehf. |
| Hámundarstaðir II | Guðni Jóhannes Stefánsson |
| Hámundarstaðir III | Hámundarstaðir ehf. |
| Hámundarstaðir IV | Guðni Jóhannes Stefánsson |
| Háteigur | Helgi Sigurðsson |
| Háteigur | Margrét Sigtryggsdóttir |
| Hrappsstaðir I–II | Einar Helgason |
| Hrappsstaðir I–II | Gísli Helgason |
| Hraunfell | Anton Gunnarsson |
| Hraunfell | Baldur Guðmundsson |
| Hraunfell | Bergþóra Gunnlaugsdóttir |
| Hraunfell | Dánarbú Einars Jónssonar |
| Hraunfell | Dánarbú Guðmundar Jónssonar |
| Hraunfell | Dánarbú Steindórs Jónssonar |
| Hraunfell | Elín Methúsalemsdóttir |
| Hraunfell | Emil Þór Erlingsson |
| Hraunfell | Erlingur Emilsson |
| Hraunfell | Friðbjörn H Guðmundsson |
| Hraunfell | Friðjón Gunnlaugsson |
| Hraunfell | Gunnar Kristberg Gunnarsson |
| Hraunfell | Gunnlaugur Björnsson |
| Hraunfell | Gunnþórunn Gunnlaugsdóttir |
| Hraunfell | Helga Gunnlaugsdóttir |
| Hraunfell | Jóhannes Kristinsson |
| Hraunfell | Jón Þ. Guðmundsson |
| Hraunfell | Níels Gunnlaugsson |
| Hraunfell | Sigríður Pétursdóttir |

| | |
|---|---|
| Hraunfell | Sigurbjörg Kr. Guðmundsdóttir |
| Hraunfell | Vesturfarar ehf. |
| Hróaldsstaðir I | Karl Steingrímsson |
| Hróaldsstaðir II | Auður Jónsdóttir |
| Hróaldsstaðir II | Sigmundur Steingrímsson |
| Hvammsgerði | Veiðiklúbburinn Strengur ehf. |
| Krossavík I | Björn Sigmarsson |
| Krossavík II | Hallfríður Frímannsdóttir |
| Krossavík II | Karen Björnsdóttir |
| Krossavík II | Frímann Freyr Kjerúlf Björnsson |
| Krossavík II | Margrét Sigríður Björnsdóttir |
| Leifsstaðir | Guðmundur Gústafsson |
| Leifsstaðir | Katrín Gústafsdóttir |
| Leifsstaðir | Ólafur Hergill Oddsson |
| Leifsstaðir | Þorsteinn Páll Gústafsson |
| Melar (Hof) | Prestssetrasjóður |
| Mælifell | Alda Þórðardóttir |
| Mælifell | Ásta Þórðardóttir |
| Mælifell | Björn Sigmarsson |
| Mælifell | Erla Guðrún Þórðardóttir |
| Mælifell | Flosi Jörgensson |
| Mælifell | Frímann Freyr Kjerúlf Björnsson |
| Mælifell | Guðrún Gunnarsdóttir |
| Mælifell | Hallfríður Frímannsdóttir |
| Mælifell | Helgi Jörgensson |
| Mælifell | Hjalti Jörgensson |
| Mælifell | Ingibjörg Steindórsdóttir |
| Mælifell | Jónína Sigríður Jörgensdóttir |
| Mælifell | Karen Björnsdóttir |
| Mælifell | Kolfinna Gunnarsdóttir |
| Mælifell | Laufey Jörgensdóttir |
| Mælifell | Margrét Sigríður Björnsdóttir |
| Mælifell | Marta A. Þórðardóttir |
| Mælifell | Sigmar Jörgensson |

| | |
|---|---|
| Mælifell | Steindór Gunnarsson |
| Mælifell | Sverrir Jörgensson |
| Mælifell | Valgerður Salvör Schultz |
| Mælifell | Þórdís Unnur Þórðardóttir |
| Mælifell | Þórlaug Steingerður Toivonen |
| Rauðhólar | Trausti Gunnsteinsson |
| Refsstaður I | Félagsbúið Refsstað ehf. |
| Refsstaður II | Ágústa Þorkelsdóttir |
| Refsstaður II | Þórður Pálsson |
| Refsstaður III | Félagsbúið Refsstað ehf. |
| Selsárvellir | Alda Þórðardóttir |
| Selsárvellir | Ásta Þórðardóttir |
| Selsárvellir | Björn Sigmarsson |
| Selsárvellir | Erla Guðrún Þórðardóttir |
| Selsárvellir | Flosi Jörgensson |
| Selsárvellir | Frímann Freyr Kjerúlf Björnsson |
| Selsárvellir | Guðrún Gunnarsdóttir |
| Selsárvellir | Hallfríður Frímannsdóttir |
| Selsárvellir | Helgi Jörgensson |
| Selsárvellir | Hjalti Jörgensson |
| Selsárvellir | Ingibjörg Steindórsdóttir |
| Selsárvellir | Jónína Sigríður Jörgensdóttir |
| Selsárvellir | Karen Björnsdóttir |
| Selsárvellir | Kolfinna Gunnarsdóttir |
| Selsárvellir | Laufey Jörgensdóttir |
| Selsárvellir | Margrét Sigríður Björnsdóttir |
| Selsárvellir | Marta A. Þórðardóttir |
| Selsárvellir | Sigmar Jörgensson |
| Selsárvellir | Steindór Gunnarsson |
| Selsárvellir | Sverrir Jörgensson |
| Selsárvellir | Valgerður Salvör Schultz |
| Selsárvellir | Þórdís Unnur Þórðardóttir |
| Selsárvellir | Þórlaug Steingerður Toivonen |
| Skjaldþingsstaðir | Jón Ingólfsson |

| | |
|---|---|
| Skjaldþingsstaðir | Pétur Ingólfsson |
| Steinvarartunga (Hof) | Prestssetrasjóður |
| Svínabakkar | Jóhann B. Marvinsson |
| Svínabakkar | Þórdís M. Sumarliðadóttir |
| Svínabakkar | Björn Lúðvík Magnússon |
| Syðri-Vík | Arthur Pétursson |
| Vindfell | Guðmundur Leifsson |
| Vindfell | Ólafur Leifsson |
| Þorbrandsstaðatungur (Þorbrandsstaðir) | Vopnarfjarðarhreppur |
| Þorvaldsstaðir | Guðríður S. Oddsdóttir |
| Þorvaldsstaðir | Katrín Gústafsdóttir |
| Þorvaldsstaðir | Sigurður Ólafsson |

## III. Skjalaskrá[1]

**Lagt fram af Andra Árnasyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:**

1 Kröfulýsing, dags. 10.11.2004.
1(1) Skjalaskrá, dags. 6.10.2004.
1(2) Tilvísanaskrá, dags. 6.10.2004.
1(3) Kort sem sýnir kröfulínu fjármálaráðherra í Vopnafjarðarhreppi. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:100.000). Ódags. en móttekið 2.11.2004.
1(4) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðherra, dags. 1.3.2004. Tilkynning um meðferð á svæði V.
1(5) Bréf fjármálaráðuneytisins til óbyggðanefndar um þjóðlendukröfur á svæði V, Norðausturlandi, dags. 11.11.2004.
1(6) Greinargerð fjármálaráðuneytisins fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 9.12.2005.
1(7) Kort (A3) sem sýnir breytingu á kröfulínu fjármálaráðherra í Vopnafjarðarhreppi, dags. 15.12.2005.

**Lagt fram af óbyggðanefnd:**

2 Yfirlit Þjóðskjalasafns Íslands yfir heimildaleit í óprentuðum (A-skjöl) og prentuðum (B-skjöl) frumgögnum, dags. 10.8.2006.

*Landamerkjabækur (skjalaflokkur A.1.):*

2(1) a-b Hámundarstaðir, dags. 10.7.1885, ásamt uppskrift. *(Merkt 1, nr. 2).*
2(2) Hámundarstaðir, Seggjastaðir, Höfn og Bakki, dags. 14.7.1890. *(Merkt 2 a-b, nr. 2).*
2(3) a-b Hámundarstaðir I, II, III, og IV, landskiptagjörð, dags. 15.7.1957, ásamt uppskrift. *(Merkt 3 a-b, nr. 2).*
2(4) a-b Hvammsgerði, dags. 7.6.1884, ásamt uppskrift. *(Merkt 4, nr. 2).*
2(5) Hróaldsstaðir, dags. 24.6.1884. *(Merkt 5, nr. 2).*
2(6) a-b Hróaldsstaðir I og II, landskiptagjörð, dags. október 1957, ásamt uppskrift. *(Merkt 6 a-b, nr. 2).*
2(7) a-b Áslaugarstaðir, þingl. 24.6.1884, ásamt uppskrift *(Merkt 7, nr. 2).*
2(8) a-b Leifsstaðir, dags. 31.7.1922, ásamt uppskrift. *(Merkt 8, nr. 2).*
2(9) Þorvaldsstaðir, dags. 25.6.1885. *(Merkt 9, nr. 2).*
2(10) a-b Þorvaldsstaðir, dags. 31.7.1922, ásamt uppskrift. *(Merkt 10 a-b, nr. 2).*
2(11) Hamar, dags. 25.6.1885. *(Merkt 11, nr. 2).*
2(12) a-b Hamar, dags. 4.8.1922, ásamt uppskrift. *(Merkt 12, nr. 2).*
2(13) a-b Mælifell, dags. 22.2.1885, ásamt uppskrift. *(Merkt 13, nr. 2).*
2(14) Selsárvellir, dags. 31.12.1974. *(Merkt 14, nr. 2).*
2(15) Hauksstaðir, dags. vorið 1885. *(Merkt 15 a-b, nr. 2).*
2(16) a-b Hauksstaðir, dags. í desember 1921, ásamt uppskrift. *(Merkt 16 a-b, nr. 2).*
2(17) a-b Arnarvatn, dags. í desember 1921, ásamt uppskrift. *(Merkt 17 a-b, nr. 2).*
2(18) Kálffell, dags. 20.6.1922, ásamt uppskrift. *(Merkt 18 a-b, nr. 2).*

[1] Skjölum er raðað undir efnisflokka og þau því ekki í réttri númeraröð að öllu leyti. Sjá einnig í kafla 4.2.

| | |
|---|---|
| a-b | |
| 2(19) | Brunahvammur, dags. 1.8.1894. *(Merkt 19 a-b, nr. 2).* |
| 2(20) | Bustarfell, dags. 1.7.1894, ásamt uppskrift. *(Merkt 20 a-b, nr. 2).* |
| a-b | |
| 2(21) | Fagrakinn og Gestreiðarstaðir, útskrift úr dómsmálabók Norður-Múlasýslu, dags. 13.9.1892. *(Merkt 21 a-d, nr. 2).* |
| 2(22) | Bustarfell og Gestreiðarstaðir, dags. 13.7.1894. *(Merkt 22 a-b, nr. 2).* |
| 2(23) | Hofskirkja, dags. 14.5.1844, ásamt uppskrift. *(Merkt 23 a-b, nr. 2).* |
| a-b | |
| 2(24) | Hof (heimaland), þingl. 14.7.1885, ásamt uppskrift. *(Merkt 24, nr. 2).* |
| a-b | |
| 2(25) | Steinvarartunga, dags. 24.2.1885. *(Merkt 25, nr. 2).* |
| 2(26) | Steinvarartunga, dags. 12.8.1885. *(Merkt 26 a-b, nr. 2).* |
| 2(27) | Einarsstaðir, þingl. 14.7.1885, ásamt uppskrift. *(Merkt 27, nr. 2).* |
| a-b | |
| 2(28) | Gnýsstaðir, þingl. 14.7.1885. *(Merkt 28, nr. 2).* |
| 2(29) | Gnýsstaðir, dags. 14.7.1922, ásamt uppskrift. *(Merkt 29 a-b, nr. 2).* |
| a-b | |
| 2(30) | Hraunfell, þingl. 14.7.1885, ásamt uppskrift. *(Merkt 30, nr. 2).* |
| a-b | |
| 2(31) | Hrappsstaðir, dags. júlí 1885. *(Merkt 31, nr. 2).* |
| 2(32) | Hrappsstaðir, dags. 1.8.1922, ásamt uppskrift. *(Merkt 32 a-b, nr. 2).* |
| a-b | |
| 2(33) | Háteigur og Hrappsstaðir II. Afsal Háteigs dags. 4.11.1957. Landamerki |
| a-c | Hrappsstaða II dags. 1.11.1957, ásamt uppskriftum. *(Merkt 33 a-b, nr. 2).* |
| 2(34) | Egilsstaðir, dags. í júlí 1885, ásamt uppskrift. *(Merkt 34, nr. 2).* |
| a-b | |
| 2(35) | Egilsstaðir, dags. 28.7.1922, ásamt uppskrift. *(Merkt 35, nr. 2).* |
| a-b | |
| 2(36) | Egilsstaðir I og II, landskiptagjörð, dags. 21.3.1963. *(Merkt 36 a-b, nr. 2).* |
| 2(37) | Refsstaður, þingl. 14.7.1885. *(Merkt 37 a-b, nr. 2).* |
| 2(38) | Refsstaður, dags. 28.7.1922, ásamt uppskrift. *(Merkt 38, nr. 2).* |
| a-b | |
| 2(39) | Refsstaður II og III, útdráttur úr afsali, dags. 29.11.1951 og 26.7.1957, ásamt |
| a-c | uppskriftum. *(Merkt 39 a-b, nr. 2).* |
| 2(40) | Svínabakkar, dags. í júlí 1885 *(Merkt 40, nr. 2).* |
| 2(41) | Svínabakkar, dags. 28.7.1922, ásamt uppskrift. *(Merkt 41 a-b, nr. 2).* |
| a-b | |
| 2(42) | Engihlíð, útdráttur úr afsali, dags. 10.9.1955. *(Merkt 42 a-b, nr. 2).* |
| 2(43) | Rauðhólar, þingl. 14.7.1885. *(Merkt 43, nr. 2).* |
| 2(44) | Rauðhólar, dags. 28.7.1922, ásamt uppskrift. *(Merkt 44 a-b, nr. 2).* |
| a-b | |
| 2(45) | Skjaldþingsstaðir, dags. 11.7.1890. *(Merkt 45, nr. 2).* |
| 2(46) | Skjaldþingsstaðir, dags. 31.7.1922, ásamt uppskrift. *(Merkt 46, nr. 2).* |
| a-b | |
| 2(47) | Syðri-Vík, dags. 11.7.1890, ásamt uppskrift. *(Merkt 47 a-b, nr. 2).* |
| a-b | |
| 2(48) | Krossavík, dags. 11.7.1890, ásamt uppskrift. *(Merkt 48, nr. 2).* |
| a-b | |
| 2(49) | Krossavík I og II, dags. 26.8.1959. *(Merkt 49, nr. 2).* |
| 2(50) | Vindfell, dags. 23.6.1884. *(Merkt 50, nr. 2).* |
| 2(51) | Vindfell, dags. 29.4.1887, ásamt uppskrift. *(Merkt 51, nr. 2).* |
| a-b | |
| 2(52) | Vindfell, dags. 2.8.1922. *(Merkt 52, nr. 2).* |
| 2(53) | Eyvindarstaðir, dags. 23.6.1884. *(Merkt 53, nr. 2).* |

a-b
2(54) Böðvarsdalur, Fagridalur og Eyvindarstaður, þingl. 24.6.1884. *(Merkt 54, nr. 2).*
2(55) Böðvarsdalur, Fagridalur og Eyvindarstaðir, dags. 7.7.1922, ásamt uppskrift.
a-b *(Merkt 55 a-b, nr. 2).*
2(56) Þorbrandsstaðir, þingl. 14.7.1885. *(Merkt 56 a-b, nr. 2).*
2(57) Þorbrandsstaðir, dags. 14.7.1922, ásamt uppskrift. *(Merkt 57 a-b, nr. 2).*
a-b
2(102) Hjarðargrund, útdráttur úr afsali, dags. 10.11.1958. *(Merkt 3, nr. 4).*
2(103) Hofteigur, dags. 20.6.1884. *(Merkt 4, nr. 4).*
2(104) Hofteigur, dags. 12.6.1923, ásamt uppskrift. *(Merkt 5, nr. 4).*
a-b
2(105) Hofteigur II, útdráttur úr byggingabréfi, dags. 7.12.1953, ásamt uppskrift.
a-b *(Merkt 6 a-b, nr. 4).*
2(106) Skjöldólfsstaðir, þingl. 21.6.1884. *(Merkt 7 a-b, nr. 4).*
2(107) Skjöldólfsstaðir og Háreksstaðir, dags. 24.10.1921, ásamt uppskrift. *(Merkt 8 a-*
a-b *b, nr. 4).*
2(108) Arnórsstaðir, Víðirhólar, Möðrudalur, útdráttur úr dómsmálabók Norður-Múlasýslu, dags. 20.9.1888. *(Merkt 11 a-b, nr. 4).*
2(109) Víðirhólar, dags. 24.10.1921, ásamt uppskrift. *(Merkt 12, nr. 4).*
a-b
2(110) Hauksstaðir, dags. 18.6.1883. *(Merkt 33, nr. 4).*
2(111) Hauksstaðir, dags. 24.10.1921. *(Merkt 34, nr. 4).*
2(112) Hauksstaðir, dags. 29.5.1964. *(Merkt 35, nr. 4).*
2(113) Hauksstaðir, dags. 23.8.1968. *(Merkt 36, nr. 4).*
2(114) Hvanná, dags. 20.6.1884. *(Merkt 37 a-b, nr. 4).*
2(115) Hvanná, dags. 12.6.1923. *(Merkt 38 a-b, nr. 4).*
2(116) Hlíðarhús, dags. 24.7.1922. *(Merkt 3 a-b, nr. 3).*
2(117) Hlíðarhús, Sleðbrjótur og Breiðamörk, samkomulag um landamerki og veiðiréttindi, dags. 30.7.1974. *(Merkt 4 a-b, nr. 3).*
2(118) Sleðbrjótssel, dags. 28.8.1890. *(Merkt 5 a-b, nr. 3).*
2(119) Sleðbrjótssel, dags. 30.10.1921, ásamt uppskrift. *(Merkt 6, nr. 3).*
a-b
2(120) Sleðbrjótssel II, útdráttur úr landskiptagjörð, dags. 26.4.1963, ásamt uppskrift.
a-b *(Merkt 7, nr. 3).*
2(121) Surtsstaðir, dags. 29.9.1921, ásamt uppskrift. *(Merkt 12 a-b, nr. 3).*
a-b
2(122) Surtsstaðir, landskiptagjörð, dags. 13.3.1961. *(Merkt 13, nr. 3).*
2(123) Hallgeirsstaðir, dags. 21.6.1884. *(Merkt 14 a-b, nr. 3).*
2(124) Hallgeirsstaðir, dags. 29.9.1921, ásamt uppskrift. *(Merkt 15, nr. 3).*
a-b
2(125) Hrafnabjörg, dags. 21.6.1884. *(Merkt 16, nr. 3).*
2(126) Hrafnabjörg I og IV, ódags. *(Merkt 17 a-b, nr. 3).*
2(127) Fossvellir, dags. 21.6.1884. *(Merkt 18 a-b, nr. 3).*
2(128) Fossvellir, dags. 28.10.1921, ásamt uppskrift. *(Merkt 19, nr. 3).*
a-b
2(129) Kverkártunga, dags. 8.5.1884. *(Merkt 1, nr. 1).*
2(130) Kverkártunga, dags. 20.12.1921. *(Merkt 2, nr. 1).*
2(131) Miðfjörður, dags. 1.4.1884. *(Merkt 3 a-b, nr. 1).*
2(132) Gunnarsstaðir, þingl. 9.7.1891. *(Merkt 7, nr. 1).*
2(133) Gunnarsstaðir, dags. 12.12.1921, ásamt uppskrift. *(Merkt 8 a-b, nr. 1).*
a-b
2(134) Skeggjastaðir með hjáleigunum Dalhúsum og Gæsagili, dags. 14.7.1890. *(Merkt 9 a-b, nr. 1).*
2(135) Skeggjastaðir með hjáleigunum Dalhúsum og Gæsagili, dags. 28.12.1821,

a-b ásamt uppskrift. *(Merkt 12 a-b, nr. 1).*
2(136) Búastaðir, þingl. 24.6.1884. *(Merkt 58, nr. 2).*
2(137) Ljósaland, dags. 10.7.1885. *(Merkt 59 a-b, nr. 2).*
2(138) Lýtingsstaðir, þingl. 16.7.1885. *(Merkt 60 a-b, nr. 2).*
2(139) Breiðamýri, þingl. 14.7.1885. *(Merkt 61, nr. 2).*
2(140) Ytrinýp, dags. 14.7.1885. *(Merkt 62 a-b, nr. 2).*
2(141) Fremrinýp, þingl. 14.7.1885. *(Merkt 63, nr. 2).*
2(142) Skógar, þingl. 14.7.1885. *(Merkt 63 a-b, nr. 2).*
2(143) Ytrihlíð, þingl. 14.7.1885. *(Merkt 64, nr. 2).*
2(144) Fremrihlíð, þingl. 14.7.1885. *(Merkt 65 a-b, nr. 2).*
2(145) Rjúpnafell, þingl. 14.7.1885. *(Merkt 66, nr. 2).*
2(146) Fell, dags. í júlí 1885. *(Merkt 67 a-b, nr. 2).*
2(147) Ásbrandsstaðir, þingl. 14.7.1885. *(Merkt 68, nr. 2).*
2(148) Guðmundarstaðir, dags. 11.7.1885. *(Merkt 69, nr. 2).*
2(149) Hagi, dags. 11.7.1890. *(Merkt 70, nr. 2).*
2(150) a-b Borgir, dags. 11.7.1890, ásamt uppskrift. *(Merkt 71 a-b, nr. 2).*
2(151) Vatnsdalsgerði og Skálar, dags. 11.7.1890. *(Merkt 72 a-b, nr. 2).*
2(152) Skógar, dags. 29.7.1922. *(Merkt 73 a-b, nr. 2).*
2(153) Ytrinýp/Ytrinúpur, dags. 28.7.1922. *(Merkt 74 a-b, nr. 2).*
2(154) Lýtingsstaðir, dags. 31.7.1922. *(Merkt 75, nr. 2).*
2(155) Fell, dags. 31.7.1922. *(Merkt 76, nr. 2).*
2(156) Ásbrandsstaðir, dags. 31.7.1922. *(Merkt 77 a-b, nr. 2).*
2(157) Vatnsdalsgerði, dags. 29.7.1922. *(Merkt 78 a-b, nr. 2).*
2(158) Vakursstaðir, þingl. 31.5.1895. *(Merkt 79 a-b, nr. 2).*
2(159) Vakursstaðir, landskiptagjörð, dags. 13.3.1954. *(Merkt 80, nr. 2).*
2(160) Skógar II, útdráttur úr afsali, dags. 18.11.1957. *(Merkt 81 a-b, nr. 2).*
2(161) Vakursstaðir III, landskiptagjörð, dags. 19.7.1960. *(Merkt 82, nr. 2).*
2(162) Ytrihlíð II, útdráttur úr afsali, dags. 143. 1955. *(Merkt 83 a-b, nr. 2).*
2(163) Sunnuhlíð, dags. 3.3.1977. *(Merkt 84, nr. 2).*
2(278) Foss. *(Merkt , 85 a-b, nr. 2).*
2(298) Hjarðarhagi, dags. 19.6.1884. *(Merkt 1, nr. 4).*
2(299) a-b Hjarðarhagi, dags. 24.10.1921, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Seyðisfirði. *(Merkt 2, nr. 4).*
2(300) Fagrahlíð og Hlíðarhús, þingl. 9.6.1890. *(Merkt 1, nr. 3).*
2(301) Fagrahlíð og Hlíðarhús, dags. 30.6.1899. *(Merkt 2, nr. 3).*
2(302) Surtsstaðir, dags. 21.6.1884. *(Merkt 11 a-b, nr. 3).*
2(303) a-b Miðfjörður, dags. 20.12.1921, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Seyðisfirði. *(Merkt 4 a-b, nr. 1).*
2(304) Þorvaldsstaðir, dags. 14.7.1890. *(Merkt 15 a-c, nr. 1).*
2(305) Þorvaldsstaðir, dags. 12.12.1921. (*Merkt 16, nr. 1).*
2(306) Bakki og Nýibær, dags. 15.12.1921. *(Merkt 17 a-b, nr. 1).*

*Jarðabréf á Þjóðskjalasafni (skjalaflokkur A.2.):*

2(215) Vitnisburður um landamerki *Áslaugarstaða*, dags. 17.4.1596, og að landið sé komið frá Hróaldsstöðum. Apogr. A.M. 504. Staðfest uppskrift, dags. 30.1.1929. *(Merkt 1 a-b, nr. 2).*
2(216) Vitnisburður um makaskipti á hálfu *Bustarfelli og Fremrihlíð* (Innrihlíð), dags. 30.10.1674, ásamt uppskrift, dags. 4.6.1712. Apogr. A.M.5505. Staðfest uppskrift, dags. 301.1929 (Sbr. bréfið frá 3.9.1673 sjá *A. 12. 30 a-e*). *(Merkt 2 a-h, nr. 2).*
2(217) Makaskipti á hálfum *Böðvarsdal* (landamerki nefnd) og Skálanesi í Vopnafirði, dags. 27.11.1602, ásamt uppskrift, dags. 2.6.1712. Apogr. A.M. 5185, staðfest uppskrift, dags. 31.1.1929. *(Merkt 3 a-g, nr. 2).*
2(218) Makaskipti á Dvergasteini í Seyðisfirði með Kolsstöðum og Selsstöðum og Bárðarstöðum í Loðmundarfirði og hluta úr Sandvík í Norðfjarðarhreppi m.m.

móti Fagranesi á Langanesi, *Bakka* á Langanesströnd (landamerki nefnd) og *Hróaldsstöðum* í Vopnafirði (landamerki nefnd), dags. 14.8.1651, ásamt uppskrift, dags. 4.6.1712. Apogr. A.M. 5469. Staðfest uppskrift, dags. 30.1.1929. *(Merkt 4 a-h, nr. 2).*

*Afsals og veðmálabækur (skjalaflokkur A.3.):*

2(219) a-b Lögfesta fyrir rekaítökum Hofskirkju m.m. 1844, ásamt uppskrift. *(Merkt 1 a-b, nr. 2).*

2(220) a-b Lögfesta fyrir Hámundarstöðum 1845, ásamt uppskrift. *(Merkt 2 a-b, nr. 2).*

2(296) a-b Tilkynning um nafnið Arnarvatn á nýbýli úr Hauksstöðum, 8.7.1915. Afsal fyrir 3,7 hndr. að nýju mati úr Hauksstöðum með tilteknum landamerkjum, 5.7.1915. *(Merkt 4 a-b, nr. 3).*

2(297) Veðmálaregistur fyrir Hauksstaði í Vopnafirði. *(Merkt 5, nr. 3).*

2(311) a-b Lögfesta fyrir Möðrudal 1844, ásamt uppskrift. *(Merkt 1 a-b, nr. 4a).*

*Landskiptabækur (skjalaflokkur A.4.):*

Sjá lið A.1.

*Fasteigna- og jarðamöt (skjalaflokkur A.5.):*

2(58) a-b Fasteignamat 1916-1918, ásamt efnisyfirliti óbyggðanefndar. *Böðvarsdalur, Eyvindarstaðir, Vindfell, Krossavík* (í tveimur hlutum), *Hellisfjörubakkar* (áður hluti Krossavíkur), *Syðrivík, Skjaldþingsstaðir, Rauðhólar, Svínabakkar, Fáskrúðsbakkar* (áður hluti Svínabakka), *Refsstaður, Egilsstaðir, Hrappsstaðir, Gnýsstaðir, Hraunfell, Þorbrandsstaðir* (um þá er tekið fram að jörðin eigi upprekstur fyrir 200 fjár undir Sandfelli), *Einarsstaðir, Brunahvammur, Bustarfell, Hof* (þar er umfjöllun um *Steinvarartungu*), *Arnarvatn, Hauksstaðir* (Arnarvatn var byggt úr Hauksstöðum), *Selsárvellir*, *Mælifell*, *Hamar, Þorvaldsstaðir, Leifsstaðir, Áslaugarstaðir, Hróaldsstaðir, Hámundarstaðir* (tvö býli). *(Merkt 2 a-ggg, nr. 2).*

2(101) Fasteignamat Selsárvalla og Mælifells 1916. Fasteignamatsbók (undirmat) Norður-Múlasýslu 1918, II. b., bls. 157–159. (Merkt 1 a-c, nr. 2).

2(164) a-b Jarðamat 1849 Vopnafjarðarhreppur: *Böðvarsdalur* með *Þýfi, Eyvindarstaðir, Vindfell, Krossavík* með *Hellisfjörubökkum, Syðrivík, Skjaldþingsstaðir, Rauðhólar, Svínabakkar, Refsstaður, Egilsstaðir, Hrappsstaðir, Sunnudalur* með *Borgum, Gnýsstaðir, Hraunfell, Einarsstaðir, Brunahvammur, Foss, Bustarfell, Hof* með *Hofsborg* og *Steinvarartungu, Búastaðir, Hauksstaðir* með *Desjarmýri, Rjúpnafell, Fremrihlíð, Ytrihlíð, Vakursstaðir, Hamar, Þorvaldsstaðir, Áslaugarstaðir* með *Leifsstöðum, Hróaldsstaðir, Hvammsgerði, Hámundarstaðir, Ljósaland, Strandhöfn*, uppskrifað það sem varðar útheyskap, afrétt og grasatekju. *(Merkt 3 a-s, nr. 2).*

2(221) a-b Jarðamat 1804: *Böðvarsdalur, Eyvindarstaðir, Vindfell, Krossavík, Syðrivík, Syðrivíkurhjáleiga, Skjaldþingsstaðir, Rauðhólar, Svínabakkar, Refsstaður, Egilsstaðir, Hrappsstaðir, Sunnudalur, Hraunfell, Þorbrandsstaðir, Einarsstaðir, Bustarfell, Foss, Hof, Búastaðir, Hauksstaðir, Rjúpnafell, Fremrihlíð, Áslaugarstaðir, Hróaldsstaðir, Hámundarstaðir,* ásamt uppskrift á því sem helst skiptir máli. *(Merkt 4 a-x, nr. 2).*

2(238) Fasteignamat 1930–1932: *Böðvarsdalur I–II (Dalland), Eyvindarstaðir, Vindfell, Krossavík I–III (Hellisfjörubakkar), Syðrivík, Skjaldþingsstaðir, Rauðhólar, Svínabakkar, Refsstaður, Egilsstaðir, Hrappsstaðir, Sunnudalur, Borgir, Gnýsstaðir, Hraunfell, Þorbrandsstaðir, Einarsstaðir, Brunahvammur, Bustarfell, Hof, Kálffell, Arnarvatn, Hauksstaðir, Rjúpnafell, Fremrihlíð, Selsárvellir, Mælifell, Hamar, Þorvaldsstaðir, Leifsstaðir, Áslaugarstaðir I–II, Hróaldsstaðir, Hvammsgerði, Hámundarstaðir I–III.*

Lýsingum ábúenda ber að mestu saman við fasteignamatið. *(Merkt 4 a-kk, nr. 2).*

2(279) Foss. Fasteignamat 1916–1918. *(Merkt 5a-b, nr. 2).*

2(280) Foss. Fasteignamat 1929–1932. *(Merkt 6 a-g, nr. 2).*

*Bréfabækur, bréfasöfn og gerðabækur sýslumanna, hreppa og sáttanefnda (skjalaflokkur A.6.):*

2(59) a-b Útmæling á landi Þorvaldsstaða og Hamars í Selárdal, dags. 18.8.1829, ásamt uppskrift. *(Merkt 1 a-d, nr. 2).*

2(60) a-b Amtmaður neitar um stofnun nýbýlis í Mælifellslandi, dags. 29.11.1855, ásamt uppskrift. *(Merkt 2 a, nr. 2).*

2(61) Bréf amtmanns í Norður- og Austuramti til sýslumanns í N-Múlasýslu varðandi nýbýli í Almenningi í Selárdal í Vopnafirði, dags. 2.7.1830. Þar kemur fram að gefin hafa verið út byggingarbréf þann 5.11.1829. *(Merkt 3 a-b ,nr. 2).*

2(201) a-b Manntalsþing á Ásbrandsstöðum 20.8.1776. Upplestur lögfestu fyrir *Hofsstaðar* beneficio, ásamt uppskrift. *(Merkt 5 a-c, nr. 2).*

2(202) a-b Þing að Ási í Fellum, dags. 23.2.1759. Listi yfir eyðijarðir í fjórum þingsóknum N-Múlasýslu, m.a. *Rauðhólar, Svínabakki, Egilsstaðir, Hraunfell, Þorbrandsstaðir, Einarsstaðir, Foss, Rjúpnafell, Hvammsgerði og Áslaugarstaðir* í Ásbrandsstaða þingsókn, ásamt uppskrift. *(Merkt 4 a-e, nr. 2).*

2(203) a-b Manntalsþing í Vopnafirði, dags. 19.5.1783. Upplestur á lögfestu fyrir *Hofi,* ásamt uppskrift. *(Merkt 6 a-c nr. 2).*

2(204) a-b Manntalsþing að Hofi í Vopnafirði, dags. 5.10.1813. Spurningar lagðar fyrir þingmenn um ástand *Hofs,* ásamt uppskrift. *(Merkt 7 a-c, nr. 2).*

2(205) a-b Skoðunar- og útvísunargerð tveggja nýbýla (*Þorvaldsstaða og Hamars*) í Almenningi í Selárdal við Vopnafjörð, dags. 18.8.1829, ásamt uppskrift. *(Merkt 8 a-d ,nr. 2).*

2(206) a-b Manntalsþing í Vopnafirði, dags. 28.5.1842. Upplesin lögfesta *Þorbrandsstaða,* ásamt uppskrift. *(Merkt 9 a-b, nr. 2).*

2(207) a-b Manntalsþing í Vopnafirði, dags. 25.8.1843. Upplesin lögfesta *Hámundarstaða,* ásamt uppskrift. *(Merkt 10, nr. 2).*

2(208) a-b Manntalsþing í Vopnafirði, dags. 31.5.1843. Eigandi *Hámundarstaða* mótmælir lögfestu séra Björns Vigfússonar (á Kirkjubæ) hvað ítök í landi jarðarinnar varðar, ásamt uppskrift. *(Merkt 11 a-b, nr. 2).*

2(209) a-b Manntalsþing í Vopnafirði, dags. 31.5.1843. Upplesin lögfesta *Hámundarstaða,* ásamt uppskrift. *(Merkt 12 a-b, nr. 2).*

2(210) a-b Manntalsþing að Skeggjastöðum, dags. 2.6.1845. Lögfestu *Hámundarstaða* mótmælt að því leyti sem hún stríðir gegn skjölum *Skeggjastaða* lands, ásamt uppskrift. *(Merkt 13 a-b, nr. 2).*

2(211) a-b Útvísun *Mela* í Hofskirkjusókn, dags. 22.8.1857, ásamt uppskrift. *(Merkt 14 a-f, nr. 2).*

2(212) a-b Manntalsþing að Hofi, dags. 10.6.1861. Þinglýst skjali um brúkun og afnot af nýbýlinu *Melum*, skjalinu er mótmælt vegna Hofskirkju, ásamt uppskrift. *(Merkt 15 a-d, nr. 2).*

2(213) a-b Manntalsþing að Hofi, dags. 27.6.1862. Auglýst skjal um eignarrétt á *Melalandi* sem Hofsprestur mótmælir, ásamt uppskrift. *(Merkt 16 a-b, nr. 2).*

2(214) a-b Manntalsþing að Skeggjastöðum, dags. 7.6.1864. Þinglýst útdrætti af kaupbréfi *Bustarfells* frá 18.8.1663, ásamt uppskrift. *(Merkt 17, nr. 2).*

2(223) a-b Aukaréttur í Vopnafjarðarkaupstað, dags. 19.9.1884. Landamerkjaágreiningur á milli *Syðrivíkur og Krossavíkur,* ásamt uppskrift. *(Merkt 19 a-b, nr. 2).*

2(224) a-b Aukaréttur að Syðrivík, dags. 20.9.1884. Sætt um landamerki *Syðrivíkur* og *Krossavíkur,* ásamt uppskrift. *(Merkt 20 a-b, nr. 2).*

2(226) a-b Manntalsþing að Skeggjastöðum, dags. 25.6.1906. Þinglesin áreiðargjörð framkvæmd 9.–11.7.1905 á afréttarland í grennd við Bungufjallgarð, *Heljardal, Stakfellsdal og Haugstorfur,* ásamt uppskrift. *(Merkt 22 a-c, nr. 2).*

2(227) Manntalsþing að Vopnafirði, dags. 3.6.1912. Þinglýst bann gegn heimildalausri afnotum *Refsstaða* og eggja- og dúntöku í landi hennar, ásamt uppskrift. *(Merkt 23 a-c, nr. 2.).*

2(228) Sáttafundur á Hofi, dags. 20.10.1856, í *Melsmáli*. Sættir tókust ekki og málið

a-b fór fyrir rétt, ásamt uppskrift. *(Merkt 24 a-c, nr. 2).*

2(229) Sættir í *Melsmáli*, dags. 20.6.1856, að Hofi í Vopnafirði, ásamt uppskrift.
a-b *(Merkt 25 a-b, nr. 2).*

2(230) Sáttafundur, dags. 5.7.1858, að Teigi. Ákæra um samningsrof í *Melsmáli,* ásamt
a-b uppskrift. *(Merkt 26 a-b, nr. 2).*

2(231) Ágreiningur um merki milli *Krossavíkur og Syðrivíkur*, dags. 21.6.1884, ásamt
a-b uppskrift. *(Merkt 27 a-b,nr. 2).*

2(258) Bréf sýslumanns í Norður-Múlasýslu til allra hreppstjóra, dags. 13.6.1864,
a-b varðandi skipulag á *fjárleitum,* ásamt uppskrift. *(Merkt 28 a-b, nr. 2).*

2(259) Reglur um *fjárleitir*, sem hreppstjóri í Vopnafjarðarhreppi, ásamt meðráða-
a-b mönnum, sendi sýslumanni, án dagsetningar og undirskrifta, ásamt uppskrift
varðandi leitamörk. *(Merkt 29 a-c, nr. 2).*

2(272) Aukaréttur að Fossvöllum, dags. 15.9.1884. Útnefndir menn í áreið sem fara skal fram næsta sumar vegna landamerkjamáls er varðar Möðrudal og Bustarfell. Auðlæsilegt. *(Merkt 33 a-b, nr. 4a).*

2(273) Manntalsþing að Fossvöllum, dags. 7.7.1888. Útnefndir þrír dómsmenn í landa-
a-b merkjamál á milli Arnórsstaða ásamt Víðirhóli og Möðrudals annars vegar og
Möðrudals og Bustarfells hins vegar, ásamt uppskrift. *(Merkt 37 a-c, nr. 4a).*

2(274) Aukaréttur að Gestreiðarstöðum, dags. 17.7.1888. Ágreiningur um landamerki
a-b Arnórsstaða auk Víðirhóls og Möðrudals annars vegar og Brúnahvamms og
Möðrudals hins vegar, ásamt uppskrift. *(Merkt 38 a-c, nr. 4a).*

2(275) Aukaréttur að Skjöldólfsstöðum, dags. 12.9.1892. Útnefndir menn í landamerkjamáli Bustarfells og Möðrudals. *(Merkt 40 a-b, nr. 4a).*

2(276) Aukaréttur að Bustarfelli, dags. 13.9.1892. Dómur í landamerkjamáli Bustarfells og Möðrudals. Auðlæsilegt. Þessum dómi er þinglýst á manntalsþingi í Vopnafirði, dags. 9.7.1894. *(Merkt 41 a-c, nr. 4a).*

2(277) Aukaréttur að Fossvöllum, dags. 20.9.1888. Dómur vegna landamerkja Arnórsstaða auk Víðihóla og Möðrudals. *(Merkt 39 a-d, nr. 4a).*

2(281) Bréf sýslumanns í Norður-Múlasýslu til amtmanns í Norður- og Austuramtinu,
a-b dags. 24.3.1849, varðandi nýbýlastofnanir, ásamt uppskrift. *(Merkt 30 a-b, nr. 2).*

2(282) Bréf amtmanns í Norður- og Austuramtinu til sýslumanns í Norður-Múlasýslu,
a-b dags. 23.4.1849, með úrskurðum varðandi umsóknir um nýbýlastofnanir í Möðrudalsheiði, sem öllum er hafnað. Með fylgja þrjú bréf, sem sýslumaður hefur sent amtmanni, frá Jóni Guðmundssyni á Melum, dags. 14.10.1848, J. Stefánssyni á Egilsstöðum, dags. 10.1.1849, og Jóni Jónssyni á Skjöldólfsstöðum, dags. 8.1.1841, ásamt uppskrift þriggja síðastnefndu bréfa. *(Merkt 31. a-g, nr. 2).*

2(286) Sáttafundur í Vopnafirði á milli Bustarfells og Möðrudals vegna landamerkja, dags. 12.8.1884. *(Merkt 43, nr. 4a).*

2(288) Frávísunarkrafa málflutningsmanns Möðrudalseiganda, dags. 24.4.1889. *(Merkt 100 a-b).*

2(289) Bréf Methúsalems Einarssonar til sýslumanns, dags. 6.9.1884, um árangurslausa sáttatilraun. *(Merkt 101).*

2(290) Útdráttur úr sáttabók Vopnafjarðar, dags. 30.8.1884. *(Merkt 102 a-b).*

2(291) Vitnisburður um Eyktagnípu, dags. 15.9.1885. *(Merkt 103).*

2(292) Frumrit af vitnisburði Péturs Péturssonar Jökuls, dags. 22.4.1873, um glataðan Möðrudalsmáldaga á skinni, sjá fyrra Möðrudalsmál. *(Merkt 104).*

2(293) Réttarkrafa Methúsalems Einarssonar, dags. 17.9.1885. *(Merkt 105).*

2(294) Mótmæli Skjöldólfsstaðabónda móti merkjum, sem varið hafa í nokkur ár milli Háreksstaða og Gestreiðarstaða. Stefna til sáttanefndar, dags. 9.4.1885. *(Merkt 106 a-b).*

2(295) Uppdráttur af Jökuldalsheiði, ódags. *(Merkt 107 a-b).*

2(307) Aukaréttur að Ketilsstöðum á Völlum, dags. 30.10.1856. Dómur í Háreks-
a-b staðamáli, ásamt uppskrift. *(Merkt 28 a-n, nr. 4a).*

2(308) a-b Manntalsþing að Fossvöllum, dags. 11.5.1844. Upplesin lögfesta fyrir Möðrudal á Fjalli, ásamt uppskrift. *(Merkt 13 a-c, nr. 4a).*

2(309) a-b Aukaréttur að Fossvöllum, dags. 7.9.1844 áhrærandi eignarrétt til Háreksstaða. Fram koma landamerki aðliggjandi jarða, ásamt uppskrift. *(Merkt 16 a-f, nr. 4a).*

2(310) a-b Manntalsþing að Skjöldólfsstöðum, dags. 20.6.1893. Þinglýst í landamerkjadómi, dags. 20.9.1888, milli Möðrudals á Fjalli og Víðirhóls og Arnórsstaða, ásamt uppskrift. *(Merkt 42 a-b, nr. 4a).*

*Kirknaskjöl (skjalaflokkur A.7.):*

2(62) Réttarstefna í Tunguheiðarmáli, dags. 23.7.1858. Skjal B. *(Merkt 73 a-b).*

2(63) Bréf stiftsyfirvalda til um nýbýlið Mel, dags. 18.6.1855. Skjal F *(Merkt 74 a-b).*

2(64) a-b Útdráttur úr dómabók Norður-Múlasýslu, dags. 22.8.1857, ásamt uppskrift. *(Merkt 75 a-b).*

2(65) Sóknarskjal fyrir Hofsprest, dags. 24.8.1858. Skjal O. *(Merkt 76 a-f).*

2(66) a-b Kvittun Skjöldólfsstaðabónda fyrir leigu eftir Grunnavatnsdal og þríhyrning fyrir framan Steinvarartungu, dags. 28.5.1856, ásamt uppskrift. Skjal P. *(Merkt 77).*

2(67) a-b Varnarskjal í Tunguheiðarmáli, dags. 26.7.1858, ásamt uppskrift. Skjal R. *(Merkt 78 a-e).*

2(68) a-b Vitnisburðir átta manna um landamerki Hofslands til heiðarinnar, dags. 29.4.1858, ásamt uppskrift. Skjal S. *(Merkt 79 a-c).*

2(69) Útdrættir úr máldögum Vilchins og Gísla. Skjal T. *(Merkt 80 a-b).*

2(70) a-b Réttarsvar Melsbónda, dags. 26.8.1858, ásamt uppskrift. Skjal V. *(Merkt 81 a-c).*

2(71) a-b Réttarsvar Melsbónda, dags. 27.8.1858, ásamt uppskrift. Skjal X. *(Merkt 82 a-c).*

2(72) a-b Dómahefti í Tunguheiðarmáli 1858, ásamt uppskrift á dómi, dags. 5.10.1858. *(Merkt 83 a-j).*

2(73) a-b Bréf og gerð um landamerki Fremra- og Ytraníps 1646, ásamt uppskrift. *(Merkt 84 a-b).*

2(74) a-b Lögfesta Bjarnareyja, dags. 8.8.1772, upplesin 28.3.1773, ásamt uppskrift. *(Merkt 87).*

2(75) a-b Lögfesta Steinvarartungu, dags. 6.5.1785, upplesin 6.5.1785, ásamt uppskrift. *(Merkt 88).*

2(76) Byggingarbréf fyrir Hraunfell, dags. 14.10.1853. *(Merkt 89 a-b).*

2(77) Byggingarbréf fyrir Síreksstöðum, dags. 29.3.1901. *(Merkt 90 a-b).*

*Vísitasíur biskupa (skjalaflokkur A.8):*

2(78) a-b Refsstaður 1641, ásamt uppskrift varðandi landeign og landamerki. *(Merkt 2 a-c).*

2(79) a-b Hof 1641, ásamt uppskrift varðandi landeign og landamerki.*(Merkt 3 a-c).*

2(80) a-b Hof 1677, ásamt uppskrift varðandi landeign. *(Merkt 15 a-d).*

2(81) a-b Refsstaður 1677, ásamt uppskrift varðandi landeign. *(Merkt 16 a-c).*

2(82) a-b Hof 1706, ásamt uppskrift varðandi landeign og landamerki. *(Merkt 24 a-g).*

2(83) a-b Refsstaður 1706, ásamt uppskrift varðandi landeign. *(Merkt 25 a-c).*

2(84) Hof í Vopnafirði. Ekkert umfram vísitasíu 1706 nema sumt er skrifað öðruvísi. *(Merkt 36 a-d).*

2(85) Refsstaður. Ekkert virðist umfram fyrri vísitasíur hvað varðar land. En þar er umsögn varðandi Möðrudal: *A Kyrkiunne liggur Biblia frá Mödrudal og bakstur Járn, sa stadur er nu i eide.* [Síðan kemur umsögn um ástand kirkju,

afdrif kirkjugripa og lausafjár]. *(Merkt 37 a-b).*

2(86) Refsstaður. Vísitasía Ólafs Gíslasonar hefur ekkert fram yfir eldri vísitasíur varðandi landeign. *(Merkt 42 a-c).*

2(87) Hof í Vopnafirði. Vísitasía Ólafs Gíslasonar hefur ekkert fram yfir eldri vísitasíur varðandi landeign en talar um Sandárdal þar sem aðrar vísitasíur tala um Sauðárdal eða Suðurárdal. *(Merkt 43 a-d).*

2(88) Hof í Vopnafirði. Vísitsía Finns Jónssonar hefur ekkert umfram fyrri vísitasíur. *(Merkt 50 a-c).*

2(89) Refsstaður. Vísitasía Finns Jónssonar hefur ekkert umfram fyrri vísitasíu. *(Merkt 51 a-c).*

2(90) Hof í Vopnafirði. Vísitasía Hannesar Finnssonar segir ekkert meir en fyrri vísitasíur. *(Merkt 59 a-d).*

2(91) Refsstaður. Vísitasía Hannesar Finnssonar segir ekkert meir en fyrri vísitasíur. *(Merkt 60 a-d).*

2(92) a-b Hof í Vopnafirði. Vísitasía Helga G. Thordersens, ásamt uppskrift. *(Merkt 71 a-e).*

2(93) a-b Hofteigur. Vísitasía Helga H. Thordersens, ásamt uppskrift varðandi það sem segir um landeign. *(Merkt 70 a-c).*

2(94) a-b Möðrudalur. Vísitasía Helga G. Thordersens, ásamt uppskrift varðandi það sem segir um landeign. *(Merkt 72 a-c).*

*Skjalasöfn presta og prófasta (skjalaflokkur A.9):*

2(95) a-b Byggingarbréf fyrir Mælifellslandi, dags. 26.1.1856, ásamt uppskrift. *(Merkt 1 a-b, nr. 2).*

2(96) a-b Byggingarbréf fyrir Búastaðatungum, dags. 22.2.1859, ásamt uppskrift. (*Merkt 2 a-b, nr. 2).*

2(97) a-b Byggingarbréf fyrir framparti af Mælifellslandi, dags. 11.4.1861, ásamt uppskrift. *(Merkt 3 a, nr. 2).*

2(98) a-b Byggingarbréf fyrir Fossvöllum (fremra parti Mælifellslands), dags. 20.6.1865, ásamt uppskrift. *(Merkt 4 a-b, nr. 2).*

2(99) Virðing á húsum á Selsárvöllum, dags. 10.5.1872. Úttektir kirkjujarða 1778–1879. *(Merkt 5 a-b, nr. 2).*

2(239) Vísitasía Hofs í Vopnafirði, dags. 15.8.1845. *(Merkt 6 a-d, nr. 2).*

2(240) a-b Vísitasía Hofs, dags. 8.9.1851, þar sem fjallað er um *Steinvarartungu*, býlið *Mel* og ágreining Hofs og Möðrudals, ásamt uppskrift. *(Merkt 7 a-b, nr. 2).*

2(241) a-b Vísitasía Hofs, dags. 6.8.1853, þar er fjallað um áreið á mörk Hofs og Möðrudals, innfærður áreiðarsamningur frá 25.7. s.á. og prófastur fjallar um *eignarlönd Hofskirkju*, ásamt uppskrift varðandi það sem helst skiptir máli. *(Merkt 8 a-e, nr. 2).*

2(242) Skýrsla Hofsprests um eignir Hofsprestakalls, dags. 10.1.1844. Þar segir: „2 Afréttir edur Heidarlönd 1. Steinvarartunga brúkast sem Afrétt fyrir Hofsárdal - 2. Staxfell og Mælifell sem stundum líka brúkast fyrir afrétt af nokkrum Mönnum." Norður-Múlaprófastsdæmi AC/1/1. Skýrslur um kirkjueignir 1843–1845. *(Merkt 9 a-b, nr. 2).*

*Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanna og landshöfðingja (skjalaflokkur A.10.):*

2(284) Skýrsla sýslumanns í nyrsta hluta Múlasýslu yfir jarðir í sýslunni með dýrleika, nöfnum eigenda og ábúenda m.m. auk hjáleigna gerð 1753. *(Merkt 1 a-i og 11.1. a-w almennt).*

2(285) Skýrsla sýslumanns Múlasýslu yfir jarðir í miðhluta sýslunnar með dýrleika, nöfnum eigenda og ábúenda m.m. auk hjáleigna gerð 1753. *(Merkt 2 a-d).*

*Skjalasöfn Stjórnarráðs Íslands (skjalaflokkur A.11):*

2(100) Sala á Mælifelli. Uppkast að afsali frá ráðherra, dags. í september 1913. Mat á jörðinni til sölu með lýsingu, dags. 30.5.1912. Útskrift úr landamerkjabók, bréf dags. 22.2.1886. *(Merkt 1 a-e, nr. 2).*

2(165) Sjá skjal nr. 4(121).

2(166) Sjá skjal nr. 4(122).

*6.12.1. Inngangur ... 885*
*6.12.2. Sjónarmið aðila ... 886*
*6.12.3. Niðurstaða ... 887*

6.13. Hallgilsstaðir ........ 890
*6.13.1. Inngangur* ........ *890*
*6.13.2. Sjónarmið aðila* ........ *891*
*6.13.3. Niðurstaða* ........ *891*
6.14. Kverkártunga ........ 894
*6.14.1. Inngangur* ........ *894*
*6.14.2. Sjónarmið aðila* ........ *894*
*6.14.3. Niðurstaða* ........ *895*
6.15. Miðfjörður ........ 898
*6.15.1. Inngangur* ........ *898*
*6.15.2. Sjónarmið aðila* ........ *899*
*6.15.3. Niðurstöður* ........ *900*
6.16. Gunnarsstaðir ........ 903
*6.16.1. Inngangur* ........ *903*
*6.16.2. Sjónarmið aðila* ........ *904*
*6.16.3. Niðurstaða* ........ *905*
6.17. Djúpilækur ........ 908
*6.17.1. Inngangur* ........ *908*
*6.17.2. Sjónarmið aðila* ........ *909*
*6.17.3. Niðurstaða* ........ *910*
6.18. Þorvaldsstaðir ........ 911
*6.18.1. Inngangur* ........ *911*
*6.18.2. Sjónarmið aðila* ........ *912*
*6.18.3. Niðurstaða* ........ *913*
6.19. Skeggjastaðir ........ 916
*6.19.1. Inngangur* ........ *916*
*6.19.2. Sjónarmið aðila* ........ *917*
*6.19.3. Niðurstaða* ........ *918*
6.20. Nýibær ........ 920
*6.20.1. Inngangur* ........ *920*
*6.20.2. Sjónarmið aðila* ........ *921*
*6.20.3. Niðurstaða* ........ *922*
6.21. „Afréttur Svalbarðshrepps“ ........ 924
*6.21.1. Inngangur* ........ *924*
*6.21.2. Sjónarmið aðila* ........ *924*
*6.21.3. Niðurstaða* ........ *925*
6.22. „Afréttur Þórshafnarhrepps“ ........ 927
*6.22.1. Inngangur* ........ *927*
*6.22.2. Sjónarmið aðila* ........ *928*
*6.22.3. Niðurstaða* ........ *928*
6.23. Um málskostnað ........ 931

**7. ÚRSKURÐARORÐ ........ 932**

**VIÐAUKI**
Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

**FYLGISKJÖL**
I. Kort
II. Aðila- og eigendaskrá
III. Skjalaskrá

## 1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Þriðjudaginn 29. maí 2007 er tekið fyrir mál nr. 4/2005, Þórshafnarhreppur og Skeggjastaðahreppur, nú í sveitarfélaginu Langanesbyggð, ásamt Svalbarðshreppi, og í því kveðinn upp svohljóðandi

**ÚRSKURÐUR**

Úrskurð þennan kveða upp Karl Axelsson, formaður, og nefndarmennirnir Allan V. Magnússon og Benedikt Bogason.

Aðilar málsins eru:[1]
Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna.
(Jón Sigurðsson hdl.)
Barði Friðriksson vegna Heiðarmúla.
Soffía Björgvinsdóttir og Jónas Pétur Bóasson vegna Garðs (Þverfellsland).
Sigtryggur Þorláksson vegna Svalbarðskirkjulands.
Gunnar Kjartan Þorleifsson og Þorleifur Gunnarsson vegna Bægisstaða.
Svalbarðshreppur vegna Vatnsenda og Svalbarðsafréttar.
Skúli Ragnarsson og Bjarnveig Skaftfeld vegna Álandstungu.
Ólafur Birgir Vigfússon og Vigfús Guðbjörnsson vegna Hvapps.
Stefán Eggertsson og Gunnar Þóroddsson vegna Laxárdals.
Sigurður Jens Sverrisson og fleiri vegna Hvamms I–IV.
Brynhildur Halldórsdóttir vegna Syðralóns (Grímólfsártunga).
Marinó Jóhannsson og Ævar Rafn Marinósson vegna Tungusels og Þorsteinsstaða.
Gunnlaugur Ólafsson vegna Hallgilsstaða II.
Þórshafnarhreppur vegna Hallgilsstaða I og Þórshafnarafréttar.
Prestssetrasjóður vegna Skeggjastaða.
(Ólafur Björnsson hrl.)
Guðlaug Ólafsdóttir og fleiri vegna Kverkártungu.
Rós Bender og fleiri vegna Miðfjarðar I–II.
Sigríður Sigurðardóttir vegna Melavalla.
Vesturfarar ehf. vegna Veðramóta I og Gunnarsstaða.
Auðunn Haraldsson og fleiri vegna Þorvaldsstaða.
Hjalti Steinþórsson og fleiri vegna Djúpalækjar.
Skeggjastaðahreppur og fleiri vegna Nýjabæjar.
(Friðbjörn Garðarsson hdl.)
Dýrleif Ásgeirsdóttir vegna Veðramóta II.

---

[1] Sjá nánar í aðilaskrá (fylgiskjal II).

Jón Sigurðsson vegna Hölknár.
(Grímur Jónsson hdl. f.h. Jóns Sveinssonar hrl.)

## 2. MÁLSMEÐFERÐ

### 2.1. Hlutverk óbyggðanefndar

Hinn 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, sbr. einnig lög um breytingar á þeim, nr. 65/2000, 7/2005 og 19/2006. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr.:

a) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
b) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
c) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og úrskurðir óbyggðanefndar, fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

### 2.2. Norðausturland tekið til umfjöllunar

Með bréfi, dagsettu 1. mars 2004, tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra þá ákvörðun sína að taka til umfjöllunar tiltekið landsvæði á Norðausturlandi, sbr. 8., 11. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Landsvæði þetta, hið fimmta í röðinni hjá óbyggðanefnd, var að vestanverðu afmarkað af meginfarvegi Jökulsár á Fjöllum, allt frá Jökulsárósi í Öxarfirði og að aðalupptökum árinnar í Dyngjujökli. Þaðan er jaðri Dyngjujökuls fylgt þar til komið er vestur undir Kverkfjöll í Hveradal og þaðan er dregin lína áfram í suður, til skurðar við línu þá á Vatnajökli sem afmarkar svæðið til suðurs.

Hér ber þess að geta að framangreindum vesturmörkum var síðar breytt að því leyti að svokölluð Krepputunga, austan Jökulsár á Fjöllum og vestan Kreppuár, var skilin undan svæðinu, sbr. 8. gr. laga nr. 58/1998.[2]

Að austan afmarkast svæðið af farvegi Lagarfljóts, allt frá ósum þess á Héraðssandi þangað sem Gilsá rennur í það. Síðan fylgja mörk svæðisins Gilsá og austurmörkum Fljótsdalshrepps við Austur-Hérað, Djúpavogshrepp og Sveitarfélagið Hornafjörð.

Framangreind afmörkun til austurs endar í Geldingafelli. Þaðan er dregin lína til suðvesturs inn á Vatnajökul, yfir hnjúk í 1438 m hæð og áfram í Grendil, þaðan í nafnlausan hnjúk skammt sunnan Grendils, áfram yfir Goðahnjúka og í miðja Breiðabungu og loks í stefnu á Svíahnjúk eystri til skurðar við framangreind

---

[2] Sjá bókun í fundargerð 2. fyrirtöku í máli nr. 2/2005.

vesturmörk. Afmörkun á Vatnajökli byggir á markalínum þeim sem samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendis Íslands hefur notað við vinnu sína.

Að norðan afmarkast svæðið af hafi.

Fjármálaráðherra var veittur frestur til 1. ágúst 2004 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á þessu svæði, væri um slíkar kröfur að ræða. Sýslumönnum og fyrirsvarsmönnum viðkomandi sveitarfélaga, þ.e. Öxarfjarðarhrepps, Raufarhafnarhrepps, Svalbarðshrepps, Þórshafnarhrepps, Skeggjastaðahrepps, Vopnafjarðarhrepps, Norður-Héraðs, Fellahrepps og Fljótsdalshrepps var tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar og gerð grein fyrir framhaldinu.

Kröfulýsingarfrestur fjármálaráðherra var fyrst framlengdur til 15. október 2004 og síðar til 12. nóvember sama árs og með því orðið við rökstuddri beiðni ráðuneytisins.

## 2.3. Lýstar kröfur og kynning

Kröfulýsingar fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendur á Norðausturlandi bárust 11. nóvember 2004. Óbyggðanefnd birti tilkynningu um málsmeðferð á framangreindu svæði og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrætti, í *Lögbirtingablaðinu* 28. desember 2004, Fréttablaðinu 7. janúar 2005 og *Morgunblaðinu* 9. janúar, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 31. mars 2005. Þá kom fram að yfirlýsingu um kröfugerð og málsmeðferð yrði þinglýst á þær fasteignir á svæðinu sem skráðar væru í þinglýsingabók og málið varðaði, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Kröfur fjármálaráðherra voru gerðar aðgengilegar almenningi á skrifstofum sýslumanna á Seyðisfirði og á Húsavík, auk sveitarfélaga á kröfusvæðum og heimasíðu óbyggðanefndar. Þá var málið kynnt í fjölmiðlum.

Frestur annarra til að lýsa kröfum á kröfusvæði ríkisins var framlengdur lítillega í þeim tilvikum að leitað var eftir slíku með rökstuddum hætti og bárust síðustu kröfulýsingar í maí 2005.

Gefið var út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og þær færðar inn á uppdrátt. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofum sýslumanna á Seyðisfirði og á Húsavík, frá 25. maí til og með 30. júní 2005, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 11. júlí 2005. Framangreind kynningargögn voru jafnframt aðgengileg á skrifstofum viðkomandi sveitarfélaga, skrifstofu óbyggðanefndar og heimasíðu óbyggðanefndar. Vakin var athygli á kynningunni í fjölmiðlum. Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdafrests.

Fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins lagði fram kröfulýsingar um þjóðlendur á svæðinu í sex hlutum og níu kröfulýsingar vegna jarðeigna ríkisins. Á

móti barst 101 kröfulýsing ýmissa aðila, sem sumar sköruðust eða náðu til fleiri en eins landsvæðis.

### 2.4. Mál nr. 4/2005, Svalbarðshreppur, Þórshafnarhreppur og Skeggjastaðahreppur

Í júlí 2005 var lögmönnum aðila tilkynnt að óbyggðanefnd hefði ákveðið að skipta þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins niður í fimm mál, þ.e. mál nr. 1/2005, Fljótsdal og Jökuldal austan Jökulsár á Jökuldal; mál nr. 2/2005, Jökuldal norðan og vestan Jökulsár á Jökuldal ásamt Jökulsárhlíð; mál nr. 3/2005, Vopnafjarðarhrepp; mál nr. 4/2005, Svalbarðshrepp, Þórshafnarhrepp og Skeggjastaðahrepp; og mál nr. 5/2005, Öxarfjarðarhrepp.

Mál nr. 4/2005 var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og forsvarsmanna málsaðila 17. ágúst 2005. Gerð var grein fyrir því að óbyggðanefnd skipuðu í málinu þeir Karl Axelsson formaður, Allan Vagn Magnússon og Benedikt Bogason. Gefið var færi á athugasemdum en engar slíkar komu fram. Lögð voru fram skjöl málsins ásamt skjalaskrá og upplýst um ýmis atriði varðandi gagnaöflun. Skorað var á lögmenn að fara yfir umrædd atriði af sinni hálfu og gera hið fyrsta athugasemdir ef þeir teldu ástæðu til. Þá var athygli vakin á þinglýsingu athugasemdar um yfirstandandi þjóðlendumál á jarðir á ágreiningssvæði, skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, og óskað eftir að lögmenn gerðu umbjóðendum sínum grein fyrir þessu. Einnig var óskað eftir því að lögmenn skiluðu umboðum hið fyrsta og gerð grein fyrir mikilvægi þess að lögmenn og óbyggðanefnd ynnu saman að því að þeir sem hagsmuna ættu að gæta gerðust aðilar að málinu. Enn fremur var sérstaklega vakin athygli á ákvæði 17. gr. þjóðlendulaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl. Þá var því beint til lögmanna að kanna hvort ljúka mætti málinu að einhverju eða öllu leyti með sátt, sbr. 15. gr. þjóðlendulaga. Jafnframt kom fram að í lok september væri fyrirhugað að skoða vettvang en þess ber að geta að sú ferð var síðar felld niður vegna óhagstæðs veðurs.

Við aðra fyrirtöku málsins, 20. desember 2005, var lögð fram greinargerð af hálfu íslenska ríkisins og fleiri gögn. Við sama tækifæri var öðrum málsaðilum veittur frestur til 1. mars 2006 til skila á greinargerðum.

Við þriðju fyrirtöku málsins, 9. mars 2006, voru síðan lagðar fram greinargerðir og fleiri gögn og leitast við að upplýsa málið eftir föngum.

Aðalmeðferð fór fram dagana 5., 6. og 7. júlí 2006 og skiptist í vettvangsferð, skýrslutökur og munnlegan málflutning. Fram kom að lögmenn hefðu ekki talið sáttagrundvöll í málinu, sbr. 1. mgr. 15. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998. Að lokinni aðalmeðferð var málið tekið til úrskurðar. Fundað var í félagsheimilinu Hnitbjörgum á Raufarhöfn. Um vettvangsferðir og skýrslutökur er fjallað nánar í köflum 4.3.–4.4. og vísast þangað.

Hinn 17. ágúst 2006 var málið endurupptekið og lögð fram ný gögn. Þau höfðu áður verið kynnt lögmönnum og tækifæri gefið til athugasemda. Engar athugasemdir komu fram. Var málið síðan tekið til úrskurðar að nýju.

# 3. KRÖFUGERÐ[3]

## 3.1. Kröfur íslenska ríkisins

Af hálfu fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins eru gerðar þær endanlegu aðalkröfur að eftirfarandi lína verði úrskurðuð þjóðlendumörk í Skeggjastaðahreppi, Svalbarðshreppi og Þórshafnarhreppi: „Fyrsti punktur (1) í kröfulínu hér er sami og fyrsti kröfupunktur í Vopnafirði eða þar sem Hámundarstaðamerki koma í Hágangnaurð á sveitarfélagamörkum, þaðan er dregin lína austur eftir sveitarfélagamörkum allt í Skálafjall (2), þaðan yfir Staðarvatn og Staðarheiði í Urðartjörn (3), þaðan í þann stað í Miðfjarðará, þar sem Litlilækur rennur í ána við Kverkártungu (4). (*Punktar 1 til 4 eiga að afmarka almenning á Langadalsströnd frá eignarlöndum).* Frá þessum punkti er haldið upp Miðfjarðará þar til komið er 15 km veg frá nyrsta odda Kverkártungu og verður það punktur (5). Frá þessum punkti er haldið yfir Kverkártungu og á þann stað í Kverká (6), þar sem 15 km eru norður til endimarka Kverkártungunnar. Frá þessum punkti er haldið niður eftir Litlu-Kverká og allt þar til sveitarfélagamörk koma að ánni (7).

Fyrsti punktur í kröfulýsingu á Þistilfjarðarsvæðinu er þar sem hreppamarkalína kemur að Litlu Kverká við Kverkártungu (1). Frá honum er dregin lína í punkt (2), þar sem Hávarðsdalsá rennur í Hafralónsá. Frá punkti 2 er farið í punkt (3), þar sem Grasmannalækur rennur úr Bræðravötnum. Þaðan er læknum fylgt að Hölkná (4) og eftir henni liggur línan að innri landamörkum Hafursstaða (5) og þeim fylgt í Balafellsbrún (6) og þaðan í Tröllkonuhlaup í Sandá (7). Þaðan er Sandá fylgt í norðurátt þar til kemur að innri landamörkum Fjallalækjarsels/Flögu við Skjónulæk (8), síðan upp lækinn að þúfu á móts við Tvísteina og í þá (9). Þaðan liggur línan að landmörkum Kúðár og með fram þeim í suðurátt í punkt (9A) sem er hornpunktur milli Svalbarðskirkjuland, Kúðár og Bægisstaða. Þaðan liggur línan með fram landamörkum Svalbarðskirkjulands og Kúðár í punkt (10) sem er hornpunktur milli Svalbarðskirkjulands, Garðsheiðar og Kúðár. Síðan er fylgt innri mörkum jarðarinnar Kúðár í norður þar til línan sker Flautafellsmerkin (11). Þaðan er Flautafellsmerkjum fylgt allt þar til þau koma að Heiðarmúlamerkjum (12) og svo þaðan að merkjum við jörðina Garð (13). Frá punkti 13 er fylgt landamörkum Heiðarmúla allt þar til þau lenda í Ormarsá og verður það punktur (14)“.

---

[3] Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (kort) og II (aðilaskrá). Upphaflega var kröfum einnig lýst vegna jarðanna Óttarstaða, Kúðár, Flautafells, Flögu, Fjallalækjarsels og Hafursstaða. Breytingar á kröfulínu ríkisins við meðferð málsins hafa hins vegar leitt til þess að þær falla nú utan þjóðlendukröfusvæðis. Koma þær því ekki til sérstakrar umfjöllunar í úrskurði þessum nema að því er varðar ákvörðun málskostnaðar.

### 3.2. Kröfur Barða Friðrikssonar vegna Heiðarmúla

Þess er krafist að viðurkennt verði að þinglýstur eigandi Heiðarmúla eigi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar séu þessi samkvæmt þinglýstu landamerkjabréfi: „Að austan ræður gildrag vestanvert við fjallgarðinn framanvert við Einarsskarð og fylgir landið Einarsskarðskvísl, sem liggur vestan við fjallgarðinn þar til hún kemur í Ormarsá og ræður þannig umgetin kvísl landamerkjum að austan og norðanverðu, en upp frá því Ormarsáin, að vestanverðu fram að Axarfjarðarþjóðvegi, en þar eftir fylgir landamerkjastefnan farveg þeim, er liggur úr gili á milli Mýrarsels og Djúpárbotna, og ræður þá bein stefna frá áminnstu gili að sunnan þvert yfir hæðir og urðir, austur að fyrrnefndu Einarsskarðsgili.“

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn einkaafnotarétt í þjóðlendu innan merkja jarðarinnar, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.3. Kröfur Soffíu Björgvinsdóttur og Jónasar P. Bóassonar vegna Garðs (Þverfellslands)

Þess er krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur Garðs eigi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar séu þessi, sbr. landamerkjabréf: „Að norðan ræður Tungná frá ósi að upptökum við Einarsskarð, að vestan ræður austari fjallgarðsbrún frá Einarsskarði að svokölluðum Þvermel, að sunnan ræður bein stefna úr Þvermel í Stóraskriðugil og úr Stóraskriðugili beina stefnu yfir Flautafellsfjall að upptökum Merkilækjar, eftir það ræður merkilækur frá upptökum sínum að ósi. Að austan ræður Svalbarðsá frá Merkilækjarósi að Tunguárósi, sem fyrr er nefndur. Þar að auki á Garður svokallað Þverfellsland liggjandi í afréttarlöndum inn til heiða. Austan að því liggur Svalbarðsá frá Þverfellsárósi að Djúpárósi, að sunnan og vestan ræður Djúpá frá ósi til upptaka sinna í Djúpárbotnum. Að norðan ræður bein stefna frá upptökum Djúpár yfir Súlnafellsfjallgarð að upptökum Arndísarlæks, þá ræður lækurinn frá upptökum til óss síns, þar sem hann fellur í Þverfellsá, eftir það ræður Þverfellsá frá nefndum lækjarósi, að ósi sínum, þar sem hún fellur í Svalbarðsá, sem áður er nefndur.“

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn einkaafnotarétt í þjóðlendu innan merkja jarðarinnar, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.4. Kröfur Sigtryggs Þorlákssonar vegna Svalbarðskirkjulands

Þess er krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur Svalbarðs eigi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar og að viðurkennt verði að landamerki svokallaðs Svalbarðskirkjulands séu þessi samkvæmt þinglýstu landamerkjabréfi: „Að vestan ræður Svalbarðsá frá ósi upp þangað sem Djúpa fellur í hana, síðan Djúpá að ytri Langásenda og svo Langás, síðan skilur heiðarlönd Svalbarðskirkju og Hafrafellstungu bein lína úr fremri Langásenda suður í upptök kvíslar þeirrar, er fellur austur úr stóra Búrfellsvatni (Hólmavatni), þaðan réttsýnis yfir vatnið austan í melhól þann, sem er norðaustan við Búrfell, þaðan réttsýnis í Dettifossá og ræður sú á síðan landamerkjum austur til Sandár, sem allt til sjávar myndar austurtakmörk kirkjulandsins."

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn einkaafnotarétt í þjóðlendu innan merkja jarðarinnar, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.5. Kröfur Gunnars K. Þorleifssonar og Þorleifs Gunnarssonar, eigenda Fjallalækjarsels, vegna Bægisstaða

Þess er krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur Fjallalækjarsels eigi beinan eignarrétt að öllu landi Bægisstaða og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar séu þessi: „Frá fremra Hlíðarhorni þvert í Sandá, með henni að Skjónulæk, ræður svo lækurinn að torfvörðu móts við tvísteina, frá vörðunni í Tvísteina. Frá Tvísteinum ræður bein lína að neðanverðri Lambafjallsgróf þar sem hún fellur í Kúðá. Þaðan ræður nefnd gróf að upptökum hennar, síðan þvert yfir Núpa í Hlíðarhorn."

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um einkaafnotarétt í þjóðlendu innan merkja jarðarinnar, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.6. Kröfur Svalbarðshrepps vegna Vatnsenda

Þess er krafist að viðurkennt verði að þinglýstur eigandi Vatnsenda á Álandstungu eigi beinan eignarrétt að öllu landi innan þinglýstra merkja, sbr. landamerkjabréf: „Að norðan ræður tröllkonuhlaup við Sandá og þaðan bein lína í austur Balafellsbrún, þá ræður brúnin í Vatnsendaskarð, þaðan ræður lækur sá er úr skarðinu kemur í Hölkná. Að austan ræður Hölkná frá Skarðslæk inn að Krubbalæk og ræður hann til upptaka sinna, sem eru utanundir Álftadyngjufjallgarðshaus, þaðan ræður sama stefna í suður

þar til tekin verður bein lína vetur í Sandá um Þorsteinsnef. Að vestan ræður Sandá frá Þorsteinsnefi til Tröllkonuhlaups.“

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn einkaafnotarétt í þjóðlendu innan merkja Vatnsenda, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.7. Kröfur Skúla Ragnarssonar og Bjarnveigar Skaftfeld, eigenda Ytra-Álands, vegna Álandstungu

Þess er krafist að svokölluð Álandstunga „milli Hölknár og Sandár að Þorsteinsnefi“, fyrir innan Hafursstaði, verði viðurkennt eignarland er enn tilheyri jörðinni Ytra-Álandi að því marki sem því hefur ekki verið ráðstafað frá jörðinni og þinglýstur eigandi Ytra-Álands eigi beinan eignarrétt að öllu landi Álandstungu sem ekki tilheyrir öðrum samkvæmt þinglýstum heimildum.

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn einkaafnotarétt í þjóðlendu innan merkja jarðarinnar, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.8. Kröfur Ólafs B. Vigfússonar og Vigfúsar Guðbjörnssonar, eigenda Syðra-Álands, vegna Hvapps

Þess er krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur Ólafs B. Vigfússonar og Vigfúsar Guðbjörnssonar að öllu landi Hvapps og að viðurkennt verði að landamerki Hvapps séu þessi samkvæmt þinglýstu landamerkjabréfi: „Að austan ræður bein lína í vestur úr Hölkná miðjavegu milli Hafurstaða og Hvapps, í Balafellsbrún, svo ræður fjallsbrúnin suður í Vatnsendaskarð, svo ræður lækur sá er úr skarðinu rennur í Hölkná.“

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn einkaafnotarétt í þjóðlendu innan merkja Hvapps, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.9. Kröfur Stefáns Eggertssonar og Gunnars Þóroddssonar vegna Laxárdals

Þess er krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur þinglýstra eigenda Laxárdals að öllu landi jarðarinnar og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar séu þessi samkvæmt þinglýstu landamerkjabréfi: „Að vestan ræður Hölkná frá sjó, að

fremri Skarðslæk, svo ræður lækurinn til upptaka sinna, sem eru norðan undir Lambafjallgarði, þá ræður Lambafjallgarðsbrún til foss í Hölkná, eftir það ræður nefnd á suður á móts við vesturhorn á Heljardalsfjöllum; að sunnan ræður bein stefna úr Hölkná austur í norðvesturhorn Heljardalsfjalla; þá ráða Heljardalsfjöll þar til tekin verður úr þeim bein stefna milli Bræðravatna í Skessuhamar. Að austan ræður nefnd stefna úr Heljardalsfjöllum í Skessuhamar, þá ræður bein stefna úr Skessuhamri í upptök Laxár, síðan ræður Laxá allt til vörðu austan megin skammt fyrir ofan ós og þaðan bein lína eftir vörðum í Klöpp í flæðarmáli, hvar Laxá rann áður í sjó."

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn einkaafnotarétt í þjóðlendu innan merkja jarðarinnar, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.10. Kröfur Sigurðar J. Sverrissonar og fleiri vegna Hvamms I–IV

Þess er krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur þinglýstra eigenda Hvamms að öllu landi jarðarinnar og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar séu þessi samkvæmt þinglýstu landamerkjabréfi: „Að austan ræður Hafralónsá í Þistilfirði frá Merkidalskílsósi að Heljardalsárósi, þá ræður Heljardalsá að upptökum sínum, sem eru innst í Heljardal, að sunnan ræður Heljardalsbotn og hæstu brúnir Heljardalsfjalla, að norðan þar til kemur vestur á þau mið eða svo langt að bein stefna verður tekin af fjöllunum milli Bræðravatna í Skessuhamar, sem ræður landamerkjum að vestan. Frá Merkidalskílsósi, sem fyrr er nefndur, ræður að norðan Merkidalur til nyrðri botnsins, fyrir miðjum botninum er varða og úr henni ræður bein stefna yfir einstakt holt í mýrunum í vörðu á Nónás og þaðan sama stefna í Garðá, þá ræður Garðá að upptökum sínum og svo bein stefna í Skessuhamar. Í þessu landi liggur hjáleiga Gunnarsstaða Hávarðsstaðir."

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn einkaafnotarétt í þjóðlendu innan merkja jarðarinnar, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.11. Kröfur Brynhildar Halldórsdóttur vegna Syðra-Lóns (Grímólfsártungu)

Þess er krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur Syðra-Lóns eigi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar, þar með talið svokallaðri Grímólfsártungu. Merki Grímólfsártungu, heiðarlands Syðra-Lóns, eru skv. landamerkjabréfi Syðra-Lóns: „Allt land milli Hafralónsár og Grímólfsár frá upptökum þeirra þar til þær falla saman."

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn einkaafnotarétt í þjóðlendu innan ofangreindra merkja, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.12. Kröfur Marinós Jóhannssonar og Ævars R. Marinóssonar vegna Þorsteinsstaða

Þess er krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur þinglýstra eigenda að öllu landi jarðarinnar, og að viðurkennt verði að landið sé innan merkja jarðarinnar Tungusels.

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn einkaafnotarétt í þjóðlendu innan merkja jarðarinnar Þorsteinsstaða, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.13. Kröfur Marinós Jóhannssonar og Ævars R. Marinóssonar vegna Tungusels

Þess er krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur þinglýstra eigenda Tungusels að öllu landi jarðarinnar og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar séu þessi samkvæmt þinglýstu landamerkjabréfi: „Að austan ræður Kverká frá því hún fellur í Hafralónsá, allt inn að klöpp (merkiklöpp) þeirri, er stendur austan við ána skammt fyrir utan Kverkáreyrar, þaðan bein stefna í Stóruvörðu, er stendur á melhrygg í Grasdal, þaðan sama stefna í vörðu á Hólmavatnshæðum, þaðan sama stefna í Miðdal í Arnarfjöllum, þaðan bein stefna neðst á Bárðarmel. Að sunnan ræður bein stefna innst af Bárðarmel vestur í Hafralónsá. Að norðan ræður Hafralónsá inn að Tunguá, að vestan Tunguá inn að kílmótum, þá austara Tunguárdrag inn að Arnarfjallahyrnu og þaðan bein stefna í Hafralón.“

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn einkaafnotarétt í þjóðlendu innan merkja jarðarinnar, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.14. Kröfur Gunnlaugs Ólafssonar og Þórshafnarhrepps vegna Hallgilsstaða I og II

Þess er krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur þinglýstra eigenda Hallgilsstaða að öllu landi jarðarinnar og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar séu þessi samkvæmt landamerkjabréfi: „Að vestan ræður Kverká frá því hún fellur í Hafralónsá inn að Klöpp þeirri (Merkiklöpp) er stendur austan við ána skammt fyrir utan Kverkáreyrar, þaðan bein stefna í Stóruvörðu, er stendur á melhrygg í Grasdal, þaðan sama stefna í vörðu á Hólmavatnshæðum, og þaðan enn sama stefna í Miðdal í Arnarfjöllum; þaðan ræður bein stefna innst í Barðmel. Að sunnan ræður bein stefna innst af Barðmel í Heiðarhól og Heiðarvatn. Að austan ræður Kverkárdrag frá Heiðarvatni út að krók þeim sem dragið myndar skammt utan við Þverurð; þaðan bein stefna norðaustur í litlu Kverká sem þá ræður út á móts við Langavatnsenda hinn nyrðri; þaðan ræður melhryggur sá er liggur suður af fremri Þröskuld út á hæð þá, er svo heitir; þaðan bein stefna norðaustur í Leirvatn; þaðan ræður Finnafjarðará að Stórhól, er stendur vestan við ána; þaðan bein stefna yfir Þverfell á Tjaldhæð. Að norðaustan ræður bein stefna af Tjaldhæð syðst á Fiskárvötn, þá Fiskárvötn og Fiská þar til hún fellur í Kíl þann er liggur út í Hafralónsá. Að norðan og vestan ræður Hafralónsá allt inn að Kverká, þó svo, að þrír smáhólmar (ytri og innri Búðarhólar og Stórihólmi) austan og innan við Búðarhöfða, tilheyra Hvammi í Svalbarðshreppi, en svonefndir Kumbshólmar, innar með ánni að vestan, tilheyra Hallgilsstöðum.“

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn einkaafnotarétt í þjóðlendu innan merkja jarðarinnar, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.15. Kröfur Guðlaugar Ólafsdóttur og fleiri vegna Kverkártungu

Þess er krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur þinglýstra eigenda Kverkártungu á öllu landi Kverkártungu innan þeirra merkja sem lýst er í landamerkjabréfi, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja: „Úr vörðu við Kistufellslækjarós í Miðfjarðará (punktur 1) beint í Heiðarvatn (punktur 2) þaðan þvert í drög Litlu-Kverkár (punktur 3) og eftir ánni norður í ármót Litlu-Kverkár og Miðfjarðarár (punktur 4). Að austan ræður Miðfjarðará.“

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ.á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.16. Kröfur Rósar Bender og fleiri vegna Miðfjarðar I–II

Þess er krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur þinglýstra eigenda Miðfjarðar á öllu landi Miðfjarðar innan þeirra merkja sem lýst er í landamerkjabréfi, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja: „Úr Kistufellslækjarós í Miðfjarðará (punktur 1) eftir læknum í vörðu á hól við lækinn (punktur 2) úr vörðunni beint í Hölknárdrög (punktur 3) og þaðan ræður Hölkná til sjávar (punktur 4). Að vestan ræður Miðfjarðará til sjávar (punktur 5).“

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ.á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.17. Kröfur Sigríðar Sigurðardóttur vegna Melavalla

Þess er krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur á landi jarðarinnar innan þeirra merkja sem lýst er í landamerkjabréfi, þ.e. allt land Miðfjarðartorfunnar innan eftirtalinna merkja: „Úr Kistufellslækjarós í Miðfjarðará (punktur 1) eftir læknum í vörðu á hól við lækinn (punktur 2) úr vörðunni beint í Hölknárdrög (punktur 3) og þaðan ræður Hölkná til sjávar (punktur 4) Að vestan ræður Miðfjarðará til sjávar (punktur 5).“

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ.á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.18. Kröfur Vesturfara ehf. vegna Veðramóta I

Þess er krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur þinglýstra eigenda Veðramóta I á landi jarðarinnar innan þeirra merkja sem lýst er í landamerkjabréfi, þ.e. allt land Gunnarsstaðatorfunnar innan eftirtalinna merkja: „Að vestan ræður Hölkná frá sjó (punktur 3) í Hölknárdrög (punktur 2) og þaðan beina stefnu í hornpunkt á móti Hvammsgerði (punktur 1) þaðan eftir landamerkjum Hvammsgerðis í hornpunkt á móti Hámundarstöðum (punktur 4) og þaðan beina stefnu í Sellækjardrög og þaðan ræður Sellækur.“

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir

afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ.á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.19. Kröfur Dýrleifar Ásgeirsdóttur vegna Veðramóta II

Þess er krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur þinglýsts eiganda Veðramóta II að jörðinni Gunnarsstöðum í Skeggjastaðahreppi með eftirfarandi landamerkjum: „Að austan eru merkin úr vörðu, sem stendur á sjávarbakkanum rétt austan við Árvík (1), þaðan beina stefnu um svonefnda Valgerðartóft, sem er á Hávaðanum austan við Hölkná, og Stórusteina á Jarðbakkanum, í Sellæk neðanvert við Litla-kíl (2), úr því ræður Sellækur inn á móts við Bláfjall (3), þá tekur við Sellækjardrag (4) og Hágangsröð eystri (5), þaðan eftir hreppamörkum Skeggjastaðahrepps og Vopnafjarðarhrepps um eystra Hágangshorn í Hölknárdrög (6). Að vestan skiptir Hölkná (7) frá fjalli til fjöru.“

Verði komist að þeirri niðurstöðu að ofannefnt svæði sé þjóðlenda að einhverju leyti er þess krafist *til vara* að viðurkenndur verði fullur og óskoraður afnotaréttur að landi innan áðurlýstra merkja. Undir þann afnotarétt falla m.a. öll venjubundin afnot að fornu og nýju, þ.m.t. veiðiréttur í ám og vötnum, nytjar af fugla- og dýraveiði, upprekstrar-, beitar- og námuréttur, vatns- og varmaréttur, sem og öll önnur venjuhelguð gæði og afnot af landinu.

Þá er þess krafist að allur kostnaður vegna hagsmunagæslu fyrir óbyggðanefnd greiðist úr ríkissjóði.

### 3.20. Kröfur Jóns Sigurðssonar vegna Hölknár

Þess er krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur þinglýsts eiganda Hölknár að jörðinni Gunnarsstöðum í Skeggjastaðahreppi með eftirfarandi landamerkjum: „Að austan eru merkin úr vörðu, sem stendur á sjávarbakkanum rétt austan við Árvík (1), þaðan beina stefnu um svonefnda Valgerðartóft, sem er á Hávaðanum austan við Hölkná, og Stórusteina á Jarðbakkanum, í Sellæk neðanvert við Litla-kíl (2), úr því ræður Sellækur inn á móts við Bláfjall (3), þá tekur við Sellækjardrag (4) og Hágangsröð eystri (5), þaðan eftir hreppamörkum Skeggjastaðahrepps og Vopnafjarðarhrepps um eystra Hágangshorn í Hölknárdrög (6). Að vestan skiptir Hölkná (7) frá fjalli til fjöru.“

Verði komist að þeirri niðurstöðu að ofannefnt svæði sé þjóðlenda að einhverju leyti er þess krafist *til vara* að úrskurðaður verði fullur og óskoraður afnotaréttar að landi innan áðurlýstra merkja. Undir þann afnotarétt falla m.a. öll venjubundin afnot að fornu og nýju, þ.m.t. veiðiréttur í ám og vötnum, nytjar af fugla- og dýraveiði, upprekstrar-, beitar- og námuréttur, vatns- og varmaréttur, sem og öll önnur venjuhelguð gæði og afnot af landinu.

Þá krefst eigandi þess að allur kostnaður hans vegna hagsmunagæslu fyrir óbyggðanefnd greiðist úr ríkissjóði.

### 3.21. Kröfur Vesturfara ehf. vegna Gunnarsstaða

Þess er krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur þinglýstra eigenda Gunnarsstaða á landi jarðarinnar innan þeirra merkja sem lýst er í landamerkjabréfi, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: „Að vestan ræður Hölkná frá sjó (punktur 3) í Hölknárdrög (punktur 2) og þaðan beina stefnu í hornpunkt á móti Hvammsgerði (punktur 1) þaðan eftir landamerkjum Hvammsgerðis í hornpunkt á móti Hámundarstöðum (punktur 4) og þaðan beina stefnu í Sellækjardrög og þaðan ræður Sellækur.“

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ.á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.22. Kröfur Hjalta Steinþórssonar og fleiri vegna Djúpalækjar

Þess er krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur þinglýstra eigenda Djúpalækjar á landi jarðarinnar innan þeirra merkja sem lýst er í landamerkjabréfum, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja: „Að vestan ræður Hölkná frá sjó (punktur 1) í Sellækjarós (punktur 2) og þaðan ræður Sellækur að upptökum sínum (punktur 3) þaðan beina stefnu í upptök Djúpalækjar (punktur 4) sem ræður merkjum til sjávar.“

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ.á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum og ám.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.23. Kröfur Auðuns Haraldssonar og fleiri vegna Þorvaldsstaða

Þess er krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur þinglýstra eigenda Þorvaldsstaða á landi Þorvaldsstaða innan þeirra merkja sem lýst er í landamerkjabréfum, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja: „Að vestan ræður Djúpilækur frá sjó (punktur 1) að upptökum sínum (punktur 2) þaðan beina stefnu í upptök Sellækjar (punktur 3) og þaðan á móti Gunnarsstöðum á punkt á hreppamörkum (punktur 4) þaðan eftir hreppamörkum að Skeggjastaðalandi (punktur 5) þaðan bein stefna í upptök Staðarár (punktur 6) Staðará ræður að Háuhæð (punktur

7) þaðan í vörðu á Fossahnúk (punktur 8) þaðan í vörðu í Merkjaflóa (punktur 9) og þaðan ræður Merkjalækur til sjávar (punktur 10).“

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ.á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum og ám.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.24. Kröfur Prestssetrasjóðs f.h. íslensku þjóðkirkjunnar vegna Skeggjastaða

Þess er krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur þinglýstra eigenda Skeggjastaða að öllu landi jarðarinnar og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar séu þessi samkvæmt landamerkjabréfi Skeggjastaða með hjáleigunum Dalhúsum og Gæsagili: „Úr Merkilæk, þar sem hann fellur til sjávar og upp eftir honum, þar til hann myndast úr tveimur drögum, þaðan í vörðu er stendur á Melhól í svonefndum Merkiflóa, þaðan réttsýnis í aðra vörðu á svonefndum Fossahnjúk og í sömu stefnu austan við Þorvaldsstaðavatn í Staðará og upp með henni, svo langt fram, sem sambýður hálfu Kverkárdalsvatni, þaðan í læk þann er rennur í Gæsagilsá norðan við vestasta Skálafjall og eftir þeim læk í Gæsagilsá, ræður sú á og síðan Bakkaá landamerkjum allt út að horninu utan við Háabakkavaðið, þó svo að hólmar þeir allir, er Bakkaá myndar fylgir löndum jarðanna eftir því, sem megin árinnar deilir löndum á hverjum tíma, sem er úr nefndu horni beint í Merkistein á Merkitanga, þaðan í stærsta markstein í Bakkaá beint til sjávar.“ Milli heimajarðarinnar og hjáleigunnar Dalhúsa er merkilínan: „Úr horninu utan við Dalhúsaeyrar og í Hyrnu. Þaðan beina línu í Miðmundarfell og í Miðmundarlækjamót upp með vestari læknum og í Dalhúsaá ofan við Efrieyrar.“ Milli heimajarðarinnar og hjáleigunnar Gæsagils eru merkin: „Úr Dalhúsaá milli Efri- og Neðrieyra yfir Sauðhöfða um Staðarvatn og í Gæsagilsá og milli hjáleiganna er merkilínan úr Dalhúsá rétt ofan við Miðmundalækjarós í stóran stein í norðasta ás, þaðan í vörðu á Miðás og beina línu áfram í Gæsagilsá.“

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.25. Kröfur Skeggjastaðahrepps og fleiri vegna Nýjabæjar

Þess er krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur þinglýstra eigenda Nýjabæjar á landi jarðarinnar innan þeirra merkja sem lýst er í landamerkjabréfum, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: „Úr stórum steini á Reiðhrygg (punktur 1) í annan stóran stein norðan í Heiðarþúfu-

hálsi (punktur 2) þaðan í stóra klöpp við Hölkná (punktur 3) þaðan eftir ánni að Efra-Hölknárlóni (punktur 4) þaðan í syðri enda Bakkanúps (punktur 5) þaðan í tangann á Miðheiðarvatni (punktur 6) þaðan beint í Skálafjöll og af vestasta Skálafjalli (punktur 7) í læk sem rennur fyrir norðan hann (punktur 8) eftir læknum í Gæsagilsá (punktur 9) og eftir ánni þangað til kemur á móts við punkt 1 og úr ánni í punkt 1.“

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ.á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum og ám.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.26. Kröfur Svalbarðshrepps vegna afréttar

Þess er krafist að viðurkennt verði að það land innan sveitarmarka Svalbarðshrepps, sem tilheyrir engri jörð samkvæmt þinglýstum landamerkjum, verði viðurkennt afréttarland Svalbarðshrepps.

Af hálfu Svalbarðshrepps er litið svo á að í kröfugerðinni felist krafa um fullkominn afnotarétt hans í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo að umrætt landsvæði teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.27. Kröfur Þórshafnarhrepps vegna afréttar

Þess er krafist að viðurkennt verði að það land innan sveitarmarka Þórshafnarhrepps sem tilheyrir engri jörð samkvæmt þinglýstum landamerkjum verði viðurkennt afréttarland Þórshafnarhrepps.

Af hálfu Þórshafnarhrepps er litið svo á að í kröfugerðinni felist krafa um fullkominn afnotarétt hans í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo að umrætt landsvæði teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

# 4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN

## 4.1. Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1–4 ásamt undirskjölum,eða samtals 611 skjöl, auk 31 hliðsjónargagns Sjá nánar í fylgiskjali nr. III (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

## 4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að eigin frumkvæði að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll., nr. 58/1998. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fáist um einstök álitaefni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til umfjöllunar. Verkið var unnið á hlutlausan og fræðilegan hátt. Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar og grundvallast á „Yfirliti yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Yfirlit þetta hefur verið kynnt lögmönnum málsaðila og engar athugasemdir komið fram. Við samningu þess hefur óbyggðanefnd notið ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands, Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar.

Fyrirsvarsmönnum aðila í máli þessu var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt átti óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmenn um þessi atriði. Þeir gátu einnig bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna eða afla. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. þjóðll. Lögmönnum og málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til greinargerða Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar um þetta efni, skjala nr. 3 og 4. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. III, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (þ.e. undir yfirnúmerum 3 og 4) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

### 4.3. Vettvangsferð

Haldið var af stað í vettvangsferð frá Hótel Norðurljósum á Raufarhöfn, í björtu veðri og góðu skyggni, að morgni 5. júlí 2006. Mættir voru lögmenn málsaðila auk óbyggðanefndar og starfsmanna nefndarinnar. Þá var með í för Hjörleifur Guttormsson náttúrufræðingur.

Ekið var sem leið lá í átt að Viðarfjalli í Svalbarðshreppi. Við afleggjara við Viðarvötn biðu Sigtryggur Þorláksson, Svalbarði, og Jónas Bóasson, Garði, og óku þeir á eigin bifreið í samfloti við rútubifreið óbyggðanefndar upp á Viðarfjall. Þar var útsýni mjög gott og vel sást yfir þjóðlendukröfusvæði ríkisins. Hjörleifur og heimamenn lýstu landslagi og staðháttum. Austur yfir Þistilfjörð sást Langanesið og Gunnólfsvíkurfjall syðst á Langanesi. Þá sást yfir Helkunduheiði í Kollumúla og Hellisheiði eystri, aðeins glitti í Krossavíkurfjöll. Vel sást í Hágang Ytri- og Syðri- og milli þeirra sá í Smjörfjöll. Sunnan við Háganga blasti við Kistufell og hægra megin við það sást Mælifell og síðan Sandhnjúkar og Hrútafjöll. Þá sá í Stakfell og Heljardalsfjöll. Nær sá í Hermundarfell, Flautafell og yfir bar í Svalbarðsnúpa. Fram kom að Svalbarðsnúpar væru ranglega merktir inn á kortagrunn Landmælinga þar sem þeir voru hafðir í eintölu. Vestan við Svalbarðsnúpa sá bæði í Litla-Kvígindisfjall og Stóra-Kvígindisfjall og síðan Balafell. Þá sást í Búrfell í suðri og einnig bar í Hvannstaðafjallgarð. Þá sá í Súlnafjallgarðinn og Súlnafellið. Síðan sá í fjallgarðinn við Öxarfjarðarheiði með Einarsskarði og svo gnæfði Óttarshnjúkur yfir Viðarsvatni. Eftir þetta var haldið til baka sem leið lá niður Viðarfjall. Jónas og Sigtryggur stigu upp í rútubifreið við þjóðvegarafleggjara. Ekið var áfram eftir þjóðvegi uns beygt var til hægri inn á gangnamannaslóð sem lá upp á Garðsheiðina. Staðnæmst var við mörk Heiðarmúla og Garðs. Sigtryggur og Jónas sögðu frá og lýstu staðháttum. Þá var haldið til baka sömu leið niður á þjóðveg. Jónas benti á þann stað sem Garðsel var talið vera. Þegar komið var niður á þjóðveg kvaddi Jónas Bóasson en Sigtryggur fylgdi hópnum áfram inn í Álandstunguheiði. Ekið var fram hjá bæjarstæðum Garðs og yfir Svalbarðsá.

Við Syðra-Áland voru Ragnar Skúlason, Skúla Ragnarsson, Ytra-Álandi, Sigurður Jensson, Hvammi, Stefán Eggertsson, Laxárdal, Gunnar Þorleifsson, Fjallalækjarseli og Ólafur Birgir Sigfússon, Syðra-Álandi. Sigurður, Stefán, Ólafur og Gunnar óku á eigin bifreið í samfloti við rútubifreið upp á Tunguselsheiði. Ekið var fram hjá Stóra-Kvígindisfjalli, Svalbarðsnúpum og Balafelli. Stöðvað var við Vælindisás og horft yfir Balafell sem var punktur í kröfulínu ríkisins. Ekið var fram hjá bæjarstæði Hafursstaða. Stöðvað aftur við Kristjánskvísl og horft yfir svæðið. Loks var áð við gangnamannakofa við Vatnsendavatn. Eftir hádegishlé var haldið til baka sömu leið. Við Ytra-Áland voru heimamenn kvaddir. Þá var ekið sem leið lá niður á þjóðveg og var ferðinni heitið upp á Gunnarsstaðaás í Svalbarðshreppi. Bifreiðin var stöðvuð við Gunnarsstaðaás og hringsjá skoðuð 2 km frá þjóðvegi. Vel

sást yfir land Laxárdals og Ytra-Álands. Þá var haldið af stað á ný og ekið austur í átt að Tunguseli. Ekið var yfir Hafralónsá. Við Tungusel stigu inn í bifreiðina Gunnlaugur Ólafsson, Hallgilsstöðum, Marinó Jóhannsson, Tunguseli og Sigurður Jensson, Hvammi. Þá var ekið sem leið lá upp slóða inn í Tunguselsheiði. Þar var staðnæmst, horft yfir og teknar myndir. Vel sást í Hágangaheiði og til Arnarfjalla. Síðan var ekið til baka sama slóða. Við Tungusel voru heimamenn kvaddir.

Nú var ferðinni heitið að Gunnarsstöðum og Þorvaldsstöðum í Skeggjastaðahreppi, keyrt var í gegnum Þórshöfn og áfram austur yfir heiði. Þá var ekið inn að bæjarstæði Hölknár þar sem Grímur Sigurðsson hdl. og Jón Sigurðsson, Hölkná, tóku á móti hópnum. Jón Sigurðsson lýsti landamerkjum á jörð sinni. Indriði Þóroddsson, Miðfjarðarnesi, og Marinó Oddsson, Miðfirði, bættust við hópinn. Þá var afráðið að aka upp á Tunguhæð áleiðis inn Kverkártungu. Eftir stutt stopp á bænum Hölkná var ekið áfram í átt að Þorvaldsstöðum. Þar á bæ fór fram skýrslutaka. Friðbjörn Garðarsson hdl. leiddi Auðun Haraldsson, einn eigenda Þorvaldsstaða, fyrir óbyggðanefnd.

Var nú ferðinni heitið upp á Tunguhæð. Upp í bílinn stigu Marinó Oddsson, Miðfirði, og Gunnlaugur Ólafsson, Hallgilsstöðum. Ekið var yfir Litlu-Kverká. Hjörleifur lýsti hvar gömul sýslumörk lágu um mitt Langanes út að Font. Bifreiðin var stöðvuð upp á Tunguhæð. Þar var horft yfir jarðir í Skeggjastaðahreppi og heimamenn lýstu kennileitum. Þá var ekið til baka sömu leið niður að þjóðvegi.

Var nú ferðinni heitið upp á Gunnólfsvíkurfjall eftir vegi sem lagður var vegna Radarstöðvar sem þar er starfrækt. Á leið upp á fjallið lýsti Hjörleifur staðháttum og landslagi. Uppi á Gunnólfsvíkurfjalli var útsýni mjög gott í allar áttir og vel sást yfir kröfusvæði á norðausturlandi. Að austan sá í Hellisheiði eystri, Kollumúla, Dyrfjöll, Botndalsfjall og Ósfjöll. Það sá auk þess í Hafnarbjarg sem er austan Borgarfjarðar eystra. Nær sá í Hlíðarfjöllin, Smjörfjöll, Smjörvatnsheiði, Hágangana, Kistufell, Þjóðfell og Hrútafjöll. Þá sá í Möðrudalsfjallgarð, Heljardalsfjöll, Hvannstaðafjallgarð og Mýrgil. Þá sáust Hólsfjöll, Gagndagahnjúkar, Þistilfjarðarfjöllin, Svalbarðsnúpar, Balafell, Stóra-Kvígindisfjall og loks mátti greina Búrfell. Að þessu loknu var förinni heitið sömu leið niður. Þar skildi leiðir og voru heimamenn kvaddir. Loks var ekið sem leið lá til Raufarhafnar og komið þangað síðla kvölds.

### 4.4. Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins gáfu eftirtaldir skýrslur og svöruðu spurningum óbyggðanefndar og lögmanna: 1. Auðunn Haraldsson, Þorvaldsstöðum; 2. Jónas Pétur Bóasson, Garði; 3. Sigtryggur Þorláksson, Svalbarði; 4. Gunnar Kjartan Þorleifsson, Fjallalækjarseli en mættur vegna Bægisstaða; 5. Jóhannes Sigurðsson, Gunnarsstöðum, og fyrrverandi oddviti Svalbarðshrepps; 6. Skúli Ragnarsson, Ytra-Álandi; 7. Ólafur Birgir Vigfússon, Syðra-Álandi; 8. Stefán Eggertsson, Laxárdal; 9.

Sigurður Jens Sverrisson, Hvammi II; 10. Marinó Jónasson, Tunguseli; 11. Gunnlaugur Ólafsson, Hallgilsstöðum II; 12. Jón Marinó Oddsson, Miðfirði.

Að einstökum efnisatriðum í skýrslum aðila er vikið í úrskurði þessum, eftir því sem efni eru, en uppskriftir á þeim eru meðal gagna málsins.

## 5. SAGA JARÐA OG ANNARRA LANDSVÆÐA

Hér verður í fyrstu greint frá elstu ritheimildum um landnám á því svæði sem til umfjöllunar er og síðan er sveitarmörkum lýst. Því næst verða raktar heimildir um landsvæði þau sem þjóðlendukrafa íslenska ríkisins í máli þessu nær til, að því leyti sem þær varða afmörkun, eignarréttindi og nýtingu. Fyrrnefndar upplýsingar fylgja að mestu efnisþáttum og síðan tímaröð. Loks er gerð grein fyrir afréttarnotum á svæðinu almennt.[4]

### 5.1. Landnám

Í Sturlubók *Landnámu* segir um landnám í Þistilfirði:

> Ketill þistill nam Þistilsfjörð milli Hundsness og Sauðaness. Hans son var Sigmundr, faðir Laugarbrekku-Einars.[5]

Hauksbók og Þórðarbók segja meira af Katli og afkomendur hans, en landnámsmörkum er lýst eins.[6] Hundsnes er talið vera Rauðanes, austan við Kollavík, og Sauðanes sagt kallað Grenjanes á Uppdrætti Íslands.[7]
Um landnám á Langanesströnd eru Landnámugerðir samhljóða:

> Finni hét maðr, er nam Finnafjörð ok Miðfjörð. Hans son var Þórarinn, faðir Sigurðar, föður Glíru-Halla.[8]

> Hróðgeirr en hvíti Hrappsson nam Sandvík fyrir norðan Digranes allt til Miðfjarðar ok bjó á Skeggjastöðum. Hans dóttir var Ingibjörg, er átti Þorsteinn en hvíti.[9]

Sumar gerðir *Landnámu* kalla Miðfjörð Viðfjörð og Sandvík nefnist nú Bakkafjörður.[10]

Í bókinni *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* segir um byggð á Langanesströnd:

> Sem fyrr var greint, er byggðin mest við sjóinn, en inn til heiða eru allvíða rústir eyðibýla, afbýla frá sjávarjörðum, og hafa verið í ábúð lengri eða skemmri tíma í liðnum öldum, einkum þó um og eftir miðja 19. öld, þar til þjóðflutningar til Ameríku hófust.[11]

---

[4] Þessi kafli er byggður á greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands, sbr. skjal nr. 40. Þó hefur verið felld út eða stytt umfjöllun um heimildir sem ekki þykja hafa þýðingu fyrir úrlausn málsins.
[5] Skjal nr. 4 (103), bls. 286.
[6] Skjal nr. 4 (103), bls. 287.
[7] Skjal nr. 4 (103), bls. 287 neðanmáls.
[8] Skjal nr. 4 (103), bls. 288.
[9] Skjal nr. 4 (103), bls. 289.
[10] Skjal nr. 4 (103), bls. 288 og 289 neðanmáls.
[11] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 10.

## 5.2. Sveitamörk

Ekki hefur fundist nein heildstæð lýsing á mörkum Skeggjastaðahrepps. *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* segja í sveitarlýsingu Vopnafjarðar um mörk móti Skeggjastaðahreppi og lengra:

> Sveitarmörk að norðvestan eru um Stapaá á Digranesi, inn Sandvíkurheiði í Ytri-Hágang. Þaðan í Miðfjarðará við Kistufellslæk, um Sandhnúkavatn og Austari-Haugsbrekku í Botnafjallgarð. [12]

Takmörkum Sauðaneshrepps er þannig lýst í *Landi og fólki*:

> Hafralónsá er á sveitarmörkum að vestan, að upptökum í Hafralónum. Þá ræður Stakfellskvísl suður fyrir Litla-Stakfell, þar sem taka við heiðalönd Vopnfirðinga.
>
> Að austan ráða sýslumörk að sjó í Fossdal norðan við Gunnólfsvíkurfjall, og svo hið volduga úthaf ...[13]

Mörk milli Svalbarðs-, Vopnafjarðar-, Skeggjastaða- og Sauðaneshreppa (sýslumörk) eru sögð þessi í *Lýsingu Þingeyjarsýslu*:

> [Frá Selárbotnum suðvestur frá Vopnafirði]. Þaðan til norðurs um Haugsöræfi og Einbúa, þaðan til norðausturs og norðurs, sunnan Stakfells, eftir ofanverðri Miðfjarðará, austan Tunguselsheiðar, um Hallgilsstaðaheiði og Brekknaheiði á Langanesi, en þaðan til austurs yfir Vatnadal og í sjó um Fossdal norðan Gunnólfsvíkurfjalls.[14]

Eiríkur Þormóðsson lýsir mörkum Svalbarðshrepps svo:

> Að vestanverðu ræður Ormarsá merkjum frá sjó og þar til henni sleppir nokkru fyrir sunnan eyðibýlið Múla syðst á Seljaheiði, sem síðar mun fjallað um, og sömuleiðis nokkru sunnar en merkin milli Presthóla- og Axafjarðarhrepps liggja að merkjum Svalbarðshrepps. Þá liggja mörkin um svonefnt Botnagil, Einbúa, sem er fremur lágt fjall nyrst í Laufskálafjallgarði, og síðan áfram suður eftir endilöngum Laufskálafjallgarði í gegnum Gagndagahnjúk, sem er allhár hnjúkur sunnarlega í fjallgarðinum, og suður í Reiðgil, en þar liggja merki Axafjarðar- og Fjallahrepps að merkjum Svalbarðshrepps. Síðan liggja merkin til norðausturs með Fossá, þar til hún rennur í Sandá, eina af stærri ánum, sem falla gegnum Þistilfjörð. Þá ræður Sandá merkjum til suðurs að svokölluðu Þorsteinsnefi, sem er nokkurn veginn í austur frá Hvannstöðum, eyðibýli í Fjallahreppi. Síðan eru merkin til suðausturs gegnum Heljardalsfjöll, sem eru allhá og víðáttumikil fjallabunga, og áfram í Einbúa, en þangað nær land Þistilfirðinga lengst til suðurs, og þar liggja saman merki Fjallahrepps, Vopnfirðinga, Sauðaneshrepps og

---

[12] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 54.
[13] *Land og fólk. Byggðasaga Norður-Þingeyinga*, bls. 558.
[14] *Lýsing Þingeyjarsýslu. Norður-Þingeyjarsýsla*, bls. 11.

Svalbarðshrepps. Loks liggja merkin til norðurs gegnum Stakfell í Heljardalsá, sem ræður merkjum, þar til hún fellur í Hafralónsá, en hún ræður merkjum Svalbarðshrepps að austan út í sjó.[15]

Mörkum Svalbarðshrepps er lýst þannig í bókinni *Landi og fólki*:

Ormarsá rennur á landamerkjum að vestan. Þegar ánni sleppir, eru hreppamörk um Botnagil, Einbúa, Botnakvísl, vörðu yst á Langás, Búrfellshól, foss í Fossá ofan við eyðibýlið Foss, þá ræður Fossá, síðan Sandá að Þorsteinsnefi, að Hölkná við Þvergil, um vestanverð Heljardalsfjöll, suður um Einbúa, norðaustur um Litla-Stakfell, Stakfellskvísl og Hafralónsá, sem ræður merkjum til sjávar.[16]

Í jarðamatinu 1849 stendur um Svalbarðshrepp:

Svalbarðshreppur byrjar að vestanverðu við svokallaða Ormars eða Ormarslóns-á og liggur frammeð Þistilfjarðarflóa að vestan alt fram til heiða, ennad austan aðskilur svonefnd Hafralónsá Sveitina frá Sauðaneshrepp. [...] Afréttarlands nýtur sveitin nægilegs fyrir sjálfa sig, en einskis skóglendis.[17]

## 5.3. Heiðarmúli

Eiríkur Þormóðsson segir um Heiðarmúla:

Heiðarmúli, oftast aðeins nefndur Múli, var vestan fjallgarðs syðst á Seljaheiði. Var Heiðarmúli einn í hverfi þriggja býla, sem voru í allstórum mýrarfláka, en til austurs og suðurs er sandur og melar, til vesturs allvel gróið hraun, sem talsverð beitarafnot má hafa af, en samfellt gróðurlendi er til norðurs, víðast hvar votlent. Hin býlin í þessu hverfi voru Hrauntangi, sem tilheyrði Presthólahreppi og lengst var í byggð, og Melur, sem tilheyrði Skinnastaðahreppi.

Hvorki er til fornt né nýtt mat á jörðinni, enda var hún ekki byggð fyrr en 1854, þá sem hjáleiga frá Svalbarði.[18]

Eiríkur kveður Heiðarmúla hafa verið byggðan 1854–1865 og 1868–1881.[19]

Jón Benediktsson, prestur í Goðdölum, skrifaði biskupi 5. febrúar 1840. Ástæðan var m.a. sú að séra Guðmundur Jónsson eftirmaður hans í Svalbarðsprestakalli tregðaðist við að kaupa þá bæi sem séra Jón hafði byggt upp á eigin kostnað í landi Svalbarðskirkju. Á meðal þeirra eyðijarða og kota sem hann byggði í embættistíð sinni, sem spannaði frá 1817 til 1838, var Hermundarfellssel.[20]

---

15 Eiríkur Þormóðsson: *Þróun byggðar í Svalbarðshreppi í Þistilfirði*, bls. 17–18.
16 *Land og fólk*, bls. 490.
17 Skjal nr. 3 (133).
18 Eiríkur Þormóðsson: *Þróun byggðar í Svalbarðshreppi í Þistilfirði* bls. 61.
19 Eiríkur Þormóðsson: *Þróun byggðar í Svalbarðshreppi í Þistilfirði* bls. 61.
20 Skjal nr. 3 (211). Um embættistíð séra Jóns Benediktssonar, sjá Sveinn Níelsson: *Prestatal og prófasta á Íslandi*, bls. 316.

Vigfús Sigurðsson, prestur á Svalbarði, svaraði 3. júní 1854 beiðni Guðna Sigurðssonar um að fá að byggja í landi kirkjunnar vestan fjallgarðs. Séra Vigfús segist ekki vita betur en umrætt land hafi legið ónotað undanfarin ár af öllum íbúum sveitarinnar. Það hafi hins vegar orðið fyrir miklum usla og ágangi af utansveitargripum, einkum hestum eða stóðhrossum, þannig að virst hafi sem allir og enginn ætti landið. Því telur hann skyldu sína sem umsjónarmanns eigna kirkjunnar að

> koma í veg fyrir óhæfulega meðferð lands þessa og því, að það með tjeðri óreglu hefðist undan henni, svo jeg leyfi yður hjermeð að byggja yður bæ á flötunum fyrir framan grófina, er liggur andspænis kotinu Hrauntánga, þar sem yður virðist haganlegast til túnræktar og jafnframt óhultast og best fallid bæjarstæði.[21]

Séra Vigfús telur sig að svo stöddu ekki geta gert sér í hugarlund hversu mikið land Guðni þurfi undir búsáhöfn sína og geti því heldur ekki ákveðið hversu há leigan skuli vera. En þangað til segir hann að Guðni megi nota landið austan Ormarsár í kringum tiltekið svæði sem hann þarfnist fyrir skepnur sínar. Seinna í sumar hyggst prestur hins vegar koma vestur á heiðina og úthluta honum landi eftir samkomulagi þeirra og ákvarða leiguhæðina eftir því.

Aftur svarar séra Vigfús bréfi Guðna Sigurðssonar hinn 15. desember 1854. Þar harmar hann hversu lengi hefur dregist að uppfylla loforð sitt við hann um úthlutan lands. Vigfús segist skilja áhyggjur hans yfir því að hann eða kona hans sem einstæðingur verði að hrekjast burt frá ærlegum og aðdáunarverðum framkvæmdum þeirra við byggingu Múla á síðastliðnu sumri. Þrátt fyrir það er séra Vigfús af mörgum ástæðum ófáanlegur til þess að ganga að boði Guðna um makaskipti á Múla. Hann er hins vegar tilbúinn að bjóða honum kosti sem myndu víggirða ábúð þeirra hjóna eins lengi og þau kærðu sig um að vera þar líkt, og þau sætu á eigin jörðu. Takmörk landsins sem séra Vigfús ætlaði honum voru svohljóðandi:

> Jeg ætla yður land til beitar og slægna úr stóra gilinu, sem liggur upp úr Mýrarselsbotnum út há fjallgarðinn að Einarskarðskvísl, síðan skal kvíslin ráða í Ormarsá og Ormarsáin síðan fram til lands að vestanverðu og hjer að auki engjatak í nesinu meðfram Einarskarðskvísl að norðaustan.[22]

Þetta taldi presturinn gott landrými fyrir einn ábúanda og í staðinn áskildi hann sér þrjá væna veturgamla sauði á fæti árlega í landskuld. Einnig yrði að fylgja jörðinni, er skilist væri við hana, margvíslegt húsnæði, allt í leigufæru ástandi. Ef Guðni væri tilbúinn að gangast að þessu þá segir séra Vigfús að hann þurfi hvorki að greiða jarðar eftirsvar né aðrar skuldir til prests og kirkju í ár. Hann biður Guðna að tilkynna sér strax hvort hann sé samþykkur skilmálunum og þá muni hann um leið

[21] Skjal nr. 3 (57).
[22] Skjal nr. 3 (58).

gefa þeim hjónunum byggingarbréf til lífstíðar. Vaxi honum hins vegar í augum upptaldar skuldir þá muni hann minnka við hann land og skuldagreiðslu.

Guðni hefur tæpast samþykkt ofangreinda skilmála því að 19. febrúar 1855 samdi hann yfirlýsingu þar sem hann skorar á viðkomandi yfirvald að útnefna sér sanngjarna landstærð handa býli sínu eftir nýbýlatilskipuninni frá 15. apríl 1776. Hann fer jafnframt fram á að fá að njóta allra nýbyggjararéttinda eftir landslögum en þurfa ekki að sæta einokunarókjörum. Sú sneið er bersýnilega ætluð séra Vigfúsi á Svalbarði en Guðni biður stefnuvotta í Þistilfirði að birta honum yfirlýsinguna.[23]

Hinn 16. mars 1855 skrifaði Guðni J.P. Havstein, amtmanni norðan og austan, um það sem fram hafði farið á milli þeirra séra Vigfúsar á Svalbarði. Hann segist á síðastliðnu sumri hafa flust búferlum úr Öxarfirði í óbyggt heiðarland Svalbarðskirkju með leyfi séra Vigfúsar. Þar hafi hann af eigin rammleik reist þá kofa sem þar sé nú að finna. Guðni segist ítrekað hafa sent prestinum boð síðastliðið sumar um að koma og úthluta sér landi en af því hafi aldrei orðið þrátt fyrir loforð hans og þessu til stuðnings sendir hann amtmanni afrit af bréfaskiptum hans og Svalbarðsprests sem getið er hér að framan. Guðni biður amtmann að hlutast til um að viðkomandi sýslumaður verði látinn framkvæma skoðunargerð næsta vor og úthluta sér landi til notkunar og ákvarða hæð landskuldar. Að lokum spyr hann amtmann hvort nýbyggjaratilskipunin frá 25. apríl 1776 sé ekki í fullu gildi, einkum og sér í lagi 10. grein hennar.[24]

Í framhaldi af þessu skrifaði amtmaður sýslumanninum í Þingeyjarsýslu bréf 9. apríl 1855 varðandi áðurnefnda beiðni Guðna Sigurðssonar. Hann óskaði eftir skýrslum hlutaðeigandi sóknarprests og hreppstjóra um málið og einnig athugasemdum sýslumanns. St. Jónsson, fulltrúi Sigfúsar Schulesens sýslumanns, svaraði amtmanni 29. ágúst 1855 og greindi amtmanni frá því að með bréfi 14. júní hefði verið óskað eftir skýrslum frá fyrrnefndum aðilum. Nýlega hefði skýrsla sóknarprestsins borist sýsluskrifstofunni en ekkert svar hafi enn borist frá hreppstjóranum. Fulltrúi sýslumanns lætur að lokum uppi álit sitt á málinu eins og amtmaður hafði óskað eftir. Hann telur að umrætt heiðarland tilheyri kirkjujörðinni Hermundarfelli og að eins sé háttað fyrir þessu nýbýli og öðrum nýbýlum í Þistilfirði sem hafa orðið til og byggð verið í annarra jarða löndum síðastliðin 20–30 ár. Nefnilega að engar skoðunargjörðir hafi átt sér stað hvað þau varðar, aðrar en þær sem landsdrottnar, eigendur og leiguliðar eða stundum kaupandi og seljandi hafa gert sín á milli eftir kringumstæðum og tiltölulegum skiptum. Hann segir það reyndar svo að heiðarlandið sé í svo mikilli fjarlægð að það mundi ekki svara kostnaði að nota það frá heimajörðinni Hermundarfelli. Það væri því ekki mikill skaði fyrir ábúandann þótt þar byggðist upp nýbýli því að hann hefði talsverðar slægjur nær sér en á hinn bóginn mætti líkast til leigja heiðarlandið sem „afrétt“ og fá meira fyrir. Landið telur hann

[23] Skjal nr. 3 (59).
[24] Skjal nr. 3 (60).

sæmilega stórt fyrir miðlungsbýli og leiguna við hæfi enda sé kotið lífvænlegt þótt þar sé mikið vetrarríki. Skilyrði Svalbarðsprests varðandi húsin á landinu finnst honum hins vegar frekar hörð þar sem hann tók engan þátt í byggingu þeirra.[25]

E. Gíslason, ábúandi Hermundarfells, skrifar Sigfúsi Schulesen sýslumanni 22. nóvember 1855 um byggingu Heiðarmúla. Hann telur hana skaðlega fyrir ábýli sitt og lýsir jafnframt yfir eignarrétti Hermundarfells til umrædds heiðarparts sem

> nær frá Einarsskarði (svonefndu) vestur að Ormarsá og þaðan til fremstu gilja í Mýrarfells botnum og hefur þetta heiðarland fylgt ofanskrifaðri jörðu um ómunatíðir.[26]

Einar greinir jafnframt frá því að um síðastliðin aldamót þegar faðir hans Gísli heitinn Benediktsson tók við byggingu lögbýlisins Hermundarfells, hafi umrætt heiðarland legið undir jörðina og þannig hafi það verið óátalið alla hans búskapartíð. Einar tók við byggingarrétti jarðarinnar eftir föður sinn með samþykki séra Jóns Benediktssonar, þáverandi sóknarprests, og hefur búið þar í um 20–30 ár. Allan þann tíma hafa afnot hans af þessum heiðarparti verið óátalin, eða allt þangað til að núverandi sóknarprestur, séra Vigfús Sigurðsson, kom til Svalbarðs. Séra Vigfús vildi skilja heiðarlandið frá jörðinni og eigna kirkjunni það sem ónumið land. Þessi áform hans leiddu til ágreinings á milli þeirra Einars því að hann grunaði að presturinn myndi e.t.v. leyfa að byggt væri þar síðar án þess að lækka afgjald Hermundarfells þrátt fyrir missi ábúandans á afréttarlandi jarðarinnar. Einar segir að þetta hafi líka komið á daginn vorið 1854 þegar séra Vigfús byggði Guðna Sigurðssyni umrætt land án vilja og vitundar sinnar. Eftir að Svalbarðsprestur tilkynnti Einari um bygginguna aðhafðist hann ekkert í málinu þótt honum mislíkuðu áformin því þó að hann sæi fram á að þurfa framvegis að kaupa land fyrir afréttarfé sitt á sumrin þá bjóst hann þó við að afgjald jarðarinnar yrði lækkað í samræmi við þann skaða sem hann yrði fyrir. Að endingu segist hann sætta sig við orðinn hlut svo lengi sem afgjaldið af Hermundarfelli verði lækkað í réttu hlutfalli við missi sinn.[27]

G. Sigvaldason á Gunnarsstöðum vottar með bréfi frá 24. nóvember 1855 til Sigfúsar Schulesens sýslumanns að Svalbarðshreppur muni ekki líða skaða af byggingu nýbýlisins Heiðarmúla sem Guðni Sigurðsson kom á fót vorið 1854.[28]

---

[25] Skjal nr. 3 (61). Umræddur fulltrúi sýslumanns er e.t.v. Stefán Jónsson en hann var skrifari Páls Melsteðs og í þrígang settur sýslumaður í Suður-Múlasýslu, þ.e. 1834, 1838–39 og 1843–44, sbr. Páll Eggert Ólason: *Íslenzkar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940* IV, bls. 325.

[26] Skjal nr. 3 (63). E. Gíslason er án efa Einar Gíslason sem býr á Hermundarfelli er manntalið var tekið 1845, sbr. *Manntal á Íslandi 1845. Norður- og austuramt*, bls. 413.

[27] Skjal nr. 3 (63). Séra Jón Benediktsson var prestur á Svalbarði 1817–1838 en séra Vigfús Sigurðsson 1847–1868, sbr. Sveinn Níelsson: *Prestatal og prófasta*, bls. 316.

[28] Skjal nr. 3 (62). G. Sigvaldason er eflaust Gunnlaugur Sigvaldason sem býr á Gunnarsstöðum þegar manntalið var tekið árið 1845, sbr. *Manntal á Íslandi 1845*, bls. 415. Hann var hreppstjóri, sbr. skjal nr. 3 (65).

Sigfús Schulesen sýslumaður skrifaði J. P. Havstein amtmanni 19. desember 1855 og sendi honum ofannefnda yfirlýsingu hreppstjóra og bréf Einars á Hermundarfelli. Hann segir að svo virðist sem að Heiðarmúli tilheyri Hermundarfelli og því eigi það frekar en Svalbarðsprestur rétta heimild fyrir eftirgjaldi af nýbýlinu. Sýslumaður telur jafnframt að það geti ekki verið til þess að hnekkja veitingu nýbyggjararéttinda Guðna að landið heyri undir ákveðna jörð því að fjarlægð þess sé þvílík að það komi að litlum notum öðrum en sem „afrétt“ en engin veruleg afréttarþröng sé í Þistilfirði. Þetta, auk þess að Guðni sé þekktur að ráðvendni, álítur hann mæla með nýbýlisstofnun. Loks getur hann þess að þótt allmörg afbýli hafi verið stofnuð í ýmsum heiðarlöndum Þistilfjarðar í jafnmiklum fjarska frá aðalsveitinni og Heiðarmúli þá sé það eitt öðru fremur sem mæli með nýbýlisstofnun Guðna. Það sé að býlið liggi á sjálfum þjóðveginum yfir hina löngu Öxarfjarðarheiði, hér um bil miðs vegar, og geti því í mörgum tilfellum þjónað þeim sem þar fara um sem eins konar sæluhús. Það hljóti að gera veginn á milli Öxar- og Þistilfjarðar mun aðgengilegri, sér í lagi yfir vetrartímann. Þess vegna mælir hann með því að amtmaður veiti Guðna nýbýlisréttindi og raunar hefur hann ekki krafið Guðna um skatt og konungstíund fyrir síðastliðið ár upp á væntanlegt samþykki amtsins því hann vissi af umsókn hans þar að lútandi.[29]

Amtmaður svaraði bréfi sýslumanns 7. janúar 1856 þar sem hann mælist til þess að hann útvísi Heiðarmúla hæfilegu landi við löglega áreiðar- og skoðunargjörð samkvæmt fyrirmælum nýbýlatilskipunarinnar frá 15. apríl 1776. Að endingu bendir hann sýslumanni á að Guðni geti ekki verið undanþeginn greiðslu konungstíundar fyrr en að lokinni löglegri útvísun lands til nýbýlisstofnunar.[30]

Sýslumaðurinn, Sigfús Schulesen, var mættur 8. júlí 1856 til afgreiðslu lands á Öxarfjarðarheiði undir nýbýlið Heiðarmúla. Á manntalsþingi á Svalbarði hinn 3. júlí hafði hann útnefnt fjóra menn til útvísunarinnar og boðað eigendur og umráðamenn hlutaðeiganda jarða til hennar.[31] Eftirtaldir menn voru boðaðir: Séra Vigfús Sigurðsson á Svalbarði sem umráðamaður þess lands sem leggja átti nýbýlinu til, sveitarmenn í Þistilfirði sem áttu aðliggjandi jarðir, Stefán Jónsson, umboðsmaður norðurhluta Munkaþverárklaustursjarða, vegna Sandfellshaga í Öxarfirði og Árni Árnason á Ásmundarstöðum, eigandi Arnarstaða í Núpasveit, en hann sendi Jónas Jónsson á Presthólum í sinn stað.

Því næst var nýbýlinu Heiðarmúla úthlutað landi með eftirfarandi takmörkum:

> [...] að austan ræður gildrag vestanvert við fjallgarðin framanvert við Einarsskarð, og fylgir landið svokallaðri Einarsskarðskvísl, sem liggur vestanvið fjallgarðinn þar til hún beygist [strikað yfir „til“] í norðvesturs til Ormarsár, og ræður þannig umgetin kvísl, nýbýlis landamerkjunum að austan

[29] Skjal nr. 3 (64).
[30] Skjal nr. 3 (66).
[31] Skjal nr. 3 (162).

> og norðanverðu, en uppfrá því Ormarsáin að vestanverðu, fram að Axarfjarðarheiðar þjóðvegi, en þar eptir fylgir landamerkjastefnan farveg þeim er liggur úr gili milli Mýrarsels og Djúparbotna, og ræður þá bein stefna frá áminnstu gili að sunnan, þvert yfir hæðir og urðir austur að fyrnefndu Einarsskarðsgili.[32]

Jónas Jónsson á Presthólum gerði athugasemd við þessa útvísun fyrir hönd Árna á Ásmundarstöðum og sagði að sér fyndist

> að landamerkjastefnan eptir ár farveginum að framan til Ormarsár, þángað til hún er orðin að á, falli nær Arnarstaðalandi, en áreiðargjörðin tilgreinir.[33]

Þessu mótmæltu áreiðarmennirnir en Jónas, sem umboðsmaður Arnarstaðaeiganda, vildi að honum yrði geymdur réttur sinn að þessu leyti til vonar og vara. Undir skoðunar- og afgreiðslugerðina skrifa auk sýslumanns áreiðarmennirnir Gunnlaugur Sigvaldason á Gunnarsstöðum, Einar Guðmundsson í Garði, Vigfús Kristjánsson í Garði og Jón Björnsson í Laxárdal. Einnig voru þeir Stefán Jónsson, séra Vigfús Sigurðsson og Jónas Jónsson viðstaddir og settu nöfn sín undir.

Þar með var málinu þó ekki lokið því að 13. janúar 1858 sendi séra Vigfús á Svalbarði fyrirspurn til J. P. Havstein amtmanns. Amtmaður svaraði henni 25. sama mánaðar á þá leið að það hafi viðgengist og sé álit sitt að nýbyggjara sé heimilt að selja nýbyggjararétt sinn. Hann, sem landsdrottinn, geti því ekki komið í veg fyrir að annar ábúandi taki nýbýlið til ábúðar sitji hann það forsvaranlega. Því næst vísar hann Svalbarðspresti á sýslumann til að þess fá afrit af útvísunargerðinni. Að lokum segir amtmaður það sjálfsagt að ábúanda nýbýlisins beri að greiða öll gjöld til prests, kirkju og sveitar svo lengi sem lögákveðin skilyrði fyrir greiðslu þeirra séu til staðar. Því að nýbyggjarinn sé aðeins undanþeginn gjöldum sem greiðast til sýslumanns eða lenda í konungssjóð.[34]

Einnig er líklegt að séra Vigfús hafi aflað vitnisburðar séra Jóns Benediktssonar um landeign Svalbarðskirkju í Þistilfirði sem er frá árinu 1861. Í vitnisburði séra Jóns, sem var prestur á Svalbarði 1817–1838, um landeign Svalbarðskirkju, sem dagsettur er á tveggja postulamessu 1861, koma m.a. fram svohljóðandi takmörk Hermundarfells eftir minni séra Jóns:

> A milli Gards og Hermundarfells rédi Túnguá, fram allann Gardsdal, enn ekki man eg þad fremsta Ørnefni i fiall gardinum, fyrir Sunnan Einarsskard, sem nefnt var til Ummerkia, enn úr því var Sjónhendíng inni Múlana a Axarfjardarheidi, er liggia fyrir Sunnan Mýraselsgrófir, og aptur Sjonhendíng úr Múlunum inn ad Ormalónsá, nálægt Mýraseli; Sú á rédi Landamerkjum úteptir, þangad til Kollavíkurland tok vid, enn Landamerki milli þeirrar jardar og kyrkjulandsins get eg ekki munad nema ad eins þad, ad hniúkur einhvör

---

[32] Skjal nr. 3 (65), sbr. einnig skjal nr. 3 (163).
[33] Skjal nr. 3 (65), sbr. einnig skjal nr. 3 (163).
[34] Skjal nr. 3 (67).

> (nafn hans man eg ekki) fyrir nordan Svalbardsskard a Hólaheidi var haldin Landamerki, og úr honum Sjónhending i eitthvört ørnefni-austan Ormansár, hvörs nafn mér nú er úr mynni lidid.[35]

Hann tilgreinir einnig landamerki Svalbarðs (sjá þar) og segir að innan ofangreindra takmarka hafi Svalbarðskirkja átt óátalið land, eftir því sem hann best muni, allan þann tíma sem hann var prestur þar. Heimildarmenn fyrir landamerkjunum segir hann bræðurna Benedikt og Gísla Benediktssyni sem hafi verið elstu, skynsömustu og minnugustu menn í prestakallinu. Þeir tjáðu séra Jóni að þannig hefðu Svalbarðsprestar haft og haldið Svalbarðskirkjuland, að meðtöldum Hermundarfells- og Brekknakotslöndum, í óátaldri hefð, notkun og umráðum svo langt sem þá rak minni til.[36]

Í bréfi J. Rafnssonar á Brekku frá 22. júlí 1868 tilkynnir hann séra Vigfúsi Sigurðssyni á Svalbarði að Kristján Sigurðsson sé með leyfi sínu fluttur að Heiðarmúla, hversu ókunnuglega það komi honum fyrir sjónir. Hann segist ekki vita betur en síðan Múli var lagður út sem nýbyggjaraland árið 1856 hafi hann verið óátalin eign þeirra sem þar voru en síðan þá hafi landið gengið kaupum og sölum í þrígang og einu sinni að erfðum. Þó að Heiðarmúlaland hafi verið lagt út úr landi Hermundarfells þá mótmælir J. Rafnsson því að jörðin hafi þann eignar- og afnotarétt yfir Heiðarmúla sem nýbýlatilskipun frá 15. apríl 1776 áskilur.[37]

Vigfús Sigurðsson, prestur á Svalbarði, tjáir J. P. Havstein amtmanni með bréfi frá 15. júlí 1869 að frá því að útvísun fór fram á Heiðarmúla sumarið 1856 hafi hver ábúandinn tekið við af öðrum án þess að hann kæmi þar nærri og hafi hann ekkert við það að athuga. Hins vegar hafi hann nýlega orðið þess áskynja að þeir sem hafi landið til umráða vilji eigna sér það sem fornan almenning og svipta Svalbarðskirkju öllu eignarhaldi á því og það muni hann ekki sætta sig við. Því biður hann um afrit af öllum þeim bréfum sem amtinu hafa borist frá Sigfúsi Schulesen sýslumanni varðandi Heiðarmúla.[38]

Gunnar Gunnarsson tók við Svalbarði eftir séra Vigfús Sigurðsson og hélt staðinn árin 1869–1873 og var jafnframt prófastur í Norður-Þingeyjarsýslu 1871–1875. Hann skrifaði Stefáni Eiríkssyni á Skinnalóni, eiganda Heiðarmúla, bréf 22. janúar 1872 sem Stefán svaraði um hæl tveimur dögum síðar. Þar kemur fram að Gunnar hafi, eftir athugun á skjölum sem fyrirrennari sinn hafði safnað saman varðandi byggingu Heiðarmúla, veitt því athygli að kotið sé byggt í landi kirkjujarðarinnar Hermundarfells. Gunnar vitnar jafnframt til gamalla kirkjubóka, sem Stefán spyr hvort séu löggiltar, og sýnir fram á að eftir nýbyggjararéttinum ætti jörðin Heiðarmúli að falla til Svalbarðskirkju samkvæmt löggjöfinni. Hann hefur jafnframt

[35] Skjal nr. 3 (68).
[36] Skjal nr. 3 (68).
[37] Skjal nr. 3 (69).
[38] Skjal nr. 3 (70).

eftir fyrirrennara sínum að Stefán sé ósammála þessu og óskar þess að hann láti skoðun sína uppi við sig. Stefán segir skoðun sína vera þá að hann sé eigandi Heiðarmúla en hvort hann sé réttmætur eigandi verði landslögin að skera úr um. Jafnframt segir hann það raunalegt að séra Vigfús skyldi ekki framvísa kirkjuskjölunum við áreiðargerðina og bendir á að þar komi ekki fram að hann hafi áskilið sér rétt til áfrýjunar. Um tillögu Gunnars til lausnar málinu sem fólst í að bera það undir þriðja aðila aftekur Stefán með öllu og segir að málið eigi ekki að heyra undir andlegan úrskurð og að hann sé ákveðinn í að bíða úrslita landslaganna.[39]

Gunnar Gunnarsson Svalbarðsprestur skrifaði stiftsyfirvöldum, þ.e. stiftamtmanni og biskupi, um málið þann 12. febrúar 1872 og óskaði álits og leiðbeiningar þeirra en með bréfinu sendi hann 22 fylgiskjöl. Í svarbréfi stiftsyfirvalda, frá 19. apríl, rekja þau málið eftir innsendum gögnum. Þau benda á að Guðni Sigurðsson hafi leitað leyfis Svalbarðsprests til nýbýlisbyggingar en bersýnilega ekki ætlað að hafa þetta leyfi að neinu því að hann snúi sér svo beint til amtmanns og óski eftir að öðlast nýbyggjararétt. Í framhaldi af því felur amtmaður sýslumanni að gera löglega skoðunar- og áreiðargerð á landið með öllum hlutaðeigandi viðstöddum til þess að mæla Heiðarmúla, sem hann kallar nýbýli, land sem það gæti álitist þurfa samkvæmt nýbýlatilskipuninni frá 15. apríl 1776. Stiftsyfirvöldin telja líklegt að í kjölfar þessa hafi amtmaður gefið Guðna nýbyggjarabréf en ef ekki þá hafi Guðni hvort sem er litið á sig sem slíkan og farið með býlið sem reglulegt nýbýli. Þannig sé það nú komið í þriðja manns eigu án þess að hægt sé að sjá merki þess að hreyft hafi verið við málunum af hálfu Svalbarðskirkju fyrr en nú. Þau segja enn fremur að þó svo að býlið ætti upphaflega að hafa verið byggt sem afbýli í landi Hermundarfells, eign Svalbarðskirkju, þá geta þau ekki skilið að það hafi verið látið standa nema presturinn hafi ekki treyst sér, ef til þess kæmi, að færa sönnur á að kirkjan ætti landið sem Heiðarmúli er byggður í. Að þessu hallast stiftsyfirvöldin og það styrkist af því að máldagar geta þess ekki að kirkjan eigi land til Öxarfjarðarheiðar. Einnig kemur fram í útdrætti úr kirkjustól Svalbarðskirkju, sem gefinn var út af séra Vigfúsi Sigurðssyni, að fyrir því landi sem fylgi kirkjujörðunum Brekknakoti og Hermundarfelli, en úr því síðarnefnda ætti Heiðarmúli að vera byggður, sé enginn máldagi aðeins nýjar og gamlar lögfestur sem enginn hafi mótmælt. En þar sem lögfestur jafngilda ekki eignarskjölum og hafa enga réttarþýðingu nema þær hafi verið staðfestar fyrir dómi sýnist stiftsyfirvöldunum það geta reynst erfitt að sýna fram á hversu mikið heiðarland Svalbarð eigi og hvort Heiðarmúli sé byggður í því landi. Enn fremur myndi reynast erfitt að sanna hvað af heiðarlandinu hafi verið í stöðugri notkun af Svalbarðskirkju því það liggur í svo mikilli fjarlægð frá henni. Stiftsyfirvöld ráðleggja Svalbarðspresti að ekki sé farandi

---

[39] Skjal nr. 3 (71).

lengra út í málið nema full eignarsönnun Svalbarðskirkju fáist fyrir því landi sem Heiðarmúli er byggður í.[40]

Ekki er að sjá að Svalbarðsprestur hafi farið eftir ráðum stiftsyfirvalda því að til eru tveir vitnisburðir sem lúta að þessu máli. Í þeim fyrri, sem gerður er að Laxárdal 26. febrúar 1873, segist B. Guðmundsson hafa komið 21 árs gamall í Svalbarðssveit árið 1809, og dvalið þar síðan. Enn fremur getur hann þess að á sínum fyrstu árum í sveitinni hafi hann oft heyrt talað um landamerki Svalbarðs, Svalbarðskirkjujarða og nærliggjandi jarða. Hann heldur áfram og segir:

> Þá var það land, sem Heiðarmúli er nú byggður í, kallað Hermundarfellsheiði, og þeir, sem þá vildu hafa gagn af nefndu heiðarlandi, til grasatekju, hestagaungu eða einhverra afnota, fengu leyfi til þess hjá Hermundarfells ábúanda.[41]

Hinn vitnisburðurinn er dagsettur 8. mars 1873 að Hafursstöðum af E. Einarssyni en þar koma eftirfarandi upplýsingar fram:

> Það sem jeg heirdi talad í mínu úngdæmi, um svokallað Heidar-múlaland, liggjandi á Axarfjarðarheidi, var svohljóðandi: að þad væri Heiðarland Lögbílis jardarinnar Hermundarfells, sem er Svalbarðskirkjueign. Hvar Fadir minn sál. ólst upp, og bjó þar, allann sinn búskap, um 40, ár. Jeg ólst þar upp hjá Födur mínum, þar til jeg var 24 ára, og heirdi jeg bædi Födur minn, og adra útífrá segja þetta, um Múlalandid.[42]

Í lýsingu Svalbarðssóknar frá um 1875 segir Valdimar Ásmundsson Múla vera nýbýli, þrætuland „milli Svalbarðs og", en síðan kemur eyða í handritinu.[43]

Skrifað var undir landamerki jarðarinnar Heiðarmúla hinn 28. júní 1884. Landamerkjabréfinu var þinglýst þann 16. maí 1885:

> Að austan ræður gildrag vestanvert við fjallgarðinn framanvert við Einarsskarð og fylgir landið Einarsskarðshvísl, sem liggur vestan við fjallgarðinn þar til hún kemur í Ormarsá og ræður þannig umgetin hvísl landamerkjunum að austan og norðanverður, en upp frá því Ormarsáin að vestan verður fram að Axarfjarðarheiðar þjóðvegi, en þar eftir fylgir landamerkjastefnan farveg þeim, er liggur úr gili á milli Mýrarsels og Djúpárbotna, og ræður þá bein stefna frá áminnstu gili að sunnan þvert yfir hæðir og urðir, austur að fyrnefndu Einarsskarðsgili.[44]

Jón Sigurðsson (sennilega tengdasonur áðurnefnds Stefáns Eiríkssonar[45]) skrifaði undir landamerkjabréfið. Stephan Stephensen, umboðsmaður Sandfellshaga,

---

[40] Skjal nr. 3 (72).
[41] Skjal nr. 3 (73). Björn Guðmundsson býr í Laxárdal árið 1845, sbr. *Manntal á Íslandi 1845*, bls. 415. Þetta er eflaust hann enda ber aldri hans saman við það sem segir í manntalinu.
[42] Skjal nr. 3 (74).
[43] *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1844*, bls. 258.
[44] Skjal nr. 3 (21) a-b.
[45] Skjalasöfn presta og prófasta: Sóknarmannatöl og prestþjónustubækur Presthóla.

samþykkti það og G. Vigfússon (prestur á Svalbarði) samþykkti takmörkin að austan og norðan.

Í fasteignamati N-Þingeyjarsýslu frá 1916–1918 er að finna eftirfarandi lýsingu:

> Matsnefndin hefir ekki getað fengið upplýst hvort eyðijörðin Múli tilheyri Stefáni bónda Jónssyni á Skinnalóni eða Svalbarðskirkju. Aðeins er það víst, að fyrir 50-60 árum síðan byggði Guðni nokkur Þórsteinsson nýbýli á eyðijörð þessari með tilstyrk þáverandi óðalsbónda á Skinnalóni Stefáns Eiríkssonar, sem líka tók landskuldina af býlinu.

Eftir skýrslu hreppstjóra, Hjartar Þórkellssonar, á Ytra Álandi í Þistilfirði eru landamerki jarðarinnar:

> Að norðan ræður Einarsskarðskvísl, sem hefir upptök sín í Einarsskarðsdokk, frá uptökum vestur í Ormarsá. Að vestan Ormarsá þaðan til upptaka sinna fremst í Mýrarselsbotnum. Að sunnan bein stefna þaðan austur á fjallgarð, og að austan fjallgarðurinn norður að upptökum Einarsskarðskvíslar.[46]

### 5.4. Hermundarfell

Hermundarfell liggur utan þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins í máli þessu en í skjölum varðandi Hermundarfell er einnig fjallað um Heiðarmúla.

Bókin *Land og fólk* lýsir jörðinni svo:

> Landareignin liggur að Tunguá, suður að Einarsskarði, kringum Hermundarfellið, um Högnadal, að Frakkagilsá. Suðvestur af fjallinu er Hermundarfellssel og fylgir jörðinni.[47]

Eiríkur Þormóðsson segir Hermundarfellssel vestur undir fjallgarði, skammt frá Tunguá, norður af svonefndum Fossabrekkum. Þar hafi verið byggt 1836 og búið nær samfellt til 1864.[48]

Rekaskrá Hólastaðar og Möðruvallaklausturs frá um 1296 getur reka sem fylgt hafi Hermundarfelli.[49]

Auðunarmáldagi 1318 telur Hermundarfell meðal eigna Svalbarðskirkju.[50] Hins vegar er það ekki meðal eigna Svalbarðs í máldögum frá 1360 og 1394.[51]

Reikningur Svalbarðskirkju frá árinu 1591 hefur varðveist. Þar er minnst á Hermundarfell. Nánar er fjallað um þetta mál í kaflanum um Svalbarðskirkju.[52]

---

[46] Skjal nr. 3 (44).
[47] *Land og fólk*, bls. 510.
[48] Eiríkur Þormóðsson: *Þróun byggðar í Svalbarðshreppi í Þistilfirði* bls. 74.
[49] Skjal nr. 4 (74).
[50] Skjal nr. 4 (75)
[51] Skjal nr. 4 (77) og 4 (83).
[52] Skjal nr. 3 (183).

Hinn 14. nóvember 1739 votta þeir Jón Þorleifsson, Jón Egilsson, Jón Hannesson Scheving og Árni Eiríksson að máldagapóstar Svalbarðskirkju væru samhljóða löggiltum máldögum sem væru að finna í stiftskistunni að Hólum. Nefnilega máldaga Auðunar biskups frá 1318, Jóns biskups Eiríkssonar frá 1360, Péturs biskups frá 1394 og Ólafs biskups Rögnvaldssonar frá 1461. Í þeim kom m.a. fram að kirkjan á Svalbarði ætti allt heimaland, að Hermundarfell fylgdi henni, að hún mætti taka torf hvar sem væri í Sjóarlandi og að hún ætti lambseldi af hverjum bæ í þinginu.[53]

Í eignaskrá Svalbarðskirkju frá árinu 1751, úr embættistíð séra Jóhanns Kristjánssonar, er minnst á Hermundarfell. Nánar er fjallað um þetta mál í kaflanum um Svalbarðskirkju.[54]

Svalbarð var vísiterað 1757. Í vísitasíunni er minnst á Hermundarfell. Nánar er fjallað um þetta mál í kaflanum um Svalbarðskirkju.[55]

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir dýrleikann átta hundruð, grasatekju, hvannatekju og rótagröft bjargleg fyrir heimilið, úthaga góða og mikla.[56]

Björn Halldórsson prófastur stóð fyrir úttekt á Svalbarði þann 27. september 1838 er séra Jón Benediktsson skilaði af sér staðnum. Þar er minnst á Hermundarfell. Nánar er fjallað um þetta mál í kaflanum um Svalbarðskirkju.[57]

Í brauðamati Svalbarðsprestakalls sem nær yfir fardagaárið 1838–1839 kemur fram að Hermundarfell og Hermundarfellssel séu á meðal byggðra jarða kirkjunnar.[58]

Í óársettum útdrætti kirkjustóls Svalbarðsprestakalls er að finna upplýsingar um hvað kirkjan eigi af landi með jörðunum Hermundarfelli og Brekknakoti sem báðar liggja vestan Tunguá. Nánar er fjallað um þetta mál í kaflanum um Svalbarðskirkju.[59]

Um miðja 19. öld var nýbýlið Heiðarmúli (Múli) stofnað. Þessi atburður leiddi til deilna milli Svalbarðsprests og Hermundarfellsbænda varðandi það hvorri jörðinni nýbýlið tilheyrði. Nánar er fjallað um þetta mál í kaflanum um Heiðarmúla.[60]

Í lok sjöunda áratugar 19. aldar og í upphafi þess áttunda stóðu deilur um eignarhald á landsvæðinu sem Heiðarmúli var byggður á. Hermundarfell tengdist þessum deilum. Nánar er sagt frá þessu máli í kaflanum um Heiðarmúla.[61]

Hinn 17. apríl 1871 færði séra Gunnar Gunnarsson neðangreindar upplýsingar um jarðir kirkjunnar inn í kirkjustól Svalbarðskirkju. Gunnar skrifaði þær upp eftir

---

[53] Skjal nr. 3 (53).
[54] Skjal nr. 3 (180) a-b. Um prestaröðina á Svalbarði, sjá Sveinn Níelsson: *Prestatal og prófasta*, bls. 316.
[55] Skjal nr. 3 (184).
[56] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 357–358.
[57] Skjal nr. 3 (181) a-b. Um prestaröðina á Svalbarði, sjá Sveinn Níelsson: *Prestatal og prófasta*, bls. 316.
[58] Skjal nr. 3 (212).
[59] Skjal nr. 3 (55) a-b.
[60] Skjöl nr. 3 (57)–(65) og nr. 3 (67).
[61] Skjöl nr. 3 (69)–3 (74).

kirkjustól sem byrjað var á 1818 en Hannes L. Scheving prófastur hafði fært þær inn hinn 17. júlí 1818 eftir enn eldri kirkjustól. Eftirfarandi upplýsingar er að finna um eignir og ítök Svalbarðs í kirkjustólnum:

> Kyrkjan á Svalbarði á Lögbýlið Hermundarfell, hvað og Auðunnar máldagi eignar henni - 8 hndr. að dýrleika með 60 ál. fornvirtra, landskuld og 2. Brekknakot, sem af máldögum og eldri visitatium tileinkast kirkjunnar heimalandi 6 hndr. að dýrleika með 40 ál. fornvirtra landskuld; hvað kyrkjan eigi af landi með tjeðum jörðum, sem báðar liggja fyrir vestan Tunguá, - verður ekki með öðru sannað en fornum og nýum lögfestum, hverjum ei hefir verið mótmælt, og eiga þá þessar jarðir á eina síðu að Tunguá og til fjalls eður til Djúpárbotna. Þaðan liggur gil stórt gegnum miðjan fjallgarð og til Mýrasels og til Ormannsár á Axarfjarðarheiði, til hverra örnefna landið hefir lögfest verið undir Svalbarðs kyrkju; og þess landamerki að utan: Þvert úr Ormanns-á og í Merkiöxl á Hólaheiðarfjallgarði, og beint í Merkikeldu undir Brekknakots-brekku, og þaðan til Tunguár eður Langatanga.[62]

Nánar er fjallað um þetta í kaflanum um Svalbarðskirkju.

Gerð var úttekt á jörðinni Hermundarfelli þann 13. júní 1912 í tengslum við fyrirhugaða sölu. Þar er greint frá landamerkjum hennar sem byggð eru á byggingarbréfi frá 24. febrúar 1904:

> Frakkagilsá að utan til Dimmagils, þaðan ræður fjallgarðurinn að Einarsskarði, en að sunnan og austan Tungá að Frakkagilsárósi.[63]

Í jarðamatinu frá 1804 kemur fram að Hermundarfell sé kirkjujörð Svalbarðs. Hún er metin til átta hundraða.[64]

Samkvæmt jarðamatinu 1849 er Hermundarfell með Hermundarfellsseli talið átta hundruð að forngildi. Hagar eru sagðir nægilega víðlendir. Líklega er átt við haga fyrir málnytupening.[65]

Jarðatal Johnsens getur Hermundarfellssels sem hjáleigu frá Hermundarfelli.[66] Í fasteignamati N-Þingeyjarsýslu frá 1916–1918 er að finna lýsingu á landamerkjum Hermundarfells:

> Að norðan ræður Frakkagilsá frá Dimmagili að Tunguá. Að austan og sunnan ræður Tunguá að fjallgarði við Einarsskarð. Að vestan ræður fjallgarðurinn norður að Dimmagili.[67]

---

[62] Skjal nr. 3 (182) a-b.
[63] Skjal nr. 3 (225).
[64] Skjal nr. 3 (176).
[65] Skjal nr. 3 (133).
[66] Skjal nr. 4 (1).
[67] Skjal nr. 3 (44).

## 5.5. Garður

Landi Garðs er lýst svo í *Lýsingu Þingeyjarsýslu*:

> Garður á [...] land austan Tunguár, suður með Svalbarðsá að Merkilæk sunnanvert við Þorvaldsstaðaá, upp í Merkihamar yst og austast í Flautafelli, inn Garðsdal austanverðan, suður Garðsheiði.[68]

Þar segir einnig að á miðjum Garðsdal séu húsatættur nefndar Garðssel.

Garðstunga var býli í Garðslandi, byggt 1852–1888 og 1912–1928.[69]

Garðsreka í Þistilfirði er getið í rekaskrá Skálholtsstóls árið 1270.[70] Jörðin komst í eigu Hólastóls samkvæmt testamentisbréfi Gottskálks Nikulássonar árið 1520.[71]

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir Garð eigu Hólastóls, dýrleikann óvissan, grasatekju litla en úthagana góða og mikla.[72]

Hinn 11. júlí 1812 var á manntalsþingi að Svalbarði í Þistilfirði lesið upp kaupbréf Jóns Kristjánssonar fyrir Garði, tólf hundruð að dýrleika, af ekkjunni Kristínu Þórðardóttur frá 11. október 1810.[73]

Á manntalsþingi sem haldið var á Svalbarði þann 14. júlí 1813 mótmælti Þorlákur Hallgrímsson prestur, fyrir hönd Svalbarðskirkju, hluta lögfestu sem samin hafði verið fyrir jörðina Garð árinu áður. Nánar er fjallað um þetta mál í kaflanum um Svalbarðskirkjuland hér á eftir.[74]

Í vitnisburði séra Jóns Benediktssonar, sem var prestur á Svalbarði 1817–1838, um landeign Svalbarðskirkju í Þistilfirði, sem dagsettur er á tveggja postulamessu 1861, koma m.a. fram svohljóðandi takmörk Hermundarfells eftir minni séra Jóns:

> A milli Gards og Hermundarfells rédi Túnguá, fram allann Gardsdal, enn ekki man eg þad fremsta Ørnefni i fiall gardinum, fyrir Sunnan Einarsskard, sem nefnt var til Ummerkia, enn úr því var Sjónhendíng inni Múlana a Axarfjardarheidi, er liggia fyrir Sunnan Mýraselsgrófir, og aptur Sjonhendíng úr Múlunum inn ad Ormalónsá, nálægt Mýraseli; Sú á rédi Landamerkjum úteptir, þangad til Kollavíkurland tok vid.[75]

Nánar er fjallað um þennan vitnisburð í kaflanum um Hermundarfell.

[68] *Lýsing Þingeyjarsýslu. Norður-Þingeyjarsýsla*, bls. 164.
[69] Eiríkur Þormóðsson: *Þróun byggðar í Svalbarðshreppi í Þistilfirði*, bls. 76–77. *Land og fólk*, bls. 549–550.
[70] Skjal nr. 4 (73).
[71] Skjal nr. 4 (93).
[72] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 358
[73] Skjal nr. 3 (146).
[74] Skjal nr. 3 (147) a-b.
[75] Skjal nr. 3 (68).

Fyrir manntalsþingsrétti að Svalbarði 18. júlí 1838 var þinglýst lögfestu, dagsettri samdægurs fyrir Garði af ábúanda jarðarinnar, Kristjáni Stefánssyni. Inntak umræddrar lögfestu vantar.[76]

Fyrir manntalsþingsréttinum að Svalbarði 2. júní 1847 var upplesin lögfesta Garðs í Þistilfirði frá 18. júlí 1838. Inntaks er að engu getið.[77]

Þann 30. júní 1855 fyrir manntalsþingsrétti að Svalbarði var lesið forboðsskjal, frá 25. júní 1855 þar sem Garðs- og Flautafellsbændur banna rekstur geldfénaðar í „afrétt" þeirra án leyfis og afborgunar fyrir hverja kind.[78]

Um Garð segir í sóknarlýsingu frá því um 1875 að þar sé landrými mikið til heiðar en lítið heimaland og létt sauðland heima. Engi mikið en langsótt.[79]

Skrifað var undir landamerkjabréf fyrir Garð þann 25. nóvember 1887. Bréfinu var þinglýst 26. júní 1890:

> Að norðan ræður Tungá frá ósi að upptökum við Einarsskarð, að vestan ræður austari fjallgarðsbrún frá Einarsskarði að svokölluðum Þvermel, að sunnan ræður bein stefna úr Þvermel í Stóraskriðugil og úr Storaskriðugili beina stefnu yfir Flautafellsfjall að upptökum Merkilækjar, eftir það ræður Merkilækur frá upptökum sínum að ósi. Að austan ræður Svalbarðsá frá Merkilækjarósi að Tunguárósi sem fyr er nefndur. Þar að auki á Garður svokallað Þverfellsland liggjandi í afréttarlöndum in<n> til heiða. Austan að því lig<g>ur Svalbarðsá frá Þverfellsárósi að Djúpárósi, að sunnan og vestan ræður Djúpá frá ósi til upptaka sinna í Djúpárbotnum. Að norðan ræður bein stefna frá upptökum Djúpár yfir Súlnafellsfjallgarð að upptökum Arndísarlæks, þá ræður lækurinn frá upptökum til oss síns þar sem hann fellur í Þverfellsá, eftir það ræður Þverfellsá frá nefndum lækjarósi, að ósi sínum, þar sem hún fellur í Svalbarðsá, sem áður er nefndur.[80]

S. Sigurðardóttir skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Jóni Sigurðssyni á Skinnalóni, eiganda Heiðarmúla, Ólafi Petersen, presti að Svalbarði, og umboðsmanni Flautafells, Stephani Stephensen (Stephan Stephensen var jafnframt umboðsmaður Sandfellshaga).

Samkvæmt jarðamatinu 1804 var Garður fyrrum Hólastólsjörð. Virði hennar er um tólf hundruð.[81]

Garður er tólf hundruð að forngildi samkvæmt jarðamatinu 1849. Jarðamatið segir haga nægilega víðlenda. Sennilega er hér átt við heimahaga fyrir málnytupening. Það er ókostur við jörðina að skriður hlaupa bæði á engi og bithaga.[82]

---

[76] Skjal nr. 3 (153).
[77] Skjal nr. 3 (158).
[78] Skjal nr. 3 (161).
[79] *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 258.
[80] Skjal nr. 3 (22) a-b.
[81] Skjal nr. 3 (176) a-b.
[82] Skjal nr. 3 (133).

Í fasteignamati N-Þingeyjarsýslu 1916–1918 stendur að landamerkjabréf vanti fyrir Garð. Landrými er töluvert; fjalla-, mýra- og móaland, og sumarhagar eru góðir. Í fasteignamatinu er einnig kafli um Garðstungu. Þar kemur fram að hún sé nýbýli í Garðslandi. Samkvæmt matinu vantar landamerkjabréf fyrir hana. Sumarhagar hennar eru góðir.[83]

Heimildir benda ekki til annars en samfelld búseta hafi verið í Garði frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.

### 5.6. Svalbarðskirkjuland í Þistilfirði

Eiríkur Þormóðsson hefur þetta að segja um Svalbarð:

> Í vísitasíu- og máldagabók Jóns biskups Vigfússonar 1685-87 er árið 1686 vitnisburður þess efnis, að Svalbarðskirkja eigi land allt milli Sandár að austan og Ormarsár að vestan. Kemur þetta vel heim við það, að Svalbarð hefur átt þrjár hjáleigur í Seljaheiði, auk margra hjáleigna annars staðar.[84]

Svalbarðskirkja í Þistilfirði er sögð eiga allt heimaland, land í Hjálmarsvík, Brekknakot og Hermundarfell samkvæmt máldagasafni Auðunar rauða Þorbergssonar Hólabiskups frá 1318.[85] Aðeins er getið alls heimalands og lands í Hjálmarvík þegar minnst er á jarðeignir Svalbarðskirkju í máldagasafni Jóns skalla Eiríkssonar Hólabiskups sem talið er frá árunum 1360–1389.[86] Í máldagasafni Péturs Nikulássonar Hólabiskups frá því um 1394 segir að Svalbarðskirkja eigi allt heimaland, Hjálmarvík og Brekknakot. Auk hvalreka á Flautafellsreka kemur fram að kirkjan megi

> taka torf til hvar sem vill i siouarlandz iordv.[87]

Árið 1591, í tíð Guðbrands Þorlákssonar biskups á Hólum, var Svalbarð vísiterað. Vísitasíunni svipar til máldaga kirkjunnar, sérstaklega þess frá 1318:

> Kyrkian a sualbardi.
>
> Hun a allt heima land, og hialmar vyk Land. x aurar, hermundar fell, landsk. iiij ærg. hefr opt verid klagad f(yrir) mier, ad b(isku)p Jon hafi burt feingid Jord huamm, og þar J stadinn sett halft hermundar fell, landskylld þar iiij ærg., breckukot eydi, kug. v.[88]

Í vísitasíu á Svalbarði, líklega árið 1638, stendur eftirfarandi:

> Kyrkiann hinz H. Thorlakz a Svalbarde á allt hejmaland, Jordina Hermundarfell, og BrecknaKot, Jtem Reka So mikinn Sem maldagar vtvysa,

[83] Skjal nr. 3 (44).
[84] Eiríkur Þormóðsson: *Þróun byggðar í Svalbarðshreppi í Þistilfirði*, bls. 51.
[85] Skjal nr. 4 (75).
[86] Skjal nr. 4 (77).
[87] Skjal nr. 4 (83).
[88] Skjal nr. 3 (94) a-b.

> skipstodu, skalagiord, hiallvid, Elldivid ara Trie, og Skipbætur j vydarvyk a Sioarlandz Jordu.[89]

Í vísitasíum Gísla Þorlákssonar er ekki minnst á jarðeignir Svalbarðskirkju. Hann minnist hins vegar á reka- og útgerðarítök Svalbarðs.

Árið 1686 var Svalbarð vísiterað á ný. Í vísitasíunni kemur eftirfarandi fram, m.a. um landamerki:

> Anno 1686 þann 10 Dag Martij Var Skodud Kyrkiann A Sualbarde [...] Stadnum filgia 4 hialeigur Og ein Logbyliz Jord, Hermundarfell viij hndr ad Dyrleika, med fiogra ærgillda Landskulld, Kyrkiann A Skipstödu J Vidar Vyk og Skala giord og hiall Vid, hun A Land Allt Austur J Sandá og Vestur J Ormarsá, og þar Ad Auke Þrætutungur [...]
>
> Vnder hafa skrifad
>
> Þorvaldur p. Jonsson med Egh. Jon Jonsson med Egh.
>
> Kietill Eyryksson p. med Egh. Þorstein Jonsson m. eh.[90]

Í vísitasíu á Svalbarði árið 1694 kemur fram að kirkjan eigi allt heimaland, Hjálmavík, Hermundarfell og Brekknakot.[91] Svalbarð var vísiterað aftur átta árum síðar. Sú vísitasía er ekki til. Næsta vísitasía er frá árinu 1722. Í henni stendur:

> [...] á Kyrkiann so og allt heima land og 4 hiáleigur nú allar j Eide Jtem Eina Lögbilis Jörd Hermundarfell 8 hndr. ad dyrleik med einu Kugillde og 60 al. Landskulld. Öllu Lande Kyrkiunnar asamt Reka hennar sem j Næstu Visitatium ummgetur seigest Beneficiatus hallda og hallded hafa.[92]

Ekki er ástæða til þess að vitna í vísitasíurnar frá 1742 og 1748.[93] Enn á ný var vísiterað árið 1757 og þá er Hermundarfell nefnt lögbýli í eigu kirkjunnar auk heimalandanna Flögu, Brekknakots og Hjálmarvík sem öll munu í eyði.[94] Í vísitasíu Svalbarðs frá 1760 stendur eftirfarandi:

> Þeir authorizerudu Kyrkiunnar Máldagar eru aller innfærder i Kyrkiu Stólenn, og Ministerial bækur Prestsens, hvoriar hann helldur allar rigtuglega.[95]

Svalbarð var vísiterað aftur árið 1794. Í vísitasíunni, sem þá var skráð, er ekkert að finna sem ástæða er til að vitna í hér.[96]

Í vísitasíu frá árinu 1828 stendur eftirfarandi:

> Anno 1828 þann 1ta August visiteradi Biskupinn yfir Islandi Steingrimur Jonsson kirkuna ad Svalbardi í Þistilfyrdi - eftir Máldögum á kirkian alt

---

[89] Skjal nr. 3 (95) a-b.

[90] Skjal nr. 3 (96) a-b og 3 (52). Um brauð og embættistíma prestanna, sjá Sveinn Níelsson: *Prestatal og prófasta*, bls. 315–316.

[91] Skjal nr. 3 (97) a-b.

[92] Skjal nr. 3 (98) a-b.

[93] Skjal nr. 3 (99).

[94] Skjal nr. 3 (184).

[95] Skjal nr. 3 (100) a-b.

[96] Skjal nr. 3 (101) a-b.

> Heimaland, Land í Hiálmarvik og Brecknakot; [...] item á kirkian 3 hndr. í Breckna Verd, [...] lika á Kirkian jördina Hermundarfell 8 hndr ad dyrleika.[97]

Reikningur Svalbarðskirkju frá árinu 1591 hefur varðveist. Þar kemur m.a. þetta fram:

> Sualbardss K[ir]kia a allt sitt [hej]maland eins hialmarss vik Breckna kot, halft hermundar fell, enn halft lagdi b[isku]p Jon k[ir]kunnj f[yrir] huamm allann epter þ[ad] stadrjnn h[a]fde j vij ar eckjrt haft fyrir sina jord Huamm.[98]

Hinn 14. nóvember 1739 vottuðu þeir Jón Þorleifsson, Jón Egilsson, Jón Hannesson Scheving og Árni Eiríksson að máldagapóstar Svalbarðskirkju væru samhljóða löggiltum máldögum sem væri að finna í stiftskistunni að Hólum, þ.e. máldaga Auðunar biskups frá 1318, Jóns Eiríkssonar frá 1360, Péturs biskups frá 1394 og Ólafs Rögnvaldssonar frá 1461. Í þeim kom m.a. fram að kirkjan á Svalbarði ætti allt heimaland, að Hermundarfell fylgdi henni, að hún mætti taka torf hvar sem væri í Sjóarlandi og að hún ætti lambseldi af hverjum bæ í þinginu.[99]

Árið 1744 var samin greinargerð vegna gjafabréfa Svalbarðskirkju. Þar kemur fram:

> Eftir tveimur útgefnum Kongl. Majest. allranádugustu forordningum af dato 11 Majo og 28 Sept. 1743 áhrærandi donationer donationis bref Testamenta Fundatziur Stiftanir etc. gef eg allraundirdanugast til vitundar ad eg engar Donationer Testamenta Fundatziur Stiftanir Giafabref edur þesskonar veit mer tiltrúudu beneficio Svalbardi tiheyra, og forordningarnar her ádurnefndar umgeta nema í Máldaga Audunar biskups dat. 1318 er nefnt í Testamentum Ara Prests, Brecknakot, sem nú er Kirkiu Jörd, hvarum sovel sem annad fleira er þessu Beneficio fylgt hefr eftir gömlum Máldögum og nú er frágengid, jeg eckert veit um ad segia - testera í allraundirdanugasta Máta ad Svalbardi d. 11 Januarii 1744
>
> Johan Christiansson[100]

Þetta staðfesti Þorleifur Skaftason prófastur 3. maí 1744.

Í eignaskrá Svalbarðskirkju frá árinu 1751, úr embættistíð séra Jóhanns Kristjánssonar, eru taldar upp kirkjujarðir. Fyrst er nefnt lögbýlið Hermundarfell og svo eftirtaldar jarðir í heimalandi: Brekknakot, Flaga, Hjálmarvík, Bæastaðir (Bægisstaðir), Kúðársel og Svalbarðssel. Um jarðirnar sem byggðar voru úr heimalandinu segir að þær hafi allar legið í eyði í meir en 60 ár og að engin von sé til að þær muni byggjast upp á ný. Síðan segir:

---

[97] Skjal nr. 3 (102) a-b.
[98] Skjal nr. 3 (183).
[99] Skjal nr. 3 (53).
[100] Skjal nr. 3 (236) a-b.

> Ödrum landEignar og Reka Itökumm sem Máldagarnir nafngreÿna behelldur þetta Beneficium enn Nú, þo þar Sie Ecke utþrickelega i þeim auglÿ[st] landa Merkinn allt umm Krÿng til Heÿrande þessu Beneficio.[101]

Greinargerð fyrir Svalbarðsprestakall var útbúin 1782 [21. júlí]. Þar stendur eftirfarandi:

> β) Hlunnindi [...]
>
> Hier er og framm til Hejdar, Hálfa Þÿngmannalejd frá bigdum eitt vejde Vatn, Enn þvi verdur ecke Sætt, Hvörkie vegna vega leingdar, og ecke Helldur þess vegna ad Afle i Þvi, er ecke mejre enn so, ad Hann betalar ecke Kostnadenn. [...]
>
> 2°
>
> Eitt lög bÿle filger þessu Beneficio, sem er Hermundarfell med Landsk. 35 al. Hiálönd 6 ad tolu filgia, sem öll höfdu i Eide staded umm lánga tÿma, þegar eg 1761. kom til þessa Brauds. Enn Ante et post 1770. Keipte eg til menn, og uppbigde med ej alllitlum Kostnade Fimm þessar Hiálendur, i þejrre Von, ad þær i frammtydenne kinne verda Hier verande Beneficiato til gódra nota, og Beneficio siálfu til Rÿfkunar; Enn mest allur sá minn mikli Kostnadur, og Stóra Mæda, Sÿnest nu i Dauds tÿd þessare til lÿtellra Nota koma, þvi tvær Hiálendurnar eru nú aftur vegna stór Hardenda og Hallæres i Eide komnar, Enn þær sem enn bigdar eru:
>
> Hiálmarsvÿk Landsk. 30 al. Flaga Landsk. 30 al. Svalbards Sel. Enn nu eingenn landskuld golldenn. Enn Hiálendurnar sem upp voru af mier bigdar, og Nú eru aftur i Eide komnar eru: Kuudaa og Breckna Kot. Enn Kyrkiu Jördena Bægisstade gat eg ecke bigt þvi Hún liggur Hálfa þingmannalejd burt framm til Hejdar. Eingenn flejre á bÿle filgia þessu Beneficio.
>
> [...]
>
> Alls Einger Dómar, Vitnessburder edur Skiöl liggia vid þessa Kÿrkiu, sem stÿrkia kinne Beneficii Eigner til Fialls eda Fiöru Einasta eru hier Máldagar Authorizerader og Jnn Færder i Kÿrkiustolenn. [...]
>
> 2° Er Hejmalanded so uppblásed, og onÿtt orded, ad Sumar büsmale synir Hier miög lÿted gagn, hefe eg þvj uppfunded Selstödu längt framm til Hejdar.[102]

Jarðabók Árna Magnússonar segir um Svalbarð árið 1712:

---

[101] Skjal nr. 3 (180) a-b. Um prestaröðina á Svalbarði, sjá Sveinn Níelsson: *Prestatal og prófasta*, bls. 316.

[102] Skjal nr 3 (235) a-b. Ólafur Jónsson var prestur á Svalbarði 1761–1788, sbr. Sveinn Níelsson: *Prestatal og prófasta*, bls. 316.

> Fóðrast kann ii½ kúa þúngi, að auk þess lítils heyskapar sem hafa má fram á heiðinni í fjarska, sem staðarhaldarinn getur ei að sókt.
>
> [...] Grasatekja lítil. Hvanntekja og rótagröftur nægur fyrir heimilið, brúkast ei.
>
> [...] Úthagarnir eru góðir og miklir.[103]

Lögfesta fyrir Svalbarði í Þistilfirði var lesin upp á Skinnastaðaþingi 11. júní 1809. Inntaks lögfestunnar er ekki getið.[104]

Á manntalsþingi sem haldið var á Svalbarði 14. júlí 1813 mótmælti Þorlákur Hallgrímsson prestur, fyrir hönd Svalbarðskirkju, hluta lögfestu sem samin hafði verið fyrir jörðina Garð árinu áður. Í hinum umdeilda hluta var fjallað um svokallaðar Tungur, er voru á milli Svalbarðsár og Tunguár, allt fram í Lómatjörn en samkvæmt prestinum hafði Svalbarðskirkja haft frjáls afnot af því landsvæði í fjölda ára.[105]

Í óársettum útdrætti kirkjustóls Svalbarðsprestakalls er að finna upplýsingar um hvað kirkjan eigi af landi með jörðunum Hermundarfelli og Brekknakoti sem báðar liggja vestan Tunguá. Samkvæmt gömlum og nýjum lögfestum, sem ekki hafði verið mótmælt þá eiga:

> [...] þessar jardir á eina sídu ad Túngu-á og til fjalls, edur Djúpár botna, þadan liggur gil stórt gjegnum midjan fjallgard og til Mýrasels og Ormars [hér og síðar virðist eins mega lesa: Ormans] ár á Axarfjardar heidi, til hvorra örnefna landid hefur lögfest verid undir Svalbards kyrkju og þessi landa merki ad utan þvert úr Ormars-á og í Merki öxl á Hólaheiðar fjallgarði og beint í Merki kéldu undir Brecknakots brekku og þadan nidur til Túngu-ár edur Lángatánga.[106]

V. Sigurðsson vottar að rétt sé ritað eftir útdrættinum en það mun væntanlega vera Vigfús Sigurðsson, prestur á Svalbarði 1847–1868. Þar fyrir neðan er athugasemd G. Gunnarssonar, sem er líkast til Gunnar Gunnarsson, prestur á Svalbarði 1869–1873, um að ofanritaður útdráttur sé ritaður fremst í kirkjustólnum en sá hluti telur hann að sé skrifaður fyrir 1820. Jafnframt finnst honum líklegt að hann hafi verið innfærður úr eldri kirkjustól sem sé glataður.[107]

Í brauðamati Svalbarðsprestakalls sem nær yfir fardagaárið 1838–1839 kemur fram að á meðal byggðra jarða kirkjunnar séu Bægisstaðir, Hermundarfell og Hermundarfellssel.[108]

Jón Benediktsson, prestur í Goðdölum, skrifaði biskupi 5. febrúar 1840. Ástæðan var m.a. sú að séra Guðmundur Jónsson, eftirmaður hans í

---

[103] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 360.
[104] Skjal nr. 3 (144) a-b.
[105] Skjal nr. 3 (147) a-b.
[106] Skjal nr. 3 (55) a-b.
[107] Um prestaröðina á Svalbarði, sjá Sveinn Níelsson: *Prestatal og prófasta*, bls. 316.
[108] Skjal nr. 3 (212).

Svalbarðsprestakalli, tregðaðist við að kaupa þá bæi sem séra Jón hafði byggt upp á eigin kostnað í landi Svalbarðskirkju. Á meðal þeirra eyðijarða og kota sem hann byggði í embættistíð sinni, sem spannaði árin 1817 til 1838, voru býlin Bægisstaðir og Hermundarfellssel.[109]

Útbúið var brauðamat fyrir Svalbarðskirkju í nóvember 1854. Þar stendur eftirfarandi:

> Afrjettarland á stadurin afar gott og vídlendt, í svokalladri Búrfellsheidi, sem hann brúkar ásamt hjáleigu mönnonum.[110]

Einnig er minnst á að hjáleigur jarðarinnar séu Flaga, Svalbarðssel, Fjallalækjarsel, Grímsstaðir, Kúðá, Bægisstaðir og Óttarsstaðir. Jörðinni fylgja einnig kirkjujarðirnar Hermundarfell og Hermundarfellshjáleiga.

Hinn 14. mars 1845 svaraði J. Johnsen bréfi séra Guðmundar Jónssonar á Svalbarði í fjarveru T. A. Hoppe stiftamtmanns. Þar kemur fram að séra Guðmundur hafði skrifað stiftamtmanni að Bjarni Pétursson í Húsavíkursókn hafi síðastliðið sumar reist sér býli sem samkvæmt máldögum kirkjunnar er í landi Svalbarðs. Johnsen segir að embættið hafi skrifað héraðsprófastinum, séra Halldóri Björnssyni, um málið og séra Guðmundur geti ráðfært sig við hann um hvort hann vilji leggja bann við nýbýlisstofnuninni eða leyfa Bjarna að gerast leiguliði sinn. Hér er um að ræða býlið Foss sem ágreiningur var um milli Svalbarðs og Hafrafellstungu.[111]

Um miðja 19. öld var nýbýlið Heiðarmúli (Múli) stofnað. Þessi atburður leiddi til deilna milli Svalbarðskirkju og Hermundarfells varðandi það hvorri jörðinni nýbýlið tilheyrði. Nánar er fjallað um þetta mál í kaflanum um Heiðarmúla.[112]

Um miðjan fimmta áratug 19. aldar kviknuðu deilur milli umráðamanna Svalbarðskirkju og Hafrafellstungu vegna nýbýlisins Foss. Upphaf málsins var það að Guðmundur Jónsson, prestur á Svalbarði, skrifaði biskupi 13. janúar 1845. Í bréfinu gat hann m.a. þess að í landi sem kirkjustóll Svalbarðs eignaði kirkjunni hefði á síðastliðnu sumri verið uppfærð bygging eða tóftir til bæjarhúsa. Bærinn er ekki nafngreindur en að öllum líkindum mun átt við Foss. Þar hefði verið að verki Bjarni Pétursson frá Mýrarseli í Húsavíkursókn og hefði hann haft til þess leyfi Hafrafellstungubænda, þ.e. eigenda jarðarinnar þeirra Eiríks Sigvaldasonar, sem hafði þar í tvíbýli hjá sér Þorstein Þorsteinsson, og Gunnlaugs Sigvaldasonar á Gunnarsstöðum. Umrætt land vildu eigendur Hafrafellstungu alls ekki missa og báru fyrir sig kálfskinnsbækur sem séra Guðmundur, er studdist við lögfestur Svalbarðs, veigraði sér við að mótmæla.

---

[109] Skjal nr. 3 (211). Um embættistíð séra Jóns Benediktssonar, sjá Sveinn Níelsson: *Prestatal og prófasta*, bls. 316.
[110] Skjal nr. 3 (213).
[111] Skjal nr. 3 (54). Um prestaröðina á Svalbarði og prófastaröðina í Þingeyjarsýslu, sjá Sveinn Níelsson: *Prestatal og prófasta*, bls. 316 og 319–320.
[112] Skjöl nr. 3 (57)–(65) og nr. 3 (67).

Varðveittur er vitnisburður séra Jóns Benediktssonar, sem var prestur á Svalbarði 1817–1838, um landeign Svalbarðskirkju í Þistilfirði, dagsettur á tveggja postula messu 1861. Þar koma fram svohljóðandi takmörk Svalbarðs:

> Ad austan verdu rjed Sandá Landamerkjum frá fjöru, og altfram að Dettfossá; Sú á ætla eg hafa upptök sín úr Burfelli Sunnanverdu, og renni til austurs ofan i Sandá, þá rédi Burfells hærsti hriggur útad Burfellsvötnum, sem liggia i Vestur utsudur frá Búrfelli, úr þeim hefur Svalbardsá sín fyrstu upptök, rennur hún út alla heidina fyrir Vestan Svalbardsnúpa, og rædur hún þannig Landamerkjum frá fjalli til fjöru.[113]

Hann tilgreinir einnig landamerki Hermundarfells (sjá þar) og segir að innan ofangreindra takmarka hafi Svalbarðskirkja átt óátalið land, eftir því sem hann best muni, allan þann tíma sem hann var prestur þar. Heimildarmenn fyrir landamerkjunum segir hann bræðurna Benedikt og Gísla Benediktssyni sem hafi verið elstu, skynsömustu og minnugustu menn í prestakallinu. Þeir tjáðu séra Jóni að þannig hefðu Svalbarðsprestar haft og haldið Svalbarðskirkjuland, að meðtöldum Hermundarfells- og Brekknakotslöndum, í óátaldri hefð, notkun og umráðum svo langt sem þá rak minni til.[114]

Skýrsla um tekjur Svalbarðsprestakalls var útbúin 8. júní 1867. Þar segir m.a. um prestssetrið:

> Sumarhagar afbragðs kjarngóðir fyrir sauðfje [...] Afrjettar land er afar gott og víðlent í Búrfellsheiði.[115]

Samkvæmt skýrslunni eru hjáleigur Svalbarðsprestakalls Flaga, Svalbarðssel, Fjallalækjarsel, Grímsstaðir, Bægisstaðir, Kúðá, Brekknakot, Óttarsstaðir og Lækjamót. Kirkjujörð er Hermundarfell.

Hinn 20. nóvember 1867 byggði séra Vigfús Jóni Jónssyni kirkjuhjáleiguna Bægisstaði. Nánar er fjallað um þetta mál í kaflanum um Bægisstaði.[116]

Í lok 7. áratugar 19. aldar og í upphafi þess 8. stóðu deilur um eignarhald á landsvæðinu sem Heiðarmúli var byggður á. Svalbarðskirkja tengdist þessum deilum. Nánar er sagt frá þessu máli í kaflanum um Heiðarmúla.[117]

Í úttektum Svalbarðskirkju, sem fram fóru 15. júní 1870 og 10. júní 1875, kemur fram að við kirkjuna liggi fjölmörg eignarskjöl hennar ásamt úttektum og byggingarbréfum.[118]

---

[113] Skjal nr. 3 (68).
[114] Skjal nr. 3 (68).
[115] Skjal nr. 3 (249).
[116] Skjal nr. 3 (76). Sjá einnig skjal nr. 3 (77), frá 20. júní 1870, en þar byggir séra Gunnar Gunnarsson á Svalbarði Kristjáni Eiríkssyni jörðina Bægisstaði til árs. Þar er sjötti liður byggingarbréfsins samhljóða nema hvað þar virðist standa: Skjónarlæk.
[117] Skjöl nr. 3 (69)–3 (74).
[118] Skjöl nr. 3 (243) og nr. 3 (244).

Hinn 17. apríl 1871 færði séra Gunnar Gunnarsson neðangreindar upplýsingar um jarðir kirkjunnar inn í kirkjustól Svalbarðskirkju. Gunnar skrifaði þær upp eftir kirkjustól sem byrjað var á 1818 en Hannes L. Scheving prófastur hafði fært þær inn 17. júlí 1818 eftir enn eldri kirkjustól. Eftirfarandi upplýsingar er að finna um eignir og ítök Svalbarðs í kirkjustólnum:

> Kyrkjan á Svalbarði á Lögbýlið Hermundarfell, hvað og Auðunnar máldagi eignar henni - 8 hndr. að dýrleika með 60 ál. fornvirtra, landskuld og 2. Brekknakot, sem af máldögum og eldri visitatium tileinkast kirkjunnar heimalandi 6 hndr. að dýrleika með 40 ál. fornvirtra landskuld; hvað kyrkjan eigi af landi með tjeðum jörðum, sem báðar liggja fyrir vestan Tunguá, - verður ekki með öðru sannað en fornum og nýum lögfestum, hverjum ei hefir verið mótmælt, og eiga þá þessar jarðir á eina síðu að Tunguá og til fjalls eður til Djúpárbotna. Þaðan liggur gil stórt gegnum miðjan fjallgarð og til Mýrasels og til Ormannsár á Axarfjarðarheiði, til hverra örnefna landið hefir lögfest verið undir Svalbarðs kyrkju; og þess landamerki að utan: Þvert úr Ormanns-á og í Merkiöxl á Hólaheiðarfjallgarði, og beint í Merkikeldu undir Brekknakots-brekku, og þaðan til Tunguár eður Langatanga. [...]
>
> Landeign kyrkjunnar yfir höfuð, sem fylgt hefir henni frá öndverðu, mun víst viðhaldast, sem ávallt hefir sögð verið tungan á milli Svalbarðsár og Sandár, fram til Dett<i>fossár sem rennur austur úr Búrfelli sunnanverðu og Sandár, en frá upptökum Dettifossár liggur eitt lítið mýrarsund vestur til Svalbarðsár upptaka, og eru það sögð landamerki að landeign kyrkjunnar á þá síðu sem til heiðar veit, hver landeign eg ekki veit til að sje með lögum kyrkjunni frákomið.[119]

Valdimar Ásmundsson segir í sóknarlýsingu sinni um 1875 að Svalbarðskirkja eigi alla Svalbarðsheiði og þar að auki mikið land á Öxarfjarðarheiði.[120]

Hinn 28. mars 1885 skráði presturinn á Svalbarði, Guttormur Vigfússon, lýsingu á landamerkjum jarðarinnar:

> Samkvæmt eignarskjölum Svalbarðskirkju á hún tunguna milli Svalbarðsár og Sandár fram til Dettifossár, sem rennur austur úr Búrfelli sunnanverðu og í Sandá; en frá upptökum Dettifossár liggur eitt mýrarsund vestur til Svalbarðsárupptaka, og eru það sögð landamerki að landeign kirkjunnar á þá síðu sem til heiðar veit.[121]

Stuttu síðar, nánar tiltekið 8. maí 1885, sendi Guttormur Sigvalda Jónssyni, einum eiganda Hafrafellstungu, landamerkjaskrá til samþykktar eða synjunar. Í bréfinu sem fylgdi með skránni kom fram að hinir tveir eigendur jarðarinnar,

---

[119] Skjal nr. 3 (182) a-b.
[120] *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 265.
[121] Skjal nr. 3 (273).

bræðurnir Björn í Skógum og Sigurður í Ærlækjarseli, væru þegar búnir að samþykkja landamerkjaskrána.

Sigvaldi sendi svarbréf til Guttorms 19. maí 1885. Í því kom fram að hann samþykkti ekki landamerkjaskrána. Neitun sína byggði hann á tveimur þáttum. Annar var sá að samkvæmt landamerkjaskránni fluttist talsvert heiðarland frá [Hafrafells]tungu. Þetta heiðarland taldi Sigvaldi að gömul skjöl, sem hann hefði undir höndum, sýndu að hefði verið ágreiningslaust í eigu Hafrafellstungu um langan aldur. Seinni þátturinn var sá að Sigvaldi átti von á því að fá afrit af máldaga Hafrafellstungu þá um sumarið.[122]

Skrifað var undir landamerkjabréf er lýsti eign Svalbarðskirkju í Þistilfirði um vorið 1887. Bréfinu var þinglýst 26. júní 1890:

> Að vestan ræður Svalbarðsá frá ósi upp þangað sem Djúpá fellur í hana, síðan Djúpá að ytri Langassenda og svo Langás síðan skilur heiðarlönd Svalbarðskirkju og Hafrafellstungu bein lína úr fremri Langássenda suður í upptök kvíslar þeirrar, er fellur austur úr stóra Búrfellsvatni (Hólmavatn) þaðan réttsýnis yfir vatnið austan við hólma í melhól þann, sem er norðaustan við Búrfell, þaðan réttsýnis í Dettifossá og ræður sú á síðan landamerkjum austur til Sandár, sem allt til sjáfar myndar austur takmörk kirkjulandsins. Við landamerkja skoðun, sem framkvæmd var 12. Sept. 1887, af umráðamanni Svalbarðskirkju Guttormi presti Vigfússyni og einum af eigendum Hafrafellstungu, Sigvalda bónda Eiríkssyni að viðstöddum Ólafi M. Jónssyni bónda á Kúðá og Sigfúsi Einarssyni bónda á Ærlæk, urðu menn ásáttir um, framan skrifuð landamerki - hvað heiðarlandið áhrærir - og með því samkomulagi, er öllum þeim ágreiningi lokið er áður var um landamerkin þeim megin og þeirri ósamhljóðan er var milli eignarskjala jarðanna.[123]

Undir landamerkjabréfið skrifuðu S. S. Eiríksson í Hafrafellstungu og Guttormur Vigfússon, prestur á Svalbarði, auk Sigurveigar Sigurðardóttur í Skógum og Guðrúnar Eiríksdóttur í Laxárdal, eigenda Hafrafellstungu.

Landamerkjabréf fyrir jörðina Svalbarð var útbúið 9. desember 1922. Það var þinglesið árið 1923:

> Að vestan ræður Svalbarðsá frá ósi og [„og" tvítekið] fram á móts við Merkilækjarós (milli Garðs og Flautafells). Þaðan ræður bein stefna um hinar fornu beitarhúsatóftir í norðausturenda Svalbarðsselsáss; þaðan bein stefna í Guðlaugsstein sem er rétt við Vesturlækinn að vestanverðu. Þaðan bein stefna vestan við vestanverðan Grjótás (í vörðu) fram á móts við Vesturlækjarþröng og þaðan í sjálfa Þröngina. Úr henni í vörðu við reiðgötur á há Svartás og þaðan í vörðu við Fossagljúfur utanverð, þar sem lönd Flögu og Fjallasels koma saman, og þaðan í krók þann er Austurlækur myndar er hann fellur í ósinn (Beitarhúsaós). Úr kroknum bein stefna í Uppsprettur, þaðan bein

[122] Skjal nr. 3 (273).
[123] Skjal nr. 3 (24) a-b.

> stefna í Beinþúfu í Flöguflóa; þaðan bein stefna í tanga þann sem ber vestan við Hjálmarsnesshlass en er austan við svo nefndan Þrætubás. (Aður var síðast nefnd stefna talin um Selþúfu og Selþúfur á nefndum tanga, en samkomulag varð um, að hafa stefnuna beina). Þaðan ræður sjórinn vestur að Svalbarðsárósi.[124]

Undir bréfið skrifaði séra Páll H. Jónsson. Landamerkjabréfið var samþykkt af umráðamönnum Flögu, Guðmundi Þorsteinssyni, Svalbarðssels, Halldóri Kristjánssyni og Fjallasels, Einari Hjartarsyni.

Gerð var úttekt á Svalbarðsseli 2. október 1916 í tilefni fyrirhugaðrar sölu. Þar kemur fram hver landamerki jarðarinnar séu:

> Að norðaustan bein stefna frá Merkilækjarós (milli Garðs og Flautafells) um fornar beitarhústóftir í Guðlögsstein við Vesturlækinn ásamt læknum þar fyrir framan, meðan Svalbarðsprestur gerir eigi tilkall til læksins. Að austan og sunnan bein stefna frá nefndum steini vestan við vestanverðan Grjótás á norðanverðan hársöðul á litla Kvígildisfjalli, sem þá ræður gengt Arkarsteini við Kúðána er ræður þaðan til Svalbarðsár.

Í úttektinni kemur einnig fram að

> gott og grösugt engjastykki, sem ábúandinn fekk leigt samkvæmt áðurnefndu byggingarbréfi [3. maí 1908], og þar er talin leiga eptir, er nú tekið undan jörðunni.[125]

Í jarðamatinu 1804 er þess getið að kirkjujörðin Svalbarð sé metin til tíu hundraða.[126]

Samkvæmt jarðamatinu 1849 hefur Svalbarð, sem nýbýlið Hjálmarsvík tilheyrir, til forna verið metið til tíu hundraða. Í matinu kemur einnig fram að haglendi jarðarinnar sé gott og landrými sæmilegt.[127] Í sama jarðamati stendur einnig:

> Vid jardamatid i þessum hreppi hafa eingin eiginleg þrætulönd fyrir komid, þó má þess geta ad presturinn til Svalbards hreyfdi því, ad þræta væri á milli jardanna Svalbards og Hafrafellstungu í Axarfirdi um afrettar landspart nokkurn fram til heydar, sem öllum mats mönnum kom saman um ad ekki gjæti numid nokkru verdi, ad þvi leiti þeir til þekktu.[128]

Svalbarð er sagt prestssetur í fasteignamatinu 1916–1918. Samkvæmt því vantar landamerki. Landrými er nægilegt, sumarhagar góðir og vetrarbeit einnig en hún er nokkuð langsótt.[129]

---

[124] Skjal nr. 3 (25) a-b.
[125] Skjal nr. 3 (229).
[126] Skjal nr. 3 (176) a-b.
[127] Skjal nr. 3 (133).
[128] Skjal nr. 3 (133), bls. 22.
[129] Skjal nr. 3 (44).

Heimildir benda ekki til annars en samfelld búseta hafi verið á Svalbarði frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.

### 5.7. Bægisstaðir

Í eyðibýlaskrá Ferðabókar Ólafs Ólavíusar er nefndur Bæjarstaður uppi í heiði, sem farið hafi í eyði árið 1402.[130] Er það væntanlega um Bægisstaði að ræða, en Ólavíus getur ekki heimilda fyrir þessu.

Eiríkur Þormóðsson getur áðurnefndrar heimildar og þar með, að byggð hófst á Bægisstöðum að nýju árið 1830 og stóð samfellt til 1887.[131]

Í *Landi og fólki* kemur fram að síðar var búið á Bægisstöðum eða 1913–1926. Þar er jörðinni lýst svo:

> Um klukkustundargang sunnan við Grímsstaði nærri Sandá er eyðibýlið Bægisstaðir. Landareignin er víðáttumikil norður að Skjónulæk, vestur í Svalbarðsnúpa norðanverða og suður Bægisstaðahlíð. Norður af túninu er mýrarflói hallandi til austurs að Sandá en í suður þurrlendi og vel gróin fjallshlíðin.[132]

Í eignaskrá Svalbarðskirkju frá árinu 1751, úr embættistíð séra Jóhanns Kristjánssonar, er minnst á Bægisstaði. Nánar er fjallað um þetta mál í kaflanum um Svalbarðskirkju.[133]

Á manntalsþingum sem haldin voru á Sauðanesi 2. júlí, Svalbarði 4. júlí og Skinnastað 7. júlí 1827 var tilkynnt að Jón Sigurðsson, bóndi á Syðralóni, hygðist stofna nýbýli á eyðijörðinni Bægisstöðum. Enginn mótmælti þessum áformum. Sérstaklega er tekið fram í skjalinu að séra Jón Benediktsson á Svalbarði hafi verið viðstaddur þegar auglýsingin var birt þar.[134]

Í brauðamati Svalbarðsprestakalls sem nær yfir fardagaárið 1838–1839 kemur fram að á meðal byggðra jarða kirkjunnar séu Bægisstaðir.[135]

Jón Benediktsson, prestur í Goðdölum, skrifaði biskupi 5. febrúar 1840. Ástæðan var m.a. sú að séra Guðmundur Jónsson, eftirmaður hans í Svalbarðsprestakalli, tregðaðist við að kaupa þá bæi sem séra Jón hafði byggt upp á

---

[130] Ólafur Olavius, *Ferðabók. Landshagir í norðvestur-, norður- og norðaustursýslum Íslands 1775-1777* II, bls. 93.

[131] Eiríkur Þormóðsson: *Þróun byggðar í Svalbarðshreppi í Þistilfirði*, bls. 68.

[132] *Land og fólk*, bls. 552.

[133] Skjal nr. 3 (180) a-b. Um prestaröðina á Svalbarði, sjá Sveinn Níelsson: *Prestatal og prófasta*, bls. 316.

[134] Skjal nr. 3 (150) a-b. Um prestaröðina á Svalbarði, sjá Sveinn Níelsson: *Prestatal og prófasta*, bls. 316.

[135] Skjal nr. 3 (212).

eigin kostnað í landi Svalbarðskirkju. Á meðal þeirra eyðijarða og kota sem hann byggði í embættistíð sinni, sem spannaði frá 1817 til 1838, var býlið Bægisstaðir.[136]

Fyrir manntalsþingsrétti að Svalbarði 19. júní 1845 var þinglýst kaupbréfi frá 18. maí 1843 fyrir jarðarhúsunum á Bægisstöðum.[137]

Í skýrslu um tekjur Svalbarðsprestakalls, sem samin var 8. júní 1867, kemur fram að Bægisstaðir séu hjáleiga prestakallsins. Nánar er fjallað um skýrsluna í kaflanum um Svalbarðsprestakall.[138]

Hinn 20. nóvember 1867 byggði séra Vigfús Sigurðsson á Svalbarði Jóni Jónssyni kirkjuhjáleiguna Bægisstaði. Í byggingarbréfinu eru ákvæði þess efnis að hann rækti og bæti tún og engi jarðarinnar en 6. liður bréfsins er svohljóðandi:

> Eingum má hann leigja neitt nje leigselja af leigulandi synu án fulls leifis landsdrottins. Land Bæistada nær frá hlíðarhorni þvertí sandá með henni að Skjónulæk, svo ræður hann á mots við tvísteina og þadan beintí stefnu á Lambafellsgróf. I land þettað áskyl eg mjer aðeins Lambarekstur árlega í sunnanverðar Bæistaðahlíð.[139]

Valdimar Ásmundsson segir í sóknarlýsingu Svalbarðs, líklega um 1875, að land á Bægisstöðum sé mikið og allmikið engi. Einnig er sagt að jarðirnar Flaga, Svalbarðssel, Fjallalækjarsel, Grímsstaðir, Kúðá og Bægisstaðir

> eru allar á Svalbarðstungu, sem er kirkjuland, metið 64,0 hundruð að dýrleika. Bæði á tungu þessari og Álandstungu er besta sauðland, og því betra sem lengra dregur fram.[140]

Gerð var úttekt á Bægisstöðum 9. september 1913. Þar kemur fram að jörðin hafi staðið í eyði frá 1887 og þar til næstliðið vor. Einnig kemur þar fram hver landamerki jarðarinnar séu:

> Að sunnan frá fremra Hlíðarhorni þvert í Sandá; ræður hún merkjum að Skjónulæk. Svo ræður hann merkjum móts við Tvísteina, sem sumir nefna Sveina, og þaðan bein stefna að Lambafellsgróf, þaðan bein stefna í fremra Hlíðarhorn.[141]

Ábúendur Bægisstaða, þeir Kjartan og Guðmundur Jónssynir, keyptu ábýlisjörð sína af ríkinu 18. febrúar 1915.[142] Í kaupsamningnum kemur fram að undanskildir sölunni séu námar sem fundist hafa eða kunna að finnast á jörðinni.[143]

---

[136] Skjal nr. 3 (211). Um embættistíð séra Jóns Benediktssonar, sjá Sveinn Níelsson: *Prestatal og prófasta*, bls. 316.
[137] Skjal nr. 3 (157).
[138] Skjal nr. 3 (249).
[139] Skjal nr. 3 (76). Sjá einnig skjal nr. 3 (77), frá 20. júní 1870, en þar byggir séra Gunnar Gunnarsson á Svalbarði Kristjáni Eiríkssyni jörðina Bægisstaði til árs. Þar er sjötti liður byggingarbréfins samhljóða nema hvað þar virðist standa: Skjónarlæk.
[140] *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 258.
[141] Skjal nr. 3 (227).
[142] Ekki er skrifað undir samninginn.
[143] Skjal nr. 3 (227).

Landamerkjabréf fyrir jörðina Bægisstaði var útbúið 12. desember 1922 og þinglesið 1923:

> Frá fremra Hlíðarhorni þvert í Sandá; Með henni að Skjónulæk, ræður svo lækurinn að torfvörðu móts við Tvísteina (Sveina), frá vörðunni í Tvísteina. Frá Tvísteinum ræður bein lína að neðanverðri Lambafjallsgróf þar sem hún fellur í Kúðá. Þaðan ræður nefnd gróf að upptökum hennar; síðan þvert yfir Núpa í Hlíðarhorn.[144]

Guðmundur Jónsson og Kjartan Jónsson skrifuðu undir landamerkjabréfið. Landamerkin voru samþykkt af ábúendum Kúðár, Jósef og Jóhannesi Vigfússonum, ábúanda Urðarsels, Tryggva Hjartarsyni, ábúanda Grímsstaða í Þistilfirði, Friðriki Einarssyni, og fulltrúa Svalbarðshrepps, eiganda Vatnsenda, Jóni Guðmundssyni. Einnig skrifaði Jósías Stefánsson undir landamerkjabréfið (væntanlega vegna Hafursstaða).

Jarðamat 1849 segir Bægisstaði talda hjáleigu frá Svalbarði, byggða að nýju fyrir nokkrum árum en liggja í allmiklum fjarska þaðan fram til heiðar og land hjáleigunnar vera aðskilið frá Svalbarðs heimajörð. Engjaslægjur séu langsóttar.[145]

Í fasteignamati N-Þingeyjarsýslu 1916–1918 stendur að það vanti landamerkjabréf fyrir Bægisstaði. Í matinu kemur einnig fram að landamerki jarðarinnar séu ágreiningslaus, landrými sé nægilegt, sumarhagar góðir en ágangur af afréttarfé.[146]

## 5.8. Vatnsendi

Um Vatnsenda segir Eiríkur Þormóðsson:

> Vatnsendi var á Álandstungu nokkuð sunnan Balafells, spöl fyrir sunnan Vatnsendaskarð. Stóð bærinn austan við sunnanvert smávatn, sem Vatnsendavatn heitir. Er alllöng leið norður að Hvappi, eða um sex km. [...] Hreppurinn á nú jörðina.[147]

Fagranesi á Álandstungu lýsir Eiríkur Þormóðsson svo:

> Fagranes, sem einnig var nefnt Halldórskot, var á Álandstungu, syðsti bær í Þistilfirði. Stóð býlið á sléttu laufnesi, sem myndast milli tveggja kvísla, er sameinast stuttu áður en þær falla í Sandá. Er talið, að land býlisins fylgi Vatnsenda. [...]

Hvorki er til nokkurt mat né lýsing á jörðinni þar eð byggð hófst þar svo seint.

[144] Skjal nr. 3 (28).
[145] Skjal nr. 3 (132).
[146] Skjal nr. 3 (44).
[147] Eiríkur Þormóðsson: *Þróun byggðar í Svalbarðshreppi í Þistilfirði*, bls. 90.

Ekki finnast heimildir fyrir því að búið hafi verið í Fagranesi nema sjö ár, eða frá 1855–1862.[148]

Í lýsingu Svalbarðssóknar um 1875 er Fagranes talið meðal eyðibýla, nýbýli og afbýli úr Vatnsendalandi.[149]

Búið var á Vatnsenda 1840–1843 og 1844–1862.[150]

Valdimar Ásmundsson telur Vatnsenda meðal eyðibýla, nýbýli, sem lagðist í eyði 1862, rétt sunnan við stöðuvatn, sem hann hefur ekki nafn á, undir Vatnshnúki.[151]

Á manntalsþingi sem haldið var á Svalbarði 19. júní 1843 kom fram að eigandi jarðarinnar Vatnsenda hafði árið áður lofað að selja Jóni Ólafssyni jörðina innan tveggja ára, þ.e. árið 1845.[152]

Landamerkjabréf fyrir Vatnsenda var útbúið 4. júní 1889. Það var þinglesið 26. júní 1890:

> Að norðan ræður tröllkonuhlaup við Sandá og þaðan bein lína í austur í Balafellsbrún þá ræður brúnin í Vatnsendaskarð, þaðan ræður lækur sá er úr skarðinu kemur í Hólkná.
>
> Að austan ræður Holkná frá Skarðslæk inn að Krubbnalæk og ræður hann til upptaka sinna, sem eru utanundir Álftadyngjufjallgarðshaus þaðan ræður sama stefna í suður þar til tekin verður bein lína vestur í Sandá um Þorsteinsnef.
>
> Að vestan ræður Sandá frá Þorsteinsnefi til Tröllkonuhlaups.[153]

Meðlimir hreppsnefndar Svalbarðshrepps, þeir Hjörtur Þorkelsson, Jón Árnason, Kristján Vigfússon, Árni Davíðsson og Sigurbjörn Friðriksson, skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af eigendum Víðirhóls, þeim Helgu Jónsdóttur og Kristjáni Kristjánssyni. Einnig var það samþykkt af Jóni Bjarnasyni, eiganda Laxárdals og umráðamanni Hafursstaða, og umráðamanni Hvapps, Sigfúsi Jónssyni.

Jarðatal Johnsens segir prest telja í Svalbarðshreppi Vatnsenda (með 6 manns) en þess bóls sé eigi getið af sýslumanni né heldur í jarðabókunum.[154]

Vatnsendi var fyrir nokkru byggður út úr landi Ytra- og Syðra-Álands og er nú sérstök (sérskilin) eign með tilgreindum landamerkjum samkvæmt jarðamati 1849. Þar kemur einnig fram að landrými sé nægilegt.[155]

---

[148] Eiríkur Þormóðsson: *Þróun byggðar í Svalbarðshreppi í Þistilfirði* bls. 91.
[149] *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 262.
[150] Eiríkur Þormóðsson: *Þróun byggðar í Svalbarðshreppi í Þistilfirði*, bls. 90–91.
[151] *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 262 og 254.
[152] Skjal nr. 3 (156) a-b.
[153] Skjal nr. 3 (34) a-b. Sjá einnig skjal nr. 3 (40).
[154] Skjal nr. 4 (1).
[155] Skjal nr. 3 (133).

Í bókinni *Landi og fólki* er Ytra-Áland sagt eiga land milli Sandár og Hölknár, suður um Ytri-Hæðaþúfu að vestan og fram undir Syðrigljúfur að austan, auk þess eyðibýlið Hafursstaði.[156]

Álands er fyrst getið við bréfagerð árið 1378.[157]

Árið eftir eignast Möðruvallaklaustur jörðina með rekum. Á Áland þá alla jarðareign milli Hölknár og Sandár, landgögn og fjörugögn, eða eins og segir í bréfinu:

> á saugd jord alla iardar eign millum halknar. ok sandar. land gaugn ok fioru gaugn.[158]

Jörðin var seld aftur á næsta ári, 1380, að undanskildum rekum.[159]

Vatnsendi er skráður sem sérmetin eign í *Nýrri jarðabók*.[160]

Í kaflanum um Vatnsenda, sem sagður er í eyði, í fasteignamati N-Þingeyjarsýslu 1916–1918 er að finna lýsingu á landamerkjum landsvæðisins:

> Að norðan: Úr Tröllkonuhlaupi við Sandá beint í austur í Balafellsbrún; þaðan eftir brúninni suður í Vatnsendaskarð. Þaðan í austur ræður lækur sá, er rennur úr skarðinu í Hólkná. Ræður svo áin suður að Krubbnalæk eða móts við Lambafjall garðenda ytri. Ræður svo fjallgarðurinn suður á móts við Þórsteinsnef. Þá bein stefna vestur á Þórsteinsnefið og í kvísl er rennur hjá nefinu og í Sandá. Þá ræður Sandá (að vestan) norður að Tröllkonuhlaupi.[161]

Samkvæmt fasteignamatinu á Svalbarðshreppur Vatnsenda. Þar segir að landið sé ekki notað.

Síðasti ábúandinn á Vatnsenda var Sigurður Jóakimsson en hann andaðist 17. júní 1862. Hinn 16. desember 1862 ritaði hreppstjóri Svalbarðshrepps sýslumanni bréf með uppskriftargerð af eignum dánarbúsins. Þar kemur fram að ekkjan hafi ekki getað haldið búskap áfram, enginn hafi verið til að flytja á jörðina og enginn nálægur getað eða viljað kaupa jörðina en erfingjarnir þarfnist stórlega verðsins fyrir hana.[162] Í bréfi sýslumanns til hreppstjóra 31. mars 1863 kemur fram að sýslumaður sjái ekki betur en að jörðina beri að selja við opinbert uppboð þá um vorið.[163] Það uppboð fór ekki fram því að búi Sigurðar var skipt 12. október 1863 og þá var Vatnsendi enn óseldur. Við skiptin var Vatnsendi lagður út sem arfshluti til barna Sigurðar.[164]

Í reikningi yfir tekjur og gjöld fátækrasjóðsins í Svalbarðshreppi fardagaárið 1877–1878 kemur fram að 100 krónur hafi verið greiddar fyrir Vatnsendaland.[165]

---

[156] *Land og fólk*, bls. 524.
[157] Skjal nr. 4 (80).
[158] Skjal nr. 4 (81).
[159] Skjal nr. 4 (82).
[160] Skjal nr. 4 (2).
[161] Skjal nr. 3 (44).
[162] Skjal nr. 3 (276).
[163] Skjal nr. 3 (277).
[164] Skjal nr. 3 (275).
[165] Skjal nr. 3 (280).

Við Vatnsendavatn er nú gangnamannakofi. Hann var byggður af Álandsbændum árið 1996.

### 5.9. Hvappur

Í *Lýsingu Þingeyjarsýslu* segir að Hvappi hafi fylgt sérstakt land en ókunnugt sé um jarðeiganda.[166]

Eiríkur Þormóðsson segir um Hvapp:

> Hvappur er á Álandstungu, aðeins sjö til átta hundruð metra sunnan Hafurstaða, austan Balafells í dálítilli bugðu uppi við fjallið.[167]

Kristjánskoti lýsir Eiríkur Þormóðsson svo:

> Til suðausturs frá Hvappi og Hafurstöðum, niður við Hölkná, eru afskaplega greinilegar tættur, ekki mjög gamlar. Heitir þar Kristjánskot. Er sagt, að bóndinn á Hvappi hafi flutt þangað bæ sinn.[168]

Um 1820 hófust deilur um eignarhald á landsvæði í nágrenni Balafells í Þistilfirði sem áttu eftir að standa í nokkra áratugi. Upphaf málsins má rekja til þess að árið 1817 uppbyggði Sigurður Magnússon, hreppstjóri í Þistilfirði, eyðikotið Hafursstaði, dóttur sinni til ábúðar, í sellandi sem Sauðanesprestur taldi tilheyra Sauðaneskirkju. Hvappur kemur aðeins við sögu í þessu deilumáli.[169]

Á manntalsþingi sem haldið var á Svalbarði þann 23. júní 1840 var lesið upp bréf frá prestinum á Sauðanesi þar sem hann bannaði nýbýlismönnum á Hafursstöðum og Hvappi að borga eiganda jarðarinnar Bakka leigu fyrir ábúð.[170] Nánar er sagt frá þessu máli í kaflanum um Hafursstaði hér að framan.

Hinn 19. júní 1847 fyrir manntalsþingsréttinum að Svalbarði var þinglýst kaupbréfi fyrir jörðinni Hvappi frá 21. febrúar 1845 en þá keypti Jón Andrésson Hvapp af Þorsteini Bjarnasyni á Bakka.[171]

Sóknarlýsing frá því um 1875 segir Hvapp bóndaeign. Landrými mikið.[172] Byggð stóð í Hvappi frá 1840 til 1886.[173]

Landamerkjabréf fyrir jörðina Hvapp var útbúið hinn 8. maí 1890. Það var þinglesið 26. júní sama ár:

> Að utan ræður beinlína í vestur úr Hólkná miðjavega milli Hafursstaða og Hvapps í Balafellsbrún svo ræður fjallsbrúnin suður í Vatnsendaskarð, svo ræður lækur sá er úr skarðinu rennur í Hólkná.

---

[166] *Lýsing Þingeyjarsýslu. Norður-Þingeyjarsýsla*, bls. 173.
[167] Eiríkur Þormóðsson: *Þróun byggðar í Svalbarðshreppi í Þistilfirði*, bls. 89.
[168] Eiríkur Þormóðsson: *Þróun byggðar í Svalbarðshreppi í Þistilfirði*, bls. 104.
[169] Skjöl nr. 3 (193–206) a-b.
[170] Skjal nr. 3 (152) a-b.
[171] Skjal nr. 3 (157).
[172] *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 257.
[173] Eiríkur Þormóðsson: *Þróun byggðar í Svalbarðshreppi í Þistilfirði*, bls. 89–90.

Að austan ræður áin.[174]

Sigfús Jónsson, umboðsmaður L. Guðmundssonar jarðeiganda, skrifaði undir skjalið. Landamerkjabréfið var samþykkt af umráðamanni Hafursstaða, Jóni Bjarnasyni, og umráðamönnum Vatnsenda, þeim Árna Davíðssyni, S. Friðrikssyni, Kr. Vigfússyni, Jóni Árnasyni og Hirti Þorkelssyni.

Hvappur var fyrir nokkru byggður út úr landi Ytra- og Syðra-Álands og er nú sérstök (sérskilin) eign með tilgreindum landamerkjum samkvæmt jarðamati 1849. Þar kemur einnig fram að landrými sé sæmilegt.[175]

Jarðatal Johnsens nefnir Hvapp sem sérstakt býli í leiguábúð og eins og Leirlæk, Hafursstaði og Kerastaði ekki finnast nefndur í jarðabókunum en sýslumaður segi þær allar afbýli frá Syðra- og Ytra-Álandi (áður stólseign).[176] Jarðamat 1849–1850 segir jörðina byggða úr landi Ytra- og Syðra-Álands eins og Kerastaði og Hafursstaði.[177] *Ný jarðabók* telur þetta sérstaka jörð með tilteknu mati.[178]

Í fasteignamati N-Þingeyjarsýslu 1916–1918 er landamerkjum Hvapps, sem sagður er eyðijörð, lýst. Lýsingin er nánast samhljóða þeirri frá 8. maí 1890. Í fasteignamatinu kemur einnig fram að Sigurður Jónsson, bóndi á Brimnesi við Seyðisfjörð, eigi jörðina en Guðbjörn Grímsson, bóndi á Syðra-Álandi, nýti hana.[179]

### 5.10. Laxárdalur

Eftirfarandi segir í *Lýsingu Þingeyjarsýslu*:

> Víðáttumikið land fylgir jörðinni. Tungan milli Hölknár og Laxár og öll Dalsheiði [...] Auk þess fylgir Laxárdal spilda af Álandstungu innan til, austurhlíð Lambafjallgarðs, gegnt Dalsheiðarkofa. Sagt er, að Jón bóndi Björnsson, sem lengi bjó stórbúi í Dal, ásamt Birni bróður sínum á seinni helmingi 19. aldar, hafi keypt þessa sneið til þess að koma í veg fyrir, að býli yrði reist þar; hafi talið slíkt geta valdið fé sínu óþarfa ónæði austan árinnar.[180]

Laxárdalur er fyrst nefndur í rekaskrá, sennilega frá 1296.[181] Hann komst í eigu Möðruvallaklausturs 1378.[182] Gottskálk Nikulásson Hólabiskup ánafnaði Hólastóli jörðina 1520.[183]

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir grasa- og hvannatekju litla í Laxárdal, hafa áður betri verið, engjar á dreif hér og hvar í heiðinni, sitt ár í hverjum

---

174 Skjal nr. 3 (33).
175 Skjal nr. 3 (133).
176 Skjal nr. 4 (1).
177 Skjal nr. 3 (133).
178 Skjal nr. 4 (2).
179 Skjal nr. 3 (44).
180 *Lýsing Þingeyjarsýslu. Norður-Þingeyjarsýsla*, bls. 173.
181 Skjal nr. 4 (74).
182 Skjal nr. 4 (80).
183 Skjal nr. 4 (93).

stað, úthagarnir nægir á sumrin en fyrir nálægðar sakir beitist samt Gunnarsstaðaland öðru hvoru fyrir toll. Ekkert mat var á jörðinni.[184]

Á manntalsþingi sem haldið var á Svalbarði hinn 4. maí 1703 spurði sýslumaður um land sem Dalsmenn [Laxárdals] guldu af toll til Gunnarsstaða. Svarið var á þessa leið:

> [...] segia þeir sameigennlega ad Aasenn firer Austann laxAa: hafe þad land verid, Enn torfvijkur edur Tumavijkur Mó seigia þejr DalssMenn Alldrej hafe tolla viliad, þó GunnarstadaMenn þann Mó eiga þættust, og Dalss Abúandenn Olafur seigist eche gollded hafa Efter þann Moo, forlijktest nú so Um þennann toll, Med gunnarstada, og Dalss Ábuendum, ad á medann þejr, hvor firer sig, vid sinn leiguMaala hiellde, skijllde þesse tollur vera af Dalssmönnum 20 aln.[185]

Hinn 23. júlí 1811 fyrir manntalsþingsréttinum að Svalbarði í Þistilfirði var lesin upp lögfesta séra Einars Árnasonar á Sauðanesi fyrir jörðinni Dal [Laxárdalur]. Inntaksins er að engu getið.[186]

Í sýslu- og sóknalýsingum Þingeyjarsýslu frá árunum 1839–1844 er að finna sóknarlýsingu Svalbarðs en þar er lýsing á afréttarlöndum í Dals- og Hvammsheiðum. Sú lýsing mun vera rituð um 1875. Í sóknarlýsingunni segir:

> Afréttarlöndin í Dals- og Hvammsheiðum eru almenningar framan við landamerki Dals (um Grasmannalæk, sem rennur úr Bræðravötnum vestur í Hólkná) og Gunnarsstaða (um Hávarðsdalsá).[187]

Landamerkjabréf Laxárdals var útbúið hinn 15. ágúst 1886. Það var þinglesið 18. maí 1887:

> Að vestan ræður Holkná frá sjó, að Fremri Skarðslæk, svo ræður lækurinn til upptaka sinna, sem eru norðan undir Lambafjallgarði,
>
> Þá ræður Lambafjallgarðsbrún til foss í Holkná, eftir það ræður nefnd á suður á móts við vesturhorn á Heljardalsfjöllum; að sunnan ræður bein stefna úr Holkná austur í norðvesturhorn Heljardalsfjalla; þá ráða Heljardalsfjöll, þar til tekin verður úr þeim bein stefna milli Bræðravatna í Skessuhamar. Að austan ræður nefnd stefna úr Heljardalsfjöllum í Skessuhamar; þá ræður bein stefna úr Skessuhamri í upptök Laxár; síðan ræður Laxá allt til vörðu austan megin skammt fyrir ofan ós og þaðan bein lína eftir vörðum í Klöpp í flæðarmáli, hvar Laxá rann áður í sjó. Laxárdalur á hvals og viðarreka fyrir öllu sínu landi.[188]

---

[184] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 364.
[185] Skjal nr. 3 (144) a-b. Ólafur Sigurðsson var ábúandi Dals manntalsveturinn 1703, sbr. *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 374.
[186] Skjal nr. 3 (145).
[187] *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar* bls. 260.
[188] Skjal nr. 3 (35).

Jón Bjarnarson, eigandi Laxárdals, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Guttormi Vigfússyni, fulltrúa umboðsmanns Munkaþverárklausturs (vegna Gunnarsstaða), og Sigfúsi Jónssyni, eiganda Hvamms.

Óársett og óundirskrifuð landamerki Laxárdals fylgja hér á eftir:

> Landamerki
>
> Laxárdals í Þistilfirði eru þessi
>
> að vestan ræður Hólkná frá sjó að fremri skarðslæk svo ræður lækurin til upptaka sinna sem eru norðan undir Lambafjallgarði. Þá ræður Lambafjallgarðsbrún til foss í Hólkna, eptir það ræður nefnd á suður á mótsvið norðvesturhorn á Heljárdalsfjöllum
>
> Að sunnan ræður bein stefna úr Hólkná austur í norðvesturhorn Heljardalsfjalla svo ráða Heljardalsfjöll þar til tekið verður úr þeim bein stefna milli Bræðravatna í Skjessuhamar. Að austan ræður nefnd stefna ur Heljardalsfjöll í Skjessuhamar svo ræður lík stefna í upptök Laxár þá ræður Laxá að reiðmelum, eptir það ræður forni farvegur Laxáar að hennar forna ósi.
>
> Allan Hvalreka og trjáviðarreka á Laxárdalur fyrir landi sínu frá Hólknárósi að forna Laxárosi.[189]

Árni Árnason á Gunnarsstöðum kvartaði yfir því í bréfi til J. Havsteens amtmanns 6. október 1886 að ekki hafi verið hlustað á tillögur sínar þegar setja átti landamerki á milli Gunnarsstaða, Laxárdals og Hvamms þá um sumarið og því fari hann fram á ógildingu þeirra. Amtmaður skrifaði Stefáni Stephensen, umboðsmanni Munkaþverárjarða, 2. og 17. nóvember 1886 um málið. Stefán svaraði báðum bréfunum með tveimur bréfum, dagsettum 12. sama mánaðar, og skýrði frá því að hann hefði fengið Guttorm Vigfússon prófast til að útkljá landamerkin fyrir sína hönd. Til þess hafði hann fengið með sér Ólaf Jónsson á Kúðá og Árna Jóhannsson, stúdent á Álandi. Stefán sagðist ekki draga í efa að þeir hefðu sett landamerkin niður af samviskusemi en öllum bæri saman um að kröfur Árna á Gunnarsstöðum hefðu verið svo miklar og ósanngjarnar að ekki hefði verið hægt að taka tillit til þeirra. Með bréfinu sendi Stefán bréf Guttorms prófasts, frá 12. september 1886, til sín en þar segir m.a.:

> Jeg sendi ydur nú aptur landamerkja documentin, sem þjer fengud mjer og auk þess „samþykkt landamerki Gunnarstada“, jeg hlaut ad gjöra nokkra tilslökun vid Hvammsbóndann, hvad heidarlandið snertir, en á þeirri tilslökun hneixlast víst enginn madur, nema ef vera skyldi gamli Árni á Gunnarstödum

[189] Skjal nr. 3 (40) a-b.

> og hefdi hans uppástandi verid fylgt, þá var svo sem audvitad ad málid hefdi gengid til dóms.[190]

Í seinna bréfi Stefáns til amtmanns greindi hann frá því að undir Gunnarsstaði heyrði eyðikotið Hávarðsstaðir sem ætti land í Hvammsheiði. Árni Árnason á Gunnarsstöðum hefði viljað ná undir þetta kot megninu af Hvammsheiði sem eðlilega heyrði undir Hvamm. Guttormur prófastur hefði hins vegar samþykkt að Hávarðsstaðir skyldu aðeins fá ríflegt hlutfall þess sem þeim bæri úr heiðarlandinu. Stefán benti á að frá Gunnarsstöðum væri um hálf önnur dagleið að umræddum landamerkjum og því hefði orðið dýrt að fara í mál út af landskika í afréttarlandi þar sem engin skortur væri á landrými.[191]

Gerð var úttekt á Gunnarsstöðum, þ.m.t. hjáleigunni Hávarðsstaðir, 23. maí 1910 vegna fyrirhugaðrar sölu. Þar stendur m.a.:

> Auk þess, sem talið er að heimajörðin framfleyti er lánað allstórt landstykki til næsta bæar (Laxárdals) bæði til beitar og slægna [...] Ennfremur er hjáleigan Hávarðarstaðir inn í heiði í ca. 2½ mílu fjarlægð frá Gunnarsstöðum [...] Landrými er þar mikið.[192]

Dalur (Laxárdalur) er fyrrverandi biskupsstólsjörð samkvæmt jarðamatinu 1804. Dýrleiki hennar er líklega tólf hundruð.[193]

Virði Laxárdals er tólf hundruð samkvæmt jarðamatinu 1849. Þar kemur einnig fram að landrými og landkostir eru í betra lagi eftir því sem í sveit þessari gerist. Meðal ókosta jarðarinnar er að fjárgeymsla er ótrygg.[194]

Í fasteignamati N-Þingeyjarsýslu 1916–1918 er landamerkjum Laxárdals lýst. Lýsingin er nánast samhljóða þeirri frá 15. ágúst 1886. Í fasteignamatinu er reyndar talað um Hólkná. Samkvæmt fasteignamatinu á Laxárdalur mikið heiðarland og góða sumarhaga.[195]

Heimildir benda ekki til annars en samfelld búseta hafi verið í Laxárdal frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.

## 5.11. Hvammur

Í *Lýsingu Þingeyjarsýslu* segir að mikið land fylgi jörðinni, auk heimalandsins öll Hvammsheiði. Engjar þóttu heldur rýrar í heimalandi en víða góðir blettir í heimalandi.[196]

---

[190] Skjal nr. 3 (230).
[191] Skjal nr. 3 (230).
[192] Skjal nr. 3 (247).
[193] Skjal nr. 3 (176) a-b.
[194] Skjal nr. 3 (133).
[195] Skjal nr. 3 (44).
[196] *Lýsing Þingeyjarsýslu. Norður-Þingeyjarsýsla*, bls. 177.

Hvammur sést fyrst nefndur í Sigurðarregistri, skrá um eignir Hóladómkirkju og Hólastóls í föstu og lausu eftir fráfall Jón Arasonar árið 1550.[197]

Hvammur var fyrrum eign Svalbarðskirkju en Jón Arason tók jörðina undir Hólastól og lét í staðinn hálft Hermundarfell.[198]

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir grasa- og hvannatekju litla, engjar hendi menn í úthögum með smáblettum. Ekkert mat var á jörðinni. Þá segir:

> Hvamms Sel kallast fornt eyðiból hjer í landinu fram með Hafralónsá, og eru þar auðsjen byggíngamerki rústa og gamlara girðínga. Ekki má hjer aftur byggja fyrir heyskaparleysi, túnið er og mest alt lýngi vaxið.[199]

Árni Árnason á Gunnarsstöðum kvartaði yfir því í bréfi til J. Havsteens amtmanns 6. október 1886 að ekki hafi verið hlustað á tillögur sínar þegar setja átti landamerki á milli Gunnarsstaða, Laxárdals og Hvamms þá um sumarið og því fari hann fram á ógildingu þeirra.[200]

Í sýslu- og sóknalýsingum Þingeyjarsýslu frá árunum 1839–1844 er að finna sóknarlýsingu Svalbarðs en þar er lýsing á afréttarlöndum í Dals- og Hvammsheiðum. Sú lýsing mun vera rituð um 1875. Í sóknarlýsingunni segir:

> Afréttarlöndin í Dals- og Hvammsheiðum eru almenningar framan við landamerki Dals (um Grasmannalæk, sem rennur úr Bræðravötnum vestur í Hólkná) og Gunnarsstaða (um Hávarðsdalsá).[201]

Landamerkjabréf fyrir jörðina Hvamm var útbúið 16. ágúst 1886. Það var þinglesið 18. maí 1887:

> Landamerki Hvamms í Þistilfirði eru: Að austan ræður Hafralónsá frá Merkidalskílsósi að Heljardalsárósi, þá ræður Heljardalsá að upptökum sínum, sem eru innst í Heljardal. Að sunnan ræður Heljardalsbotn og hæðstu brúnir Heljardalsfjalla að norðan þar til kemur vestur á þau mið, eða svo langt að bein stefna verður tekin af fjöllunum milli Bræðravatna í Skessuhamar, sem ræður landamerkjum að vestan. Frá Merkidalskílsósi, sem fyr er nefndur ræður að norðan Merkidalin til nyrðri botns síns, fyrir miðjum botninum er varða og úr henni ræður bein stefna yfir einstakt holt í mýrum á vörðu á Nónás og þaðan sama stefna í Garðá, þá ræður Garðá að upptökum sínum og svo bein stefna í Skessuhamar, sem áður er nefndur.
>
> Í þessu landi liggur hjáleiga Gunnarsstaða, Hávarðsstaðir. Landamerki hjáleigu þessarar eru: Að austan Hafralónsá, að norðan Grímólfsá, frá ósi að Kíl þeim, sem kemur sunnan með Syðri-Kálfafjöllum; að vestan ræður Kíllinn og bein stefna úr botni hans í Hvappslæk, fast við fjöllin; að sunnan

---

197 Skjal nr. 4 (96).
198 Eiríkur Þormóðsson: *Þróun byggðar í Svalbarðshreppi í Þistilfirði*, bls. 71–72 og 97–98. / Skjal nr. 3 (183).
199 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 366–367.
200 Skjal nr. 3 (230).
201 *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 260.

> ræður Hvappslækur að efri krók sínum og úr króknum bein stefna í Stóru-Gljúfur í Hafralónsá.[202]

Sigfús Jónsson, eigandi Hvamms, skrifaði undir. Samþykkir landamerkjunum voru Guttormur Vigfússon sem fulltrúi umboðsmanns Munkaþverárklausturs (þ.e. Gunnarsstaða) og eigandi Laxárdals, Jón Bjarnason.

Samkvæmt jarðamatinu 1804 er Hvammur fyrrverandi Hólastólsjörð. Virði hennar er óljóst.[203]

Jarðamat 1849 segir landrými Hvamms nægilegt til heiðar og landkosti í betra lagi. Jörðin er talin og tíunduð tólf hundruð að dýrleika.

Í fasteignamati N-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að Hvammur hafi mikið upprekstrar- og heiðarland. Sumarhagar eru góðir en að hluta til fjarlægir. Þar stendur einnig að landamerkjabréf vanti fyrir jörðina.[204]

Heimildir benda ekki til annars en samfelld búseta hafi verið að Hvammi frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.

### 5.12. Syðralón

Lón, sem væntanlega er sama jörðin og kallaðist Guðmundarlón eða Syðralón, er nefnt í rekaskrá Skálholtsstóls árið 1270.[205]

Ýmsar kirkjur áttu samkvæmt máldögum reka á Guðmundarlóni en eignarhald á jörðinni sjálfri kemur fyrst fram í eignaskrá Hólastóls frá árinu 1525, en þá er Guðmundarlón eign Hólastóls.[206]

Stefán Einarsson á Sauðanesi segir um Grímólfsártungu í sóknarlýsingu frá árinu 1840:

> og fyrir framan þessi lönd [Hallgilsstaða og Tungusels] er almenningur millum Langaness, Norðurstranda og Selárdals í Vopnafirði samt Þistilfirðinga að norðan. Hér í þessum almenningi eður á Grímólfsártungu lýsir Syðralón eftir 4 hundraða landi, er mér skilst eftir samanburði við annarra máldaga orðatiltæki sé sama og land undir 400 fjár.[207]

Skrifað var undir landamerkjabréf Syðralóns 4. nóvember 1916. Bréfinu var þinglýst 3. júlí 1917:

> Að sunnan ræður Fossá frá sjó þar til Merkilækur fellur í hana, en þaðan lækurinn þar til hann sveigir frá suðri til vesturs og aðskilur Helguflóa og Stóraflóa og þaðan bein stefna í Gunnlaugsárupptök.

---

[202] Skjöl nr. 3 (36) og nr. 3 (37).
[203] Skjal nr. 3 (176) a-b.
[204] Skjal nr. 3 (44).
[205] Skjal nr. 4 (73).
[206] Skjal nr. 4 (94).
[207] *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 292–293.

> Að austan og norðan ræður bein stefna úr Gunnlaugsárupptökum í vörðu á Ytri-Gunnlaugsárhól, þaðan í vörðu í Markgróf, þaðan í vörðu við suðurhorn Markvatns og þaðan bein stefna í vörðu á Háubökkum og sama stefna í sjó fram.
>
> [...]
>
> Þess utan á Syðralón þetta heiðarland: hina svonefndu Grímólfsártungu sem er land alt milli Hafralónsár og Grímólfsár frá upptökum þeirra þar til þær falla saman.[208]

Undir skrifuðu eigendur Syðralóns, þeir Guðmundur Vilhjálmsson og Ingimar Baldvinsson og Jón Halldórsson Sauðanesprestur vegna Sauðaness og Staðarsels auk umráðamanna Ytribrekkna, þeirra Sigtr. og Axels Vilhjálmssona.

Syðralón er fyrrverandi Hólastólsjörð sem metin er á tólf hundruð samkvæmt jarðamatinu 1804. Þar er silungsveiði.[209]

Samkvæmt jarðamatinu 1849 tilheyrir Syðralóni sérstakt afréttarland fram til heiðar sem heitir Grímólfsártunga. Virði jarðarinnar er tólf hundruð.[210]

Í fasteignamati N-Þingeyjarsýslu 1916–1918 er að finna upplýsingar um landamerki Syðralóns. Umsögnin um Grímólfsártungur er nær samhljóða bréfinu sem skráð var 4. nóvember 1916 og mörkin þau sömu. Syðralón hefur sumarhaga.[211]

## 5.13. Tungusel og Þorsteinsstaðir

Um Þorsteinsstaði segir í *Lýsingu Þingeyjarsýslu*:

> Árið 1850 byggði Þorsteinn Eiríksson frá Heiði nýbýli í Tunguselslandi og nefndi Þorsteinsstaði. [...] Land það, sem býlinu tilheyrir, er tungan, sem myndast á milli ánna, Grímúlfsár að vestan og Tunguár að austan, allt inn að Dragamótum, en síðan haldist bein stafna inn til Arnarfjalla. Er þetta mikið land og frítt, sauðland ágætt og engjar þó nokkrar.[212]

Búið var á Þorsteinsstöðum nær samfellt 1850–1884.[213]

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* segir um Tungusel árið 1712:

> Þetta býli er fyrst bygt á selstæði Hallgilstaða hjer um fyrir 60 árum og er síðan reiknað þriðjúngur þeirrar jarðar, afdeilt að öllum landsnytjum, en ekki vita menn hvört kotið á nokkuð í rekanum.[214]

[208] Skjal nr. 3 (20).
[209] Skjal nr. 3 (218).
[210] Skjal nr. 3 (132).
[211] Skjal nr. 3 (43).
[212] *Lýsing Þingeyjarsýslu. Norður-Þingeyjarsýsla*, bls. 188.
[213] *Land og fólk*, bls. 594. Friðrik G. Olgeirsson: *Langnesingasaga*, bls. 174.
[214] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 368.

Þá hafði Tungusel verið í eyði í sex ár. Býlið var metið sex hundruð; grasa- og hvannatekja var bjargleg fyrir heimilið; engið lá á heiðinni dreift með lækjum og sumt í flóum og langt þangað að sækja, úthagar góðir og miklir.[215]

Tungusel byggðist aftur árið 1741 og síðan mun hafa verið þar samfelld byggð.[216]

Á manntalsþingi að Sauðanesi hinn 8. júlí 1854 lét Björn Guðmundsson í Laxárdal í ljós óánægju sína með þá landstiltölu, þ.e.a.s. hlutföll sem að undanförnu höfðu viðgengist á milli eignarjarðar hans, Hallgilsstaða, og Tungusels sem til langframa höfðu verið taldar sem ein jörð með óskiptu landi. Nánar er sagt frá deilunni í kaflanum um Hallgilsstaði.[217]

Hinn 16. febrúar 1870 svaraði Björn Halldórsson prófastur bréfi stiftsyfirvalda frá 29. september 1869. Þau höfðu mælt svo fyrir að andvirði jarðarinnar Hlíðarhólma skyldi sent suður nema ef hægt yrði að kaupa hentuga fasteign í staðinn sem væri nálægt Sauðanesi. Stuttu eftir að hafa fengið umrætt bréf tilkynnti Björn séra Vigfúsi Sigurðssyni á Sauðanesi, settum prófasti í Norður-Þingeyjarprófastsdæmi, um innihald þess. Hinn 27. janúar sendi svo séra Vigfús Birni skjal frá Sigvalda Þorsteinssyni þar sem hann bauð Sauðaneskirkju eignarjörð sína, Þorsteinsstaði.

Sauðanesprestur sendi prófasti sölutilboð Sigvalda Þorsteinssonar frá 27. janúar 1870 með bréfi sínu. Í því mælir hann með kaupunum því að kirkjan eigi enga nýtilega afréttartiltölu handa prestum sínum. Þorsteinsstöðum fylgi hins vegar mikið og gott heiðarland sem muni fyllilega bæta úr þeim skorti. Í tilboði sínu lýsir Sigvaldi kostum Þorsteinsstaða og segir að jörðin hafi mikið landrými, kjarngóða haga nær og fjær og gott afréttarland. Hann segir jörðina byggða úr auðn vorið 1850 úr Tunguselslandi af þáverandi eiganda og því sé hún ekki talin til hundraða sem sérstök jörð í jarðamatinu. Hún hafi hins vegar við fráfall eigandans verið fráskilin Tunguseli með ákveðnum landamerkjum. Gerningur þessi hafi verið skjalfestur og samþykktur af öllum hlutaðeigendum og þinglesinn á Sauðanesi. Auk árlegrar 24 dala leigu eftir jörðina áskilur Sigvaldi Sauðaneskirkju frían geldfjárupprekstur í afréttarlandi Þorsteinsstaða sem ævarandi hlunninda. Jafnframt getur hann þess að Sauðanesprestar hafi um langan aldur orðið að kaupa slíkan upprekstur annars staðar að síðan hinn forni upprekstur kirkjunnar í Fossdal lagðist af og það afréttarland eyðilagðist af náttúrunnar völdum.[218]

Björn sendi stiftsyfirvöldum afrit af þessu öllu saman og fól þeim að taka ákvörðun um kaupin. Sjálfur sagðist hann hlynntur þeim og taldi jörðinni rétt lýst. Hann sagði umrætt land vera bæði mikið og gott og alls enga hættu á að það gengi af sér af náttúrunnar völdum því að það væri að mestu láglent og grösugt og hvorki ár,

---

[215] Sama rit, bls. 368–369.
[216] Friðrik G. Olgeirsson, *Langnesingasaga*, bls. 175–176.
[217] Skjöl nr. 3 (174) og nr. 3 (175).
[218] Skjal nr. 3 (103).

fjöll né sandar til þess að valda skemmdum. Hann benti líka á að hafa skyldi í huga að þeir landkostir sem nú væru nefndir til heyskapar og handa búsmala hefðu lítt verið teknir til greina við jarðamatið því að þá hefðu Þorsteinsstaðir ekki verið annað en afréttarland frá Tunguseli. Enn fremur taldi hann 24 ríkisdala árlegt eftirgjald fyrir jörðina sanngjarnt því við bættist að Sauðanesprestar myndu fá frjálsan upprekstur fyrir geldfé sitt sem samsvaraði hæglega fjórum ríkisdölum. Einnig teldi hann að hækka mætti leigumálann í framtíðinni ef batnaði í ári en árferði undanfarinna ára hefði mjög svo þrengt að almenningi og ekki síst að þeim sem byggju á snjóþungum jörðum fram til heiða.

Stiftsyfirvöld skrifuðu Birni prófasti aftur 1. apríl 1870 og töldu 600 ríkisdali mikið fyrir jörð jafn lága að hundraðatali en að sögn Sigvalda væri hún aðeins talin 4,7 hundruð til tíundar síðan hún var fráskilin Tunguseli. Á móti kæmi hins vegar frír geldfjárupprekstur Sauðaneskirkju í afréttarlandi jarðarinnar sem kirkjan þarfnaðist. Þau samþykktu því kaupin á jörðinni[219] og 28. maí 1870 keypti séra Gunnar Gunnarsson á Sauðanesi fyrir hönd Sauðaneskirkju jörðina Þorsteinsstaði af eigandanum og ábúandanum, Sigvalda Þorsteinssyni, fyrir 600 ríkisdali. Samkvæmt afsalsbréfinu eru takmörk jarðarinnar svohljóðandi:

Landamerki nýnemdrar jardar eru Tunguá ad [„ad„ tvítekið] austan utan frá Hafralónsá fram ad svo nefndum Dragamótum og svo haldist sama stefna til Arnar fjalla, ad vestan Hafralónsá, útan frá Tungnaá fram til Grímólfsár, þá Grímólfsá til upptaka hennar. Í þessu landi áskilst Saudaneskirkju einnig rjettur til ad eiga fríann upprekstur fyrir geldfje stadarins.[220]

Undir bréfið skrifar Sigvaldi nafn sitt auk vitundarvottanna Jóns Benjamínssonar á Syðralóni og Gunnlaugs Þorsteinssonar á Ytralóni. Þeir Hilmar Finsen stiftamtmaður og Pétur Pétursson biskup samþykkja söluna fyrir hönd Sauðaneskirkju 24. mars 1871. Loks vottar Lárus Eðvarð Sveinbjörnsson sýslumaður 10. ágúst 1871 að bréfið hafi verið lesið upp í manntalsþingsréttinum á Sauðanesi 23. júní 1871 og svo fært inn í afsals- og veðmálabók sýslunnar nr. 264.

Björn prófastur svaraði bréfi stiftsyfirvalda 22. nóvember 1870 og sendi með bréfinu lögformlegt afsalsbréf jarðaeigandans til handa Sauðaneskirkju, sem stiftsyfirvöld vildu samþykkja, auk skilríkja frá viðkomandi sýslumanni um að Þorsteinsstaðir væru sérstök jörð og óveðsett eign Sigvalda Þorsteinssonar.[221] Einnig sendi Björn með bréfinu samning sem gerður var á skiptafundi í dánarbúi Elínar Sveinsdóttur 23. maí 1861 að Þorsteinsstöðum á milli ekkjumannsins Þorsteins Eiríkssonar og fimm barna hans. Samningurinn kvað á um

> ad Jördin Tungusel med Þorsteinsstödum (sem talin er 6 hundrud ad dýrleika, hvar af Tungusel er matid 3/5 hlutar, en Þorsteinsstadir 2/5, og rádi Tunguá

[219] Skjal nr. 3 (104).
[220] Skjal nr. 3 (186) a-b.
[221] Skjal nr. 3 (103).

> landamerkjum utan frá Hafralóns á framm ad so nefndum dragamótum, og so haldist sama stefna beint til Arnarfjalla) skuli eptir ekkjumannsins dag, ganga til jafnra skipta millum allra 5 barna hanns.[222]

Síðan er útlistað hvernig þessum fimm hlutum er skipt á milli barnanna og að endingu vottar Jón Sigurðsson, settur sýslumaður, að skjalið hafi verið lesið upp fyrir manntalsþingsrétti að Sauðanesi 7. júní 1862.

Landamerkjabréf fyrir jörðina Tungusel var útbúið 20. apríl 1885. Það var þinglesið 27. júní 1890:

> Að austan ræður Kverká frá því hún fellur í Hafralónsá allt innað klöpp (merki klöpp) þeirri er stendur austan við ána skammt fyrir utan Kverkáreyrar, þaðan bein stefna í Stóruvörðu, er stendur á melhrygg í Grasdal, þaðan sama stefna í vörðu á Hólmavatnshæðum, þaðan sama stefna í Miðdal í Arnarfjöllum þaðan bein stefna neðst á Búðarmel.
>
> Að sunnan ræður bein stefna innst af Búðarmel vestur í Hafralónsá.
>
> Að norðan ræður Hafralónsá innað Tunguá,
>
> Að vestan Tunguá innað kílamótum þá austara Tungárdrag innað Arnarfjallahyrnu og þaðan bein stefna í Hafralón.[223]

Grímur Jónsson, umboðsmaður eigendanna, skrifaði undir. Eigandi hálfra Hallgilsstaða var samþykkur landamerkjunum.

Í jarðamatinu 1804 kemur fram að eyðibýlið Tungusel sé hjáleiga sjálfseignarjarðarinnar Hallgilsstaða og nýtist þeirri jörð sem beitiland og gefi önnur not.[224]

Bæði *Jarðatal Johnsens* og *Ný jarðabók* segja Tungusel hjáleigu frá Hallgilsstöðum.[225]

Í sóknarlýsingu Sauðanessóknar frá árinu 1840 segir að jarðirnar Hallgilsstaðir og Tungusel eigi hin bestu og mestu afréttarlönd, ef notuð væru og fyrir framan þessi lönd sé „almenningur milli Langaness, Norðurstranda og Selárdals í Vopnafirði, samt Þistilfirðinga að norðan“.[226]

Tungusel er talið hjáleiga frá Hallgilsstöðum í jarðamati 1849. Landrými er sagt nægilegt. Sumarhagar eru nokkuð góðir til heiðar. Bæði Tungusel og Hallgilsstaðir hafa afréttarland aflögu.[227]

Samkvæmt fasteignamati N-Þingeyjarsýslu 1916–1918 vantar landamerkjabréf fyrir jörðina Tungusel. Jörðin á töluvert heiðarland. Sumarhagar hennar eru góðir en hún verður fyrir ágangi af afréttarfé. Í matinu er líka minnst á Þorsteinsstaði sem

---

[222] Skjal nr. 3 (103).
[223] Skjal nr. 3 (19).
[224] Skjal nr. 3 (218) a-b.
[225] Skjöl nr. 4 (1) og nr. 4 (2).
[226] *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 292–293.
[227] Skjal nr. 3 (132.)

sagðir eru í eyði. Þar kemur einnig fram að Þorsteinsstaðir séu innsta jörðin í Sauðaneshreppi og að það vanti landamerkjabréf fyrir hana.[228]

Heimildir benda ekki til annars en samfelld búseta hafi verið í Tunguseli frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðinni verið ráðstafað með hefðbundnum hætti. Líkt og áður segir lagðist byggð af að Þorsteinsstöðum árið 1886. Jörðin var seld af ríkissjóði núverandi eigendum samkvæmt lögum nr. 9/1972 um sölu á Brekkuborg í Breiðdalshreppi og Þorsteinsstöðum í Sauðaneshreppi.

## 5.14. Hallgilsstaðir

Í *Lýsingu Þingeyjarsýslu* segir að Hallgilsstaðir séu landstór jörð þótt ekki sé meðtalið að eftir landamerkjaskrá sé hartnær hálf Tunguselsheiði innan marka hennar. Svæðið norðan og norðaustan frá Fiská, suður af Heiðarenda, frá fjalli að Hafralónsá, svo síðar milli Hlíðanna og Kverkár að vestan, séu aðalbúfjárhagar og engi jarðarinnar.[229]

Hallgilsstaðir/Hallgeirsstaðir eru meðal þeirra jarða sem nefndar eru í rekaskrá Skálholtsstóls árið 1270.[230]

Að sögn Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalín var dýrleikinn tólf hundruð eftir að Tungusel byggðist, grasa- og hvannatekja bjargleg.[231]

Hinn 17. júní 1850 kom Björn Skúlason umboðsmaður, í forföllum J. P. Havsteins sýslumanns, ásamt fjórum áreiðarmönnum til nýbýlisins Kverkártungu í svokölluðum almenningi á Langanesströnd. Erindið var að framkvæma, eftir skipun amtmanns frá 16. febrúar 1850, löglega skoðunar-, útvísunar- og matsgerð á því landi sem nauðsynlegt virtist fyrir mátulegt og í meðallagi gott nýbýli í fyrrnefndum almenningi. Eigendur aðliggjandi jarða við almenninginn voru boðaðir á staðinn og þangað mættu Þorsteinn Þorsteinsson, á Bakka eigandi Miðfjarðarnessels, Pétur Stefánsson á Miðfjarðarnesi og Eggert Einarsson í Saurbæ. Þess er jafnframt getið að Guðmundur Þorsteinsson á Hallgilsstöðum, sem átti frumkvæði að útvísunargerðinni, hafi selt Sigfúsi Sigurðssyni þau hús sem byggð voru á nýbýlinu og um leið afsalað honum öllum rétti sínum til þess. Nánar er sagt frá þessu máli í kaflanum um Kverkártungu.[232]

Á manntalsþingi að Sauðanesi 8. júlí 1854 lét Björn Guðmundsson í Laxárdal í ljós óánægju sína með þá lands tiltölu, þ.e.a.s. hlutföll sem að undanförnu höfðu viðgengist á milli eignarjarðar hans, Hallgilsstaða, og Tungusels sem til langframa

---

[228] Skjal nr. 3 (43).
[229] *Lýsing Þingeyjarsýslu. Norður-Þingeyjarsýsla*, bls. 189.
[230] Skjal nr. 4 (73).
[231] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 369–370.
[232] Skjal nr. 3 (141), sama og skjal nr. 3 (45).

höfðu verið taldar sem ein jörð með óskiptu landi. Sýslumaður útnefndi því fjóra skoðunarmenn til þess að gera skipti á milli jarðanna.[233]

Ári síðar, 2. júlí 1855 á manntalsþingi á sama stað var auglýst og upplesið álit skoðunarmanna frá 23. júní 1855 um landamerki á milli Hallgeirsstaða (Hallgilsstaða) og Tungusels, sem var fornt afbýli þeirra, eftir hundraða dýrleika. Þorsteinn Eiríksson, eigandi Tungusels, mótmælti þessu áliti skoðunarmanna með upplestri lögfestu Tungusels frá 29. júní 1855 en landamerkjum þar bar ekki saman við álitið. Deilunni var vísað til sáttanefndar.[234]

Engin þinglesin landamerkjalýsing er til fyrir Hallgilsstaði en eigandi hálfra Hallgilsstaða skrifaði undir landamerkjabréf Kverkártungu 8. maí 1884 og samþykkti landamerkjabréf Tungusels 20. maí 1885.[235]

Samkvæmt jarðamatinu 1804 hefur sjálfseignarjörðin Hallgeirsstaðir/Hallgilsstaðir, sem metin er til sextán hundraða, eyðihjáleiguna Tungusel. Þar er tækifæri til silungsveiði.[236]

Í sóknarlýsingu Sauðanessóknar frá árinu 1840 segir að jarðirnar Hallgilsstaðir og Tungusel eigi hin bestu og mestu afréttarlönd, ef notuð væru og fyrir framan þessi lönd sé „almenningur milli Langaness, Norðurstranda og Selárdals í Vopnafirði, samt Þistilfirðinga að norðan“.[237]

Í jarðamatinu 1849 segir að Hallgilsstaðir með hjáleigunni Tunguseli hafi áður verið taldir tólf hundruð en nú séu þau tíunduð sextán hundruð. Landrými á Hallgilsstöðum sé nægilegt og sumarhagar nægir en betri til heiða. Báðar jarðirnar hafa afréttarland aflögu.[238]

Í fasteignamatinu fyrir N-Þingeyjarsýslu frá 1916–1918 er að finna lýsingu á landamerkjum Hallgilsstaða:

> Að vestan ræður Kverká frá því hún fellur í Hafralóns á inn að Klöpp þeirri (Merkiklöpp) er stendur austanvið ána skamt fyrir utan Kverkáreyrar, þaðan bein stefna í Stóruvörðu, er stendur á melhrygg í Grasdal; þaðan sama stefna í vörðu á Hólmavatnshæðum, og þaðan enn sama stefna í Miðdal í Arnarfjöllum; þaðan ræður bein stefna innst á Barðmel. Að sunnan ræður bein stefna innst af Barðmel í Heiðarhól og Heiðarvatn. Að austan ræður Kverkárdrag frá Heiðarvatni út að krók þeim sem dragið myndar stutt utan við Þverurð; þaðan bein stefna norðaustur í litlu Kverká, sem þá ræður út á móts við Langavatnsenda hinn nyrðri; þaðan ræður melhryggur sá, er liggur suður af fremri Þröskuld út á hæð þá, er svo heitir; þaðan bein stefna útaustur í Leirvatn; þaðan ræður Finnafjarðará að Stórhól, er stendur vestan við ána; þaðan bein stefna yfir Þverfell í Tjaldhæð. Að norðaustan ræður bein stefna af

[233] Skjal nr. 3 (174).
[234] Skjal nr. 3 (175).
[235] Skjöl nr. 3 (1) og nr. 3 (19).
[236] Skjal nr. 3 (218) a-b.
[237] *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 292–293.
[238] Skjal nr. 3 (132).

> Tjaldhæð syðst á Fiskárvötn, þá Fiskárvötn og Fiská þar til hún fellur í Kíl þann, er liggur út í Hafralónsá. Að norðan og vestan ræður Hafralónsá allt inn að Kverká, þó svo, að þrír smá hólmar (ytri og innri Búðarhólar [svo] og Stórihólmi) austan og sunnan við Búðarhöfða, tilheyra Hvammi í Þistilfirði, en svonefndir Kumbshólmar, innar með ánni að vestan, tilheyra Hallgilsstöðum.[239]

Landamerkjunum virðist ekki hafa verið þinglýst. Í fasteignamatinu kemur einnig fram að jörðinni fylgi mikið heiðar- og upprekstrarland. Sumarhagar séu góðir.

Heimildir benda ekki til annars en samfelld búseta hafi verið að Hallgilsstöðum frá því að jarðarinnar er fyrst getið í heimildum. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að jörðinni hefur verið ráðstafað með hefðbundnum hætti.

### 5.15. Kverkártunga

Jarðarlýsing er þessi í *Sveitum og jörðum í Múlaþingi*:

> Jörðin er á breiðri bungu milli Litlu-Kverkár og Miðfjarðarár, nær utan frá ármótunum og inn og suður á hreppamörk við Vopnafjörð suður á Háurðum (404 m). Sýslumörk við Norður-Þingeyjarsýslu eru við Litlu-Kverká á löngum kafla, annars afmarka áðurnefndar ár landið, og bær dregur nafn af tungunni milli ánna, sem er mjög víðáttumikið flæmi, um 20 km (kort) frá na. til sv. og um 4 km, þar sem breiðast er, um Álftavatn (269 m). Sjálf tungan liggur íbjúg frá suðri til na. fer hægt lækkandi norður á við og út til hiðanna að áðurnefndum ám sem streyma fram eftir breiðum og víða votlendum lægðum, Miðfjarðará komin sunnan úr Mælifellsheiði og frá Kistufelli og Hágöngum, í klettagili á löngum kafla leiðar, og Kverká um heiðarflóa nær alla leið. Álftavatnslækur fellur um um mýrardrög norður frá Álftavatni í Kverká.
>
> Haustganga hver tekur 7 menn 2 daga.[240]

Hinn 17. júní 1850 kom Björn Skúlason umboðsmaður, í forföllum J. P. Havsteens sýslumanns, ásamt fjórum áreiðarmönnum til nýbýlisins Kverkártungu í svokölluðum almenningi á Langanesströnd. Erindið var að framkvæma, eftir skipun amtmanns frá 16. febrúar 1850, löglega skoðunar-, útvísunar- og matsgerð á því landi sem nauðsynlegt virtist fyrir mátulegt og í meðallagi gott nýbýli í fyrrnefndum almenningi. Eigendur aðliggjandi jarða við almenninginn voru boðaðir á staðinn og þangað mættu Þorsteinn Þorsteinsson á Bakka, eigandi Miðfjarðarnessels, Pétur Stefánsson á Miðfjarðarnesi og Eggert Einarsson í Saurbæ. Þess er jafnframt getið að Guðmundur Þorsteinsson á Hallgilsstöðum, sem átti frumkvæði að útvísunargerðinni, hafi selt Sigfúsi Sigurðssyni þau hús sem byggð voru á nýbýlinu og um leið afsalað

---

[239] Skjal nr. 3 (43).
[240] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 26–27.

honum allan rétt sinn til þess. Sigfús gat hins vegar ekki mætt og fékk því Þorstein Pétursson á Bakka til þess að mæta í sinn stað. Næst var riðið á landið, því lýst og nýbýlinu úthlutað landi með eftirfarandi hætti:

> Almenníngur þessi eda Kverkártúnga sem svo er köllud er afmörkud af 2r ekki alllitlum Vatnsföllum nl. ad Nordan af Kverká og ad austan af Midfjardará sem bádar koma sunnan ur Strandaheidi; og hafa upptök sín skammt hver frá annari, fellur Midfjardará mikid til beint til siáar frá upptökum sínum, en Kverká bugar skamt frá upptokum vestur á vid þannig ad hún um stund fellur til útnordurs, en þegar leingra dregur úteptir begist hún austur á vid uns hún fellur í Midfjardará og mindar adr nefnda túngu sem þannig verdr langbreidust um midbikid. Land þetta er á ad giska rúmar 2 Mílur á lengd úr tunguspordinum fram á fremstu grös og ½ til ¾ Míla á breidd þar sem þad er breidast en miög svo er þad hrjóstrugt og blásid þá eru töluverd flóasund her og þar einkum austanmegin og líka medfram Kverká, svo þar má hafa nokkurn heyskap. Bædi eigandi Midfjardar og Midfjardarnessels Þorsteinn Þorsteinsson, sem og ábúendur jardanna Midfjardarness og Saurbæar gefa til kynna ad þeir hvorki giori eda geti gjört nokkurt tilkall til lands þess sem liggur milli Kverkár og Midfjardarár. Allan þenna Almenníng álíta skodunarmennirnir ekki stærri né betri enn svo ad samsvari medallags godri 4 hndr. jörd her austanlands og þegar land skal útleggia til jardar sem byggileg sé er eingin efi á því ad allan Almenning milli ádrgreindra ummerkia verdr ad útleggia svo ekkert verdr afgángs. Nybylinu Kverkártungu var því næst útlagt allt land milli Midfjardarár og Kverkar og svolangt fram til heidar sem grös gróa. Á landi þessu sem nú var útlagt álíta skodunarmennirnir ad framfleita megi til jafnadar í öllum árum 40 ám, 20 saudum, 20 lömbum og 3 hestum en kú eingri þared þeim virdist lítt mögulegt ad rækta þar upp tún svo nokkru nemi Og möttu þeir land þetta 4 hndr. skrifa fiögur hundrad ad dyrleika og giördi siálfseignarbondi Þ. Bjarnason sig anægdan med þetta mat vegna Vidtakanda. Þegar búid var ad lesa upp þad sem bókad hafdi verid var utvísunargiördinni lokid.[241]

Undir útvísunargerðina setja eftirfarandi menn nöfn sín: Björn Skúlason í sýslumannsstað, áreiðarmennirnir Jón Illugason hreppstjóri á Djúpalæk, Jón Jónsson í Viðvík, Gísli Sveinsson á Þorvaldsstöðum og Jón Einarsson í Miðfirði. Einnig fyrrnefndir eigendur aðliggjandi jarða og vottarnir H. Árnason og S. Sigurðsson.

Af bréfi Jóns Illugasonar hreppstjóra til Þorsteins Jónssonar sýslumanns frá 25. október 1850 má sjá að ábúanda Kverkártungu hafi nýlega verið útvísað landi við skoðunargerð. Einnig sést af bréfinu að Kverkártunga hafi byggst er amtmaður

[241] Skjal nr. 3 (141), sama og skjal nr. 3 (45).

Melsteð var sýslumaður en Páll Melsteð var sýslumaður í Norður-Múlasýslu á árunum 1817–1835.[242]

Sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu skrifaði hreppstjóra Skeggjastaðahrepps 28. desember 1850 og var tilefni þess sjálfsagt útvísunargerð Kverkártungu. Í bréfinu segir hann að nýbýlatilskipunin frá 15. apríl 1776 veiti nýbyggjurum einungis skatt- og tíundarfrelsi. Þeir verði því að greiða allar aðrar skyldur til opinberra þarfa, svo sem brúartoll, þinghústoll, sakamálatoll, aukatillög til hreppsins og refatoll auk þess að taka þátt í vegabótum og öðrum skylduverkum.[243]

Í bréfi til amtmanns, frá 7. janúar 1851, segist sýslumaður Norður-Múlasýslu senda honum afrit af útvísunargerð nýbýlisins Kverkártungu svo að hann geti gefið hlutaðeigandi ábúanda byggingarbréf fyrir jörðinni. Einnig kemur fram að útvísunargerðin hafi verið framkvæmd síðastliðið vor eftir bréflegri skipun amtsins frá 16. febrúar 1850.[244]

Á manntalsþingi að Skeggjastöðum 11. júní 1851 var auglýst skoðunar- og útmælingargerð á nýbýlinu Kverkártungu sem fram fór 17. júní 1850.[245]

Landamerkjabréf fyrir Kverkártungu var útbúið 8. maí 1884 og þinglesið 16. júlí 1885:

> Jörðin Kverkártunga liggjandi í Skeggjastaðakyrkjusókn á Langaness-ströndum innan Norður-Múlasýslu á land frá ármótunum, Miðfjarðarár og Litlu-Kverkár þann veg inn með Miðfjarðará að vestan inn að svo nefndum Kistufellslæk, er í hana rennur hinum megin, og þaðan beint norður í Heiðarvatn, svo aftur beint þaðan og í Litlu-Kverkárdrög, sem mun vera hér um bil í óttu stað; eftir það afmarkar Kverká landið út að áður nefndum ármótum.[246]

Árni Þorkelsson, eigandi ½ Kverkártungu, skrifaði undir bréfið auk Gísla Þorsteinssonar, eiganda að hálflendu Hallgilsstaða.

Í skýrslu hreppstjóra Skeggjastaðahrepps fyrir árið 1894 segir að jarðirnar Nýibær tíu hundruð að nýju mati, hálf Kverkártunga, 4,1 hundruð að dýrleika, og Sóleyjarvellir, 3,3 hundruð að dýrleika, séu í eyði. Þetta fékk sýslumann til þess að grennslast fyrir um það á manntalsþingi að Skeggjastöðum 4. júní 1895, hvort ofangreindar jarðir hafi verið notaðar til upprekstrar eða á einhvern annan hátt og svaraði hreppstjóri því neitandi.[247]

Hinn 20. desember 1921 var útbúið annað landamerkjabréf fyrir jörðina Kverkártungu. Það var þinglesið 31. júlí 1922:

---

[242] Skjal nr. 3 (46) a-b. Um sýslumannstíð Páls Melsteð, sjá Bogi Benediktsson: *Sýslumannaæfir* IV, bls. 792–793.
[243] Skjal nr. 3 (47) a-b.
[244] Skjal nr. 3 (48) a-b.
[245] Skjal nr. 3 (49) a-b.
[246] Skjal nr. 3 (1).
[247] Skjal nr. 3 (221) a-b.

> 1. Miðfjarðará þar frá er Kverká rennur í hana til vörðu innan við Kistufellslækjarós. Þaðan úr vörðu beint í Heiðarvatn við Heiðarhól. Síðan ræður Kverká alla leið unz hún fellur í Miðfjarðará.[248]

Jónas Pálsson, eigandi Kverkártungu, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Þórarni Árnasyni, eiganda Miðfjarðarnessels.

Samkvæmt jarðamatinu frá 1849 hefur nýbýlið Kverkártunga nægilegt afréttarland. Heyskapur er víðfenginn.[249]

Í fasteignamati N-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að Kverkártunga hafi nægilegt upprekstrarland en hafi engar tekjur af því. Engjar séu á víð og dreif innan um bithaga. Sumarhagar eru góðir.[250]

Búskapur hófst í Kverkártungu á fyrri hluta 19. aldar en hún fór í eyði árið 1937.[251] Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð útmælingarinnar hefur Kverkártungu verið ráðstafað með hefðbundnum hætti.

### 5.16. Miðfjörður

Eftirfarandi lýsing er í *Sveitum og jörðum í Múlaþingi*:

> M<iðfjörður> er inn af botni Miðfjarðar og á allt land milli Miðfjarðarár og Hölknár suður á hreppamörk vestur af Ytri-Hágangi.
>
> Jörðin er víðáttumikil. Mikill hluti hennar er Miðfjarðarheiði, hæst 466 m sunnan til í landi M, en lítð eitt hærri sunnan hreppamarka Vopnafjarðar. Miðfjarðará er yfir 40 km löng utan frá sjó og inn í Miðfjarðarárdrög í Mælifellsheiði vestur af Þverfelli. Lax er í ánni utan til, en kemst ekki nema inn að Fálkafossi skammt utan við Kverkártungu. Annar foss, Sniðfoss, er skammt fyrir innan. Stutt austur af honum er eyðibýlið Foss (Fosshjáleiga, Sniðfoss), í ábúð 1849 og fram undir aldamót (eyðibýlaskrá Múlaþ. 5). [...] Miðfjarðarheiði er gott afréttarland. Göngur taka þar 2-3 daga fyrir 8 menn. Leitarmannakofi er við Miðfjarðará inn undir Þverfellslæk. Í heiðinni miðri innan við Lambafjöll er Djúpavatn og í því silungur. Utan til er heiðin votlend á stórum svæðum meðfram Hölkná og Stóralæk, en þar á milli þurrlendara (Sandhæð 148 m). [...] Frá Borgartanga við Hölknárós eru samkvæmt korti 21-22 km inn og suður á hreppamörk á Miðfjarðarheiði.[252]

*Sveitir og jarðir í Múlaþingi* segja jörðina Melavelli nýbýli, stofnað árið 1950 á fjórðungi lands Miðfjarðar, en ábúandi nytji hálfa jörðina.[253]

Miðfjarðar er getið í umfjöllun um stríðshjálparskattinn 1681.[254]

---

[248] Skjal nr. 3 (2).
[249] Skjal nr. 3 (131) a-b.
[250] Skjal nr. 3 (42).
[251] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 27.
[252] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 27–28.
[253] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 28.
[254] Skjal nr. 3 (260) a-b.

Ábúandi Miðfjarðar var einn áreiðarmanna við útmælingu Kverkártungu árið 1850. Nánar er sagt frá þessu máli í kaflanum um Kverkártungu.[255]

Hinn 1. apríl 1884 var landamerkjabréf fyrir jörðina Miðfjörð undirritað. Bréfinu var þinglýst 26. júní 1884:

> Jörðin Miðfjörður í Skeggjastaða kyrkjusókn á Langaness-ströndum á land frá Höltnarós og svo uppeptir henni og í norðasta Hágangshorn, þaðan beint í Þverfellslæk þar sem skemmst er, ræður þá lækurinn landamerkjum í Miðfjarðar á, svo ræður áin merkjum til sjóar.[256]

Matthildur Þorsteinsdóttir skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Árna Þorkelssyni, eiganda Kverkártungu, St. Péturssyni samkvæmt umboði (óvíst fyrir hvern) og Jakobi Jónassyni ábúanda.

Nýtt landamerkjabréf fyrir Miðfjörð var útbúið 20. desember 1921. Það var þinglesið 31. júlí 1922:

> Miðfjarðará að Kistufellslækjarós. Kistufellslækur að vörðu, sem stendur á hól við lækinn og þaðan beina leið að Hölknárupptökum, síðan Hölkná til sjávar.[257]

Jónas Pálsson og Þorbjörg Þorsteinsdóttir, eigendur Miðfjarðar, skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Þórarni Árnasyni, eiganda Miðfjarðarnessels og Eiríki Jakobssyni, eiganda Gunnarsstaða.

Árið 1922 skrifuðu Jónas Pálsson og fleiri í Miðfirði undir landamerkjabréf Leifsstaða í Vopnafirði.

Sjálfseignarjörðin Miðfjörður er metin til fjögurra hundraða samkvæmt jarðamatinu 1804. Á jörðinni er lítils háttar silungsveiði.[258]

Samkvæmt jarðamatinu frá 1849 á jörðin Miðfjörður „afrétt“ fyrir sig og getur tekið af öðrum.[259]

Í fasteignamati N-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin hafi upprekstrarland fyrir fé ábúanda. Einnig kemur fram að útengjar séu á víð og dreif innan um bithaga og sumpart langsóttar. Sumarhagar þykja góðir. Langt er á hluta beitilands. Ágangur er af afréttarfé.[260]

Heimildir benda ekki til annars en samfelld búseta hafi verið í Miðfirði frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins frá árinu 1884 hefur jörðinni verið ráðstafað með hefðbundnum hætti.

---

[255] Skjal nr. 3 (141). Sama og skjal nr. 3 (45).
[256] Skjal nr. 3 (3).
[257] Skjal nr. 3 (4) a-b.
[258] Skjal nr. 3 (217) a-b.
[259] Skjal nr. 3 (131) a-b.
[260] Skjal nr. 3 (42).

### 5.17. Gunnarsstaðir

Gunnarsstöðum er lýst svo í *Sveitum og jörðum í Múlaþingi*:

> G<unnarsstaðir> eru upphaflega hjáleiga frá Djúpalæk og bændaeign. Jörðin er nefnd, en ekki sérmetin í J ´47, en þó getið um fornt mat á henni í F´61. Áður var þar Gerði, afbýli frá Djúpalæk; það fór í eyði 1777.
>
> Landamörk eru að nv. við Hölkná frá sjó og til upptaka í Hölknárdrögum og áfram þaðan suður á Ytri-Hágang. Austurmörk liggja sunnan til að Skeggjastöðum og Þorvaldsstöðum (sjá þær jarðalýs.). Síðan með Sellæk innan frá Sellækjardragi og út á móts við bæ, en eftir það á jörðin 500-700 m ræmu austan við Sellæk og Hölkná til sjávar (Árvík). Landið er breitt innan til, um 5,5 km við Sauðhöfða. Frá Hölknárósi suður á Hágang eru 18 km (kort).
>
> [...] Mýrlendið fylgir Hölkná allt upp í Hölknárdrög skammt nv. af Hágangi. Í Hágangaurð (300-600 m) eru grjóthæðir ríkjandi, en gróðurgeirar þó víða, vaxnir grasvíði, smjörlaufi og öðrum fjallagróðri. Hágangaurð er annars geysistór auðn vestur og norður af Ytri-Hágangi, grýtt, víðast flöt og ísaldarleg. Austurjaðar hennar er Urðarhlíð upp af Staðarheiði, en norðvesturjaðarinn heitir Urðarbrún og veit að dölum Djúpalækjar og G milli Sellækjar og Hölknárdraga. Þar rísa Bláfjöllin tvö.
>
> [...] Fé gengur í heimalandi og auk þess mikið vestur í Miðfjarðarheiði og austur í Staðarheiði, og taka göngur 2 daga utan heimalandsins, en einn heima.[261]

Samkvæmt *Sveitum og jörðum í Múlaþingi* voru stofnuð tvö nýbýli á hálfu landi Gunnarsstaða árið 1950, Veðramót I og II.[262]

Úr landi Gunnarsstaða voru byggð þrjú nýbýli, Hölkná og Veðramót I og II. Fékk hvert þeirra fjórðungshluta landsins.[263] Eiga Gunnarsstaðir því nú aðeins fjórðung hins upphaflega lands. Eigandi Gunnarsstaða afsalaði fjórðungi jarðarinnar til dóttur sinnar 5. ágúst 1955.[264] Nýnefnið Hölkná á þeim hluta var kunngert 5. september 1956.[265]

Árið 1828 skrifaði Gunnar Stefánsson amtmanni í Norður- og Austuramtinu og sagðist hafa byggt bæ á Djúpalækjarseli árið áður með samþykki jarðeiganda og allra sveitarmanna. Sótti hann um sem nýbýlingur að verða eigandi að jörðinni og þurfa engu að svara til sýslumanns, prests eða kirkju í 20 ár.[266] Í bréfi, 19. febrúar 1829, til sýslumanns Norður-Múlasýslu tilkynnti amtmaður að Gunnar og kona hans

---

[261] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 30–31.
[262] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 31.
[263] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 31.
[264] Skjal nr. 11 (8).
[265] Skjal nr. 11 (9).
[266] Skjal nr. 6 (5).

yrðu undanþegin skatti og tíund samkvæmt 10. gr. nýbýlatilskipunarinnar en samkvæmt 3. gr. hennar gæti hann ekki öðlast eignarrétt á býlinu. Og samkvæmt því, sem gefið hefði verið upp, gæfi amtið honum ekki nýbýlingsbréf heldur yrði hann að semja við jarðeigandann um landskuld og gjöld af býlinu.[267]

Landamerki Gunnarsstaða voru þinglesin 9. júlí 1891. Þau eru þannig:

> Að norðan ræður Höltná, frá því er Sellækur rennur í hana, upp eptir þar til Sauðá fellur í hana og upp eptir henni í efstu drög; þaðan í Sellækjardrög og eptir þeim læk aptur í Höltná.[268]

Jón Halldórsson skrifaði undir fyrir hönd mad. Ólafar Stefánsdóttur í Krossavík. Einnig skrifuðu Stefán Pétursson og Matthildur Þorsteinsdóttir undir. (Matthildur var fyrrum húsfreyja í Miðfirði. Stefán gæti hafa verið eigandi Djúpalækjar eða umboðsmaður hans.)

Hinn 12. desember 1921 var landamerkjabréf fyrir jörðina Gunnarsstaði útbúið og var það þinglesið 31. júlí 1922:

> Að austan eru merkin úr vörðu, sem stendur á sjávarbakkanum rétt austan við Árvík, þaðan beina stefnu í svonefnda Valgerðartóft, sem er á Hávaðanum austan við Hölkná, þaðan beina stefnu í Stórusteina á Jarðbakkanum. Úr Stóru steinum norðvestur í Sellæk neðanvert við Litla-kíl. Úr því ræður Sellækur inn á móts við Bláfjall. Þá tekur við Sellækjardrag og hágangsröð eystri, þaðan í eystra hágangshorn.
>
> [...]
>
> Silungsveiði tilheyrir jörðinni að hálfu innan við Sellækjarós. Að vestan skiftir Hölkná frá fjalli til fjöru.[269]

Eiríkur Jakobsson, eigandi Gunnarsstaða, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Einari Eiríkssyni, eiganda Djúpalækjar, Jónasi Pálssyni, eiganda að hálfum Miðfirði, og Þorbjörgu Þorsteinsdóttur sem átti hálfan Miðfjörð.

Í jarðamatinu 1849 eru Gunnarsstaðir sagðir afbýli frá Djúpalæk, taldir þrjú hundrað að dýrleika. Heimajörðin á „afrétt“ fyrir sig.[270]

Í fasteignamati N-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að Gunnarsstaðir hafi nægilegt upprekstrarland fyrir fé ábúanda. Engjar dreifðar um bithaga. Sumarhagar eru góðir fyrir allan búpening. Búfé annarra gengur nokkuð á landið.[271]

## 5.18. Djúpilækur

Sveitir og jarðir í *Múlaþingi segja um Djúpalæk*:

[267] Skjal nr. 6 (6).
[268] Skjal nr. 3 (7).
[269] Skjal nr. 3 (8) a-b.
[270] Skjal nr. 3 (131).
[271] Skjal nr. 3 (42).

> Jörðin er bændaeign frá fornu fari og Gunnarsstaðir hjáleiga þaðan (svo í J ´47 og F ´61). - D er fyrir miðjum Bakkaflóa og nær utan frá sjó og inn í Bláfellsbotn, og eru þangað 7-8 km, en strandlengjan um 2,5 km. Landamörk eru austan við Þorvaldsstaði meðfram Djúpalæknum, sem bærinn dregur nafn af, en að vestan (sjá Gunnarsstaði). Einnig á jörðin hálfa Hölkná (veiði) frá sjó og inn þangað sem Sellækur fellur í hana, og á það rót sína að rekja til þess, að fyrr meir átti D land það austan við Hölkná sem nú fylgir Gunnarsstöðum. - Selrústir eru á Selhól við Sellæk.
>
> [...] Sumarhagar fjár eru einkum í Staðarheiði og Hágangaurð, og göngur taka tvo daga mest.[272]

Djúpilækur er nefndur í rekaskrá Skálholtsstóls árið 1270.[273]

Áreið á landamerki Djúpalækjar og Þorvaldsstaða fór fram árið 1883. Nánar er fjallað um hana í kaflanum um Þorvaldsstaði.[274]

Hinn 9. júlí 1891 voru landamerki Djúpalækjar þinglesin:

> Að norðan ræður frá sjó Höltná upp til jarðbakka enda, og þaðan Sellækur upp fyrir innri Bláfjallsenda og þar í Djúpalæk, er síðan ræður að austan landamerkjum alla leið til sjóar.[275]

Jón Halldórsson skrifaði undir fyrir hönd mad. Ólafar Stefánsdóttur í Krossavík. Einnig skrifuðu Stefán Pétursson (hugsanlega fyrir Gunnarsstaði) og Matthildur Þorsteinsdóttir (væntanlega fyrir Miðfjörð en hún var áður húsfreyja þar) undir auk Guðríðar Árnadóttur á Þorvaldsstöðum.

Landamerkjabréf fyrir Djúpalæk var útbúið 12. desember 1921. Það var þinglesið 31. júlí 1922:

> Að austan ræður Djúpilækur alt neðan frá sjó og inn í Bláfellsdalsbotn. Þaðan er svo bein lína vestur í Sellæk.
>
> Að norðan eru merkin úr vörðu, sem stendur á sjávarbakkanum rétt austan við Árvík og beina stefnu í svonefnda Valgerðartóft, sem er á hávaðanum austan við Hölkná. Þaðan beina stefnu inn í Stóru-steina á jarðbakkanum. Úr Stóru-steinum norðvestur í Sellæk neðanvert við Litla kíl. Ræður Sellækur úr því inn á móts við Bláfellsdalsbotn.[276]

Einar Eiríksson, eigandi Djúpalækjar, skrifaði undir landamerkjalýsinguna. Hún var samþykkt af Þórarni Árnasyni, eiganda Þorvaldsstaða, og Eiríki Jakobssyni, eiganda Gunnarsstaða.

---

[272] Sveitir og jarðir í Múlaþingi I, bls. 33.
[273] Skjal nr. 4 (73).
[274] Skjal nr. 3 (15).
[275] Skjal nr. 3 (13).
[276] Skjal nr. 3 (14).

Sjálfseignarjörðin Djúpilækur er metin til átta hundraða samkvæmt jarðamatinu 1804. Hún gefur eina tunnu af íslenskum mosa (fjallagrösum).[277]

Samkvæmt jarðamatinu frá 1849 tilheyrir afbýlið Gunnarsstaðir jörðinni Djúpalæk. Í jarðamatinu kemur einnig fram að jörðin á „afrétt“ fyrir sig.[278]

Fasteignamatið 1916–1918 nefnir ekki upprekstrarland en kvartar yfir ágangi af búfé nágranna. Útengjar eru sagðar dreifðar um bithaga og sumar langsóttar. Sumarhagar eru góðir.[279]

Djúpilækur fór í eyði árið 1966. Árið 1937 var býlinu Bjarmaland skipt úr landi Djúpalækjar. Þar er ennþá búið.[280] Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðinni verið ráðstafað með hefðbundnum hætti.

### 5.19. Þorvaldsstaðir

Eftirfarandi er lýsing jarðarinnar í bókinni *Sveitir og jarðir í Múlaþingi*:

> Þ eru sem næst miðri sveit, og landareignin nær norðan frá Bakkaflóa og suður í Hágangaurð norður af Ytri-Hágangi. Austurlandamörk við Skeggjastaði eru við Merkilæk vestan Skeggjastaðahálsa og fylgja innar áfram til suðurs Staðará inn á Urðarhlíð. Að vestan eru mörk við Djúpalæk með Djúpalæknum frá sjó og inn í Bláfellsdalsbotn. Þangað eru um 11 km utan frá túntanganum við sjó (kort).
>
> [...] Innarlega um þessar mýrar liggur lág melalda (Jarðbakki). Innan við hana eru seltættur og síðan Selflói. Austan bæjarlækjar er nokkurt láglendi með mýrum, móum og melum inn undir Þorvaldsstaðahálsa, sem taka yfir meirihluta landsins, lágir, ávalir og fara hækkandi til suðurs. Hæstu og gleggstu kennileiti eru Geitfell, Hádegishæð og Miðdegisfjall. Sunnan til í landinu er Bláfjall (366 m) og inn af því Urðartjörn (403 m) yst á Hágangaurð og suðurlandamörk 1,5-2 km innan við tjörnina. [...] Göngur taka tvo daga utan heimalands í Miðfjarðarheiði, en heimalandið smalast á 6-8 stundum. Fé gengur mikið í Staðarheiði.[281]

Þorvaldsstaða er getið í rekaskrá Skálholtsstóls frá um 1270.[282]

Hinn 22. ágúst 1669 selur Brynjólfur biskup Sveinsson Sölva Gunnlaugssyni Hjarðarhaga og fimm hundruð úr Skjöldólfsstöðum, samtals fimmtán hundruð, en fær í staðinn Þorvaldsstaði á Ströndum með eftirfarandi takmörkum:

> I midlum Merkelækiar og diupalækiar (sic) uppe I háfiöll sem Wötn meiga deila, og ofann I Siö atta hundrud ad dyrleika med ollum fylgjande gögnum og giædum, ad fornu og niju.[283]

---

[277] Skjal nr. 3 (217) a-b.
[278] Skjal nr. 3 (131) a-b.
[279] Skjal nr. 3 (42).
[280] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* V, bls. 14 og 20.
[281] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 35.
[282] Skjal nr. 4 (73).

Landamerkjalýsingu Þorvaldsstaða frá 14. júlí 1890 og áreið á landamerki milli Þorvaldsstaða og Djúpalækjar frá 22. júní 1883 var þinglýst 16. júlí 1892. Textinn er svohljóðandi:

> Úr Merkilæk þar er hann fellur til sjávar, og upp eptir honum, þar til er hann myndast úr tveimur drögum; þaðan í vörðu, er stendur á melhól í svokölluðum „Merkiflóa"; þaðan rjett sýnis í aðra vörðu á svonefndum „Fossahnúk", og sömu stefnu austan við Þorvaldsstaðavatn í Staðará, og upp með henni að vestan allt að upptökum hennar; þaðan beint norður í Djúpalækjardrög, og ræður sá lækur eptir það merkjum til sjóar.

Þorvaldsstaðir eiga allan viðreka milli Merkilækjar og Djúpalækjar og þrjá fjórðunga hvalreka en einn fjórðung á Skálholtskirkja.

Eigandinn, Guðríður Árnadóttir, og Jón Halldórsson á Skeggjastöðum, umráðamaður Skeggjastaðakirkju, skrifuðu undir lýsinguna. Síðan segir:

> Ár 1883, föstudaginn þann 22. júnímánaðar gjörðum vjer undirskrifaðir áreið á landamerki milli Þorvaldsstaða og Djúpalækjar í Skeggjastaðahreppi, eptir beiðni eiganda og ábúanda Þorvaldsstaða Árna bónda Þorkelssonar og að viðstöddum Gunnlögi presti Halldórssyni sem umboðsmanni eiganda Djúpalækjar, Ólafar Stefánsdóttur í Krossavík; eptir að vjer höfðum skoðað landið í kring og landamerkjalínu þá, er hingað til hefur verið viðtekin, en sem vafi hefur leikið á hvort mundi rjett vera, var það eindregið álit vort að eðilegast væri að Djúpilækur, eins og hann nú fellur ráði landamerkjum milli áminnstra jarða alveg í sjó niður.
>
> Þetta álit vort um landamerki milli jarðanna Þorvaldsstaða og Djúpalækjar gefum vjer eptir beztu sannfæringu.[284]

Þ. Hálfdánarson skrifaði undir lýsinguna. Hún var handsöluð af St. Péturssyni, Jakobi Jónassyni og Þorst. Þorsteinssyni. Álitið var samþykkt af Árna Þorkelssyni og Ólöfu Á. Stefánsdóttur.

Landamerkjabréf fyrir Þorvaldsstaði var útbúið 12. desember 1921. Það var þinglesið 31. júlí 1922:

> Að austan ræður Merkjalækur alt neðan frá sjó og þar til hann kemur í tveim kvíslum inni í svonefndum Merkjaflóa. Þaðan úr torfvörðu, er stendur neðst í tungu þeirri, er kvíslarnar mynda, beina línu í grjótvörðu, sem stendur á melhól nokkru innar í Merkjaflóanum. Úr vörðu þeirri sjónhending í grjótvörðu, er stendur á svonefndum Fossahnjúk. Þaðan sjónhending í Háuhæð austanvert við Þorvaldsstaðavatn. Ræður sú hæðarbrún unz hæðin

---

[283] Skjal nr. 3 (172). Auk Brynjólfs biskups og Sölva skrifa Þorsteinn Gunnarsson, Jón Ólafsson, Pétur Jónsson og Gísli Eiríksson undir bréfið.
[284] Skjal nr. 3 (15).

> endar inn við Staðará. Úr því ræður Staðará merkjum, þar til hún fellur austur af Urðarhlíð, innanvert við Urðartjörn.
>
> Að norðan ræður Djúpilækur, neðan frá sjó og inn í Bláfellsdalsbotn. Þaðan bein stefna í Staðará, þar sem hún fellur austur af Urðarhlíð innanvert við Urðartjörn.[285]

Þórarinn Árnason, eigandi Þorvaldsstaða, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Einari Eiríkssyni, eiganda Djúpalækjar, og Ingvari Nikulássyni, presti á Skeggjastöðum.

Í jarðamatinu 1804 kemur fram að sjálfseignarjörðin Þorvaldsstaðir er metin til átta hundraða.[286]

Samkvæmt jarðamatinu frá 1849 eiga Þorvaldsstaðir „afrétt“ fyrir sig.[287]

Í fasteignamati N-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin hafi nægilegt upprekstrarland fyrir fé ábúanda. Engjar eru á víð og dreif um landið, sumpart langsóttar. Sumarhagar þykja ágætir.[288]

Heimildir benda ekki til annars en samfelld búseta hafi verið að Þorvaldsstöðum frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðinni verið ráðstafað með hefðbundnum hætti.

## 5.20. Skeggjastaðir (Dalhús og Gæsagil)

Um Skeggjastaði segir í *Sveitum og jörðum í Múlaþingi*.

> Staðnum fylgdu tvær hjáleigur, Dalhús við samnefnda á og Gæsagil innar og sunnar í landi. Þar var fyrr sel. Afbýli, Barð, stóð við Barðslæk skammt sa. af bæ, byggt 1834-48. Auk Gæsagilssels er vitneskja um Miðmundasel undir Miðmundafelli (eyktamerk) um 3 km ssv. af bæ.
>
> Bærinn er vestanvert við botn Bakkafjarðar austan undir Skeggjastaðahálsum. Jörðin liggur norðan frá sjó vestan Skarfatanga við fjarðarmynni og ssv. á hreppamörk við Hámundarstaði í Vopnafirði innst í Gæsagilsárdrögum. Vesturlandamörk eru við Merkilæk og Staðará innar (sjá Þorvaldsst.), en á austurmörkum má nefna Gæsagilsárdrög (syðst), Staðarvatn, Miðmundalæk, Miðmundafell (161) og Bakkaá um 1 km utan við Dalhús langleið til sjávar.
>
> [...] Staðarheiði er víðáttumikil. Þar eru nokkrir lágir fjallakollar, Þríhöfðahæð og Rauðinúpur (368 m), Tafla inni undir Urðarhlíð og Staðarnúpur sv. af Staðarvatni. Bungur Urðarhlíðar eru 420-430 m.[289]

---

[285] Skjal nr. 3 (16).
[286] Skjal nr. 3 (217) a-b.
[287] Skjal nr. 3 (131) a-b.
[288] Skjal nr. 3 (42).
[289] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 37–38.

Svo segir í bókinni *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* um Dalhús:

D eru gömul hjáleiga frá Skeggjastöðum og kölluð Dalshús stundum í seinni tíð og raunar fyrr, t.d. í F ´61. Jörðin var í eyði 1776-1822. Hún er talin hjáleiga í jarðamatsbókum (J ´47 og F ´61), Skeggjastaðakirkjueign 1918 (F ´18), en var um það leyti sameinuð eyðihjáleigunni Gæsagili og seld undan staðnum og bændaeign síðan. [...]

Dalhúsabærinn stendur í daldragi eða hvammi skammt ofan við ármót Dalhúsa- og Gæsagilsár, um 3,5 km suðaustur frá Skeggjastöðum og stutt vestan vegar af Sandvíkurheiði. Að vestan liggur landið að mörkum Skeggjastaða (sjá þar), en að austan deila Gæsagilsá og Bakkaá mörkum við Nýjabæ og Bakka um 1 km út fyrir bæ. Landið nær rétt suður fyrir Staðarvatn og gengur þar í odd við Gæsagilsá. Hér er meðtalið land Gæsagils.'

Gæsagil var fyrrum sel frá Skeggjastöðum, en mannbyggðist vorið 1830, er Guðmundur Jakobsson settist þar að [...] Býlið hélst í ábúð til 1903, en ekki samfellt, var t.d. í eyði 1881-1901 [...] Gæsagilsbærinn var færður um set í landinu 1857 og þá nefndur Melar, en fluttur aftur á fyrri stað 7 árum síðar og upp tekið fyrra nafn. Bærinn var rétt vestan við Gæsagilsá um 4 km inn til heiðar suður af D, stóð niðri í gili á litlum valllendishól.

Dalhúsaland er að mestum hluta til heiðar. Mýrlendar, breiðar og grunnar lægðir liggja suður með ánum, sem þræða undan ljúfum halla krókóttar leiðir milli jarðdjúpra grasbakka. Hæðarbungurnar eru snögglendari, en þó sauðland gott. Tungan milli Gæsagils- og Dalhúsaár heitir Gæsagilstunga, en Staðarheiði er vestan Dalhúsaár. Mestur hluti lands er undir 200 m hæð og bærinn í 20-30 m hæð.[290]

Skeggjastaðir eru landnámsjörð Hróðgeirs hvíta Hrappssonar.[291] Þeir eru taldir meðal kirkjustaða í kirknatali Páls Jónssonar biskups um 1200.[292] Þá eru þeir nefndir í rekaskrá Skálholtsstóls frá um 1270.[293] Skeggjastaðir voru dæmdir í vernd og eign Stefáns Jónssonar Skálholtsbiskups árið 1504.[294] Upp úr því verða Skeggjastaðir staður (beneficium).

Kirkjan á Skeggjastöðum átti áttung í heimalandi samkvæmt máldaga sem Oddeir biskup Þorsteinsson setti og er rakinn til ársins 1367.[295]

Til eru tveir óársettir máldagar Skeggjastaðakirkju sem taldir eru frá árunum 1491–1518. Í hinum fyrri kemur fram að kirkjan eigi heimalandið.[296] Í þeim seinni er getið svohljóðandi landamerkja:

---

[290] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 41.
[291] Skjal nr. 4 (103), bls. 289.
[292] Skjal nr. 4 (97).
[293] Skjal nr. 4 (73).
[294] Skjal nr. 4 (92).
[295] Skjal nr. 4 (78).
[296] Skjal nr. 4 (87).

> Enn lanndareignn a stadurinn vr merkesteine oc j ranngarlæk. jtölulauzann reka vrránngarlæk oc rettsyne framm j griothlijdir oc suo lanngt framm sem sambydur korckudalzvatnne hálfu og halft diupavatnn oc þadann riettsyne austur vmm þverr skarafioll j hunndzvatz hrygg framarliga oc hálft hunndzvatnn. allar tungur yfir j holknná.[297]

Í máldagasafni Gísla Jónssonar biskups frá um 1570 (1570–1576) kemur fram að kirkjan á Skeggjastöðum eigi áttung í heimalandi.[298]

Árið 1641, í tíð Brynjólfs Sveinssonar biskups í Skálholti, voru Skeggjastaðir vísiteraðir:

> Þorláks Kyrkia ad Skeggiastödum á Ströndum a efter maldögum áttung j heimalandi, Enn hina Siö hallda menn eiga Skálhollz Kyrkiu, og finst Bref j Skalholti uppa Skeggiastadi Sem er lögd oll Jördinn til prests upphelldis, þó Skalhollz Kyrkiu Bere Jus Patronatus efter Ordinantiunni Helldur nu Skalholt til brúkunar j Hualreka fyrer Skeggiastödum þridiung.
>
> Enn þessi eru halldinn Og höfd Landamerki, Frá merkilæk ad Nordann Skamt Frá EinarsHöfn, og so allann Reka fyrer Skeggiastödum allt austur ad ysta árbug, So sem greind Skeggia stada Kyrkia a land efter lögfestu fyrer ofan. Og so framm epter þar til Votnum Hallar, Enn ad Nordann framm efter j Sudurst. þar til og eirninn Votnum hallar.

Lögfesta sú, sem nefnd er, fylgir ekki. Út á blaðjaðar, sem er töluvert skertur, hefur eitthvað verið skrifað. Nú verður aðeins lesið með vissu: „ad til [...] mar [...] son [...][299]

Í vísitasíu Skeggjastaða árið 1660 stendur eftirfarandi:

> Anno domini 1660 Visitasio Schalholtinæ [...]
>
> af Biskupenum j Skalholti edur hans umbodsmanne, Pro Jure Patronatus Sem Skalholtz Kyrkia hefur yfer þessum Stad, þui þad sem Maldagar eigna [hér er stafur, sem ekki verður ráðið í með vissu og virðist merkingarlaus] Skegiastada Kyrkiu j heimalandi a Skalho<l>tz Kyrkia epter Kaupi biskupz Stephans, allt annad Stendur sem skrifad hefur verid, utann biskupenn motmæler Landamerkia tilsogn S Marteins Jonssonar, sem j fyrstu Visitatiu var jnnskrifud einkum j Milli Skeggiastada og Backa, Lysandi sier Jördina Backa sellda og tilsagda Vera j Marksteina og þadann j Backa á og uppepter henni j Giæsagils á So Þrætutungur fylgi Backa, rædur hun So Nordur epter,

[297] Skjal nr. 4 (87).
[298] *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 675. Gíslamáldagar voru að konungsboði 5. apríl 1749 löggiltir að sönnunargagni í málaferlum sem varða kynnu kirkjueignir, sbr. *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 545.
[299] Skjal nr. 3 (79) a-b.

So ad Skala fiöll fylgia eirnenn Backa. Thetta allt saman er Nu Motmælislaust nema fiörumorken, Nedra sem fyrrskrifad er.[300]

Eftirfarandi kemur fram í vísitasíu árið 1706:

Anno 1706, d. 19 Augusti visiterud Kirkian a Skeggiastödum, Hun á epter visitatiubok Hr. Gisla Jónssonar attung i Heimalandi, enn hina Siö partana seiger visitatio Magst. Brinjolfs Anni 1641 menn Hallde ad tilheyre Skalholltskirkiu, þo sie öll iörden lögd til Prests upphelldis.[301]

Ekki er ástæða til að vitna í vísitasíur Skeggjastaða frá árunum 1727, 1748, 1763 og 1779.[302]

Stefán Árnason prófastur vísiteraði Skeggjastaði 26. júlí 1849 en fram kemur m.a. í vísitasíunni að úr heimalandi staðarins séu nú byggð tvö býli, þ.e. Dalhús og Gæsagil.[303]

Hinn 28. júní 1504 var útnefndur dómur til að skoða afl tilkalls og ákæru Stefáns biskups til Skeggjastaða á Ströndum. Fyrst kom fyrir dómsmenn vitnisburður tveggja presta um að þeir hefðu verið viðstaddir fund Jóns djákna Jónssonar príorsbróður og Stefáns biskups. Þar tilkynnti Jón biskupi að hann hafði heitið og lofað guði að Skeggjastaðir skyldu vera ævinlegt beneficium og undirgefið Skálholtskirkju og heilögum Þorláki nú og að aldaöðli en hann mætti sitja staðinn og þjóna kirkjunni til dauðadags. Þetta var samþykkt af Stefáni biskupi. Næst kom fyrir dómsmenn vitnisburður skjallegra dándismanna um að Runólfur Jónsson hafi gefið Stefáni biskupi Skeggjastaði til ævinlegrar eignar og frjáls forræðis með samþykki konu sinnar, Kristínar Jörundsdóttur, sem hafði erft jörðina eftir skilgetinn bróður sinn. Að lokum var lagður fyrir dóminn vitnisburður skilvísra dándismanna um að Skeggjastaðir væru í eyði og að þar væri enginn ábúnaður á. Að þessu yfirveguðu voru Skeggjastaðir dæmdir í í vernd og forsjá Stefáns biskups.[304]

Hinn 5. ágúst 1657 fór fram skoðun jarðarinnar Bakka á Ströndum. Minnst er á Skeggjastaði.[305] Nánar er fjallað um þetta mál í kaflanum um Bakka.

Skeggjastöðum var lýst árið 1752. Í lýsingunni stendur eftirfarandi:

temmelig Græsgang, Skov til Kul og Jldebrand.[306]

Árni Þorsteinsson prófastur kom til Skeggjastaða 26. maí 1806 til þess að uppskrifa og úttaka kirkjuna og staðarhúsin en þá skilaði ekkja séra Skafta Skaftasonar, sem lést 26. nóvember 1804, af sér staðnum. Í úttekt prófastsins segir m.a. eftirfarandi:

---

[300] Skjal nr. 3 (80) a-b.
[301] Skjal nr. 3 (81) a-b.
[302] Skjöl nr. 3 (82)–(85).
[303] Skjal nr. 3 (240).
[304] Skjal nr. 4 (92).
[305] Skjal nr. 3 (261).
[306] Skjal nr. 3 (252).

> Kyrkiu Jörd er einginn edur hefur Verid utann Eyde Kotid Dalhus sem er i Stadarens heima Lande, og þess vegna ad alita sem afbÿle.[307]

Í skýrslu um Skeggjastaðaprestakall frá 14. júní 1839 stendur eftirfarandi:

> 1.) Jördin Skeggjastadur [...] Líka má telja, ef vill henni til gjæda nokkra grasatekju [...] og veidivatn framm í Heidi sem þó lítid og sjaldan verdur notad. [...]
>
> 2.) Úr Beneficii Heimalandi eru nú byggd 3 Kot, af hvörjum: a.) Hjáleygan Dalhús hefir verid byggd ad fornu. Þángad er nú sett 1tt af þeim 4. Kúgylldum sem þessum Stad eiga ad fylgja og þadan goldin 40 ál. Landskulld. b.) Gjæsagil, er byggt fyrir 9 til 10 Árum framm í Heidi. Þángad er látid í brád ½ Kúgylldi og þadan gjalldast í Landskulldar skyni 25 fiskar. Þetta Kot liggur vid ad fari aptur í eydi, en þó en heldur: c.) Bard, fast vid Heimagardinn.[308]

Skeggjastaðaprestur samdi skýrslu um eignir kirkjunnar sem er dagsett 11. janúar 1844. Þar kemur fram að þrjú kot séu byggð úr heimalandi Skeggjastaða. Í fyrsta lagi Barð sem sé fast við heimagarðinn og að það skilgreinist fremur sem húsmennska en afbýli. Í öðru lagi eru Dalhús sem sé sögð gömul hjáleiga en finnist hvergi metin því að land hennar sé óákveðið og óúrskipt. Loks er Gæsagil sem byggt hafi verið fyrir 14-15 árum en hvorki metið til hundraðatals né landi þess úrskipt.[309]

Lögfesta fyrir jörðinni Skeggjastöðum var útbúin og þinglýst þann 20. maí 1844:

> Eg undirskrifadr lögfesti hér i Dag Mensaljördina Skeggiastadi á Lánganessströndum innan Nordrmúla Syslu Prófastsdæmis, med Tödum og Eingium, Holtum og Högum, Vötnum og Veidistödum, Grasatekiu og öllum ödrum Landsnytium, þeim er þvi landi fylgt hafa og fylgia éga, samt Hval og Vidreka til eptirskrifadra óum þrættra Landamerkia: Ur Merkilæk og réttsýni fram i Grióthlídir og svo lángt fram sem sam býdr Diúpadalsvatni hálfu, hálft Qverkárdals vatn ogsvo nordr aptr í Læk þann, sem rennr i Giæsagilsá á milli Mid og Vestasta Skálafialls, rædr svo nefnd á þadan Landi til Siáfar. Itölulaus Reki úr Merkisteini og í Merkilæk.[310]

Undir lögfestuna skrifaði H. Árnason.

Samkvæmt skýrslu sem útbúin var um tekjur og gjöld Skeggjastaðaprestakalls 6. júní 1867 tilheyra hjáleigurnar Dalhús og Gæsagil Skeggjastöðum.[311]

Landamerkjamál á milli jarðanna Skeggjastaða og Bakka var tekið til umfjöllunar í aukarétti að Skeggjastöðum 16. júní 1886. Fyrir réttinn mættu Þórarinn

---

[307] Skjal nr. 3 (241) a-b. Um dánarár og föðurnafn séra Skafta, sjá Páll Eggert Ólason: *Íslenzkar æviskrár* IV, bls. 286.
[308] Skjal nr. 3 (272) a-b.
[309] Skjal nr. 3 (242).
[310] Skjal nr. 3 (173) og 3 (140).
[311] Skjal nr. 3 (245).

Halldórsson, fyrir eigin hönd og meðeiganda síns að Bakka, Nikulásar Höjgaard, og séra Jón Halldórsson á Skeggjastöðum. Að lokinni áreið skýrðu málsaðilar dómsmönnum frá hugmyndum sínum um landamerkin eftir máldaga Vilchins biskups og sjálfu landslaginu. Að því yfirveguðu var komist að eftirfarandi niðurstöðu um landamerki milli Skeggjastaða og Bakka:

> Frá [strikað yfir „Úr“] sjó, beint í stærsta markstein í Brekku og beint í merkistein á merkitanga, svo í Bakka á, í hornið fyrir utan Háabakkavaðið, síðan niður Bakka á uppí Gæsagilsá, þó þannig að hólmar þeir allir er áin myndar fylgja löndum jarðanna eptir því sem megin árinnar deilir löndum á hverjum tíma sem er.[312]

Undir þetta setja málsaðilar, Einar Thorlacius sýslumaður, Jóhann Þorsteinsson, Þorsteinn Þorsteinsson, Sigurður Magnússon og Jakob Jónasson meðdómsmenn nöfn sín.

Landamerkjabréf fyrir Skeggjastaði með hjáleigunum Dalhúsum og Gæsagili var útbúið og þinglesið 14. júlí 1890:

> Úr Merkilæk, þar er hann fellur til sjáfar, og upp eptir honum, þartil er hann myndast úr tveimur drögum, þaðan í vörðu, er stendur á Melhól í svokölluðum Merkiflóa, þaðan rjettsýnis í aðra vörðu á svonefndum Fossahnúk og sömu stefnu austan við Þorvaldsstaðavatn í Staðará og upp með henni, svo langt fram sem sambýður hálfu Kverkárdalsvatni, þaðan í læk þann, er rennur í Gæsagilsá norðan við vestasta Skálafjall og eptir þeim læk í Gæsagilsá; ræður svo nefnd á og síðan Bakkaá landamerkjum allt út að horninu utan við Háabakkavaðið, þó svo, að Hólmar þeir allir, er áin (Bakkaá) myndar, fylgja löndum jarðanna eptir því, sem megin árinnar deilir löndum á hverjum tíma, sem er, úr nefndu horni beint í Merkistein á Merkitanga, þaðan í stærsta markstein í Bakkaá og beint til sjóar.
>
> Milli heimajarðarinnar og hjáleigunnar Dalhúsa er merkilínan: úr horninu utan við Dalhúsaeyrar og í Hyrnu, þaðan bein lína yfir Miðmundarfell og í Miðmundalækjamót, upp með vestari læknum og í Dalhúsaá ofan við Efri-Eyrar. Milli heimajarðarinnar og hjáleigunnar Gæsagils eru merkin: úr Dalhúsaá milli Efri- og Neðrieyra yfir Sauðhöfða um Staðarvatn og í Gæsagilsá; og á milli hjáleiganna er merkilínan: úr Dalhúsaá rjett ofan við Miðmundarlækjarós í stóran stein í norðasta ás, þaðan í vörðu á Miðás og beina línu áfram í Gæsagilsá.[313]

Undir bréfið skrifuðu Jón Halldórsson, Guðríður Árnadóttir, eigandi Þorvaldsstaða, og eigendur Bakka, þeir N. Höjgaard og Þ. Hálfdánarson.

---

[312] Skjal nr. 3 (220) a-b, sjá einnig skjal nr. 3 (219) a-b.
[313] Skjal nr. 3 (9).

Hinn 29. desember 1921 var útbúið landamerkjabréf fyrir jörðina Dalhús og eyðijörðina Gæsagil en þessar tvær jarðir voru hjáleigur Skeggjastaða. Landamerkjabréfinu var þinglýst 31. júlí 1922:

> Að utan og norðan er [„er" tvítekið] merkjalínan milli Dalshúsa og Skeggjastaða frá svokölluðu Melshorni utan við Dalshúsaeyrar og í Hyrnu, þaðan beina línu yfir Miðmundarfell og í Miðmundalækjamót, upp með vestari læknum og í Dalshúsaá ofan við Efri Eyrar. Ræður svo Gæsagilsá eftir það alla leið út að áðurnefndu Melshorni og heitir hún Bakkaá yzt.
>
> Landamerki Gæsagils eru þannig:
>
> Úr Dalshúsaá á milli Efri- og Neðri-eyra yfir Sandhöfða um Staðarvatn og í Gæsagilsá. Þessi merki eru að sunnan og vestanverðu, að utanverðu (Dalshúsamegin) eru þau úr Dalshúsaá rétt ofan við Miðmundarlækjarós í stóran stein í Norðasta ás, þaðan í vörðu á Miðás og beina línu áfram í Gæsagilsá.[314]

Gunnlaugur A. Jónsson, ábúandi Dalhúsa, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Ingvari Nikulássyni, presti á Skeggjastöðum.

Landamerki Skeggjastaða með hjáleigunum Dalhúsum og Gæsagili, sem var eyðihjáleiga, voru skráð 28. desember 1921. Landamerkjabréfinu var þinglýst 31. júlí 1922:

> Úr Merkilæk, þar sem hann fellur til sjávar og upp eftir honum, þar til hann myndast úr tveimur drögum, þaðan í vörðu er stendur á Melhól í svonefndum Merkiflóa, þaðan réttsýnis í aðra vörðu á svonefndum Fossahnúk og í sömu stefnu austan við Þorvaldsstaðarvatn í Staðará og upp með henni, svo langt fram, sem sambýður hálfu Kverkárdalsvatni, þaðan í læk þann, er rennur í Gæsagilsá norðan við vestasta Skálafjall, og eftir þeim læk í Gæsagilsá, ræður sú á og síðan Bakkaá landamerkjum alt út að horninu utan við Háabakkavaðið, þó svo, að hólmar þeir allir, er áin (Bakkaá) myndar, fylgja löndum jarðanna eftir því, sem megin árinnar deilir löndum á hverjum tíma sem er, úr nefndu horni beint í Merkistein á Merkitanga. Þaðan í stærsta markstein í Bakkaá beint til sjávar.
>
> Milli heimajarðarinnar og hjáleigunnar Dalhúsa er merkilínan: Úr horninu utan við Dalhúsaeyrar og í Hyrnu, þaðan beina línu í Miðmundafell og í Miðmundalækjamót upp með vestari læknum og í Dalhúsaá ofan við Efrieyrar.
>
> Milli heimajarðarinnar og hjáleigunnar Gæsagils eru merkin: Úr Dalhúsaá milli Efri- og Neðri eyra yfir Sauðhöfða um Staðarvatn og í Gæsagilsá og á milli hjáleiganna er merkilínan úr Dalhúsá rétt ofan við Miðmundalækjarós í

[314] Skjal nr. 3 (11).

> stóran stein í norðasta ás, þaðan í vörðu á Miðás og beina línu áfram í Gæsagilsá.[315]

Ingvar Nikulásson, prestur á Skeggjastöðum, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Þórarni Árnasyni, eiganda Þorvaldsstaða, og eigendum Bakka, þeim Þorbjörgu Þorsteinsdóttur og Jóni Höjgaard.

Greinargerð fyrir hjáleigurnar Dalhús og Gæsagil var útbúin 28. júní 1915 vegna fyrirhugaðrar sölu. Þar kemur fram að Gæsagil liggi samkvæmt landamerkjabréfi til heiða.[316]

Hinn 20. september 1915 sendi umsjónarmaður hjáleiganna Dalhúsa og Gæsagils, Ingvar Nikulásson Skeggjastaðaprestur, yfirvöldum beiðni Gunnlaugs Jónssonar, bónda í Höfn, um að fá að kaupa hjáleigurnar. Ingvar setti sig ekki upp á móti þessari sölu en í bréfinu sem hann sendi yfirvöldum minnist hann á nokkur atriði henni viðvíkjandi. Hann minnist t.d. á að byggð í Dalhúsum hafi verið stopul undanfarin ár og að Gæsagil hafi alls ekki verið byggt í mannsaldur.[317]

Ábúandi Dalhúsa og Gæsagils, Gunnlaugur A. Jónsson, keypti jarðirnar af ríkinu 13. október 1922.[318] Í kaupsamningnum kemur fram að undanskilin sölunni séu námar sem hafi fundist eða kunna að finnast á jörðinni, fossar og nýtingarstaða þeirra auk reka.[319]

Kirkjujörðin Skeggjastaðir er metin til tólf hundruða samkvæmt jarðamatinu 1804. Þar er smávægileg silungsveiði og jörðin gefur átta tunnur af fjallagrösum.[320]

Í jarðamatinu frá 1849 kemur fram að Skeggjastaðir hafi afbýlin Dalhús og Gæsagil auk eyðibýlisins Barðs og að jörðin hafi „afrétt“ fyrir sig. Grasatekja er allgóð.[321]

Í fasteignamati N-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að Skeggjastöðum fylgi nægilegt upprekstrarland og sumarhagar séu góðir fyrir sauðfé. Jörðin verður fyrir miklum ágangi af gripum nágranna. Í kaflanum um Dalhús í matinu stendur að landamerki Dalhúsa séu ekki skráð í landamerkjabók sýslunnar. Upprekstrarland er ekki nefnt við Dalhús. Engjar eru þar dreifðar um bithaga og beitiland gott. Bent er á landamerki Skeggjastaða.[322]

Heimildir benda ekki til annars en samfelld búseta hafi verið að Skeggjastöðum frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðinni verið ráðstafað með hefðbundnum hætti.

---

[315] Skjal nr. 3 (12) a-b.
[316] Skjal nr. 3 (222).
[317] Skjal nr. 3 (222).
[318] Ekki hefur verið skrifað undir kaupbréfið.
[319] Skjal nr. 3 (222).
[320] Skjal nr. 3 (217) a-b.
[321] Skjal nr. 3 (131) a-b.
[322] Skjal nr. 3 (42).

## 5.21. Bakki (Nýibær)

*Sveitir og jarðir í Múlaþingi* segja um Nýjabæ:

> Býlið byggðist fyrst 1840 sem hjáleiga frá Bakka. Í sóknarlýsingu séra Hóseasar 1841 er farið um það svofelldum orðum: „Nýibær stendur í svonefndum Þrætutungum [...]“ Svo virðist sem landið gangi til Bakka vegna hefðar.
>
> [...] Býlið var kallað Jónsstaðir öðru hvoru eftir 1875. Um eða eftir 1920 var bærinn fluttur nokkru neðar, á bakka Gæsagilsár, og nefndur Nýibær síðan, en gamla bæjarstæðið Jónsstaðir.
>
> Að vestan takmarkast landið við Gæsagilsá, en að austan (Bakkamörk) liggur markalínan frá hreppamörkum norður með Bakkanúp að vestan, með læk úr Bakkavatni í Hölkná og fylgir síðan Hölkná út á móts við Miðmundafell í Skeggjastaðalandi.
>
> [...] Landið er að mestum hluta heiðarland allvel gróið og engjar taldar þar sæmilegar forðum. [...]
>
> N var í byggð til vors 1945.[323]

Bakki á Langanessströnd er nefndur í rekaskrá Skálholtsstóls árið 1270.[324]

Með bréfi frá 18. september 1652 byggir Hjalti Jónsson, í umboði Brynjólfs biskups Sveinssonar, Guðmundi Magnússyni jörðina Bakka á Ströndum með eftirfarandi landamerkjum:

> [...] i Marksteina Vid Sióen, wt efter i Hafnar á, Suo i BackaNúp, enn Nordur effter i Backa á, og suo framm i Giæsagils á, og suo riettsynis, efter þuj sem Jördenn á i greint rekamark.[325]

Hinn 5. ágúst 1657 fór fram skoðun jarðarinnar Bakka á Ströndum. Þar koma m.a. fram eftirfarandi upplýsingar um takmörk:

> Landamerke Jardarennar halldast nu ad utan, rædur Hafnará millum fiallz og fiöru ad framan á ad ráda Backá og framm effter I Giæsagilsá so ad þrætu tungur fylge þessare Jördu, rædur hun nordur effter, so ad Skálafiöll fylgia eirnen þessare Jördu. Wmm fiörumörk er tvidrægne nockur millum Skeggiastada og Backa, þar sem Backá fellur fram til Siáfar, enn Biskupenn lyser Sier Sellda Wera Jördena til Marksteina, og þad hyggur hann

---

[323] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 42–43.
[324] Skjal nr. 4 (73).
[325] Skjal nr. 3 (168). Auk Hjalta og Guðmundar skrifa Þórður Snjólfsson og Þórarinn Sighvatsson undir bréfið. Fimm menn votta svo á Bakka á Ströndum að það sé rétt skrifað eftir frumritinu 12. ágúst 1654.

> Landamerke wera eiga þángad til annad Skiallegra kemur framm af Skeggiastada Álfu.[326]

Lögfesta fyrir hálfum Bakka var lesin upp á manntalsþingi að Skeggjastöðum 9. ágúst 1766 að beiðni séra Sigurðar Eiríkssonar. Inntaks lögfestunnar er ekki getið. Skeggjastaðaprestur bauð einnig Ólafi syni sínum jarðarhelminginn til lausnar en hann hafnaði því sökum peningaleysis.[327]

Hóseas Árnason segir í lýsingu Skeggjastaðasóknar árið 1841:

> Fyrir austan sömu á [Gæsagilsá], en dálítið utar, stendur 16) Nýibær í sonefndum Þrætutungum, hvört land áður skyldi hafa heyrt til Skeggjastöðum en er nú gengið undan til Bakka, hvaðan kot þetta telst hjáleiga.[328]

Landamerkjamál á milli jarðanna Skeggjastaða og Bakka var tekið til umfjöllunar í aukarétti að Skeggjastöðum 16. júní 1886. Nánar er fjallað um þetta mál í kaflanum um Skeggjastaði.[329]

Í skýrslu hreppstjóra Skeggjastaðahrepps fyrir árið 1894 segir að jarðirnar Nýibær, tíu hundruð að nýju mati, hálf Kverkártunga, 4,1 hundruð að dýrleika, og Sóleyjarvellir, 3,3 hundruð að dýrleika, séu í eyði. Þetta fékk sýslumann til að grennslast fyrir um það á manntalsþingi að Skeggjastöðum 4. júní 1895 hvort ofangreindar jarðir hafi verið notaðar til upprekstrar eða á einhvern annan hátt og svaraði hreppstjóri því neitandi.[330]

Skrifað var undir landamerkjabréf fyrir jörðina Bakka 14. júlí 1890. Skjalinu var þinglýst samdægurs:

> Landamerki á milli Hafnar, Bakka, Hámundarstaða og Skeggjastaða eru sem eptirfylgir:
>
> Jörðin Bakki liggjandi í Skeggjastaðasókn í Norður-Múlasýslu á land úr Hafnarárósi uppeptir ánni og í svokallaða Þorskhöfðakeldu í Kríutjarnaflóa, þaðan beint í efri Höltnárlón, svo upp eptir ánni og í Hólmavatn, einnig báða hólmana sem eru í vatninu, frá syðri enda Hólmavatns og á Bakkanúp, þaðan beint í tanga í Miðheiðarvatni, úr tanganum beint á Skálafjöll, af vestasta Skálafjalli í læk sem rennur norðan undir því, eptir honum í Gæsagilsá, eptir henni þangað til hún fellur í Bakkaá, eptir henni í hornið fyrir utan Háabakkavað, þaðan beint í stóran stein á Merkitanga sem klofinn er, úr honum beint í stærsta stein í ánni út af Merkitanga, þaðan beint til sjófar.

---

[326] Skjal nr. 3 (261). Skoðunarmennirnir sem Brynjólfur biskup kallaði til voru Árni Halldórsson, Þorleifur Árnason, Gísli Sigurðsson, Sigurður Guðnason og Björn Stefánsson og setja þeir nöfn sín undir bréfið. Einnig kemur fram að Guðmundur Magnússon, ábúandi jarðarinnar, var viðstaddur skoðunina.

[327] Skjal nr. 3 (139).

[328] *Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874,* bls. 31.

[329] Skjal nr. 3 (220) a-b, sjá einnig skjal nr. 3 (219) a-b.

[330] Skjal nr. 3 (221) a-b.

> Hólmar þeir allir er áin myndar fylgja löndum jarðanna eptir því sem megin árinnar deilir löndum á hverjum tíma sem er.[331]

Undir skjalið skrifuðu eigendur Bakka, þeir Þórarinn Hálfdánarson og N. Höjgaard, auk Jóns Halldórssonar á Skeggjastöðum. Halldór Hjálmarsson og Sigurður Sigurðsson, eigendur Strandhafnarlands, samþykktu lýsinguna. Einnig voru eigendur Hámundarstaða, þeir G. Jónsson og E. Jónsson, samþykkir skjalinu.

Hinn 15. desember 1921 var útbúið landamerkjabréf fyrir Bakka. Það var þinglesið 31. júlí 1922:

> Úr Hafnarárósi uppeftir ánni og í svokallaða Þorskhöfðakeldu í Kríutjarnarflóa, þaðan beint í efri Höltnárlón, svo uppeftir ánni og í Hólmavatn, einnig báða hólmana með, sem eru í vatninu, frá syðri enda Hólmavatns og í syðri enda Bakkanúps. Þaðan beint út í efri Höltnárlón, svo ofan ána að stórri klöpp, sem er í bakkanum að norðan. Þaðan út og yfir [„og" yfir með dekkra bleki og að hluta ofan línu] heiðarþúfuháls í stóran stein norðan í hálsinum, úr þessum steini og í stóran stein, sem stendur á svokölluðum Reiðhrygg og þaðan beint ofan í Gæsagilsá, svo út með ánni þar til hún fellur í Bakkaá, eftir henni í hornið fyrir utan Háabakkavað, þaðan beint í stóran stein á Merkitanga sem klofinn er úr honum beint í stærsta steininn í ánni út af Merkitanga, þaðan beint til sjáfar, hólmar þeir allir, er áin myndar fylgja löndum jarðanna eftir því sem megin árinnar deilir löndum á hverjum túna sem er.[332]

Eigendur Bakka, þau Þorbjörg Þorsteinsdóttir og Jón Höjgaard, skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Sæbirni Þórarinssyni, eiganda Nýjabæjar, Þórarni Valdemarssyni, umboðsmanni Hafnar, og séra Ingvari Nikulássyni, umboðsmanni Skeggjastaða. Einnig var bréfið samþykkt af Guðjóni Jósefssyni í Strandhöfn.

Landamerki milli Bakka og Nýjabæjar voru skráð 15. desember 1921. Landamerkjabréfið var þinglesið 31. júlí 1922:

> Úr stórum steini, sem er innarlega á svonefndum Reiðhrygg þaðan beint í annan stóran stein norðan í Heiðarþúfuhálsi, úr þeim steini um og yfir og í stóra klöpp, sem er í bakkanum að norðanverðu á svokallaðri Höltná, svo inn með ánni úr því upp að efri Höltnárlónum, þaðan inn Bakkanúp að innri enda, úr endanum á núpnum og í tangann á Miðheiðarvatni, úr þeim tanga og beint á Skálafjöll af vestasta Skálafjalli og í læk, sem rennur norðan undir því, eftir honum og í Gæsagilsá, eftir henni út að áðurnefndu merki á Reiðhrygg.[333]

---

[331] Skjal nr. 3 (10).
[332] Skjal nr. 3 (18).
[333] Skjal nr. 3 (17).

Eigendur Nýjabæjar, þau Þorbjörg Þorsteinsdóttir og Sæbjörn Þórarinsson, skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Jóni Höjgaard sem átti hálfa jörðina Bakka.

Sjálfseignarjörðin Bakki er metin á tólf hundruð samkvæmt jarðamatinu 1804. Jörðin gefur eina og hálfa tunnu af fjallagrösum sem metin er á 45 álnir. Þar er smávægileg silungsveiði.[334]

Samkvæmt jarðamatinu frá 1849 fylgja jörðinni Bakka afbýlin Nýibær og Sigurðarstaðir. Þar kemur einnig fram að jörðin á sinn eigin „afrétt“.[335]

Í fasteignamati N-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að Bakki og Nýibær hafi nægt upprekstrarland fyrir sig. Þar eru engjar innan um bithaga. Beitiland er gott til sumar- og vetrarbeitar.[336]

Samkvæmt heimildum var samfelld búseta í Nýjabæ frá því að jarðarinnar er fyrst getið og til ársins 1945.[337] Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðinni verið ráðstafað með hefðbundnum hætti.

## 5.22. Afréttarnot

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var tekin saman í ágúst 1712 fyrir Svalbarðs- og Sauðaneshreppa. Hvergi er minnst á afréttarlönd en vikið er að heiðum í lýsingu ýmissa jarða, svo og grasatekju og rótagrefti. Þannig er grasatekja, hvannatekja og rótagröftur bjargleg fyrir heimilin á Hermundarfelli, Flautafelli og Álandi.[338] Grasatekja er lítil í Garði.[339] Grasa- og hvannatekja er bjargleg á Hallgilsstöðum.[340] Á Svalbarði er grasatekjan sömuleiðis lítil en hvannatekja og rótagröftur nægur fyrir heimilið, einnig má hafa heyskap fram í heiðinni í fjarska. Frammi í heiðinni á Svalbarði eru eyðihjáleigurnar Svalbarðssel og Kúðársel og fornt eyðiból, Bægisstaðir.[341] Á heiðinni fyrir framan Áland eru Hafursstaðir, fornt eyðiból með ljósar byggingaleifar,

> en ekki vita menn til vissu í hvörrar jarðar landi það liggur.[342]

> Í Laxárdal eru engjar á dreif hér og hvar í heiðinni, sitt ár á hverjum stað.[343]

Á fimmta áratug 18. aldar var sýslumönnum á Íslandi boðið að semja lýsingar á sýslum sínum. Lýsing Þorsteins Sigurðssonar á Norður-Múlasýslu, sem er einhver sú nákvæmasta, er dagsett á Víðivöllum 5. júní 1745. Þar segir m.a.:

---

[334] Skjal nr. 3 (217) a-b.
[335] Skjal nr. 3 (131) a-b.
[336] Skjal nr. 3 (42).
[337] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 42–43.
[338] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 358, 359, 363.
[339] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 358.
[340] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 369.
[341] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 360–362.
[342] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 363–364.
[343] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 364.

> Ingen Stutterie er her [...] men der imod har vi paa fiældene og udi de ubebygte Dale vores Kvæg om Sommertiden neml. Heste, Studer, Lambe og Gieldfaar og kalder vi desse Stæder Afrett; hvor om meldes i vores islandske Lov udi Landsleyebalken. Saadan Afretter er synden for Jökulsaae og Jökulsaaedal i de ubebygte Dale [...] Ingen anden lovlig Afrett er her i Sysselets Norderdeel, men Böndene lade deres Kvæg gaae i de Daler og Marker som ligger i kring Gaardene.[344]

Ekki er vikið að „afréttum“ í sams konar lýsingu fyrir Þingeyjarsýslu.

Hóseas Árnason á Skeggjastöðum[345] segir í sóknarlýsingu Skeggjastaðasóknar árið 1841:

> Þar aðalbæirnir hér í sveitinni liggja allir strandlengis með sjónum, og eiga hvör um sig meira eða minna land til heiðar, hefir hér hvör bær um sig að mestu eða öllu upprekstur frá sér og hann þurfa ekki heldur næstliggjandi sveitir að sækja hingað.[346]

Um afréttarlönd segir Stefán Einarsson á Sauðanesi[347] í sóknarlýsingu árið 1840:

> Einhvör hinn mesti skaði þessara sóknar er ósiður sá, er lengi mun hafa hér viðgengist, að allir hafa gelding sinn og lömb í heimahögum [...] og hvörgi veit eg að afrétt kallist á öllu nesinu allt fram að Hallgilsstöðum [...] en jarðirnar Hallgilsstaðir og Tungusel eiga hin bestu og mestu afréttarlönd, ef notuð væri, og fyrir framan þessi lönd er almenningur millum Langaness, Norðurstranda og Selárdals í Vopnafirði samt Þistilfirðinga að norðan. Hér í þessum almenningi eður á Grímólfsártungu lýsir Syðralón eftir 4 hundraða landi, er mér skilst eftir samanburði við annarra máldaga orðatiltæki sé sama og land undir 400 fjár. [Síðan kemur umfjöllun um réttir, en fyrir 12 árum hafi verið skipað að byggja tvær réttir]. Um þetta leyti ráku allir frambyggjendur, það er fyrir framan Sauðanes, í Tungusels- og Hallgilsstaðaheiðar, og hrepptu í þrjú ár stóran skaða á fé sínu vegna fámennis að ganga svoddan geim sem áðurnefndar heiðar eru. Kærðu þeir þennan skaða fyrir cancelliráði sál. Björnsen, er þá skipaði Sauðanesshrepps búendum öllum að reka geldfé sitt í oftnefndar heiðar og hlaða rétt á Hallgilsstöðum [...] Eg hef síðan með nefndum frambyggjurum í nefnda heiði rekið, en hinir aðrir haldið við sinn forna vana.[348]

---

[344] *Sýslulýsingar 1744–1749*, bls. 261–262.

[345] Hóseas Árnason var prestur á Skeggjastöðum 1839–1859. Páll Eggert Ólason: *Íslenzkar æviskrár* II, bls. 370–371.

[346] *Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874*, bls. 32.

[347] Stefán Einarsson (1770–1847) mun hafa komið að Sauðanesi árið 1784 og átt heima í Sauðanesssókn til dauðadags Páll Eggert Ólason: *Íslenzkar æviskrár* I, bls. 337 og IV, bls. 317.

[348] *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 292–293.

Sauðanesprestur getur í þessari lýsingu um Þverfell, kollótt sandfjall, fyrir framan Hafralón. Þar fyrir framan séu urðarhryggir, Fjallgarðar, milli Vopnafjarðar, Langaness og Þistilfjarðar

> og hittast á stundum sauðagöngumenn hér á haustum úr Selárdal í Vopnafirði og af frambæjum á Langanesi.[349]

Síðan lýsir prestur landi við Arnarfjöll og segir undir þeim hinar bestu sauðastöðvar. Þá nefnir hann Grjótfjöll, Kistufjöll og Grænavatnshnúk:

> Út af Arnarfjöllum (sem austan við þetta liggja og ei ná svo langt út eftir sem hér segir) kemur graslendi gott. Eru þar margir rennandi smálækir með fögrum grashögum og ljósalykkjuflóum, er kallast nú, þegar hér er komið, yfir höfuð Tungusels- og Hallgilsstaðaheiðar (afréttarlönd).[350]

Um fjallagrasa- og hvannatekju segir Stefán:

> Grasheiðar voru áður merkilegar á Tunguseli og Hallgilsstöðum en síðan hreindýrin komu á Vopnafjörð árið 1787, eður þar um bil, hafa nefndar heiðar ónýtar orðið bæði að grasa- og hvannatekju, er áður var hér ogsvo mikil. Urðu þær ónýtar til téðra efna, en 4 til 6 næstliðin ár hafa dýr þessi síður haldið sig í nefndum heiðum, og við það hefur komið nýgræðingur af grösum, hvörn frambæjarmenn nota sér fram til sláttar eftir sem geta.[351]

Jarðamatið 1849 segir um Sauðaneshrepp að afréttarlands njóti sveitin nægilega fyrir sjálfa sig en einskis skóglendis.[352]

Sóknarlýsing Svalbarðs í Þistilfirði er talin geta verið skrifuð um 1875.[353] Hana samdi Valdimar Ásmundsson, síðar ritstjóri.[354] Um „afrétti“ segir:

> Afréttarlöndin í Dals- og Hvammsheiðum eru almenningar framan við landamerki Dals (um Grasamannalæk, sem rennur úr Bræðravötnum vestur í Hólkná) og Gunnarsstaða (um Hávarðsdalsá). Sama er að segja um afréttina fram af Álandstungu, en þó á Vatnsendi (eyðijörð) þar nokkurt land. Ytri hlutar Búrfellsheiðar er kirkjuland og liggur undir Svalbarð. Garður á allmikið land í afréttinni vestan Svalbarðsár (milli Djúpár og Þverfellsár). Flautafell á og land í þeirri heiði. Svalbarð á allmikið land vestan Fjallgarðs, þar sem bæir hafa byggðir verið (Múli, Lækjamót og Óttarsstaðir).[355]

Takmörkum Hvamms- og Dalsheiða lýsir Valdimar Ásmundsson þannig:

> a) Heljardalsfjöll liggja vestur frá landamærum sveitarinnar í suðaustri (Heljardalsá) að Hólknárbotnum; [...] Heiðargeim þann mikla, sem liggur út

---

[349] *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 276.
[350] *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 276.
[351] *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 295.
[352] Skjal nr. 3 (132).
[353] *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 6.
[354] Valdimar Ásmundsson (1852–1902) fluttist í Þistilfjörð réttra 11 ára gamall og átti þar heima um skeið. Prestþjónustubók Svalbarðs. Sjá að öðru leyti Páll Eggert Ólason: *Íslenzkar æviskrár* V, bls. 37.
[355] *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 260.

> frá Heljardalsfjöllum milli Hafralónsár og Hólknár til byggða, nefna menn Hvammsheiði og Dalsheiði. Fremst í heiðargeimi þessum, næst Heljardalsfjöllum að norðan, er nefnt Hvítahraun; [...] Þar fyrir utan er austurhlutur heiðarinnar (Hvammsheiðin).[356]

Um Búrfellsheiði og Fjallgarð hefur Valdimar m.a. þetta:

> d) Búrfellsheiði liggur milli Sandár og fjallgarðs þess, er liggur frá Ormalóni fram í Haugsöræfi, frá Hólsmynni út að Svalbarðsgnúpum [...][357]

> l) Fjallgarður sá, sem um hefur verið getið að gangi frá Haugsöræfum til Ormalóns, er jafnan nefndur „Fjallgarðurinn“.[...] Gagndagahnúkar eru háir, grýttir og graslausir. Þar norðan við gengur láglendi norðvestur í Fjallgarð, sem nefnt er Djúpárbotnar. Þar tekur við land Svalbarðssóknar, en sá hluti Fjallgarðs og landið austur frá honum (Búrfellsheiðin), sem vér höfum lýst, heyrir til Axarfirði.[358]

Hlunnindi í Svalbarðssókn segir Valdimar lítil. Ekki sé nein fjaðratekja því að lítið sé af álftum.

> Grasatekja er hér lítil og eru þó fjallagrös víða hér, en lítil. Á seinni árum hafa menn alveg hætt því að hagnýta sér þau. Þó gjörðu menn það almennt vorið 1869 þegar bjargarskorturinn varð hér mestur. [...] Hvannatekja er hér í stöku stöðum (Lokanum og víðar).[359]

Athugandi er það sem sagt er um Álandstungu í umfjöllun um jörðina Hvapp sem sögð í Álandstungu eins og Ytra- og Syðra-Áland, Leirlækur, Kerastaðir, Nýstaðir, Ás og Hafursstaðir:

> Þeir bæir, sem vér höfum nú talið, frá Ytra-Álandi (5.) eru allir á Álandstungu. Ytra-Áland, sem var fyrrum eign Hólastóls, átti alla tungu þessa fram að Grófarós að vestan, og þar yfir, eða enn lengra. Syðra-Áland var hjáleiga þaðan, en hinar jarðirnar (7-11.) eru upphaflega afbýli. Þó halda menn að landið að framan, út að Grófarós, hafi verið almenningseign.[360]

Sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu, Ole Vorm Smith, skrifaði öllum hreppstjórum í sýslunni 13. júní 1864 og fól þeim á hendur að gera uppástungur um sérhvað, sem þeir álitu nauðsynlegt varðandi fjallgöngur á haustum í hreppum þeirra, m.a.:

> c, hvar hverjir skulu gjöra gangnaskil og hvað langt skuli gengið til öræfa eða mots við aðrar sveitir eða sýslur.[361]

---

356 *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 243.
357 *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 244.
358 *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 245–246.
359 *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 261.
360 *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 257.
361 Skjal nr. 3 (258) a-b.

Ætlaðist hann til þess að uppástungurnar yrðu gerðar í samþykktarformi fyrir hverja sveit og komnar til sín fyrir miðjan ágústmánuð næstkomandi. Síðan mundi hann kveðja til tvo eða þrjá menn úr hverjum hreppi til fundar til þess að gera frumvarp til samþykkta fyrir alla sýsluna sem síðan yrði send amtmanni til samþykktar. Svör bárust úr flestum hreppum, þó ekki Jökuldals- og Hlíðarhreppum, Hróarstungu- og Seyðisfjarðarhreppum. Ekki verður séð af bréfa- og bréfadagbókum sýslumanns að orðið hafi úr frekari framkvæmdum.

Hreppstjóri Skeggjastaðahrepps, ásamt meðráðamönnum sínum, lagði til þessi gangnamörk:

> 7 grein. Rjettir skulu vera á þessum stöðum: Bakka, Djúpalæk, og Miðfjarðarnesi, og vera hjer eptir lögrjettir; skulu afrjettar- og heiðarlönd, geingnar til hverrar rjettar fyrir sig sem nú skal greina:
>
> a, til Bakkarjettar skal geingið til suðurs að vestan, austan við Gæsagilsá, að svokölluðu vestasta-Skálafjalli; til móts við Vopnfirðínga, svo austur í Viðvíkurdal og það út til sjófar.
>
> b, til Djúpalækjarrjettar skal geingið, frá nefndum takmörkum (ə: vestasta Skálafjalli) og til vesturs í framanverðan ytri-Hágáng, og þaðan í norðvestur í Miðfjarðará; (inní þessu stykki er innifalin, Skeggjastaða Þorvaldsstaða, Djúpalækjar og Miðfjarðar heiðar). Auk þessa er almenníngsstykki, fyrir suðvestan nefndan Hágáng vestan við Þverfell og syðri Hágáng fram að kistufellslæk, sem ef til vill verður að gángast til sömu rjettar.
>
> c, til Miðfjarðarnes-rjettar skal geingið: Hallgeirsstaða-heiði, að landamerkjum, Saurbæjarheiði og kverkártúnga, fram að Stakfellskvísl.[362]

Þorvaldur Thoroddsen segir í *Lýsingu Íslands* árið 1919:

> Upp af Múlasýslum og Norður-Þingeyjarsýslu eru afarvíðáttumikil beitarlönd og afréttir, enda fjárrækt þar víða með miklum blóma [...] Upp af Þistilfirði er mikill og grösugur heiðafláki, er heitir Búrfellsheiði, enda hefir þar áður verið mikil bygð [...] Þá eru beitarlönd mikil á Langanesströndum.[363]

Stjórnarráð Íslands sendi öllum sýslumönnum landsins bréf 29. desember 1919. Þar var þeim tilkynnt að vegna þingsályktunar um rétt ríkisins til vatnsorku í almenningum frá 27. september bæri þeim að skila skýrslu við fyrsta tækifæri um svæði í sýslum þeirra sem teldust vera almenningar og um afréttarlönd sem ekki sannanlega hafa tilheyrt eða tilheyrðu nú nokkru lögbýli.[364] Ari Arnalds, sýslumaður í Norður-Múlasýslu, svaraði bréfinu 4. nóvember 1920 og sagðist hafa skrifað öllum hreppstjórum sýslunnar um málið og sendi með bréfi sínu svör þeirra þar að lútandi. Gunnlaugur A. Jónsson, hreppstjóri í Skeggjastaðahreppi, svaraði 20. október 1920 og

---

[362] Skjal nr. 3 (259) a-b.
[363] Þorvaldur Thoroddsen: *Lýsing Íslands* III, bls. 195.
[364] Skjal nr. 3 (134).

sagðist nýbúinn að fá bréf sýslumanns frá 20. september sem hafi verið samhljóða bréfi hans frá 20. apríl 1920. Af þeim orsökum sendi hann honum aftur svar sitt frá 20. júní en þar kemur m.a. þetta fram:

> Eins og kunnugt er, liggur bæjaröðin í Skeggjastaðahreppi meðfram sjávarströndinni, að undanskildum 4 bæjum, er lítið eitt liggja upp frá sjó. Inn til landsins frá bæjunum liggja svo misstórar landsspildur, sem eftir stærð þeirra, ýmist eru talin heimalönd (búfjárhagar) eða afrjettarlönd. Eiga því allar stærri jarðir hreppsins óslitið land úr heimahögum inn í afrjettir, alveg inn að afrjettarlöndum Vopnfirðinga að sunnan og Langnesinga að vestan. Þó er eitt svæði innst í svokallaðri Miðfjarðarheiði, sem hjeðan úr hreppi eru gjörð fjallskil á, og teljast mun mega til afrjettarlanda er ekki tilheyri nokkru lögbýli. Svæði þetta var áður fyrri smalað af Vopnfirðingum, en við áreið, sem gjörð var fyrir nokkrum árum síðan á heiðalönd þau er liggja milli Vopnafjarðar-, Skeggjastaða-, Fjalla-, Svalbarðs-, og Sauðaneshreppa var það tildæmt Skeggjastaðahreppi. Er það því hið eina svæði, er um getur verið að ræða hjer í hreppi í tilgangi þeim er áður umgetið brjef yðar ræðir um.[365]

Gunnlaugur hreppstjóri segir enn fremur að ofangreindar upplýsingar verði að duga að sinni því að hann hafi ekki getað aflað sér nægilegra upplýsinga um stærð eða legu umrædds svæðis. Hann muni hins vegar reyna að gera ítarlegri lýsingu á svæðinu verði óskað eftir því.

Ólíkt sýslumanninum í Norður-Múlasýslu samdi Steingrímur Jónsson, sýslumaður í Þingeyjarsýslu, skýrslu upp úr þeim upplýsingum sem hann hafði aflað sér um málið. Hún er frá 6. apríl 1920 og þar kemur m.a. þetta fram:

> Um aðra almenninga en þessa er mér ekki kunnugt, en vel má vera, að í óbygðum Norður-Þingeyjarsýslu séu einhver lönd, sem rétt sé að telja almenninga, þó mér reyndar þyki það fremur ólíklegt. Einnig má vera, og er enda líklegt, að suður af Fnjóskadal, vestanvert við afrétt Bárðdæla, séu svæði sem telja beri til almenninga.[366]

Greinargerð fyrir Svalbarðsprestakall var útbúin 1782 [21. júlí 1782]. Þar stendur eftirfarandi:

> β) Hlunnindi [...]
>
> Hier er og framm til Hejdar, Hálfa Þÿngmannalejd frá bigdum eitt vejde Vatn, Enn þvi verdur ecke Sætt, Hvörkie vegna vega leingdar, og ecke Helldur þess vegna ad Afle i Þvi, er ecke mejre enn so, ad Hann betalar ecke Kostnadenn. [...]

---

365 Skjal nr. 3 (135).
366 Skjal nr. 3 (136).

> 2° Er Hejmalanded so uppblásed, og onÿtt orded, ad Sumar büsmale synir Hier miög lÿted gagn, hefe eg þvj uppfunded Selstödu längt framm til Hejdar.[367]

Nánar er fjallað um skýrsluna í kaflanum um Svalbarð.

Í jarðamatinu 1804 kemur fram að fjallagrös, eða hinn svokallaða íslenska mosa, geti hver ábúendi Sauðanesshrepps tínt frítt í almenningi hreppsins.[368] Samkvæmt jarðamatinu 1804 njóta íbúar Svalbarðshrepps sömu hlunninda í þeim hreppi.[369]

Í lok sjöunda áratugar 19. aldar og í upphafi þess áttunda stóðu deilur um eignarhald á landsvæðinu sem Heiðarmúli var byggður á. Meðal þess sem þá var minnst á var hversu mikið heiðarland Svalbarðskirkja ætti (að Öxarfjarðarheiði samkvæmt gömlum máldögum). Nánar er sagt frá þessu máli í kaflanum um Heiðarmúla.[370]

Friðrik Olgeirsson segir í *Langnesingasögu* að fjölgað hafi þeim bændum sem fóru með fé sitt suður á Tunguselsheiði þegar kom fram á seinni hluta 19. aldar, og um og eftir aldamótin 1900 hafi aðeins bændur yst á nesinu og Fagranesi ekki gert það. Í upphafi 20. aldar hafi hreppsnefnd sektað bændur á Fagranesi fyrir að neita að koma í göngur á Tunguselsheiði en bændurnir haft sigur með dómssátt árið 1915.[371]

Jóhann Stefánsson, sýslumaður í Þingeyjarsýslu, lýsir „afréttum“ og fjallskilum þannig vorið 1959:

> Svalbarðshreppur í Þistilfirði.
>
> Heiðalönd Svalbarðshrepps skiptast í mörg afmörkuð svæði, sem bera sérstök nöfn.
>
> Talið frá vestri. Afrétt heitir landsvæði frá Sveinungsvík og suður um Krossavík, austur á ströndina og vestur á fjallgarð norður að Hófaskarði eða Bláskriðu að Ormarsá vestur.
>
> Seljaheiði liggur norðan þjóðvegar, vestan við Fjallgarð norður að Hófaskarði eða Bláskriðu að Ormarsá Vestur.
>
> Garðsheiði tekur við suður af Seljaheiði, nær á sveitarmörk að vestan og sunnan, um Botnagil, Einbúa og Botnakvísl, en að Svalbarðsá að austan.

---

[367] Skjal nr 3 (235) a-b. Ólafur Jónsson var prestur á Svalbarði 1761–1788, sbr. Sveinn Níelsson: *Prestatal og prófasta*, bls. 316.
[368] Skjal nr. 3 (218) a-b.
[369] Skjal nr. 3 (176) a-b.
[370] Skjöl nr. 3 (69) – 3 (74).
[371] Friðrik G. Olgeirsson, *Langnesingasaga*, bls. 16.

Búrfellsheiði er á tungunni milli Svalbarðsár og Sandár, mörk að sunnan eru um Búrfellshól og Foss í Fossá, að ofan við eyðibýlið Foss.

Álandstunga heitir landsvæðið milli Sandár og Hölknár. Heiðamót að sunnan eru um Þorsteinsnef og stefnuna suðaustur um Hölknárbotna.

Dalsheiði nær yfir vatnasvæði Hölknár austanmegin og vatnasvæði Laxár vestanmegin. Þegar Laxá sleppir liggja heiðarmörk um Skessuhamar, Bræðravötn, Krókavatnshæð, austurhorn Heljardalsfjalla, vestur með fjöllunum um Þvergil í Hölknárbotna.

Hvammsheiði liggur austanmegin við Dalsheiði. Heiðamörk að austan Hafralónsá, en að sunnan um bungu, Einbúa og Stakfellskvísl, sem fellur í Hafralónsá. (Oddviti)

Þórshafnarhreppur og Sauðaneshreppur.

Aðalafréttur Sauðaness- og Þórshafnarhrepps er Tunguselsheiði (Fjallskil eru sameiginleg í þessum hreppum).

Að vestan og suðvestan skilur Hafralónsá á milli Tunguselsheiðar og Hvammsheiðar í Svalbarðshreppi. Að austan sýslumörk Norður-Múlasýslu og Norður-Þingeyjarsýslu. Að sunnan afréttur Hólsfjalla, en þar eru gróðurlaus öræfi. [...] (Oddviti)

[...]

Svalbarðshreppur

Mikill hluti af afréttarlöndum í Þistilfirði tilheyrir vissum jörðum og er eign ábúenda eða annarrra óðalseigenda. Að öðru leyti eru lönd þessi eign sveitarfélagsins. (Oddviti)

Þórshafnar- og Sauðaneshreppur

Nokkur hluti Tunguselsheiðar er í Hallgilsstaðalandi. Þorsteinsstaðir, eyðibýli eign ríkisins, er í Tunguselheiði. Syðra-Lón í Þórshafnarhreppi á allmikið land í heiðinni. [...] (Oddviti)

[...]

Svalbarðshreppur:

Engar sérstakar reglur hafa gilt um upprekstur í heiðalönd Þistilfirðinga. (Oddviti)

Þórshafnar- og Sauðaneshreppur:

Mér er ekki kunnugt um neinar reglur varðandi uupprekstrarrétt ........... Hafi þær verið til eru þær nú gleymdar og glataðar.

[...]

Svalbarðshreppur

Afréttarlönd annarra hreppa liggja að heiðalöndum Þistilfirðinga á alla vegu.

Þórshafnar- og Sauðaneshreppur:

Afréttarlönd annarra hreppa liggja að afrétt hreppsins.

[...]

Rétt samkvæmt bréfum oddvitanna vottar:

Skrifstofu Þingeyjarsýslu og Húsavíkurkaupstaðar, 13. maí 1959

Sýslumaður Þingeyjarsýslu

Jón Skaptason.[372]

Engin sérstök eða nákvæm lýsing hefur fundist á heiðunum upp af Langanesströnd. Aðeins er vikið að heiðalöndunum í lýsingum einstakra jarða í *Sveitum og jörðum í Múlaþingi*. Þannig segir um Miðfjörð að Miðfjarðarheiði sé gott afréttarland. Göngur taki þar 2-3 daga fyrir átta menn.[373] Fé á Gunnarsstöðum gangi í heimalandi og auk þess mikið vestur í Miðfjarðarheiði og austur í Staðarheiði, og taki göngur tvo daga utan heimalands en einn heima.[374] Á Djúpalæk séu sumarhagar fjár einkum í Staðarheiði og Hágangnaurð og göngur taki tvo daga mest.[375] Um Þorvaldsstaði segir að göngur taki tvo daga utan heimalands, í Miðfjarðarheiði, en heimaland smalist á 6–8 stundum. Fé gangi mikið í Staðarheiði.[376] Varðandi Skeggjastaði segir að Staðarheiði sé víðáttumikil en ekkert minnst á göngur eða hvernig að þeim sé staðið.[377]

Um Tunguselsheiði segir í *Lýsingu Þingeyjarsýslu*:

Suður af búfjárhögum innstu bæja í Sauðaneshreppi tekur við aðalafréttarland sveitarinnar, Tunguselsheiði.

---

[372] „Upplýsingar um afréttir og fjallskil í Þingeyjarsýslu árið 1959," bls. 1–7. Sýslumaður Þingeyjarsýslu, Jóhann Skaftason. Dags. 13.5.1959. Lagt fram til hliðsjónar.
[373] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 27.
[374] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 31.
[375] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 33.
[376] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 35.
[377] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 38.

> Þetta er allstórt svæði og yfirleitt talið gott sauðland, þótt nokkur hluti þess sé að vísu gróðurlítill eða aðeins með nokkrum háfjallagróðri. Að vestan takmarkast land þetta af Hafralónsá, sem fellur út í austanverðan Þistilfjörð og skilur sundur Sauðaneshrepp og Svalbarðshrepp. Sunnan við upptök Hafralónsár ræður Stakfellskvísl, sem kemur innan frá Litla-Stakfelli. Nokkru utar og vestan megin kvíslarinnar rís Stóra-Stakfell í 890 m hæð yfir sjó. Rétt sunnan við Litla-Stakfell eru takmörk afréttarinnar sunnan, og taka þar við heiðalönd Vopnfirðinga. Til austurs liggja svo merkin yfir gróðurlitlar og víða gróðurlausar urðir austur að vörðu á allháum mel við Vestastadrag, en það er ein af kvíslum þeim, sem mynda Miðfjarðará í Skeggjastaðahreppi. Að austan ráða svo sýslumörkin á milli Norður-Þingeyjarsýslu og Múlasýslu.[378]

Landinu er síðan lýst nánar, en upplýsingar um leitafyrirkomulag eru takmarkaðar.[379]

Heiðum í Þistilfirði, þ.e. Svalbarðshreppi, lýsir Eiríkur Þormóðsson og styðst við lýsingu Þórarins Kristjánssonar í Holti í Þistilfirði í *Lýsingu Þingeyjarsýslu* II:

> Fyrsta svæðið nefnist Afrétt og nær frá Sveinungsvík að norðan og suður um að Kollavík. [...]
>
> Vestan við Afrétt og áfram lengra til suðurs er Seljaheiði. Takmarkast hún af Ormarsá að vestan og fjallgarðinum að austan, en vesturbrún hans er að mestu samfelldar brattar hlíðar eða skriður til vesturs frá Einarsskarði norður í sjó, klofnar af nokkrum skörðum. [...]
>
> Garðsheiði er næst sunnan Seljaheiðar og nær suður að sveitarmörkum milli Svalbarðsár að austan og hreppstakmarkanna að vestan. Helstu graslendi heiðarinnar eru í Garðsdal, vel grónum dal milli Flautafells og Súlnafjallgarðs. Einnig er allvíðáttumikið graslendi við Djúpá, sem rennur sunnan og vestan Súlnafjallgarðs í Svalbarðsá, svo og fram með allri Svalbarðsá. Eitt eyðibýli er í Garðsheiði, og verður síðar fjallað um það.
>
> Næst austan Garðsheiðar er Búrfellsheiði, sem margrómuð er fyrir gróðursæld, og heitir Búrfell fjall eitt einstakt suður undir sveitarmörkum. [...] Skipta má svæðinu milli Svalbarðsár að vestan og Sandár að austan í tvennt, Svalbarðstungu að norðan og Búrfellsheiði að sunnan. Heldur fyrir sunnan miðbik þessa svæðis er fjallbunga allmikil um sig, sem nær mikið til þvert yfir svæðið milli ánna. Þetta eru Svalbarðsnúpar, og er mjög gott sauðland í þeim og meðfram, ekki síst í svonefndri Bægistaðahlíð austan þeirra. Svalbarðstunga heitir svæðið norðan Svalbarðsnúpa, en Búrfellsheiði er sunnan þeirra. Norðaustur af Svalbarðsnúpum er Stóra-Kvígindisfjall, einnig nefnt Grímsstaðafjall. [...] Norður og austur af Búrfelli er fjöldi vatna, Búrfellsvötn, og er silungur í þeim.

---

[378] *Lýsing Þingeyjarsýslu. Norður-Þingeyjarsýsla*, bls. 183.
[379] *Lýsing Þingeyjarsýslu. Norður-Þingeyjarsýsla*, bls. 183–187.

> Álandstunga heitir svæðið milli Sandár að vestan og Hölknár að austan. Er breidd hennar um 3-5 km. [...] Beint austur undir Svalbarðsnúpum er Balafell, fremur lágt og aflangt fjall, og suður af því eftir endilangri tungunni eru ásar eða lágir fjallshryggir. Þar heitir skarð eitt Vatnsendaskarð. [...]
>
> Næsta afréttarland austan Álandstungu er Dalsheiði, sem liggur til suðurs frá bænum Laxárdal milli Hölknár í vestri og Hvammsheiðar í austri. Austurmörk heiðarinnar, sem skilja hana frá Hvammsheiði, liggja eftir miðjum hálendishrygg austan megin í heiðinni, en láglendara er lengi vel suður með Hölkná. Í suðri rísa Heljardalsfjöll, mun hærri en önnur fjöll í heiðinni. Syðsti hluti hennar er heldur gróðurlítill, víða sléttar urðir, en grastorfur þó hér og þar. [...] Ekki er vitað til, að nein byggð hafi verið í Dalsheiði.
>
> Austasta afréttarland Þistilfirðinga er Hvammsheiði, sem er þeirra lengst. Hún nær austur að Hafralónsá og vestur að Dalsheiði, en til suðurs á sveitarmörk í Einbúa. Landi heiðarinnar hallar að mestu til austurs að Hafralónsá. Svonefndur Heljardalur gengur til suðvesturs milli Heljardalsfjalla og Bungufjallgarðs. [...] Miklu norðar og nær byggðum er Hávarðsdalur upp frá Hafralónsá. Báðir þessir dalir eru orðlögð sauðfjárlönd, enda var búið í Hávarðsdal, og var það eina býlið, sem vitað er um, að hafi verið inni í heiðinni.[380]

Jóhannes Árnason á Gunnarsstöðum lýsti innsta hluta Hvammsheiðar í *Göngum og réttum* um 1950:

> Þar sem Hvammsheiði nær lengst suður í landið, er nefndur Heljardalur, og gengur hann suður að Bungufjallgarði, er liggur milli Vopnafjarðar og Hólsfjalla. Vestan dalsins ganga Heljardalsfjöll norður úr fjallgarðinum [...] Austan dalsins er Stóra-Stakfell. [...]
>
> Sunnan Stóra-Stakfells, þar sem Hvammsheiðarmenn ganga lengst, eiga að mætast afréttir fjögurra hreppa: Svalbarðs, Sauðaness, Vopnafjarðar og Hólsfjalla. Stundum mæta Hvammsheiðargangnamenn Vopnfirðingum eða Fjallamönnum, en sjá oft til Langnesinga.[381]

Í síðari útgáfu *Gangna og rétta* (1987) eru heiðalýsingar sem ekki voru í fyrri útgáfunni:

Seljaheiði lýsti Vigdís V. Sigurðardóttir snemma árs 1987:

> Seljaheiði nefnist það heiðarland, sem nær frá Múlum í suðri og norður að Bláskriðu. Að vestan liggur Ormarsá á hreppamörkum og að austan liggur Fjallgarður. Fjallgarðurinn er víðast hvar allbrattur en yfir hann liggja sex skörð. Syðst er Einarsskarð og yfir það liggur vegurinn um Öxarfjarðarheiði,

---

[380] Eiríkur Þormóðsson: *Þróun byggðar í Svalbarðshreppi í Þistilfirði*, bls. 21–24.
[381] Bragi Sigurjónsson: *Göngur og réttir* V, bls. 215.

næst eru svo Sandskarð, Svalbarðsskarð, Kollavíkurskarð, Bjarnarskarð og nyrst er svo Hófaskarð. [...]

Í Seljaheiði eru fjögur eyðibýli. [...] En ef reynt er að gera sér í hugarlund á hverju búskapur byggðist hér áður fyrr, þ.e. góðum slægjum, þá er nóg af slíku í Seljaheiði. Syðst er Lækjamót. Býlið er talið vera í landi Óttarsstaða. [...] Næst er Óttarsstaðir. Það er um 3 km norðar en Lækjamót. [...]

Um smölun í Seljaheiði sjá ábúendur á Kollavík og Borgum. [Síðan segir að innri hluta heiðarinnar smali Öxfirðingar í fyrstu göngum.][382]

Um Garðsheiði segir m.a. í frásögn Björgvins Þóroddssonar frá ársbyrjun 1987:

Garðsheiði er vestan Svalbarðsár. Að sunnan liggja heiðamót um Djúpá að upptökum hennar, þaðan sveitamörk norður yfir Urðir. Síðan austur á brún Fjallgarðs nokkuð sunnan við Einarsskarð, frá Einarsskarði norður eftir austurbrún Fjallgarðs.

Norðan Djúpár vestan Súlnafjallgarðs er nokkuð stórt gróið landsvæði sem kallað er Djúpárbotnar. Þetta landsvæði smala Öxfirðingar samkvæmt samningi. [...] Garðsheiðarmenn smala nú suðurhluta heiðarinnar alveg frá Þorvaldsstaðahæðum inn að Fjallgarðshorni í veg fyrir Öxfirðinga við Djúpá. Að öðru leyti er heiðin smöluð til norðurs báðum megin Flautafells [...]

Garðsheiði tilheyrir Garði. Er hún víða grösug og mjög gott sumarland fyrir sauðfé. Fyrr á árum var mikið heyjað á Garðsdal og má enn víða sjá heytos nálægt bestu slægjublettunum.[383]

Búrfellsheiðarlýsing *Gangna og rétta* eftir Sigtrygg Þorláksson er einnig frá árinu 1987:

Búrfellsheiði er sumarbeitiland bænda á Svalbarðstungu í Þistilfirði og Öxfirðinga að hluta. Sá hlutinn, sem tilheyrir Þistilfirðingum, afmarkast af Sandá að austan, Fossá að sunnan lítið eitt upp fyrir eyðibýlið Foss. Þaðan liggja landamerkin eftir svokölluðum Jarðbakka í Búrfellshól, sem er allstór hóll norðaustan undir Búrfelli, úr Búrfellshól syðst á Langás, sem ræður merkjum að Djúpá, og síðan Djúpá þar til hún rennur í Svalbarðsá. Að norðan ráða landamerki Kúðár og Bægisstaða. [...]

Á meðan Kúðá (fór í eyði 1966) var í byggð var lagt upp í göngur þaðan. [...] á þeim árum fór einn maður degi fyrr en aðrir og smalaði þann dag svæðið kring Búrfell með Öxfirðingum. [...] og rak síðan Þistilfjarðarféð morguninn eftir austur yfir Hraunhæð í veg fyrir Búrfellsheiðarmenn. [...]

[382] Bragi Sigurjónsson: *Göngur og réttir* V, bls. 220–221.
[383] Bragi Sigurjónsson: *Göngur og réttir* V, bls. 222–223.

Á meðan þetta fyrirkomulag hélst var Búrfellsheiðin smöluð þannig, að allir gangnamenn fóru inn vestan við Svalbarðsnúpa, byrjuðu að smala í Grasdal og smöluðu fénu með sér inn með Núpunum að vestan og ráku það austur fyrir Hlíðarhorn áður en þeir fóru í matstað við Hraunhæð. Þar var mönnum skipt. Sumir fóru inn og austur að Fossi og niður með Fossá, smöluðu Fosshóla og út með Sandá. Aðrir fóru út og austur. Einn maður fór venjulega út yfir Svalbarðsnúpa [...] Fénu var smalað út og austur Stóra-Mosfell að Sandá, þaðan með henni alla götu út að Tröllkonuhlaupi. [...]

Eftir að Kúðá fór í eyði árið 1966 og smölun með Öxfirðingum lagðist niður, var fyrirkomulagi gangna í Búrfellsheiðinni breytt á þann veg, að ekki var byrjað að smala fyrr en sunnan við Núpa og smalað út báðum megin. [...] Öxarfjarðarfé tók að leggja undir sig innheiðina, og svo fór að samið var við þá að smala Þrætutungur, svæði vestan Vatnakvíslar austur um Litla-Mosfell.[384]

Grímur Guðbjörnsson lýsir snemma árs 1987 Álandstungu svo:

Álandstunga liggur á milli Hölknár og Sandár í Þistilfirði. Það nafn er ekki einungis á afréttarlandinu eða heiðinni, heldur öllu landinu frá sjó til heiða og hreppamóta. [...]

Suðurmörk heiðarinnar - heiðamót - eru vestan við Þorsteinsnef, sem er örskammt frá Sandá, en að austan við svokallaðan „Hól“, sem stendur við Hölkná - austan ár. Sunnan þessara marka tekur við afrétt Hólsfjalla, en hefir nú á seinni árum verið smöluð af Öxfirðingum.[385]

Smölun á Álandstungu háttaði svo að sögn Gríms:

Þar sem heiðin liggur á milli tveggja vatnsfalla, sem fé fer ekki mikið yfir, liggur beint við, að fénu er smalað að ánum og út með þeim, enda hefir svo verið gert í a.m.k. ein sextíu ár. En áður var þetta gert á annan hátt. Á meðan býlin voru í byggð inn um alla heiði, var stór hluti hennar heimalönd. Þá var því Álandstunga fram yfir síðustu aldamót, eftir því sem ég best veit, smöluð með Dalsheiði. Þá hafa gangnamenn gist á innstu bæjum [...] smalað inn Álandstungu, rekið féð yfir Hölkná og smalað svo út (norður) Dalsheiði. [...] Hvenær þessu var breytt veit ég ekki fyrir víst, en hluti af austurheiðinni var smalaður með Dalsheiði allt til 1927. Tilefni þess, að svo var gert, var, að bóndinn í Laxárdal keypti þetta land, þegar býlin voru að byggjast í heiðinni, til að koma í veg fyrir frekari byggð.

Á meðan búið var á Hafursstöðum fóru gangnamenn þangað til gistingar, smöluðu innan við næsta dag og gistu þar næstu nótt. [...] Á þriðja degi var smalað til réttar. [...] Árið 1970 var byggður gangnamannakofi og hesthús á Vatnsenda og hætt að gista á Hafursstöðum.

---

[384] Bragi Sigurjónsson: *Göngur og réttir* V, bls. 224–225.
[385] Bragi Sigurjónsson: *Göngur og réttir* V, bls. 226.

> [...] Fyrsta dag er farið í kofa, annan daginn er innheiðin smöluð og féð rekið út fyrir Kristjánskot. Þriðja daginn er smalað út [...]
>
> Í stórum dráttum fer smölun í heiðinni þannig fram, að riðið er úr kofa inn á heiðamót. Þar fara tveir menn austur og smala út með Hölkná austan Lambafjallgarðs. Fjórir smala út vesturheiði, en einn þeirra, sá sem fer út fjallgarðinn, fer austur norðan við Kamba, þar sem hann mætir austurheiðarmönnum.[386]

Dalsheiði og Dalsheiðargöngum lýsir Þórarinn Kristjánsson vorið 1987:

> Dalsheiði er önnur austasta afrétt Þistilfirðinga, vestan megin á tungunni milli Hölknár og Hafralónsár. Samkvæmt byggingabréfi frá 1900 er heiðin öll innan landamæra jarðarinnar Laxárdals. Að vestan ræður Hölkná inn á móts við Þvergil norðvestan í Heljardalsfjöllum, að austan Laxá að upptökum, þá Skessuhamar og Bræðravatnahryggur, stefna milli Bræðravatna og nokkuð bein lína í norðausturhorn Heljardalsfjalla, sem marka línuna að sunnan.
>
> Vegalengd frá sjó inn að Heljardalsfjöllum er um 40 km. [...]
>
> Áður en túnrækt hófst að marki var oft heyjað í heiðinni, sett saman og ekið heim að vetrinum. [...] Verða hér nefndir nokkrir blettir eða engjastykki svo sem í Einarsdal, við Hestlæk, Víðinesá suður af Lambhól og Bessalæk. Þá Laufnes og enn sunnar við ána Krubbusel, besta engjastykkið í heiðinni. Á Víðinestungunni var heyjað við Ytrihæðalæk. Þá var heyjað í Blettinum sunnan við Fremrihæðir, við Álftatjörn vestur af Krubbnaseli og inn við Aragunnulæk. Þangað var ekki minna en 15 km frá Laxárdal.[387]

Þórarinn segir gangnakofa í Dalsheiði lengi hafa verið á lækjarbakka örstutt austan við Hölkná í Þvertungunni skammt norðan við fjallið. Árið 1964 var nýr kofi byggður við Stóruurð undir Nautatungufjalli. Fyrrum var byrjað á að fara í Hafursstaði og gista þar, næsta dag smalað inn Lambafjallgarð austanverðan, Dalsheiði innanverða og gist í Dalsheiðarkofa, þriðja daginn smalað heim. Nokkru eftir að byggð lagðist af á Hafursstöðum fóru Álandstungumenn að smala þetta svæði en Dalsheiðarmenn fóru beint inn í kofa og gistu þar tvær nætur.[388]

Þórarinn Kristjánsson lýsir einnig Hvammsheiði árið 1987:

> Hvammsheiði er austasta afréttarsvæði Þistilfirðinga. Heiðamörk að vestan liggja að Dalsheiði inn í Heljardalsfjöll eins og fram kemur í þættinum um Dalsheiði. Að austan ræður Hafralónsá inn að Heljardalsá, síðan Stakfellskíll að upptökum og stefna allt suður að Einbúa, þar sem liggja saman heiðalönd Þistilfirðinga, Fjöllunga og Vopnfirðinga, og þaðan norðvestur fjöllin

[386] Bragi Sigurjónsson: *Göngur og réttir* V, bls. 229–230.
[387] Bragi Sigurjónsson: *Göngur og réttir* V, bls. 233–234.
[388] Bragi Sigurjónsson: *Göngur og réttir* V, bls. 224–236.

> vestanmegin Heljardalsins. Vegalengd frá sjó suður um Einbúa mun vera um 50 km.[389]

Engjaheyskapur var í Hvammsheiði að sögn Þórarins:

> Áður fyrr voru nytjaðar engjar í Hvammsheiði kringum Hávarðsstaði, við Fremrifjöll, í Garðárbrekkum, Kollhólsflóa og víðar. Sóttu bændur í Hvammi og Gunnarsstöðum heyfeng á þessar slóðir fram yfir 1940, lágu við í tjöldum, settu saman og sóttu á sleðum á vetrum.

Göngur segir Þórarinn með þeim hætti að fyrsta dag er farið í Kofa. Næsta dag farið inn fyrir, sem kallað er, og þurfi að taka daginn áður en sauðljóst væri, því að löng dagleið er fyrir höndum. Aðra nótt er gist í kofa og þriðja dag smalað út fyrir girðingu. Göngur í Hvammsheiði hafi lengi verið metnar hærra en aðrar göngur í hreppnum. Dagleiðir muni hafa verið taldar nokkru lengri þar en á öðrum heiðum.[390]

Í *Lýsingu Þingeyjarsýslu* segir m.a. um Búrfellsvötn á Búrfellsheiði:

> Suður frá þeim [þ.e. Svalbarðsnúpum] liggur lág háslétta vel grösug allt milli ánna. Þar inni á sléttunni eru Búrfellsvötn. Er silungur í vötnunum. Hafa Þistilfirðingar farið þangað síðari hluta vetrar eða snemma vors og veitt á dorg í gegnum ísinn og fengið nokkurn afla.[391]

## 5.23. Sel

Selfarar Sauðaneskirkju hjá Balafelli er fyrst getið í Auðunarmáldögum frá árinu 1318.[392] Þar er einnig nefndur Fellslækur sem keyptur var fyrir kúgildi. Sami lækur er nefndur Fiskilækur í máldögum Jóns skalla Eiríkssonar frá árunum 1360–1389.[393] Í þeim máldögum er selförin einnig nefnd og í yngri máldögum og vísitasíum.[394] Fiskilækur virðist vera hjá Balafelli, sbr. sóknarlýsingu Sauðaness sem vikið verður síðar að.

Frá 1591 er varðveittur reikningur Sauðaneskirkju þar sem fram kemur að kirkjan eigi allt heimaland sitt en einnig selför undir Balafell og Fiskilæk.[395] Skrá var gerð yfir eignir Sauðaneskirkju af sóknarprestinum, Jóni Bessasyni, 5. maí 1644 en auk hans setja þeir Bjarni Jónsson og Guðmundur Magnússon nafn sitt undir hana. Þar

---

[389] Bragi Sigurjónsson: *Göngur og réttir* V, bls. 237.
[390] Bragi Sigurjónsson: *Göngur og réttir* V, bls. 239.
[391] *Lýsing Þingeyjarsýslu. Norður-Þingeyjarsýsla*, bls. 153.
[392] Skjal nr. 4 (75). Sömu upplýsingar koma fram í máldagasafni Jóns skalla Eiríkssonar Hólabiskups sem talið er frá árunum 1360–1389, sbr. skjal nr. 4 (77). Þetta er endurtekið í máldagasafni Péturs Nikulássonar Hólabiskups frá 1394 og síðar, sbr. skjal nr. 4 (83). Þess sama er getið í máldaga Sauðaneskirkju úr máldagasafni Ólafs Rögnvaldssonar Hólabiskups frá 1461 og síðar, sbr. skjal nr. 4 (85).
[393] Skjal nr. 4 (77).
[394] Skjöl nr. 4 (83) og nr. 4 (85).
[395] Skjal nr. 3 (187).

kemur m.a. fram að kirkjan eigi allt heimaland sitt en að auki selför undir Balafelli og Fiskilæk.[396]

Greinargerð fyrir Presthólaprestakall var samin árið 1782. Þar stendur:

> Hver, edur hversu mörg Jtök þesse Stadur eige til lands i annara löndum veit Eg ecke výst þar einger vitnis burder edur Skiöl þar umm finnast vid Kyrkiuna, enn heirdt hefe Eg gamla Menn seigia ad Hann ætte Selfor fyrer austann Ormarsá og frý Hagabeitar land þar umm Lækina, umm þann týma; Item Galthólmana utfrá i Ánne Eirnenn Hoolmavatn og Hölmann þar i; Enn þetta allt færer med ser einga Nytseme nu umm stunder.[397]

Um 1820 hófust deilur um eignarhald á landsvæði í nágrenni Balafells í Þistilfirði, með tilliti til selstöðuréttinda, sem áttu eftir að standa í nokkra áratugi. Upphaf málsins má rekja til þess að árið 1817 uppbyggði Sigurður Magnússon, hreppstjóri í Þistilfirði, eyðikotið Hafursstaði, dóttur sinni til ábúðar, í sellandi sem Sauðanesprestur taldi tilheyra Sauðaneskirkju. Minnst er á sel þessu í deilumáli.[398]

Fyrir manntalsþingsrétti á Svalbarði í Þistilfirði 30. júní 1820 var lesin upp lögfesta séra Stefáns Einarssonar á Sauðanesi fyrir nefndrar kirkju sellandi fram í Svalbarðsheiði.[399]

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (sá hlutinn sem nær til Norður-Þingeyjarsýslu, saminn 1712) er mjög fátöluð um sel. Getið er tveggja eyðihjáleigna Svalbarðs, sem kenndar eru við sel, Svalbarðssels og Kúðársels.[400] Um eyðibólið Bægisstaði í landi Svalbarðsstaðar, framarlega á heiðinni segir:

> Selför og nokkurn heyskap hafði staðurinn á þessu eyðibóli um nokkurn tíma fyrir vel 40 árum, og síðan bjó þar maður eitt ár.[401]

Getið er um Hafursstaði, fornt eyðiból frammi í heiðinni fram frá Álandi. Síðan segir:

> Selför á Sauðanesstaður á þetta eyðiból, en ekki vita menn til vissu í hvörrar jarðar landi það liggur.[402]

Í lýsingu Sauðaness stendur aftur á móti:

> Selför á staðurinn í Álands land undir Balafelli, sem ekki hefur búkast í manna minni. Silúngsveiði á staðurinn í einum læk í sama takmarki, sem Fiskilækur kallast, hefur ei brúkast nema í sumar, og fjekst þar í silúngur.[403]

---

[396] Skjal nr. 3 (185). Stefán Einarsson, Vigfús Jónsson og Eiríkur Þorsteinsson votta 31. júlí 1808 að eignarskráin sé rétt skrifuð eftir afriti sem séra Bessi Jónsson á Sauðanesi og Sigurður Hrólfsson gerðu eftir skjölum kirkjunnar 6. apríl 1691.
[397] Skjal nr. 3 (274) a-b.
[398] Skjöl nr. 3 (193–206) a-b.
[399] Skjal nr. 3 (148).
[400] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 361.
[401] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 362.
[402] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 363–364.
[403] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 374.

Jarðabókin nefnir einnig Hvammssel, fornt eyðiból í Hvammslandi fram með Hafralónsá.[404]

Tungusel er sagt hafa verið fyrst byggt á selstæði Hallgilsstaða um sextíu árum fyrr [væntanlega upp úr 1650].[405]

Í lýsingu Skeggjastaðasóknar árið 1841 nefnir séra Hóseas meðal bæja sem átt hafi selstöður:

> 2) Miðfjarðarnes, hvört nú er mannbyggt og áður talið. 3) Djúpilækur; á Gunnarsstöðum hefir nl. áður verið sel þaðan og tvö önnur þar skammt frá. 4) Þórvaldsstaðir; þar hafa verið tvö sel fram í landinu. 5) Á Skeggjastað hafa ogso verið tvö sel: a) Miðmundasel, undir sonefndu Miðmundafelli, og b) Gæsagilssel, þar sem bærinn er nú byggður.[406]

Selstöður sem Stefán Einarsson á Sauðanesi nefndi árið 1840 voru m.a. þessar:

> Tungusel getur haft selstöðu í sínu landi. Hallgilsstaðir hafa einhvörn tíma haft selstöðu á Kristjánsstöðum, eyðitóftum framanvert við Helkunduheiðarenda í landamerki Fells og Hallgilsstaða. Syðribrekkur meina eg hafi átt selstöðu utanvert við Fiská upp undir fjalli, hvar tóftarformur sést í svonefndum Selhólum. Ytribrekkur eiga selstöðu í tóftum þeim er standa norðanvert við Selvatn, fram og austur af Ytribrekkum og úr því rennur lækur sá er við það kennist. Syðralón á selstöðu austur og upp í Lónshálsum við svonefndan Sellæk. Sauðanes hefur haft selstöðu [...] og e) á Hafurstöðum undir Balafelli í Þistilfirði. [...] Öll þessi sellönd (eða selstöður) liggja ónotuð og get eg ei bevísað nær nokkur þeirra hafi notuð verið, nema séra Jón Bessason, er hér var á Sauðanesi, hafði síðastur í seli circa 1650 á Hafurstöðum undir Balafelli og hætti því um það leyti vegna harðinda.[407]

Stefán Einarsson nefnir líka eftirfarandi í lýsingu Sauðanessóknar frá 1840:

> Undir Sauðaneskirkju [...] selför undir Balafelli (Hafursstöðum) og Fiskilækur í sama plássi.[408]

Valdimar Ásmundsson segir í lýsingu Svalbarðssóknar frá því um 1875 að víða hafi verið selstöður og allar lagst niður „fyrir næstliðin aldamót, þegar bágindi voru hér mest“. Meðal selja telur hann:

> 1. Krubbnasel, langt fram á Dalstungu, sel frá Laxárdal. 2. Urðarsel, austur undan suðurenda Flautafells, og 3. Fremrasel, litlu sunnar með Svalbarðsá.[409]

Í *Nýrri jarðabók* árið 1861 er getið hjáleigunnar Hermundarfellssels sem væntanlega hefur byggst á selstæði frá Hermundarfelli.[410]

---

[404] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 367.
[405] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 368.
[406] *Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874*, bls. 32.
[407] *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 292.
[408] *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 296–297.
[409] *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 260.
[410] Skjal nr. 4 (2).

Í *Lýsingu Þingeyjarsýslu* er í landi Hallgilsstaða nefnt Klúkusel, austan við Kverká, örskammt innan við ármótin, þar sem áin fellur í Hafralónsá. Þar er talið hafa verið smábýli. Síðar hafi verið þar beitarhús frá Hallgilsstöðum. Einnig er nefnt Melasel, sem þar er talið smábýli, vestan við Kverká, hér um bil á móti Klúkuseli.[411]

Sama rit nefnir Selhóla og Selás í landi Syðribrekkna.[412] Einnig Krubbasel í landi Laxárdals.[413] Svo og Þorvaldsstaðasel í landi Svalbarðs.[414] Þá Garðssel á miðjum Garðsdal.[415] Loks eyðibýlið Hermundarfellssel í Hermundarfellslandi, vestur undir fjallgarði, skammt frá Tunguá, norður af svokölluðum Fossabrekkum.[416]

[411] *Lýsing Þingeyjarsýslu. Norður-Þingeyjarsýsla*, bls. 190.
[412] *Lýsing Þingeyjarsýslu. Norður-Þingeyjarsýsla*, bls. 192.
[413] *Lýsing Þingeyjarsýslu. Norður-Þingeyjarsýsla*, bls. 174.
[414] *Lýsing Þingeyjarsýslu. Norður-Þingeyjarsýsla*, bls. 166.
[415] *Lýsing Þingeyjarsýslu. Norður-Þingeyjarsýsla*, bls. 164.
[416] *Lýsing Þingeyjarsýslu. Norður-Þingeyjarsýsla*, bls. 163.

# 6. NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

## 6.1. Almenn atriði og dómafordæmi í þjóðlendumálum

Í úrskurðum óbyggðanefndar á fyrsta landsvæðinu sem tekið var til meðferðar, sjá mál nr. 1–7/2000, er í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum á næsta landsvæði sem tekið var til meðferðar er í kaflanum *Viðauki við almennar niðurstöður óbyggðanefndar* aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við, sjá mál nr. 1–5/2001. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki með úrskurðum í málum á þriðja svæðinu, nr. 1–9/2003, og því fjórða, nr. 1–6/2004. Sami viðauki fylgir hér og með öðrum úrskurðum í málum á fimmta landsvæðinu sem óbyggðanefnd hefur tekið til umfjöllunar, nr. 1–5/2005.

Á þeim tíma sem liðinn er frá því að *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og viðauki við þær birtist hefur Hæstiréttur kveðið upp nokkurn fjölda dóma sem fela í sér afstöðu réttarins til atriða sem almenna þýðingu hafa við efnislega úrlausn þjóðlendumála. Skal þar fyrst getið um dóm Hæstaréttar frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005, sem fjallað var um í inngangi að niðurstöðum óbyggðanefndar í málum á svæði 4. Svo sem þar segir verður sú ályktun af honum dregin, sbr. nú einnig dóm Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006, að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verði að leysa úr máli á þeim grundvelli. Í tilvikum ríkisjarða hefur því þó verið lýst yfir af hálfu íslenska ríkisins að í þjóðlendukröfu felist ekki afsal á eignarlandi og því eigi niðurstaða óbyggðanefndar, að því leyti sem hún tekur til ríkisjarða, að ráðast af sömu atriðum og lögð séu til grundvallar um annað eignarland. Aðrir dómar varða fremur heimildamat og sönnunarkröfur, nánar tiltekið tveir dómar Hæstaréttar frá 21. október 2004 (mál nr. 47 og 48/2004); þrír dómar frá 11. maí 2006 (mál nr. 496/2005, 454/2005 og 345/2005); tveir dómar frá 28. september 2006 (mál nr. 497/2005 og 498/2005); tveir dómar frá 5. október 2006 (mál nr. 67/2006 og 133/2006) og nú síðast þrír dómar frá 16. maí 2007 (mál nr. 448/2006, 536/2006 og 24/2007).

Sú umfjöllun um einstök landsvæði sem hér fer á eftir er í beinu samhengi og samræmi við framangreindar *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*, ásamt viðauka við þær, og vísar til þeirra. Fyrirliggjandi dómar og úrskurðir óbyggðanefndar eru einnig fordæmi við úrlausn málsins í þeim tilvikum að reynt hefur á atriði sem almenna þýðingu hafa.

Hér á eftir verður fyrst lagt mat á hvort dómar gefi tilefni til að herða sönnunarkröfur til landamerkjabréfa jarða og að því loknu fjallað almennt um stofnun heiðarbyggðar á Norðausturlandi. Þá verður gerð grein fyrir landnámi á því svæði sem mál þetta varðar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega

stöðu einstakra landsvæða, í staðfræðilegri röð.[417] Loks verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar.

### 6.1.1. Gildi landamerkjabréfa jarða

Í forsendum dóms Hæstaréttar í máli nr. 48/2004, sem birtur er í dómasafni þess árs á bls. 3796, tók rétturinn almenna afstöðu til mats á gildi landamerkjabréfa, annars vegar jarða og hins vegar annarra landsvæða, og inntaks eignarréttar á svæði sem lýst er í landamerkjabréfi jarðar, sbr. einnig tilvísanir í síðari dómum í þjóðlendumálum, t.d. máli nr. 345/2005. Orðrétt segir svo:

> Við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði, sem þar er lýst, skiptir almennt máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði, en þekkt er að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig til dæmis afrétti, sem ekki tengjast sérstaklega tiltekinni jörð. Felur landamerkjabréf fyrir jörð í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega.

Einnig kemur fram það álit réttarins að áritun um samþykki eigenda aðliggjandi jarða, þinglýsing og innfærsla í landamerkjabók auki sönnunargildi landamerkjabréfs. Sama máli gegnir ef ekki hefur verið ágreiningur um merki viðkomandi jarðar. Hins vegar verði ekki litið fram hjá þeirri staðreynd að fyrir gildistöku laga nr. 58/1998 hafi engum verið til að dreifa sem gat sem handhafi beins eignarréttar gert samninga um mörk þess lands sem nú nefnist þjóðlenda. Þá verði þess að gæta að með því að gera landamerkjabréf gátu menn ekki einhliða aukið við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Verði til þess að líta hvort til séu eldri heimildir sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfi enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu lands.

Segja má einnig að í nýjustu dómum, sbr. mál nr. 536/2006 og 24/2007, hafi enn verið hnekkt á þýðingu þess að landsvæði teljist innan merkja jarðar. Samkvæmt þessu er óbyggðanefnd rétt að leggja áfram áherslu á landamerkjabréf jarða, sbr. umfjöllun um þau í *Almennum niðurstöðum*, enda þótt með skýrum fyrirvörum sé.

Umfjöllun dómstóla um landamerkjabréf jarðanna Úthlíðar, Stafafells (hluta), Skaftafells og Hóla gefur þó tilefni til að huga sérstaklega að því hvort óbyggðanefnd beri að herða kröfur til sönnunar eignarlands innan landamerkjabréfa jarða frá því sem lagt er til grundvallar í *Almennum niðurstöðum*. Viðkomandi landsvæði voru öll talin eignarlönd en í forsendum dóma samt sem áður lýst efasemdum um að svo væri að öllu leyti.

---

[417] Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á skýrslu Hjörleifs Guttormssonar náttúrufræðings, sbr. skjal nr. 39, útgefnum kortum Landmælinga Íslands, örnefnaskrám frá Örnefnastofnun Íslands, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3., og almennum uppsláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

Í tilvikum Úthlíðar og þess hluta Stafafellslands sem liggur sunnan og vestan Jökulsár, sbr. mál nr. 48/2004 og 498/2005, lágu fyrir bæði landamerkjabréf og eldri heimildir um merki. Lýsingar þessar fengu vel samrýmst en beinn eignarréttur á hluta þeirra landsvæða sem afmörkuð voru þrátt fyrir það talinn vafa undirorpinn. Fram kemur að staðhættir og fyrirliggjandi heimildir um gróðurfar styðji ekki að þar hafi verið stofnað til beins eignarréttar með námi. Ekki voru þó talin skilyrði til að skilja þessi landsvæði undan eignarlandi jarðanna, einkum þar sem ekkert hefði komið fram af hálfu íslenska ríkisins sem leggja mætti til grundvallar við nánari afmörkun að þessu leyti. Varðandi umræddan hluta Úthlíðar var einnig tekið fram að ekki hefði verið sýnt fram á að landsvæðið hefði verið nýtt sem samnotaafréttur.

Í tilvikum Skaftafells og Hóla, sbr. mál nr. 496/2005 og 48/2004, voru landamerkjabréf fyrir hendi en engar eldri heimildir. Um landamerkjabréf Skaftafells, sem er ódagsett en var þinglesið á árinu 1890, segir svo í dómi Hæstaréttar:

> Þótt landamerkjabréfið geti haft sönnunargildi um mörk eignarlands Skaftafells með því að það var áritað um samþykki af eigendum aðliggjandi jarða, þinglesið og fært í landamerkjabók, verður að líta til þess að ekki var á valdi eigenda jarðarinnar að auka með landamerkjabréfinu við land sitt eða annan rétt umfram það, sem áður hafði verið. Getur landamerkjabréf þetta því ekki eitt og sér nægt gegn andmælum áfrýjanda til að sanna beinan eignarrétt eigenda Skaftafells II að landinu á Skeiðarársandi, sem deilt er um í málinu, heldur verða önnur atriði jafnframt að koma til, sem stutt geta sömu niðurstöðu, sbr. dóm Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 [sem fjallar m.a. um Hóla], sem birtur er í dómasafni þess árs á bls. 3796.

Hér skal einnig getið dóms í máli nr. 345/2004, varðandi jörðina Fell í Suðursveit. Þar lá fyrir skýr eldri heimild, nánar tiltekið lögfesta frá árinu 1851, þar sem merki inn til landsins voru m.a. miðuð við aðliggjandi jökul. Landamerkjabréf jarðarinnar frá árinu 1922 var mun óskýrara, náði skemur inn til landsins, þ.e. í átt að jökli, og gat ekki sérstaklega um merki gagnvart jöklinum. Fjalllendið næst jökli var dæmt þjóðlenda og þannig fremur miðað við hina yngri heimild, þ.e. landamerkjabréfið, sem náði skemur en hin eldri. Þar höfðu þó önnur atriði einnig vægi.

Óbyggðanefnd hefur nú þegar kveðið upp úrskurði sem fjalla um fjölda jarða á sunnanverðu landinu, þ.e. svæðum 1–4, og heimilda um afmörkun og eignarréttindi á ágreiningssvæðum verið skipulega leitað, m.a. á Þjóðskjalasafni og hjá sýslumannsembættum. Séu þær skoðaðar heildstætt kemur í ljós að landamerkjabréf hátt í tvöhundruð jarða hafa verið könnuð sérstaklega. Í upp undir helmingi tilvika hefur það verið elsta lýsing á merkjum jarðar og beinn samanburður við eldri heimildir þannig ekki mögulegur. Því fer einnig fjarri að eldri heimildir séu almennt heildstæðar merkjalýsingar. Þvert á móti geta þær verið brotakenndar og jafnvel fremur falið í sér vísbendingar en ótvíræðar lýsingar. Loks eru tíu tilvik þar sem

ekkert landamerkjabréf, í skilningi landamerkjalaga, er fyrir hendi og verður ekki séð að það hafi nokkurn tíma verið gert. Að því er varðar mikinn meirihluta jarða á svæðum 1–4 var niðurstaðan sú að aðrar heimildir um merki, væru þær til, ýmist styddu lýsingu bréfs eða mæltu henni ekki í mót. Merkjum væri því rétt lýst í landamerkjabréfi, svo sem óbyggðanefnd skýrði það. Tekið skal fram að sú skýring var í ákveðnum tilvikum önnur en málsaðila.

Svo sem að framan greinir virðast dómstólar þannig gera fremur strangar kröfur til landamerkjabréfa jarða, þ. á m. að þau hafi stuðning af öðru og þá einkum eldri heimildum. Til þess ber þó að líta að fleiri atriði eru hér samofin og lögð til grundvallar niðurstöðu hverju sinni, þar á meðal mismunandi vægi eða trúverðugleiki einstakra heimilda, nýting, gróðurfar og staðhættir. Með hliðsjón af því og með tilliti til stjórnskipulegrar jafnræðisreglu telur óbyggðanefnd að fara beri varlega í að draga víðtækar ályktanir af þessari umfjöllun. Líta ber til þess að eftir að gengið hafði verið frá landamerkjabréfi, með tilheyrandi opinberri skráningu, hafði jarðeigandi síður ástæðu til að varðveita skjöl sem þar kann að hafa verið byggt á. Eðlilegt verður að telja að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem fyrir hendi kann að vera í slíkum tilvikum.

Niðurstaða óbyggðanefndar er því sú að ekki sé ástæða til að herða sérstaklega kröfur um sönnun eignarlands innan lýsingar í landamerkjabréfi jarðar, umfram það sem áður hefur verið lagt til grundvallar og samrýmist vel þeirri almennu afstöðu Hæstaréttar til landamerkjabréfa sem áður var lýst. Eftir sem áður er ljóst að dómstólar gera nokkuð strangar kröfur til sönnunar eignarlands, sbr. einnig þá meginreglu í íslenskum rétti að sá sem telur til eignarréttar yfir landi verður að færa fram heimildir fyrir eignartikalli sínu. Jafnframt liggur fyrir að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2005, þar sem segir svo:

> [...] nær frá upphafi Íslandsbyggðar mörkuðu menn sér ekki eingöngu ákveðin landsvæði, sem voru háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu manna. Meðan landsvæði gaf eitthvað af sér lágu hagsmunir til þess að halda merkjum réttindanna við, hvers eðlis sem þau voru. Af framanrituðu þykir leiða að skýra verði hvaða réttindi það séu sem menn voru að skipta á milli sín.

### 6.1.2. Heiðarbýli á Norðausturlandi

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er gerð almenn grein fyrir þeirri stofnun eignarréttar sem heimilaður var í nýbýlatilskipun frá 15. apríl 1776, um landnám og byggingu eyðijarða, og síðar nýbýlalögum, nr. 15/1897.[418] Að því er varðar Norðausturland sérstaklega í þessu sambandi benda heimildir til að í kjölfar

[418] Sbr. kafla 3.3. í viðauka.

nýbýlatilskipunar og fram yfir miðja 19. öld hafi þar verið stofnað til heiðarbyggðar í meiri mæli en í þeim landshlutum sem áður hafa komið til umfjöllunar hjá óbyggðanefnd. Byggð þessi stóð að jafnaði stutt, oft slitrótt, og þegar komið var fram á miðja 20. öld var henni nær alveg lokið. Í kjölfar gildistöku landamerkjalaga voru ýmist gerð sérstök landmerkjabréf fyrir slík heiðarbýli eða þau felld innan landamerkjalýsingar tiltekinnar jarðar.

Samkvæmt ákvæðum nýbýlatilskipunar gat slík býlisstofnun hvort heldur er verið í landi jarðar eða utan þess. Kveðið var á um útmælingu viðkomandi landsvæðis undir stjórn sýslumanns og útgáfu amtmanns á byggingarbréfi til handa nýbýlingi, enda hefði skilyrðum verið fullnægt.

Í þeim tilvikum að stofnað var til nýbýlis í landi jarðar með lögformlegum hætti, sbr. einkum 2. gr. nýbýlatilskipunar, er ljóst að með því hefur ekki orðið breyting á eignarréttarlegri stöðu landsvæðisins. Hér gegnir sama máli og ef þar var stofnað til byggðar með öðrum hætti, svo sem leigu eða sölu hluta jarðar.[419] Um slík landsvæði hlýtur því að fara eftir sömu sjónarmiðum og jarðir almennt, hvernig sem formlegum frágangi hefur verið háttað. Um jarðir almennt vísast nánar til *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*.

Hafi hins vegar tekist byggð utan jarðar, sbr. einkum 4. gr. nýbýlatilskipunar, verður að kanna hvort þar hafi verið stofnað til lögformlegs nýbýlis. Hafi svo verið er ljóst að viðkomandi landsvæði er eignarland, þá þegar af þeirri ástæðu. Ella verður að líta svo á að ekki hafi verið stofnað til beins eignarréttar á grundvelli þeirrar löggjafar. Eignarréttarleg staða viðkomandi landsvæðis breyttist því ekki, hvernig sem henni var farið. Annað mál er að í kjölfarið kann að hafa stofnast þar eignarland á öðrum grundvelli, sbr. lög nr. 46/1905 um hefð.

Heiðarbyggð á Norðausturlandi er nefnd ýmsum nöfnum í heimildum, einkum nýbýli, afbýli, heiðarkot og hjáleiga. Notkun þessara hugtaka er misvísandi og tekur ekki endilega mið af ákvæðum nýbýlatilskipunar eða nýbýlalaga. Þannig kann tiltekið býli að vera nefnt nýbýli í heimildum án þess að byggingarbréf liggi fyrir. Málsmeðferð nýbýlaumsóknar getur þá af einhverjum ástæðum hafa lokið á einhverju stigi, svo sem eftir útmælingu, eða jafnvel ekki hafist yfirleitt. Á hinn bóginn getur verið að byggingarbréf hafi verið gefið út en býlið þrátt fyrir það nefnt annað en nýbýli, t.d. hjáleiga.

Útgáfa byggingarbréfs, sem stundum er nefnt nýbýlaleyfi, tekur af vafa um stofnun eignarlands og að landsvæði hafi frá þeim tíma öðlast stöðu jarðar að lögum. Að öðru leyti hlýtur að þurfa að leggja mat á eignarréttarlega stöðu viðkomandi landsvæðis áður en þar tókst byggð og hvort sú staða hafi tekið breytingum síðan. Í því sambandi ber að líta til þeirra krafna sem Hæstiréttur hefur gert til sönnunar eignarlands, sbr. kafla 6.1.1.

---

[419] Sbr. kafla 4.2. í viðauka.

## 6.2. Landnám

Í kafla 5.1. hér að framan er gerð grein fyrir frásögn *Landnámu* varðandi þau landsvæði sem hér eru til umfjöllunar. Svo sem þar kemur fram segir Sturlubók svo um landnám í Þistilfirði: „Ketill þistill nam Þistilfjörð milli Hundsness og Sauðaness. Hans son var Sigmundr, faðir Laugarbrekku-Einars.“ Hauksbók og Þórðarbók *Landnámu* lýsa landnámsmörkum eins en segja meira af Katli og afkomendum hans. Hundsnes er talið vera Rauðanes, austan við Kollavík, en Sauðanes er talið vera Grenjanes á vestanverðu Langanesi.

Um landnám á Langanesströnd eru Landnámugerðir samhljóða en því er lýst svo: „Gunnólfur kroppa hét maðr, son Þóris hauknefs hersis; hann nam Gunnólfsvík ok Gunnólfsfell og Langanes allt fyrir útan Helkunduheiði ok bjó í Fagravík. Han son var Skúli herkja, faðir Geirlaugar. Finni hét maðr, er nam Finnafjörð ok Miðfjörð. Hans son var Þórarinn, faðir Sigurðar, föður Glíru-Halla. Hróðger en hvíti Hrappsson nam Sandvík fyrir norðan Digranes allt til Miðfjarðar ok bjó á Skeggjastöðum. hans dóttir var Ingibjörg, er átti Þorsteinn enn hvíti.“ Sumar gerðir *Landnámu* kalla Miðfjörð Viðfjörð og Sandvík nefnist nú Bakkafjörður.

Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrlausnum sínum byggt á því að skýrar frásagnir *Landnámu* hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar en talið hæpið að af takmörkuðum lýsingum í *Landnámu* verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi, sbr. einnig dóm Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2005, sem fjallaði um Hoffells-Lambatungur í Nesjum. Af þeim frásögnum *Landnámu* sem að framan er lýst verður ekki ráðið hversu langt inn til landsins landnám náði og að því leyti verða þannig engar afdráttarlausar ályktanir af þeim dregnar. Þá skal þess getið að í máli nr. 5/2005 hjá óbyggðanefnd er komist að sömu niðurstöðu að því er varðar landnámslýsingar í Öxarfirði.

## 6.3. Heiðarmúli

### 6.3.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands Heiðarmúla, sbr. landamerkjabréf dags. 28. júní 1884 og þingl. 16. maí 1885.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá hornmarki heiðarlands Garðs, Flautafells og Heiðarmúla (punktur 12) og þaðan að hornmarki Garðs, Hermundarfells og Heiðarmúla (punktur 13) og síðan eftir Einarsskarðskvísl að Ormarsá (punktur 14). Frá þeim punkti liggur kröfulína ríkisins eftir Ormarsá til

suðurs. Aftur á móti hefur gagnaðili, þinglýstur eigandi Heiðarmúla, lýst kröfu um beinan eignarrétt að landi innan landamerkja Heiðarmúla. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.2.

Að Heiðarmúla liggur til suðurs Þverfellsland en til vesturs er ágreiningssvæði í Öxarfirði sem fjallað er um í máli nr. 5/2005 hjá óbyggðanefnd. Landsvæðið er í 300–500 m hæð. Að norðanverðu er Seljaheiði sem er hallalítil og gróin. Til suðurs hækkar land í Múlum. Múlar eru miklir um sig og lítt grónir og er hæsti tindur þeirra innan svæðisins í 403 m hæð. Þess skal getið að talið er að við landnám hafi land verið betur gróið og gróður náð lengra inn á heiðar en nú er, sbr. greinargerð náttúrufræðings í máli þessu.

### 6.3.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 2 og 1(7) a-b, er á því byggt að grundvöllurinn að beinum eignarrétti að landi hérlendis hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalaus svæði orðið fleiri með tímanum. Samkvæmt lýsingum landnámsheimilda verði ekki ráðið að Þistilfjarðarheiðarnar hafi verið numdar. Afréttarlönd kröfusvæðisins séu átta talsins og Seljalandsheiði eitt þeirra en á þeirri heiði liggi Heiðarmúli. Ríkið heldur því fram að býlið Heiðarmúli hafi verið reist í afrétti eða á almenningi án þess að nýbýlaleyfi hafi verið gefið út. Því hafi eignarréttur yfir landinu ekki stofnast og allt orðið eins og fyrr þegar skammvinn byggð lagðist af.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl nr. 19 og 13(1), er byggt á þinglýstum landamerkjabréfum og öðrum eignarheimildum, fornum og nýjum, sem hann hafi fyrir þessari eign sinni, og einnig þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Þá sé fullur hefðartími liðinn frá því að ofangreint landamerkjabréf var gert. Auk þess hafi ríkið í aldanna rás viðurkennt að landið sé undirorpið eignarrétti og aldrei fyrr haldið öðru fram. Þá er vísað til jafnræðisreglu stjórnsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu. Þannig verði ekki gerðar ríkari kröfur til gagnaðila en annarra jarðeiganda um að færa sönnur fyrir eignarhaldi sínu. Loks er því haldið fram að eignarréttur að landinu hafi stofnast á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar frá árinu 1776.

### 6.3.3. Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Heiðarmúla er rakin í kafla 5.3. Er hér um að ræða eitt svokallaðra heiðarbýla, sbr. kafla 6.1.2., í byggð á árunum 1854-1865 og á árunum 1868–1881. Einnig er rakið þar að viðræður fóru fram um það leyti sem býlið var stofnað þar sem falast var eftir landinu á leigu frá Svalbarðskirkju. Þá liggur fyrir að ábúandi sótti í kjölfarið um nýbýlaleyfi á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar frá árinu 1776. Þeirri beiðni var hins vegar andmælt

af hálfu ábúanda Hermundarfells sem taldi að landsvæðið hefði verið byggt þeirri jörð. Hvorki er til fornt né nýtt mat vegna Heiðarmúla.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Heiðarmúla er lýst í landamerkjabréfi frá 28. júní 1884 og þingl. 16. maí 1885. Einnig verður kannað hvað ráðið verður af öðrum heimildum um það efni en þar nýtur við útmælingar frá 8. júní 1856 vegna stofnunar nýbýlis og lýsingar á merkjum í landamerkjabréfum aðliggjandi landsvæða.

Í landamerkjabréfinu er mörkum að austan og norðanverðu, gagnvart Óttarsstöðum, lýst úr gildragi vestanvert við fjallgarðinn framanvert við Einarsskarð og þaðan eftir Einarsskarðskvísl þar til hún kemur í Ormarsá. Í útmælingunni er að finna sömu lýsingu á þessum merkjum. Ekkert landamerkjabréf er til fyrir Óttarsstaði en í fasteignamatinu frá 1916–1918 fyrir N-Þingeyjarsýslu er að finna lýsingu á landamerkjum Óttarsstaða. Þar segir að Óttarsstaðir eigi landamerki að norðan frá Kollavíkurskarðsöxl syðri í há Urðarás, þaðan í Biskupsásþúfu og svo beint í Ormarsá. Að vestan ráði Ormarsá til upptaka sinna fremst í Mýrarselsbotnum. Að sunnan ráði bein stefna þaðan austur í fjallgarð. Síðan segir að innan þessara merkja sé eyðijörðin Múli en Einarsskarðskvísl ráði merkjum milli þessara tveggja eyðikota. Samkvæmt þessari lýsingu er hluti af landi Heiðarmúla innan merkja Óttarsstaða.

Til vesturs, gagnvart Efri-Hólum, Arnarstöðum, Arnarhóli, Hrauntanga, Þverá, Sandfellshaga og Hafrafellstungu í Öxarfjarðarhreppi, er merkjum lýst í landamerkjabréfinu eftir Ormarsá að Axarfjarðarheiðarþjóðvegi og þaðan eftir þjóðvegi þeim er liggur úr gili á milli Mýrarsels og Djúpárbotna. Í útmælingu er þessum merkjum lýst á sama veg. Um merki aðliggjandi jarða er fjallað í máli 5/2005 en þar kemur fram að merki þeirra geti samrýmst þeim merkjum sem lýst er í landamerkjabréfi Heiðarmúla.

Loks er merkjum í landamerkjabréfinu lýst úr gilinu á milli Mýrarsels og Djúpárbotna í beinni stefnu þvert yfir hæðir og urðir austur í fyrrnefnt Einarsskarðsgil þannig að lýsingin lokast í þeim upphafspunkti. Sömu lýsingu er að finna í útmælingunni. Hluti Heiðarmúla liggur að Garði og fær lýsing á mörkum jarðarinnar í landamerkjabréfi Garðs frá 25. nóvember 1887 og þingl. 26. júní 1890 samrýmst merkjum Heiðarmúla. Í landamerkjabréfi Garðs er einnig lýsing á Þverfellslandi sem aðskilið er frá öðru landi Garðs og liggur að Heiðarmúla. Þar eru merki talin með Djúpá til upptaka sinna í Djúpárbotnum en síðan ráði bein stefna frá upptökum Djúpár yfir Súlnafjallgarð að upptökum Arndísarlæks. Þessar lýsingar geta vel fengið samræmst.

Í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882 var gert landamerkjabréf fyrir Heiðarmúla. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum svæðisins sé þar rétt lýst. Umrætt landamerkjabréf var þinglesið og fært í landamerkjabók. Eftir sem áður þarfnast eignarréttarleg staða þessa landsvæðis athugunar enda þekkt að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir. Með því að gera landamerkjabréf hafa menn ekki getað einhliða aukið við land sitt eða annan rétt. Frá

upphafi Íslandsbyggðar helguðu menn sér ekki eingöngu ákveðin landsvæði, sem voru háð beinum eignarrétti, heldur einnig ítök, afrétti og öll önnur réttindi sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra. Meðan landsvæði gaf eitthvað af sér lágu hagsmunir til þess að halda við merkjum réttindanna, hvers eðlis sem þau voru. Um þetta má t.d. vísa til dóms Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2006 (Hoffellslambatungur).

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Svo sem rakið er í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámabók* hversu langt inn til fjalla landnám á þessu svæði náði. Af því verða engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um hvort í öndverðu hafi verið stofnað til beins eignarréttar á þessu svæði með námi.

Elstu heimildir um eignarhald á þessu svæði er vísitasía fyrir kirkjuna á Svalbarði frá 10. mars 1686 en þar kemur fram að kirkjan eigi land allt austur í Sandá og vestur í Ormarsá og þar að auki Þrætutungur. Þar sem Ormarsá ræður mörkum Heiðarmúla til vesturs er sennilegt að allt það landsvæði sem hér er til umfjöllunar sé innan þessara marka.

Svo sem nánar er rakið í kafla 5.3. falaðist Guðni Sigurðsson eftir því við Vigfús Sigurðsson, prest á Svalbarði, að fá að byggja í landi kirkjunnar vestan fjallgarðs. Því erindi svaraði séra Vigfús með bréfi 3. júní 1854 þar sem hann heimilaði Guðna að byggja bæ á nánar tilgreindu bæjarstæði. Jafnframt gerði presturinn ráð fyrir að koma á heiðina síðar um sumarið til að úthluta landi og ákveða landskuldina eftir nánara samkomulagi. Af þessu varð hins vegar ekki og sótti Guðni um að fá landinu útvísað til stofnunar nýbýlis á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar með bréfi 19. febrúar 1855. Í kjölfarið risu deilur við ábúandann á jörðinni Hermundarfelli sem taldi að kirkjan hefði byggt þeirri jörð land þetta. Ábúandinn var hins vegar reiðubúinn til að sætta sig við orðinn hlut svo lengi sem afgjaldið af Hermundarfelli lækkaði í réttu hlutfalli.

Með bréfi amtmanns 7. janúar 1856 til sýslumanns var þess farið á leit að útvísað yrði hæfilegu landi undir Heiðarmúla á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar. Fór útmælingin síðan fram 8. júlí sama ár en viðstaddur hana var meðal annars séra Vigfús Sigurðsson, prestur á Svalbarði. Að útmælingunni var vikið þegar lýst var merkjum Heiðarmúla hér að framan.

Hinn 15. júlí 1869 ritar Vigfús Sigurðsson, prestur á Svalbarði, bréf til amtmanns og upplýsir að frá því útvísun fór fram á Heiðarmúla sumarið 1856 hafi hver ábúandinn tekið við af öðrum án þess að hann kæmi þar nærri og hafi hann ekkert við það að athuga. Hins vegar hafi hann nýlega orðið þess áskynja að þeir sem hafi landið til umráða vilji eigna sér það sem fornan almenning og svipta Svalbarðskirkju öllu eignarhaldi á því og það muni hann ekki sætta sig við.

Árið 1869 tók séra Gunnar Gunnarsson við Svalbarði af séra Vigfúsi Sigurðssyni. Hinn 22. janúar 1872 ritaði Gunnar bréf til Stefáns Eiríkssonar sem þá

taldi til eignarréttar að Heiðarmúla. Því erindi svaraði Stefán með bréfi 24. sama mánaðar. Þar kemur meðal annars fram að Stefán telji sig eiga Heiðarmúla en hvort hann sé réttmætur eigandi verði landslög að skera úr um. Jafnframt segir hann raunalegt að séra Vigfús hafi ekki framvísað kirkjuskjölum við áreiðargjörðina auk þess sem Stefán bendir á að þar komi ekki fram að hann hafi áskilið sér rétt til áfrýjunar.

Í kjölfar þessa ritar séra Gunnar stiftsyfirvöldum 12. febrúar 1872 og óskaði álits og leiðbeiningar þeirra. Í svarbréfi stiftsyfirvalda 19. apríl sama ár segir að Guðni Sigurðsson hafi leitað leyfis Svalbarðsprests til nýbýlisbyggingar en ekki haft þetta leyfi að neinu því að hann snúi sér beint til amtmanns og óski eftir að öðlast nýbyggjararétt. Í framhaldi af því feli amtmaður sýslumanni að mæla út land samkvæmt nýbýlatilskipuninni. Stiftsyfirvöld telja líklegt að í kjölfarið hafi amtmaður gefið Guðna nýbyggjarabréf en ef ekki þá hafi hann hvort sem er litið á sig sem slíka og farið með býlið sem reglulegt nýbýli. Þannig sé það nú komið í þriðja manns eigu án þess að hægt sé að sjá merki þess að hreyft hafi verið við málum af hálfu Svalbarðskirkju fyrr en nú. Einnig taka stiftsyfirvöld fram í bréfinu að þó svo býlið ætti upphaflega að hafa verið byggt sem afbýli í landi Hermundarfells, eign Svalbarðskirkju, þá geti þau ekki skilið að það hafi verið látið standa nema að presturinn hafi ekki treyst sér að færa sönnur á að kirkjan ætti landið sem Heiðarmúli væri byggður í. Hallast stiftsyfirvöldin að þessu og styrkist það af því að máldagar geti þess ekki að kirkjan eigi land til Axarfjarðarheiðar. Einnig benda stiftsyfirvöld á að fram komi í útdrætti úr kirkjustól Svalbarðskirkju, sem gefinn var út af séra Vigfúsi Sigurðssyni, að fyrir því landi sem fylgi kirkjujörðunum Brekknakoti og Hermundarfelli, en úr því síðarnefnda ætti Heiðarmúli að vera byggður, sé enginn máldagi aðeins nýjar og gamlar lögfestur sem enginn hafi mótmælt. Þar sem lögfestur jafngildi ekki eignarskjölum og hafi enga réttarþýðingu nema þær hafi verið staðfestar fyrir dómi telja stiftsyfirvöld að erfitt geti reynst að sýna fram á hversu mikið heiðarland Svalbarð eigi og hvort Heiðarmúli sé byggður í því landi. Enn fremur telja stiftsyfirvöld að erfitt reynist að sanna hvað af heiðarlandinu hafi verið í stöðugri notkun af Svalbarðskirkju því það liggi í svo mikilli fjarlægð frá henni. Ráðleggja stiftsyfirvöldin því prestinum á Svalbarði að aðhafast ekkert nema full eignarsönnun Svalbarðskirkju fáist fyrir því landi sem Heiðarmúli er byggður í.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að presturinn á Svalbarði hafi gripið til annarra aðgerða en að afla tveggja vitnisburða eldri manna úr sveitinni um að Heiðarmúli væri í landi Svalbarðskirkju.

Landamerkjabréf fyrir Heiðarmúla var ritað 28. júní 1884 og var bréfinu þinglýst 16. maí 1885. Undir bréfið ritar meðal annars Guttormur Vigfússon, vegna marka til austurs og norðurs, en hann var þá prestur á Svalbarði. Nokkru síðar, eða um vorið 1887, var landamerkjabréf vegna Svalbarðs ritað en þar er mörkum ekki lýst

vestar en í Svalbarðsá. Undir það bréf ritar einnig séra Guttormur Vigfússon vegna jarðarinnar.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið hefur ekki annað komið fram til að renna stoðum undir að land sem lagt var til Heiðarmúla hafi verið eignarland Svalbarðskirkju en vísitasía frá 10. mars 1686. Um þetta land sérstaklega nýtur svo ekki við heimilda fyrr en löngu síðar, eða um miðbik 19. aldar, þegar heiðarbýli er reist á landinu. Þótt eignarhald Svalbarðskirkju hafi verið vefengt í kjölfarið bæði af síðari ábúanda Heiðarmúla og stiftsyfirvöldum gerði kirkjan engan reka að því að fá skorið úr þessum ágreiningi eða hafði uppi kröfur af nokkru tagi um að eignarhaldið yrði viðurkennt. Þvert á móti ritar sami prestur sem tekið hafði við jörðinni Svalbarð bæði á landamerkjabréf Heiðarmúla og undir landamerkjabréf Svalbarðs án þess að þar sé nokkuð vikið að því að kirkjan kalli til eignarréttar að landi Heiðarmúla. Að þessu gættu verður ekki talið sannað að land sem lagt var til Heiðarmúla hafi verið úr landi jarðarinnar Svalbarðs. Verður því ekki talið að landsvæðið sé undirorpið eignarrétti nema til hans hafi stofnast á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar frá 15. apríl 1776 eða í skjóli hefðar síðar.

Í málinu liggur ekki fyrir byggingarbréf, útgefið af amtmanni, fyrir nýbýlinu Heiðarmúla. Þá verður ekki ráðið af öðrum gögnum málsins að slíkt bréf hafi verið gefið út. Í þeim efnum er ekki við annað að styðjast en þá fullyrðingu stiftsyfirvalda í bréfi 19. apríl 1872 að slíkt bréf hafi líklega verið gefið út. Sú fullyrðing sem sett er fram sextán árum eftir útvísun landsins er hins vegar ekki studd neinum rökum. Er því vel hugsanlegt að slíkt bréf hafi aldrei verið gefið út en þau tilvik eru þekkt að útmæling lands undir nýbýli hafi farið fram án þess að byggingarbréf hafi verið gefið út. Með því að ekki hefur verið leitt í ljós að fyrirmælum nýbýlatilskipunar hafi verið fullnægt hefur ekki verið sannað að stofnað hafi verið til beins eignarréttar á grundvelli þeirrar löggjafar. Verður því ekki miðað við að eignarréttarleg staða landsvæðisins hafi tekið breytingum á þeim grundvelli. Í þessu sambandi ber að vísa til þeirra krafna sem Hæstiréttur hefur gert til sönnunar eignarlands, sbr. kafla 6.1.1.

Kemur þá til skoðunar hvort stofnast hafi til eignarréttar að landsvæðinu á grundvelli hefðar. Svo sem áður er rakið var Heiðarmúli í byggð á árunum 1854-1865 og á árunum 1868–1881. Talið er að Stefán Eiríksson hafi átt Heiðarmúla þegar landamerkjabréfið fyrir landið var ritað 28. júní 1884. Undir það bréf ritar Jón Sigurðsson en hann mun hafa verið tengdasonur Stefáns. Ekkert liggur fyrir um eignarhald Heiðarmúla þar til Jón Þ. Jónsson, bóndi á Ásmundarstöðum í Norður-Þingeyjarsýslu, afsalar Heiðarmúla 26. nóvember 1943 til Benjamíns Sigvaldasonar. Var afsalinu þinglýst 26. ágúst 1963 með þeirri athugasemd að afsalsgjafi hefði ekki þinglesna eignarheimild fyrir Heiðarmúla. Hinn 31. mars 1967 afsalaði Benjamín Sigvaldason Heiðarmúla til gagnaðila, Barða Friðrikssonar. Ekkert liggur fyrir um með hvaða móti gagnaðili eða þeir sem hann leiðir rétt sinn frá hafa hagnýtt Heiðarmúla frá því að landið fór úr byggð á ofanverðri 19. öld. Möguleg hagnýting

landsins fyrir setningu laga um hefð nr. 46/1905 gat ekki að þágildandi lögum stofnað til eignarréttar yfir landinu. Vísast um þetta til almennra niðurstaðna óbyggðanefndar.[420] Hins vegar þarf að huga nánar að stöðu landsvæðisins eftir gildistöku þeirra laga. Í ljósi *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*[421] og dóma Hæstaréttar um eignarréttarlega þýðingu landamerkjabréfa liggur fyrir að með gerð landamerkjabréfs verður ekki einhliða stofnað til eignarréttar á landsvæði sem ekki er fyrir undirorpið eignarrétti. Þannig háttar óhjákvæmilega til um landamerkjabréf Heiðarmúla. Að frátöldum þeim tímabundnu nytjum sem áttu sér stað innan marka landsvæðisins um miðja 19. öld liggur ekkert fyrir um hagnýtingu þess á síðari tímum og má ætla að hún hafi verið lítil ef nokkur af þeim sem gert hafa tilkall til eignarréttar. Er þá undanskilin aðild að veiðifélagi Ormarsár en að henni verður nánar vikið síðar. Stendur þá það eitt eftir hvort ætlað framsal réttinda til landsvæðisins hafi leitt til breytinga á eignarréttarlegu inntaki yfir landinu. Slíkar ráðstafanir einar og sér geta ekki falið í sér stofnun beins eignarréttar fyrir hefð á grundvelli laga um hefð nr. 46/1905.

Hefur því hvorki verið stofnað til beins eignarréttar á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar né hefðar en af því leiðir að Heiðarmúli hefur ekki stöðu jarðar að lögum, sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefnda*r. Samkvæmt öllu því sem hér hefur verið rakið verður fallist á þá kröfu ríkisins að umrætt landsvæði verði talin þjóðlenda. Að þeirri niðurstöðu fenginni þarf að leysa úr því hvort stofnast hafi til takmarkaðri réttinda innan marka þessarar þjóðlendu en gagnaðili hefur uppi kröfu á þeim grundvelli.

Svo sem hér hefur verið rakið var Heiðarmúli tímabundið í byggð á 19. öld en almennt séð liggur lítið fyrir um afnot landsvæðisins eftir þann tíma. Því má hins vegar slá föstu að fé bænda í sveitinni hefur að meira eða minna leyti runnið um svæðið. Á grundvelli þeirrar hagnýtingar getur gagnaðili hins vegar ekki kallað til réttinda yfir landinu. Þá liggur fyrir í málinu yfirlýsing gagnaðila frá 23. júní 2003 þar sem hann veitir ábúendum Valþjófsstaða heimild til að nýta Heiðarmúla sem afrétt til beitar fyrir sauðfé á tímabilinu frá júní til september ár hvert. Var heimild þessi ótímabundin en uppsegjanleg með árs fyrirvara. Þessi hagnýting gat heldur ekki skapað rétt fyrir gagnaðila enda er ekki unnt að öðlast eignarrétt innan þjóðlendu fyrir nám eða hefð eftir gildistöku laga nr. 58/1998. Fyrir liggur að Heiðarmúli hefur verið í arðskrá Veiðifélags Ormarsár a.m.k. frá árinu 1972. Gagnaðili íslenska ríkisins í máli þessu, Barði Friðriksson, hefur farið með veiði fyrir landi Heiðarmúla og notið arðs af henni í hefðartíma fullan, sbr. hefðarlög nr. 46/1905. Samkvæmt þessu verður ekki fallist á það með gagnaðila að hann hafi öðlast önnur óbein eignarréttindi innan þjóðlendunnar en veiðirétt í Ormarsá.

[420] Sjá viðauka.
[421] Sjá viðauka.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að umrætt landsvæði, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Að austan ræður gildrag vestanvert við fjallgarðinn framanvert við Einarsskarð og fylgir landið Einarsskarðskvísl, sem liggur vestan við fjallgarðinn þar til hún kemur í Ormarsá og ræður þannig umgetin kvísl merkjum að austan og norðanverðu, en upp frá því Ormarsáin að vestanverðu fram að Öxarfjarðarheiðar þjóðvegi. Þar eftir er fylgt farvegi þeim, er liggur úr gili á milli Mýrarsels og Djúpárbotna, og ræður þá bein stefna frá gilinu að sunnan þvert yfir hæðir og urðir, austur að fyrrnefndu Einarsskarðsgili.*

Barði Friðriksson er eigandi veiðiréttar fyrir landi Heiðarmúla í Ormarsá samkvæmt II. kafla laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006.

## 6.4. Þverfellsland (Garður)

### 6.4.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands Garðs. Nánar tiltekið er um að ræða svokallað Þverfellsland, svo sem því er lýst í landamerkjabréfi Garðs, dags. 25. nóvember 1887 og þingl. 26. júní 1890. Einungis Þverfellsland er á þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins og tekur umfjöllunin því eingöngu til þess.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá Lambafjallagróf þar sem hún fellur í Kúðá (punktur 10) og síðan með innri mörkum jarðarinnar Kúðár upp með Lambafjallagróf að upptökum hennar (punktur 11) en þaðan er fylgt innri landamörkum Flautafells þar til þau eiga hornmark við Heiðarmúla (punktur 12) og þaðan í hornmark við merki Heiðarmúla, Garðs og Flautafells (punktur 13). Er landið því allt í þjóðlendu miðað við þessa kröfugerð. Á móti hafa gagnaðilar, þinglýstir eigendur Garðs, lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggi innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1 og kröfum gagnaðila í kafla 3.3.

Að Þverfellslandi liggja til vesturs Sandfellshagi og Heiðarmúli. Til austurs er Kúðá og til suðurs er Hafrafellstunga og Svalbarðskirkjuland. Til norðurs er Flautafell. Landsvæðið sem um ræðir liggur að jafnaði í 300–500 m hæð og er að stórum hluta lítt gróið. Súlnafjallgarður nær yfir mikinn hluta landsins og hefur hann leguna norður-suður. Að vestanverðunni liggja Djúpárbotnar í um 200 m hæð yfir sjávarmáli og er þar votlent og grösugt. Upp af Djúpárbotnum til norðurs og austurs hækkar land. Syðst á svæðinu liggur Súlnafell sem hefur þrjá háa hnjúka í u.þ.b. 500 m hæð. Súlnafell er allbratt að austanverðu. Austan undir austasta hnjúk fjallsins er Súlnatjörn/Súlnafellstjörn í Súlnaflóa. Þar til norðausturs rís Þverfell (u.þ.b. 300 m).

Vestan Þverfells og fyrir miðju landsvæðisins liggur Súlnafjallgarður með leguna norður-suður og er hann allbrattur að austanverðu en hallar minna að vestanverðu. Þess skal getið að talið er að við landnám hafi land verið betur gróið og gróður náð lengra inn á heiðar en nú er, sbr. greinargerð náttúrufræðings í máli þessu.

### 6.4.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 2 og 1(7), er á því byggt að grundvöllurinn að beinum eignarrétti að landi hérlendis hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalaus svæði orðið fleiri með tímanum. Samkvæmt lýsingum landnámsheimilda verði ekki ráðið að Þistilfjarðarheiðarnar hafi verið numdar. Afréttarlönd kröfusvæðisins séu átta talsins og Garðsheiðin eitt þeirra. Heimildir um fjallskil bendi til að hér sé um afrétt að ræða og sé allt Þverfellslandið innan þjóðlendukröfulínu ríkisins.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl nr. 16 og 13(1), er byggt á þinglýstu landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 25. nóvember 1887, og öðrum skráðum eignarheimildum, sem þeir hafi fyrir þessari eign sinni, og einnig þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Þá sé einnig fullur hefðartími liðinn frá því að ofangreindu landamerkjabréfi var þinglýst. Öll afnot og nytjar landsins hafi verið háðar leyfi jarðeigenda enda enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess. Ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land, innan landamerkja, hafi verið undirorpið fullkomnum eignarrétti. Jarðeigendur telja að taka verði *Landnámu* með fyrirvara sem heimild og að röksemdir þess efnis að landnám hafi ekki náð til heiða á Þistilfjarðarsvæðinu séu ekki reistar á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Lögð er áhersla á að landamerki Garðs séu gömul og bendi til þess að fullkominn eignarréttur eigendanna hafi verið virtur á þessu landi frá ómunatíð.

### 6.4.3. Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar jarðarinnar Garðs er rakin í kafla 5.5. Þar kemur fram að Garðs er getið fyrst í heimildum frá 13. öld. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.[422] Í landamerkjabréfi Garðs frá 25. nóvember 1887 er annars vegar lýst merkjum heimalandsins og hins vegar merkjum svokallaðs Þverfellslands, „liggjandi í afréttarlöndum inn til heiða,“ eins og segir í bréfinu. Milli Þverfellslands og Garðs er jörðin Flautafell. Svo sem rakið er í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámabók* hversu langt inn til fjalla landnám á þessu svæði náði. Af því verða engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um hvort í öndverðu hafi verið stofnað til beins eignarréttar á þessu svæði með námi.

---

[422] Sbr. umfjöllun um hugtakið *jörð* í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Þverfellslands er lýst í framangreindu landamerkjabréfi en engar eldri merkjalýsingar hafa komið fram. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Þverfellslandi. Að fenginni niðurstöðu um landamerkin verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins.

Samkvæmt landamerkjabréfi Garðs eru merki Þverfellslands til austurs, gagnvart Kúðá og til suðausturs gagnvart Svalbarðskirkjulandi, miðuð við Svalbarðsá frá Þverfellsárósi að Djúpárósi. Sunnanverðum vesturmerkjum Kúðár er eins lýst í landamerkjabréfi þeirrar jarðar, dags. 12. desember 1922. Bréf Garðs er ekki áritað vegna Kúðá en bréf Kúðár er áritað vegna Garðs. Norðanverðum vesturmerkjum Svalbarðskirkjulands er eins lýst í landamerkjabréfum þess lands, því fyrra frá árinu 1887 og því síðara frá 9. desember 1922. Þessi bréf eru ekki árituð vegna Garðs en bréf Garðs er áritað vegna Svalbarðs.

Samkvæmt landamerkjabréfi Garðs eru merki Þverfellslands til suðurs og suðvesturs, gagnvart Sandfellshaga, miðuð við Djúpá frá ósi til upptaka sinna í Djúpárbotnum. Bréfið er ekki áritað vegna Sandfellshaga. Sunnanverðum austurmerkjum Sandfellshaga er eins lýst í landamerkjabréfi þeirrar jarðar, dags. 16. janúar 1883 og þingl. 25. júní 1884. Landamerkjabréf Sandfellshaga er einnig ekki áritað vegna Garðs. Vegna álitaefnis um merki aðliggjandi jarða, Hafrafellstungu og Sandfellshaga, er vísað til umfjöllunar í kafla 6.5. og 6.6. í máli nr. 5/2005 hjá óbyggðanefnd en þar er lagt til grundvallar, eins og í þessu máli, að Djúpá ráði merkjum gagnvart Þverfellslandi.

Norðanverðum vesturmerkjum Þverfellslands, gagnvart Heiðarmúla, er lýst þannig að bein stefna ráði frá upptökum Djúpár yfir Súlnafjallgarð að upptökum Arndísarlæks. Þessi merki eru samhljóða merkjum Heiðarmúla sem lýst er í landamerkjabréfi fyrir Heiðarmúla, dags. 28. júní 1884 og þingl. 16. maí 1885. Landamerkjabréf Garðs er áritað vegna Heiðarmúla en ekki landamerkjabréf Heiðarmúla vegna Garðs.

Samkvæmt landamerkjabréfi Garðs eru merki Þverfellslands til norðurs og norðausturs gagnvart Flautafelli miðuð við upptök Arndísarlækjar þar sem hann fellur í Þverfellsá en eftir það ræður Þverfellsá frá nefndum lækjarósi að ósi sínum þar sem hún fellur í Svalbarðsá. Merkin eru samhljóða merkjum Flautafells sem lýst er í landamerkjabréfi fyrir þá jörð og dagsett er hinn 16. janúar 1885 og þinglýst 16. maí sama ár. Landamerkjabréf Garðs er samþykkt vegna Flautafells og gagnkvæmt.

Í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882 var gert landamerkjabréf fyrir Garð og þar lýst sérstaklega aðskildu heiðarlandi jarðarinnar, svokölluðu Þverfellslandi, sem hér er til umfjöllunar. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum sé þar rétt lýst. Skjal þetta var þinglesið og innfært í landamerkjabók sýslumanns. Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir þeirri niðurstöðu Hæstaréttar að landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða en hins vegar verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega, sjá nánar í kafla 6.1.1.

Með því að gera landamerkjabréf hafa menn ekki getað einhliða aukið við land sitt eða annan rétt. Frá upphafi Íslandsbyggðar helguðu menn sér ekki eingöngu ákveðin landsvæði, sem voru háð beinum eignarrétti, heldur einnig ítök, afrétti og öll önnur réttindi sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra. Meðan landsvæði gaf eitthvað af sér lágu hagsmunir til þess að halda við merkjum réttindanna, hvers eðlis sem þau voru. Ber um þetta efni sérstaklega að vísa til dóms Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2006 (Hoffellslambatungur).

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Hvergi kemur fram í heimildum að á Þverfellslandi hafi verið búseta af nokkru tagi, sjálfstæð jörð eða hjáleiga. Þess er fyrst getið í landamerkjabréfi Garðs frá árinu 1887. Sú aðgreining Þverfellslands frá Garði sem þar kemur fram bendir til þess að svæðið hafi verið afréttur og aðskilið frá öðru landi jarðarinnar. Engin gögn liggja fyrir um að Þverfellsland hafi nokkurn tíma verið nýtt til annars en sumarbeitar fyrir búfé og annarra takmarkaðra nota. Sama verður einnig ráðið af staðháttum og gróðurfari en um er að ræða fjallaland fjarri byggð. Ábúendur í Garði reka fé á landið en einnig mun fé ganga á landið frá fleiri jörðum. Landið er smalað af jörðum í sveitinni en einnig frá Öxarfirði þaðan sem fé rennur inn á heiðina. Eldri heimildir benda til þess að Garður hafi átt afrétt enda þótt hann sé ekki tilgreindur nánar. Fyrir manntalsþingsrétti að Svalbarði 2. júní 1847 er þannig lesið forboðsskjal þar sem Garðs- og Flautafellsbændur banna rekstur geldfénaðar í afrétt þeirra án leyfis og afborgunar fyrir hverja kind. Jafnframt segir í sóknalýsingu um Garð, frá því um 1875, að þar sé landrými mikið til heiðar en lítið heimaland og létt sauðland heima. Að endingu kemur fram í fasteignamati N-Þingeyjarsýslu 1916–1918 að hluti landsins sé fjallaland.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki, af hálfu eigenda Garðs, verið sýnt fram á að Þverfellsland sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttað hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.[423] Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að Þverfellsland sé í afréttareign Garðs.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem kallað hefur verið Þverfellsland, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Austurmörk eru um Svalbarðsá frá Þverfellsárósi að Djúpárósi, að sunnan og vestan ræður Djúpá frá ósi til upptaka sinna í Djúpárbotnum. Að norðan ræður bein stefna frá upptökum Djúpár yfir Súlnafellsfjallgarð að upptökum Arndísarlæks, þá ræður lækurinn frá*

---

[423] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

> *upptökum til óss síns þar sem hann fellur í Þverfellsá, eftir það ræður Þverfellsá frá nefndum lækjarósi, að ósi sínum, þar sem hún fellur í Svalbarðsá, sem áður er nefndur.*

Sama landsvæði telst til afréttareignar jarðarinnar Garðs, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

## 6.5. Svalbarðskirkjuland

### 6.5.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands Svalbarðs, sbr. landamerkjabréf Svalbarðskirkjulands frá vori 1887, þingl. 26. júní 1890. Um er að ræða syðri hluta þess landsvæðis sem þar er afmarkað en þess er að gæta að á 19. öld var hjáleigunum Kúðá, Fjallalækjarseli og Bægisstöðum skipt út úr heildarsvæðinu. Nýtt landamerkjabréf var síðan gert fyrir jörðina Svalbarð 9. desember 1922 og þingl. árið 1923 en þar er merkjum lýst að norðurmörkum útskipts lands Kúðár og Fjallalækjarsels. Í því bréfi er hins vegar ekkert vikið að landsvæðinu suður af Kúðá, sem hér er til umfjöllunar. Í kafla 6.6 verður fjallað um Bægisstaði. Af hálfu íslenska ríkisins er miðað við að kröfugerð þess nái ekki norður fyrir merki Kúðár og Fjallarlækjarsels. Eigandi Svalbarðs telur að kröfugerðin taki til lands sem tilheyri Svalbarði.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína með Skjónulæk að þúfu á móts við Tvísteina og í þá (punktur 9). Þaðan liggur línan að landamörkum Kúðár og með fram þeim í suðurátt í punkt 9A. Þaðan liggur línan með fram landamörkum Svalbarðskirkjulands og Kúðár í punkt 10 sem er hornpunktur milli Svalbarðskirkjulands, Garðsheiðar og Kúðár. Síðan er fylgt innri mörkum jarðarinnar Kúðár í norður þar til línan sker Flautafellsmerkin (punktur 11). Á móti hefur gagnaðili, þinglýstur eigandi Svalbarðs, lýst kröfu um beinan eignarrétt að umræddu landsvæði sunnan kröfulínu ríkisins sem hann telur liggja innan merkja jarðarinnar samkvæmt eldra landamerkjabréfi frá árinu 1887. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.4.

Að því landsvæði sem hér er til úrlausnar liggur Kúðá til norðurs en til vesturs eru Hafrafellstunga og Þverfellsland til norðvesturs. Til austurs eru Bægisstaðir og Vatnsendi til suðausturs. Landsvæðið sem um ræðir er hluti af Búrfellsheiði. Svæðið er að mestu gróin háslétta í um 300 m hæð yfir sjávarmáli. Á svæðinu er nokkuð af vötnum og er það að miklum hluta votlendi. Austasti hlutinn afmarkast af Sandá að austan og Mosfellskvísl að vestan en svæðið á milli ánna myndar tungu og kallast nyrsti hluti hennar Mosfellstunga. Syðri hluti tungunnar kallast Stóranes. Um miðja tunguna rís Stóra-Mosfell (385 m) en sunnan þess eru mýraflákar. Norðvestan Stóra-Mosfells liggur Litla-Mosfell (397 m). Vestan Litla-Mosfells er nokkuð um vötn og kallast þau saman Búrfellsvötn. Norðan Stóra-Mosfells liggja Svalbarðsnúpar (703 m)

og er fjallið mikið um sig. Sunnan í því er brattur hnjúkur er kallast Hlíðarhorn (550 m). Vestan undir Svalbarðsnúpum lækkar land til vesturs og er þar hallalítið, gróið og votlent svæði. Nokkrar kvíslar renna um svæðið norður í Svalbarðsá sem rennur norðvestan svæðisins. Ber þar að nefna Langáskvísl og Vatnakvísl. Frá bæjarstæði Svalbarðs í 385 m hæðarpunkt í Stóra-Mosfelli eru um 25 km í beinni loftlínu.

Þess skal getið að talið er að við landnám hafi land verið betur gróið og gróður náð lengra inn á heiðar en nú er, sbr. greinargerð náttúrufræðings í máli þessu.

### 6.5.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 2 og 1(7) a-b, er á því byggt að grundvöllurinn að beinum eignarrétti að landi hérlendis hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalaus svæði orðið fleiri með tímanum. Samkvæmt lýsingum landnámsheimilda verði ekki ráðið að Þistilfjarðarheiðarnar hafi verið numdar. Búrfellsheiðin sé staðsett á Svalbarðskirkjulandinu og eitt af átta afréttarlöndum kröfusvæðisins. Sóknarlýsingar Svalbarðskirkju segi að ytri hluti Búrfellsheiðar sé kirkjuland og liggi undir Svalbarð. Ekki sé svo að skilja að almenningar Þistilfjarðar endi þarna og eignarlönd taki við. Við skoðun á því verði að hafa í huga að sóknarlýsingin sé rituð af hálfu kirkjunnar og því ekki litið hlutlaust á málin. Endi almenningurinn hér væri ekki almenningur norðar og sú ályktun verði ekki dregin af áframhaldi lýsingarinnar. Þykir því eðlilegra að líta á þetta kirkjuland eins og Hrunaheiðar, sem úrskurðað var þjóðlenda, eða Skjaldbreið sem einnig var úrskurðað þjóðlenda. Allt Svalbarðskirkjulandið sé innan þjóðlendu eins og það afmarkast af aðliggjandi jörðum og byggist sú afmörkun á því sem að ofan er rakið sem og öðrum heimildum um mörk almenninga á þessum slóðum.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl nr. 26 og 13(1), er byggt á þinglýstu landamerkjabréfi Svalbarðskirkjulands frá vori 1887 ásamt þinglýstum afsölum og öðrum skráðum eignarheimildum sem þeir hafi fyrir þessari eign sinni og einnig þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Þá er því einnig haldið fram að fullur hefðartími sé liðinn frá því að flestum landamerkjagjörðum var þinglýst. Öll afnot og nytjar landsins séu háðar leyfi jarðeigenda enda enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur Svalbarðs og hjáleigur þess. Landsvæði þetta sé um margt líkt svokallaðri Tunguheiði er fylgir Bræðratungukirkju í Biskupstungum og viðurkennt hafi verið sem eignarland. Að virtum staðháttum og gróðurfari á þessum slóðum sé ljóst að Svalbarðskirkjuland teljist frekar til jarða í Svalbarðshreppi heldur en til afréttaralmennings sem teldist nú þjóðlenda. Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Í ljósi þeirra gjörninga sem liggja fyrir um ráðstöfun landsins er því haldið fram að jarðeigendur hafi fært fram nægar heimildir fyrir eignartilkalli sínu. Það sé því ríkisins að hrekja staðhæfingu jarðeigenda að

þrætulandið sé ekki fullkomin eign þeirra. Ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land, innan landamerkja, sé undirorpið fullkomnum eignarrétti. Taka verði heimildargildi *Landnámu* með fyrirvara og fullyrðing þess efnis að landnám hafi ekki náð til heiða á Þistilfjarðarsvæðinu sé ekki reist á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Lögð er áhersla á að landamerki Svalbarðs séu gömul en það bendi til að fullkominn eignarréttur eigendanna hafi verið virtur á þessu landi frá ómunatíð.

### 6.5.3. Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Svalbarðskirkjulands er rakin í kafla 5.6. Þar kemur fram að Svalbarðs er fyrst getið í máldagasafni Auðunar rauða Þorbergssonar Hólabiskups frá árinu 1318. Af heimildum verður ráðið að Svalbarð er sjálfstæð jörð en um er að ræða forna kirkjujörð hreppsins sem sveitarfélagið er kennt við.[424] Svo sem rakið er í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámabók* hversu langt inn til fjalla landnám á þessu svæði náði. Af því verða engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um hvort í öndverðu hafi verið stofnað til beins eignarréttar á þessu svæði með námi.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Svalbarðskirkjulands er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar frá árinu 1887 og hvað ráðið verður af eldri heimildum um sama efni en þær eru helstar vísitasíu- og máldagabók Jóns biskups Vigfússonar frá árunum 1685–1687, vitnisburður Jóns Benediktssonar, prests í Svalbarði, frá árinu 1861, kirkjustólsbók frá árinu 1871 og skráning Guttorms Vigfússonar, prests á Svalbarði, frá árinu 1885. Jafnframt verður litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Eins og áður er vikið að er eingöngu til úrlausnar það landsvæði sem liggur suður af Kúðá og er innan kröfusvæðis ríkisins. Athugun þessi tekur því eingöngu til merkja á því svæði. Að fenginni niðurstöðu um landamerki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem er til umfjöllunar.

Samkvæmt landamerkjabréfi Svalbarðskirkjulands eru merki jarðarinnar til vesturs, gagnvart Hafrafellstungu og til norðvesturs gagnvart Garði (Þverfellsland), miðuð við Svalbarðsá frá ósi upp þangað sem Djúpá fellur í hana, síðan Djúpá að ytri Langássenda og svo Langás en síðan skilur heiðarlönd Svalbarðskirkju og Hafrafellstungu bein lína úr fremri Langássenda suður í upptök kvíslar þeirrar er fellur austur úr stóra Búrfellsvatni (Hólmavatn), þaðan réttsýnis yfir vatnið austan við hólma í melhól þann sem er norðaustan við Búrfell. Þaðan réttsýnis í Dettifossá og ræður sú á síðan landamerkjum austur til Sandár. Austurmerkjum Hafrafellstungu er eins lýst í landamerkjabréfi þeirrar jarðar, dags. 20. júní 1888 og þingl. 29. júní sama ár. Bréf Svalbarðskirkjulands er áritað af hálfu Hafrafellstungu og bréf Hafrafellstungu vegna Svalbarðs. Suðausturmerkjum Garðs (Þverfellsland) er eins lýst í landamerkjabréfi

[424] Sbr. umfjöllun um hugtakið *jörð* í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

þeirrar jarðar, dags. 25. nóvember 1887 og þingl. 26. júní 1890. Bréf Svalbarðskirkjulands er ekki áritað af hálfu eigenda Garðs en bréf Garðs er áritað vegna Svalbarðskirkjulands.

Samkvæmt vísitasíu- og máldagabók Jóns biskups Vigfússonar frá árunum 1685–1687 virðast merkin hafa náð mun lengra til vesturs en þar segir að Svalbarðskirkja eigi land allt milli Sandár að austan og Ormarsár að vestan auk þess sem tekið er fram að kirkjan eigi þar að auki Þrætutungur. Varðveittur er vitnisburður Jóns Benediktssonar, sem var prestur á Svalbarði á árunum 1817–1838, um landeign Svalbarðskirkju í Þistilfirði, frá árinu 1861, en mörk Svalbarðs til vesturs og norðvesturs samkvæmt þeim vitnisburði virðast í megindráttum þau sömu og koma fram í landamerkjabréfi fyrir jörðina. Þá eru merkin jafnframt í samræmi við upplýsingar sem færðar voru í kirkjustólsbók árið 1871 eftir annarri kirkjustólsbók frá árinu 1818.

Samkvæmt landamerkjabréfi eru merki Svalbarðskirkjulands til austurs, gagnvart Vatnsenda eða Álandstungu, miðuð við Sandá sem allt til sjávar myndar austurmörk jarðarinnar. Vesturmerkjum Vatnsenda er eins lýst í landamerkjabréfi fyrir Vatnsenda, dags. 4. júní 1889 og þingl. 26. júní 1890. Bréf Vatnsenda er ekki áritað af hálfu Svalbarðs og sama á við um bréf Svalbarðskirkjulands. Úr Svalbarðskirkjulandi var skipt hjáleigunni Bægisstöðum á síðari hluta 19. aldar og miðast norðausturhluti landsins við vestur- og suðurmörk Bægisstaða eins og þau eru afmörkuð í landamerkjabréfi fyrir Bægisstaði, dags. 12. desember 1922, þingl. 1923, sem hljóðar svo: „Frá fremra Hlíðarhorni þvert í Sandá; með henni að Skjónulæk, ræður svo lækurinn að torfvörðu móts við Tvísteina, frá vörðunni í Tvísteina. Frá Tvísteinum ræður bein lína að neðanverðri Lambafjallsgróf þar sem hún fellur í Kúðá. Þaðan ræður nefnd gróf að upptökum hennar; síðan þvert yfir Núpa í Hlíðarhorn.“ Landamerkjabréf Bægisstaða er ekki áritað vegna Svalbarðskirkjulands.

Austurmerki Svalbarðskirkjulands virðast lengi hafa verið miðuð við Sandá, frá upptökum og til sjávar. Sú lýsing kemur fyrst fram í vísitasíu og máldagabók Jóns biskups Vigfússonar frá árunum 1685–1687 og síðar einnig í vitnisburði séra Jóns Benediktssonar um landeign Svalbarðskirkju í Þistilfirði, frá árinu 1861. Jafnframt er austurmerkjum Svalbarðskirkjulandsins lýst á sama hátt í kirkjustólsbók árið 1871, sem er rituð upp eftir annarri kirkjustólsbók frá árinu 1818, og sömu lýsingu má einnig finna í skráningu Guttorms Vigfússonar, prests á Svalbarði, á merkjum jarðarinnar frá árinu 1885.

Merki Svalbarðskirkjulands til norðurs eru miðuð við sjó samkvæmt umræddu landamerkjabréfi jarðarinnar frá árinu 1887. Eins og áður er rakið var Kúðá skipt úr jörðinni á 19. öld og liggur landsvæðið, sem hér er til umfjöllunar, sunnan við Kúðá. Í landamerkjabréfi fyrir þá jörð frá árinu 1922 eru suðurmörk jarðarinnar miðuð við Tvísteina, frá þeim beint í Lambafjallagróf þar sem hún fellur í Kúðá. Ræður svo

grófin að upptökum. Þaðan beint í Jarpkolluhól norðan undir Svalbarðsnúpum og þaðan beint í Svalbarðsá.

Í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882 var gert landamerkjabréf fyrir Svalbarðskirkjuland vorið 1887. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum jarðarinnar sé þar rétt lýst. Landamerkjabréf Svalbarðskirkjulands var undirritað af eiganda jarðarinnar þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Svalbarðskirkjulands hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst. Sá formgalli, sem á landamerkjabréfi Svalbarðskirkjulands er að því leyti að áritun vantar vegna Kúðár, Garðs, Vatnsenda og Bægisstaða, verður ekki talinn hafa efnislega þýðingu hér.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Elstu heimildir um eignarhald á þessu svæði er vísitasía fyrir kirkjuna á Svalbarði frá 10. mars 1686 en þar kemur fram að kirkjan eigi land allt austur í Sandá og vestur í Ormarsá og þar að auki Þrætutungur. Af þessari lýsingu að dæma liggur það landsvæði sem hér er til umfjöllunar innan þessara marka en mörk svæðisins eru dregin um Sandá, svo sem áður var rakið. Þá liggja Þrætutungur á mörkum svæðisins til norðvesturs. Einnig hnígur í sömu átt vitnisburður Jóns Benediktssonar, sem var prestur á Svalbarði á árunum 1817–1838, um landeign Svalbarðskirkju í Þistilfirði, frá árinu 1861, en þar er landareign kirkjunnar lýst milli Sandár og Svalbarðsár allt inn að Dettifossá, hæsta hrygg Búrfells og Búrfellsvötnum. Það sama verður einnig ráðið af kirkjustólsbók frá árinu 1871 sem skrifuð var upp eftir kirkjustólsbók frá árinu 1818 en sú bók var einnig skrifuð eftir enn eldri kirkjustólsbók. Í þessari heimild segir að landareign kirkjunnar frá öndverðu sé tungan á milli Svalbarðsár og Sandár. Einnig kemur fram að frá upptökum Dettifossár liggi eitt lítið mýrarsund vestur til Svalbarðsár upptaka en síðan segir: „og eru það sögð landamerki að landeign kyrkjunnar á þá síðu sem til heiðar veit, hver landaeign eg ekki veit til að sje með lögum kyrkjunni frákomið“.

Þær eldri heimildir sem hér hafa verið raktar verða taldar samræmast landamerkjabréfi fyrir Svalbarðskirkjuland sem ritað var vorið 1887. Jafnframt verða þessar heimildir taldar styrkja sönnunargildi bréfsins um að landið sem þar er lýst hafi verið undirorpið beinum eignarrétti. Þá hafa engar heimildir komið fram sem fara í bága við bréfið eða veikja það sem sönnunargagn um eignarhaldið. Í því sambandi breytir engu þótt síðar hafi verið gert nýtt landamerkjabréf 9. desember 1922 sem aðeins lýsir mörkum landsins til suðurs að Kúðá og Fjallalækjarseli. Er þá til þess að líta að beint tilefni var til að gera nýtt bréf sem lýsti þeim mörkum með hliðsjón af því að landi hafði verið skipt úr jörðinni en minna máli hefur skipt að lýsa landinu suður til heiða. Verður því eingöngu talið að yngra bréfið feli í sér lýsingu á mörkum

jarðarinnar að því leyti og hafi ekki komið í stað eldra bréfs jarðarinnar sem lýsir mörkunum á öllu landi jarðarinnar eins og það var áður en jörðinni var skipt upp.

Með afsali 13. apríl 1956 á grundvelli laga nr. 4/1946 um sölu þjóðjarða og kirkjujarða var jörðin seld til Þorláks Stefánssonar. Samkvæmt afsalinu var jörðin seld með öllum gögnum og gæðum án þess að nokkur hluti af landi hennar væri undanskilinn. Núverandi eigandi jarðarinnar er sonur Þorláks og leiðir rétt sinn frá honum.

Ekki eru heimildir um annað en jörðin Svalbarð hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan tilgreindra marka í landamerkjabréfum hafa eigendur jarðanna farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Land jarðanna til suðurs inn til heiða hefur þar ekki verið undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Ekki verður annað séð en þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land jarðarinnar Svalbarðs innan kröfulínu ríkisins hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Svalbarðs sunnan við kröfulínu ríkisins sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[425]

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að Svalbarðskirkjuland, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.6. Bægisstaðir

### 6.6.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands Bægisstaða, sbr. landamerkjabréfi, dags. 12. desember árið 1922 og þingl. árið 1923. Landið er hluti af og liggur allt innan þess landsvæðis sem afmarkað er í fyrra landamerkjabréfi Svalbarðskirkju frá árinu 1887 og þingl. 26. júní 1890.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína í Balafellsbrún (punktur 6) og þaðan í Tröllkonuhlaup í Sandá (punktur 7). Þaðan er Sandá fylgt í norðurátt þar til kemur að innri landamörkum Fjallalækjarsels við Skjónulæk (punktur 8), síðan upp lækinn að þúfu á móts við Tvísteina og í þá (punktur 9). Þaðan liggur línan að landmörkum

---

[425] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Kúðár og með fram þeim í suðurátt í punkt 9A. Á móti hafa gagnaðilar, þinglýstir eigendur Fjallalækjarsels, lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggi innan þeirra merkja sem lýst er í landamerkjabréfi fyrir Bægisstaði. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.5.

Að Bægisstöðum liggur Svalbarðskirkjuland til vesturs og suðurs og Kúðá til norðvesturs. Til austurs eru Hafursstaðir og Vatnsendi. Til norðurs er Fjallalækjarsel. Landsvæðið sem um ræðir er aflangt og hefur leguna norður-suður. Svæðið liggur norðaustan og austan Svalbarðsnúpa og er gróið. Suðvestan til liggur Bægisstaðahlíð sem er löng og brött hlíð mót austri, vestan Mosfellskvíslar. Bröttust er hún syðst. Norðan og austan Bægisstaðahlíðarinnar er land hallalítið og gróið. Frá bæjarstæði Bægisstaða að Fremra-Hlíðarhorni á Svalbarðsnúpum eru um 5,5 km í beinni loftlínu.

Þess skal getið að talið er að við landnám hafi land verið betur gróið og gróður náð lengra inn á heiðar en nú er, sbr. greinargerð náttúrufræðings í máli þessu.

### 6.6.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 2 og 1(7) a-b, er á því byggt að grundvöllurinn að beinum eignarrétti að landi hérlendis hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalaus svæði orðið fleiri með tímanum. Samkvæmt lýsingum landnámsheimilda verði ekki ráðið að Þistilfjarðarheiðarnar hafi verið numdar. Afréttarlönd kröfusvæðisins séu átta talsins og Búrfellsheiðin eitt þeirra en eftir að Kúðá, Bægisstaðir og Grímsstaðir fóru í eyði megi segja að heiðin nái alveg að landamerkjum Svalbarðssels og Fjallalækjarsels. Bægisstaðir séu fyrst byggðir 1832, á þeim tíma sem heiðarbýlaþróunin var að hefjast í landinu. Miklar efasemdir séu um að býlið hafi verið reist í eignarlandi þrátt fyrir skráningu sem hjáleiga og líklegra sé að það hafi verið reist í afréttarlandi Svalbarðskirkju. Allt land Bægisstaða, eins og því er lýst í landamerkjabréfi, er innan þjóðlendukröfulínu ríkisins.

Af hálfu gagnaðila er byggt á þinglýstum landamerkjabréfum og öðrum eignarheimildum, fornum og nýjum, sem hann hafi fyrir þessari eign sinni, og einnig þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Þá sé fullur hefðartími liðinn frá því að ofangreint landamerkjabréf var gert. Gagnaðili telur að taka verði heimildargildi *Landnámu* með fyrirvara auk þess sem hann heldur því fram að fullyrðing þess efnis að landnám hafi ekki náð til heiða á Þistilfjarðarsvæðinu sé ekki reist á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Heimildir um jörðina ná allt til ársins 1402 og bendi til þess að búseta hafi verið á þessu svæði frá ómunatíð.

### 6.6.3. Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Bægisstaða er rakin í kafla 5.7. Þar kemur fram að Bægisstaða er getið fyrst í eyðibýlaskrá í Ferðabók Ólafs

Ólavíusar en þar er nefndur Bæjarstaður uppi í heiði sem farið hafi í eyði árið 1402. Byggð hófst að nýju árið 1830 og stóð samfellt til ársins 1887 en frá þeim tíma og til ársins 1913 var býlið í eyði. Síðar var búið á Bægisstöðum frá 1913–1926. Svo sem rakið er í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámabók* hversu langt inn til fjalla landnám á þessu svæði náði. Af því verða engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um hvort í öndverðu hafi verið stofnað til beins eignarréttar á þessu svæði með námi.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Bægisstaða er lýst í landamerkjabréfi þeirra frá 12. desember 1922. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Bægisstöðum og hvað ráðið verður af öðrum heimildum um sama efni. Athugun þessi tekur til alls lands Bægisstaða eins og það er afmarkað í landamerkjabréfi en umrætt svæði er allt innan kröfulínu íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Bægisstaða verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins.

Samkvæmt landamerkjabréfi Bægisstaða eru merki þeirra til austurs gagnvart Vatnsenda og Hafursstöðum miðuð við Sandá og með henni að Skjónulæk en lækurinn ræður að torfvörðu móts við Tvísteina. Norðanverðum vesturmerkjum Vatnsenda er eins lýst í landamerkjabréfi fyrir það landsvæði frá 4. júní 1889 sem þinglýst var 26. júní 1890. Bréf Vatnsenda er ekki áritað vegna Bægisstaða en bréf Bægisstaða er áritað vegna Vatnsenda. Vesturmerkjum Hafursstaða er jafnframt lýst eins í landamerkjabréfi þeirrar jarðar sem útbúið var 29. janúar 1883 og þinglýst 5. júní 1889. Þetta bréf er ekki áritað vegna Bægisstaða en bréf Bægisstaða er áritað vegna Hafursstaða. Í fyrra landamerkjabréfi Svalbarðskirkju frá árinu 1887, þar sem lýst er í heild merkjum þess lands sem talið var eign kirkjunnar, eru merki til austurs einnig miðuð við Sandá.

Sömu merkjalýsingu er að finna í byggingarbréfi frá 20. nóvember 1867 en þá byggði séra Vigfús Sigurðsson á Svalbarði Jóni Jónssyni kirkjuhjáleiguna Bægisstaði. Einnig er merkjum eins lýst í úttekt sem gerð var á Bægisstöðum hinn 9. september 1913.

Samkvæmt landamerkjabréfi eru merki Bægisstaða til norðurs, gagnvart Fjallalækjarseli, og til vesturs og suðurs, gagnvart landi Svalbarðskirkju og Kúðá, miðuð við torfvörðu sem er við Skjónulæk til móts við Tvísteina, frá vörðunni í Tvísteina en þaðan ræður bein lína að neðanverðri Lambafjallsgróf þar sem hún fellur í Kúðá. Þaðan ræður nefnd gróf að upptökum hennar en síðan þvert yfir Núpa í Hlíðarhorn. Bréfið er áritað vegna Kúðár en ekki vegna Fjallalækjarsels og Svalbarðs. Merkjum Fjallalækjarsels er eins lýst í fasteignamati N.-Þingeyjarsýslu frá 1916–1918. Í áðurgreindu landamerkjabréfi Svalbarðskirkju er ekki að finna neina lýsingu á þessum merkjum enda ekki um að ræða línu sem liggur á mörkum þess lands sem lýst er í því landamerkjabréfi. Samkvæmt landamerkjabréfi Kúðár frá 12. desember 1922 og þingl. árið 1923, er merkjum gagnvart Bægisstöðum eins lýst. Bréf Kúðár er áritað vegna Bægisstaða.

Lýsingu á merkjum Bægisstaða til norðurs, vesturs og suðurs er einnig að finna í úttekt sem gerð var á jörðinni hinn 9. september 1913 og virðist hún vera í samræmi við landamerkjabréf Bægisstaða. Þar er lýsingin þó ekki jafnítarleg og í landamerkjabréfinu en í úttektinni segir m.a.: „[...] þaðan bein stefna að Lambafellsgróf, þaðan bein stefna í fremra Hlíðarhorn.“ Hér er ekki minnst á „*neðanverða* Lambafjallsgróf *þar sem hún fellur í Kúðá“* og síðar „*þvert yfir Núpa* í Hlíðarhorn“, líkt og segir í landamerkjabréfi. Merkjalýsing úttektarinnar styðst einnig við byggingarbréf frá 20. nóvember 1867 en þar vantar þó lýsingu á merkjum til vesturs. Þótt merkjalýsing að þessu leyti sé ekki jafn glögg í eldri heimildum verður það ekki talið benda til að lýst sé öðrum merkjum en í landamerkjabréfinu.

Í kjölfar þess að lög um landamerki, nr. 41/1919, taka gildi er gert landamerkjabréf fyrir Bægisstaði. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum Bægisstaða sé þar rétt lýst. Landamerkjabréf Bægisstaða var undirritað af þeim sem taldi til réttar yfir landinu, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Bægisstaða hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst. Sá formgalli á landamerkjabréfi Bægisstaða að því leyti að áritun vantar vegna Svalbarðskirkjulands og Fjallalækjarsels verður ekki talinn hafa efnislega þýðingu hér.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Bægisstaðir eru nefndir í eignaskrá Svalbarðskirkju frá árinu 1751. Þar er upptalning á jörðum kirkjunnar í heimalandi og eru Bægisstaðir nefndir þar ásamt jörðunum Brekknakoti, Flögu, Hjálmavík og Kúðarseli. Í brauðamati Svalbarðsprestakalls sem nær yfir fardagaárið 1838–1839 kemur fram að meðal byggðra jarða kirkjunnar séu Bægisstaðir, Hermundarfell og Hermundarfellssel. Í brauðamati Svalbarðskirkju frá 1854 segir að hjáleigur jarðarinnar séu Flaga, Svalbarðssel, Fjallalækjarsel, Grímsstaðir, Kúðá, Bægisstaðir og Óttarstaðir en þá fylgi jörðinni einnig kirkjujarðirnar Hermundarfell og Hermundarfellshjáleiga. Í skýrslu um tekjur Svalbarðsprestakalls sem samin var 8. júní 1867 kemur einnig fram að Bægisstaðir séu hjáleiga prestakallsins. Þá liggur fyrir byggingarbréf frá 20. nóvember 1867 þess efnis að séra Vigfús Sigurðsson á Svalbarði byggi Jóni Jónssyni kirkjuhjáleiguna Bægisstaði. Þessar heimildir hníga allar að því að Bægisstaðir hafi verið hluti af Svalbarði sem er sjálfstæð jörð[426] í hreppnum sem sveitarfélagið er kennt við.

[426] Sbr. umfjöllun um hugtakið *jörð* í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Svo sem áður er rakið er allt það land sem lýst er í landamerkjabréfi Bægisstaða innan marka þess lands sem lýst er í fyrra landamerkjabréfi Svalbarðskirkju frá vori 1887. Í kafla 6.5. eru raktar eldri heimildir sem falla að því bréfi og styrkja sönnunargildi bréfsins um að landið sem þar er lýst hafi verið undirorpið beinum eignarrétti. Þessar heimildir hafa sömu þýðingu gagnvart landamerkjabréfi Bægisstaða enda er um að ræða hluta af sama landi og lýst er í umræddu landamerkjabréfi Svalbarðskirkju.

Að slepptum þeim heimildum sem hér hafa verið raktar um eignarhald Bægisstaða hefur ekkert komið fram sem fer í bága við landamerkjabréf fyrir landið eða veikir það sem sönnunargagn um eignarhaldið.

Síðustu ábúendur Bægisstaða voru bræðurnir Kjartan og Guðmundur Jónssynir. Í málinu liggur fyrir óundirritaður og óþinglýstur kaupsamningur þeirra við ríkið um jörðina og er samningurinn dagsettur 18. febrúar 1915. Landamerkjabréf fyrir Bægisstaði var gert 12. desember 1922 en undir það rita þeir Guðmundur og Kjartan. Bréfið var samþykkt af ábúendum Kúðár, Urðarsels, Grímsstaða í Þistilfirði, fulltrúum Svalbarðshrepps og eiganda Vatnsenda. Kjartan lést og eftir það fluttist Guðmundur í Fjallalækjarsel ásamt ekkju Kjartans. Ekkjan giftist síðar öðrum manni og eignuðust þau einn son, Þorleif Gunnarsson, en hann er faðir Gunnars Þorleifssonar sem hefur uppi tilkall til þessa landsvæðis. Eftir að byggð lagðist af á Bægisstöðum árið 1926 hefur býlið verið í eyði. Samkvæmt framansögðu leikur vafi á því hvort komist hafi á kaup um Bægisstaði þannig að landinu hafi verið ráðstafað frá ríkinu. Hugsanlegur ágreiningur um eignarhaldið að því leyti heyrir ekki undir óbyggðanefnd enda getur jörðin undir þessum kringumstæðum ekki talist þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998.

Ekki eru heimildir um annað en Bægisstaðir hafi allt fram til 1926 verið byggðir og nýttir eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Til þess tíma hafa eigendur jarðanna farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Eftir að Bægisstaðir fóru í eyði hefur landið verið nýtt af bændum í sveitinni til beitar og upprekstrar sauðfjár.

Ekki verður annað séð en þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land Bægisstaða, sem allt liggur innan kröfulínu ríkisins, hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Svalbarðs sunnan við kröfulínu ríkisins sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé

eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[427]

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Bægisstaða, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.7. Vatnsendi

### 6.7.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands Vatnsenda, sbr. landamerkjabréf dags. 4. júní 1889 og þingl. árið 1890.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína þaðan sem Grasmannalækur rennur í Hölkná (punktur 4) og eftir henni liggur línan að innri landamörkum Hafursstaða (punktur 5) og þeim fylgt í Balafellsbrún (punktur 6). Þaðan er farið í Tröllkonuhlaup í Sandá (punktur 7). Samkvæmt þessari kröfugerð er allt landsvæðið innan þjóðlendu Á móti hafa gagnaðilar, Svalbarðshreppur og þinglýstir eigendur Ytra-Álands, gert þá kröfu að landsvæðið verði lýst eignarland. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.6. og 3.7.

Að Vatnsenda liggja til vesturs Bægisstaðir, Svalbarðskirkjuland, Hafrafellstunga og Hvannstaðir. Til norðurs eru Hvappur og Hafursstaðir en Laxárdalur er til austurs. Landsvæðið sem um ræðir er aflangt og hefur leguna norður-suður. Svæðið liggur í 200–520 m hæð yfir sjávarmáli. Austan til er land fjalllent en vestan til er land hallalítið og gróið. Nyrst á landsvæðinu liggur Balafellið (434 m). Sunnan Balafells liggur Vatnsendahnjúkur (400 m) en á milli þeirra er Vatnsendaskarð. Vestur undir Vatnsendahnjúk liggur Vatnsendavatn í um 280 m yfir sjávarmáli og er land þar hallalítið. Sunnan tekur við Álftadyngjufjallgarður sem er allbrattur að vestanverðunni en hallaminni að austanverðunni. Syðst á fjallgarðinum er Álftadyngjufjallgarðshaus (523 m). Sunnan og vestan Álftadyngjufjallgarðshauss hallar land mót vestri.

Þess skal getið að talið er að við landnám hafi land verið betur gróið og gróður náð lengra inn á heiðar en nú er, sbr. greinargerð náttúrufræðings í máli þessu.

### 6.7.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 2 og 1(7) a-b, er á því byggt að grundvöllurinn að beinum eignarrétti að landi hérlendis hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalaus svæði orðið fleiri með tímanum. Samkvæmt lýsingum landnámsheimilda

[427] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

verði ekki ráðið að Þistilfjarðarheiðarnar hafi verið numdar. Afréttarlönd kröfusvæðisins séu átta talsins og Álandstungan eitt þeirra en land Vatnsenda liggi á Álandstungunni ofanverðri. Nafnið sé dregið af nöfnum þeirra bæja sem einir standa eftir í byggð en nú séu eyðibýli í Álandstungu. Hér bendi leitarfyrirkomulag til að um þjóðlendu sé að ræða er innar dregur í heiðinni og séu önnur atriði því til stuðnings.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl nr. 28 og 13(1), er byggt á þinglýstu landamerkjabréfi og öðrum eignarheimildum, fornum og nýjum, sem hann hafi fyrir þessari eign sinni, og einnig þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Af hálfu sveitarfélagsins er því haldið fram að landið hafi verið tekið upp í skuld fyrri eiganda við sveitarsjóð og því sé landamerkjabréf fyrir svæðið undirritað af hreppsnefndarmönnum. Þá er bent á að fullur hefðartími sé liðinn frá því ofangreint landamerkjabréf var gert. Krafa til landsvæðisins byggist og á fornum heimildum um Álandstungu, einkum jarðaskjölum Hólastóls og öðrum skráðum eignarheimildum. Gagnaðili telur að taka verði *Landnámu* með fyrirvara sem heimild og að það verði að telja röksemdir ríkisins þess efnis að landnám hafi ekki náð til lands Álandstungunnar ósannaðar enda ekki reistar á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Þvert á móti sé ljóst að Álandstungan, sem öll sé vafin hinum fegursta gróðri, hafi verið grundvöllur landnáms á þessu svæði.

Eigendur Ytra-Álands gera einnig kröfu til þessa landsvæðis og er krafan sett fram við hlið annarra kröfulýsinga eigenda lands á Álandstungu, bæði eigenda jarðanna Vatnsenda og Laxárdals, og þeim til fyllingar, sbr. skjöl nr. 31 og 13(1). Í því felst að viðurkenndur er eignarréttur þeirra innan þinglýstra merkja ofangreindra jarða. Verði hins vegar ekki talið að viðhlítandi sönnun hafi verið færð fyrir eignarhaldi þeirra eða landsvæði á Álandstungu að einhverju marki talið utan merkja jarða er byggt á því að það land sé eign Ytra-Álands. Því er haldið fram að Álandstungan hafi aldrei verið nytjuð af öðrum en þeim jörðum sem á Álandstungu hafa verið. Gangnakofi og heiðargirðing séu í eigu Ytra- og Syðra-Álands og sjái ábúendur um allt viðhald á þessum eignum. Að öðru leyti er vísað til sömu sjónarmiða og fram koma hjá Svalbarðshreppi hér að framan.

### 6.7.3. Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Vatnsenda er rakin í kafla 5.8. Þar kemur fram að Vatnsenda er fyrst getið í *Jarðatali Johnsens* árið 1847 og skráður sem sérmetin eign í *Nýrri jarðabók* árið 1861. Er hér um að ræða eitt svokallaðra heiðarbýla, sbr. kafla 6.1.2., í byggð á árunum 1840–1843 og á árunum 1844–1862.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvernig merkjum Vatnsenda er lýst í landamerkjabréfi frá 4. júní 1889 og þingl. 26. júní 1890. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Vatnsenda og hvað ráðið verður af öðrum heimildum um sama efni. Athugun þessi tekur til alls lands Vatnsenda eins og það er afmarkað í landamerkjabréfi en umrætt svæði er allt innan kröfulínu íslenska

ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Vatnsenda verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins.

Samkvæmt landamerkjabréfi fyrir Vatnsenda eru merki hans til norðurs gagnvart Hafursstöðum og Hvappi miðuð við Tröllkonuhlaup við Sandá beint í austur í Balafellsbrún, þaðan eftir brúninni suður í Vatnsendaskarð. Þaðan í austur ræður lækur sá er rennur úr skarðinu í Hólkná. Bréfið er áritað vegna Hafursstaða og Hvapps. Merkjum Hafursstaða til suðvesturs er eins lýst í landamerkjabréfi fyrir það landsvæði, frá 29. janúar 1883 og þingl. 5. júní 1889, og vesturmerkjum Hvapps er einnig eins lýst í landamerkjabréfi fyrir það landsvæði frá 8. maí 1890 og þingl. 26. júní sama ár. Bæði bréfin eru árituð vegna Vatnsenda.

Samkvæmt landamerkjabréfi Vatnsenda eru merki landsvæðisins til austurs gagnvart Laxárdal miðuð við Hölkná frá Skarðslæk inn að Krubbnalæk og ræður hann til upptaka sinna sem eru utan undir Álftadyngjufjallgarðshaus en þaðan ræður sama stefna í suður þar til tekin verður bein lína vestur í Sandá um Þorsteinsnef. Sunnanverð vesturmerki Laxárdals, eins og þeim er lýst í landamerkjabréfi frá 15. ágúst 1886 og þingl. 1887, eru miðuð við Hölkná frá sjó að Fremri-Skarðslæk en svo ræður lækurinn til upptaka sinna sem eru norðan undir Lambafjallgarði. Þá ræður Lambafjallgarðsbrún til foss í Hölkná en eftir það ræður nefnd á suður á móts við vesturhorn á Heljardalsfjöllum. Að áliti óbyggðanefndar leikur enginn vafi á því að með „lækurinn“ í þessari lýsingu er átt við Krubbnalæk enda kemur lýsingin að öðrum kosti ekki heim og saman við önnur gögn og staðhætti. Þótt orðalag á merkjalýsingum í umræddum landamerkjabréfum séu ekki í fullu samræmi verður þó ekki séð að hér sé lýst mismunandi merkjum. Þetta styður einnig að landamerkjabréf Vatnsenda er áritað vegna Laxárdals. Bréf Laxárdals er hins vegar ekki áritað vegna Vatnsenda.

Hins ber að geta að eigendur Ytra-Álands gera, svo sem fyrr segir, vara- eða fyllingarkröfu sem eingöngu kemur til álita ef ekki verður fallist á kröfur Svalbarðshrepps. Afmörkun þeirra á mörkum gagnvart Laxárdal er ekki sú sama og að framan er lýst heldur austan við Lambafjallgarð. Þessi afmörkun er hins vegar ekki í samræmi við lýsingar landamerkjabréfa eða aðrar heimildir um jarðirnar. Ekki virðist sem hún styðjist við annað en óstaðfestar munnmælasögur frá 19. öld sem getið er í *Ritsafni Þingeyinga II*, sjá nánar í kafla 5.10. Getur þetta því ekki komið til frekari álita í málinu.

Að öðru leyti eru merki Vatnsenda til suðurs og vesturs, gagnvart Hvannstöðum, „afréttarlandi á Hólsfjöllum“, Hafrafellstungu, Svalbarðskirkjulandi og Bægisstöðum, samkvæmt landamerkjabréfi miðuð við upptök Krubbnalækjar sem eru utan undir Álftadyngjufjallgarðshaus en þaðan ræður, svo sem fyrr segir, sama stefna í suður þar til tekin verður bein lína vestur í Sandá um Þorsteinsnef en síðan ræður Sandá frá Þorsteinsnefi til Tröllkonuhlaups. Norðanverðum austurmerkjum Hvannstaða er lýst í landamerkjabréfi þess landsvæðis, sem útbúið var 24. júní 1890

og þingl. 12. júní 1891, með Sandá en þaðan beina stefnu í Þorsteinsnef og þaðan í Sandhaug á Alptadyngjufjallgarði en svo ræður fjallgarðurinn frá Sandhaug að Klettagili. Þetta bréf er ekki áritað vegna Vatnsenda en bréf Vatnsenda er áritað af þeim sem töldu til réttar yfir Hvannstöðum. Þessar landamerkjalýsingar geta vel fengið samrýmst. Í landamerkjabréfi fyrir „afréttarland á Hólsfjöllum", sem útbúið var 3. júní 1890 og þingl. 12. júní 1891, eru merki til austurs frá Klettagili og þaðan suður austan við Bungu. Bréfið er ekki áritað vegna Vatnsenda. Þessi lýsing er ónákvæm og verður ekki af henni ráðið hvort eða hvernig hún fær samrýmst afmörkun Vatnsenda þar á móti. Lýsingar virðast þó ekki í ósamræmi. Sunnanverðum austurmerkjum Hafrafellstungu er lýst í landamerkjabréfi frá 20. janúar 1888 og þingl. 29. júní sama ár, en þau eru í samræmi við merki Vatnsenda. Bréf Hafrafellstungu er ekki áritað vegna Vatnsenda og landamerkjabréf Vatnsenda er heldur ekki áritað vegna Hafrafellstungu. Sunnanverðum austurmerkjum Svalbarðskirkjulands, eins og þeim er lýst í landamerkjabréfi, frá árinu 1887 og þingl. 26. júní 1890, er einnig lýst í samræmi við merki Vatnsenda. Bréf Svalbarðskirkjulands er ekki áritað vegna Vatnsenda en bréf Vatnsenda er áritað af eigendum Svalbarðskirkjulands. Bægisstöðum var skipt út úr landi Svalbarðskirkju og því er það landsvæði innan þeirra merkja sem lýst er í bréfi Svalbarðskirkju frá árinu 1887.

Merkjum Vatnsenda er einnig lýst í fasteignamati N.-Þingeyjarsýslu 1916–1918. Þar er þeim lýst með sama hætti og í landamerkjabréfi Vatnsenda nema austurmerkjum en um þau segir í fasteignamatinu: „Ræður svo áin [Hólkná] suður að Krubbnalæk eða móts við Lambafjall garðenda ytri. Ræður svo fjallgarðurinn suður á móts við Þórsteinsnef." Í landamerkjabréfinu er ekki miðað við fjallgarðinn heldur ræður Krubbnalækur til upptaka sinna sem eru utan undir Álftadyngjufjallgarðshaus en þaðan ræður sama stefna í suður þar til tekin verður bein lína í vestur í Sandá um Þorsteinsnef. Ekki verður betur séð en þessar lýsingar séu í samræmi.

Vatnsendi er á því landsvæði sem kallast Álandstunga. Í heimild frá árinu 1379, sem nánar verður vikið að hér síðar, eru vesturmerki Álands einnig miðuð við Sandá og austurmerkin við Hölkná.

Í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882 var þannig gert landamerkjabréf fyrir Vatnsenda. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum svæðisins sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Umrætt landamerkjabréf var þinglesið og fært í landamerkjabók. Eftir sem áður þarfnast eignarréttarleg staða þessa landsvæðis athugunar enda þekkt að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir. Með því að gera landamerkjabréf hafa menn ekki getað einhliða aukið við land sitt eða annan rétt. Frá upphafi Íslandsbyggðar helguðu menn sér ekki eingöngu ákveðin landsvæði, sem voru háð beinum eignarrétti, heldur einnig ítök, afrétti og öll önnur réttindi sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra. Meðan landsvæði gaf eitthvað af sér lágu hagsmunir til þess að halda við merkjum réttindanna, hvers

eðlis sem þau voru. Um þetta má t.d. vísa til dóms Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2006 (Hoffellslambatungur).

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Svo sem rakið er í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámabók* hversu langt inn til fjalla landnám á þessu svæði náði. Af því verða engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um hvort í öndverðu hafi verið stofnað til beins eignarréttar á þessu svæði með námi.

Í ritaðri heimild frá árinu 1379 segir að Ásgeir prestur Jónsson hafi selt klaustrinu á Möðruvöllum jörðina Áland í Þistilfirði fyrir lausafé. Einnig segir að jörðin eigi „alla iardar eign millum halknar. ok sandar. land gaugn ok fioru gaugn". Þessi lýsing nær mögulega, a.m.k. að einhverju leyti, til þess lands sem í dag er gert tilkall til vegna Vatnsenda sem liggur milli Sandár og Hölknár. Hins vegar liggur ekkert fyrir um tengsl þess eignarhalds við kröfur þeirra sem nú kalla til eignarréttar að svæðinu. Hér brestur því sönnun um samhengi eignarréttar og sögu. Engar heimildir finnast að öðru leyti um eignarhald á umræddu svæði fyrr en liðið er á 19. öld og Vatnsendi kemur til sögunnar. Svo sem áður er vikið að er Vatnsenda getið í *Jarðabók Johnsens* og *Nýrri jarðabók*. Þá er getið eyðibýlisins Fagraness sem einnig var nefnt Halldórskot, mun hafa verið skammt frá bænum á Vatnsenda og innan marka þess lands sem í dag er gert tilkall til vegna Vatnsenda. Þá liggur fyrir að Vatnsendi var í byggð á árunum 1840-1843 og á árunum 1844–1862 án þess að fyrir liggi á grundvelli hvaða heimildar stofnað var til býlisins. Eftir að byggð lagðist af á Vatnsenda hefur landið verið nýtt til hefðbundinna afréttarnota af jörðum í sveitinni.

Síðasti ábúandinn á Vatnsenda var Sigurður Jóakimsson en hann andaðist 17. júní 1862. Hinn 16. desember 1862 ritaði hreppstjóri Svalbarðshrepps sýslumanni bréf með uppskriftargerð af eignum dánarbúsins. Þar kemur fram að ekkjan hafi ekki getað haldið búskap áfram, enginn hafi verið til að flytja á jörðina og enginn nálægur getað eða viljað kaupa jörðina en erfingjarnir þarfnist stórlega verðsins fyrir hana. Í bréfi sýslumanns til hreppstjóra 31. mars 1863 kemur fram að sýslumaður sjái ekki betur en jörðina beri að selja við opinbert uppboð þá um vorið. Það uppboð fór ekki fram því að búi Sigurðar var skipt 12. október 1863 og þá var Vatnsendi enn óseldur. Við skiptin var Vatnsendi lagður út sem arfshluti til barna Sigurðar.

Landamerkjabréf fyrir Vatnsenda var gefið út 4. júní 1889 en undir það rita meðlimir í hreppsnefnd Svalbarðshrepps. Er á því byggt í málinu af hálfu Svalbarðshrepps að sveitarfélagið hafi tekið jörðina upp í skuld fyrri eiganda við sveitarsjóð. Að tilhlutan óbyggðanefndar hefur Þjóðskjalasafnið kannað uppboðsbók Þingeyjarsýslu og þar kemur ekkert fram um uppboð á Vatnsenda frá árinu 1863 þar til landamerkjabréf var gert. Einnig er Vatnsenda ekki getið meðal eigna sveitarfélagsins í Hreppsbók Svalbarðshrepps frá árunum 1855–1874. Á hinn bóginn kemur fram í reikningi yfir tekjur og gjöld fátækrasjóðsins í Svalbarðshreppi fardagaárið 1877–1878 að 100 krónur hafi verið greiddar fyrir Vatnsendaland.

Svo sem fyrr segir liggja ekki fyrir nein gögn um það í skjóli hvaða heimildar stofnað var til býlis á Vatnsenda þegar komið var fram á miðbik 19. aldar. Þannig verður hvorki séð að landið hafi verið byggt ábúendum af einhverjum sem taldi til eignarréttar að svæðinu né að gerður hafi verið nokkur reki að því að stofna til nýbýlis á grundvelli nýbýlatilskipunar frá árinu 1776. Af því leiðir að Vatnsendi hefur ekki stöðu jarðar að lögum, sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar. Svalbarðshreppur reisir eignartilkall sitt eingöngu á því að sveitarfélagið leiði rétt sinn frá fyrri eiganda Vatnsenda.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að Vatnsendi sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttað hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Í því sambandi skal tekið fram að hagnýting landsins þegar það var í byggð á árunum 1840–1862 fyrir setningu laga um hefð nr. 46/1905 gat ekki að þágildandi lögum stofnað til eignarréttar að landinu. Vísast um þetta til almennra niðurstaðna óbyggðanefndar.[428] Þá leiðir rannsókn óbyggðanefndar einnig til þeirrar niðurstöðu að á umræddu landsvæði sé þjóðlenda.[429] Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að Vatnsendi sé afréttur Svalbarðshrepps en landið hefur verið nýtt til beitar af jörðum innan sveitarfélagsins.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að umrætt landsvæði, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Að norðan ræður Tröllkonuhlaup við Sandá og þaðan bein lína í austur í Balafellsbrún. Þá ræður brúnin í Vatnsendaskarð og þaðan ræður lækur sá er úr skarðinu kemur í Hölkná. Að austan ræður Hölkná frá Skarðslæk inn að Krubbnalæk og ræður hann til upptaka sinna, sem eru utan undir Álftadyngjufjallgarðshaus en þaðan ræður sama stefna í suður þar til tekin verður bein lína vestur í Sandá um Þorsteinsnef. Að vestan ræður Sandá frá Þorsteinsnefi til Tröllkonuhlaups.*

Sama landsvæði er í afréttareign Svalbarðshrepps, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

---

[428] Sjá viðauka.
[429] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

## 6.8. Hvappur

### 6.8.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands Hvapps, sbr. landamerkjabréf dags. 8. maí 1890 og þingl. 26. júní sama ár.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína þaðan sem Grasamannalækur rennur í Hölkná (punktur 4) og eftir henni liggur línan að innri landamörkum Hafursstaða (punktur 5) og þeim fylgt í Balafellsbrún (punktur 6). Gagnaðilar, þinglýstir eigendur Syðra-Álands, hafa aftur á móti lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggi innan þeirra merkja sem lýst er í landamerkjabréfi fyrir Hvapp. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.7. og 3.8.

Að Hvappi liggur Vatnsendi til suðurs og vesturs. Til austurs er Laxárdalur og til norðurs eru Hafursstaðir. Landsvæðið sem um ræðir er hallalítið, gróið votlendi og liggur það að mestu í 200–300 m hæð yfir sjávarmáli. Hölkná rennur með landsvæðinu austanverðu og hækkar það jafnt og þétt til vesturs þar til kemur að austurhlíðum Balafells (434 m) þar sem land tekur að hækka skarpt.

Þess skal getið að talið er að við landnám hafi land verið betur gróið og gróður náð lengra inn á heiðar en nú er, sbr. greinargerð náttúrufræðings í máli þessu.

### 6.8.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 2 og 1(7) a-b, er á því byggt að grundvöllurinn að beinum eignarrétti að landi hérlendis hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalaus svæði orðið fleiri með tímanum. Samkvæmt lýsingum landnámsheimilda verði ekki ráðið að Þistilfjarðarheiðarnar hafi verið numdar. Afréttarlönd kröfusvæðisins séu átta talsins og Álandstungan eitt þeirra en land Hvapps liggi á Álandstungunni miðri. Nafnið sé dregið af nöfnum þeirra bæja sem einir standa eftir í byggð en nú séu eyðibýli í Álandstungu. Hér bendi leitarfyrirkomulag til að um þjóðlendu sé að ræða er innar dregur í heiðinni og séu fyrrnefnd atriði því einnig til stuðnings.

Af hálfu gagnaðila er byggt á þinglýstu landamerkjabréfi Hvapps frá árinu 1890 en þar komi fram að þáverandi eigandi Syðra-Álands sé eigandi Hvapps. Er því haldið fram að jörðin sé afbýli frá Syðra-Álandi og liggi undir þá jörð. Núverandi eigendur Syðra-Álands skorti hins vegar þinglýsta eignarheimild. Fullur hefðartími sé liðinn frá því ofangreint landamerkjabréf var gert. Á þessum grundvelli kalla eigendur Syðra-Álands eftir óskoruðum eignarrétti fyrir landinu með öllum gögnum og gæðum. Eigendur hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi Hvapps og hafi landsvæði þetta fylgt Syðra-Álandi um langt skeið og verið grundvöllur búsetu þar enda mikilvægt

beitiland. Taka verði heimildargildi *Landnámu* með fyrirvara og fullyrðing þess efnis að landnám hafi ekki náð til heiða á Þistilfjarðarsvæðinu sé ekki reist á neinum hlutlægum sönnunargögnum.

Eigendur Ytra-Álands gera einnig kröfu til þess landsvæðis sem afmarkað er í landamerkjabréfi Hvapps og er hún sett fram við hlið annarra kröfulýsinga eigenda lands á Álandstungu og þeim til fyllingar. Þessi kröfulýsing nær til mun stærra landsvæðis en lýst er í landamerkjabréfi Hvapps og vísast til umfjöllunar um hana í kafla 6.7. um Vatnsenda.

### 6.8.3. Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Hvapps er rakin í kafla 5.9. Þar kemur fram að Hvapps er fyrst getið í heimildum frá manntalsþingi sem haldið var á Svalbarði hinn 23. júní 1840. Hvapps er einnig getið í *Jarðatali Johnsens* árið 1847 sem býlis í leiguábúð auk þess sem jarðamatið 1849–1850 segir jörðina byggða úr landi Ytra- og Syðra-Álands. *Ný jarðabók* frá árinu 1861 telur landið hins vegar sérstaka eign með tilteknu mati. Er hér um að ræða eitt svokallaðra heiðarbýla, sbr. kafla 6.1.2., í byggð á árunum 1840–1886.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Hvapps er lýst í landamerkjabréfi frá 8. maí 1890 og þingl. 26. júní sama ár. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Hvappi og hvað ráðið verður af öðrum heimildum um sama efni. Athugun þessi tekur til alls lands Hvapps, eins og það er afmarkað í landamerkjabréfi, en umrætt svæði er allt innan kröfulínu íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Hvapps verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins.

Samkvæmt landamerkjabréfi Hvapps eru merki landsvæðisins til norðurs, gagnvart Hafursstöðum, miðuð við beina línu að utan í vestur úr Hólkná, miðja vegu milli Hafursstaða og Hvapps í Balafellsbrún. Austanverðum suðurmerkjum Hafursstaða er eins lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar sem útbúið var 29. janúar 1883 og þingl. 5. júní 1889. Landamerkjabréf Hafursstaða er áritað vegna Hvapps og bréf Hvapps er áritað vegna Hafursstaða.

Í landamerkjabréfinu eru merki landsvæðisins til vesturs og suðurs, gagnvart Vatnsenda, miðuð við Balafellsbrún og með henni suður í Vatnsendaskarð en svo ræður lækur sá er úr skarðinu rennur í Hólkná. Austanverðum norðurmerkjum Vatnsenda er eins lýst í landamerkjabréfi þess landsvæðis frá 4. júní 1889 sem þinglýst var 26. júní 1890. Bréf Vatnsenda er áritað vegna Hvapps og bréf Hvapps er jafnframt áritað vegna Vatnsenda.

Þá lýsir landamerkjabréfið mörkum til austurs, gagnvart Laxárdal, um Hólkná, frá þeim stað þar sem lækur úr Vatnsendaskarði rennur í ána. Þaðan er Hólkná fylgt þar til tekin verður bein lína í vestur úr ánni, miðja vegu milli Hafursstaða og Hvapps í Balafellsbrún. Vesturmerkjum Laxárdals er eins lýst í landamerkjabréfi þeirrar jarðar

sem útbúið var 15. ágúst 1886 og þinglýst 18. maí 1887. Þetta bréf er ekki áritað vegna Hvapps og bréf Hvapps er ekki áritað vegna Laxárdals. Í heimild frá árinu 1379 er lýst í heild merkjum Álands þegar landsvæðið var selt Möðruvallaklaustri. Þar eru merki landsins til austurs einnig miðuð við Hölkná.

Í fasteignamati Norður-Þingeyjarsýslu 1916–1918 er einnig að finna lýsingu á merkjum Hvapps og má fullyrða að um sé að ræða sömu lýsingu.

Í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882 var gert landamerkjabréf fyrir Hvapp. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum svæðisins sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Umrætt landamerkjabréf var þinglesið og fært í landamerkjabók. Eftir sem áður þarfnast eignarréttarleg staða þessa landsvæðis athugunar enda þekkt að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir. Með því að gera landamerkjabréf hafa menn ekki getað einhliða aukið við land sitt eða annan rétt. Frá upphafi Íslandsbyggðar helguðu menn sér ekki eingöngu ákveðin landsvæði, sem voru háð beinum eignarrétti, heldur einnig ítök, afrétti og öll önnur réttindi sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra. Meðan landsvæði gaf eitthvað af sér lágu hagsmunir til þess að halda við merkjum réttindanna, hvers eðlis sem þau voru. Um þetta má t.d. vísa til dóms Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2006 (Hoffellslambatungur).

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Svo sem rakið er í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámabók* hversu langt inn til fjalla landnám á þessu svæði náði. Af því verða engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um hvort í öndverðu hafi verið stofnað til beins eignarréttar á þessu svæði með námi.

Í rituðri heimild frá árinu 1379 segir að Ásgeir prestur Jónsson hafi selt klaustrinu á Möðruvöllum jörðina Áland í Þistilfirði fyrir lausafé. Einnig segir að jörðin eigi „alla iardar eign millum halknar. ok sandar. land gaugn ok fioru gaugn“. Þessi lýsing nær mögulega, a.m.k. að einhverju leyti, til þess lands sem í dag er gert tilkall til vegna Hvapps sem liggur vestan Hölknár. Hins vegar liggur ekkert fyrir um tengsl þess eignarhalds við kröfur þeirra sem nú kalla til eignarréttar að svæðinu. Hér brestur því sönnun um samhengi eignarréttar og sögu. Engar heimildir finnast að öðru leyti um eignarhald á umræddu svæði fyrr en liðið er á 19. öld og Hvappur kemur til sögunnar.

Hinn 21. janúar 1820 ritaði Stefán Einarsson, prestur í Sauðanesi, bréf til biskups og óskaði álits á því hvort höfða ætti mál á hendur eiganda Álands af því tilefni að hann hafði byggt eyðikotið Hafurstaði dóttur sinni til ábúðar en Hafurstaðir liggja fyrir norðan Hvapp. Í bréfinu vísaði prestur til þess að eigandi Álands hefði engin gögn fyrir því hversu langt land hans næði. Hafursstaðir hefðu verið í eyði frá stóru plágu en kotið liggi undir Balafelli. Samkvæmt máldagabók Ólafs biskups Rögnvaldssonar frá árinu 1461 ætti kirkjan hins vegar selför undir eða hjá Balafelli sem ekki hafi verið notað síðan í tíð Ólafs Guðmundssonar prófasts en hann hélt

Sauðnes á árunum 1567 til 1609. Hvappur mun vera byggður í fornum seltóftum frá þessum tíma.

Á manntalsþingi sem haldið var á Svalbarði 23. júní 1840 var lesið upp bréf frá prestinum á Sauðanesi, Stefáni Þorsteinssyni, þar sem hann bannaði nýbýlismönnum á Hafursstöðum og Hvappi að greiða Þorsteini Bjarnasyni, eiganda jarðarinnar Bakka, leigu fyrir ábúð eða leita leyfis hans fyrir landnýtingu þar sem þeir byggju í Sauðaneskirkjulandi. Á sama manntalsþingi komu einnig fram mótmæli við fleiri nýbýlum í sveitinni.

Hinn 21. febrúar 1845 var gert kaupbréf fyrir Hvapp en með því selur Þorsteinn Bjarnason landið til Jóns Andréssonar. Þorsteinn seldi einnig Hafursstaði með kaupbréfi 22. janúar sama ár. Kaupbréfið fyrir Hvapp var þinglýst á manntalsþingi 19. júní 1845 en fyrir Hafursstaði 2. júní 1847. Jón Andrésson, sem keypti Hvapp, átti son að nafni Jón Jónsson og kvæntist hann Kristbjörgu Jónsdóttur. Eftir að Jón andaðist giftist Kristbjörg Lárusi Guðmundssyni, eiganda Syðra-Álands, en landamerkjabréfið fyrir Hvapp frá 8. maí 1890 er undirritað í hans nafni. Í fasteignamati Norður-Þingeyjarsýslu er eigandi jarðarinnar sagður Sigurður Jónsson, bóndi á Brimnesi við Seyðisfjörð, en hann var sonur Kristbjargar og Jóns, fyrri eiginmanns hennar.

Af þeim gögnum sem hér hafa verið rakin virðist Hvappur hafa verið byggður í skjóli heimildar frá Þorsteini Bjarnasyni sem kallaði til eignarréttar að svæðinu. Þeirri ráðstöfun var hins vegar andmælt af hálfu prestsins í Sauðanesi sem taldi kirkjuna eiga selför undir eða við Balafell. Í málinu nýtur ekki við neinna gagna sem rennt geta stoðum undir eignarhald Þorsteins að umræddu landsvæði. Þá verður heldur ekki séð á hvaða grundvelli landið getur hafa komist í eigu kirkjunnar á Sauðanesi en sú ályktun verður ekki dregin af því einu að kirkjan hafi átt sel á svæðinu. Er þá til þess að líta að til slíks búskapar var jafnan stofnað á svæðum sem öllum var heimilt að nýta. Loks liggur ekki fyrir að stofnað hafi verið til nýbýlis að Hvappi á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar frá árinu 1776. Af því leiðir að Hvappur hefur ekki stöðu jarðar að lögum, sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*. Eftir að byggð lagðist af árið 1886 hefur Hvappur verið nýttur til beitar eins og annað heiðarland á þessum slóðum.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að Hvappur sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttað hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Í því sambandi skal tekið fram að hagnýting landsins þegar þar var býli á árunum 1840–1886 fyrir setningu laga um hefð nr. 46/1905 gat ekki að þágildandi lögum stofnað til eignarréttar að landinu. Vísast um þetta til *Almennra*

*niðurstaðna óbyggðanefndar*.[430] Þá leiðir rannsókn óbyggðanefndar einnig til þeirrar niðurstöðu að á umræddu landsvæði sé þjóðlenda.[431]

Í málinu gera ekki aðrir kröfu um óbein eignarréttindi að landsvæðinu en eigendur Syðra- og Ytra-Álands. Fyrir liggur og er ágreiningslaust að landsvæðið hefur verið nýtt til beitar frá þessum jörðum og verður landið því talið í afréttareign þeirra jarða.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að umrætt landsvæði, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Að utan ræður bein lína í vestur úr Hölkná miðjavega milli Hafursstaða og Hvapps í Balafellsbrún svo ræður fjallsbrúnin suður í Vatnsendaskarð en svo ræður lækur sá er úr skarðinu rennur í Hölkná. Að austan ræður Hölkná.*

Sama landsvæði er í afréttareign Syðra- og Ytra-Álands, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

## 6.9. Laxárdalur

### 6.9.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands Laxárdals, sbr. landamerkjabréf frá 15. ágúst 1886 og þingl. 18. maí 1887.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá þeim punkti þar sem Hávarðsdalsá rennur í Hafralónsá (punktur 2), þaðan í punkt (3) þar sem Grasmannalækur rennur úr Bræðravötnum en þaðan er læknum fylgt að Hölkná (punktur 4). Á móti hafa gagnaðilar, þinglýstir eigendur Laxárdals, lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggi innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.9.

Að Laxárdal liggja til vesturs Vatnsendi, Hvappur, Hafursstaðir og Áland og til austurs Hvammur og Gunnarsstaðir. Að norðanverðu er hafið og til suðurs landsvæði sem Svalbarðshreppur hefur gert tilkall til í máli þessu. Landsvæðið sem um ræðir er aflangt og hefur leguna norður-suður. Svæðið liggur í 200 til rúmlega 600 m hæð yfir sjávarmáli. Hölknárdalur liggur um mitt landsvæðið norðan til og rennur Hölkná um hann til norðurs. Nokkuð er um vatnsföll á svæðinu. Austan Hölknárdals liggur Nautatungufjall (584 m) en vestan dalsins liggur Lambafjallgarður (483 m). Norðan til er land gróið og votlent en er sunnar dregur minnkar gróðurinn. Sunnan til

[430] Sjá viðauka.
[431] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

á svæðinu er land hálent og fjalllent. Þess skal getið að talið er að við landnám hafi land verið betur gróið og gróður náð lengra inn á heiðar en nú er, sbr. greinargerð náttúrufræðings í máli þessu.

### 6.9.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 2 og 1(7) a-b, er á því byggt að grundvöllurinn að beinum eignarrétti að landi hérlendis hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalaus svæði orðið fleiri með tímanum. Af lýsingum landnámsheimilda verði ekki ráðið að Þistilfjarðarheiðarnar hafi verið numdar. Dalsheiðin sé annar austasti afréttur Þistilfirðinga og einn af átta afréttarlöndum kröfusvæðisins. Þá er vísað í sýslu- og sóknarlýsingar Þingeyjarsýslu frá árunum 1839–1844 því til stuðnings að innan þjóðlendulínunnar séu almenningar. Kröfulína ríkisins er dregin þvert yfir landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi fyrir jörðina og byggist sú afmörkun á upplýsingum um mörk almenninga í Þistilfirði á þessum slóðum.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl nr. 23 og 13(1), er byggt á þinglýstu landamerkjabréfi jarðarinnar, frá 15. ágúst 1886 og þingl. 18. maí 1887, ásamt þinglýstum afsölum og öðrum skráðum eignarheimildum þeirra, auk þinglýstra landamerkjabréfa aðliggjandi jarða. Einnig er vísað til þess að fullur hefðartími sé liðinn frá því að landamerkjabréfum var þinglýst. Ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að land innan þessara merkja sé undirorpið fullkomnum eignarrétti. Ekkert komi fram í málatilbúnaði ríkisins sem bendi til annars en allt land innan landamerkja Laxárdals hafi verið nýtt sem fullkomið eignarland eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Taka verði *Landnámu* með fyrirvara sem heimild og röksemdir þess efnis að landnám hafi ekki náð til heiða á Þistilfjarðarsvæðinu séu ekki reistar á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Lögð er áhersla á að landamerki Laxárdals séu gömul en það bendi til að fullkominn eignarréttur hafi verið virtur á þessu landi frá ómunatíð.

### 6.9.3. Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Laxárdal er rakin í kafla 5.10. Þar kemur fram að Laxárdals er fyrst getið í heimildum frá því á 13. öld. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.[432] Svo sem rakið er í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámabók* hversu langt inn til fjalla landnám á þessu svæði náði. Af því verða engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um hvort í öndverðu hafi verið stofnað til beins eignarréttar á þessu svæði með námi.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Laxárdals er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að

[432] Sbr. umfjöllun um hugtakið *jörð* í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Laxárdal og hvað ráðið verður af öðrum heimildum um sama efni. Athugun þessi tekur til sunnanverðra austur- og vesturmerkja jarðarinnar og merkja til suðurs, innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Merki jarðarinnar að öðru leyti liggja utan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Laxárdals verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Landamerkjum Laxárdals er fyrst lýst heildstætt í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 15. ágúst 1886 og þingl. 18. maí 1887. Þá var á árinu 1875 rituð lýsing á suðurmörkum jarðarinnar sem fram kemur í sýslu- og sóknalýsingum Þingeyjarsýslu.

Samkvæmt landamerkjabréfi Laxárdals eru merki til vesturs, gagnvart Álandi, Hafursstöðum, Hvappi og Vatnsenda, miðuð við „Hölkná frá sjó, að Fremri Skarðslæk, svo ræður lækurinn til upptaka sinna, sem eru norðan undir Lambafjallgarði. Þá ræður Lambafjallgarðsbrún til foss í Holkná, eftir það ræður nefnd á suður á móts við vesturhorn á Heljardalsfjöllum.“ Bréfið er hvorki áritað vegna Vatnsenda, Hvapps, Hafursstaða né Álands. Merki Laxárdals gagnvart Hafursstöðum og Syðra- og Ytra-Álandi eru utan þjóðlendukröfusvæðis ríkisins og þarfnast því ekki nánari athugunar. Austanverðum merkjum Hvapps er eins lýst í landamerkjabréfi fyrir það landsvæði frá 8. maí 1890 og þingl. 26. júní sama ár. Bréfið er ekki áritað vegna Laxárdals. Austanverð merki Vatnsenda, gagnvart Laxárdal, eru í landamerkjabréfi frá 4. júní 1889 og þingl. 26. júní 1890 miðuð við Hölkná frá Skarðslæk inn að Krubbnalæk og ræður hann til upptaka sinna sem eru utan undir Álftadyngjufjallgarðshaus en þaðan ræður sama stefna í suður þar til tekin verður bein lína í Sandá um Þorsteinsnef. Þótt merkjalýsingar Vatnsenda og Laxárdals séu ekki samhljóða virðast þær í samræmi svo sem nánar var rakið hér að framan í kafla 6.7. Landamerkjabréf Vatnsenda er áritað vegna Laxárdals.

Í kaflanum um Vatnsenda er vikið að heimild frá árinu 1379 en þar eru austurmerki Álands gagnvart Laxárdal einnig miðuð við Hölkná.

Samkvæmt landamerkjabréfi Laxárdals eru merki til suðurs, gagnvart landsvæði sem Svalbarðshreppur hefur gert kröfu um að verði viðurkennt afréttareign hreppsins, miðuð við beina stefnu úr Hölkná austur í norðvesturhorn Heljardalsfjalla en þá ráði Heljardalsfjöll þar til tekin verður úr þeim bein stefna milli Bræðravatna í Skessuhamar. Engar heimildir finnast um merki þessa aðliggjandi landsvæðis en kröfur Svalbarðshrepps eru í samræmi við suðurmerki Laxárdals eins og þeim er lýst hér að framan. Í sýslu- og sóknalýsingum Þingeyjarsýslu er að finna sóknarlýsingar Svalbarðssóknar sem rituð er árið 1875 en þar er landamerkjum Laxárdals til suðurs lýst. Í sóknarlýsingunni segir: „Afréttarlöndin í Dals- og Hvammsheiðum eru almenningar framan við landamerki Dals (um Grasmannalæk, sem rennur úr Bræðravötnum vestur í Hólkná) og Gunnarsstaða (um Hávarðsdalsá).“ Samkvæmt þessari heimild ná merki Laxárdals mun skemur til suðurs en greinir í landamerkjabréfi fyrir jörðina.

Austurmerki Laxárdals, samkvæmt landamerkjabréfi, eru gagnvart Hvammi þannig að bein stefna er tekin frá Heljardalsfjöllum milli Bræðravatna og í Skessuhamar. Sunnanverðum vesturmerkjum Hvamms er eins lýst að þessu leyti í landamerkjabréfi þeirrar jarðar frá 16. ágúst 1886 og þingl. 18. maí 1887. Bréf Hvamms er áritað vegna Laxárdals og bréf Laxárdals er áritað vegna Hvamms. Engar eldri heimildir finnast um merki Hvamms, sbr. kafla 5.11.

Í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi árið 1882 var gert landamerkjabréf fyrir Laxárdal. Þar er merkjum lýst mun lengra til suðurs en í merkjalýsingu sem rituð var árið 1875 og er hluti af sýslu- og sóknalýsingum Þingeyjarsýslu. Landamerkjabréfið er ekki áritað vegna aðliggjandi landsvæðis til suðvesturs og suðurs, þ.e. gagnvart Vatnsenda, Hvappi og Heljardalsfjöllum. Lýsing hinnar eldri heimildar er mjög skýr og svo mikið ber á milli að telja verður að hún mæli í mót landamerkjabréfinu að þessu leyti. Óbyggðanefnd telur því að ekki sé í ljós leitt að land sunnan Grasamannalækjar hafi verið innan landamerkja Laxárdals fyrir gerð landamerkjabréfsins árið 1886. Fyrirliggjandi gögn benda hins vegar ekki til annars en landamerkjum Laxárdals til annarra átta sé þar rétt lýst. Bréfið er þinglesið, fært í landamerkjabók og er ekki að sjá að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Þá eru landamerkjabréf aðliggjandi jarða þinglesin og að hluta til árituð vegna Laxárdals.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan þeirra merkja sem lýst er í landamerkjabréfi jarðarinnar Laxárdals.

Að því er tekur til þess landsvæðis sem afmarkað er í framangreindu landamerkjabréfi er til þess að líta að eldri heimild mælir gegn því að merki jarðarinnar nái svo langt suður sem þeim er lýst í bréfinu. Önnur gögn um merki Laxárdals liggja ekki fyrir. Þá er ljóst að með því að gera landamerkjabréf hafa menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt, sbr. kafla 6.1.1. Í umræddri sóknarlýsingu segir orðrétt: „Afréttarlöndin í Dals- og Hvammsheiðum eru almenningar framan við landamerki Dals (um Grasmannalæk, sem rennur úr Bræðravötnum vestur í Hólkná) og Gunnarsstaða (um Hávarðsdalsá).“ Umrædd sóknarlýsing sem rituð er árið 1875, eða um áratug áður en landamerkjabréfið er gert, er venju fremur glögg og afdráttarlaus um mörk jarðar gagnvart afrétti/almenningi. Ekkert annað hefur komið fram en hér sé um að ræða hlutlausa samtímalýsingu, sem ætla verður að hafi byggst á fullnægjandi heimildum. Er jafnframt til þess að líta að sóknarlýsingin í heild sinni ber þess öll merki að vandað hafi verið til verksins eftir því sem frekast var kostur. Að þessu virtu, með hliðsjón af staðháttum á heiðarlandi þessu, og að gættum þeim sönnunarkröfum sem gera verður í ljósi dóma Hæstaréttar í þjóðlendumálum verður að telja svo verulegan vafa leika á því að innan Grasamannalækjar hafi við gerð landamerkjabréfsins verið eignarland að á slíku verði ekki byggt. Ekki hefur verið sýnt fram á að not af landi þessu síðar hafi verið með

þeim hætti að stofnast hafi til beins eignarréttar á grundvelli hefðar, sbr. hefðarlög nr. 46/1905.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að umrætt landsvæði sunnan kröfulínu ríkisins sem miðar við Grasamannalæk úr Bræðravötnum að Hölkná sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Þá leiðir rannsókn óbyggðanefndar einnig til þeirrar niðurstöðu að á umræddu landsvæði sé þjóðlenda.[433] Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að umrætt land, sem nýtt hefur verið til beitar, sé í afréttareign Laxárdals en aðrir hafa ekki haft uppi slíkt tilkall til svæðisins.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að umrætt landsvæði, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Línan fylgir Grasamannalæk úr Bræðravötnum og í Hölkná en þá er Hölkná fylgt til suðurs að Fremri-Skarðslæk sem ræður til upptaka sinna sem eru norðan undir Lambafjallgarði. Þá ræður Lambafjallgarðsbrún til foss í Hölkná en eftir það ræður áin suður á móts við vesturhorn á Heljardalsfjöllum. Þá ráða Heljardalsfjöllin að þeim stað þar sem tekin verður úr þeim bein stefna milli Bræðravatna í Skessuhamar. Þeirri línu er síðan fylgt þar til komið er á milli Bræðravatna en þá er farið til vesturs í upphafspunkt lýsingar þessarar.*

Sama landsvæði er í afréttareign Laxárdals, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

## 6.10. Hvammur

### 6.10.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands Hvamms, sbr. landamerkjabréf dags. 16. ágúst 1886 og þingl. 18. maí 1887. Við þessa umfjöllun verður ekki tekið tillit til skiptingar lands innan þeirra merkja en Hvammur skiptist nú í Hvamm I, II, III og IV.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá þeim stað þar sem Hávarðsdalsá rennur í Hafralónsá (punktur 2) og þaðan í punkt 3 þar sem Grasamannalækur rennur úr Bræðravötnum. Á móti hafa gagnaðilar, þinglýstir eigendur Hvamms, lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggi innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.10.

---

[433] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Að Hvammi liggja til vesturs Laxárdalur og Gunnarsstaðir. Til austurs eru Tungusel og Þorsteinsstaðir og heiðarland Syðralóns sem kallast Grímólfsártunga. Til suðurs er landsvæði sem Svalbarðshreppur gerir tilkall til. Til norðurs eru Gunnarsstaðir. Landsvæðið sem um ræðir hefur leguna norður-suður. Tilheyrir svæðið Hvammsheiði. Syðst liggur gróinn Heljardalur, á milli Stakfells (891 m) að austan og Heljardalsfjalla (950 m) að vestan. Rennur Heljardalsá norður dalinn í Hafralónsá, við Heljardalseyrar, en Hafralónsá afmarkar landsvæðið að austan. Norðaustan Heljardals er urðarsvæði er kallast Hvítahraun og Háahraun. Hvítahraunskvísl rennur úr Heljardalsfjöllum til norðausturs í Hafralónsá norðan Hvítahrauns. Norðan Heljardalsfjalla liggur Krókavatnsflói og í honum eru Krókavötn (472 m). Norðan þeirra liggur Krókavatnshæð (528 m). Norðaustan Krókavatnshæðar er brattur og grösugur dalur er kallast Hávarðsdalur og rennur Hávarðsdalsá um hann til norðausturs í Hafralónsá. Austan dalsins liggur Hávarðsdalsfjall (471 m) en vestan hans eru hlíðar syðri hluta Fremrifjallshlíðar er hallar til austurs. Landsvæðið er gróið og mikið er um votlendi.

Þess skal getið að talið er að við landnám hafi land verið betur gróið og gróður náð lengra inn á heiðar en nú er, sbr. greinargerð náttúrufræðings í máli þessu.

### 6.10.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 2 og 1(7) a-b, er á því byggt að grundvöllurinn að beinum eignarrétti að landi hérlendis hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalaus svæði orðið fleiri með tímanum. Af lýsingum landnámsheimilda verði ekki ráðið að Þistilfjarðarheiðarnar hafi verið numdar. Hvammsheiðin sé austasta afréttarsvæði Þistilfirðinga og eitt af átta afréttarlöndum kröfusvæðisins. Þá er vísað í sýslu- og sóknalýsingar Þingeyjarsýslu frá árunum 1839-1844 því til stuðnings að innan þjóðlendulínunnar séu almenningar. Kröfulína ríkisins sé dregin þvert yfir landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi fyrir jörðina og byggist sú afmörkun á upplýsingum um mörk almenninga í Þistilfirði á þessum slóðum.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl nr. 20 og 13(1), er byggt á þinglýstu landamerkjabréfi jarðarinnar frá 16. ágúst 1886, ásamt þinglýstum afsölum og öðrum skráðum eignarheimildum, auk þinglýstra landamerkjabréfa aðliggjandi jarða. Þá sé einnig fullur hefðartími liðinn frá því að flestum landamerkjagjörðum var þinglýst. Ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land, innan landamerkja, sé undirorpið fullkomnum eignarrétti. Taka verði *Landnámu* með fyrirvara sem heimild og röksemdir þess efnis að landnám hafi ekki náð til heiða á Þistilfjarðarsvæðinu séu ekki reistar á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Lögð er áhersla á að landamerki Hvamms séu gömul og bendi til þess að fullkominn eignarréttur eigendanna hafi verið virtur á þessu landi frá ómunatíð.

### 6.10.3. Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Hvamms er rakin í kafla 5.11. Þar kemur fram að Hvamms er getið fyrst í Sigurðarregistri, skrá um eignir Hóladómkirkju og Hólastóls, frá árinu 1550. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.[434] Svo sem rakið er í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámabók* hversu langt inn til fjalla landnám á þessu svæði náði. Af því verða engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um hvort í öndverðu hafi verið stofnað til beins eignarréttar á þessu svæði með námi.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Hvamms er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Hvammi. Athugun þessi tekur til sunnanverðra austur- og vesturmerkja auk suðurmerkja Hvamms að því leyti sem þau liggja innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Hvamms verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Landamerkjum Hvamms er fyrst lýst heildstætt í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 16. ágúst 1886 og þingl. 18. maí 1887. Þá var á árinu 1875 rituð lýsing á suðurmörkum jarðarinnar sem fram kemur í sýslu- og sóknalýsingum Þingeyjarsýslu.

Samkvæmt landamerkjabréfi Hvamms eru merki jarðarinnar til austurs, gagnvart Grímólfsártungu (heiðarlandi Syðralóns), Tunguseli og Þorsteinsstöðum, miðuð við Hafralónsá frá Merkidalskílsósi að Heljardalsárósi en þá ráði Heljardalsá að upptökum sínum sem eru innst í Heljardal. Bréfið er ekki áritað vegna Syðralóns, Tungusels eða Þorsteinsstaða. Sunnanverðum vesturmerkjum Grímólfsártungu er eins lýst í landamerkjabréfi fyrir Syðralón frá 4. nóvember 1916 og þingl. 3. júlí 1917. Bréfið er ekki áritað vegna Hvamms. Engar eldri heimildir finnast um merki Grímólfsártungu, sbr. kafla 5.12. Merki gagnvart Tunguseli og Þorsteinsstöðum liggja utan kröfusvæðisins og þarfnast því ekki nánari athugunar.

Samkvæmt landamerkjabréfi Hvamms eru merki til vesturs og suðurs, gagnvart Laxárdal og landsvæði sem Svalbarðshreppur hefur gert tilkall til sem afréttareignar hreppsins, miðuð við „Heljardalsbotn og hæðstu brúnir Heljardalsfjalla að norðan þar til kemur vestur á þau mið, eða svo langt að bein stefna verður tekin af fjöllunum milli Bræðravatna í Skessuhamar sem ræður landamerkjum að vestan“. Bréfið er áritað vegna Laxárdals. Syðstu merki Hvamms eru gagnvart afrétt sem Svalbarðshreppur hefur gert tilkall til, sjá kafla 6.21. Engar heimildir finnast um afmörkun þess en kröfur Svalbarðshrepps eru í samræmi við suðurmerki Hvamms eins og þeim er lýst hér að framan. Í sýslu- og sóknalýsingum Þingeyjarsýslu er að finna sóknarlýsingu Svalbarðssóknar, sem rituð er 1875, en þar er landamerkjum Hvamms til suðurs lýst. Í sóknarlýsingunni segir: „Afréttarlöndin í Dals- og Hvammsheiðum eru almenningar framan við landamerki Dals (um Grasmannalæk,

---

[434] Sbr. umfjöllun um hugtakið *jörð* í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

sem rennur úr Bræðravötnum vestur í Hólkná) og Gunnarsstaða (um Hávarðsdalsá).“ Hávarðsdalsá virðist hins vegar marka land Hvamms en ekki Gunnarsstaða, sjá hér síðar í umfjöllun um þessa heimild. Samkvæmt þessari lýsingu ná merki Hvamms mun skemur til suðurs en greinir í landamerkjabréfi fyrir jörðina.

Í landamerkjabréfi fyrir Laxárdal frá 15. ágúst 1886 og þingl. 18. maí 1887, er sunnanverðum austurmerkjum landsvæðisins þannig lýst: „[...] þá ráða Heljardalsfjöll, þar til tekin verður úr þeim bein stefna milli Bræðravatna í Skessuhamar. Að austan ræður nefnd stefna úr Heljardalsfjöllum í Skessuhamar.“ Bréfið er áritað vegna Hvamms. Þessi lýsing í landamerkjabréfi Laxárdals virðist þó í samræmi við lýsingu á sömu mörkum í landamerkjabréfi Hvamms. Suðurmörkum Laxárdals er einnig lýst í sóknarlýsingu Svalbarðssóknar sem rakin er hér að framan. Þar er merkjum til suðurs lýst mun skemur inn til landsins en í landamerkjabréfi jarðarinnar, sbr. umfjöllun í kafla 6.9. um Laxárdal.

Í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi árið 1882 var gert landamerkjabréf fyrir Hvamm. Þar er merkjum lýst mun lengra til suðurs en í merkjalýsingu sem rituð var árið 1875 og er hluti af sýslu- og sóknalýsingum Þingeyjarsýslu. Landamerkjabréfið er ekki áritað vegna aðliggjandi landsvæðis til suðausturs og suðurs, þ.e. gagnvart Grímólfsártungu, Heljardalsfjöllum og Stakfelli. Lýsing hinnar eldri heimildar er mjög skýr og svo mikið ber á milli að telja verður að hún mæli í mót landamerkjabréfinu að þessu leyti. Óbyggðanefnd telur því að ekki sé í ljós leitt að land sunnan Hávarðsdalsár hafi verið innan landamerkja Hvamms fyrir gerð landamerkjabréfsins árið 1886. Fyrirliggjandi gögn benda hins vegar ekki til annars en landamerkjum Hvamms til annarra átta sé þar rétt lýst. Bréfið var þinglesið, fært í landamerkjabók og er ekki að sjá að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Þá eru landamerkjabréf aðliggjandi jarða þinglesin og að hluta til árituð vegna Hvamms.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Að því er tekur til þess landsvæðis sem afmarkað er í framangreindu landamerkjabréfi er til þess að líta að eldri heimild mælir gegn því að merki jarðarinnar nái svo langt suður sem þeim er lýst í bréfinu. Önnur gögn um merki Hvamms liggja ekki fyrir. Þá er ljóst að með því að gera landamerkjabréf hafa menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt, sbr. kafla 6.1.1. Í umræddri sóknarlýsingu segir orðrétt: „Afréttarlöndin í Dals- og Hvammsheiðum eru almenningar framan við landamerki Dals (um Grasmannalæk, sem rennur úr Bræðravötnum vestur í Hólkná) og Gunnarsstaða (um Hávarðsdalsá).“ Samkvæmt landamerkjabréfum liggur Hávarðsdalsá hvorki að né um land Gunnarsstaða heldur Hvamms. Hins vegar kemur fram, sbr. kafla 5.10., að fyrir gerð landamerkjabréfa virðist hafa verið ágreiningur um merki Hvamms, Laxárdals og Gunnarsstaða og merkin þá ekki að öllu ljós. Kann þetta að skýra tilvísun til Gunnarsstaða en ekki

Hvamms á umræddum stað en Hávarðsdalsá er á hinn bóginn þekkt og glöggt kennileiti. Umrædd sóknarlýsing, sem rituð er árið 1875, eða um áratug áður en landamerkjabréfið er gert er venju fremur glögg og afdráttarlaus um mörk jarðar gagnvart afrétti/almenningi. Ekkert annað hefur komið fram en að hér sé um að ræða hlutlausa samtímalýsingu sem ætla verður að hafi byggst á fullnægjandi heimildum. Er jafnframt til þess að líta að sóknarlýsingin í heild sinni ber þess öll merki að vandað hafi verið til verksins eftir því sem frekast var kostur. Að þessu virtu, með hliðsjón af staðháttum á heiðarlandi þessu, og að gættum þeim sönnunarkröfum sem gera verður í ljósi dóma Hæstaréttar í þjóðlendumálum verður að telja svo verulegan vafa leika á því að innan Hávarðsdalsár, þar sem hún rennur syðst, hafi við gerð landamerkjabréfsins verið eignarland að á slíku verði ekki byggt. Ekki hefur verið sýnt fram á að not á landi þessu síðar, sem fyrst og fremst hafi verið beitarafnot, hafi verið með þeim hætti að stofnast hafi getað til beins eignarréttar á grundvelli hefðar, sbr. hefðarlög nr. 46/1905.

Í málinu verður hins vegar ekki byggt á kröfulínu íslenska ríkisins sem dregin er nokkuð norðar Hávarðsdalsár. Til þess er þá að líta að þetta ósamræmi virðist skýrast af ágreiningi eða óvissu um staðhætti eða kennileiti enda sýnist ríkið í raun miða við nefnda Hávarðsdalsá um mörk þjóðlendu gagnvart eignarlandi.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að umrætt landsvæði sunnan Hávarðsdalsár sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Þá leiðir rannsókn óbyggðanefndar einnig til þeirrar niðurstöðu að landsvæði sunnan kröfulínu íslenska ríkisins en norðan Hávarðsdalsár sé þjóðlenda.[435] Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að umrætt land, sem nýtt hefur verið til beitar, sé í afréttareign Hvamms en aðrir hafa ekki haft uppi slíkt tilkall til svæðisins.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að umrætt landsvæði, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Frá Hafralónskíl fer línan að Heljardalsárósi en þá ræður Heljardalsá að upptökum sínum sem eru innst í Heljardal. Úr Heljardalsbotninum er farið með hæstu brúnum Heljardalsfjalla að norðan þar til kemur vestur á þau mið eða svo langt að bein stefna verður tekin af fjöllunum milli Bræðravatna í Skessuhamar. Þeirri línu er síðan fylgt norður þar til komið er á móts við Hávarðsdalsá þar sem hún rennur syðst og þaðan í Hávarðsdalsá. Þeirri á er síðan fylgt til norðausturs þar til hún rennur í Hafralónsá en þá er Hafralónsá fylgt í Hafralónskíl.*

Sama landsvæði er í afréttareign Hvamms, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

---

[435] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

## 6.11. Grímólfsártunga (Syðralón)

### 6.11.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands Grímólfsártungu, svo sem því landsvæði er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar Syðralóns, frá 4. nóvember 1916 og þingl. 3. júlí 1917.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá Kverkártungu þar sem hreppamarkalína kemur að Litlu Kverká (punktur 1). Frá þeim punkti er dregin lína þangað sem Hávarðsdalsá rennur í Hafralónsá (punktur 2). Á móti hafa gagnaðilar, þinglýstir eigendur Syðralóns, lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggi innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.11.

Að Grímólfsártungu liggur Hvammur til vesturs en Þorsteinsstaðir og Tungusel til austurs. Til suðurs er landsvæði sem Svalbarðs- og Þórshafnarhreppur hafa gert tilkall til. Landsvæðið sem um ræðir hefur leguna norður-suður og afmarkast að vestan af Hafralónsá og austan af Grímólfsá. Sunnan til er svæðið lítt gróið en gróður eykst eftir því sem norðar dregur. Nyrst á landsvæðinu liggur Grænavatn í um 300 m yfir sjávarmáli og úr því rennur Grænavatnslækur í Grímólfsá. Sunnan Grænavatns rís Ytra-Kistufjall (445 m) og sunnan þess er Syðra-Kistufjall (474 m). Sunnan Kistufjalla liggur breið melbunga er kallast Stóriás (523 m). Milli Stóraáss og Kistufjalla er votlend lægð (460–480 m). Austan Hafralónsár syðst á landsvæðinu er votlent og hallalítið land. Frá suðurenda Grænavatns að Hafralóni, sem er á suðurmörkum svæðisins, eru um 13,7 km í beinni loftlínu.

Þess skal getið að talið er að við landnám hafi land verið betur gróið og gróður náð lengra inn á heiðar en nú er, sbr. greinargerð náttúrufræðings í máli þessu.

### 6.11.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 2 og 1(7) a-b, er á því byggt að grundvöllurinn að beinum eignarrétti að landi hérlendis hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalaus svæði orðið fleiri með tímanum. Byggt er á því að almenningar eins og þeir hafi verið skilgreindir fyrir gildistöku þjóðlendulaga 1998 hafi verið sem eignarréttarlegt hugtak það sama og nú heita þjóðlendur. Þessu eignarformi hafi ekki verið hægt að breyta nema eftir nýbýlatilskipuninni frá árinu 1776. Í sýslu- og sóknalýsingum Þingeyjarsýslna segir að mörk almennings séu um Hávarðsdalsá og áfram í Dalsheiðinni um Grasamannalæk sem renni úr Bræðravötnum. Þyki því eðlilegt að draga þjóðlendukröfulínu frá Kverkártungu yfir Tunguselsheiði í Hávarðsdalsá og svo í Grasamannalæk við Bræðravötn.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl nr. 27 og 13(1), er byggt á þinglýstu landamerkjabréfi jarðarinnar frá 4. nóvember 1916 og þingl. 3. júlí 1917, og öðrum skráðum eignarheimildum sem hann hefur fyrir þessari eign sinni og einnig þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Þá sé einnig fullur hefðartími liðinn frá því að ofangreindu landamerkjabréfi var þinglýst. Öll afnot og nytjar landsins hafi verið háðar leyfi jarðeigenda enda enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess. Ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land, innan landamerkja, væri undirorpið fullkomnum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Í ljósi þeirra gjörninga sem liggja fyrir um ráðstöfun landsins er því haldið fram að eigandi jarðarinnar hafi fært fram nægar heimildir fyrir eignartilkalli sínu. Það sé því ríkisins að hrekja þá staðhæfingu hans að þrætulandið sé ekki fullkomin eign hans. Taka verði *Landnámu* með fyrirvara sem heimild og að röksemdir þess efnis að landnám hafi ekki náð til heiða séu ekki reistar á neinum hlutlægum sönnunargögnum.

### 6.11.3. Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Syðralóns er rakin í kafla 5.12. Þar kemur fram að Syðralóns er getið í heimildum frá 13. öld. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.[436] Í landamerkjabréfi Syðralóns, dags. 4. nóvember 1916 og þingl. 3. júlí 1917, er annars vegar lýst merkjum heimalandsins og hins vegar merkjum svokallaðrar Grímólfsártungu. Milli Syðralóns og nyrsta hluta Grímólfsártungunnar eru u.þ.b. 23 km í beinni loftlínu og liggja m.a. jarðirnar Hallgilsstaðir og Tungusel þar á milli.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Grímólfsártungu er lýst í framangreindu landamerkjabréfi en engar eldri merkjalýsingar hafa komið fram. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Grímólfsártungu. Athugun þessi tekur til vestur-, austur- og suðurmerkja landsins en aðeins nyrsti hluti þess er ekki innan kröfulínu íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki fyrir Grímólfsártungu verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins.

Samkvæmt landamerkjabréfi Syðralóns eru merki Grímólfsártungu, gagnvart Hvammi til vesturs og Þorsteinsstöðum og Tunguseli til austurs, miðuð við Hafralónsá og Grímólfsá frá upptökum þeirra þar til þær falla saman. Bréfið er hvorki áritað vegna Hvamms né Þorsteinsstaða eða Tungusels. Austurmerkjum Hvamms er eins lýst í landamerkjabréfi þeirrar jarðar frá 16. ágúst 1886 og þingl. 18. maí 1887. Bréf Hvamms er ekki áritað vegna Syðralóns. Engin lögformleg lýsing er til á merkjum Þorsteinsstaða en þeir munu hafa verið byggðir úr landi Tungusels um miðja 19. öld. Í afsalsbréfi frá 28. maí 1870, sem útbúið var vegna kaupa Sauðaneskirkju á

[436] Sbr. umfjöllun um hugtakið *jörð* í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Þorsteinsstöðum, er að finna lýsingu á merkjum landsvæðisins. Merkjum Þorsteinsstaða til vesturs er lýst svo: „[...] ad vestan Hafralónsá, útan frá Tungnaá fram til Grímólfsár, þá Grímólfsá til upptaka hennar.“ Sé þessi merkjalýsing borin saman við lýsinguna í landamerkjabréfi Syðralóns eru vesturmerki Þorsteinsstaða og austurmerki Grímólfsártungu í báðum tilvikum miðuð við Grímólfsá frá upptökum hennar og þar til hún fellur saman við Hafralónsá. Ágreiningur er um mörk Grímólfsártungu á heiðinni við aðliggjandi jörð Tungusel og Þorsteinsstaði. Í landamerkjabréfi fyrir Tungusel, frá 20. apríl 1885 og þingl. 27. júní 1892, er vesturmerkjum lýst svo: „Að vestan Tunguá innað kílamótum þá austara Tungárdrag innað Arnarfjallahyrnu og þaðan bein stefna í Hafralón.“ Hér er ljóst að merkjalýsing er ekki í fullu samræmi við lýsingu á merkjum Grímólfsártungu. Engin merkjalýsing er til fyrir það landsvæði sem Svalbarðs- og Þórshafnarhreppur hafa gert tilkall til og liggur sunnan við Grímólfsártunguna en afmörkun hreppanna er í samræmi við merkjalýsingar Syðralóns.

Ágreiningur er þannig með aðilum um það hvort Stóriás og landsvæði þar um kring sé innan merkja Grímólfsártungu eða Tungusels. Í kröfulýsingu hafa gagnaðilar, bæði eigendur Syðralóns og Tungusels og Þorsteinsstaða, miðað við sömu kvísl Grímólfsár frá því undir Arnarfellshyrnu þar til komið er nokkuð suðvestur af Arnarfjöllum. Þaðan miða eigendur Syðralóns við þá kvísl sem rennur austan við Stóraás en af hálfu eigenda Tungusels og Þorsteinsstaða er hins vegar dregin lína í Hafralón. Hér ber að athuga að á þessu svæði renna saman af stærra vatnasvæði nokkrar kvíslar sem mynda Grímólfsá. Í landamerkjabréfi Syðralóns er miðað við upptök Grímólfsár og Hafralónsár. Af þeirri lýsingu verður ekki ráðið hvernig landsvæðið lokast til suðurs þar sem ár þessar eiga ekki sameiginleg upptök. Að þessu gættu eru staðhættir á því svæði sem krafist er vegna Syðralóns ekki í samræmi við landamerkjabréfið. Í afsali fyrir Þorsteinsstöðum frá árinu 1870 er mörkum lýst til austurs „frá Hafralónsá fram ad svo nefndum Dragamótum og svo haldist sama stefna til Arnar fjalla, ad vestan Hafralónsá, útan frá Tungnaá fram til Grímólfsár, þá Grímólfsá til upptaka hennar“. Merkjum til suðurs, frá Arnarfjöllum að austanverðu og í upptök Grímólfsár að vestanverðu, er þannig ekki sérstaklega lýst. Lýsing á vesturmörkum Tungusels í landamerkjabréfi frá árinu 1885 miðar við Arnarfjallahyrnu og þaðan beina stefnu í Hafralón. Við mat á þessum merkjalýsingum er til þess að líta að bæði í lýsingum á Grímólfsártungu og Þorsteinsstöðum er óglöggt við hvaða kvísl Grímólfsár skuli miða. Lýsing á merkjum Tungusels er hins vegar afdráttarlaus. Þetta mælir því í mót að merki Grímólfsártungu liggi eins austarlega og eigendur Syðralóns miða við í kröfugerð sinni. Óbyggðanefnd telur í bestu samræmi við framangreindar merkjalýsingar Grímólfsártungu og aðliggjandi landsvæða að á umræddu ágreiningssvæði sé miðað við þá kvísl Grímólfsár sem liggur vestan við Stóraás að upptökum hennar og þaðan í Hafralón.

Í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882 var gert landamerkjabréf fyrir Syðralón og þar lýst sérstaklega aðskildu heiðarlandi jarðarinnar, svokallaðri Grímólfsártungu. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að merkjum Grímólfsártungunnar til vesturs, gagnvart Hvammi, sé rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Hins vegar lýsir bréfið ekki merkjum Grímólfsártungu til suðurs auk þess sem lýsing á merkjum til austurs, gagnvart Tunguseli og Þorsteinsstöðum, er óglögg svo sem hér hefur nánar verið rakið. Skjal þetta var þinglesið og innfært í landamerkjabók sýslumanns. Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir þeirri niðurstöðu Hæstaréttar að landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða en hins vegar verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega, sjá nánar í kafla 6.1.1. Með því að gera landamerkjabréf hafa menn ekki getað einhliða aukið við land sitt eða annan rétt. Frá upphafi Íslandsbyggðar helguðu menn sér ekki eingöngu ákveðin landsvæði, sem voru háð beinum eignarrétti, heldur einnig ítök, afrétti og öll önnur réttindi sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra. Meðan landsvæði gaf eitthvað af sér lágu hagsmunir til þess að halda við merkjum réttindanna, hvers eðlis sem þau voru. Ber um þetta efni sérstaklega að vísa til dóms Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2006 (Hoffellslambatungur).

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Svo sem rakið er í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámabók* hversu langt inn til fjalla landnám á þessu svæði náði. Af því verða engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um hvort í öndverðu hafi verið stofnað til beins eignarréttar á þessu svæði með námi.

Hvergi kemur fram í heimildum að á Grímólfsártungu hafi verið búseta af nokkru tagi, sjálfstæð jörð eða hjáleiga. Henni er fyrst lýst í landamerkjabréfi Syðralóns frá árinu 1916. Sú aðgreining Grímólfsártungunnar frá Syðralóni sem þar kemur fram bendir til þess að svæðið hafi verið afréttur og aðskilið frá öðru landi jarðarinnar. Engin gögn liggja fyrir um að Grímólfsártungan hafi nokkurn tíma verið nýtt til annars en sumarbeitar fyrir búfé og annarra takmarkaðra nota. Sama verður einnig ráðið af staðháttum og gróðurfari en um er að ræða fjallaland fjarri byggð. Landið er nýtt til beitar og smalað af jörðum í sveitinni. Eldri heimildir benda til þess að Grímólfsártunga hafi verið afréttur sem tilheyrt hafi Syðralóni. Í sóknarlýsingu frá 1840 segir Stefán Einarsson á Sauðanesi um Grímólfsártungu: „[...] og fyrir framan þessi lönd [Hallgilsstaða og Tungusels] er almenningur millum Langaness, Norðurstranda og Selárdals í Vopnafirði samt Þistilfirðinga að norðan. Hér í þessum almenningi eður á Grímólfsártungu lýsir Syðralón eftir 4 hundraða landi, er mér skilst eftir samanburði við annarra máldaga orðatiltæki sé sama og land undir 400 fjár.“ Samkvæmt jarðamatinu 1849 tilheyrir þannig Syðralóni sérstakt afréttarland fram til heiðar sem heitir Grímólfsártunga. Þá er í fasteignamati N-Þingeyjarsýslu 1916–1918 að finna upplýsingar um landamerki Syðralóns. Umsögnin um Grímólfsártungu er

nær samhljóða landamerkjabréfi Syðralóns. Þar segir jafnframt að Syðralón hafi sumarhaga.

Að öllu framangreindu virtu hefur, af hálfu eiganda Syðralóns, ekki verið sýnt fram á að Grímólfsártungan sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttað hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.[437] Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að Grímólfsártungan sé í afréttareign Syðralóns. Til þess verður þó að líta að þjóðlendukrafa ríkisins nær ekki til nyrsta hluta Grímólfsártungunnar. Líkt og nánar er rakið í kafla 6.1. er óbyggðanefnd bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verður því að leysa úr máli á þeim grundvelli, sbr. þá ályktun sem dregin verður af dómum Hæstaréttar frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 og 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006. Af þessum sökum verður nyrsti hluti Grímólfsártungu talinn utan þjóðlendu.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem kallað hefur verið Grímólfsártunga, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Frá þeim stað þar sem Hávarðsdalsá rennur í Hafralónsá er dregin lína til austurs í stefnu á þann stað þar sem hreppamarkalína kemur að Litlu-Kverká við Kverkártungu (punktur 1 í þjóðlendukröfu íslenska ríkisins). Þessari línu er fylgt að þeim stað þar sem hún sker Grímólfsá og síðan Grímólfsá til suðurs þar til komið er vestur af Arnarfellshyrnu. Þaðan er miðað við þá kvísl árinnar sem gagnaðilar íslenska ríkisins miða við í kröfugerð sinni, að þeim stað þar sem kröfulínur gagnaðila greinast í sundur. Frá þeim punkti er Grímólfsá fylgt þangað sem hún á upptök sín vestan við Stóraás og síðan áfram í Hafralón. Úr Hafralóni er Hafralónsá fylgt til norðurs þar til Hávarðsdalsá rennur í hana.*

Sama landsvæði er í afréttareign Syðralóns, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

## 6.12. Tungusel og Þorsteinsstaðir

### 6.12.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands Tungusels og Þorsteinsstaða.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá Kverkártungu þar sem hreppamarkalína kemur að Litlu-Kverká (punktur 1). Frá þeim punkti er dregin lína

---

[437] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

þangað sem Hávarðsdalsá rennur í Hafralónsá (punktur 2). Á móti hafa gagnaðilar, þinglýstir eigendur Tungusels og Þorsteinsstaða, lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggi innan merkja jarðanna samkvæmt landamerkjabréfi. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.12.

Að Tunguseli og Þorsteinsstöðum liggja Grímólfsártunga og Hvammur til vesturs. Til norðurs eru Hvammur og Hallgilsstaðir. Til vesturs liggja Hallgilsstaðir. Til suðurs er landsvæði sem Þórshafnarhreppur hefur gert tilkall til. Landsvæðið sem um ræðir hefur leguna norður-suður og tilheyrir Tunguselsheiði. Svæðið liggur í 300–500 m yfir sjávarmáli. Nyrst er land hallalítið og votlent en hækkar hratt upp í Sammælingahnjúk (481 m) er skagar norður úr Arnarfjöllunum. Upp af honum er Arnarfellshyrna/Arnarhyrna (528 m), vestast í Arnarfjöllum. Suðaustan Sammælingahnjúks og Arnarfellshyrnu/Arnarhyrnu liggur Miðdalsvatn í tæplega 500 m yfir sjávarmáli. Sunnan Arnarfjalla er land hallalítið. Syðst á svæðinu liggur Barðmelur, langur og nokkuð hár melur á köflum. Lega hans er norður-suður og er hann bugðóttur.

Þess skal getið að talið er að við landnám hafi land verið betur gróið og gróður náð lengra inn á heiðar en nú er, sbr. greinargerð náttúrufræðings í máli þessu.

### 6.12.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 2 og 1(7) a-b, er á því byggt að grundvöllurinn að beinum eignarrétti að landi hérlendis hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalaus svæði orðið með tímanum fleiri. Samkvæmt lýsingum landnámsheimilda verði ekki ráðið að Þistilfjarðarheiðarnar hafi verið numdar. Byggt er á því að almenningar eins og þeir hafi verið skilgreindir fyrir gildistöku þjóðlendulaga 1998 hafi verið sem eignarréttarlegt hugtak það sama og nú heita þjóðlendur. Þessu eignarformi hafi ekki verið hægt að breyta nema eftir nýbýlatilskipuninni 1776. Í sóknarlýsingu Sauðanessóknar frá árinu 1840 segi að jarðirnar Hallgilsstaðir og Tungusel eigi hin bestu og mestu afréttarlönd, ef notuð væru og fyrir framan þessi lönd sé „almenningur milli Langaness, Norðurstranda og Selárdals í Vopnafirði, samt Þistilfirðinga að norðan“.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl nr. 29, 30 og 13(1), er byggt á þinglýstum landamerkjabréfum og öðrum skráðum eignarheimildum sem þeir hafi fyrir þessari eign sinni og einnig þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Þá sé fullur hefðartími liðinn frá því að landamerkjabréfi var þinglýst. Jarðeigendur hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðanna sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not landsins og hafi öll nýting verið háð leyfi frá þeim. Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Taka verði *Landnámu* með

fyrirvara sem heimild og röksemdir ríkisins þess efnis að landnám hafi ekki náð til heiða algerlega ósannaðar enda ekki reistar á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Þá beri þess að geta að ríkið hafi selt land Þorsteinsstaða. Vísað er til jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og stjórnsýslulaga um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna.

### 6.12.3. Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Tunguseli og Þorsteinsstöðum er rakin í kafla 5.13. Þar kemur fram að Tunguseli var skipt úr landi jarðarinnar Hallgilsstaða á 17. öld, sbr. einnig kafla 6.13., og þar búið síðan. Árið 1850 voru Þorsteinsstaðir síðan byggðir í landi Tungusels. Búið var á Þorsteinsstöðum nær samfellt frá 1850–1884 en síðan hefur jörðin verið í eyði og nýtt til beitar fyrir sauðfé. Árið 1972 voru Þorsteinsstaðir seldir eigendum Tungusels samkvæmt lögum nr. 9/1972 en seljandi var ríkissjóður. Svo sem rakið er í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámabók* hversu langt inn til fjalla landnám á þessu svæði náði. Af því verða engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um hvort í öndverðu hafi verið stofnað til beins eignarréttar á þessu svæði með námi.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Tungusels er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 20. apríl 1885 og þingl. 27. júní 1890. Merkjum Þorsteinsstaða hefur ekki verið lýst í landamerkjabréfi en hins vegar er lýsing í samningi sem gerður var á skiptafundi í dánarbúi Elínar Sveinsdóttur 23. maí 1861. Þá er lýsing á merkjum Þorsteinsstaða í afsalsbréfi frá 28. maí 1870 þegar Gunnar Gunnarsson á Sauðanesi keypti, fyrir hönd Sauðaneskirkju, Þorsteinsstaði af Sigvalda Þorsteinssyni. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Tunguseli og Þorsteinsstöðum og hvað ráðið verður af öðrum heimildum um sama efni. Athugun þessi tekur til vestur-, suður- og austurmerkja landsvæðisins, að því leyti sem þau liggja innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Tungusels og Þorsteinsstaða verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins.

Samkvæmt landamerkjabréfi Tungusels eru merki til vesturs, gagnvart Þorsteinsstöðum og Grímólfsártungu (heiðarlandi Syðralóns) þegar sunnar dregur, miðuð við Tunguá inn að kílamótum, þá austara Tunguárdrag inn að Arnarfjallahyrnu og þaðan beina stefnu í Hafralón. Bréfið er hvorki áritað vegna Þorsteinsstaða né Syðralóns. Í samningi sem gerður var á skiptafundi í dánarbúi Elínar Sveinsdóttur árið 1861 er merkjum Þorsteinsstaða, gagnvart Tunguseli, lýst með Tunguá að utan frá Hafralónsá fram að svo nefndum Dragamótum og svo helst sama stefna beint til Arnarfjalla. Sömu lýsingu er að finna í afsalsbréfi fyrir Þorsteinsstöðum frá 1870. Í landamerkjabréfi Syðralóns, dags. 4. nóvember 1916 og þingl. 3. júlí 1917, er merkjum Grímólfsártungu lýst sem öllu landi milli Hafralónsár og Grímólfsár frá upptökum þeirra og þar til þær falla saman. Ágreiningur er milli aðila um þessi mörk en af merkjalýsingum verður ráðið að þær falla ekki að öllu leyti saman. Um merkin

milli Tungusels og Þorsteinsstaða og Grímólfsártungu vísast til nánari umfjöllunar í kafla 6.11. en þar kemur fram að mörk milli þeirra skuli miðuð við þá kvísl Grímólfsár sem liggur vestan við Stóraás að upptökum hennar og þaðan í Hafralón.

Samkvæmt landamerkjabréfi Tungusels eru merki til austurs, gagnvart Hallgilsstöðum, lýst með „Kverká frá því hún fellur í Hafralónsá allt innað klöpp (merki klöpp) þeirri er stendur austan við ána skammt fyrir utan Kverkáreyrar, þaðan bein stefna í Stóruvörðu er stendur á melhrygg í Grasdal, þaðan sama stefna í vörðu á Hólmavatnshæðum, þaðan sama stefna í Miðdal í Arnarfjöllum þaðan bein stefna neðst á Búðarmel“. Bréfið er áritað vegna hálfra Hallgilsstaða. Ekkert landamerkjabréf er til fyrir Hallgilsstaði en í fasteignamati fyrir N-Þingeyjarsýslu frá 1916–1918 er lýsing á merkjum Hallgilsstaða. Merkjum til vesturs, gagnvart Tunguseli, á því svæði sem fellur innan kröfulínu ríkisins er lýst frá vörðu á Hólmavatnshæðum og þaðan enn sömu stefnu í Miðdal í Arnarfjöllum en þaðan ræður bein stefna innst á Barðmel. Hér er samræmi milli lýsinga á merkjum þessara aðliggjandi jarða en svo virðist sem „Barðmelur“ og „Búðarmelur“ sé sama kennileitið.

Samkvæmt landamerkjabréfi Tungusels eru merki jarðarinnar til suðurs gagnvart landsvæði sem Þórshafnarhreppur hefur gert tilkall til miðuð við beina stefnu innst af Búðarmel og vestur í Hafralónsá. Engar heimildir finnast um merki þessa aðliggjandi landsvæðis en kröfur Þórshafnarhrepps eru í samræmi við suðurmerki Tungusels eins og þeim er lýst hér að framan.

Austurmerki Þorsteinsstaða, gagnvart Tunguseli, hafa verið rakin hér að framan. Önnur merki Þorsteinsstaða, líkt og þau eru afmörkuð í fyrrnefndu afsalsbréfi frá 1870, eru að vestan, gagnvart Grímólfsártungu (heiðarlandi Syðralóns), „Hafralónsá útan frá Tungnaá fram til Grímólfsár, þá Grímólfsá til upptaka hennar“. Í samningi sem gerður var á skiptafundi í dánarbúi Elínar Sveinsdóttur er aðeins lýsing á austurmörkum Þorsteinsstaða. Samkvæmt landamerkjabréfi Syðralóns frá 4. nóvember 1916 og þingl. 3. júlí 1917, er Grímólfsártungu, sem liggur að Þorsteinsstöðum, lýst sem öllu landi milli Hafralónsár og Grímólfsár frá upptökum þeirra þar til þær falla saman. Bréf Syðralóns er ekki áritað vegna Þorsteinsstaða. Engar aðrar heimildir eru til um merki þessa heiðarlands sem lýst er í landamerkjabréfi Syðralóns. Hér geta lýsingar á merkjum Syðralóns og Þorsteinsstaða vel samrýmst.

Í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882 var gert landamerkjabréf fyrir jörðina Tungusel. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum jarðarinnar sé þar rétt lýst. Landamerkjabréfið var undirritað af fyrirsvarsmanni jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki hennar án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við

það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Tungusels hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Svo sem hér hefur verið rakið var ekki gert landamerkjabréf fyrir Þorsteinsstaði. Að slepptu landamerkjabréfi Tungusels er ekki við annað að styðjast en lýsingu í afsali fyrir Þorsteinsstaði frá 1870 varðandi vesturmörk, gagnvart Grímólfsártungu (heiðarlandi Syðralóns), á kröfusvæðinu. Er til þess að líta að lýsing á þeim mörkum er sú sama og í landamerkjabréfi Syðralóns. Þá mæla engin gögn gegn þessari lýsingu og er því óhætt að leggja hana til grundvallar.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um þýðingu landamerkjabréfa fyrir jarðir við mat á sönnun um eignarhald að landi vísast til þess sem rakið er í kafla 6.1.1.

Í sóknarlýsingu Sauðanessóknar frá árinu 1840 segir að jarðirnar Hallgilsstaðir og Tungusel eigi hin bestu og mestu afréttarlönd, ef notuð væru, og fyrir framan þessi lönd sé „almenningur milli Langaness, Norðurstranda og Selárdals í Vopnafirði, samt Þistilfirðinga að norðan". Hér ber þess að geta að sunnan Tungusels er afréttarsvæði, sbr. kafla 6.22. Öndvert við sóknarlýsingu Svalbarðssóknar, sem rakin er í kafla 6.9. um Laxárdal og kafla 6.10. um Hvamm, er hér ekki að finna neina lýsingu á mörkum eignarlanda gagnvart afréttum eða almenningum. Verður því ekki talið að sóknarlýsing Sauðanessóknar mæli gegn mörkum Tungusels eins og gerð hefur verið grein fyrir hér að framan.

Fram kemur í heimildum að Tungusel hafi verið byggt í landi Hallgilsstaða og Þorsteinsstaðir síðar í landi Tungusels. Þrátt fyrir að engar merkjalýsingar finnist um afmörkun á þessu landsvæði áður en jörðunum var skipt úr því verður til þess að líta að forsaga jarðanna er sú sama og verður rakin til jarðarinnar Hallgilsstaða en fyrir þeirri jörð eru heimildir frá 13. öld, líkt og nánar er rakið í kafla 5.14.[438] Verður þetta talið renna frekari stoðum undir sönnunargildi landamerkjabréfs Tungusels. Að þessu virtu þykir einnig óhætt að slá því föstu að landsvæði það sem lagt var til Þorsteinsstaða hafi verið eignarland.

Ekki eru heimildir um annað en jörðin Tungusel hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Þorsteinsstaðir voru byggðir úr landi Tungusels, eins og að framan greinir, og hafa verið nýttir eftir aðstæðum. Innan tilgreindra marka í landamerkjabréfi og afsali fyrir Þorsteinsstaði frá árinu 1870 hafa eigendur jarðanna farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Land jarðanna til suðurs, inn til heiða, hefur þar ekki verið undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Ekki verður annað séð en þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land Tungusels og Þorsteinsstaða sunnan

---

[438] Sbr. einnig umfjöllun um hugtakið *jörð* í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

kröfulínu ríkisins hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Tungusels og Þorsteinsstaða sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[439]

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Tungusels og Þorsteinsstaða, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.13. Hallgilsstaðir

### 6.13.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands Hallgilsstaða. Við þá umfjöllun verður ekki tekið tillit til þess að Hallgilsstaðir skiptast nú í I og II.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá Kverkártungu þar sem hreppamarkalína kemur að Litlu-Kverká (punktur 1) og þaðan þangað sem Hávarðsdalsá rennur í Hafralónsá (punktur 2). Á móti hafa gagnaðilar, þinglýstir eigendur Hallgilsstaða, lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggi innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.14.

Að Hallgilsstöðum liggja Tungusel og Þorsteinsstaðir til vesturs og Kverkártunga til suðausturs. Til norðurs er hafið en til suðurs er landsvæði sem Þórshafnarhreppur hefur gert tilkall til í máli þessu. Landsvæðið sem um ræðir hefur leguna norður-suður og tilheyrir Tunguselsheiði. Svæðið liggur í 300–580 m yfir sjávarmáli. Nyrst er land hallalítið og votlent og afmarkast af Litlu-Kverká að austan. Suður með Litlu-Kverká að vestan er land hallalítið og gróið. Allbreitt dalverpi, Sveinsdalur, liggur norðvestan til á landsvæðinu og liggur mjór urðarhryggur vestan hans með tvo hnjúka (540 m og 579 m). Að auki liggur Miðdalsvatn vestan Sveinsdals í tæplega 500 m yfir sjávarmáli. Austan Sveinsdals liggja Kílafjöll í um 500 m yfir sjávarmáli. Sveinsdalslækur rennur austnorðaustur úr dalnum í Stóru-Kverká norðan Kílafjalla. Ofan Sveinsdals liggja Sveinsdalsvötn í um 530 m yfir sjávarmáli. Land er gróið neðst í fjöllunum en gróður minnkar eftir því sem ofar dregur og verður land þá lítt gróið og grýtt. Sunnan fjallanna tekur land að lækka til suðurs og við tekur samfelld háslétta í um 500 m yfir sjávarmáli. Háslétta þessi er að

[439] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

mestu hálfgróin og moslend. Vestast á landsvæðinu, suðvestan Sveinsdals, liggur Eyjavatn (503 m) og úr því rennur Stórilækur sem sameinast Kverká austur undir Kílafjöllum. Kverká rennur til norðausturs á sunnanverðri hásléttu landsvæðisins. Frá bæjarstæði Hallgilsstaða að norðanverðu Eyjavatni eru um 28 km í beinni loftlínu.

Þess skal getið að talið er að við landnám hafi land verið betur gróið og gróður náð lengra inn á heiðar en nú er, sbr. greinargerð náttúrufræðings í máli þessu.

### 6.13.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 2 og 1(7) a-b, er á því byggt að grundvöllurinn að beinum eignarrétti að landi hérlendis hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalaus svæði orðið með tímanum fleiri. Samkvæmt lýsingum landnámsheimilda verði ekki ráðið að Þistilfjarðarheiðarnar hafi verið numdar. Byggt er á því að almenningar, eins og þeir voru skilgreindir fyrir gildistöku þjóðlendulaga 1998, hafi verið sem eignarréttarlegt hugtak það sama og nú heiti þjóðlendur. Þessu eignarformi hafi ekki verið hægt að breyta nema eftir nýbýlatilskipuninni 1776. Í sóknarlýsingu Sauðanessóknar frá árinu 1840 segi að jarðirnar Hallgilsstaðir og Tungusel eigi hin bestu og mestu afréttarlönd, ef notuð væru, og fyrir framan þessi lönd sé „almenningur milli Langaness, Norðurstranda og Selárdals í Vopnafirði, samt Þistilfirðinga að norðan“.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl nr. 18 og 13(1), er byggt á landamerkjalýsingu jarðarinnar í fasteignamati og öðrum skráðum eignarheimildum sem þeir hafi fyrir þessari jörð sinni, fornum og nýjum, og einnig þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Þá sé einnig fullur hefðartími liðinn frá því að landamerki jarðarinnar hafi verið skráð. Ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land, innan landamerkja, sé undirorpið fullkomnum eignarrétti. Taka verði *Landnámu* með fyrirvara sem heimild og að röksemdir þess efnis að landnám hafi ekki náð til heiða og ekki til fjalla, nema Gunnólfsvíkurfjalls, séu ekki reistar á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Lögð er áhersla á að landamerki Hallgilsstaða séu gömul og bendi til þessi að fullkominn eignarréttur eigendanna hafi verið virtur á þessu landi frá ómunatíð.

### 6.13.3. Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Hallgilsstaða er rakin í kafla 5.14. Þar kemur fram að Hallgilsstaða er getið í heimildum allt frá 13. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.[440] Svo sem rakið er í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámabók* hversu langt inn til fjalla landnám á þessu svæði

[440] Sbr. umfjöllun um hugtakið *jörð* í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

náði. Af því verða engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um hvort í öndverðu hafi verið stofnað til beins eignarréttar á þessu svæði með námi.

Kemur þá til skoðunar hvað ráðið verður af heimildum um merki Hallgilsstaða. Athugun þessi tekur fyrst og fremst til sunnanverðra vestur- og austurmerkja jarðarinnar, ásamt suðurmerkjum, þ.e. merkja landsvæðisins að því leyti sem þau liggja innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Hallgilsstaða verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins.

Fyrir liggur að ekki hefur verið gert landamerkjabréf fyrir Hallgilsstaði. Hins vegar er að finna greinargóða lýsingu á merkjum Hallgilsstaða í fasteignamati fyrir N-Þingeyjarsýslu frá 1916–1918. Þá er rétt að minna á, líkt og rakið er í kafla 5.13. um Tungusel og Þorsteinsstaði, að fram kemur í heimildum að Tungusel var í upphafi byggt í landi Hallgilsstaða og Þorsteinsstaðir síðar í landi Tungusels. Við afmörkun Hallgilsstaða verður því að líta til tiltækra gagna um landamerki aðliggjandi jarða og svæða. Þar er að vestanverðu um að ræða landamerkjabréf Tungusels, dags. 20. apríl 1885 og þingl. 27. júní 1890, og að austanverðu landamerkjabréf Kverkártungu, dags. 8. maí 1884 og þingl. 16. júlí 1885. Ekki er til landamerkjabréf sem tekur til suðurmerkja jarðarinnar.

Merki Hallgilsstaða til vesturs, gagnvart Tunguseli, má ráða af landamerkjabréfi Tungusels. Samkvæmt bréfinu er merkjum milli jarðanna lýst svo: „[...] í vörðu á Hólmavatnshæðum, þaðan sama stefna í Miðdal í Arnarfjöllum þaðan bein stefna neðst á Búðarmel.“ Bréfið er áritað vegna hálfra Hallgilsstaða. Samkvæmt lýsingu í fasteignamati fyrir N-Þingeyjarsýslu frá 1916–1918 eru merki Hallgilsstaða til vesturs samhljóða þeim merkjum sem lýst er í bréfi Tungusels.

Samkvæmt landamerkjabréfi Kverkártungu er sunnanverðum austurmerkjum Hallgilsstaða, lýst með Miðfjarðará að Kistufellslæk „og þaðan beint norður í Heiðarvatn, svo aftur beint þaðan og í Litlu-Kverkárdrög, sem mun vera hér um bil í óttu stað; eftir það afmarkar Kverká landið út að áður nefndum ármótum [Miðfjarðarár og Litlu-Kverkár]“. Bréfið er áritað vegna hálfra Hallgilsstaða. Í fyrrgreindu fasteignamati eru austurmerki Hallgilsstaða svofelld: „Að austan ræður Kverkárdrag frá Heiðarvatni út að krók þeim sem dragið myndar stutt utan við Þverurð; þaðan bein stefna norðaustur í litlu Kverká, sem þá ræður út á móts við Langavatnsenda hinn nyrðri; þaðan ræður melhryggur sá, er liggur suður af fremri Þröskuld út á hæð þá, er svo heitir; þaðan bein stefna útaustur í Leirvatn“ Merkjalýsing fasteignamatsins og landamerkjabréfs Kverkártunga geta þannig vel samrýmst.

Suðurmerki Hallgilsstaða liggja að landsvæði sem Þórshafnarhreppur hefur gert tilkall til í máli þessu. Í fasteignamati Hallgilsstaða 1916–1918 er þessum merkjum lýst svo: „Að sunnan ræður bein stefna innst af Barðmel í Heiðarhól og Heiðarvatn.“ Engar heimildir finnast um merki þessa aðliggjandi landsvæðis en kröfur

Þórshafnarhrepps eru í samræmi við suðurmerki Hallgilsstaða eins og þeim er lýst í fasteignamatinu.

Svo sem hér hefur verið rakið var ekki gert landamerkjabréf fyrir Hallgilsstaði í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882 og 1919. Hins vegar voru landamerkjabréf aðliggjandi landsvæða árituð af hálfu Hallgilsstaða, þinglýst og færð í landamerkjabók. Er til þess að líta að lýsing á mörkum gagnvart Hallgilsstöðum er sú sama og í fasteignamati Hallgilsstaða. Þetta bendir til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Hallgilsstaða hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Þá eru engin gögn sem mæla því í gegn að farið sé eftir lýsingu fasteignamatsins við afmörkun á jörðinni til suðurs en þau fá jafnframt vel samrýmst suðurmörkum aðliggjandi landsvæða. Er því óhætt að leggja hana til grundvallar.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um þýðingu landamerkjabréfa almennt fyrir jarðir við mat á sönnun um eignarhald að landi vísast til þess sem rakið er í kafla 6.1.1.

Í sóknarlýsingu Sauðanessóknar frá árinu 1840 segir að jarðirnar Hallgilsstaðir og Tungusel eigi hin bestu og mestu afréttarlönd, ef notuð væru, og fyrir framan þessi lönd sé „almenningur milli Langaness, Norðurstranda og Selárdals í Vopnafirði, samt Þistilfirðinga að norðan“. Hér ber þess að geta að sunnan Hallgilsstaða er afréttarsvæði, sbr. kafla 6.22. Öndvert við sóknarlýsingu Svalbarðssóknar, sem rakin er í kafla 6.9. um Laxárdal og kafla 6.10. um Hvamm, er hér ekki að finna neina lýsingu á mörkum Hallgilsstaða eða annarra eignarlanda gagnvart afréttum eða almenningum. Verður því ekki talið að sóknarlýsing Sauðnessóknar mæli gegn mörkum Hallgilsstaða eins og gerð hefur verið grein fyrir þeim hér að framan. Að þessu frátöldu hefur ekkert komið fram sem fer í bága við heimildir um afmörkun jarðarinnar eða veikir þær sem sönnunargagn um eignarhaldið.

Ekki eru þannig heimildir um annað en jörðin Hallgilsstaðir hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru í landamerkjabréfum aðliggjandi landsvæða, árituð vegna Hallgilsstaða og áréttuð eru í fasteignamati 1916–1918 hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Land jarðarinnar til suðurs, inn til heiða, hefur þar ekki verið undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Ekki verður annað séð en þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land Hallgilsstaða hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Hallgilsstaða sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[441]

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Hallgilsstaða, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.14. Kverkártunga

### 6.14.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands Kverkártungu, sbr. landamerkjabréf frá 8. maí 1884 og þingl. 16. júlí 1885.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá Miðfjarðará þar sem Litlilækur rennur í ána við Kverkártungu (punktur 4). Frá þessum punkti er haldið upp Miðfjarðará þar til komið er 15 km veg frá nyrsta odda Kverkártungu og verður það punktur 5. Frá þessum punkti er haldið vestur yfir Kverkártungu og á þann stað í Kverká (punktur 6), þar sem 15 km eru norður til endimarka Kverkártungunnar. Frá þessum punkti er haldið niður eftir Litlu-Kverká og allt til þar sveitarfélagamörk koma að ánni (punktur 7). Á móti hafa gagnaðilar, þinglýstir eigendur Kverkártungu, lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggi innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.15.

Að Kverkártungu liggja til vesturs Hallgilsstaðir og Miðfjörður til austurs. Til suðurs er landsvæði sem Þórshafnarhreppur hefur gert tilkall til. Landsvæðið sem um ræðir er háslétta í 400–500 m yfir sjávarmáli og hefur leguna norður-suður. Svæðið er lítt gróið þar sem það liggur hæst en grónara þegar neðar dregur.

Þess skal getið að talið er að við landnám hafi land verið betur gróið og gróður náð lengra inn á heiðar en nú er, sbr. greinargerð náttúrufræðings í máli þessu.

### 6.14.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 2 og 1(7) a-b, er á því byggt að grundvöllurinn að beinum eignarrétti að landi hérlendis hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalaus svæði orðið fleiri með tímanum. Kverkártungu sé ekki getið í jarðabókum 1762 eða 1804 en komi fram í neðanmálsgrein í jarðabók 1847 sem nýbýli. Þótt ekki

[441] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

liggi fyrir byggingarbréf virðist hafa verið gengið út frá því af yfirvöldum að formlegt nýbýli hafi verið stofnað og af því sé þá ljóst að útmælt land býlisins milli Miðfjarðarár og Kverkár sé ekki þjóðlenda heldur eignarland. Ekki eigi að vera óvissa um hversu langt til heiðar þessi beini eignarréttur nái því að útmælt land hafi ekki náð lengra til heiða en grös grói og heimildir greini frá því að það sé í 15 km fjarlægð frá tunguoddinum.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl nr. 7, 7(3) og 6(4), er byggt á því að land jarðarinnar, eins og því sé lýst í landamerkjabréfum, hafi verið innan landnáms Finna sem nam Finnafjörð og Miðfjörð. Þá er því mótmælt að óljósar lýsingar *Landnámu* verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðarinnar verði dregin í efa. Elsta skjallega heimildin um landamerki Kverkártungu sé útmælingargerð frá árinu 1850 en þar segi að hið útmælda land sé allt land milli Miðfjarðar og Kverkár. Enn fremur segi í útmælingargerðinni að milli áðurgreindra ummerkja verði að útleggja land allt svo að ekkert verði afgangs. Vísað er til þess að frá öndverðu hafi lög kveðið á um merkjagerð. Það hafi fyrst verið við setningu landamerkjalaga árið 1882 og síðar árið 1919 að stjórnvöld hafi átt frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann hafi verið uppi. Þegar haft sé í huga að samkvæmt landamerkjalögum sé opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni styðji það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðar verði ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrði um inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvíli þannig á íslenska ríkinu. Þá telji gagnaðilar að í kröfum íslenska ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda þeirra án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Gagnaðilar hafi í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að land innan landamerkja sé undirorpið fullkomnum eignarrétti þeirra enda hafi handhafar ríkisvaldsins margsinnis, bæði beint og óbeint, viðurkennt fullkominn eignarrétt þeirra innan lýstra merkja. Þá er vísað til hefðar.

### 6.14.3. Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Kverkártungu er rakin í kafla 5.15. Er hér um að ræða eitt svokallaðra heiðarbýla, sbr. kafla 6.1.2., fyrst byggt einhvern tíma á árunum 1817–1835, þ.e. á þeim tíma sem Páll Melsteð var sýslumaður í N-Múlasýslu. Einnig er þar rakið að útvísunargerð á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar frá 1776 fór fram 17. júní 1850, í almenningi eins og það er beinlínis orðað í útvísunargerðinni. Í málinu liggur ekki fyrir byggingarbréf útgefið af amtmanni fyrir nýbýlinu Kverkártungu. Þá verður ekki ráðið af öðrum gögnum málsins að slíkt bréf hafi verið gefið út. Í þeim efnum er ekki við annað að styðjast en bréf sýslumanns til amtmanns frá 7. janúar 1851 þess efnis að sýslumaður sendi

amtmanni afrit af útvísunargjörð nýbýlisins svo að amtmaður geti gefið hlutaðeigandi ábúanda byggingarbréf fyrir nýbýlinu. Svo sem rakið er í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámabók* hversu langt inn til fjalla landnám á þessu svæði náði. Af því verða engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um hvort í öndverðu hafi verið stofnað til beins eignarréttar á þessu svæði með námi.

Byggð sú sem tókst í Kverkártungu á grundvelli útvísunarinnar mun hafa verið með einhverjum hléum en þó samfellt frá árinu 1911 til ársins 1937 þegar Kverkártunga fór í eyði. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að á tímabilinu 1950–1994 hefur Kverkártunga nokkrum sinnum gengið kaupum og sölum eða komið til skipta í dánarbúum.

Þjóðlendukrafa íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að hið útmælda land Kverkártungu sé eignarland en sunnan þess þjóðlenda. Kemur því ekki til skoðunar hjá óbyggðanefnd hvort stofnast hafi til eignarréttar að því landi á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar eða fyrir hefð, sbr. dóma Hæstaréttar frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 og 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006. Til athugunar er því einungis til hvaða landsvæðis útmælingin tekur, hvort fyrirliggjandi landamerkjabréf jarðarinnar taki til stærra svæðis og hver sé eignaréttarleg staða þess svæðis sem þar kann að muna.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Kverkártungu er lýst í útmælingu frá 1850, landamerkjabréfi frá 8. maí 1884 og í öðru landamerkjabréfi sem útbúið var 20. desember 1921. Einnig verður kannað hvað ráðið verður af öðrum heimildum um það efni en þar nýtur við áðurnefndrar útmælingar frá 17. júní 1850 vegna stofnunar nýbýlis og lýsingar á merkjum í landamerkjabréfum aðliggjandi landsvæða. Athugun þessi tekur til suðurmerkja landsvæðisins og sunnanverðra vestur- og austurmerkja, að því leyti sem þau liggja innan kröfusvæðis íslenska ríkisins.

Í útmælingu frá 17. júní 1850 vegna stofnunar nýbýlis er fyrirhuguðu nýbýli útlagt allt land milli Miðfjarðarár og Kverkár en í útmælingunni segir að landið sé „á ad giska rúmar 2 Mílur á lengd úr tunguspordinum fram á fremstu grös og ½ til ⅔ Míla á breidd þar sem þad er breidast.“ Í málinu liggur fyrir að hér er um að ræða danska mílu en lengd hennar mun vera u.þ.b. 7,5 km. Punktar þeir sem íslenska ríkið byggir kröfulínu sína á liggja í u.þ.b. 15 km fjarlægð frá tunguoddinum og fá því vel samræmst þeirri lýsingu sem fram kemur í útmælingunni. Er þá komið í um og yfir 400 m hæð.

Landamerkjabréf fyrir Kverkártungu var útbúið 8. maí 1884 og þingl. 16. júlí 1885. Undir bréfið skrifa Árni Þorkelsson, eigandi hálfrar Kverkártungu, og Gísli Þorsteinsson, eigandi hálflendu Hallgilsstaða. Hinn 20. desember 1921 var útbúið annað landamerkjabréf fyrir Kverkártungu. Það var þinglesið 31. júlí 1922 og undirritað af Jónasi Pálssyni, eiganda Kverkártungu, og samþykkt af Þórarni Árnasyni, eiganda Miðfjarðarnessels.

Í landamerkjabréfunum er mörkum að austan, gagnvart Miðfirði, og suðaustan, gagnvart því landsvæði sem Þórshafnarhreppur hefur gert tilkall til, lýst frá ármótum Miðfjarðarár og Litlu-Kverkár „þann veg inn með Miðfjarðará að vestan inn að svonefndum Kistufellslæk, er í hana rennur hinum megin, og þaðan beint norður í Heiðarvatn“. Bréfin eru ekki árituð vegna Miðfjarðar. Samkvæmt landamerkjabréfi Miðfjarðar, frá 1. apríl 1884 og þingl. 26. júní 1884, eru vesturmerkin, gagnvart Kverkártungu, miðuð við Þverfellslæk og ræður lækurinn landamerkjum í Miðfjarðará sem ræður svo merkjum til sjávar. Bréfið er áritað vegna Kverkártungu. Yngra bréf fyrir Miðfjörð frá 20. desember 1921 lýsir merkjum til vesturs um Miðfjarðará að Kistufellslækjarósi og síðan Kistufellslækur að vörðu sem stendur á hól við lækinn. Bréfið er ekki áritað vegna Kverkártungu. Merki Miðfjarðar og Kverkártungu geta vel samrýmst, þó lýsir eldra bréf Miðfjarðar mörkum jarðarinnar mun skemur inn til landsins en gert er í yngra bréfinu. Engar heimildir finnast um merki aðliggjandi landsvæðis til suðurs en kröfur Þórshafnarhrepps eru í samræmi við suðurmerki Kverkártungu eins og þeim er lýst hér að framan.

Samkvæmt landamerkjabréfum Kverkártungu eru merki til vesturs, gagnvart Hallgilsstöðum, frá Heiðarvatni og beint þaðan í Litlu-Kverkárdrög en eftir það afmarkar Kverká landið. Bréfið er áritað vegna hálfra Hallgilsstaða. Ekkert landamerkjabréf er til fyrir Hallgilsstaði en lýsingu á merkjum landsvæðisins er að finna í fasteignamati fyrir N-Þingeyjarsýslu frá 1916–1918. Þar eru merki til austurs miðuð við Kverkárdrag frá Heiðarvatni út að krók þeim sem dragið myndar stutt utan við Þverurð en þaðan bein stefna norðaustur í Litlu-Kverká. Þessar lýsingar eru í samræmi.

Ljóst er þannig að í landamerkjabréfum Kverkártungu er merkjum lýst nokkru sunnar en fram kemur í útmælingunni 1850. Að öðru leyti eru útmælingin og önnur gögn í samræmi við lýsingar landamerkjabréfanna.

Að fenginni þessari niðurstöðu um merki Kverkártungu þarf að leysa úr eignarréttarlegri stöðu þess landsvæðis sem liggur sunnan og utan útmælingarinnar en innan landamerkjabréfanna og ágreiningur aðila í máli þessu stendur um. Í kafla 6.1.1. er fjallað um sönnunargildi landamerkjabréfa fyrir eignarrétt að landi. Eins og þar kemur fram hafa menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt með því að gera landamerkjabréf. Þegar virt er sönnunargildi landamerkjabréfs verður að líta til þess hvort önnur gögn geta fallið að bréfinu eða mæla því gegn. Ekkert hefur komið fram sem rennir stoðum undir að á svæðinu utan útmælingarinnar hafi verið stofnað til beins eignarréttar á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar. Þá hafa heldur ekki verið leidd í ljós nein þau not af þessu fjalllendi sem stofnað hafi til beins eignarréttar á grundvelli hefðar, sbr. lög nr. 46/1905.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að umrætt landsvæði sunnan kröfulínu ríkisins sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Þá leiðir rannsókn óbyggðanefndar einnig til þeirrar niðurstöðu að á umræddu

landsvæði sé þjóðlenda.[442] Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að umrætt land, sem nýtt var til beitar á meðan byggð stóð yfir í Kverkártungu, sé í afréttareign Kverkártungu en aðrir hafa ekki haft uppi slíkt tilkall til svæðisins.

Að öllu ofangreindu virtu er það niðurstaða óbyggðanefndar að umrætt landsvæði, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Frá þeim punkti í Litlu-Kverká þar sem 15 km eru frá nyrsta odda Kverkártungu, sbr. punkt 6 í kröfugerð íslenska ríkisins, er dregin lína suðaustur yfir Kverkártungu og í Miðfjarðará, nánar tiltekið þangað sem 15 km eru norður til endimarka Kverkártungu, sbr. punkt 5 í kröfugerð íslenska ríkisins. Síðan er farið með Miðfjarðará inn að Kistufellslæk er í hana rennur hinum megin og þaðan beint í Heiðarvatn við Heiðarhól. Þaðan er farið í Litlu-Kverkárdrög og eftir það afmarkar Litla-Kverká landið þar til komið er að punkti þeim í Litlu-Kverká sem fyrstur var nefndur í lýsingu þessari.*

Sama landsvæði er í afréttareign Kverkártungu, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

## 6.15. Miðfjörður

### 6.15.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands Miðfjarðar. Við þá umfjöllun verður miðað við afmörkun í yngra landamerkjabréfi fyrir jörðina og verður ekki tekið tillit til þess að Miðfjörður skiptist nú í Miðfjörð I og II og Melavelli.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá Urðartjörn (punktur 3), þaðan í þann stað í Miðfjarðará þar sem Litlilækur rennur í ána við Kverkártungu (4). Á móti hafa gagnaðilar, þinglýstir eigendur Miðjarðar, lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggi innan merkja samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.16. og 3.17.

Að Miðfirði liggja samkvæmt kröfulýsingu gagnaðila Kverkártunga til vesturs og til austurs eru Gunnarsstaðir. Til suðurs og suðausturs er ágreiningssvæði sem til umfjöllunar er í máli nr. 3/2005 hjá óbyggðanefnd. Landsvæðið sem um ræðir hefur leguna norður-suður og liggur að mestu í 350–500 m hæð yfir sjávarmáli á Miðfjarðarheiði. Nyrst hallar land mót norðri í Lambafjöllum og renna úr þeim nokkur vatnsföll. Djúpavatn liggur í Lambafjöllum í tæplega 380 m yfir sjávarmáli. Sunnan Lambafjalla fer land hækkandi og syðst á umræddu landsvæði, vestur undir

[442] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Syðri-Hágangi, liggur land í 500–600 m hæð. Land er lítt gróið til hálfgróið á þessu svæði og er mest um mólendi og votlendi.

Þess skal getið að talið er að við landnám hafi land verið betur gróið og gróður náð lengra inn á heiðar en nú er, sbr. greinargerð náttúrufræðings í máli þessu.

### 6.15.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(7) a-b, er á því byggt að grundvöllurinn að beinum eignarrétti að landi hérlendis hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalaus svæði orðið með tímanum fleiri en í upphafi. Finni nam Finnafjörð og Viðfjörð (Miðfjörð) svo að ljóst er að byggðirnar við þessa firði hafi verið numdar en lýsing þessi bendi ekki til að landnámið sjálft hafi náð til Kverkártungunnar og Miðfjarðarheiðar. Megi því ráða að þjóðlenda sé á miðbiki kröfusvæðisins, Kverkártungu, Miðfjarðarheiði, Staðarheiði og Sandvíkurheiði. Mörk þjóðlendunnar hljóti að vera þar sem mörk heimalanda jarða séu við afrétti. Þessi niðurstaða styðjist við sýslu- og sóknarlýsingar Sauðnessóknar en þar segi frá almenningum á Langanesströnd sem séu hluti af stórum almenningi sem nái frá Selárdal í Vopnafirði og í gegnum Skeggjastaðahrepp, Þórshafnarhrepp, Svalbarðshrepp og allt norður í Öxarfjörð.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl nr. 8, 8(1), 9, 9(5) og 6(4), er byggt á því að land jarðarinnar Miðfjarðar, eins og því sé lýst í landamerkjabréfi frá 1921, hafi verið innan landnáms Finna sem nam Finnafjörð og Miðfjörð. Því er mótmælt að óljósar lýsingar *Landnámu* verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðarinnar verði dregin í efa. Vísað er til þess að frá öndverðu hafi lög kveðið á um merkjagerð. Það hafi fyrst verið við setningu landamerkjalaga árið 1882 og síðar árið 1919 að stjórnvöld áttu frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann hafi verið uppi. Þegar haft sé í huga að samkvæmt landamerkjalögum sé opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni styðji það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðar verði ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvíli þannig á íslenska ríkinu. Í kröfum íslenska ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Eigendur jarðarinnar hafi í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að land innan landamerkja sé undirorpið fullkomnum eignarrétti þeirra enda hafi handhafar ríkisvaldsins margsinnis, bæði beint og óbeint, viðurkennt fullkominn eignarrétt þeirra innan lýstra merkja. Þá er vísað til hefðar.

### 6.15.3. Niðurstöður

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Miðfjarðar er rakin í kafla 5.16. Þar kemur fram að Miðfjarðar er fyrst getið í heimildum frá 17. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.[443] Svo sem rakið er í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámabók* hversu langt inn til fjalla landnám á þessu svæði náði. Af því verða engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um hvort í öndverðu hafi verið stofnað til beins eignarréttar á þessu svæði með námi.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Miðfjarðar er lýst í fyrirliggjandi heimildum. Athugun þessi tekur til suðurmerkja jarðarinnar og sunnanverðra vestur- og austurmerkja hennar, að því leyti sem þau liggja innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Miðfirði. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Miðfjarðar verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins.

Fyrirliggjandi eru tvö landamerkjabréf fyrir jörðina Miðfjörð. Hið eldra er dags. 1. apríl 1884 og þingl. hinn 26. júní 1884 og hið yngra er dags. 20. desember 1921 og þingl. 31. júlí 1922. Í kröfugerð gagnaðila ríkisins er miðað við yngra landamerkjabréfið.

Samkvæmt eldra landamerkjabréfi Miðfjarðar eru merki jarðarinnar til vesturs, gagnvart Kverkártungu, talin frá þeim stað þar sem Þverfellslækur rennur í Miðfjarðará en svo ræður áin merkjum til sjávar. Bréfið er áritað vegna Kverkártungu. Samkvæmt yngra landamerkjabréfi Miðfjarðar eru merki jarðarinnar til vesturs, miðuð við Miðfjarðará að Kistufellslækjarós. Bréfið er ekki áritað vegna Kverkártungu. Í yngra bréfinu ná vesturmerkin mun lengra inn til landsins heldur en merkin samkvæmt eldra bréfinu. Samkvæmt landamerkjabréfi Kverkártungu, frá 8. maí 1884 og þingl. 16. júlí 1885, fá merki hennar vel samrýmst lýsingum í landamerkjabréfum Miðfjarðar nema að því leyti að þeim er lýst lengra inn til landsins en í eldra bréfi Miðfjarðar. Bréf Kverkártungu er áritað vegna Miðfjarðar. Eldri heimild um Kverkártungu lýsir merkjum þó skemur inn til landsins en gert er í landamerkjabréfi, sbr. kafla 6.14.

Í eldra bréfi Miðfjarðar eru suðurmerkin, gagnvart ágreiningssvæði íslenska ríkisins og eigenda Þorvaldsstaða sem til úrlausnar er í máli nr. 3/2005 hjá óbyggðanefnd, upp eftir Hölkná og í norðasta Hágangshorn, þaðan beint í Þverfellslæk þar sem skemmst er, ræður þá lækurinn landamerkjum í Miðfjarðará. Bréfið er ekki áritað vegna Þorvaldsstaða. Samkvæmt yngra landamerkjabréfi Miðfjarðar eru merki til suðurs, frá Kistufellslækjarósi, síðan með Kistufellslæk að vörðu sem stendur á hól við lækinn. Bréfið er ekki áritað vegna Þorvaldsstaða. Hér er ljóst að suðurmerkjum Miðfjarðar er lýst mun lengra inn til landsins í yngra bréfinu, þar sem miðað er við Kistufellslæk, heldur en í því eldra þar sem mörkin eru miðuð

---

[443] Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

við Þverfellslæk. Um merki Þorvaldsstaða í Vopnafjarðarhreppi er fjallað í máli nr. 3/2005 hjá óbyggðanefnd. Lýsingar í landamerkjabréfum Þorvaldsstaða eru í samræmi við yngra landamerkjabréf Miðfjarðar. Þar er hins vegar komist að þeirri niðurstöðu að merkjalýsing landamerkjabréfanna sé í ósamræmi við eldri heimild sem lögð er til grundvallar í því máli.

Í eldra landamerkjabréfi fyrir Miðfjörð eru austurmerkin, gagnvart Gunnarsstöðum og ágreiningssvæði íslenska ríkisins og eigenda Hvammsgerðis, Hróaldsstaða I og II, Áslaugarstaða og Leifsstaða miðuð við „land frá Höltnárós (sic.) og svo uppeptir henni og í norðasta Hágangshorn, þaðan beint í Þverfellslæk þar sem skemmst er“. Bréfið er ekki áritað vegna landsvæðis að austanverðu. Merki Miðfjarðar til austurs, samkvæmt yngra landamerkjabréfi jarðarinnar, eru frá vörðu sem stendur á hól við Kistufellslæk og þaðan beina leið að Hölknárupptökum en síðan Hölkná til sjávar. Austurmörk Miðfjarðar ná mun lengra inn til landsins samkvæmt yngra bréfinu heldur en því eldra. Bréfið er áritað vegna Gunnarsstaða en ekki jarða í Vopnafjarðarhreppi. Samkvæmt landamerkjabréfi Gunnarsstaða, ódags. en þingl. 9. júlí 1891, eru merki til vesturs gagnvart Miðfirði þessi: „Að norðan ræður Höltná (sic.), frá því er Sellækur rennur í hana, upp eptir þar til Sauðá fellur í hana og upp eptir henni í efstu drög.“ Bréfið er áritað vegna Miðfjarðar. Yngra bréf fyrir Gunnarsstaði frá 1921 lýsir merkjum Gunnarsstaða gagnvart Miðfirði svo: „Að vestan skiftir Hölkná frá fjalli til fjöru.“ Bréfið er áritað vegna Miðfjarðar. Í landamerkjalýsingum aðliggjandi jarða í Vopnafjarðarhreppi eru merki þeirra til vesturs ýmist miðuð við vatnaskil eða ákveðin kennileiti, svo sem Hágangana. Í máli nr. 3/2005 um Vopnafjarðarhrepp er komist að þeirri niðurstöðu að land jarðanna nái að vatnaskilum. Bréf jarðanna eru ekki árituð af hálfu Miðfjarðar nema bréf Leifsstaða frá árinu 1922.

Samkvæmt eldra bréfinu eru merki til suðurs miðuð við „norðasta Hágangshorn“ og þaðan beint í Þverfellslæk, þar sem skemmst er, en síðan ræður lækurinn landamerkjum í Miðfjarðará. Í yngra bréfinu er hins vegar miðað við Kistufellslækjarós og svo Kistufellslæk „að vörðu sem stendur á hól við lækinn og þaðan beina leið að Hölknárupptökum“. Ljóst er að í fyrra bréfinu sem gert var fyrir jörðina er merkjum lýst mun skemur inn til landsins en í því síðara. Um þýðingu þess við mat á eignarréttarlega stöðu landsins verður fjallað hér síðar.

Í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882 var gert landamerkjabréf fyrir Miðfjörð. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum jarðarinnar sé þar rétt lýst og finnast ekki eldri heimildir sem mæla henni í mót. Annað landamerkjabréf er síðan gert fyrir Miðfjörð eftir gildistöku landamerkjalaga nr. 41/1919 og við það miða eigendur jarðarinnar kröfugerð sína í máli þessu. Þar eru landamerki jarðarinnar dregin miklu sunnar en í eldra bréfinu. Fyrirliggjandi gögn benda hins vegar ekki til annars en landamerkjum Miðfjarðar sé rétt lýst í eldra landamerkjabréfinu. Lýsing eldra bréfsins er mjög skýr og svo mikið ber á milli að telja verður að hún mæli í mót

lýsingu yngra landamerkjabréfsins. Óbyggðanefnd telur því að ekki sé í ljós leitt að land sunnan Þverfellslækjar hafi verið innan landamerkja Miðfjarðar fyrir gerð yngra bréfsins árið 1921. Bæði landamerkjabréfin eru árituð vegna aðliggjandi jarða í Skeggjastaðahreppi en ekki vegna jarða í Vopnafjarðarhreppi. Þá eru bæði bréfin undirrituð af eigendum jarðarinnar, þinglesin, færð í landamerkjabók og ekki er að sjá að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Að því er tekur til þess landsvæðis sem afmarkað er í yngra landamerkjabréfi er til þess að líta að eldra landamerkjabréf mælir gegn því að merki jarðarinnar nái svo langt suður sem þeim er lýst í yngra bréfinu. Önnur gögn um merki Miðfjarðar liggja ekki fyrir. Þá er ljóst að með því að gera landamerkjabréf hafa menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt, sbr. kafla 6.1.1.

Ekkert hefur komið fram sem rennir stoðum undir lýsingu yngra bréfsins að því marki sem hún gengur lengra inn til landsins en lýsing eldra bréfsins. Í því bréfi er merkjum jarðarinnar lýst á allar hliðar og því verður það bréf talið mæla gegn yngra bréfinu þar sem mörk jarðarinnar eru færð út á þann veg sem hér hefur verið rakið. Þá hafa heldur ekki verið leidd í ljós nein þau not af þessu fjalllendi að stofnað hafi til beins eignarréttar á grundvelli hefðar, sbr. lög nr. 46/1905. Á hinn bóginn hefur ekkert komið fram sem mælir gegn lýsingu á merkjum jarðarinnar í eldra bréfinu. Um þýðingu upphaflegs landamerkjabréfs jarðarinnar við mat á sönnun um eignarhald að því landi sem þar er afmarkað vísast til þess sem rakið er í kafla 6.1.1. Kröfulína íslenska ríkisins er dregin mun norðar en eldra bréfið nær og hefur ríkið ekki með nokkru móti rökstutt þessa kröfulínu sína.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að ekki hafi verið sýnt fram á annað en mörk þjóðlendu gagnvart Miðfirði verði dregin eftir suðurlínu landamerkjabréfsins frá 1884 og miðist við Þverfellslæk frá Miðfjarðará og eftir læknum í norðasta Hágangshorn og þaðan í Hölkná. Þá leiðir rannsókn óbyggðanefndar einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda. Norðan framangreindrar línu er hins vegar eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[444]

Kemur þá til skoðunar hvort stofnast hafi til óbeinna eignarréttinda innan þeirrar þjóðlendu sem hér er til umfjöllunar og liggur sunnan framangreindrar þjóðlendulínu en innan marka kröfulínu gagnaðila. Aðrir gera ekki kröfu til sambærilegs svæðis. Fyrir liggur að svæðið hefur verið nýtt af eigendum Miðfjarðar til beitar og annarra venjubundinna afréttarnota. Verður því fallist á þá kröfu að landið sé í afréttareign Miðfjarðar.

---

[444] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að umrætt landsvæði, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Frá Hölknárdrögum við nyrsta Hágangshorn er dregin lína í Þverfellslæk, skemmstu leið. Þá ræður Þverfellslækur þar til hann rennur í Miðfjarðará. Síðan er Miðfjarðará fylgt að Kistufellslækjarósi. Þaðan er Kistufellslæk fylgt að vörðu sem stendur á hól við lækinn og þaðan er farið beina leið aftur í fyrstnefnd Hölknárdrög við nyrsta Hágangshorn.*

Sama landsvæði er í afréttareign Miðfjarðar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

## 6.16. Gunnarsstaðir

### 6.16.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands Gunnarsstaða. Við þá umfjöllun verður miðað við afmörkun í yngra landamerkjabréfi fyrir jörðina og verður ekki tekið tillit til þess að um miðja síðustu öld var jörðunum Hölkná, Veðramótum I og Veðramótum II skipt út úr landi Gunnarsstaða.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá Urðartjörn (punktur 3), þaðan í þann stað í Miðfjarðará þar sem Litlilækur rennur í ána við Kverkártungu (4). Á móti hafa gagnaðilar, þinglýstir eigendur Gunnarsstaða, Veðramóta I og II og Hölknár, lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggi innan merkja jarðanna samkvæmt landamerkjabréfi. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í köflum 3.18.–3.21.

Að Gunnarsstöðum liggja, samkvæmt kröfulýsingu gagnaðila, Miðfjörður til vesturs og til suðurs Hvammsgerði og Hámundarstaðir í Vopnafjarðarhreppi. Til austurs liggja Djúpilækur og Þorvaldsstaðir. Landsvæðið sem um ræðir hefur leguna norður-suður og liggur að mestu í 300–500 m hæð yfir sjávarmáli. Hæst rís land syðst á svæðinu í Ytri-Hágangi (923 m). Nyrst á landsvæðinu liggja Urðarbrúnir (300–400 m) en úr þeim rennur Sauðá til norðurs í Sauðhöfðalæk. Upp af Urðarbrúnum liggja tvær hæðarnibbur sem kallast Sauðhöfðar og eru þeir samfastir að sunnan og austan. Syðri nibban kallast Efri-Sauðhöfði (490 m) og sú nyrðri kallast Neðri-Sauðhöfði (442 m). Inn af Urðarbrúnum suður að Ytri-Hágangi hallar landi til norðurs og kallast það Sauðárdrög en þar falla allnokkrir lækir. Frá bæjarstæði Gunnarsstaða suður að toppi Ytri-Hágangs eru tæpir 14 km í beinni loftlínu.

Þess skal getið að talið er að við landnám hafi land verið betur gróið og gróður náð lengra inn á heiðar en nú er, sbr. greinargerð náttúrufræðings í máli þessu.

### 6.16.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(7) a-b, er á því byggt að grundvöllurinn að beinum eignarrétti að landi hérlendis hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalaus svæði orðið með tímanum fleiri en í upphafi. Finni hafi numið Finnafjörð og Viðfjörð (Miðfjörð) svo ljóst sé að byggðirnar við þessa firði hafi verið numdar en lýsing þessi bendi ekki til að landnámið sjálft hafi náð til Kverkártungunnar og Miðfjarðarheiðar. Megi því ráða að þjóðlenda sé á miðbiki kröfusvæðisins, Kverkártungu, Miðfjarðarheiði, Staðarheiði og Sandvíkurheiði. Þessi niðurstaða styðjist við sýslu- og sóknarlýsingar Sauðnessóknar en þar segi frá almenningum á Langanesströnd sem séu hluti af stórum almenningi sem nái frá Selárdal í Vopnafirði og í gegnum Skeggjastaðahrepp, Þórshafnarhrepp, Svalbarðshrepp og allt norður í Öxarfjörð.

Af hálfu eigenda Veðramóta I og Gunnarsstaða, sbr. skjöl nr. 6, 6(3), 10, 10(1) og 6(4) og 8(3), er byggt á því að land jarðarinnar, eins og því sé lýst í landamerkjabréfi frá 1921, hafi verið innan landnáms Hróðgeirs hvíta. Þeir mótmæla því að óljósar lýsingar *Landnámu* verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðarinnar verði dregin í efa. Þá er vísað til meginreglna í eignarrétti og stjórnarskrár, einkum 72. gr. hennar ásamt lögum nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Því er mótmælt að óljósar lýsingar *Landnámu* verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðarinnar verði dregin í efa. Vísað er til þess að frá öndverðu hafi lög kveðið á um merkjagerð. Það hafi fyrst verið við setningu landamerkjalaga árið 1882 og síðar árið 1919 að stjórnvöld hafi átt frumkvæði að því að gengið yrði frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann kæmi upp. Þegar haft sé í huga að samkvæmt landamerkjalögum sé opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni styðji það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðar verði ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrði um inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvíli þannig á íslenska ríkinu. Í kröfum íslenska ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Eigendur jarðarinnar hafi í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að land innan landamerkja sé undirorpið fullkomnum eignarrétti þeirra enda hafi handhafar ríkisvaldsins margsinnis, bæði beint og óbeint, viðurkennt fullkominn eignarrétt þeirra innan lýstra merkja. Þá er vísað til hefðar.

Af hálfu eigenda Veðramóta II og Hölknár, sbr. skjöl nr. 11, 11(15) og 12, er byggt á skráðu og þinglýstu landamerkjabréfi frá 1921 og óslitinni þinglýstri framsalsröð frá þeim tíma. Þá hafi eigendur jarðarinnar verið viðurkenndir sem slíkir í áratugi. Allt frá fyrstu skriflegum heimildum um jörðina hafi hún ótvírætt verið talin

eignarland að öllu leyti, sbr. landamerkjabréfið frá 1921. Fyrri eigendur hafi nýtt hana að öllu leyti sem eignarland, hvort sem litið sé til búskapar eða annarra hlunninda jarðarinnar, svo sem fisk- og fuglaveiða. Þá hafi eigendur stofnað til óbeinna eignarréttinda yfir jörðinni sem ekki væri mögulegt nema um eignarland væri að ræða. Megi þar nefna veðréttindi sem m.a. íslenska ríkið hafi tekið í allri jörðinni. Samningarnir sýni að enginn vafi sé á að jörðin hafi ætíð verið eignarland að öllu leyti í samræmi við þinglýst landamerki. Hróðgeir hvíti nam land í Sandvík og náði landnám hans frá landnámi Finna í Miðfirði að norðan að landanámsmörkum Vopnafjarðarhéraðs sem greinist af heiðarlöndunum inn frá Digranesi. Heimildir bendi til að landnám Hróðgeirs hvíta hafi náð vestur að Miðfirði og suður að hreppamörkum. Þar með falli allt Gunnarsstaðalandið innan landnámsins. Vísað er í eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar, sbr. 72. gr. laga nr. 33/1994 og einnig 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Jafnvel þótt talið yrði að hinar skráðu upplýsingar um eignarhald væru ekki fullnægjandi sé ljóst að landið hafi verið hefðað í skilningi laga nr. 46/1905, sbr. m.a. 2. og 6. gr. laganna.

### 6.16.3. Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Gunnarsstaða er rakin í kafla 5.17. Þar kemur fram að Gunnarsstaðir, sem fyrst er getið í heimildum á fyrri hluta 19. aldar, voru upphaflega hjáleiga frá jörðinni Djúpalæk en síðar sjálfstæð jörð.[445] Jarðarinnar Djúpalækjar er getið í heimildum allt frá 13. öld, sjá nánar í kafla 5.18. Svo sem rakið er í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámabók* hversu langt inn til fjalla landnám á þessu svæði náði. Af því verða engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um hvort í öndverðu hafi verið stofnað til beins eignarréttar á þessu svæði með námi.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Gunnarsstaða er lýst í fyrirliggjandi heimildum. Athugun þessi tekur til suðurmerkja jarðarinnar og sunnanverðra vestur- og austurmerkja hennar, að því leyti sem þau liggja innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Gunnarsstöðum. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Gunnarsstaða verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins.

Fyrirliggjandi eru tvö landamerkjabréf fyrir jörðina Gunnarsstaði. Hið eldra ódags. en þingl. 9. júlí 1891 og hið yngra dags. 12. desember 1921 og þingl. 31. júlí 1922.

Í eldra landamerkjabréfi sem gert var fyrir Gunnarsstaði árið 1891 eru vesturmerkin, gagnvart Miðfirði, talin fylgja Hölkná „frá því er Sellækur rennur í hana, upp eptir þar til Sauðá fellur í hana og upp eptir henni í efstu drög“. Bréfið er áritað vegna Miðfjarðar. Samkvæmt yngra landamerkjabréfi Gunnarsstaða er merkjum jarðarinnar til vesturs lýst með þessum hætti: „Að vestan skiftir Hölkná frá

[445] Sbr. umfjöllun um hugtakið *jörð* í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

fjalli til fjöru.“ Bréfið er áritað vegna Miðfjarðar. Þessi merki fást vel samrýmst. Tvö landamerkjabréf voru gerð fyrir jörðina Miðfjörð, það eldra frá árinu 1884 og það yngra frá árinu 1921. Í yngra bréfi Miðfjarðar er merkjum gagnvart Gunnarsstöðum lýst mun lengra inn til landsins en merki Gunnarsstaða ná en að öðru leyti eru merki jarðanna í samræmi, sbr. kafla 6.15.

Eldra bréf fyrir Gunnarsstaði lýsir merkjum til suðurs, gagnvart ágreiningssvæði í Vopnafjarðarhreppi, þannig að farið sé úr Sauðárdrögum og „þaðan í Sellækjardrög og eptir þeim læk aptur í Höltná“. Þetta bréf er ekki áritað vegna landsvæðis til suðurs. Samkvæmt yngra landamerkjabréfi Gunnarsstaða eru merki til suðurs miðuð við „Sellækjardrag og hágangsröð eystri, þaðan í eystra hágangshorn“. Bréfið er ekki áritað vegna landsvæðis til suðurs. Hér er ljóst að suðurmerkjum er lýst mun skemur inn til landsins í eldra bréfinu, þar sem miðað er við Sauðá. Í landamerkjalýsingum jarða á ágreiningssvæði í Vopnafjarðarhreppi eru merki þeirra til norðurs gagnvart Gunnarsstöðum ýmist miðuð við vatnaskil eða ákveðin kennileiti, svo sem Hágangana. Bréfin eru ekki árituð vegna Gunnarsstaða. Um landamerkjabréf og nánari afmörkun þessara jarða vísast í umfjöllun í máli nr. 3/2005 hjá óbyggðanefnd.

Samkvæmt eldra landamerkjabréfi fyrir Gunnarsstaði eru merki til austurs, gagnvart því landsvæði sem eigendur Djúpalækjar og Þorvaldsstaða hafa gert tilkall til, miðuð við Sellækjardrög. Í yngra landamerkjabréfi Gunnarsstaða eru austurmerkin frá „...Sellæk neðanvert við Litla-kíl. Úr því ræður Sellækur inn á móts við Bláfjall. Þá tekur við Sellækjardrag og hágangsröð eystri.“ Bréfið er áritað vegna Djúpalækjar en ekki Þorvaldsstaða. Í yngra bréfinu ná merkin nokkuð lengra inn til landsins en í því eldra. Bréfið er áritað vegna Djúpalækjar. Samkvæmt landamerkjabréfum Djúpalækjar, öðru ódags. en þingl. 9. júlí 1891 og hinu dags. 12. desember 1921 og þingl. 31. júlí 1922, eru merki jarðarinnar til vesturs í samræmi við merki Gunnarsstaða nema að því leyti að yngra bréf Gunnarsstaða lýsir merkjum nokkuð lengra inn til landsins en bréf Djúpalækjar. Í tveimur landamerkjabréfum sem gerð voru fyrir Þorvaldsstaði, annars vegar 14. júlí 1890 og hins vegar 12. desember 1921, eru vesturmerkin miðuð við Djúpalæk frá upptökum og til sjávar. Þau eru ekki árituð vegna Gunnarsstaða. Þessi lýsing á sér einnig stoð í afsali fyrir Þorvaldsstöðum frá 1669 og áreið sem farin var á landamerki milli Þorvaldsstaða og Djúpalækjar frá 22. júní 1883. Í kröfugerð gagnaðila, eins og hún er afmörkuð á korti, liggur land Gunnarsstaða að landi Þorvaldsstaða. Það er hins vegar ekki í samræmi við þær merkjalýsingar sem hafa verið raktar enda liggur Djúpilækur og upptök hans ekki að Gunnarsstöðum. Samkvæmt því eiga Gunnarsstaðir og Þorvaldsstaðir ekki merki saman, sjá nánari umfjöllun um merki Þorvaldsstaða í kafla 6.18.

Í landamerkjabréfum Gunnarsstaða skortir nokkuð á samræmi í merkjalýsingu fyrir suður- og suðausturmörk jarðarinnar, svo sem áður er vikið að. Samkvæmt eldra bréfinu eru merki til suðurs miðuð við efstu drög Sauðár og „þaðan í Sellækjardrög og

eptir þeim læk aptur í Hölkná“. Í yngra bréfinu er hins vegar miðað við Sellækjardrag og „hágangsröð eystri, þaðan í eystra hágangshorn“. Um þýðingu þessa við mat á eignarréttarlega stöðu landsins verður fjallað hér síðar.

Í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882 var gert landamerkjabréf fyrir Gunnarsstaði. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum jarðarinnar sé þar rétt lýst og finnast ekki eldri heimildir sem mæla henni í mót. Annað landamerkjabréf er síðan gert fyrir Gunnarsstaði eftir gildistöku landamerkjalaga nr. 41/1919. Þar eru landamerki jarðarinnar að austanverðu dregin nokkru sunnar en í eldra bréfinu. Fyrirliggjandi gögn benda hins vegar ekki til annars en landamerkjum Gunnarsstaða sé rétt lýst í eldra landamerkjabréfinu. Lýsing eldra bréfsins er mjög skýr og svo mikið ber á milli að telja verður að hún mæli í mót lýsingu yngra landamerkjabréfsins þessu leyti. Óbyggðanefnd telur því að ekki sé í ljós leitt að land sunnan þeirra marka sem miðað er við í eldra landamerkjabréfi Gunnarsstaða hafi verið innan landamerkja Gunnarsstaða fyrir gerð yngra bréfsins árið 1921. Landamerkjabréfin eru samþykkt vegna aðliggjandi jarða í Skeggjastaðahreppi en ekki vegna jarða í Vopnafjarðarhreppi. Þá eru bæði bréfin undirrituð af eigendum jarðarinnar, þinglesin, færð í landamerkjabók og ekki er að sjá að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Að því er tekur til þess landsvæðis sem afmarkað er í yngra landamerkjabréfi er til þess að líta að eldra landamerkjabréf mælir gegn því að merki jarðarinnar nái svo langt suður sem þeim er lýst í yngra bréfinu. Önnur gögn um merki Gunnarsstaða liggja ekki fyrir. Þá er ljóst að með því að gera landamerkjabréf hafa menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt, sbr. kafla 6.1.1.

Ekkert hefur komið fram sem rennir stoðum undir lýsingu yngra bréfsins að því marki sem hún gengur lengra inn til landsins en lýsing eldra bréfsins. Í því bréfi er merkjum jarðarinnar lýst á allar hliðar og því verður það bréf talið mæla gegn yngra bréfinu þar sem mörk jarðarinnar eru færð út á þann veg sem hér hefur verið rakið. Þá hafa heldur ekki verið leidd í ljós nein þau not af þessu fjalllendi að stofnað hafi til beins eignarréttar á grundvelli hefðar, sbr. lög nr. 46/1905. Á hinn bóginn hefur ekkert komið fram sem mælir gegn lýsingu á merkjum jarðarinnar í eldra bréfinu. Um þýðingu upphaflegs landamerkjabréfs jarðarinnar við mat á sönnun um eignarhald að því landi sem þar er afmarkað vísast til þess sem rakið er í kafla 6.1.1. Kröfulína íslenska ríkisins er dregin norðar en eldra bréfið nær og hefur ríkið ekki með nokkru móti rökstutt þessa kröfulínu sína.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að ekki hafi verið sýnt fram á annað en að mörk þjóðlendu gagnvart jörðinni Gunnarsstöðum liggi svo sem suðurmerkjum er lýst í eldra landamerkjabréfinu og miðist við Sauðárdrög og þaðan í Sellækjardrög. Þá leiðir rannsókn óbyggðanefndar

einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda. Norðan framangreindrar línu er hins vegar eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[446]

Kemur þá til skoðunar hvort stofnast hafi til óbeinna eignarréttinda innan þeirrar þjóðlendu sem hér er til umfjöllunar og liggur sunnan framangreindrar þjóðlendulínu en innan marka kröfulínu gagnaðila. Aðrir gera ekki kröfu til sambærilegs svæðis. Fyrir liggur að umrætt landsvæði hefur verið nýtt af eigendum Gunnarsstaða til beitar og annarra venjubundinna afréttarnota. Verður því fallist á þá kröfu að landið sé í afréttareign Gunnarsstaða.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að umrætt landsvæði, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Frá þeim stað þar sem línan sem dregin er úr vörðu við Kistufellslæk og í Hölknárdrög sker sveitarfélagamörk er sveitarfélagamörkum fylgt til austurs þar til kemur að hornmarki Gunnarsstaða og Þorvaldsstaða í Hágangaurð svo sem það er teiknað í kröfulýsingum gagnaðila íslenska ríkisins. Þaðan er kröfulínu sömu aðila fylgt í Sellækjardrög en þaðan er farið í Sauðárdrög. Þá er Sauðá fylgt þar til hún fellur í Hölkná. Þaðan er farið með Hölkná í Hölknárdrög og þaðan á fyrstnefndan stað þar sem línan sem dregin er úr vörðu við Kistufellslæk og í Hölknárdrög, sker sveitarfélagamörk.*

Sama landsvæði er í afréttareign Gunnarsstaða, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

## 6.17. Djúpilækur

### 6.17.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands Djúpalækjar.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá Urðartjörn (punktur 3), þaðan í þann stað í Miðfjarðará þar sem Litlilækur rennur í ána við Kverkártungu (4). Á móti hafa gagnaðilar, þinglýstir eigendur Djúpalækjar, lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggi innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.22.

Að Djúpalæk liggja Gunnarsstaðir til vesturs og Þorvaldsstaðir til austurs. Til suðurs liggur landsvæði sem eigendur Gunnarsstaða og Þorvaldsstaða hafa gert tilkall

[446] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

til. Um er að ræða lítið landsvæði sem hefur leguna norður-suður og liggur í um 400 m yfir sjávarmáli.

Þess skal getið að talið er að við landnám hafi land verið betur gróið og gróður náð lengra inn á heiðar en nú er, sbr. greinargerð náttúrufræðings í máli þessu.

### 6.17.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(7) a-b, er á því byggt að grundvöllurinn að beinum eignarrétti að landi hérlendis hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalaus svæði orðið með tímanum fleiri en í upphafi. Finni hafi numið Finnafjörð og Viðfjörð (Miðfjörð) svo ljóst sé að byggðirnar við þessa firði hafi verið numdar en lýsing þessi bendi ekki til að landnámið sjálft hafi náð til Kverkártungunnar og Miðfjarðarheiðar. Megi því ráða að þjóðlenda sé á miðbiki kröfusvæðisins, Kverkártungu, Miðfjarðarheiði, Staðarheiði og Sandvíkurheiði. Mörk þjóðlendunnar hljóti að vera þar sem mörk heimalanda jarða séu við afrétti. Þessi niðurstaða styðjist við sýslu- og sóknarlýsingar Sauðnessóknar en þar segi frá almenningum á Langanesströnd sem séu hluti af stórum almenningi sem nái frá Selárdal í Vopnafirði og í gegnum Skeggjastaðahrepp, Þórshafnarhrepp, Svalbarðshrepp og allt norður í Öxarfjörð.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl nr. 35, 35(1) og 6(4), er byggt á því að land jarðarinnar sé innan landnáms Hróðgeirs hins hvíta sem hafi numið Sandvík (Bakkafjörð) fyrir norðan Digranes allt til Miðfjarðar en hann hafi búið á Skeggjastöðum. Því er mótmælt að óljósar lýsingar *Landnámu* verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landinu innan landamerkja jarðarinnar verði dregin í efa. Vísað er til þess að frá öndverðu hafi lög kveðið á um merkjagerð. Það hafi fyrst verið við setningu landamerkjalaga árið 1882 og síðar árið 1919 að stjórnvöld hafi átt frumkvæði að því að gengið yrði frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann hefði komið upp. Þegar haft sé í huga að samkvæmt landamerkjalögum sé opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni styðji það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðar verði ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrði um inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvíli þannig á íslenska ríkinu. Í kröfum íslenska ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Eigendur jarðarinnar hafi í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að land innan landamerkja sé undirorpið fullkomnum eignarrétti þeirra enda hafi handhafar ríkisvaldsins margsinnis, bæði beint og óbeint, viðurkennt fullkominn eignarrétt þeirra innan lýstra merkja. Þá er vísað til hefðar.

### 6.17.3. Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Djúpalækjar er rakin í kafla 5.18. Þar kemur fram að Djúpalækjar er getið í heimildum allt frá 13. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.[447] Svo sem rakið er í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámabók* hversu langt inn til fjalla landnám á þessu svæði náði. Af því verða engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um hvort í öndverðu hafi verið stofnað til beins eignarréttar á þessu svæði með námi.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Djúpalækjar er lýst í fyrirliggjandi heimildum. Athugun þessi tekur til suðurmerkja jarðarinnar og sunnanverðra vestur- og austurmerkja hennar, að því leyti sem þau liggja innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Djúpalæk. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Djúpalækjar verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins.

Landamerkjum Djúpalækjar er fyrst lýst í landamerkjabréfi, ódagsettu en þingl. 9. júlí 1891. Annað landamerkjabréf var einnig gert fyrir Djúpalæk 12. desember 1921 og þingl. 31. júlí 1922. Þá er að finna lýsingu á merkjum milli Djúpalækjar og Þorvaldsstaða í áreið sem farin var á landamerkin hinn 14. júlí 1890.

Samkvæmt yngra landamerkjabréfi Djúpalækjar eru merki jarðarinnar til vesturs, gagnvart Gunnarsstöðum, miðuð við Sellæk á móts við Bláfellsdalsbotn. Eldra bréfið miðar merki gagnvart Gunnarsstöðum við Sellæk og upp fyrir innri Bláfjallsenda. Bréfin eru árituð vegna Gunnarsstaða. Landamerkjabréf frá 1891 og 1921 fyrir Gunnarsstaði miða einnig merki gagnvart Djúpalæk við Sellæk. Þau eru samþykkt vegna Djúpalækjar. Samræmi er með þessum merkjalýsingum.

Samkvæmt fyrrnefndum landamerkjabréfum Djúpalækjar munu merki jarðarinnar til austurs, gagnvart Þorvaldsstöðum, fylgja Djúpalæk frá sjó og inn í Bláfellsdalsbotn eða Bláfjallsenda. Bréfin eru samþykkt vegna Þorvaldsstaða. Sömu lýsingu er að finna í áreið sem farin var á merki milli Djúpalækjar og Þorvaldsstaða. Merkjum er ekki sérstaklega lýst til suðurs en syðsti hluti landsins er samkvæmt eldra bréfinu Sellækur „upp fyrir innri Bláfjallsenda“ og samkvæmt yngra bréfinu „inn á móts við Bláfellsdalsbotn“. Í afmörkun á kröfugerð eigenda Djúpalækjar eru suðurmörk jarðarinnar hins vegar miðuð við Sellækjardrög. Að áliti óbyggðanefndar verður þó ekki séð að ósamræmi sé milli merkjalýsinga landamerkjabréfanna og kröfugerðar jarðeigenda. Styðst það m.a. við lýsingar á merkjum Gunnarsstaða en í landamerkjabréfum þeirrar jarðar er einnig miðað við Sellækjardrög.

Í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882 var gert landamerkjabréf fyrir Djúpalæk. Annað landamerkjabréf var síðan gert fyrir jörðina eftir gildistöku gildandi landamerkjalaga nr. 41/1919. Landamerkjabréfin eru samþykkt vegna aðliggjandi jarða, undirrituð af eigendum jarðarinnar, þinglesin, færð í landamerkjabók og á þeim

---

[447] Sbr. umfjöllun um hugtakið *jörð* í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

byggt án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir til að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Þá er ljóst að eigendur jarðarinnar hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða þess lands sem ágreiningur íslenska ríkisins og eigenda jarðarinnar Djúpalækjar tekur til. Um þýðingu landamerkjabréfa fyrir jarðir við mat á sönnun um eignarhald að landi vísast til þess sem rakið er í kafla 6.1.1.

Í málinu hafa ekki komið fram nein gögn sem hnekkt geta landamerkjabréfunum eða rýrt eignarréttarlegt sönnunargildi þeirra.

Ekki eru heimildir um annað en jörðin Djúpilækur, eins og hún er afmörkuð í landamerkjabréfi, hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þessara landamerkja hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt.

Ekki verður annað séð en þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan þessara merkja hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Fyrirkomulag smölunar á þessu svæði verður ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Djúpalækjar sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[448]

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Djúpalækjar, svo sem því er lýst í landamerkjabréfi, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.18. Þorvaldsstaðir

### 6.18.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands Þorvaldsstaða.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá Skálafjalli (punktur 2), þaðan yfir Staðarvatn og Staðarheiði í Urðartjörn (punktur 3), þaðan í þann stað í Miðfjarðará, þar sem Litlilækur rennur í ána við Kverkártungu (4). Á móti hafa gagnaðilar, þinglýstir eigendur Þorvaldsstaða, lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggi innan merkja jarðarinnar samkvæmt

[448] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

landamerkjabréfi hennar. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.23.

Að Þorvaldsstöðum liggja, samkvæmt kröfulýsingu gagnaðila, Djúpilækur og Gunnarsstaðir til vesturs og Skeggjastaðir til austurs. Til suðurs eru Hámundarstaðir í Vopnafjarðarhreppi, sjá mál nr. 3/2005 hjá óbyggðanefnd. Landsvæðið sem um ræðir hefur leguna norður-suður og liggur að mestu í 400–500 m hæð yfir sjávarmáli. Land hallar mót austri og norðri og kallast Urðarhlíð. Nyrst liggur Urðartjörn (í 403 m hæð). Nokkur vatnsföll falla til austurs úr Urðarhlíð og ber þar að nefna Staðará sem sker hlíðina. Urðarhlíð er mikil grágrýtisurð.

Þess skal getið að talið er að við landnám hafi land verið betur gróið og gróður náð lengra inn á heiðar en nú er, sbr. greinargerð náttúrufræðings í máli þessu.

### 6.18.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(7) a-b, er á því byggt að grundvöllurinn að beinum eignarrétti að landi hérlendis hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalaus svæði orðið með tímanum fleiri en í upphafi. Finni hafi numið Finnafjörð og Viðfjörð (Miðfjörð) svo ljóst sé að byggðirnar við þessa firði hafi verið numdar en lýsing þessi bendi ekki til að landnámið sjálft hafi náð til Kverkártungunnar og Miðfjarðarheiðarinnar. Megi því ráða að þjóðlenda sé á miðbiki kröfusvæðisins, Kverkártungu, Miðfjarðarheiði, Staðarheiði og Sandvíkurheiði. Mörk þjóðlendunnar hljóti að vera þar sem mörk heimalanda jarða séu við afrétti. Þessi niðurstaða styðjist við sýslu- og sóknarlýsingar Sauðnessóknar en þar segi frá almenningum á Langanesströnd sem séu hluti af stórum almenningi sem nái frá Selárdal í Vopnafirði og í gegnum Skeggjastaðahrepp, Þórshafnarhrepp, Svalbarðshrepp og allt norður í Öxarfjörð.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl nr. 36, 36(2) og 6(4), er byggt á því að land jarðarinnar, eins og því sé lýst í landamerkjabréfi, hafi verið innan landnáms Hróðgeirs hvíta. Þeir mótmæla því að óljósar lýsingar *Landnámu* verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðarinnar verði dregin í efa. Þá vísa þeir til meginreglna í eignarrétti og stjórnarskrár, einkum 72. gr. hennar ásamt laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Því er mótmælt að óljósar lýsingar *Landnámu* verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðarinnar verði dregin í efa. Vísað er til þess að frá öndverðu hafi lög kveðið á um merkjagerð. Það hafi fyrst verið við setningu landamerkjalaga árið 1882 og síðar árið 1919 að stjórnvöld hafi átt frumkvæði að því að gengið yrði frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann hefði komið upp. Þegar haft sé í huga að samkvæmt landamerkjalögum sé opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni styðji það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðar verði ekki

hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrði um inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvíli þannig á íslenska ríkinu. Þá er talið að í kröfum íslenska ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda þeirra án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Eigendur jarðarinnar hafi í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að land innan landamerkja sé undirorpið fullkomnum eignarrétti þeirra enda hafi handhafar ríkisvaldsins margsinnis, bæði beint og óbeint, viðurkennt fullkominn eignarrétt þeirra innan lýstra merkja. Þá er vísað til hefðar.

### 6.18.3. Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Þorvaldsstaða er rakin í kafla 5.19. Þar kemur fram að Þorvaldsstaða er getið í heimildum allt frá 13. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.[449] Svo sem rakið er í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámabók* hversu langt inn til fjalla landnám á þessu svæði náði. Af því verða engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um hvort í öndverðu hafi verið stofnað til beins eignarréttar á þessu svæði með námi.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Þorvaldsstaða er lýst í fyrirliggjandi heimildum. Athugun þessi tekur til suðurmerkja jarðarinnar og sunnanverðra vestur- og austurmerkja hennar að því leyti sem þau liggja innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Þorvaldsstöðum. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Þorvaldsstaða verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins.

Landamerkjum Þorvaldsstaða er lýst í landamerkjabréfi frá 14. júlí 1890 og þingl. 16. júlí 1892. Annað landamerkjabréf var einnig gert fyrir Þorvaldsstaði 12. desember 1921 og þingl. 31. júlí 1922. Þá er að finna lýsingu á mörkum Þorvaldsstaða frá árinu 1669 þegar Brynjólfur biskup Sveinsson seldi Sölva Gunnlaugssyni Hjarðarhaga og fimm hundruð úr Skjöldólfsstöðum en fékk í staðinn Þorvaldsstaði á Ströndum. Vesturmörkum Þorvaldsstaða er einnig lýst í áreið sem gerð var árið 1883 á landamerki milli Þorvaldsstaða og Djúpalækjar.

Samkvæmt yngra landamerkjabréfi er merkjum jarðarinnar til vesturs, gagnvart Djúpalæk og því landsvæði sem eigendur Gunnarsstaða hafa gert tilkall til, lýst með þessum hætti: „Að norðan ræður Djúpilækur, neðan frá sjó og inn í Bláfellsdalsbotn. Þaðan bein stefna í Staðará, þar sem hún fellur austur af Urðarhlíð innanvert við Urðartjörn“ Bréfið er ekki áritað vegna Djúpalækjar. Í eldra landamerkjabréfi Þorvaldsstaða eru vesturmerkin miðuð við: „Djúpalækjardrög, og ræður sá lækur eptir það merkjum til sjóar.“ Þetta bréf er áritað vegna Djúpalækjar. Í áreið sem farin var árið 1883 á merki Þorvaldsstaða og Djúpalækjar er einnig miðað við Djúpalæk „eins og hann nú fellur“. Eldri heimild frá árinu 1669 er í samræmi við

[449] Sbr. umfjöllun um hugtakið *jörð* í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

þetta. Í landamerkjabréfi sem gert var fyrir Djúpalæk árið 1921 eru merki gagnvart Þorvaldsstöðum miðuð við Djúpalæk, allt neðan frá sjó og inn í Bláfellsdalsbotn. Í eldra landamerkjabréfi fyrir Djúpalæk eru merkin talin frá Bláfjallsenda og þar í Djúpalæk sem síðan ræður merkjum til sjávar. Bæði bréfin eru árituð vegna Þorvaldsstaða. Merki Þorvaldsstaða og Djúpalækjar sýnast í samræmi. Í landamerkjabréfi frá 1891 fyrir Gunnarsstaði eru austurmerki þeirra jarðar miðuð við Sellækjardrög og eftir þeim læk í átt til sjávar. Yngra landamerkjabréf Gunnarsstaða miðar einnig við Sellækjardrag. Af þessu er ljóst að merki Gunnarsstaða ná ekki að merkjum Þorvaldsstaða. Þetta kom einnig fram í skýrslutöku fyrir óbyggðanefnd þegar eigandi Þorvaldsstaða lýsti því yfir að merki jarðarinnar næðu ekki að landi Gunnarsstaða.

Samkvæmt yngra landamerkjabréfi Þorvaldsstaða eru merki til suðurs, gagnvart því landsvæði sem eigendur Hámundarstaða í Vopnafjarðarhreppi hafa gert tilkall til miðuð við að farið sé upp Staðará þar til hún fellur austur af Urðarhlíð, innanvert við Urðartjörn, og þaðan í Djúpalæk í Bláfellsdalsbotni. Bréfið er ekki áritað vegna Hámundarstaða. Eldra landamerkjabréfið miðar suðurmörkin við upptök Staðarár og þaðan beint norður í Djúpalækjardrög. Þetta bréf er ekki áritað vegna Hámundarstaða. Bréfin sýnast í samræmi. Í heimild frá árinu 1669 eru Þorvaldsstaðir seldir með þessum takmörkum til suðurs „uppe I háfiöll sem Wötn meiga deila“. Um merki Hámundarstaða er fjallað í máli nr. 3/2005 hjá óbyggðanefnd en þar kemur fram að þau ná ekki að framangreindum merkjum Þorvaldsstaða.

Samkvæmt landamerkjabréfi Þorvaldsstaða frá árinu 1921 eru merki til austurs, gagnvart Skeggjastöðum, miðuð við að farið sé með Staðará þar til hún fellur austur af Urðarhlíð innanvert við Urðartjörn. Bréfið er áritað vegna Skeggjastaða. Í eldra landamerkjabréfi fyrir Þorvaldsstaði er merkjum lýst svo: „í Staðará, og upp með henni að vestan allt að upptökum hennar; þaðan beint norður í Djúpalækjardrög“. Bréfið er áritað vegna Skeggjastaða. Í heimild frá árinu 1669, sem fyrr er vikið að, eru merki til austurs miðuð við Merkilæk „uppe I háfiöll sem Wötn meiga deila“. Samkvæmt tveimur landamerkjabréfum sem gerð voru fyrir jörðina Skeggjastaði, annað frá 1890 en hitt frá 1921, eru vesturmerki landsins, gagnvart Þorvaldsstöðum miðuð við Staðará svo langt fram „sem sambýður hálfu Kverkárdalsvatni“. Þessi bréf eru árituð af hálfu Þorvaldsstaða. Merki Þorvaldsstaða og Skeggjastaða virðast vel geta samrýmst.

Að áliti óbyggðanefndar verður ekki séð að ósamræmi sé milli merkjalýsinga í eldra og yngra landamerkjabréfi jarðarinnar. Þó er lýsing á suðausturhornmarki jarðarinnar ekki samhljóða en í eldra bréfinu er miðað við upptök Staðarár en í því yngra Staðará þar til hún fellur austur af Urðarhlíð, innanvert við Urðartjörn. Þetta þarf ekki að fela í sér ósamræmi og virðist yngra bréfið ekki lýsa þessum mörkum með sömu nákvæmni og í eldra bréfinu sem miðar við gleggri kennileiti. Einnig er í eldra bréfinu miðað við að suðvesturhorn komi í Djúpalækjardrög en í yngra bréfinu

er miðað við Djúpalæk inn í Bláfellsdalsbotn. Hér er lýsing eldra bréfsins jafnframt nákvæmari og verður ekki séð að um ósamræmi sé að ræða. Telur óbyggðanefnd þannig eðlilegt að miða beri við upptök Djúpalækjar og Staðarár. Jarðeigendur hafa hins vegar afmarkað kröfusvæði sitt sunnar en ráðið verður af bréfunum og miðað syðstu mörk við hreppamörk gagnvart Vopnafjarðarhreppi. Um þýðingu þessa við mat á eignarréttarlega stöðu landsins verður fjallað hér síðar.

Í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882 var gert landamerkjabréf fyrir Þorvaldsstaði. Annað landamerkjabréf var síðan gert fyrir jörðina eftir gildistöku gildandi landamerkjalaga nr. 41/1919. Landamerkjabréfin eru samþykkt vegna aðliggjandi jarða í Skeggjastaðahreppi en ekki vegna jarða í Vopnafjarðarhreppi. Þá eru bréfin undirrituð af eigendum jarðarinnar, þinglesin, færð í landamerkjabók og á þeim byggt án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Þá er ljóst að eigendur jarðarinnar hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða þess lands sem ágreiningur íslenska ríkisins og eigenda jarðarinnar Þorvaldsstaða tekur til. Um þýðingu landamerkjabréfa fyrir jarðir við mat á sönnun um eignarhald að landi vísast til þess sem rakið er í kafla 6.1.1.

Í málinu hafa ekki komið fram nein gögn sem hnekkt geta lýsingu á mörkum jarðarinnar í landamerkjabréfum eða rýrt eignarréttarlegt sönnunargildi þeirra. Á hinn bóginn hafa engin haldbær gögn verið færð fram fyrir þeirri afmörkun jarðarinnar að sunnan sem jarðeigendur hafa byggt á í kröfugerð sinni. Verður hún því ekki lögð til grundvallar í málinu. Kröfulína ríkisins er hins vegar dregin nokkru norðar en þau mörk sem miðað er við í landamerkjabréfum og verða lögð hér til grundvallar. Á henni verður því ekki byggt.

Ekki eru heimildir um annað en jörðin Þorvaldsstaðir, eins og hún er afmörkuð hér að framan, hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þessara landamerkja hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Ekki verður annað séð en þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan þessara merkja hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Fyrirkomulag smölunar á þessu svæði verður ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Þorvaldsstaða sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að

tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[450]

Kemur þá til skoðunar hvort stofnast hafi til óbeinna eignarréttinda innan þeirrar þjóðlendu sem hér er til umfjöllunar og liggur sunnan framangreindrar þjóðlendulínu en innan marka kröfulínu gagnaðila. Aðrir gera ekki kröfu til sambærilegs svæðis. Fyrir liggur að umrætt landsvæði hefur verið nýtt af eigendum Þorvaldsstaða til beitar og annarra venjubundinna afréttarnota. Verður því fallist á þá kröfu að landið sé í afréttareign Þorvaldsstaða.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að umrætt landsvæði, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Úr hornmarki Þorvaldsstaða og Skeggjastaða á sveitarfélagamörkum svo sem það er teiknað í kröfulýsingum gagnaðila íslenska ríkisins er kröfulínu sömu aðila fylgt í upptök Staðarár og þaðan í upptök Djúpalækjar. Þaðan er kröfulínu Þorvaldsstaða og Djúpalækjar fylgt í Sellækjardrög. Úr Sellækjardrögum er farið með kröfulínu Þorvaldsstaða og Gunnarsstaða og að hornmarki þeirra jarða, svo sem það er teiknað í kröfulýsingum gagnaðila íslenska ríkisins. Þá er sveitarfélagamörkum fylgt til austurs í fyrstnefnt hornmark Þorvaldsstaða og Skeggjastaða svo sem það er teiknað í kröfulýsingum gagnaðila íslenska ríkisins.*

Sama landsvæði er í afréttareign Þorvaldsstaða, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

## 6.19. Skeggjastaðir

### 6.19.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands Skeggjastaða.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá þeim stað (punktur 1) þar sem Hámundarstaðamerki koma í Hágangsurð á sveitarfélagamörkum, þaðan er dregin lína austur eftir sveitarfélagamörkum allt í Skálafjall (punktur 2), þaðan yfir Staðarvatn og Staðarheiði í Urðartjörn (punktur 3). Á móti hafa gagnaðilar, þinglýstir eigendur Skeggjastaða, lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggi innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.24.

Að Skeggjastöðum liggja, samkvæmt kröfulýsingu gagnaðila, Þorvaldsstaðir til vesturs og Nýibær og Bakki til austurs. Til suðurs eru Hámundarstaðir í

[450] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Vopnafjarðarhreppi, sbr. mál nr. 3/2005 hjá óbyggðanefnd. Landsvæðið sem um ræðir liggur að mestu í 300–400 m hæð yfir sjávarmáli. Nokkrir hnjúkar eru á svæðinu og má þar nefna Staðarnúpa sem liggja austast á landsvæðinu. Eystri hnjúkurinn liggur í 321 m hæð yfir sjávarmáli en sá vestari í 351 m yfir sjávarmáli. Suðvestan þeirra er Tafla (388 m) sem er hæsti hnjúkurinn á svæðinu. Sunnan þessara hnjúka er votlent. Vestan til á landsvæðinu liggur austasti hluti grágrýtisurðar er kallast Urðarháls og hallar mót austri. Austan Urðarhlíðar liggur alllöng hlíð með leguna norður-suður sem kallast Þríhöfðahæð. Á Þríhöfðahæð eru nokkrir hnjúkar sem liggja í um 400 m hæð yfir sjávarmáli. Frá bæjarstæði Skeggjastaða í topp Töflu eru 12 km í beinni loftlínu.

Þess skal getið að talið er að við landnám hafi land verið betur gróið og gróður náð lengra inn á heiðar en nú er, sbr. greinargerð náttúrufræðings í máli þessu.

### 6.19.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(7) a-b, er á því byggt að grundvöllurinn að beinum eignarrétti að landi hérlendis hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalaus svæði orðið með tímanum fleiri en í upphafi. Hróðgeir hvíti hafi numið Sandvíkina sem nú heiti Bakkafjörður. Ekki verði af þessari lýsingu ráðið að landnámið hafi náð til Staðarheiðar eða Sandvíkurheiðar en auðvelt hefði verið að nefna Hágangana ef ætlunin hefði verið að nema svo langt en þessi fjöll séu góð kennileiti. Landnámsfrásagnir séu því ekki til stuðnings að beinn eignarréttur fyrir nám hafi náð til alls hreppsins eins og hann sé nú afmarkaður. Megi því ráða að þjóðlenda sé á miðbiki kröfusvæðisins, Kverkártungu, Miðfjarðarheiði, Staðarheiði og Sandvíkurheiði. Mörk þjóðlendunnar hljóti að vera þar sem mörk heimalanda jarða séu við afrétti. Þessi niðurstaða styðjist við sýslu- og sóknarlýsingar Sauðnessóknar en þar segi frá almenningum á Langanesströnd sem séu hluti af stórum almenningi sem nái frá Selárdal í Vopnafirði og í gegnum Skeggjastaðahrepp, Þórshafnarhrepp, Svalbarðshrepp og allt norður í Öxarfjörð.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl nr. 25 og 13(1), er byggt á þinglýstu landamerkjabréfi og öðrum skráðum eignarheimildum sem þeir hafa fyrir þessari jörð, fornum og nýjum, og einnig þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Sérstaklega er vísað til vísitasíu Brynjólfs biskups Sveinssonar frá 1641 þar sem fram komi lýsing á landamerkjum jarðarinnar sem sé í góðu samræmi við núverandi landamerkjabréf jarðarinnar. Samkvæmt vísitasíunni eigi jörðin land að vatnaskilum við Vopnfirðinga og hafi svo verið um ómunatíð. Fullur hefðartími sé einnig liðinn frá því ofangreindum landamerkjum hafi verið þinglýst. Öll afnot og nytjar landsins séu háðar leyfi eigenda enda enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess. Vísað er til þess að eignarheimildir þeirra í þessu sambandi hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna og því byggi eignarhaldið enn fremur á viðskiptavenju. Ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land,

innan landamerkja samkvæmt landamerkjabréfi, sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Í ljósi þeirra gjörninga sem liggja fyrir um ráðstöfun landsins er því haldið fram að eigendur hafi fært fram nægar heimildir fyrir eignatilkalli sínu. Það sé því ríkisins að hrekja þá staðhæfingu. Ríkið hafi ekki sýnt fram á með neinum haldbærum gögnum að land innan þinglýstra landamerkja Skeggjastaða sé ekki beinum eignarrétti háð. Vísað er sérstaklega til jafnræðisreglu stjórnsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna.

### 6.19.3. Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Skeggjastaða er rakin í kafla 5.20. Þar kemur fram að Skeggjastaða er getið fyrst í frásögnum *Landnámabókar* sem rekja má til 10. aldar. Eru Skeggjastaðir taldir meðal kirkjustaða í kirknatali Páls Jónssonar biskups um 1200. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.[451] Staðnum fylgdu tvær hjáleigur, Dalhús og Gæsagil. Svo sem rakið er í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámabók* hversu langt inn til fjalla landnám á þessu svæði náði. Af því verða engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um hvort í öndverðu hafi verið stofnað til beins eignarréttar á þessu svæði með námi.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Skeggjastaða er lýst í fyrirliggjandi heimildum. Landamerkjum Skeggjastaða, með hjáleigunum Dalhúsum og Gæsagili, er lýst í landamerkjabréfum fyrir jörðina, því fyrra frá 14. júlí 1890 og þingl. sama dag og því síðara frá 29. desember 1921 og þingl. 31. júlí 1922. Lýsing á jörðinni er einnig í óársettum máldaga Skeggjastaðakirkju sem talinn er frá 1491–1518. Þá má finna lýsingu á merkjum í vísitasíu frá árinu 1641 og í annarri vísitasíu frá árinu 1660. Jafnframt er til lögfesta fyrir jörðinni frá árinu 1844 sem hefur að geyma landamerki Skeggjastaða. Athugun þessi tekur til suðurmerkja jarðarinnar og sunnanverðra vestur- og austurmerkja hennar að því leyti sem þau liggja innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Skeggjastöðum. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Skeggjastaða verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins.

Lýsingar á landamerkjum Skeggjastaða samkvæmt fyrrnefndum landamerkjabréfum eru samhljóða varðandi þau merki sem hér skipta máli. Samkvæmt þeim eru merki jarðarinnar til vesturs, gagnvart því landsvæði sem eigendur Þorvaldsstaða hafa gert tilkall til, miðuð við Staðará og upp með henni svo langt fram sem „sambýður hálfu Kverkárdalsvatni“. Bréfið er áritað vegna Þorvaldsstaða. Í máldaga Skeggjastaðakirkju er getið svohljóðandi merkja: „Enn lanndareignn a stadurinn vr merkesteine oc j ranngarlæk. jtölulauzann reka vr ránngarlæk oc rettsyne framm j griothlijdir oc suo lanngt framm sem sambydur

[451] Sbr. umfjöllun um hugtakið *jörð* í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

korckudalzvatnne hálfu og halft diupavatnn.“ Samkvæmt vísitasíu frá 1641 eru vesturmerki Skeggjastaðakirkju ekki glögg en þó er minnst á Merkilæk og „so allann Reka fyrer Skeggiastödum allt austur ad ysta árbug, So sem greind Skeggia stada Kyrkia a land efter lögfestu fyrer ofan. Og so framm epter þar til Votnum Hallar, Enn ad Nordann framm efter j Sudurst. þar til og eirninn Votnum hallar.“ Í lögfestu frá 1844 eru merki miðuð við Merkilæk og réttsýnis fram í Grjóthlíðir og svo langt fram sem „sambýður“ hálfu Djúpadalsvatni og hálfu Kverkárdalsvatni.

Samkvæmt landamerkjabréfi Þorvaldsstaða frá 14. júlí 1890 og þingl. 16. júlí 1892, eru austurmerkin, gagnvart Skeggjastöðum, miðuð við Staðará „og upp með henni að vestan allt að upptökum hennar“. Í yngra landamerkjabréfi fyrir Þorvaldsstaði, ritað 12. desember 1921 og þingl. 31. júlí 1922, eru austurmerkin miðuð við Staðará þar til hún fellur austur af Urðarhlíð, innanvert við Urðartjörn. Bréfin eru árituð vegna Skeggjastaða. Lýsingar á merkjum Skeggjastaða geta vel fengið samrýmst. Hins vegar eru mörk til suðvesturs óljós þar sem Kverkárdalsvatn og Djúpadalsvatn, sem nefnd eru bæði í landamerkjabréfum og eldri heimildum, eru óþekkt samkvæmt kortum Landmælinga Íslands og Örnefnastofnun. Í sýslu- og sóknalýsingum Múlasýslna 1839–1874 eru helstu stöðuvötn í Skeggjastaðasókn rakin. Þar eru m.a. talin upp Djúpadals- og Kverkárdalsvötn „á sveitartakmörkum milli Skeggjastaðar- og Hámundarstaðaheiðar í Vopnafirði“. Í lögfestu frá 1844 er merkjum lýst frá fyrrnefndum vötnum og „nordr aptr í Læk þann, sem rennr i Giæsagilsá“. Lækurinn liggur rétt sunnan við hreppamörk sem leiðir líkum að því að vötnin séu u.þ.b. á hreppamörkunum. Í vísitasíu frá 1641 eru suðurmörk miðuð við vatnaskil en þau eru einnig á svipuðum slóðum. Styður þetta þau mörk jarðarinnar til suðvesturs sem miða við hreppamörk Vopnafjarðarhrepps og afmörkuð eru í kröfulýsingu gagnaðila.

Samkvæmt landamerkjabréfum Skeggjastaða eru merki til suðurs og suðausturs, gagnvart Hámundarstöðum í Vopnafjarðarhreppi og Nýjabæ, miðuð við að farið sé frá Staðará svo langt „sem sambýður hálfu Kverkárdalsvatni og þaðan í læk þann er rennur í Gæsagilsá norðan við vestasta Skálafjall og eftir þeim læk í Gæsagilsá sem ræður merkjum en svo Bakkaá“. Bréfin eru ekki árituð vegna Hámundarstaða. Í máldaganum frá árunum 1491–1518 er suðurmerkjunum lýst svo: „[...] sem sambydur korckudalzvatnne hálfu og halft diupavatnn oc þadann riettsyne austur vmm þverr skarafioll j hunndzvatz hrygg framarliga oc hálft hunndzvatnn.“ Í vísitasíu frá árinu 1641 kemur fram að merki skuli ná svo langt suður þar til vötnum fer að halla. Lögfesta frá 1844 er nánast samhljóða landamerkjabréfum. Þessar merkjalýsingar virðast í samræmi. Merki Skeggjastaða eru í samræmi við merki Nýjabæjar samkvæmt landamerkjabréfi fyrir þá jörð sem ritað var 15. desember 1921 og þingl. 31. júlí 1922. Um merki Hámundarstaða í Vopnafjarðarhreppi er fjallað í máli nr. 3/2005 hjá óbyggðanefnd en þar kemur fram að þau séu í samræmi við merki Skeggjastaða.

Í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882 var gert landamerkjabréf fyrir Skeggjastaði. Annað landamerkjabréf var síðan gert fyrir jörðina eftir gildistöku gildandi landamerkjalaga nr. 41/1919. Landamerkjabréfin eru samþykkt vegna aðliggjandi jarða í Skeggjastaðahreppi en ekki vegna jarða í Vopnafjarðarhreppi. Þá eru bréfin undirrituð af eigendum jarðarinnar, þinglesin, færð í landamerkjabók og á þeim byggt án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Þetta bendir til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Þá er ljóst að eigendur jarðarinnar hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um þýðingu landamerkjabréfa fyrir jarðir við mat á sönnun um eignarhald að landi vísast til þess sem rakið er í kafla 6.1.1. Í máli þessu hafa ekki komið fram nein gögn sem hnekkt geta landamerkjabréfi Skeggjastaða eða rýrt eignarréttarlegt sönnunargildi þess.

Ekki eru heimildir um annað en jörðin Skeggjastaðir, eins og hún er afmörkuð hér að framan, hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þessara landamerkja hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Engar heimildir eru um að land innan þessara merkja hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Fyrirkomulag smölunar á þessu svæði verður ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Skeggjastaða sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[452]

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Skeggjastaða, svo sem því er lýst í landamerkjabréfi, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.20. Nýibær

### 6.20.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands Nýjabæjar, sbr. landamerkjabréf frá 15. desember 1921, og þingl. 31. júlí 1922.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá þeim stað (punktur 1) þar sem Hámundarstaðamerki koma í Hágangsurð á sveitarfélagamörkum, þaðan er dregin lína

[452] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

austur eftir sveitarfélagamörkum allt í Skálafjall (punktur 2), þaðan yfir Staðarvatn og Staðarheiði í Urðartjörn (punktur 3). Á móti hafa gagnaðilar, þinglýstir eigendur jarðarinnar Nýjabæjar, lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggi innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.25.

Að Nýjabæ liggja Skeggjastaðir til vesturs og Bakki til norðurs. Til suðurs eru Hámundarstaðir í Vopnafjarðarhreppi, sjá mál nr. 3/2005 hjá óbyggðanefnd. Landsvæðið sem um ræðir liggur í rúmlega 300 m hæð yfir sjávarmáli.

Þess skal getið að talið er að við landnám hafi land verið betur gróið og gróður náð lengra inn á heiðar en nú er, sbr. greinargerð náttúrufræðings í máli þessu.

### 6.20.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(7) a-b, er á því byggt að grundvöllurinn að beinum eignarrétti að landi hérlendis hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalaus svæði orðið með tímanum fleiri en í upphafi. Hróðgeir hvíti hafi numið Sandvíkina sem nú heiti Bakkafjörður. Ekki verði af þessari lýsingu ráðið að landnámið hafi náð til Staðarheiðar eða Sandvíkurheiðar en auðvelt hefði verið að nefna Hágangana ef ætlunin hefði verið að nema svo langt en þessi fjöll séu góð kennileiti. Landnámsfrásagnir séu því ekki til stuðnings að beinn eignarréttur fyrir nám hafi náð til alls hreppsins eins og hann sé nú afmarkaður. Megi því ráða að þjóðlenda sé á miðbiki kröfusvæðisins, Kverkártungu, Miðfjarðarheiðar, Staðarheiðar og Sandvíkurheiðar. Mörk þjóðlendunnar hljóti að vera þar sem mörk heimalanda jarða séu við afrétti. Þessi niðurstaða styðjist við sýslu- og sóknarlýsingar Sauðnessóknar en þar segi frá almenningum á Langanesströnd sem séu hluti af stórum almenningi sem nái frá Selárdal í Vopnafirði og í gegnum Skeggjastaðahrepp, Þórshafnarhrepp, Svalbarðshrepp og allt norður í Öxarfjörð.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl nr. 37, 37(2) og 6(4), er byggt á því að land jarðarinnar, eins og því er lýst í landamerkjabréfi, hafi verið innan landnáms Hróðgeirs hvíta. Þá vísa þeir til meginreglna í eignarrétti og stjórnarskrár, einkum 72. gr. hennar ásamt laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Því er mótmælt að óljósar lýsingar *Landnámu* verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðarinnar verði dregin í efa. Vísað er til þess að frá öndverðu hafi lög kveðið á um merkjagerð. Það var fyrst við setningu landamerkjalaga árið 1882 og síðar árið 1919 að stjórnvöld áttu frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Þegar haft er í huga að samkvæmt landamerkjalögum er opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni styður það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðar verður ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrði

um inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvíli þannig á íslenska ríkinu. Í kröfum íslenska ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda þeirra án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Eigendur jarðarinnar hafi í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að land innan landamerkja sé undirorpið fullkomnum eignarrétti þeirra enda hafi handhafar ríkisvaldsins margsinnis, bæði beint og óbeint, viðurkennt fullkominn eignarrétt þeirra innan lýstra merkja. Þá er vísað til hefðar.

### 6.20.3. Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Nýjabæjar er rakin í kafla 5.21. Þar kemur fram að Nýibær er hjáleiga frá Bakka á Langanesströnd síðan 1840. Heimildir um Bakka má rekja allt aftur til 13. aldar. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.[453] Svo sem rakið er í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámabók* hversu langt inn til fjalla landnám á þessu svæði náði. Af því verða engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um hvort í öndverðu hafi verið stofnað til beins eignarréttar á þessu svæði með námi.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Nýjabæjar er lýst í fyrirliggjandi heimildum. Athugun þessi tekur til suðvesturmerkja jarðarinnar að því leyti sem þau liggja innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Nýjabæ. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Nýjabæjar verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins.

Landamerkjum Nýjabæjar er lýst í landamerkjabréfi milli Bakka og Nýjabæjar frá 15. desember 1921 og þingl. 31. júlí 1922. Eins og fyrr greinir er Nýibær hjáleiga frá Bakka og byggðist fyrst árið 1840. Landsvæði sem lagt var til Nýjabæjar er því hluti af landi jarðarinnar Bakka sem lýst er í landamerkjabréfi fyrir jörðina frá 14. júlí 1890 og þingl. sama dag. Lýsingar á merkjum Bakka má finna í bréfi frá 18. september 1652 þar sem jörðin Bakki er byggð Guðmundi Magnússyni af Hjalta Jónssyni í umboði Brynjólfs biskups. Þá er merkjum lýst eftir skoðun jarðarinnar Bakka, sem fór fram hinn 5. ágúst 1657, og í merkjalýsingu milli jarðanna Skeggjastaða og Bakka sem gerð var eftir landamerkjamál þessara jarða sem tekið var fyrir í aukarétti að Skeggjastöðum hinn 16. júní 1886.

Samkvæmt landamerkjabréfi Nýjabæjar eru merki til suðvesturs, gagnvart Hámundarstöðum og Skeggjastöðum, miðuð við að farið sé frá tanganum á Miðheiðarvatni og beint á Skálafjöll, af vestasta Skálafjalli og í læk sem rennur norðan undan því, eftir honum og í Gæsagilsá. Bréfið er hvorki áritað vegna Skeggjastaða né Hámundarstaða. Samkvæmt landamerkjabréfi fyrir Bakka frá 1890 eru merkin einnig miðuð við sömu kennileiti og gert er í bréfi Nýjabæjar. Í eldri heimildum kemur ekkert fram sem mælir gegn þessum merkjum. Samkvæmt

[453] Sbr. umfjöllun um hugtakið *jörð* í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

landamerkjabréfum Skeggjastaða, því fyrra frá 14. júlí 1890 og þingl. sama dag og því síðara frá 28. desember 1921 og þingl. 31. júlí 1922, eru merkin gagnvart Nýjabæ miðuð við að farið sé í læk þann er rennur í Gæsagilsá norðan við vestasta Skálafjall og eftir þeim læk í Gæsagilsá sem ræður merkjum en svo Bakkaá. Bréfin eru ekki áritað vegna Nýjabæjar en þau eru árituð vegna Bakka. Samkvæmt þessu geta merki Nýjabæjar og Skeggjastaða vel samrýmst. Merkjum Hámundarstaða í Vopnafjarðarhreppi er lýst í máli 3/2005. Þar kemur fram að í landamerkjabréfi Hámundarstaða séu merki til norðurs frá vörðu á Sveinahálsi, þaðan beint í há Skálafell, þaðan í Gæsagilsá og þaðan í Hágangsröð. Bréfið var ritað hinn 10. júlí 1885 og þinglýst fjórum dögum síðar. Það er áritað vegna Bakka.

Í kjölfar þess að landamerkjalög nr. 41/1919 tóku gildi var gert landamerkjabréf fyrir Nýjabæ. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að merkjum jarðarinnar sé þar rétt lýst og finnast ekki eldri heimildir sem mæla henni í mót. Bréfið var undirritað af eigendum jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir til að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Þá er ljóst að eigendur jarðarinnar hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um þýðingu landamerkjabréfa fyrir jarðir við mat á sönnun um eignarhald að landi vísast til þess sem rakið er í kafla 6.1.1. Í máli þessu hafa ekki komið fram nein gögn sem hnekkt geta landamerkjabréfi Nýjabæjar eða rýrt eignarréttarlegt sönnunargildi þess.

Ekki eru heimildir um annað en jörðin Nýibær, eins og hún er afmörkuð í landamerkjabréfi, hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þessara landamerkja hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt.

Ekki verður annað séð en þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan þessara merkja hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki talin hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Fyrirkomulag smölunar á þessu svæði verður ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Nýjabæjar sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[454]

---

[454] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Nýjabæjar, svo sem því er lýst í landamerkjabréfi, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.21. „Afréttur Svalbarðshrepps“

### 6.21.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem gert er tilkall til sem „afréttar Svalbarðshrepps“ samkvæmt kröfulýsingu sveitarfélagsins.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína mun norðar en landsvæði þetta liggur og gerir þannig þjóðlendukröfu til svæðisins í heild sinni. Gagnaðili, Svalbarðshreppur, hefur aftur á móti lýst kröfu um að landsvæðið sem afmarkað er á korti sé afréttur sinn. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.26.

Að landsvæði þessu liggja til norðurs kröfusvæði eigenda jarðanna Hvamms, Laxárdals og Syðralóns vegna Grímólfsártungu. Til austurs er landsvæði sem Þórshafnarhreppur hefur gert tilkall til í máli þessu en til suðurs og vesturs er kröfusvæði í Öxarfjarðarhreppi, sjá mál nr. 5/2005 hjá óbyggðanefnd. Landsvæðið sem um ræðir er syðsti hluti Dals- og Hvammsheiða. Það liggur í yfir 500 m hæð yfir sjávarmáli, er hálent og fjalllent. Hæst rís land í Heljardalsfjöllum (950 m) sem eru allbrött og mikil um sig. Landsvæðið þrengist ofan Heljardals, sem liggur suðaustur undir Heljardalsfjöllum, en víkkar á ný við gíghólinn Einbúa (823 m). Norðan Einbúa liggur móbergsfellið Stakfell (891 m). Sunnan Stakfells liggur Stakfellsdalur en um hann rennur Stakfellskvísl til norðausturs en sveigir í norðurátt við Stakfellsvatn.

### 6.21.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 2 og 1(7) a-b, er á því byggt að grundvöllurinn að beinum eignarrétti að landi hérlendis hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalaus svæði orðið fleiri með tímanum. Samkvæmt lýsingum landnámsheimilda verði ekki ráðið að Þistilfjarðarheiðarnar hafi verið numdar. Í sýslu- og sóknarlýsingum Þingeyjarsýslu 1839–1844 segir um Sauðanessókn að almenningar séu fyrir framan lönd Hallgilsstaða og Tungusels, milli Langaness, Norðurstranda og Selárdals í Vopnafirði. Þá segi í sömu lýsingu um Svalbarðssókn að afréttarlöndin í Dals- og Hvammsheiðum séu almenningar framan við landamerki Dals og Gunnarsstaða. Þetta bendi til að umrætt landsvæði sé þjóðlenda.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl nr. 13(1) og 32, er byggt á almennri venju þess efnis að afréttarlönd er ekki tilheyri neinni sérstakri jörð séu afréttareign viðkomandi sveitarfélags. Þá er byggt á hefð en eigendur hafi farið með öll hefðbundin afnot, s.s. beit og veiði og nýtingu auðlinda í jörðu, sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi

bannað öðrum not eignarinnar og hafi öll nýting verið háð leyfi sveitarfélagsins. Vísast einnig um þetta til fyrri úrskurða óbyggðanefndar þess efnis að landsvæði sem talið hafi verið afréttur samkvæmt elstu heimildum sé afréttareign viðkomandi sveitarfélags. Sérstaklega er vísað til jafnræðisreglu stjórnsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna.

**6.21.3. Niðurstaða**

Í kafla 5.22. eru raktar heimildir um afréttarnot á landsvæði því sem fjallað er um í máli þessu, þ. á m. Dals- og Hvammsheiðum. Kröfulýsing Svalbarðshrepps nær til syðri hluta heiðanna og hér verður tekin afstaða til hennar. Um norðurhluta Dals- og Hvammsheiðar vísast hins vegar til kafla 6.9. um Laxárdal og 6.10. um Hvamm.

Engar heimildir finnast um nákvæma afmörkun á þessu landsvæði né að það hafi haft sérstakt heiti. Þannig var hvorki gert landamerkjabréf fyrir landsvæðið í kjölfar setningar landamerkjalaga frá árinu 1882 né árinu 1919. Í kröfulýsingu er landsvæðið til norðurs afmarkað í samræmi við lýsingar á suðurmörkum jarðanna Laxárdals og Hvamms sem fram koma í landamerkjabréfum þeirra en þau voru rituð árið 1886. Austurmörkin fylgja hreppamörkum Svalbarðs- og Þórshafnarhrepps gagnvart landsvæði sem Þórshafnarhreppur hefur gert tilkall til. Mörk til suðurs og vesturs fylgja hreppamörkum Svalbarðs- og Öxarfjarðarhrepps sem er gagnvart kröfusvæði í Öxarfjarðarhreppi, sjá mál nr. 5/2005 hjá óbyggðanefnd.

Verður þá fyrst litið til norðurmerkja landsvæðisins sem afmörkuð eru í landamerkjabréfi fyrir Laxárdal frá 15. ágúst 1886 og þingl. 18. maí 1887, og í landamerkjabréfi Hvamms frá 16. ágúst 1886 og þingl. 18. maí 1887. Samkvæmt landamerkjabréfi Laxárdal eru suðurmerkin gagnvart umræddu landsvæði miðuð við norðvesturhorn Heljardalsfjalla en svo ráða Heljardalsfjöll þar til tekin verður úr þeim bein stefna milli Bræðravatna í Skessuhamar. Samkvæmt landamerkjabréfi Hvamms eru suðurmörk gagnvart umræddu landsvæði miðuð við Heljardalsá „að upptökum sínum, sem eru innst í Heljardal. Að sunnan ræður Heljardalsbotn og hæðstu brúnir Heljardalsfjalla að norðan þar til kemur vestur á þau mið, eða svo langt að bein stefna verður tekin af fjöllunum milli Bræðravatna í Skessuhamar.“ Kröfugerð Svalbarðshrepps er miðuð við þær merkjalýsingar sem fram koma í fyrrnefndum landamerkjabréfum og er afmörkun á landsvæðinu í samræmi við afmörkun Laxárdals og Hvamms.

Austurmörk landsvæðisins fylgja hreppamörkum Svalbarðs- og Þórshafnarhrepps. Þau eru afmörkuð frá Hafralónskíl og þaðan með Stakfellskvísl inn í Stakfellsdal og þaðan í Einbúa. Þessi afmörkun er í samræmi við afmörkun Þórshafnarhrepps á aðliggjandi landsvæði sem hreppurinn gerir tilkall til.

Merki landsvæðisins til suðurs og suðvesturs gagnvart afréttarlandi á Hólsfjöllum eru um hreppamörk Svalbarðshrepps og Öxarfjarðarhrepps. Í ritinu *Lýsing Þingeyjarsýslu* eru mörk hreppanna talin með Sandá suður að Þorsteinsnefi en

þar beygir línan til suðausturs yfir hæstu tinda Heljardalsfjalla og þaðan í Einbúa. Þessi afmörkun er í samræmi við kröfulýsingu vegna landsvæðisins. Merki afréttarlands á Hólsfjöllum í Öxarfjarðarhreppi sem liggja að umræddu landsvæði koma fram í landamerkjabréfi sem ritað var 3. júní 1890 og þingl. 12. júní 1891. Sú lýsing fer ekki í bága við þá afmörkun sem hér hefur verið rakin. Um nánari umfjöllun á þeim merkjum vísast í mál nr. 5/2005, Öxarfjarðarhreppur.

Svo sem hér hefur verið rakið var hvorki gert landamerkjabréf fyrir landsvæðið í kjölfar gildistöku landamerkjalaga frá 1882 né gildandi laga frá árinu 1919. Þannig liggur ekki fyrir lögformleg lýsing á heildarmerkjum landsvæðisins. Landsvæðið er afmarkað með landamerkjalýsingum aðliggjandi jarða og landsvæða auk hreppamarka. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en merkjum sé rétt lýst hér að framan og eru þau ágreiningslaus.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan þeirra merkja svo skilgreind hafa verið hér að framan. Líkt og áður er rakið gerir sveitarfélagið ekki kröfu um beinan eignarrétt að landsvæðinu, einungis að viðurkennt verði að landsvæðið sé afréttur. Eins og venja er í þessum málum verður kröfugerðin skilin þannig að þessi krafa sé höfð uppi vegna jarða í sveitarfélaginu. Kemur því til skoðunar hvernig landsvæðið hefur verið nýtt af jörðum í hreppnum.

Umrætt landsvæði er innsti hluti svokallaðra Dals- og Hvammsheiða. Þegar þess er getið í skriflegum heimildum er það tengt upprekstri og afréttarnotum. Í sýslu- og sóknalýsingum Þingeyjarsýslu frá árunum 1839–1844 er að finna lýsingu á „afréttarlöndum“ í Dals- og Hvammsheiðum og þau nefnd „almenningar“. Af fjallskilareglugerð verður ekkert ráðið um hagnýtingu svæðisins en þar segir aðeins að afréttir skulu vera sem að fornu hafa verið. Í ritinu *Göngur og réttir* segir að Hvammsheiðin sé austasta afréttarsvæði Þistilfirðinga. Heiðamörk að vestan liggi að Dalsheiði inn í Heljardalsfjöll en að austan ráði Hafralónsá inn að Heljardalsá, síðan Stakfellskíll að upptökum og svo stefna allt suður að Einbúa þar sem liggja saman heiðalönd Þistilfirðinga, Fjöllunga og Vopnfirðinga og þaðan norðvestur fjöllin vestan megin Heljardalsins. Sömu lýsingu á Hvammsheiðinni er að finna í ritinu *Lýsing Þingeyjarsýslu II* en til þess er vísað í kafla 5.22. Í sama riti segir um Dalsheiði: „Næsta afréttarland austan Álandstungu er Dalsheiði, sem liggur til suðurs frá bænum Laxárdal milli Hölknár í vestri og Hvammsheiðar í austri. Austurmörk heiðarinnar, sem skilja hana frá Hvammsheiði, liggja eftir miðjum hálendishrygg austan megin í heiðinni, en láglendara er lengi vel suður með Hölkná. Í suðri rísa Heljardalsfjöll, mun hærri en önnur fjöll í heiðinni. Syðsti hluti hennar er heldur gróðurlítill, víða sléttar urðir, en grastorfur þó hér og þar. [...] Ekki er vitað til, að nein byggð hafi verið í Dalsheiði.“

Af framangreindu verður ráðið að búfjáreigendur í Svalbarðshreppi hafi haft af landsvæðinu hefðbundin afréttarnot, undir umsjón hreppsins, á sama hátt og gildir um

samnotaafrétti almennt.[455] Ekki verður annað séð en leitarfyrirkomulag hafi verið ágreinings- og athugasemdalaust.

Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið fjallað um eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitarsvæði taka þó breytingum auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði [...] sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998. Engin gögn liggja fyrir um að landsvæði þetta hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að það landsvæði sem hér hefur verið fjallað um, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

> *Línan fer frá norðvesturhorni Heljardalsfjalla en svo ráða Heljardalsfjöll þar til tekin verður úr þeim bein stefna milli Bræðravatna í Skessuhamar. Frá þeim stað er farið með hæstu brúnum Heljardalsfjalla í Heljardalsbotn en þaðan er Heljardalsá fylgt frá upptökum sem eru í Heljardal og að sveitarfélagamörkum Svalbarðshepps og Þórshafnarhrepps. Þá er sveitarfélagamörkum fylgt til suðurs að Einbúa. Síðan er áfram farið með sveitarfélagamörkum Svalbarðshrepps og Öxarfjarðarhrepps til norðvesturs í fyrstnefndan punkt í norðvesturhorni Heljardalsfjalla.*

Sama landsvæði er afréttur jarða í Svalbarðshreppi, sbr. 1. mgr. 5. gr. og b-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998.

## 6.22. „Afréttur Þórshafnarhrepps“

### 6.22.1. Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem gert er tilkall til sem „afréttar Þórshafnarhrepps“ samkvæmt kröfulýsingu sveitarfélagsins.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína mun norðar en landsvæði þetta liggur og gerir þannig þjóðlendukröfu til svæðisins í heild sinni. Gagnaðili, Þórshafnarhreppur, hefur aftur á móti lýst kröfu um að landsvæðið sem afmarkað er á korti sé í afréttareign sinni. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.27.

Að landsvæði þessu liggja til norðurs Grímólfsártunga, jarðirnar Tungusel, Þorsteinsstaðir og Hallgilsstaðir auk landsvæðis sem eigendur Kverkártungu gera tilkall til. Til austurs og suðurs er ágreiningssvæði i í Vopnafjarðarhreppi en um það

[455] Sbr. umfjöllun um hugtakið *afrétt* í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

er fjallað í máli nr. 3/2005 hjá óbyggðanefnd. Til vesturs er landsvæði sem Svalbarðshreppur hefur gert tilkall til. Umrætt landsvæði er syðsti hluti Tunguselsheiðar. Það liggur í um 500 m hæð yfir sjávarmáli og er hallalítið. Vestast á svæðinu liggja austurhlíðar gíghólsins Einbúa (823 m) en norðaustan hans liggur Litla-Stakfell (633 m) og liggur Stakfellsvatn norðaustur undir því. Austan Litla-Stakfells tekur við lítt gróin grágrýtisháslétta með urðum er kallast Stakfellsurðir. Liggur hásléttan í 500–520 m hæð yfir sjávarmáli. Nokkru austan Stakfellsurða liggur Barðmelur, langur melhryggur. Svæðið er að mestu lítt gróið til hálfgróið. Votlendi og mólendi er helst að finna umhverfis Stakfellsvatn.

### 6.22.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 2 og 1(7) a-b, er á því byggt að grundvöllurinn að beinum eignarrétti að landi hérlendis hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalaus svæði orðið fleiri með tímanum. Samkvæmt lýsingum landnámsheimilda verði ekki ráðið að Þistilfjarðarheiðarnar hafi verið numdar. Í sýslu- og sóknarlýsingum Þingeyjarsýslu 1839–1844 segir um Sauðanessókn að almenningar séu fyrir framan lönd Hallgilsstaða og Tungusels, milli Langaness, Norðurstranda og Selárdals í Vopnafirði. Þá segi í sömu lýsingu um Svalbarðssókn að afréttarlöndin í Dals- og Hvammsheiðum séu almenningar framan við landamerki Dals og Gunnarsstaða. Þetta bendi til að umrætt landsvæði sé þjóðlenda.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl nr. 13(1) og 33, er byggt á almennri venju þess efnis að afréttarlönd er ekki tilheyri neinni sérstakri jörð séu afréttareign viðkomandi sveitarfélags. Þá er byggt á hefð en eigendur hafi farið með öll hefðbundin afnot, s.s. beit og veiði og nýtingu auðlinda í jörðu, sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar og hafi öll nýting verið háð leyfi sveitarfélagsins. Vísast einnig um þetta til fyrri úrskurða óbyggðanefndar þess efnis að landsvæði sem talið hafi verið afréttur samkvæmt elstu heimildum sé afréttareign viðkomandi sveitarfélags. Sérstaklega er vísað til jafnræðisreglu stjórnsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna.

### 6.22.3. Niðurstaða

Í kafla 5.22. eru raktar heimildir um afréttarnot á landsvæði því sem fjallað er um í máli þessu, þ. á m. Tunguselsheiði. Kröfulýsing Þórshafnarhrepps nær til syðri hluta heiðarinnar og hér verður tekin afstaða til hennar. Um norðurhluta Tunguselsheiðar vísast hins vegar til kafla 6.12. um Tungusel og Þorsteinsstaði og kafla 6.13. um Hallgilsstaði.

Engar heimildir finnast um nákvæma afmörkun á þessu landsvæði né að það hafi haft sérstakt heiti. Þannig var hvorki gert landamerkjabréf fyrir landsvæðið í kjölfar setningar landamerkjalaga frá árinu 1882 né árinu 1919. Í kröfulýsingu er

landsvæðið til norðurs afmarkað í samræmi við lýsingar á suðurmörkum jarðarinnar Tungusels eins og þau eru afmörkuð í landamerkjabréfi frá árinu 1885 og suðurmörkum jarðarinnar Hallgilsstaða sem lýst er í fasteignamati fyrir N-Þingeyjarsýslu frá 1916–1918. Landsvæðið afmarkast einnig af þeim merkjum sem lýst er í landamerkjabréfi fyrir Kverkártungu frá árinu 1884. Til norðurs afmarkast landsvæðið af hreppa- og sýslumörkum en til austurs af hreppamörkum.

Verður þá fyrst litið til norðurmerkja landsvæðisins. Samkvæmt landamerkjabréfi fyrir Tungusel frá 20. apríl 1885 og þingl. 27. júní 1890, er merkjum til suðurs, gagnvart umræddu landsvæði, lýst þannig að farið sé innst af Búðarmel og vestur í Hafralónsá. Í lýsingu á jörðinni Hallgilsstöðum sem fram kemur í fasteignamati fyrir N-Þingeyjarsýslu frá 1916–1918 eru mörk jarðarinnar til suðurs, gagnvart því landsvæði sem hér er til umfjöllunar, miðuð við að bein stefna ráði innst af Barðmel í Heiðarhól og Heiðarvatn. Eins og vikið var að í kafla 6.12.3. er Barðmelur og Búðarmelur sennilega sama kennileitið. Samkvæmt landamerkjabréfi Kverkártungu eru merki til suðurs, gagnvart umræddu landsvæði, frá þeim stað þar sem Kistufellslækur rennur í Miðfjarðará og þaðan beint norður í Heiðarvatn. Líkt og fyrr er rakið eru engar heimildir sem afmarka landsvæðið með nákvæmum hætti. Kröfugerð Þórshafnarhrepps er miðuð við þær merkjalýsingar sem fram koma í fyrrnefndum landamerkjabréfum og er afmörkun á landsvæðinu í samræmi við þær.

Vesturmörk landsvæðisins fylgja hreppamörkum Svalbarðs- og Þórshafnarhrepps. Þau eru afmörkuð frá Hafralónskíl og þaðan með Stakfellskvísl inn í Stakfellsdal og þaðan í Einbúa. Þessi afmörkun er í samræmi við afmörkun á aðliggjandi landsvæði sem Svalbarðahreppur gerir tilkall til.

Merki landsvæðisins til suðurs og suðausturs gagnvart Vopnafjarðarhreppi eru um hreppamörk Þórshafnarhrepps og Vopnafjarðarhrepps. Þau eru frá Einbúa og þaðan beina línu í Miðfjarðarárdrög og með þeirri á þar til Kistufellslækur rennur í hana. Um mörk aðliggjandi landsvæðis í Vopnafjarðarhreppi er fjallað í máli nr. 3/2005 hjá óbyggðanefnd og vísast þangað um nánari umfjöllun.

Svo sem hér hefur verið rakið var hvorki gert landamerkjabréf fyrir landsvæðið í kjölfar gildistöku landamerkjalaga frá 1882 né gildandi laga frá árinu 1919. Þannig liggur ekki fyrir lögformleg lýsing á heildarmerkjum landsvæðisins. Landsvæðið er afmarkað af landamerkjabréfum aðliggjandi jarða og landsvæða og hreppamörkum. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en merkjum sé rétt lýst hér að framan og að þau séu ágreiningslaus.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan þeirra merkja svo sem þau hafa verið skilgreind hér að framan. Líkt og áður er rakið gerir hreppurinn ekki kröfu um beinan eignarrétt að landsvæðinu, einungis að viðurkennt verði að landsvæðið sé afréttur. Eins og venja er í þessum málum verður kröfugerðin skilin þannig að þessi krafa sé höfð uppi vegna jarða í sveitarfélaginu. Kemur því til skoðunar hvernig landsvæðið hefur verið nýtt af jörðum í hreppnum.

Umrætt landsvæði er innsti hluti svokallaðrar Tunguselsheiðar. Þegar þess er getið í skriflegum heimildum er það tengt upprekstri og afréttarnotum. Af fjallskilareglugerð verður ekkert ráðið um hagnýtingu svæðisins en þar segir aðeins að afréttir skulu vera sem að fornu hafa verið. Í ritinu *Lýsing Þingeyjarsýslna II* segir að aðalafréttarland sveitarinnar sé Tunguselsheiði en hún taki við suður af búfjárhögum innstu bæja í Sauðaneshreppi. Þá segir: „Að vestan takmarkast land þetta af Hafralónsá, sem fellur út í austanverðan Þistilfjörð og skilur sundur Sauðaneshrepp og Svalbarðshrepp. Sunnan við upptök Hafralónsár ræður Stakfellskvísl, sem kemur innan frá Litla-Stakfelli. Nokkru utar og vestan megin kvíslarinnar rís Stóra-Stakfell í 890 m hæð yfir sjó. Rétt sunnan við Litla-Stakfell eru takmörk afréttarinnar sunnan, og taka þar við heiðalönd Vopnfirðinga. Til austurs liggja svo merkin yfir gróðurlitlar og víða gróðurlausar urðir austur að vörðu á allháum mel við Vestastadrag, en það er ein af kvíslum þeim, sem mynda Miðfjarðará í Skeggjastaðahreppi. Að austan ráða svo sýslumörkin milli Norður-Þingeyjarsýslu og Múlasýslu.“ Þá segir í ritinu *Göngur og réttir* að heiðalönd Þistilfirðinga, Fjöllunga og Vopnfirðinga liggi saman. Um Tunguselsheiði er einnig fjallað í greinargerð um staðhætti og náttúrufar í Skeggjastaðahreppi og á Þistilfjarðarsvæðinu eftir Hjörleif Guttormsson, náttúrufræðing. Þar segir að Tunguselsheiðin hafi tilheyrt Sauðaneshreppi, nú Þórshafnarhreppi, og hafi verið upprekstrarsvæði Langnesinga. Leitarsvæðið sé um 50 km langt frá Hallgilsstöðum suður fyrir Stakfell en mörk við Skeggjastaðahrepp að austan við Kverká og að vestan við Hafralónsá.

Samkvæmt framangreindu hafa búfjáreigendur í Þórshafnarhreppi haft af landsvæðinu hefðbundin afréttarnot, undir umsjón hreppsins, á sama hátt og gildir um samnotaafrétti almennt.[456] Ekki verður annað séð en leitarfyrirkomulag hafi verið ágreinings- og athugasemdalaust.

Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið fjallað um eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitarsvæði taka þó breytingum auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði [...] sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998. Engin gögn liggja fyrir um að landsvæði þetta hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að það landsvæði sem hér hefur verið fjallað um, svo sem það er afmarkað hér á eftir teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

> *Frá Hafralónskíl er farið að Barðmelsvörðu sem er á Barðmelsenda en þaðan í Heiðarvatn við Heiðarhól. Þá er farið í Miðfjarðará á þann stað þar sem Kistufellslækur rennur í hana og síðan með*

[456] Sbr. umfjöllun um hugtakið *afrétt* í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

*sveitarfélagamörkum til suðvesturs í Einbúa. Þaðan er áfram farið með sveitarfélagamörkum til norðurs í Hafralónskíl.*

Sama landsvæði er afréttur jarða í Þórshafnarhreppi, sbr. 1. mgr. 5. gr. og b-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998.

### 6.23. Um málskostnað

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat hefur nefndin m.a. litið til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga enda rekist hagmunir ekki á. Við mat á fjárhæð kostnaðar hefur nefndin enn fremur litið til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu.

## 7. ÚRSKURÐARORÐ[457]

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Heiðarmúli, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Að austan ræður gildrag vestanvert við fjallgarðinn framanvert við Einarsskarð og fylgir landið Einarsskarðskvísl, sem liggur vestan við fjallgarðinn þar til hún kemur í Ormarsá og ræður þannig umgetin kvísl merkjum að austan og norðanverðu, en upp frá því Ormarsáin að vestanverðu fram að Öxarfjarðarheiðar þjóðvegi. Þar eftir er fylgt farvegi þeim, er liggur úr gili á milli Mýrarsels og Djúpárbotna, og ræður þá bein stefna frá gilinu að sunnan þvert yfir hæðir og urðir, austur að fyrrnefndu Einarsskarðsgili.*

Barði Friðriksson er eigandi veiðiréttar fyrir landi Heiðarmúla í Ormarsá, samkvæmt II. kafla laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Þverfellsland, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Austurmörk eru um Svalbarðsá frá Þverfellsárósi að Djúpárósi, að sunnan og vestan ræður Djúpá frá ósi til upptaka sinna í Djúpárbotnum. Að norðan ræður bein stefna frá upptökum Djúpár yfir Súlnafellsfjallgarð að upptökum Arndísarlæks, þá ræður lækurinn frá upptökum til óss síns þar sem hann fellur í Þverfellsá, eftir það ræður Þverfellsá frá nefndum lækjarósi, að ósi sínum, þar sem hún fellur í Svalbarðsá, sem áður er nefndur.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda jarðarinnar Garðs, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Vatnsendi, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Að norðan ræður Tröllkonuhlaup við Sandá og þaðan bein lína í austur í Balafellsbrún. Þá ræður brúnin í Vatnsendaskarð og þaðan ræður lækur sá er úr skarðinu kemur í Hölkná. Að austan ræður Hölkná frá Skarðslæk inn að Krubbnalæk og ræður hann til upptaka sinna, sem eru utan undir Álftadyngjufjallgarðshaus en þaðan ræður sama stefna í suður þar til tekin verður bein lína vestur í Sandá um Þorsteinsnef. Að vestan ræður Sandá frá Þorsteinsnefi til Tröllkonuhlaups.*

---

[457] Sjá til skýringar fylgiskjal nr. I (Kort). Við afmörkun þjóðlendu í hverju máli fyrir sig er miðað við orðalag í fyrirliggjandi heimildum um það landsvæði sem til meðferðar er. Blæbrigðamunur kann því að vera á lýsingum á sömu línu á milli einstakra mála.

Sama landsvæði er afréttur jarða í Svalbarðshreppi, sbr. 1. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Hvappur, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Að utan ræður bein lína í vestur úr Hölkná miðjavega milli Hafursstaða og Hvapps í Balafellsbrún svo ræður fjallsbrúnin suður í Vatnsendaskarð en svo ræður lækur sá er úr skarðinu rennur í Hölkná.*
> *Að austan ræður Hölkná.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda jarðanna Syðra- og Ytra-Álands, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Dalsheiði norðan Heljardalsfjalla og sunnan Grasamannalækjar, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Línan fylgir Grasamannalæk úr Bræðravötnum og í Hölkná en þá er Hölkná fylgt til suðurs að Fremri-Skarðslæk sem ræður til upptaka sinna sem eru norðan undir Lambafjallgarði. Þá ræður Lambafjallgarðsbrún til foss í Hölkná en eftir það ræður áin suður á móts við vesturhorn á Heljardalsfjöllum. Þá ráða Heljardalsfjöllin að þeim stað þar sem tekin verður úr þeim bein stefna milli Bræðravatna í Skessuhamar. Þeirri línu er síðan fylgt þar til komið er á milli Bræðravatna en þá er farið til vesturs í upphafspunkt lýsingar þessarar.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda jarðarinnar Laxárdals, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. sunnanverð Hvammsheiði, norðan Heljardals, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Frá Hafralónskíl fer línan að Heljardalsárósi en þá ræður Heljardalsá að upptökum sínum sem eru innst í Heljardal. Úr Heljardalsbotninum er farið með hæstu brúnum Heljardalsfjalla að norðan þar til kemur vestur á þau mið eða svo langt að bein stefna verður tekin af fjöllunum milli Bræðravatna í Skessuhamar. Þeirri línu er síðan fylgt norður þar til komið er á móts við Hávarðsdalsá þar sem hún rennur syðst og þaðan í Hávarðsdalsá. Þeirri á er síðan fylgt til norðausturs þar til hún rennur í Hafralónsá en þá er Hafralónsá fylgt í Hafralónskíl.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda jarðarinnar Hvamms, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. hluti Grímólfsártungu, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Frá þeim stað þar sem Hávarðsdalsá rennur í Hafralónsá er dregin lína til austurs í stefnu á þann stað þar sem hreppamarkalína kemur að Litlu-Kverká við Kverkártungu (punktur 1 í þjóðlendukröfu íslenska ríkisins). Þessari línu er fylgt að þeim stað þar sem hún sker Grímólfsá og síðan Grímólfsá til suðurs þar til komið er vestur af Arnarfellshyrnu. Þaðan er miðað við þá kvísl árinnar sem gagnaðilar íslenska ríkisins miða við í kröfugerð sinni, að þeim stað þar sem kröfulínur gagnaðila greinast í sundur. Frá þeim punkti er Grímólfsá fylgt þangað sem hún á upptök sín vestan við Stóraás og síðan áfram í Hafralón. Úr Hafralóni er Hafralónsá fylgt til norðurs þar til Hávarðsdalsá rennur í hana.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda jarðarinnar Syðralóns, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. syðsti hluti Kverkártungu, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Frá þeim punkti í Litlu-Kverká þar sem 15 km eru frá nyrsta odda Kverkártungu, sbr. punkt 6 í kröfugerð íslenska ríkisins, er dregin lína suðaustur yfir Kverkártungu og í Miðfjarðará, nánar tiltekið þangað sem 15 km eru norður til endimarka Kverkártungu, sbr. punkt 5 í kröfugerð íslenska ríkisins. Síðan er farið með Miðfjarðará inn að Kistufellslæk er í hana rennur hinum megin og þaðan beint í Heiðarvatn við Heiðarhól. Þaðan er farið í Litlu-Kverkárdrög og eftir það afmarkar Litla-Kverká landið þar til komið er að punkti þeim í Litlu-Kverká sem fyrstur var nefndur í lýsingu þessari.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda jarðarinnar Kverkártungu, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. syðri hluti Miðfjarðarheiðar, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Frá Hölknárdrögum við nyrsta Hágangshorn er dregin lína í Þverfellslæk, skemmstu leið. Þá ræður Þverfellslækur þar til hann rennur í Miðfjarðará. Síðan er Miðfjarðará fylgt að Kistufellslækjarósi. Þaðan er Kistufellslæk fylgt að vörðu sem stendur á hól við lækinn og þaðan er farið beina leið aftur í fyrstnefnd Hölknárdrög við nyrsta Hágangshorn.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda jarðarinnar Miðfjarðar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. norðurhlíðar Ytra-Hágangs, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Frá þeim stað þar sem línan sem dregin er úr vörðu við Kistufellslæk og í Hölknárdrög sker sveitarfélagamörk er sveitarfélagamörkum fylgt til austurs þar til kemur að hornmarki Gunnarsstaða og Þorvaldsstaða í Hágangaurð svo sem það er teiknað í kröfulýsingum gagnaðila íslenska ríkisins. Þaðan er kröfulínu sömu aðila fylgt í Sellækjardrög en þaðan er farið í Sauðárdrög. Þá er Sauðá fylgt þar til hún fellur í Hölkná. Þaðan er farið með Hölkná í Hölknárdrög og þaðan á fyrstnefndan stað þar sem línan sem dregin er úr vörðu við Kistufellslæk og í Hölknárdrög, sker sveitarfélagamörk.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda jarðarinnar Gunnarsstaða, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. vestan Urðarhlíðar, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Landsvæði þetta, hið fimmta í röðinni hjá óbyggðanefnd, var að vestanverðu afmarkað af meginfarvegi Jökulsár á Fjöllum, allt frá Jökulsárósi í Öxarfirði og að aðalupptökum árinnar í Dyngjujökli. Þaðan er jaðri Dyngjujökuls fylgt þar til komið er vestur undir Kverkfjöll í Hveradal og þaðan er dregin lína áfram í suður, til skurðar við línu þá á Vatnajökli sem afmarkar svæðið til suðurs.

Hér ber þess að geta að framangreindum vesturmörkum var síðar breytt að því leyti að svokölluð Krepputunga, austan Jökulsár á Fjöllum og vestan Kreppuár, var skilin undan svæðinu, sbr. 8. gr. laga nr. 58/1998.[2]

Að austan afmarkast svæðið af farvegi Lagarfljóts, allt frá ósum þess á Héraðssandi þangað sem Gilsá rennur í það. Síðan fylgja mörk svæðisins Gilsá og austurmörkum Fljótsdalshrepps við Austur-Hérað, Djúpavogshrepp og Sveitarfélagið Hornafjörð.

Framangreind afmörkun til austurs endar í Geldingafelli. Þaðan er dregin lína til suðvesturs inn á Vatnajökul, yfir hnjúk í 1438 m hæð og áfram í Grendil, þaðan í nafnlausan hnjúk skammt sunnan Grendils, áfram yfir Goðahnjúka og í miðja Breiðabungu og loks í stefnu á Svíahnjúk eystri til skurðar við framangreind vesturmörk. Afmörkun á Vatnajökli byggir á markalínum þeim sem samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendis Íslands hefur notað við vinnu sína.

Að norðan afmarkast svæðið af hafi.

Fjármálaráðherra var veittur frestur til 1. ágúst 2004 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á þessu svæði, væri um slíkar kröfur að ræða. Sýslumönnum og fyrirsvarsmönnum viðkomandi sveitarfélaga, þ.e. Öxarfjarðarhrepps, Raufarhafnarhrepps, Svalbarðshrepps, Þórshafnarhrepps, Skeggjastaðahrepps, Vopnafjarðarhrepps, Norður-Héraðs, Fellahrepps og Fljótsdalshrepps var tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar og gerð grein fyrir framhaldinu.

Kröfulýsingarfrestur fjármálaráðherra var fyrst framlengdur til 15. október 2004 og síðar til 12. nóvember sama árs og með því orðið við rökstuddri beiðni ráðuneytisins.

---

[2] Sjá bókun í fundargerð 2. fyrirtöku í máli nr. 2/2005.

### 2.3 Lýstar kröfur og kynning

Kröfulýsingar fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendur á Norðausturlandi bárust 11. nóvember 2004. Óbyggðanefnd birti tilkynningu um málsmeðferð á framangreindu svæði og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrætti, í *Lögbirtingablaðinu* 28. desember 2004, *Fréttablaðinu* 7. janúar 2005 og *Morgunblaðinu* 9. janúar, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 31. mars 2005. Þá kom fram að yfirlýsingu um kröfugerð og málsmeðferð yrði þinglýst á þær fasteignir á svæðinu sem skráðar væru í þinglýsingabók og málið varðaði, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Kröfur fjármálaráðherra voru gerðar aðgengilegar almenningi á skrifstofum sýslumanna á Seyðisfirði og í Húsavík, auk sveitarfélaga á kröfusvæðum og heimasíðu óbyggðanefndar. Þá var málið kynnt í fjölmiðlum.

Frestur annarra til að lýsa kröfum á kröfusvæði ríkisins var framlengdur lítillega í þeim tilvikum að leitað var eftir slíku með rökstuddum hætti og bárust síðustu kröfulýsingar í maí 2005.

Gefið var út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og þær færðar inn á uppdrátt. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofum sýslumanna á Seyðisfirði og í Húsavík, frá 25. maí til og með 30. júní 2005, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 11. júlí 2005. Framangreind kynningargögn voru jafnframt aðgengileg á skrifstofum viðkomandi sveitarfélaga, skrifstofu óbyggðanefndar og heimasíðu óbyggðanefndar. Vakin var athygli á kynningunni í fjölmiðlum. Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdafrests.

Fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins lagði fram kröfulýsingar um þjóðlendur á svæðinu í sex hlutum og níu kröfulýsingar vegna jarðeigna ríkisins. Á móti barst 101 kröfulýsing ýmissa aðila, sem sumar sköruðust eða náðu til fleiri en eins landsvæðis.

### 2.4 Mál nr. 5/2005, Öxarfjarðarhreppur

Í júlí 2005 var lögmönnum aðila tilkynnt að óbyggðanefnd hefði ákveðið að skipta þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins niður í fimm mál, þ.e. mál nr. 1/2005, Fljótsdal og Jökuldal austan Jökulsár á Jökuldal; mál nr. 2/2005, Jökuldal norðan og vestan Jökulsár á Jökuldal ásamt Jökulsárhlíð; mál nr. 3/2005, Vopnafjarðarhrepp; mál nr. 4/2005, Svalbarðshrepp, Þórshafnarhrepp og Skeggjastaðahrepp; og mál nr. 5/2005, Öxarfjarðarhrepp.

Mál nr. 5/2005 var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og forsvarsmanna málsaðila 17. ágúst 2005. Gerð var grein fyrir því að óbyggðanefnd skipuðu í málinu þeir Karl Axelsson formaður, Allan Vagn Magnússon og Benedikt Bogason. Gefið var færi á athugasemdum en engar slíkar komu fram. Lögð voru fram skjöl málsins

ásamt skjalaskrá og upplýst um ýmis atriði varðandi gagnaöflun. Skorað var á lögmenn að fara yfir umrædd atriði af sinni hálfu og gera hið fyrsta athugasemdir ef þeir teldu ástæðu til. Þá var athygli vakin á þinglýsingu athugasemdar um yfirstandandi þjóðlendumál á jarðir á ágreiningssvæði, skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, og óskað eftir að lögmenn gerðu umbjóðendum sínum grein fyrir þessu. Einnig var óskað eftir því að lögmenn skiluðu umboðum hið fyrsta og gerð grein fyrir mikilvægi þess að lögmenn og óbyggðanefnd ynnu saman að því að þeir sem hagsmuna ættu að gæta gerðust aðilar að málinu. Enn fremur var sérstaklega vakin athygli á ákvæði 17. gr. þjóðlendulaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl. Þá var því beint til lögmanna að kanna hvort ljúka mætti málinu að einhverju eða öllu leyti með sátt, sbr. 15. gr. þjóðlendulaga. Jafnframt kom fram að í lok september væri fyrirhugað að skoða vettvang en þess ber að geta að sú ferð var síðar felld niður vegna óhagstæðs veðurs.

Við aðra fyrirtöku málsins, 20. desember 2005, var lögð fram greinargerð af hálfu íslenska ríkisins og fleiri gögn. Við sama tækifæri var öðrum málsaðilum veittur frestur til 1. mars 2006 til skila á greinargerðum.

Við þriðju fyrirtöku málsins, 9. mars 2006, var lögð fram greinargerð af hálfu gagnaðila ríkisins. Við þetta tækifæri voru einnig lögð fram frekari gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti.

Aðalmeðferð fór fram dagana 3. og 4. júlí 2006 og skiptist í vettvangsferð, skýrslutökur og munnlegan málflutning. Fram kom að lögmenn hefðu ekki talið sáttagrundvöll í málinu, sbr. 1. mgr. 15. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998. Að lokinni aðalmeðferð var málið tekið til úrskurðar. Fundað var í félagsheimilinu Hnitbjörgum á Raufarhöfn. Um vettvangsferðir og skýrslutökur er fjallað nánar í köflum 4.3.-4.4. og vísast þangað.

Hinn 17. ágúst 2006 var málið endurupptekið og lögð fram ný gögn. Þau höfðu áður verið kynnt lögmönnum og tækifæri gefið til athugasemda. Engar athugasemdir komu fram. Var málið síðan tekið til úrskurðar að nýju.

# 3 KRÖFUGERÐ[3]

## 3.1 Kröfur íslenska ríkisins

Í máli þessu gerir íslenska ríkið annars vegar kröfu um þjóðlendu og hins vegar kröfur vegna jarðarinnar Grímsstaða II en þinglýstur eigandi hennar er Jarðasjóður ríkisins.

### 3.1.1 Þjóðlenda

Af hálfu fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins eru gerðar þær endanlegu aðalkröfur að eftirfarandi lína verði úrskurðuð þjóðlendumörk í Öxarfjarðar- og Raufarhafnarhrepp: Fyrsti punktur er þar sem Grímsstaðaland byrjar við Svartfell á Dimmafjallgarðsvegi á sýslumörkum (1), þaðan að Dimmagili (2), svo að næsta punkti, sem er þar sem Fremri-Hrútá fellur í Selá (3), þaðan í upptök Ytri-Vatnsleysu (4), þaðan í hornmark milli Grímsstaða og Víðirhóls, sem er í Hrafnaklettum sem eru nyrst í Tungufjöllum fyrir sunnan Víðirhólafjallgarð (5), þaðan í háa fjallgarðinn fyrir ofan Krubbana (6) og svo bein stefna út fyrir ofan Bunguvatnsmýrar að Langamúla (7). Frá Langamúla er fylgt norðurmörkum Víðirhóls og Fagradals allt að Fálkakletti (8), þaðan er dregin lína norður í Reyði (9), frá Reyði beina stefnu í hæsta hnjúkinn á Kollöldu (10), þaðan í hæsta hnjúkinn á Dalfjalli (11). Frá punkti 11 er svo dregin lína að Öxarfjarðarheiði og allt að Fjórðungshól (12) og svo í Þverárhyrnu (13) og þaðan beina stefnu í punkt (14), sem er þar sem syðri landamerkjalína Efri-Hóla kemur í Ormarsá, sem er við Hraunnef við Ormarsá utan við Arnarstaðavatn.

### 3.1.2 Grímsstaðir II

Þær kröfur eru gerðar til óbyggðanefndar að viðurkenndur verði beinn eignarréttur íslenska ríkisins til þess lands jarðarinnar Grímsstaða II sem dregið er upp á kröfukorti, upp að kröfulínu ríkisins um þjóðlendumörk.

Við aðalmeðferð málsins var því lýst yfir af hálfu íslenska ríkisins að í þjóðlendukröfu fælist ekki afsal á landi í eigu ríkisins og því ætti niðurstaða óbyggðanefndar gagnvart ríkisjörðum að ráðast af sömu atriðum og lögð væru til grundvallar um annað eignarland.

## 3.2 Kröfur Guðrúnar Sigríðar Kristjánsdóttur og fleiri vegna Arnarstaða, Arnarhóls og Hrauntanga

Þess er krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur þinglýstra eigenda Arnarstaða, Arnarhóls og Hrauntanga að öllu landi jarðanna og viðurkennt verði að heildarlandamerki séu: „Að sunnan: Úr Nautárfossi ræður áin að Grafargerðishnútu, þaðan beina stefnu sunnan í Fiskhól síðan í vörðu á Núpabrún sunnan við Lambhúshóla, þaðan í suður endann á Núpsbrún sunnan við Lambhúshóla, þaðan í

[3] Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (kort) og II (aðilaskrá).

syðri endann á Tófugili, svo í syðsta Þríhyrning þaðan í Kálfhól, síðan í hraunnef, sem næst utan við Mýrarsel. Að utan: Úr bjarginu rétt við Naustá, þaðan í vörðu utan til við Kjalarás, þaðan í Stórhól, síðan í vörðu á Hálsabrún svo í Skotthúfu þaðan beina stefnu í hraunnef, sem er næst fyrir norðan Arnarstaðavatn, þaðan eftir sömu línu til Ormarsár, sem ræður við austurkant landamerkjum til áðurgetins hraunnefs fyrir utan Mýrarsel.“

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn einkaafnotarétt í þjóðlendu innan merkja jarðarinnar, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.3 Kröfur Benedikts Kristjánssonar og fleiri vegna Þverár

Þess er krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur þinglýstra eigenda Þverár að öllu landi jarðarinnar og viðurkennt verði að heildarlandamerki hennar séu þessi: „Að sunnan úr Merkidal beina stefnu í Vörðuhól, þaðan beina stefnu í vörðu á Kálfhól, þaðan beina stefnu í vörðu utan á hrauntanganum við Ormarsá þar sem Axarfjarðarheiðarvegurinn liggur ofan í ána, þaðan beina stefnu vestur í miðjan austari Kálfhól, þaðan beina stefnu utan við ytra Þverárhorn, þaðan beina stefnu í mitt Merkigil þaðan beina stefnu í vörðu á austari Brunnárbakka. Land fyrir vestan Brunná eftir gömlum Kálfskinnsmáldaga nfr. Bein stefna vestur af Merkidal vestur í afgamlan farveg eða laut. Er liggur út úr Hornskurði, þar sem hann beygir í austur og allt út í Brunná beint á móts við Merkigil.“

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn einkaafnotarétt í þjóðlendu innan merkja jarðarinnar, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.4 Kröfur Þórarins Björnssonar og fleiri vegna Sandfellshaga I og II

Þess er krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur þinglýstra eigenda Sandfellshaga I og II að öllu landi jarðarinnar og viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar séu: „Að sunnan milli Klifshaga, Leifsstaða og Sandfellshaga. Úr Skeggjastaðarkrók og þaðan beina stefnu í Jónsvörðu, þaðan beint í Sjónhól og síðan beint í Arnarþúfu, svo í Fjórðungshól og þaðan í vörðu í Langás austur í Búrfellsheiði. Að austan: Úr vörðum í Langás í Djúpá og eftir henni í gil, sem liggur milli Djúpárbotna og Mýrarsels og þaðan í vörðu við Ormarsá. Að norðan: Úr vörðunni við Ormarsá og beina línu vestur í Kálfhól og þaðan í Vörðuhól og síðan í Sandskarðið í Jarðbakkanum í Skeggjastaðaárkrók.“

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn einkaafnotarétt þeirra í þjóðlendu innan merkja jarðarinnar, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.5 Kröfur Hafrafellstungu ehf. vegna Hafrafellstungu I og II

Þess er krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur þinglýsts eiganda Hafrafellstungu I og II að öllu landi jarðarinnar og viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar séu þessi: „Að norðan úr svokölluðum Lækjarfossum ræður Gilsbakkaáin með Lækjardals-og Gilsbakkalöndum í svokallaðan Bug, hvar hin svonefnda Þverlaut liggur að ánni. Síðan upp úr henni syðst beint á Fjórðungshól, þaðan í Þverfell á hlið við Sandfellshagaland og með því í vörðu þá er stendur á Laugaás. Að austan á hlið með Svalbarðskirkjulandi ræður Langásinn til syðri enda hans, þaðan beina stefnu í ás þann, er liggur úr norðausturhorni Stóra-Búrfellsvatns, þaðan beina línu í hásuður yfir vatnið, austan við hólma í því, á hól þann, er stendur austan við norðausturhornið á Búrfelli, síðan sömu stefnu til Dettifossár, svo ræður hún austur til Sandár, er svo ræður suður til Svartárkvíslar þar sem hún fellur í ána síðan ræður kvíslin til upptaka sinna. Að sunnan á hlið við Víðirhólsland ræður úr upptökum Svartárkvíslar bein stefna í vestur yfir fjallgarðinn og með fjallalöndum sömu stefnu í há Reiði. Að vestan ræður bein stefna úr há Reiði á hlið við Austara-Landsland í Rauðhólaþúfu, er stendur syðst á svokölluðum Rauðhólum, sunnan og vestan við Tunguborgir, síðan sömu stefnu norður eftir Borgarás að austanverðu við há Stórás, síðan sömu stefnu í vörðu á Urðarás með Bjarnastaða- og Smjörhólslöndum og eftir honum í tjörn þá, er liggur við norðurenda hans, síðan í Smjörhólsá eftir garði þeim, er liggur úr ytri enda tjarnarinnar í ána og ræður hún til hinna upphaflega nefndu Lækjardalsfossa.“

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn einkaafnotarétt þeirra í þjóðlendu innan merkja jarðarinnar, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.6 Kröfur Oktavíu H. Ólafsdóttur og fleiri vegna „sameignarlands“ Hólssels, Fagradals, Nýhóls og Víðirhóls

Þess er krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur þinglýstra eigenda Fagradals, Víðirhóls og Nýhóls að öllu „sameignarlandinu“ og viðurkennt verði að heildarlandamerki landsvæðisins séu þessi: „Úr Fálkakletti á há Heiði, þaðan beint austur á fjallgarð á móts við Hafrafellstunguland og ræður þaðan Hvannstaða fjallgarður suður í Mýrgil, það í ytri Minniöxl og þaðan í Klettagil. Þaðan suður austan að Bungu og suður á Austaribrekku við Dauðagil, þaðan eftir Dauðagili í Krummaskarð, þaðan í Hrafnaklett.“

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn einkaafnotarétt þeirra í þjóðlendu innan merkja landsvæðisins, að öllum

venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.7 Kröfur Oktavíu H. Ólafsdóttur og fleiri vegna Hvannstaða

Þess er krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur þinglýstra eigenda Víðirhóls að öllu landi Hvannstaða eins og því er lýst í landamerkjabréfi: „Að sunnan: ræður bein stefna úr Klettagili í Mynnisöxl og þaðan í Mýrdalsgil. Að vestan: ræður Hvannstaðafjallgarður út að Hafrafellstungu merkjalínu, þaðan í upptök Svartárkvíslar og ræður landamerkjum þar til hún fellur í Sandá, þaðan bein stefna í Þorsteinsnef og þaðan í sandhaug á Álftadyngjufjallgarði, að austan ræður Fjallgarðurinn frá Sandhaug að Klettagili.“

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn einkaafnotarétt þeirra í þjóðlendu innan merkja jarðarinnar, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.8 Kröfur Guðnýjar Maríu Hauksdóttur og fleiri vegna Grímsstaða I, Grímstungu I, Grímstungu II og Grundarhóls

Þess er krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur þinglýstra eigenda Grímsstaða I, Grímstungu I, Grímstungu II og Grundarhóls að öllu landi jarðanna (að undanskildum hluta Grímsstaða II) og viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðanna séu þessi: „Grímsstaðir eiga land úr Hrútá þar sem hún fellur í Selá, vestur Dimmugil í Svartfell á Dimmafjallgarðsvegi, þaðan beina stefnu í Skarðsá, þar sem hún fellur í Jökulsá en Jökulsá ræður að vestan þar til Ytri-Vatnsleysa fellur í hana. Svo ræður hún að upptökum, þaðan beina stefnu í Selá þar sem Hrútá fellur í hana.“

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn einkaafnotarétt þeirra í þjóðlendu innan merkja jarðarinnar, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

# 4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN

## 4.1 Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1–17 ásamt undirskjölum eða samtals 307 skjöl, auk 21 hliðsjónargagni. Sjá nánar í fylgiskjali nr. III (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

## 4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll., nr. 58/1998. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fáist um einstök álitaefni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til umfjöllunar. Verkið var unnið á hlutlausan og fræðilegan hátt. Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar og grundvallast á „Yfirliti yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Yfirlit þetta hefur verið kynnt lögmönnum málsaðila og engar athugasemdir komið fram. Við samningu þess hefur óbyggðanefnd notið ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands, Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar.

Fyrirsvarsmönnum aðila í máli þessu var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmenn um þessi atriði. Þeir gátu einnig bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna eða afla. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. þjóðll. Lögmönnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til greinargerða Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar um þetta efni, skjala nr. 2 og 4. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. III, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (þ.e. undir yfirnúmerum 2 og 4) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

### 4.3 Vettvangsferð

Haldið var af stað í vettvangsferð frá Hótel Reynihlíð að morgni mánudagsins 3. júlí 2006. Veður var bjart og skyggni gott. Mættir voru lögmenn málsaðila auk óbyggðanefndar og starfsmanna nefndarinnar. Þá var með í för Hjörleifur Guttormsson náttúrufræðingur.

Ekið var sem leið lá í átt að Grímsstöðum á Fjöllum þar sem fyrirhugað var að hitta fyrir staðkunnuga heimamenn. Hjörleifur Guttormsson sá um leiðsögn á leið yfir Námaskarð inn að Hólsfjöllum. Við Grímsstaði á Fjöllum var staðnæmst og upp í bifreiðina stigu Karl Sigurður Björnsson, Hafrafellstungu, Gunnlaugur Ólafsson, Víðirhóli, Björn Víkingur Björnsson, Sandfellshaga, og Bragi Benediktsson, Grímsstöðum. Einnig var með í för á jeppabifreið Kjartan Einarsson, Víðirhóli. Þá var ekið sem leið lá austur fjallaslóða í átt að Haugsöræfum. Þeir Hjörleifur Guttormsson og Bragi Benediktsson sáu sameiginlega um leiðsögn. Framundan sá í Grímsstaðakarl, Grímsstaðakerlingu og Dimmafjallgarð. Ekið var yfir læk er nefnist Syðri-Vatnsleysa. Staðnæmst var við Hrafnakletta (pkt. 5 og pkt. 9) og skyggnst yfir. Bragi Benediktsson lýsti því sem fyrir augu bar. Framundan var Víðirhólsfjallgarður og Dauðagil. Haldið var af stað á ný og ekið eftir slóða sem lagður var við gerð símastrengs. Ekið var yfir Ytri-Vatnsleysu sem rennur úr Krummagili. Þá var ekið áfram fyrir Hólskerlingu og upp Vestari-Haugsbrekku framhjá sæluhúsi Símans sem að sögn heimamanna var endurbyggt fyrir fimm árum. Opnaðist nú sýn yfir stórt svæði. Staðnæmst var upp á Haugsöldu í 700 m hæð, skyggnst yfir og myndir teknar. Framundan mátti sjá Mælifell, Kistufell, Sandhólahnjúka, Hágangana, Einbúa, Hrútafell og rætur Heljardalsfjalla. Þá var haldið til baka sömu leið niður Vestari-Haugsbrekku.

Staðnæmst var á skjólgóðum stað skammt frá Kaffileysu. Að því loknu var haldið af stað á ný og ferðinni heitið norður að Langamúla sem er sameiginlegur punktur í kröfulýsingum aðila. Ekið var meðfram Fjallgarðsá í 490 m hæð samkvæmt GPS mælingu. Framundan sást vel í Bungu (967 m), hæsta fjall Norður-Þingeyjarsýslu. Hjörleifur lýsti gróðri í sandinum og í fjöllunum. Þá var ekið upp með Fagradalsárgili. Vegna bilunar í bifreið var staðnæmst stutt frá slóða við landgræðslugirðingu. Lögmenn, nefndarmenn og aðrir voru selfluttir í bíl Braga meðfram landgræðslugirðingu upp á Langamúla. Fram kom að Langimúli væri rangt staðsettur í kortagrunni Landmælinga Íslands. Vel sást yfir land Hafrafellstungu. Eftir stutt hlé var haldið áfram og var nú ekið í gegnum hlið á landgræðslugirðingu og áfram norður í átt að Þórfelli. Mórilludalur og Búrfellið blöstu hér við. Karl Sigurður greindi frá því að Búrfellsheiði næði alveg suður í Hólsmynnið og norður undir Súlnafjöll. Næst var staðnæmst á Þórfelli þar sem vel sást yfir Hvannstaðafjallgarð, Svalbarðsnúpa, Litla-Mosfell, Stóra-Mosfell og fleiri fjöll.

Þá var ferðinni heitið að Sandskála sem er gangnamannaskáli. Gengið var áleiðis í átt að Sandskála vegna bilunar í rútubifreið. Þar var gert matarhlé og þeir Bragi, Kjartan og Jón Valgeirsson hdl. hættu þátttöku í vettvangsferð. Þá var haldið áfram sem leið lá vestur slóða um Hólssand. Karl Sigurður lýsti staðháttum og fleiru því sem fyrir augu bar. Síðan var ekið inn á gamla Hólsfjallaveg sem að sögn heimamanna var ruddur um 1930. Staðnæmst var við gamalt sæluhús sem stendur við veginn og myndir teknar. Áfram var haldið og beygt inn á Nýja-Hólssandsveg sem liggur meðfram Jökulsá á Fjöllum. Sigurður Karl sá áfram um leiðsögn. Ekið var framhjá Dettifossi og Ásbyrgi. Beygt var inn á þjóðveg og ekið í norðurátt framhjá afleggjara Hafrafellstungu. Þá var beygt til hægri upp afleggjara að Sandfellshaga og áfram slóða upp á Öxarfjarðarheiði. Staðnæmst var við Vörðuhól og skyggnst yfir. Framundan var m.a. Þverárhyrna. Síðan var ekið áfram. Ekið var fram hjá Urðarbrúnum. Sýn opnaðist til suðurs og austurs. Búrfell sást vel og útsýni var gott. Framundan voru Svalbarðsnúpar, Stóra-Mosfell, Syðri-Hágangur og fleiri fjöll. Björn Víkingur og Karl Sigurður sáu sameiginlega um leiðsögn. Að svo búnu var ekið til baka niður á þjóðveg. Þar skildi leiðir og heimamenn hættu þátttöku í vettvangsferð. Loks var ekið sem leið lá á Raufarhöfn og komið þangað síðla kvölds.

### 4.4 Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins gáfu eftirtaldir skýrslur og svöruðu spurningum óbyggðanefndar og lögmanna: 1. Bragi Benediktsson, frá Grímsstöðum og búsettur í Grímstungu II; 2. Gunnlaugur Ólafsson, Hallgilsstöðum II; 3. Karl Sigurður Björnsson, Hafrafellstungu; 4. Björn Víkingur Björnsson, Sandfellshaga II; 5. Kristján Benediktsson, Þverá.

Að einstökum efnisatriðum í skýrslum aðila er vikið í úrskurði þessum, eftir því sem tilefni er til, en uppskriftir á þeim eru meðal gagna málsins.

## 5 SAGA JARÐA OG ANNARRA LANDSVÆÐA

Hér verður í fyrstu greint frá elstu ritheimildum um landnám á því svæði sem til umfjöllunar er. Því næst verða raktar heimildir um landsvæði þau sem þjóðlendukrafa íslenska ríkisins í máli þessu nær til, að því leyti sem þær varða afmörkun, eignarréttindi og nýtingu. Fyrrnefndar upplýsingar fylgja að mestu efnisþáttum og síðan tímaröð. Loks er gerð grein fyrir afréttum og afréttarnotum á svæðinu almennt.[4]

### 5.1 Landnám

Sturlubók og Hauksbók *Landnámu* eru nær samhljóða um landnám í Öxarfirði. Þær nefna landnámsmanninn Einar Þorgeirsson klaufa, dótturson Torf-Einars jarls í Orkneyjum; fór Einar til Orkneyja, en frændur hans vildu ekki taka við frændsemi hans:

> Þá kaupir Einarr í skipi með bræðrum tveimr, Vestmanni ok Vémundi; þeir fóru til Íslands ok sigldu fyrir norðan landit ok vestr um Sléttu í fjörðinn. Þeir settu öxi í Reistargnúp ok kölluðu því Öxarfjörð; þeir settu örn upp fyrir vestan ok kölluðu þar Arnarþúfu, en í þriðja stað settu þeir kross; þar nefndu þeir Krossás. Svá helguðu þeir sér allan Öxarfjörð.[5]

Í Þórðarbók/Melabók *Landnámu* er síðasta setningin nokkuð á annan veg:

> Svá helguðu þeir sér land fyrir austan Jökulsá; þá höfðu þeir numit allan Öxarfjörð.[6]

Örnefnin Arnarþúfa og Krossás þekkjast nú ekki en talið er að Reistargnúpur sé sennilega Snartarstaðanúpur.[7]

### 5.2 Arnarstaðir, Arnarhóll og Hrauntangi

Í *Lýsingu Þingeyjarsýslu* segir m.a. um Arnarstaði og Arnarhól, sem áttu sameiginlegt land annað en tún og engi:

> Engjablettir eru til og frá um landið, austur við Ormarsá, í Grófunum, við Kálfafjöll, Grjótfjöll og víðar, og var hér áður oft heyjað á síðastnefndu tveim stöðum, en heyið oftast sett þar saman og ekið heim á vetrum.[8]

Í ritgerðinni *Þróun byggðar í Svalbarðshreppi* segir Eiríkur Þormóðsson:

> Heiðarmúli, oftast aðeins nefndur Múli, var vestan fjallgarðs syðst á Seljaheiði. Var Heiðarmúli einn í hverfi þriggja býla, sem voru í allstórum mýrarfláka, en til austurs og suðurs er sandur og melar, til vesturs allvel gróið hraun, sem talsverð beitarafnot má hafa af, en samfellt gróðurlendi er til

[4] Þessi kafli er byggður á greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands, sbr. skjal nr. 16. Þó hefur verið felld út eða stytt umfjöllun um heimildir sem ekki þykja hafa þýðingu fyrir úrlausn málsins.
[5] Skjal nr. 4 (65), bls. 284-285.
[6] Skjal nr. 4 (65), bls. 285 neðan máls.
[7] Skjal nr. 4 (65), bls. 285 neðan máls.
[8] *Lýsing Þingeyjarsýslu. Norður-Þingeyjarsýsla*, bls. 107.

> norðurs, víðast hvar votlent. Hin býlin í þessu hverfi voru Hrauntangi, sem tilheyrði Presthólahreppi og lengst var í byggð, og Melur, sem tilheyrði Skinnastaðahreppi.[9]

Jón Vilhjálmsson Hólabiskup skipaði Arnarstaði og Valþjófsstaði í Núpasveit ævinlega eign Hóladómkirkju og Hólastaðar 25. október 1430.[10]

Á manntalsþingi að Presthólum 25. júní 1709 las Þórarinn Einarsson upp lögfestu fyrir hálfri jörðinni Arnarstöðum og var skrifað upp á hana fyrir réttinum. Inntak lögfestunnar vantar.[11] Annað manntalsþing var haldið á Presthólum 3. maí 1736. Þar var lesin upp ný lögfesta fyrir jörðinni Arnarstöðum. Hún hljóðaði svo:

> Hvar Jnne hann lögfester Nefndrar Jardar Tödur og Eingiar og Land allt til þeirra UmmMerkia, Mótz vid Efrehola Grasaheide, Selför vid Ormarsá austur j Mýraselzbotna umm Kalfafiöll og Griótfiöll Land, Sem Sama Lögfesta med Sier færer, med vydara, Hver upplesenn var og uppáskrifud.12

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* (árið 1712) segir dýrleikann 15 hundruð, útigang í betra lagi, hestagöngu í meðallagi. Einnig:

> Grasatekja í betra lagi, brúkast af þessrar sveitar búendum öðru hvörju eftir leyfi landsdrottins fyrir óákveðinn góðvilja. Hvannatekja og rótagröftur í betra lagi, brúkast lítt nú, hefur áður brúkast í harðindum. [...]
>
> Engjar öngvar, nema það lítið sem henda má úr úthögum. Úthagarnir eru góðir og miklir, en liggja sumir í fjarska til heiðarinnar, og hefur ábúandi stundum fengið nokkurn góðvilja fyrir beit af nágrönnum, eður nokkurn heyskap í því nafni á Daðastöðum.[13]

Valþjófsstaðir áttu selför í Kálfafjöllum í Arnarstaðalandi samkvæmt Jarðabókinni.[14]

Á sáttafundi sem haldinn var í Presthólum 27. apríl 1818 leystist deila milli bændanna Guðmundar Bjarnasonar á Arnarstöðum og Guðlaugs Ásmundssonar á Daðastöðum. Sáttin fólst í því að

> nefndur Gudmundur mætte hafa Kú sina a so kalladre Dadastada Míre á samt þeira Kúm, nefnelega Gudlaugs og Eireks, hvar i mót Gudmundur lofar Gudlaugi Grasaheide frí, a medan hann se þar, og þar til frikénner Gudlaugur Gudmund, og skilia so gódmannlega sátter og sammála[15]

Hinn 27. október 1832 var haldinn sáttafundur á Presthólum til þess að reyna að leysa úr landaþrætu bændanna á Arnarstöðum og Daðastöðum, þeirra Björns

---

[9] Eiríkur Þormóðsson: *Þróun byggðar í Svalbarðshreppi í Þistilfirði*, bls. 61.
[10] Skjal nr. 4 (46).
[11] Skjal nr. 2 (52). Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sem gerð var 30. júlí - 1. ágúst 1712 fyrir Presthólahrepp kemur fram að Þórarinn Einarsson átti hálfa Arnarstaði á móti bróður sínum Þorvaldi, sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 326.
[12] Skjal nr. 2 (53).
[13] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 326-327.
[14] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 328.
[15] Skjal nr. 2 (60) a-b.

Eiríkssonar og Magnúsar Helgasonar. Þetta tókst og var niðurstaðan sú að bóndinn á Daðastöðum lofaði að beita hvorki né slá á landi sem tilheyrði Arnarstöðum. Í sáttagerðinni er síðan nefnt að Magnús hafi lofað að nýta ekki hin umdeildu landsvæði Árdalsflöt og Þverfellsbotna. Á móti kom að Björn hugðist leyfa bændunum á Daðastöðum og Þjófsstöðum að slá þar um sumarið. Einnig lofaði hann að selja Magnúsi hey.[16]

Vikið er að mörkum Arnarstaða og Sandfellshaga, og örnefnið Hrauntangi nefnt, í áreiðargörð sem farin var 1845 á landamerki Þverár og Sandfellshaga.[17] Um þetta er fjallað í kaflanum um Sandfellshaga.

Landamerkjabréf fyrir Arnarstaði var útbúið 12. ágúst 1887. Því var þinglýst 6. júní 1889:

> Að sunnan: Úr Naustarfossi, ræður áin að Grafargerðishnútu, þaðan beina stefnu sunnan í Fiskhól síðan í vörðu á Núpabrún sunnan við Lambhúshóla, þaðan í suðurendan á Núpabrún sunnanvið Lambhúshóla, þaðan í syðri endan á Tóugili, svo í syðsta Þríhyrning þaðan í Kalfhól, síðan í hraunnef, sem næst er utanvið Mýrarsel.
>
> Að utan: Úr bjarginu rétt við Naustá, þaðan í vörðu utan til á Kjalarás, þaðan í Stórhól, síðan í vörðu á Hálsabrún svo í Skottuþúfu þaðan beina stefnu í hraunnef, sem er næst fyrir norðan Arnarstaðavatn, þaðan eftir sömu línu til Ormarsár, sem ræður á austurkant landa merkjum til áður umgetins hraunnefs fyrir utan Mýrarsel. Hestagöngu undir Kalfafjöllum í Arnarstaðalandi eiga Valþjófsstaðir fyrir sína gripi.[18]

Undir bréfið skrifaði Jón Sigurðsson. Landamerkin voru samþykkt af eigendum Einarsstaða og Valþjófsstaða, K. Benjamínsdóttur, Jóni Jónssyni, S. Rafnssyni og J. Rafnssyni, og umboðsmanni Munkaþverárklausturs, Stephan Stephensen, vegna Efrihóla og Daðastaða ásamt Þjófsstöðum. Einnig Þ. Þorsteinsson fullmektugur umboðsins.

Hrauntangi er í Arnarstaðalandi á ystu nöf Rauðhólahrauns syðst, skammt norðan og austan þjóðvegar um Öxarfjarðarheiði. Þar var búið 1861–1887 og 1910–1943.[19]

Arnarhóll var nýbýli úr Arnarstaðajörðinni með skiptu ræktunarlandi en óskiptu beitarlandi. Þar var búið 1930–1979.[20]

Samkvæmt jarðamatinu 1804 er virði sjálfseignarjarðarinnar Arnarstaða 12 hundruð. Heimilisfólk leyfir öðrum að tína fjallagrös gegn greiðslu.[21]

---

[16] Skjal nr. 2 (61) a-b.
[17] Skjal nr. 2 (49).
[18] Skjal nr. 2 (15) a-b.
[19] *Land og fólk. Byggðasaga Norður-Þingeyinga*, bls. 426. *Lýsing Þingeyjarsýslu. Norður-Þingeyjarsýsla*, bls. 108.
[20] *Land og fólk*, bls. 418-419.
[21] Skjal nr. 2 (59) a-b.

Jarðamat 1849 segir landrými mikið fyrir sauðfénað og að heimilisfólk geti nýtt sér fjallagrasatekju. Jörðin hefur heiðarland til „afréttar“ fyrir nokkurn geldfénað en fénaðargeymsla jarðarinnar er örðug.[22]

Í fasteignamati N-Þingeyjarsýslu frá 1916–1918 er að finna lýsingu á landamerkjum Arnarstaða. Sú lýsing er nánast samhljóða þeirri sem var útbúin 12. ágúst 1887 ef undan er skilið upphaf lýsingarinnar. Í fasteignamatinu stendur:

> Að sunnan: Úr Naustárfossi ræður áin að Grafargerðishnútu, þaðan beina stefnu sunnan í Fiskhól, síðan í vörðu á Núpabrún sunnan við Lambhúshóla, þaðan í syðri endann á Tóugili, síðan í syðsta Þríhyrning[23]

Í fasteignamatinu 1916–1918 kemur einnig fram að Valþjófsstaðir eigi hestagöngu undir Kálfafjöllum í Arnarstaðalandi og að Arnarstaðir eigi mikið og gott heiðarland. Auk þess kemur þar fram að ágangur sé af afréttarfé og að Arnarstaðir hafi góða sumarhaga. Þar stendur líka að í landi jarðarinnar sé nýbýlið Hrauntangi. Sérkafli er um þetta nýbýli í fasteignamatinu. Í honum kemur fram að landið sé óskipt og að býlið sé langt til heiðar. Sumarhagar býlisins eru ágætir en jörðin verður fyrir ágangi af afréttarfé.

Landamerkjabréf fyrir Daðastaði og Þjófsstaði var útbúið 6. ágúst 1887. Það var þinglesið 6. júní 1889. Þar stendur m.a.:

> Að utan: Úr Naustárfossi í Grafagerðishnútu, þaðan beina stefnu sunnan í Fiskhól, þaðan í vörðu á Núpabrúnum suður og upp af Lambhúshólum, svo sömu stefnu í syðri Tóugilsenda, enn sömu stefnu í syðsta Þríhyrning og síðast í fyrr nefndann Kálfhól.[24]

Þ. Þorsteinsson fulltrúi skrifaði undir bréfið. J. Rafnsson vegna eiganda, Jóns Sigurðssonar. Landamerkjalýsingin var samin í umboði fulltrúa Munkaþverár-klausturs, sem samþykkti hana vegna Núps.

Skrifað var undir landamerkjabréf Valþjófsstaða og Einarsstaða 7. apríl 1894. Bréfinu var þinglýst 16. maí 1895:

> Á milli téðra jarða og Arnastaða eru merkin við sjó. - Úr bjargi rétt við Naustá, þaðan í vörðu utantil á Kjalarsás, þá í Stórhól, síðan í vörðu á hálsbrún og í Skottuþúfu.
>
> [...]
>
> Í Arnarstaðalandi eiga Valþjófsstaðir og Einarsstaðir hestagöngu fyrir gripi undir Kálfafjöllum.[25]

Undir bréfið skrifuðu Halldór Ingimundarson (Valþjófsstöðum), Hólmfríður Jónsdóttir (Brekku), Halldór Sigurðsson (síðar á Valþjófsstöðum, áður á

[22] Skjal nr. 2 (38).
[23] Skjal nr. 2 (17).
[24] Skjal nr. 2 (14) a-b.
[25] Yfir þessa síðustu málsgrein hefur verið strikað og úti á blaðjaðri segir: „Engu af þessum ítökum var lýst samkvæmt áskorun 20. 5. 1953. Eru þau því niður fallin. Jóhann Skaptason.“ Skjal nr. 2 (16).

Einarsstöðum) og Kristján Sigurðsson (Valþjófsstöðum).[26] Það var samþykkt af eiganda Arnarstaða og umboðsmanni Munkaþverárklausturs vegna Efrihóla.

Hinn 30. maí árið 2003 var kveðinn upp eignardómur í Héraðsdómi Norðurlands eystra í máli nr. E-283/2003. Í dómsorði segir svo: „Viðurkenndur er eignarréttur Braga Stefánssonar ... að jörðinni Hrauntanga í Öxarfjarðarhreppi ... ásamt öllum þeim gögnum og gæðum sem jörðinni fylgja og fylgja ber.“[27]

## 5.3 Þverá

Þverá „með öllum þeim gögnum og gæðum“ sem jörðinni hafa fylgt „að fornu og nýju með töðum, engjum og skógum, veiðum“ var seld í makaskiptum ásamt Hafrafellstungu og Klifshaga í Öxarfirði 8. apríl 1414.[28]

Vitnisburður um landamerki Þverár í Öxarfirði er til frá árinu 1547, að talið er.[29] Þar er hins vegar fjallað um land utan kröfusvæðis ríkisins og er vitnisburðinum því sleppt hér. Sama er að segja um vitnisburð um landeign Þverár í Öxarfirði frá árinu 1548.[30]

Á manntalsþingi að Skinnastað í Öxarfirði 11. júlí 1799 var upplesin lögfesta ónefnds prests fyrir jörð hans, Þverá í Öxarfirði. Efni lögfestunnar er ekki þekkt en séra Þorsteinn Jónsson á Skinnastað mótmælti henni

> ad því leiti sem hún á seilest Kyrkjunnar Land á Skinnastodum fyrer nedann Brunná.[31]

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* segir árið 1712 dýrleika vera 20 hundruð, útigang í betra lagi og úthagana bjarglega.[32]

Áreiðargerð á landamerki Þverár og Sandfellshaga var farin 14. júlí 1845.[33] Nánar er sagt frá áreiðinni í kaflanum um Sandfellshaga hér á eftir.

Hinn 14. janúar 1846 sömdu eigendur jarðanna Þverár og Sandfellshaga um merki sín í milli. Skyldi Þverá eiga ¾ Gæsavatnsflóa en Sandfellshagi fjórðung. Þessum samningi var þinglýst 14. maí 1847. Hann var staðfestur af prófastinum á Eyjardalsá og amtinu.[34]

Landamerki Þverár voru þinglesin 7. júní 1889, svofelld:

> Að sunnan úr Merkidal beina stefnu í Vörðuhól, þaðan beina stefnu í vörðu á Kálfhól, þaðan beina stefnu í vörðu utan á hrauntanganum við Ormarsá þar

---

[26] Heimilisföng eru tekin eftir sóknarmannatali Presthólasóknar (Skjalasöfn presta og prófasta: Presthólar BC/3) og úr bókinni *Land og fólk*, bls. 421, 423, 427 og 437.
[27] Skjal nr. 5 (8).
[28] Skjal nr. 4 (45).
[29] Skjal nr. 4 (55).
[30] Skjal nr. 4 (56).
[31] Skjal nr. 2 (45). Leiðrétt skrifaravilla bendir til þess að hinn ónefndi prestur hafi verið séra Vigfús Björnsson í Garði.
[32] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 318-319.
[33] Skjal nr. 2 (49) a-b.
[34] Skjal nr. 2 (50) a-b.

> sem Axarfjarðarheiðar vegurinn liggur ofan í ána, þaðan beina <stefnu> vestur í miðjan austari Kálfhól, þaðan beina stefnu utan við ytra Þverahorn [e.t.v. á að standa hér Þverárhorn] þaðan beina stefnu í mitt Merkigil þaðan beina stefnu í vörðu á austari Brunnárbakka.
>
> Land fyrir vestan Brunná eftir gömlum Kalfskinnsmáldaga nfl. beina stefnu vestur af Merkidal vestur í afgamlan farveg eða laut er liggur útúr Hornskurði þar sem hann beygir í austur og allt útí Brunná beint á mots við Merkigil.[35]

Ingibjörg Nikulásdóttir skrifaði undir landamerkjabréfið. Merkin voru samþykkt af Stephan Stephensen umboðsmanni vegna Núps og Sandfellshaga, Kristjáni Árnasyni vegna Klifshaga, Þorleifi Jónssyni vegna Skinnastaðar og Jóni Sigurðssyni vegna Arnarstaða.

Virði sjálfseignarjarðarinnar Þverár er 12 hundruð samkvæmt jarðamatinu 1804. Jörðin getur nýtt skóg.[36]

Jarðamat 1849 segir beitiland gott sumar og vetur og landrými í betra lagi.[37]

Í kaflanum um Þverá í fasteignamati N-Þingeyjarsýslu 1916–1918 stendur að landamerkjabréf vanti fyrir jörðina. Hún hafi mikið landrými og góða sumarhaga fyrir fé.[38]

Heimildir benda ekki til annars en að samfelld búseta hafi verið á Þverá frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.

### 5.4 Sandfellshagi

Í *Lýsingu Þingeyjarsýslu* (1959) segir um Sandfellshaga að heiðarland sé mikið og gott, útengi ekkert í heimahögum. Heyjað hafi verið oft á Mýrarseli fram á síðustu ár.[39]

Sandfellshagi, „með öllum þeim gögnum og gæðum sem greindri jörðu fylgir og fylgt hefir að fornu og nýju“, var seldur Munkaþverárklaustri 13. júní 1469.[40]

Dýrleikinn var 20 hundruð samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* árið 1712. Jörðin eign Munkaþverárklausturs. Hestum jafnlega burt komið [til vetrargöngu] á Hólsöræfi. Grasa- og hvannatekja næg fyrir heimilið. Úthagar góðir og miklir.[41]

Klifshagi átti tveggja mánaða selför á Mýrarsel norður, í Sandfellshagalandi, en hafði ekki brúkast í margt ár árið 1712.[42]

---

[35] Skjal nr. 2 (12) a-b .
[36] Skjal nr. 2 (58) a-b.
[37] Skjal nr. 2 (38).
[38] Skjal nr. 2 (17).
[39] *Lýsing Þingeyjarsýslu. Norður-Þingeyjarsýsla*, bls. 92.
[40] Skjal nr. 4 (49).
[41] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 316-317.
[42] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 318.

Lýsing Skinnastaðarsóknar virðist telja land austan Sandfells og Þverárhorns til Sandfellshaga.[43]

Hinn 14. júlí 1845 var haldin áreiðargerð á landamerki Þverár og Sandfellshaga. Meðal þeirra sem voru viðstaddir hana voru umboðsmaður Þverár, Árni Árnason, og A. Þórðarson fyrir Sandfellshaga. Áður en áreiðin hófst kom fram að umboðsmaður Þverár hélt því fram að landamerkin ættu að vera

> allt nedanfrá Merkidal og í Skurd siálfgjördan í midri Fögruhlíd, (og) þadan og í hæstu Hædirnar suduraf Þverarhorni, rétt sunnanvid Heidarveigin, þadan og sunnanverdt í Kálfhól, þadan og í Kéllíngarhrigg midjan rétt utanvid veigin, hvar lína á millum þessara sídastnefndu örnefna geingur fyrir sunnan svokalladan Gæsavatnsflóa, og þannig innlikur hann allan í Þverar Land frá Sandfellshaga Landi; frá Kellíngarhrigg sídast og beina stefnu í Hrauntángan utanvid Myrarsel.

A. Þórðarson taldi landamerkin aftur á móti eiga að vera eftirfarandi:

> úr nordaustur horni Klifshaga Lands og í sudvesturhorn Arnastada Lands, þad er ad seigja úr Gardinum fyrir nedan Sandfellshaga í sokalladan Vörduhól sunnanverdt vid Fögruhlíd, og sömu stefnu þadan utaustur ad Arnastada Landi, á hverri stefnu Administrator meinti ad madur mundi koma sunnanverdt vid Þverarhorn.

Eftir að riðið hafi verið á landamerki jarðanna ákváðu áreiðarmennirnir eftirfarandi merki:

> Landamerkin millum Þverar og Sandfellshaga gánga nedanfrá Merkidal, beina stefnu upp og [aust]ur [þetta er mjög torlæst] á Vörduhól, og verdur svonefndur Skurdur í midri Fo[gruhlid] töluverdt fyrir sunnan þessa sjonarlínu, og altso ekki í Þverár landi; úr Vorduhól aptur beina stefnu austurí Hædirnar rétt sunnanvid Þverárhorn, þad er ad seigia adra hæd næst þeirri ytstu eda utaní Millumhædina, sunnan vid Heidarveigin; Þadan réttsínis austurí midjan Kalfhól, sem er sunnan og vestanvid sokalladan Gjæsavatnsflóa; á midjum þessum hól hlódu areidarmennirnir Vördu til merkis, ístadin fyrir þá gomlu vordu sunnaná hólnum; Þadan (nl. úr vördunni nyu) rettsinis austurá Kéllíngarhrigg, í vördu nygjörda nordan vid sydstu og hædstu Búnguna þar, og er þá komid [yfirstrikað: utfi] nordurfyrir Heidarveiginn; og geingur þessi lína rétt sunnanvid sokalladan Gjæsavatnsflóa, sem liggur allur nordvestanvid Kéllíngarhrigg, og millum hans og Kalfhóls, og innilikst eptir þessu allur í Þverár Land; úr Vördunni á Kellíngarhrigg rettsínis í sokalladan Hrauntánga, þó nordarlega ad vestan fram, og nordan vid Myrarsel þar hjá, hvar Sandfellshaga, og Arnastada Lönd synast ad mætast austanvid Þverár Land. -
>
> Þessi framburdur hreppst. Fridriks var allur upplesin og af hönum játadur rettur eptir hans bestu vitund og ytrustu sannfæríngu. Somuleidis játadi

[43] *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1844*, bls. 233.

forlikunarmadur Eríkur Sigvaldason þessu sama og gjördi fram burd hreppstjórans ad sínum eigin. - Gudmundur bóndi Arnason á sama máli, ad því einasta vidbættu ad hann aldrei hefdi komid á eda sialfur skodad adur sokalladan Hrauntánga, af því han<n> væri ekki svo kunnugur á Heidinni, enn 2 áreidarmennirnir asamt fleiri kunnugum, hvaramedal þingvottinum Gudmundi Sigurdssyni, hefdu synt sér hann, þad er ad seigja Hrauntángan, af Kellíngarhrigg, og ad hann þaraf hefdi feingid Glöggva ímindan um hvar hann væri; er hann ogso nokkrum sinnum hefdi ridid yfir Heidina rettan veg og Hrauntángin lægi á veiginum. - Sama framburdin játadi Þorvaldur Hakonarson ad vera eptir sinni ytrustu sannfæríngu og vitund, hvarhjá hann siálfur ekki hefir komid á Hrauntangan, og aldrej yfir Heidina farid, og er því minnst kunnugur þar af áreidarmönnunum, enn fekk þó glögga ímindun um hvar Tángin væri, eptir því sem bædi Fridrik Eiríkur og Gudmundur Sigurdsson hefdu synt sér af Kellíngarhrigg; því leingra í austur álitu allir areidarmennirnir óþarft ad fara tilad fá rétta stefnu í Hrauntángan. -

Allt þad bókada var upplesid og játad rétt af öllum áreidarmönnunum, og hverjum fyrir sitt vidkomandi, eptir þeirra náqvæmasta aliti og undir eidstilbod nær sem vildi. -

Reqvirentin A. Arnason geimdi sér rétt til ad fá þessa areidargjörd eidfesta þegar hönum svo syndist. -

Administrator A Thordarson bad um þad tilfært: ad areidarmönnunum hefdi verid á hendur falid eptir útnefníngunni ad skoda landamerkin, einsog þau þar væru tilgreind á bádar sídur, enn þeir færu eptir hverigri línuni, og byggju til línu siálfir, og ad hann því uppastædi allt hvad þeir hefdu sagt sem ósagt. -

Areidarmennirnir svörudu hértil ad þeir hefdu skodad bádar línurnar fullkomlega og vildu þaruppá sverja, og ekki fundid annad rettara enn hvad þeir hafa gjört og framborid, og ad þeir hefdu ordid ad fara þenna millumveg er hverugri af þeim línum sem Partarnir hefdu tilnefndt hefdi verid mögulegt ad fylgia ad ölluleiti. -

Administrator uppástód þvínæst ad þetta alit mannana ídag væri sem kraftlaust medan því ekki væri frekara framfylgt; - hvarámóti Arni Arnason uppastod gjördina fullgylda, ad því vidbættu ad hún mætti verda eidfest vid fyrstu hentugleika, og ad hann asamt öllum vidkomendum þá yrdi advaradur, en administrator [yfirstrikað: uppastód] óskadi ad ny forlikunar tilraun framfæri á undan.[44]

Undir áreiðargerðina skrifuðu: A. Arnesen sýslumaður, þingvottarnir Guðmundur Sigurðsson og Sigurður Tómasson, Árni Árnason fulltrúi Þverár og A. Þórðarson fyrir Sandfellshaga.

[44] Skjal nr. 2 (49) a-b.

Hinn 14. janúar 1846 sömdu eigendur Þverár og Sandfellshaga um merki sín á milli. Skyldi Þverá eiga ¾ Gæsavatnsflóa en Sandfellshagi fjórðung. Nánar er sagt frá þessum samningi í kaflanum um Þverá hér að framan.[45]

Frá 1. maí 1878 er varðveitt lýsing E. Gunnarssonar á Laugalandi á umboðsjörðum í Skinnastaðahreppi. Þar segir m.a. um Sandfellshaga:

> Heiðarland mikið fylgir jörðinni og er það líka að blása upp. [...] Þess má geta að skilríki eigna jörðinni Klifshaga 2ia mánaða selstöðu í landeigninni í svokölluðu Mýraseli og mótak í Sandfellshaga þýfinu.[46]

Landamerki Sandfellshaga voru skráð 16. janúar 1883 og þinglesin 25. júní ári síðar:

> Að sunnan milli Klifshaga, Leifsstaða, Hafrafellstungu og Sandfellshaga.
>
> Úr Skeggjastaðaárkrók[47] og þaðan beina stefnu í Jónsvörðu, þaðan beint í Sjónarhól og síðan beint í Arnarþúfu, svo í Fjórðungshól og þaðan í vörðu í Langás austur í Búrfellsheiði.
>
> Að austan: Úr vörðum í Langás í Djúpá og eftir henni í gil, sem liggur milli Djúpárbotna og Mýrarsels og þaðan í vörðu við Ormarsá.
>
> Að norðan: Úr vörðunni við Ormarsá og beina línu vestur í Kálfhól og þaðan í Vörðuhól, og síðan í Sandsskarðið í jarðbakkanum í Skeggjastaðaárkrók.[48]

Stephan Stephensen umboðsmaður skrifaði undir bréfið. Það var samþykkt upp á væntanlegt samþykki yfirboðara umboðsmanns kirkjukotsins Leifsstaða, Þorleifs Jónssonar, Kr. Árnasyni, Klifshaga, Ingibjörgu Nikulásdóttur vegna Þverár, S.S. Eiríkssyni fyrir hönd eiganda Hafrafellstungu og G. Sigvaldasyni eiganda Hafrafellstungu.

Gerð var úttekt á Sandfellshaga vegna fyrirhugaðrar sölu 22. október 1906. Í byrjun úttektarinnar greina höfundarnir frá því að þeir hafi ekki allar upplýsingar viðvíkjandi jörðina við höndina. Á öðrum stað er grein gerð fyrir landi jarðarinnar. Þar segir:

> Bærinn í Sandfellshaga stendur við Öxarfjarðarheiði og byrja heiðarbrekkurnar rétt ofan við bæinn. Land jarðarinnar takmarkast á 3 hliðar af jörðunum: Þverá að norðan, Klifshaga að vestan og að sunnan af landi eyðijarðanna Leifsstaða og Skeggjastaða (eyðijarðar frá Klifshaga). Frá suðri til norðurs er breidd Sandfellshagalands um 6–700 faðmar þar sem bærinn stendur; frá honum og vestur að Klifshagalandamerkjum eru rúmir 200 faðmar, en austur til heiðarinnar nær þessi landtunga, er jörðinni fylgir, um 2½ mílu; er hún nokkuð breiðari á parti en mjókkar aftur er austur dregur.

[45] Skjal nr. 2 (50) a-b.
[46] Skjal nr. 2 (79).
[47] Upphaflega hefur verið skrifað: Skeggjastaðárkrók, en a-i bætt við síðar.
[48] Skjal nr. 2 (11) a-b.

> Hefir því jörðin mjög lítið land til beitar að vetrarlagi [...] Ábúandi jarðarinnar þarf því að kaupa beit að. [...]
>
> Lítið engi er í landi jarðarinnar. Það sem helst má nefna er engjablettur á heiðinni, austur við landamerki sem mætti fá um 40 hesta af annaðhvort ár [...] Líka hefur ábúandinn getað slegið fáeina hesta [...] í heiðarhöllunum.[49]

Hinn 15. október 1908 keypti ábúandi Sandfellshaga, Björn Jónsson, ábýlisjörð sína af yfirvöldum. Í kaupsamningnum kemur fram að undanskildir sölunni séu námar sem fundist hafa eða kunna að finnast á jörðinni.[50]

Samkvæmt jarðamatinu 1804 er dýrleiki Munkaþverárklaustursjarðarinnar Sandfellshaga 15 hundruð.[51]

Jarðamat 1849 segir útheyskap reitingslegan, landrými mikið og heiðarland mikið en uppblásið. Skilríki eigna Klifshaga tveggja mánaða selstöðu í landareigninni, í svokölluðu Mýrarseli.[52]

Í fasteignamati Norður-Þingeyjarsýslu 1916–1918 er að finna landamerkjalýsingu Sandfellshaga. Hún er nánast samhljóða þeirri sem samin var 16. janúar 1883. Í fasteignamatinu er reyndar talað um vörðuna í Langás í Djúpá. Lýsingunni í fasteignamatinu lýkur á þessum orðum:

> Að norðan úr vörðunni við Ormarsá og beina línu vestur í Kálfhól og þaðan í Vörðuhól, og síðan í Sandskarðið á jarðbakkanum utan við bæinn. Að vestan eftir Jarðbakkanum í Skeggjastaðaárkrók.[53]

Í fasteignamatinu kemur einnig fram að Sandfellshagi hafi töluvert landrými. Landið sé mjótt að neðan en breiðast austur til heiðarinnar. Móa- og fjallaland. Afréttarland tilheyri jörðinni.

Árið 1999 voru tveir menn sýknaðir í Hæstarétti af ákæru fyrir rjúpnaveiðar í landi jarðarinnar Sandfellshaga. Vísað var til þess að engum gögnum hafi verið til að dreifa um að landið hefði verið numið í öndverðu eða hvernig það hefði síðar orðið undirorpið beinum eignarrétti og þótti þinglýst landamerkjabréf ekki nægilega styrk heimild um eignarhald.[54]

Heimildir benda ekki til annars en að samfelld búseta hafi verið í Sandfellshaga frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.

---

[49] Skjal nr. 2 (107).
[50] Skjal nr. 2 (107).
[51] Skjal nr. 2 (58) a-b.
[52] Skjal nr. 2 (38).
[53] Skjal nr. 2 (17).
[54] Hrd. 41/1999.

## 5.5 Hafrafellstunga

Hafrafellstungu er getið í *Reykdæla sögu*,[55] sem talin hefur verið rituð um miðja 13. öld.[56]

Í máldagasafni Auðunar rauða Þorbergssonar Hólabiskups frá árinu 1318 kemur fram að kirkjan í Hafrafellstungu eigi hálft heimaland og Lónsstaði alla.[57]

Ekki er annarra jarðeigna Hafrafellstungukirkju getið í máldagasafni Jóns skalla Eiríkssonar Hólabiskups, sem talið er frá árunum 1360–1389, en að prestskyld sé í öllu heimalandi.[58]

Í máldagasafni Péturs Nikulássonar Hólabiskups sem er frá um 1394 segir að kirkjan á Hafrafellstungu eigi hálft heimaland.[59]

Óársettur máldagi Hafrafellstungu sem talinn er vera frá því um 1400 greinir á eftirfarandi hátt frá eignum og landamerkjum kirkjunnar:

> hun a skoginn j sliettafelli riettsynis vth epter fells lag firir vestan tungu [fra] nonvordu vth [j] branslæk. Enn fur ofan rædur gardur sa er liggur vt vr s[o]mu nonvordu j branslæk sem er smiorhols landamerkis gardur. Enn hafrafells tungu oc arlækiar [ærlækiar, skv. öðru afriti] landamerki skilur gardur sa er geingur vm þuera tungu j motz vid smiorhols lag j sliet[t]a felli. [...] hun a tueggia hrossa afdratt arliga med vnnin vid j ormarz lonz landamerki vr fiordungs [þetta orð mun óglöggt skv. útgefanda fornbréfasafnsins] hol j þuerfell. þadan riettsynis framan vid mosfell austur j Sandá. enn hid fremra rædur vrdar as. reyda j motz vid hol a fialli.[60]

Hafrafellstunga „með öllum þeim gögnum og gæðum“ sem jörðinni hafa fylgt „að fornu og nýju með töðum, engjum og skógum, veiðum“ var seld í makaskiptum ásamt Þverá og Klifshaga í Öxarfirði 8. apríl 1414.[61]

Þeir séra Oddur Jónsson, Jón Sigurðsson, Gottskálk Sölvason og Eiríkur Árnason votta með bréfi frá árinu 1549 að Þorsteinn bóndi Finnbogason hafi selt Vigfúsi syni sínum jörðina Hafrafellstungu. Þorsteinn greinir frá eign kirkjunnar og segir að hún eigi

> þriu kot, Er so heita: smior holl. Jons stadj: og hrafnstadi: og skog I sletta fellj og skog lækiardals la[n]d[i, v]eidivötn fimm og heitir Eitt Kal[da]vatnn, og þriu burfells vötn, og Eitt sudur fra tungu fiall[i] landar Eign suo langt austur a fiöll sem adrir dandi menn hafa brief og skilriki thil ad þeir Eigi þar í móti.[62]

---

[55] *Ljósvetninga saga, Reykdæla saga ok Víga-Skútu, Hreiðars þáttr*, Íslenzk fornrit X, bls. 168.
[56] *Ljósvetninga saga*, bls. LXXXIX.
[57] Skjal nr. 4 (66).
[58] Skjal nr. 4 (68).
[59] Skjal nr. 4 (43).
[60] Skjal nr. 4 (44). Sjá einnig skjal nr. 2 (18) a-b.
[61] Skjal nr. 4 (45).
[62] Skjal nr. 2 (67). Hér er farið eftir lausu blaði í fjögurra blaða broti sem ber blaðsíðutalið 124 og hefur bersýnilega verið rifið úr bók. Höndin á því er líkast til frá seinni hluta 17. aldar. Bréfið er illt aflestrar á stöku stað en það, sem torlæsilegt er, er haft innan hornklofa sem hafa verið fylltir með hliðsjón af

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* segir árið 1712 að dýrleikinn sé tuttugu hundruð, hestaganga sé lök í heimalandi en í betra lagi á heiðinni. Silungsveiði í stöðuvötnum á Búrfellsheiði hafi að fornu verið gagnvæn en hafi ekki brúkast í margt ár fyrir fjarlægðar sakir. Grasatekja næg og brúkist af þessarar sveitar búendum eftir leyfi landsdrottins fyrir óákveðna greiðasemi. Hvannatekja að nokkru gagni á þessari heiði, brúkist lítt.[63]

Frá árinu 1741 er varðveitt svohljóðandi lögfesta fyrir Hafrafellstungu sem skyldi standa til tólf mánaða:

> Jeg Vnderskrifadur Nichulas Runolfsson lögfeste Hier j dag Eign Myna, Jördina HafrafelsTungu 20 hndr. ad Dyrleika liggande j Axarfirdj j skinnastada Kirkusokn Áckra og todur Eingiar og skoga Hus og Haga, Hollt og Hædir Votn og Veidestadj og allar lan<d>s Nytiar þær Er þessari Jordu Eigia ad filgia til Vmm merkia þessra skoginn j sliettafelle Riettsins ut Eptir fells Lág firir Vestan tungu Nonuordu j brandslæk Enn firir ofann rædur gardur sá Er gliggur Vr somu Nonuordu j brans læk sem Er SmiorHols landa Merkisgardur so og j gard þann er geingur [u]mm þuera tungu j mots uid SmiorHols laag j sleettafelli [...]
>
> landarEign Vr fiordungs Hol j þuerfell þadann Riettsins framann uid moosfell austur j sanda aa, Enn hid fremra Rædur Vrdaraas og Reidur Mots uid Hool á fialle firirbid eg huörium Manni.[64]

Lögfesta fyrir Hafrafellstungu var útbúin árið 1752:

> Eg Vnder skrifadur lögfestj Med þessu Mynu opnu briefe EignarJörd Mÿna Hafrafelztungu liggiande J öxarfirde og skinnastadar kyrkiusockn logfeste eg adur tiedrar Jardar Ackra og tödur Eingiar og skoga, Votn og Veide stadj, Jtöck og Vt haga og allar landz Nytiar þær sem þuj landj Eiga ad fylgia og fillt hafa ad fornu og Nÿu, ad onguo fra skilldu, Enn öllu til teknu til ystu Vm Merkia sem adrer Menn a Móte Eiga og Jardarennar Eigendur hafa forngilldu haft og halldid til þessara Vm Merkia Austur J fiordungz hool þadann J Þuerfell, þadann Riettsyniz framann Vid Mosfell austur j Sandaa, og so frammefter t<il> moss Vid Hool a Fÿalle, Enn firir framann og Vestann Rada Reidar Melar og Vrdar As og Vt ÿ gard þann sem geingur Vm þuera tungu Moss Vid Smiorhoolz lág J slietta Felle og Rædur so smiörhólz Aa til lækiardalz fossa J þann Farveg fellur Vt med gilsbacka Aas. Sömuleidiz lögfeste eg þesse Jtöck skóg J Slietta Felle Mille landaMerkiz garz [og: yfirstrikað] Smiörholz og Felzlagar, skog J lækiar Dalz lande, teÿg a gnups Mire er leistur heiter, [...] firirbid eg ollum Mönnum adur Nemda Jörd og hennar tiltekinn Jtock ad Jrkia beita edur bruka eda syer ad Nyta Nema þar

uppskrift gerðri í Hafrafellstungu 16. júní 1858 af S. Schulesen og G. Þórðarsyni. Eini munurinn á þessum tveimur uppskriftum, fyrir utan stafsetningu og greinarmerkjasetningu, er sá að í uppskriftinni frá 1858 segir „skóg í Lækjardalslandi“ en þetta „í“ er ekki að finna í uppskriftinni frá seinni hluta 17. aldar.

[63] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 313-314.

[64] Skjal nr. 2 (19) a-b.

> kome Mitt fullkomid leyfi til Anarz legg eg Vid secktir Efter sem laginn frekast a kueda og stande þesse Myn lögfesta Næstu Tolf Manudj Efter laganna Hliodan, til Merkiz Mitt Vnderskrifad Nafn[65]

Hrólfur Runólfsson skrifaði undir lögfestuna. Hún var þinglesin á manntalsþingum sem haldin voru á Ærlæk 8. júní 1752 og Skinnastað 29. júní 1824.

Hinn 11. júní 1798 á manntalsþingi að Skinnastað í Öxarfirði voru lesnar upp lögfestur fyrir Skinnastaðar beneficio og Hafrafellstungu og var engum mótmælum hreyft gegn þeim. Inntak lögfestanna fylgir því miður ekki með.[66]

Útbúin var ný lögfesta fyrir Hafrafellstungu árið 1808. Hún var svipuð þeirri frá 1752:

> Umm Merkia austur i fiórdungs hól þadann i þver fell þadan Ryttsynis framann vid litla Mosfell og so austur i sandá og so ad Vestann Rædur Urdar ás i Midia Reide Þadann i Vördu þá er stendur á Myrdalz Ás so i sanda og aftur Ur Urdar äs [og: yfirstrikað] Ut i gard þann sem geingur Umm þvera tungu Mótz Vid smier hólz [Lág: yfirstrikað] Lag i slietta felle Rædur so smiör hólz Á til Lækar Dalz i þann farVeg sem fellr Ut Med Gilz backa á sömuleidis lögfeste Jeg jtök þesse Skóg i slietta felle Mille landa Merkis gardz smiör hólz og fellz lágar Skóg i Lækar Dalz lande teig a gnups Myre er Leistur heitir jnn Vestur frá loona lind i hlass hvört Viku Verk jnn af ödru i Mótz vid Gunnsteinz stadar teig hun.[67]

Sigvaldi Eiríksson skrifaði undir lögfestuna. Hún var þinglesin á Skinnastað 18. júlí 1808. Ábúandi Núps gagnrýndi að í lögfestunni væri minnst á slægjuland á Gnúpsmýri þar sem ekki væri ljóst hvar sá staður væri.

Ári síðar, eða 11. júlí 1809, útbjó Sigvaldi Eiríksson nýja lögfestu fyrir Hafrafellstungu. Sú lögfesta er nánast samhljóða þeirri sem var útbúin árinu áður.[68]

Enn á ný var lesin upp lögfesta fyrir Hafrafellstungu fyrir manntalsþingsrétti að Skinnastað 29. júní 1824. Inntaks er að engu getið.[69]

Undir lok þriðja áratugar 19. aldar, nánar tiltekið 27. júní 1829, sömdu E., G. og Guðmundur Sigvaldasynir nýja lögfestu fyrir Hafrafellstungu. Sú lögfesta er nánast samhljóða þeirri sem var útbúin árið 1752. Lögfestan var þinglesin á manntalsþinginu á Skinnastað sama dag og hún var útbúin.[70]

Hinn 25. júlí 1831 var haldin áreið á það land Skinnastaðarkirkju sem var fram til heiðar upp til móts við Hól á Fjalli, að beiðni prestsins á Skinnastað vegna þess að óljóst var hvar svokallað Gil væri og vegna þess að bændur á Austara- og Vestaralandi höfðu nýtt sér land fram að svonefndum Grjótskurði sem lá milli Syðri- og Ytri-Álftaflata.

---

65 Skjal nr. 2 (68) a-b.
66 Skjal nr. 2 (44).
67 Skjal nr. 2 (69) a-b.
68 Skjal nr. 2 (70) a-b og skjal nr. 2 (46).
69 Skjal nr. 2 (47).
70 Skjal nr. 2 (72) a-b.

Niðurstaða áreiðarmanna, þar sem vikið er að mörkum móti Hafrafellstungu, var sú að:

> Fyrir sunnan og vestan nefnt Gil [Beitivallagil] álítum vér ad Skinnastada Kyrkja egi þad umtalada Land, ad undanteknum Beitivollum, eda þeim Heyskap miklum eda litlum sem hafdur kynni vera i Gilskjaptinum; Þar fyrir nordan og austan Gilid á Jördin Austaraland Land sudur med Hafrafellstúngu Landi allt framm i Reid.
>
> Enn sá litli Grasflötur, Biskupstjaldstædi, kémur þá til ad tilheyra Skinnastada Kyrkju.[71]

Hinn 18. júlí 1831 var fyrir manntalsþingsrétti á Svalbarði lesið upp bann bræðranna Eiríks hreppstjóra og Guðmundar Sigurðarsona, sem eigenda og ábúenda Hafrafellstungu, gegn álftaveiði í tilteknum takmörkum á Búrfellsheiði. Takmörkin eru ekki tilgreind en bann þeirra bræðra var einnig lesið upp fyrir manntalsþingsrétti á Skinnastað 12. júlí og á Presthólum 14. júlí sama ár.[72]

Í sóknarlýsingu Skinnastaðarsóknar frá árinu 1839 er Búrfellsheiði talin til Hafrafellstungu. Þar segir m.a.:

> Í henni er haglendi gott með vötnum, mýrum, flóum og tjörnum. Á miðri heiðinni stendur einstakt fjall, sem kallað er Búrfell, með haglendi umhverfis að neðan. Utan undir fellinu eru tvö silungavötn, kölluð Búrfellsvötn, sem stundaður var veiðiskapur í framan af sumrum frá Hafrafellstungu allt undir þetta, og í heiðinni fram yfir aldamótin frægasta grasatekja, sem flestar nálægar sveitir sótt grös í, nú fyrir mörgum árum að öllu leyti gjöreydd af hreindýrum og uppblásin.[73]

Í bréfi sem Jón Jónsson elsti á Snartarstöðum sendi Eiríki Sigvaldasyni í Hafrafellstungu 17. september 1845 kom fram að Jón minntist þess að fyrrum eigandi Hafrafellstungu, Hrólfur Runólfsson, hefði leyft Austursandsbændum og þeim íbúum í Öxarfjarðarhreppi sem þess óskuðu að nýta Búrfellsheiði til fjallagrasatekju gegn gjaldi. Í bréfinu kemur fram um hvaða landsvæði var að ræða:

> Heidinn var TakMarkalaust brúkud frá Djúpárbotnum austur, geingt sunnann verdum Svalbardsnúpum i milli SandAar og vestur Fjallgardsins, sudur undir Hólsminni -[74]

Hinn 28. mars 1885 skráði presturinn á Svalbarði, Guttormur Vigfússon, niður lýsingu á landamerkjum jarðarinnar:

> Samkvæmt eignarskjölum Svalbarðskirkju á hún tunguna milli Svalbarðsár og Sandár fram til Dettifossár, sem rennur austur úr Búrfelli sunnanverðu og í Sandá; en frá upptökum Dettifossár liggur eitt mýrarsund vestur til

[71] Skjal nr. 2 (41) a-b.
[72] Skjal nr. 2 (48).
[73] *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 232.
[74] Skjal nr. 2 (71) a-b.

> Svalbarðsárupptaka, og eru það sögð landamerki að landeign kirkjunnar á þá síðu sem til heiðar veit.

Stuttu síðar, nánar tiltekið 8. maí 1885, sendi Guttormur Sigvalda Jónssyni, einum eiganda Hafrafellstungu, landamerkjaskrána til samþykktar eða synjunar. Í bréfinu sem fylgdi með skránni kom fram að hinir tveir eigendur jarðarinnar, bræðurnir Björn í Skógum og Sigurður í Ærlækjarseli, væru þegar búnir að samþykkja landamerkjaskrána.

Sigvaldi sendi svarbréf til Guttorms 19. maí 1885. Í því kom fram að hann samþykkti ekki landamerkjaskrána. Neitun sína byggði hann á tveimur þáttum. Annar var sá að samkvæmt landamerkjaskránni flyttist talsvert heiðarland frá [Hafrafells]tungu. Þetta heiðarland taldi Sigvaldi að gömul skjöl, sem hann hefði undir höndum, sýndu að hefði verið ágreiningslaust í eigu Hafrafellstungu um langan aldur. Seinni þátturinn var sá að Sigvaldi átti von á því að fá afrit af máldaga Hafrafellstungu þá um sumarið.[75] Síðar samþykktu eigendur Hafrafellstungu landamerki Svalbarðskirkjulands.[76]

Landamerki Hafrafellstungu voru skráð 20. janúar 1888. Þau voru þinglesin 29. júní sama ár:

> Að norðan úr svokölluðum Lækjardalsfossum, ræður Gilsbakkaáin [skrifað Gislbakkaáin] með Lækjardals og Gilsbakkalöndum í svokallaðan Bug hvar hin svonefnda þverlaut liggur að ánni. Siðan uppúr henni syðst beint á Fjórðungshól, þaðan í þverfell á hlið við Sandfellshaga land og með því í vörðu þá er stendur á Langa ás. Að austan á hlið með Svalbarðskirkjulandi ræður Langásin til syðri enda hans, þaðan beina stefnu í ós þann er liggur úr norðausturhorni Stórabúrfellsvatns, þaðan beina línu í hásuður yfir vatnið austan við hólma í því, á hól þann er stendur austan við norðaustur hornið á Búrfelli, síðan sömu stefnu til Dettifossár, svo ræður hún austur til Sandár, er svo ræður suður til Svartáshvíslar þar hún fellur í ána, síðan ræður kvíslin til upptaka sinna. Að sunnan á hlið við Víðirhólsland ræður úr upptökum Svartáskvíslar bein stefna í vestur yfir fjallgarðinn og með fjallalöndum sömu stefnu í há Reiði. Að vestan ræður bein stefna úr há Reiði á hlið við Austaralands land í Rauðhóla þufu, er stendur syðst á svokölluðum Rauðhólum sunnan og vestan við tungu borgir, síðan somu stefnu norður eftir Borgar ás að austan verðu við há Stórás, síðan somu stefnu í vörðu á Urðarás með Bjarnastaða og Smjörhólslöndum, og eftir honum í tjörn þá er liggur við norður enda hans, síðan í Smjörhóls á eftir garði þeim er liggur ur ytri enda tjarnarinnar í ána og ræður hún til hinna upphaflega nefndu Lækjardalsfossa.[77]

[75] Skjal nr. 2 (74). Sjá einnig skjal nr. 2 (73).
[76] Skjal nr. 2 (123).
[77] Skjal nr. 2 (10).

Undir landamerkjabréfið skrifuðu eigendur Hafrafellstungu, þau G. Eiríksdóttir, S. S. Eiríksson og Sigurveig Sigurðardóttir. Landamerkin voru samþykkt af Svalbarðspresti, eigendum Víðirhóls H. Jónsdóttur og Kristjáni Kristjánssyni, umboðsmanni Sandfellshaga og Lækjardals, Stephan Stephensen, og umráðamönnum Gilsbakka, Stefáni Brynjólfssyni, Austaralands og Bjarnastaðalands, Jóh. Pálssyni og Páli Jóhannessyni. Í landamerkjabréfinu eru líka talin upp ítök Hafrafellstungu.

Samkvæmt jarðamatinu 1804 er virði sjálfseignarjarðarinnar Hafrafellstungu tuttugu hundruð. Á jörðinni er silungsveiði. Árlega fást greiddir tveir ríkisdalir fyrir að leyfa öðrum að tína fjallagrös. Hafrafellstunga getur nýtt skóg.[78]

Foss tilheyrir Hafrafellstungu samkvæmt jarðamatinu 1849 og er metin til tuttugu hundraða. Þar kemur líka fram að landrými jarðarinnar sé mikið og „afrétt“ nokkur. Jörðin hefur nokkra silungsveiði austur í heiði.[79]

Fasteignamat Norður-Þingeyjarsýslu 1916–1918 hefur að geyma landamerkjalýsingu Hafrafellstungu. Sú lýsing er nánast samhljóða þeirri sem var útbúin 20. janúar 1888. Í matinu er einnig minnst á að Hafrafellstunga eigi mikið heiðarland. Sumarhagar eru góðir.[80]

Eigendur Hafrafellstungu skrifuðu undir landamerkjabréf Hvannstaða árið 1890.[81] Sjá nánar í kaflanum um Hvannstaði hér síðar.

Heimildir benda ekki til annars en að samfelld búseta hafi verið í Hafrafellstungu frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.

## 5.6 „Afréttarland jarðanna Víðirhóls, Hólssels, Fagradals og Nýhóls“ á Hólsfjöllum

Hér er um að ræða landsvæði sem afmarkað er í landamerkjabréfi Víðirhóls, Hólssels, Fagradals og Nýhóls frá árinu 1890 og er þar kallað afréttarland en í kröfugerð í máli þessu nefnt sameignarland af gagnaðila íslenska ríkisins.

Árið 1848 fóru fram skipti á landi milli jarðanna Hóls, Hólssels og Víðirhóls. Eru þar tiltekin mörk Hóls en allmikið land var óskipt, „fjalllendi og afréttarland“ og er mörkum þess lýst eða eins og segir í skjalinu:

> Árið 1848 þann 29 Júlí vorum við undirskrifaðir til staðar eptir ósk og beiðni hlutaðeiganda Eigineignar Bænda Msr Árna Brynjulfssonar á Hóli. Msr Árna Árnasonar á Víðirhóli og Sgr Jóns Sigurðarsonar á Grímsstöðum eiganda Holsels: Til að skoða skipta og semja um téðra bænda oskiptra landareign [...]
>
> Þó er athugandi við þessi skipti að hér er alleina tiltekið [talað: undirstrikað þ.e. yfirstrikað] um búfjárhaga: so sem engi útbeit og haglendi. En*n*

[78] Skjal nr. 2 (58) a-b.
[79] Skjal nr. 2 (38).
[80] Skjal nr. 2 (17).
[81] Skjöl nr. 2 (4) a-b og nr. 2 (144).

> hlutaðeigendur semjast uppá að Fjallendi og Afrettarland sé óskipt og brúkist í sameiníngu eptir tiltölu af ofann nefndum eigendum þessara þrigga jarða í eptir greind örnefni. Úr Fálka klett á há Reiði. Úr Reiði beint austur yfir Fjallgarð í Sandá móts við Hafrafellstúngu land. Þaðann beint Austur uppá há Alptadyngu Fjallgarð. Þaðann á há Búngu. Þaðann í so nefnda Sandhnjuka. Þaðann í ytri Hrútá þar sem hún fellur í Selá, og eptir sem Hrúta ræður í Dauðagil Úr Dauðagili í Krumma skarð og þaðann í Hrafnakle[tta].
>
> Þetta land sem hér er að framan greint: Á Eigandi Hóls eptir réttri tiltölu við Víðirhól og Hólsel
>
> [...] Við þessi skipti millum jarðanna Hólsels Hóls og Víðirhóls: Flýtur það af sjálfu sér að öll önnur skjöl sem eru fyrir þessum jörðum, og áhræra Landamerki ítök leiguparta eður undannfarna byggíngu, upphefjast og ógildast. Eins og allir þessara jarða umráðendur skuldbynda sig til, að taka jafnann þátt í því ef áfríað yrði land kyrkjunnar eptir því sem minst er á í Víðirhóls og Hólsels skjölum. Hafi þessi okkar skiptagjörníngur og samníngur _**Fullkomið**_ *Máldagagildi* fyrir _**Alda**_ og _**Óborna**_ án þess að raskað verði
>
> Til frekari staðfestu eru hlutaðeiganda og áreiðar manna undirskrifuð nöfn og hjáþrikkt Signet
>
> A sama Ari og Degi sem upphaflega greinir
>
> Staddir á Hóli á Fjöllum
>
> | | | |
> |---|---|---|
> | Sjera Jón Austmann | S. Jónsson. | Bjarni Pálsson |
> | handsalað | L.S. | L.S.[82] |

Þau skjöl varðandi Hólssel, Hól og Víðirhól, sem minnst er á í þessu bréfi, hafa ekki komið fram.

Landamerkjabréf fyrir afréttarlandið var útbúið 3. júní 1890. Það var þinglesið 12. júní 1891:

> Landamerkjaskrá fyrir afrjettarlandi jarðanna: Víðihóls, Hólssels, Fagradals og Nýhóls í Skinnastaðahreppi:[83] Úr Falkakletti í há Reiði, þaðan beint austur á fjallgarð á móts við Hafrafellstunguland og ræður þaðan Hvammstaðafjallgarður suður í Mýrgil, þaðan í ytri Minnisöxl, og þaðan í Klettagil. Þaðan suður austan við Bungu og suður á Austaribrekku við Dauðagil, þaðan eftir Dauðagili í Krummaskarð þaðan í Hrafnaklett. Þess ber að geta að Grundarhólseigandi á frían upprekstur fyrir geldfje sitt og eina trippisgöngu í Nýhóls og Fagradals, ofanrituðu afrjettarlandi og 2/5tu úr svo nefndum Flöt, ofan við Hrafnaklett. Samkvæmt landamerkjabrefi fyrir

[82] Skjal nr. 2 (140) a-b.
[83] Strikað hefur verið yfir: Þess ber að geta ... Hólsselsmelum, og bætt við: „Ítökunum ekki lýst samkv. áskorun 20. maí 1953. Eru þau því niður fallin. J. Skaptason.“

> Víðihóli dato 29. Júli 1848 eiga Viðihóls eigendur tveggja hesta vetrargöngu óátalda í Hólsselsmelum.[84]

Undir bréfið skrifuðu Helgi Guðlaugsson, Hólsseli, Kr. Kristjánsson, Kristín Eiríksdóttir, Helga Jónsdóttir (þessi þrjú vegna Víðirhóls), S. Magnússon (gæti verið Sölvi Magnússon á Grímsstöðum), Bjarni Jónsson (e.t.v. á Hóli/Nýhóli), Jón Bjarnason (líklega í Fagradal), Sigtry[ggur] Benediktsson á Grundarhóli, S. S. Eiríksson og G. Eiríksdóttir (þessi tvö síðastnefndu væntanlega vegna Hafrafellstungu). Þorleifur Jónsson, prestur á Skinnastað, var samþykkur landamerkjabréfinu (líklega vegna Hafursstaða).

### 5.6.1 Hóll á Fjalli/Nýihóll

Kirkjan á Skinnastað á land á móts við Hól á Fjalli samkvæmt máldaga sem talinn er vera frá því um 1500. Þar kemur eftirfarandi fram:

> kirkiann aa landareign framm vid gil framm fra lundum [Löndum, skv. einni uppskrift og löndunum skv. annarri] oc vpp a motz vid hool a fialle. er þar med fijskivatn oc Bæa stadur. oc v kapla gongu a vetur j hoolz jord a fialle.[85]

Hinn 21. september 1566 seldi Þórður Pétursson séra Sigurði Jónssyni jörðina Klifshaga í Öxarfirði. Í staðinn

> lofadi sira Sigurdur og gaf jordina Hol a fialli med iiij kugildum fyrir xiiij hundrud og ij kugillde er hann hia mier aa. og .ui. Kugilldi a hann mier ad greida ad næstum fardogum og þar til atta kugillde sidar meir so allz yrde xx kugilldi.[86]

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í reikningi Skinnastaðakirkju frá árinu 1591:

> Skÿnnastada kirkia hun aa alltt hejmaland mille merke gards og Brands lækiar [...] Land eign framm vid gil fram fra londum, þar med fÿski vathn og Bæiar stædi: v hrossa gongu j Holss jordu a vetur.[87]

Í minnisbók Odds Einarssonar Skálholtsbiskups er að finna vitnisburð Björns Jónssonar um landamerki Grímsstaða frá 4. júlí 1630. Þar segist hann hafa vitað til um eyðijörðina Grímsstaði á Fjalli síðan hann var uppvaxtarpiltur og aldrei hafi hann annað

> hejrtt nie vitad enn hun ætte Land ut ad þeirre a sem kallast Vassleisa og fellur austur (epter) auræfum a milli Holz og Grijmzstada og sudur fra a motz vid Modrudal ad þeirre storu vordu sem kollud er Biskupzvarda og stendur a

[84] Skjal nr. 2 (6) a-b. Ályktanir varðandi þau, sem skrifa undir, eru byggðar á athugun á öðrum landamerkjabréfum og sóknarmannatölum Víðirhólsprestakalls frá þessum tíma.
[85] Skjal nr. 4 (51).
[86] Skjal nr. 2 (66), hér er þó farið eftir skinnbréfinu en það er útgefið, sbr. *Íslenzkt fornbréfasafn* XIV, bls. 527.
[87] Skjal nr. 2 (62).

> Grijmstadahalse. huor hallded er ad skilie Nordlendinga og austfirdinga fiordung. og vestur i Jokulsaa.
>
> Vppbygde minn saluge fader Jon Jonsson fyrrnefnda eydejord Grijmstade og bio þar iij ar eda fiogur. og smijdade hann þar upp fimm huz hejma og þriu huz i selenu og hann keiptte alla vidu þar til og heyrde eg alldrei nejna agrejning um fyrrsogd Landamercke og minn saluge fader logfeste fyrrnefnda jord til þessarra Landamerckia wti Wassleisu og sudur ad Biskupsvordu a Grijmstadahalse. Enn nu fyrer faum arum hefe eg heyrtt ad Jon Þorarenzson sem byr a Walþiotzstodum i Nupasveit i Presthola þijngum. ad hann hafe viliad eigna sinne jordu Hole a Fialle alla þa Tungu j fra anne Vassleisu og sudur j grofena sem liggur fyr(ir) sunnann fra Fiallgardenum. Enn þad hefur adur verid hallded Grijmstada Land atolulaust i allann máta suo lejnge sem eg hefe til vitad.[88]

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* segir árið 1712 að jörðin sé með Hólsseli átta hundruð en Hólssel helminginn. Silungsveiði í Blönduvatni hafi verið lítil, grasatekja bjargleg fyrir heimilið, hvannatekja og rótagröftur lítill. Engjar séu smáfengnar í mýrarsundum og starartjörnum um heiðina, úthagar góðir og miklir.[89]

Frá árinu 1741 er varðveitt svohljóðandi lögfesta fyrir Hafrafellstungu sem skyldi standa til tólf mánaða:

> [...] landarEign Vr fiordungs Hol j þuerfell þadann Riettsins framann uid moosfell austur j sanda aa, Enn hid fremra Rædur Vrdaraas og Reidur Mots uid Hool á fialle firirbid eg huörium Manni.[90]

Nánar er sagt frá þessu máli í kaflanum um Hafrafellstungu.

Hinn 25. júlí 1831 var haldin áreið á það land Skinnastaðarkirkju sem var fram til heiðar upp til móts við Hól á Fjalli, að beiðni prestsins á Skinnastað vegna þess að óljóst var hvar svokallað Gil væri og vegna þess að bændur á Austara- og Vestaralandi höfðu nýtt sér land fram að svonefndum Grjótskurði sem lá milli Syðri- og Ytri-Álftaflata.[91] Nánar er fjallað um hana í kaflanum um Hafrafellstungu hér framar.

Landareign Hóls, Víðirhóls og Hólssels var skipt árið 1848. Í skiptagerð segir:

> Árið 1848 þann 29 Júlí vorum við undirskrifaðir til staðar eptir ósk og beiðni hlutaðeiganda Eigineignar Bænda Msr Árna Brynjulfssonar á Hóli. Msr Árna Árnasonar á Víðirhóli og Sgr Jóns Sigurðarsonar á Grímsstöðum eiganda Holsels: Til að skoða skipta og semja um téðra bænda oskiptra landareign og kom okkur, og hlutaðeigendum samann um að nefndur bóndi Arni Brynjulfsson sem eigandi Hóls. Eigi land allt óátalið í eptir greind um merki

---

88 Skjal nr. 2 (121).
89 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 322.
90 Skjal nr. 2 (19) a-b.
91 Skjal nr. 2 (41) a-b.

> n[l.] Stefnuna i alptatjarnar ás og Viðarvatnsvík, þaðann í efri Fossdalsbrún, þaðann í hól í lækjum. Þaðann austann við fremri Fagradal, ut yfir miðt ytri Fagradals eingi þaðann frá Dalnum rett sunnan við krókavötn. Beint til Vesturs á Austari vegg, þaðann á há-Fjarðarsunds ás. Þaðann á Selás. Þaðann á há vatnsmela rönd og þaðann á Rauðhól. Enn vatnsleisann ræður að sunnann. Úr þessu landi fellur til Hólsels so kallaður Engidalspartur. stefnuna úr Viðarvatnsvík og í efri Fossdalsbrún, allt það sem þar er fyrir neðann. Þó hefur meirnefndur Árni Brynjúlfsson Torfristu á þessum Dalsparti og hann undir geingst að rista ekki í eing[inu] samt að verja eptir megni dalspart þenna.
>
> Aptur fellur úr Holselsmelum stikki undir Hól. Beint úr Einbúa frá einbuaflöt í Hól ofann við Holskíl. til suðausturs utann við so kallaðann Krubbumel, og allt það stikki út að mólendi. [...]
>
> Við þessi skipti millum jarðanna Hólsels Hóls og Víðirhóls: Flýtur það af sjálfu sér að öll önnur skjöl sem eru fyrir þessum jörðum, og áhræra Landamerki ítök leiguparta eður undannfarna byggíngu, upphefjast og ógildast. [...]
>
> Til frekari staðfestu eru hlutaðeiganda og áreiðar manna undirskrifuð nöfn og hjáþrikkt Signet
>
> A sama Ari og Degi sem upphaflega greinir
>
> Staddir á Hóli á Fjöllum
>
> Sjera Jón Austmann S. Jónsson. Bjarni Pálsson
>
> handsalað L.S. L.S.[92]

Í brauðamati sem útbúið var fyrir Skinnastaðarprestakall 21. október 1854 kemur fram að talin sé fimm kapla ganga í Hólsjörðu á Fjalli á vetrum.[93]

Í skýrslu um tekjur og útgjöld Skinnastaðarprestakalls, sem útbúin var 11. júní 1867, kemur fram að prestakallið leigi fimm kapla göngu í Hólsjörðu á Fjalli.[94]

Hinn 30. júní árið 1876 fóru fram landskipti milli Fagradals, Nýjahóls og Gamlahóls.[95] Nánar er fjallað um þau í kaflanum um Fagradal.

Hóll eyddist af uppblæstri og fór í eyði árið 1892.[96]

Nýihóll er byggður úr landi Hóls árið 1869 og hefur verið í byggð síðan.[97] Land Hóls/Gamlahóls mun hafa verið lagt til Nýjahóls. Fagridalur var lagður undir Nýjahól árið 1944.[98]

Landamerki jarðarinnar Nýjahóls voru þinglesin 29. júní 1888:

---

[92] Skjal nr. 2 (140) a-b.
[93] Skjal nr. 2 (63).
[94] Skjal nr. 2 (124).
[95] Skjöl nr. 2 (141) a-b og nr. 2 (142) a-b.
[96] *Land og fólk*, bls. 344.
[97] *Land og fólk*, bls 340. *Lýsing Þingeyjarsýslu. Norður-Þingeyjarsýsla*, bls. 57.
[98] *Land og fólk*, bls. 340.

> Nýihóll á land að austan fram með Víðirhólslandi að Grundarhólslandi sem ræður að sunnan, þvert vestur með því í Stórastein, úr honum sömu stefnu að Holslandi í Stóruhæð, þaðan beint í einstökutjörn, úr henni beint í Miðdegisvörðu, og þaðan beina stefnu í Millukofabrot við læk, sunnan og neðan við Hólsflóa, úr því og í syðri Langholtsenda og svo allt fyrir austan nefnt Langholt útað Fagradalsá, að undanskyldu því engjastykki, sem Grundarhóli er áður úthlutað, og ræður Fagradalsá og Brunkulækur að norðan. Líka á Nýihóll utan við Fagradalsá vestan við Fagradalslandamerki, allt að utan í Lambhaganum suður fyrir stóra flöt, og vestan við Lambhagaskurð, og alla Þorgrímslæki útað Fagradalsmerkjum. Melastykki í Hólselsmelum fram að beinni stefnu úr Einbúa í Vörðu sunnan á Gildru í Hólakellingu. Ennfremur á Nýihóll tiltölulegan hluta, eftir dýrleika jarðarinnar í Bugu framan við mela götu ofan við Holsselsland og svonefnda Lauftorfu austan á Fjarðarsundsás og Móana utan við Þorgrímslæki, eins og í heiðinni fyrir utan.[99]

Undir landamerkjabréfið skrifuðu eigendur Nýjahóls, Björn Kristjánsson, Kristján Guðmundsson og Sigurður Gunnlaugsson, eigendur Víðirhóls, Kristján Kristjánsson, Helga Jónsdóttir og Kristín Eiríksdóttir, eigandi Grundarhóls, Jón Sigurðsson á Skinnalóni, og eigandi Fagradals, Jón Bjarnason.

Í landamerkjadómi Þingeyjarsýslu á Hólsseli 27. ágúst 1909 var tekið fyrir landaþrætumálið Sigurður Þorsteinsson vegna Hólssels gegn Jónasi Kristjánssyni vegna Fagradals. Minnst er á Nýjahól.[100] Meðal framlagðra skjala var skiptagerð um land Hóls, Víðirhóls og Hólssels frá árinu 1848.[101] Sjá nánar kaflana um Hól og afréttarlönd.

Samkvæmt jarðamatinu 1804 er sjálfseignarjörðin Hóll metin á átta hundruð. Henni fylgir hjáleigan Hólssel. Þessi býli hafa útigang.[102]

Í jarðamati 1849 er Hóll talinn fjögur hundruð að dýrleika. Landrými mun nægilegt.[103]

Í fasteignamatinu sem útbúið var fyrir Norður-Þingeyjarsýslu á árunum 1916–1918 er að finna lýsingu á landamerkjum Nýjahóls. Lýsingin er nánast samhljóða þeirri sem var þinglesin 29. júní 1888. Umfjöllunin um melastykkið á Hólselsmelum er þó ólík. Í fasteignamatinu stendur:

> Nýihóll á ennfremur frá Fagradalsmerkjum melastykki í Hólselsmelum. (sjá við Nr. 4 [Sjá umfjöllun um fasteignamatið í kaflanum um Fagradal.])[104]

---

[99] Skjal nr. 2 (8) a-b.
[100] Skjal nr. 2 (43) a-b. Þess má geta að skjöl þau sem fram voru lögð í málinu hafa ekki fundist, utan eitt.
[101] Skjal nr. 2 (140) a-b.
[102] Skjal nr. 2 (58) a-b.
[103] Skjal nr. 2 (38).
[104] Skjal nr. 2 (17).

Ákveðin orð eru einnig skrifuð öðruvísi. Þannig er í fasteignamatinu talað um Víðihólsland, Hólsland, Myllukofabrot, Stóruflöt, Þórgrímslæki, Melgötu, Hólsselsland og móana.

Í fasteignamatinu er einnig minnst á að land Nýjahóls sé lítið og að jörðin eigi upprekstrarrétt. Sumarhagar eru góðir.

### 5.6.2 Hólssel

Hólssels á Fjalli er getið í greinargerð sem Björn Pétursson, sýslumaður á Bustarfelli, gerði um jarðeignir sínar 9. júní 1704. Þar er talað um Hól með Hólsseli.[105]

Árið 1712 segir *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* Hólssel part af Hóli, fjögur hundruð, byggt fyrir hér um 60 árum, aðeins afdeilt að túni. Kostir og ókostir sömu og á Hóli.[106]

Ás var byggður í landi Hólssels, alllangt norður af bæ, árið 1862, en fór í eyði 1879.[107]

Landamerkjabréf fyrir jörðina Hólssel var útbúið 26. maí 1889. Það var þinglesið 24. júní 1890:

> Að sunnan ræður Vatnsleysan upp að vörðu á svokölluðum Vatnsleysukambi, þaðan í vörðu vestur á Langavatnshöfða, þaðan í Hrossbeinagíg, þaðan beint í Merkiholt á svokölluðum Flöt, þaðan beint í austur að Grundarhólsmerkjum þaðan í norður í há Selás þaðan í há Fjarðarsundsás, þaðan beint á austari Vegg á móts við Falkaklett, þaðan beint vestur að Sandi þaðan beint í syðra Norðmelsfjall þaðan beint vestur í Jökulsá og ræður hún að vestan. Úr þessu landi fellur melstykki að sunnan stefnan úr Einbúa beint í hól ofan við Hólskíl, en að utan úr vörðu syðst á Fjarðarsundsás beint í Vestur í vörðu syðst á Miðás þar á móti er lagður partur úr Engidal úr miðju Viðarvatnsviki í efri Fossdalsbrún og allt þar fyrir neðan. Úr parti þessum heyrir til Grundarhóli torfrista og 3. hesta ganga.[108]

Eigandi Hólssels, Helgi Guðlaugsson, skrifaði undir. Landamerkjabréfið var samþykkt af eigendum jarðanna Grundarhóls, Jóni Sigurðssyni, Grímsstaða, Sölva Magnússyni, eigendum Víðirhóls, Kristjáni Kristjánssyni og Helgu Jónsdóttur, eiganda að 2/3 Nýhóls, Jóni Bjarnasyni, eiganda Fagradals, Jóni Bjarnasyni og umráðamanni Hafursstaða, Þorleifi Jónssyni.

Samkvæmt jarðamatinu frá árinu 1804 er Hólssel hjáleiga Hóls. Dýrleiki þess er fjögur hundruð. Útigangur er nokkuð góður.[109]

Hólssel telst 4 hundruð að dýrleika samkvæmt jarðamatinu frá árinu 1849. Þar kemur einnig fram að landkostir jarðarinnar séu góðir. Jörðin hefur hestagöngu og

---

[105] Skjal nr. 4 (61).
[106] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 322-323.
[107] *Land og fólk*, bls. 57.
[108] Skjal nr. 2 (9) a-b.
[109] Skjal nr. 2 (58) a-b.

nokkuð meljatak. Meðan jörð þessi var í einu lagi við jörðina Hól átti Skinnastaðaprestur ítak í landinu sem var fimm hesta ganga en þegar þeim var skipt hlotnaðist Hólsseli öll hestaganga.[110]

Jarðatal Johnsens segir Hólssel hjáleigu.[111] Hins vegar er það sérmetin jörð í Nýrri jarðabók 1861, fornt mat 4 hundruð, nýtt 28,8 hndr.[112]

Greint er frá landamerkjum Hólssels í fasteignamati Norður-Þingeyjarsýslu 1916–1918. Lýsingin þar er nánast samhljóða þeirri frá 26. maí 1886. Helstu breytingarnar eru þær að í fasteignamatinu er talað um Fálkaklett og þar er Víðirvatnsnes nefnt en ekki Viðarvatnsviki. Í fasteignamatinu er líka minnst á að jörðin eigi upprekstrarland. Vetrarbeit er ágæt en gripir hafa litla sumarhaga. Einnig kemur fram í fasteignamatinu að fossar í Jökulsá fylgi landinu og að jörðin hafi rétt til tveggja hesta göngu í Víðihólslandi.[113]

### 5.6.3 Víðirhóll

Um tilurð Víðirhóls og landareign segir í *Lýsingu Þingeyjarsýslu*:

> Eftir sögn gamals manns, er lifði á Hólsfjöllum fram yfir 1900, er bærinn byggður 1835–1836 og er þá í kirkjubókum nefndur Víðihóll. En í jarðatali Johnsens er hann nefndur Fjallgarðssel, og virðist það benda til, að þar sem býlið var byggt hafi verið fornar seljarústir með þessu nafni. Víðihóll á stórt land, sem nær allt norður á landamerki hreppsins í Búrfellsheiði og austur á Haugsöræfi að landi Norður-Múlasýslu og auk þess langt suður fyrrir bæinn. [...] Í landinu eru 2 eyðibýli, Hvannstaðir í Búrfellsheiði og Þrælagerði sunnan við svo nefnt Viðarvatn.[114]

Stefán Þórarinsson segir í lýsingu Skinnastaðarsóknar árið 1839 að Fjallgarðssel sé nýlega byggt, meinist að vera gömul selstaða frá Hóli. Jafnframt talar hann um Víðirhól sem mun vera sama jörð.[115]

Landareign Hóls, Víðirhóls og Hólssels var skipt árið 1848. Nánar er fjallað um þetta mál í kaflanum um Hól á Fjalli/Nýjahól.

Í landamerkjabréfi afréttarlands Hólsfjalla frá 1890 er vitnað í landamerkjabréf Víðirhóls frá 1848. Það bréf hefur ekki fundist.[116]

Skrifað var undir landamerkjabréf jarðarinnar Víðirhóls 7. ágúst 1885. Skjalið var þinglesið 31. maí 1886:

> Að austan ræður bein stefna úr Hrafnaklettum í háa fjallgarðinn fyrir ofan Krubbana, þaðan bein stefna út fyrir ofan Bunguvatnsmýrar að Langamúla.

---

[110] Skjal nr. 2 (38).
[111] Skjal nr. 4 (1).
[112] Skjal nr. 4 (2).
[113] Skjal nr. 2 (17).
[114] *Lýsing Þingeyjarsýslu. Norður-Þingeyjarsýsla*, bls. 63-64.
[115] *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 229.
[116] Skjal nr. 2 (6).

> Að utan ræður bein stefna þvert vestur fyrir utan Ytri-Fagradal. Að vestan ræður bein stefna fram mitt Fagradals engi, þaðan bein stefna fram fyrir ofan Fremri-Fagradal í Hól í Lækjum, þaðan bein stefna í Eystri-Fossdalsbrún, þá bein stefna í mitt Viðarvatnsvik, þaðan beint í há Álftatjarnarás, og ræður þá Ytri-Vatnsleysa að sunnan í Hrafnakletta.
>
> Jörðin á að tilltölu í óskiftu heiðarlandi Fjallajarða.[117]

Undir bréfið skrifaði Fr. Guðmundsson. Það var samþykkt af eigendum Víðirhóls, Jóni Árnasyni og Kr. Kristjánssyni, eiganda Grundarhóls, J. Sigurðssyni, eigendum Nýjahóls, Birni Kristjánssyni og K. Guðmundssyni, eiganda Fagradals, J. Bjarnasyni og eiganda Grímsstaða, S. Magnússyni.

Jarðatal Johnsens getur Fjallgarðssels, hjáleigu frá Hóli.[118]

Víðirhóll er tvö hundruð að dýrleika samkvæmt jarðamatinu frá 1849. Þar kemur einnig fram að útheyskapur sé allmikill, en fremur langsóttur. Landrými jarðarinnar er mjög gott og landsvæðið er afar gott fyrir allan pening.[119]

*Ný jarðabók 1861* talar um Víðirhól sem sérmetið býli, áður tvö hundruð, nýtt mat 14,4 hundruð.[120]

Í fasteignamati Norður-Þingeyjarsýslu 1916–1918 er Víðirhóll með eyðijörðinni Hvannstöðum talin ein jörð. Landamerkjalýsingin sem þar er skráð er nánast samhljóða þeirri frá 7. ágúst 1885. Í fasteignamatinu er reyndar talað um hól í Lækjum. Landrými er sagt mikið og gott. Fjallaland, móar, mýrar og melar. Sumarhagar eru góðir.[121]

Heimildir benda ekki til annars en að samfelld búseta hafi verið á Víðirhóli frá því að jarðarinnar er fyrst getið og þar til hún fór í eyði árið 1965. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett. Nú hafa verið byggð nokkur sumarhús á svæðinu.

### 5.6.4 Fagridalur

Fagridalur mun byggður í landi Hóls um 1860. Þar var búið samfellt frá 1861–1944. Þá var jörðin lögð undir Nýjahól.[122]

Árið 1876 fóru fram landaskipti milli Fagradals, Nýjahóls og Gamlahóls. Í greinargerð sem samin var vegna þessa stendur eftirfarandi:

> Þann 30 Júní 1876 fram fór að Hólseli á fjöllum þvílík landskipti millum jarðanna Fagradals, Nýjahóls og Hóls, sem hjer skal greyna að Fagridalur á land að austan fram með Víðirhólslandi sem eldri skjöl tiltaka - fram í hól í

[117] Skjal nr. 2 (1).
[118] Skjal nr. 4 (1).
[119] Skjal nr. 2 (38).
[120] Skjal nr. 4 (2).
[121] Skjal nr. 2 (17).
[122] *Land og fólk*, bls. 345.

lækjum, að sunnan, þaðan [þaðan: bætt við ofan línu] utan við brúnku læk ofan í fagradalsá, og utan við hana í vörðu vestan við næsta skurð, vestan við brota veitu, og úr henni, beint í vörðu sunnaná ystuhæð, þaðan í vörðu siðst á vestustuhæð, og svo á Fagridalur alla laufreitu vestan við grjót útað Krókavötnum, en heiðarmerkin ráða að utan, eins og eldri skjöl greyna.

Nýjihóll á land að austan fram með Víðirhóls landi að Grundarhóls landi, sem ræður að sunnan ofaná svonefnda stóruhæð, þaðan útí einstökutjörn, og þaðan í miðdegisvörðu, og þaðan í hólsurð, úr henni ofan við hólstún útí millubrot við læk sunnan og neðan við hólsflóa; úr því út og austur hróagarð þann er liggur þaðan í siðri langholts enda, og svo allt fyrir austan nefnt langholt, útað fagradalsá [útað fagradalsá: bætt við ofan línu] (að undanskyldu því engjastikki sem Grundarhóli er áður úthlutað) og ræður hún og brúnkulækur að norðan. Og laufengi á Nýihóll utan við fagradalsá, vestan við áður nefnda merki vörðu, vestan við brota veitu, allt að utan í lambhaganum suður fyrir stóraflata, og vestan við lambhagaskurð, eins og áður hefur verið brúkað frá Nýjahóli; og alla Þorgrímslæki útað fagradals merkjum

Hóll á land vestan við áður nefnt langholt, að austan fram með nefndum Nýjahóls merkjum fram að Grundarhóls landi, sem ræður að sunnan, og Hólselsland að vestan útað bugaskurði, og ræður hann útað melagötu frá Hóli, svo á hann allt utan við nefnda götu útað grjóthálsi mótsvið lambhaga; líka á Hóll það af laufengi [sem: yfirstrikað] í lambhaga sem hann hefur áður brúkað, og ábúendur Nýjahóls og Hóls lofa að skýra með auð kennilegum merkjum sín í milli. Bugana framan við melagötu ofanvið Hólselsland, og svo nefnda lauftorfu austan á fjarðarsundsás, brúka þessir 3. nefndu bæir - sem skiptin eru gjörð á milli - í sameiningu til beitar. Og móana utan og vestan við Þorgrímslæki, útað fornum heiðar merkjum, eiga þeir einsog heiðina fyrir ofan í sameiníngu, eptir réttri tiltölu við dyrleika þeirra.

Melastikki því er nefndir bæir eiga inní Hólselslandi, er skipt með þeim svoleiðis: að Fagridalur á utanaf nefndu stikki fram að beinni stefnu úr einbúa í vörðu sunnan við gildruhóla í Hólsbeitarhús. Nýihóll á frá þeirri stefnu fram að beinni stefnu úr sama einbúa í vörðu sunnaná gildru í Hólskelling. Og Hóll á þar fyrir sunnan að Hólselsmerkjum, sem gömul skjöl tilgreina.

Af þessu landaskipta brifi leiðir að [allir] [hér hefur molnað úr skjalinu og er þetta orð ágiskun] eldri samningar eru með því, úr gildi gengir, og hefur það hér eptir fyrir alda og óborna fullkomið lagagildi.

Sama stað ár og dag sem upphaflega greynir

Árni Árnason Kristján Jóhannsson Sigurbjörn Guðmundsson

fyrir Hól fyrir Fagradal fyrir Nyjahól

viðstaddir vottar

Guðm. Árnason Jón Árnason Olafur Jónsson

V Nikulásson Kristján Kristjánsson.[123]

Landamerkjum Fagradals var þinglýst 31. maí 1886:

> Fagridalur á land að austan frá Hóli í Lækjum, beina stefnu út fyrir austan fremri Fagradal og út mitt Fagradalsengi út fyrir Ytri-Fagradal þaðan beina stefnu vestur sunnan við Krókavötn á austari Vegg. Að sunnan eru merki úr Hól í Lækjum vestur utan við Brunkulæk í Fagradalsá og utan við hana í vörðu vestan við næsta skurð vestan við Brotaveitu [breytt í uppskrift úr Brotaveita] og úr henni beint í vörðu sunnan á yztu hæð, þaðan í vörðu syðst á vestustu hæð og vestur á vegg, en veggurinn ræður að vestan.
>
> Ennfremur fylgir Fagradals heimalandi, land eyðijarðarinnar Gamlahóls og eru þar merki sem hér greinir, að austan frá Fragradalsá fram Langholt, úr því í Hróagarð, þaðan í millubrot, þaðan í Miðdagsvörðu, þaðan í Einstökutjörn og beint í Stóruhæð, þvert vestur af Stórasteini, þaðan þvert vestur að Hólsselslandi, svo út há Selás, þaðan út á há Fjarðarsundsás, en að utan ræður bein stefna vestur úr vörðu á Merkjatorfu í vörðu á Merkjatorfu í vörðu vestan við Stóraflata, og þaðan beint í vörðu utan við Fjarðarsundsás. Jörðin á og tiltölu í óskiftu heiðarlandi Fjallajarða.[124]

Undir skrifuðu eigandi Fagradals, J. Bjarnason, eigandi Grundarhóls, Jón Sigurðsson, Hólssels, Helgi Guðlaugsson, ábúendur Víðirhóls, Jón Árnason, Friðrik Guðmundsson og Kristján Kristjánsson og Nýjahóls, Björn Kristjánsson og Kristján Guðmundsson auk eiganda Nýjahóls að hluta, S. Gunnlaugssonar. Fagridalur var lagður undir Nýjahól árið 1944.[125]

Í fasteignamati Norður-Þingeyjarsýslu 1916–1918 er að finna landamerkjalýsingu Fagradals. Það sem sagt er um landamerki Fagradals og eyðijarðarinnar Gamlahóls er nánast samhljóða því sem sagt er um þessi býli í landamerkjalýsingunni sem var þinglesin 31. maí 1886.[126] Í fasteignamatinu kemur einnig fram að Fagridalur hafi mikið landrými og upprekstrarland. Sumarhagar eru góðir.[127]

## 5.7 Hvannstaðir

Um Hvannstaði segir svo í *Lýsingu Þingeyjarsýslu*:

---

[123] Skjöl nr. 2 (141) a-b og nr. 2 (142) a-b.
[124] Skjal nr. 2 (5) a-b.
[125] *Land og fólk*, bls. 340.
[126] Í fasteignamatinu er reyndar talað um hól í Lækjum, Ystuhæð og Vesturhæð. Þar er einnig talað um ... þaðan út há Fjarðarsundsás ... í stað ... þaðan út á há Fjarðarsundsás ... og í fasteignamatinu stendur ... að utan ræður bein stefna vestur úr vörðu á Merkjatorfu í vörðu vestan við Stóraflata ... í stað ... að utan ræður bein stefna vestur úr vörðu á Merkjatorfu í vörðu á Merkjatorfu í vörðu vestan við Stóraflata ...
[127] Skjal nr. 2 (17).

> 1854 er byggt býlið Hvannstaðir í landi Víðihóls norðarlega (í Búrfellsheiði), og fer það í eyði 1878.[128]

Á manntalsþingi að Skinnastað 9. júlí 1867 var presturinn spurður um það hvernig stæði á jörðinni Hvannstöðum og gaf hann skýrslu þar að lútandi.[129] Skýrsla þessi finnst ekki í dómsskjölum Þingeyjarsýslu.

Landamerkjabréf fyrir eyðijörðina Hvannstaði var útbúið 24. maí 1890. Það var þinglesið 12. júní 1891:

> Að sunnan ræður bein stefna úr Klettagili í Mynnis öxl og þaðan í Mýrdalgil; að vestan ræður Hvammstaðafjallgarður út að Hafrafellstúngu merkja línu, þaðan í upptök Svartásskvíslar, og ræður landamerkjum þar til hún fellur í Sandá; þaðan bein stefna í Þorsteinsnef og þaðan í Sandhaug á Alptadyngjufjallgarði; að austan ræður Fjallgarðurinn frá Sandhaug að Klettagili.[130]

Eigendur framangreinds lands, þau Kr. Kristjánsson, Helga Jónsdóttir og Kristín Eiríksdóttir (eigendur Víðirhóls), skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af S. S. Eiríkssyni, G. Eiríksdóttur og Jóni Björnssyni (líklega vegna Hafrafellstungu), Jóni Bjarnasyni (líklega vegna Fagradals og Nýhóls), Helga Guðlaugssyni (Hólsseli) og Bjarna Jónssyni (e.t.v. í Víðidal).[131]

Í landamerkjabréfi Hvannstaða er talað um „Kvannstaði“ og „Mýrdalsgil“ en ekki „Hvammstaði“ og „Mýrdalgil“ eins og í landamerkjabókinni.[132]

Eyðijörðin Hvannstaðir er talin með Víðirhóli í fasteignamati 1916–1918. Í kaflanum um Víðirhól í fasteignamatinu er að finna landamerkjalýsingu jarðarinnar.[133]

## 5.8 Grímsstaðir og Nýibær

Grímsstaða á Fjöllum mun fyrst getið árið 1367 í Hítardalsbók, máldögum Oddgeirs Þorsteinsonar Skálholtsbiskups en þar segir:

> Christfienu a Grijmsstodum fylger xv ær ein kýr og hross.[134]

Ekki kemur fram um hvaða Grímsstaði er að ræða en þetta hljóta að vera Grímsstaðir á Fjöllum. Grímsstaða eða Kristfjárins er ekki getið í Vilchinsmáldögum. Samkvæmt vitnisburði frá árinu 1514 lágu Grímsstaðir á Fjalli undir Möðrudalskirkju.[135] Það er endurtekið í vitnisburði frá 1517 að Grímsstaðir liggi undir Möðrudalskirkju að öllum skyldum.[136]

---

[128] *Lýsing Þingeyjarsýslu. Norður-Þingeyjarsýsla*, bls. 57 og 64. Sbr. *Land og fólk*, bls. 57.
[129] Skjal nr. 2 (51).
[130] Skjal nr. 2 (4) a-b.
[131] Ályktanir varðandi þau, sem skrifa undir, eru byggðar á athugun á öðrum landamerkjabréfum og sóknarmannatölum Víðirhólsprestakalls frá þessum tíma.
[132] Skjal nr. 2 (144).
[133] Skjal nr. 2 (17).
[134] Skjal nr. 4 (42).
[135] Skjal nr. 4 (52).
[136] Skjal nr. 4 (53).

Elsti hluti Sigurðarregisturs frá árinu 1525 (þ.e. kirknamáldagar, þegar Jón Arason tók við Hólastóli) telur meðal húsalausra eyðikota Hólastóls Grímsstaði á austuröræfum. Þessi eyðikot höfðu flest óbyggð verið um næstu 30 ár eða lengur.[137]

Jón Guðmundsson lýsir landamerkjum Möðrudals í vitnisburðarbréfi sínu frá 6. desember 1532. Hann var barnfæddur að Möðrudal og bjó þar til nítján ára aldurs en faðir hans, séra Guðmundur Jónsson, hélt staðinn í 26 ár. Um landamerkin segir Jón að

> sinn fader hefde hallded landeign Maudrudals stadar ad þeim læk sem fellur undan Sulundum ofan i Haulkná. sem rided er ofan i Vopnafiaurd. ok svo langt austur i heidina under þrivardna háls a Skioldolfstada veg. ok halft Seningarvatn. ok oll griotgardzvötn. ok framm a þrivardna fiallgard er stendur a hestleid. Bruarveg ok halfan Arnardal ad ollum giædum. ok atta hrossa göngu beit i Vegge ok Krokmel. [...] Her med lyste hann. ad Skalholltzstadar eign hefde þa vered halldin halfer Grimstader a fialle. enn Maudrudalsstadar halfer. ok sinn fader hefde þar haft egg ok fugl. skog og gras. oc allar landznytiar. enn landamerke ofan ad á þeirre sem kaullud er Vatsleysa. her sagde hann ongvann hafa atalad medan hann visse. utan um þrivardnaháls hefde Skioldolfstadamenn uppatalad. þo þar yrde ecke frammkvæmd á.[138]

Ólafur Hjaltason Hólabiskup hafði 8. september 1563 makaskipti á þeim hluta í:

> eydikotinu Grimsstödum sem reiknadur hefur verit Holakirkiu motz uid Skalaholltzmenn sem kalladur hefur verid iij hndr.[139]

Í máldagasafni Gísla biskups Jónssonar frá um 1570 (1570–1576) segir í máldaga Möðrudalskirkju:

> Jtem stadurenn leigdur fyrer .xv. fiorduunga smiors med hálffum Grijmstødum.[140]

Í minnisbók Odds Einarssonar Skálholtsbiskups er að finna vitnisburð Björns Jónssonar um landamerki Grímsstaða frá 4. júlí 1630. Þar segist hann hafa vitað til um eyðijörðina Grímsstaði á Fjalli síðan hann var uppvaxtarpiltur og aldrei annað

> hejrtt nie vitad enn hun ætte Land ut ad þeirre a sem kallast Vassleisa og fellur austur (epter) auræfum a milli Holz og Grijmzstada og sudur fra a motz vid Modrudal ad þeirre storu vordu sem kollud er Biskupzvarda og stendur a Grijmstadahalse. huor hallded er ad skilie Nordlendinga og austfirdinga fiordung. og vestur i Jokulsaa.
>
> Vppbygde minn saluge fader Jon Jonsson fyrrnefnda eydejord Grijmstade og bio þar iij ar eda fiogur. og smijdade hann þar upp fimm huz hejma og þriu

---

[137] Skjal nr. 4 (54).
[138] Skjal nr. 4 (66).
[139] Skjal nr. 4 (58).
[140] Skjal nr. 4 (60).

> huz i selenu og hann keiptte alla vidu þar til og heyrde eg alldrei nejna agrejning um fyrrsogd Landamercke og minn saluge fader logfeste fyrrnefnda jord til þessarra Landamerckia wti Wassleisu og sudur ad Biskupsvordu a Grijmstadahalse. Enn nu fyrer faum arum hefe eg heyrtt ad Jon Þorarenzson sem byr a Walþiotzstodum i Nupasveit i Presthola þijngum. ad hann hafe viliad eigna sinne jordu Hole a Fialle alla þa Tungu j fra anne Vassleisu og sudur j grofena sem liggur fyr(ir) sunnann fra Fiallgardenum. Enn þad hefur adur verid hallded Grijmstada Land atolulaust i allann máta suo lejnge sem eg hefe til vitad.[141]

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* segir Grímsstaði sex hundruð að dýrleika árið 1712, hálfa í eigu Skálholtsstóls. Engjar engar, nema hvað hent verði í úthögum sem séu góðir og miklir. Einnig segir:

> Barkastader eður Backastader kallast örnefni suður undir Grímstaðanúp, þar atla menn að í fyrndinni hafi bygð verið, þó þess sjáist nú lítil merki af tóftarústum. Ekki má hjer bygð setja fyrir heyskaparleysi. Tóftarústirnar eru og viði vaxnar.[142]

Landamerkjabréf Grímsstaða og Nýjabæjar var þinglesið 31. maí 1886:

> Grímsstaðir eiga land úr Hrútá þar sem hún fellur [í eða úr] Selá, vestur Dimmagil í [í, tvítekið] Svartfell á Dimmafjallgarðsvegi. Þaðan beina stefnu í Skarðá, þar sem hún fellur í Jökulsá, en Jökulsá ræður að vestan, þar til Ytri-Vatnsleysa fellur í hana.
>
> Svo ræður hún að upptökum, þaðan beina stefnu í Selá þar sem Hrútá fellur í hana.
>
> Nýibær.
>
> Nýabæarland takmarkast af nyrðri og Syðri Vatnsleysu svo lengi sem þær ráða landi.[143]

Undir bréfið skrifuðu eigandi Grundarhóls, Jón Sigurðsson, eigandi Víðirhóls, Jón Árnason, eigandi Grímsstaða, Sölvi Magnússon, eigandi Víðidals, Bjarni Jónsson, eigandi Hauksstaða, Kr. Jóhannesson og eigandi Hólssels, H. Guðlaugsson.

Hinn 15. maí 1922 var útbúið nýtt landamerkjabréf fyrir Grímsstaði og Nýjabæ. Það var þinglesið sama ár:

> Grímsstaðir eiga land úr Hrútá þar sem hún fellur í Selá, vestur Dimmagil í Svartfell á Dimmafjallgarðsvegi, þaðan beina stefnu í Skarðá þar sem hún fellur í Jökulsá, en Jökulsá ræður að vestan þar til ytri Vatnsleysa fellur í hana, svo ræður hún að upptökum, þaðan bein stefna í Selá þar sem Hrútá fellur í hana.
>
> Nýibær.

---

[141] Skjal nr. 2 (121).
[142] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 321-322.
[143] Skjal nr. 2 (2) a-b.

> Nýabæarland takmarkast af nyrðri og syðri Vatnsleysu svo lengi sem þær ráða landi.[144]

Undir bréfið skrifuðu eigendur Grímsstaða: Sigurður Kristjánsson, Halldóra Sigurðardóttir, Kjartan Kristjánsson og Arnbjörn Kristjánsson. Landamerkin voru samþykkt af eiganda Hauksstaða í Vopnafirði, Vilmundi Helgasyni, eiganda Hólssels, Sigurði Þorsteinssyni, eigendum Víðirhóls, Ingólfi Kristjánssyni og Birni Sigvaldasyni og eiganda Grundarhóls, Jóni Sigtryggssyni.

Grímsstaðir stóðu fyrr um sjö km suðaustur af núverandi býli. Um aldamótin 1900 fóru þeir í eyði vegna uppblásturs og bærinn fluttur á rústir Nýjabæjar.[145]

Sjálfseignarjörðin Grímsstaðir er metin til sex hundraða samkvæmt jarðamatinu 1804. Jörðin hefur ágætan útigang.[146]

Grímsstaðir eru með Nýjabæ taldir sex hundruð að dýrleika samkvæmt jarðamatinu 1849. Þar kemur einnig fram að engi jarðarinnar sé mjög víðslægt en fremur slitrótt og reytingssamt. Það er sérlega kjarngott en sumt nokkuð langsótt. Landrými og landkostir eru afar góðir fyrir allan pening.[147]

*Ný jarðabók 1861* segir nýtt mat á Grímsstöðum með hjáleigunni Nýjabæ vera 35,2 hundruð.[148]

Í fasteignamati Norður-Þingeyjarsýslu 1916–1918 er að finna lýsingu á landamerkjum Grímsstaða og Nýjabæjar. Hún er nánast samhljóða þeirri sem var þinglesin 31. maí 1886. Í matinu kemur einnig fram að landrými sé mikið og kjarngott, mestmegnis fjalla- og melaland. Sumarhagar eru ágætir fyrir sauðfé.[149]
Töluverður málarekstur varð um mörk Möðrudalslands á árunum 1884–1892 en þar sem þar virðist ekki komið inn á mörk móti Grímsstöðum eða öðru landi á Hólsfjöllum vísast til þess í máli 2/2005.

Árið 1962 var land jarðarinnar Grundarhóls lagt undir Grímsstaði II og Grímstungu II.[150]

Heimildir benda ekki til annars en að samfelld búseta hafi verið á Grímsstöðum frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.

## 5.9 Afréttir og afréttarnot

Í XIII. bindi *Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*[151], er yfirlýsing eiganda Hafrafellstungu, dagsett 1. maí 1703:

---

[144] Skjal nr. 2 (3).
[145] *Land og fólk*, bls. 331. *Lýsing Þingeyjarsýslu. Norður-Þingeyjarsýsla*, bls. 57 og 61.
[146] Skjal nr. 2 (58) a-b.
[147] Skjal nr. 2 (38).
[148] Skjal nr. 4 (2).
[149] Skjal nr. 2 (17).
[150] *Land og fólk*, bls. 338.
[151] Hliðsjónarskjal, bls. 387.

> Land á hún mikið til heiðar og mikið af því í fjarska.[152]

Í *Jarðabók Árna og Páls* fyrir Öxarfjörð, sem tekin var saman árið 1712, segir um Skinnastað:

> Afrjett á staðurinn milli Jökulsár og Vargilsár fyrir vestan Lands lönd, og er að fornu talin 50 hundraða eign, og liggur veiðivatnið [Fiskivatn, sem sagt er liggja fjórða part þingmannaleiðar fram á heiði] í þessum afrjett. Grasatekja bjargleg og hvannatekja og rótagröftur í sama afrjettar landi. Upprekstur hefur þessi sveit brúkað jafnlega í þennan afrjett fyrir lömb og geldfje eftir leyfi staðarhaldarans, en ekki hefur hann skilið sjer eður tekið vissan afrjettartoll. Skógur er og nokkur í þessum afrjett, sem enginn brúkar.[153]

*Jarðabók Árna og Páls* nefnir ekki „afrétt" í Búrfellsheiði, þegar fjallað er um Hafrafellstungu, hins vegar er nefnt að silungsveiði í stöðuvötnum á Búrfellsheiði hafi að fornu verið gagnvæn og grasatekja næg og brúkist af ábúendum sveitarinnar eftir leyfi landsdrottins fyrir óákveðna greiðasemi. Hvannatekja sé að nokkru gagni á þessari heiði en brúkist lítt. Úthagar jarðarinnar eru sagðir mjög víðlendir og merkilega góðir til heiðanna en verði ekki beittir fyrir fjarlægðar sakir.[154]

Ekkert er heldur minnst á „afrétt" í tengslum við Sandfellshaga en grasatekja og hvannatekja sé næg fyrir heimilið.[155]

Jarðabókin 1712 getur ekki heldur um „afrétti" jarða í Núpasveit. Um Arnarstaði segir:

> Grasatekja í betra lagi, brúkast af þessrar sveitar búendum öðru hvörju eftir leyfi landsdrottins fyrir óákveðinn góðvilja. Hvannatekja og rótagröftur í betra lagi, brúkast lítt nú, hefur áður brúkast í harðindum. [...]
>
> Úthagarnir eru góðir og miklir, en liggja sumir í fjarska til heiðarinnar.[156]

Hinn 18. júlí 1831 var fyrir manntalsþingsrétti á Svalbarði lesið upp bann bræðranna Eiríks hreppstjóra og Guðmundar Sigurðarsona, sem eiganda og ábúanda Hafrafellstungu, gegn álftveiði í tilteknum takmörkum á Búrfellsheiði. Takmörkin eru ekki tilgreind en bann þeirra bræðra var einnig lesið upp fyrir manntalsþingsrétti á Skinnastaðarþingi 12. júlí og í Presthólum 14. júlí sama ár.[157]

Stefán Þórarinsson á Skinnastað[158] fjallar ekki um afréttarmál í lýsingu prestakallsins frá árinu 1839 en um Búrfellsheiði segir í lýsingu Hafrafellstungu:

---

[152] Skjal nr. 4 (61).
[153] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 306-307.
[154] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 314.
[155] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 317.
[156] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 327.
[157] Skjal nr. 2 (48).
[158] Stefán Þórarinsson (1783-1849) var prestur á Skinnastað frá 1837 til dauðadags. Páll Eggert Ólason: *Íslenzkar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940* IV, bls. 340-341.

> Þaðan fyrir austan og sunnan Hafrafell liggur grasi vaxin heiði og austur að fjallgörðum, en fyrir austan þessa fjallgarða er svokölluð Búrfellsheiði, sem nær allt fram að Hólsmynni og út undir Þistilfjörð. Í henni er haglendi gott með vötnum, mýrum, flóum og tjörnum. á miðri heiðinni stendur einstakt fjall, sem kallað er Búrfell, með haglendi umhverfis að neðan. [Síðan kemur lýsing á nytjum landsins, sem er tekin upp undir Hafrafellstungu].[159]

Halldór Árnason (Johnsen)[160] segir í lýsingu Presthólasóknar árið 1839:

> Afréttarland Núpsveitinga og Sléttunga nær austur undir Þistilfjarðarfjöllin að austanverðu, en að Valþjófstaðafjalli að sunnanverðu, og Sléttan er að norðanverðu. Landið liggur að mestu undir Núpasveit og nokkuð undir Sléttu.[161]

Um Búrfellsvötn segir Valdimar Ásmundsson í lýsingu Svalbarðssóknar frá því um 1875:

> 6. Búrfellsvötn eru norðaustur af Búrfelli. Þau eru þrjú og er eitt þeirra allstórt. Í þeim er silungur mikill. Þar var fyrrum veiði stunduð úr Hafrafellstungu en nú er því löngu hætt.[162]

Síðan segir Valdimar í athugasemd:

> Vera má að réttast hefði verið að geta eigi Búrfellsvatna. Þau heyra til landeign Hafrafellstungu í Axarfirði, því að landamerki eru utar (um Langás sem er suðvestur frá Svalbarðsgnúpum) að menn ætla.[163]

Hinn 29. júlí árið 1848, var skipt óskiptu heimalandi jarðanna Hóls, Víðirhóls og Hólssels, þ.e. búfjárhögum og engi en „fjalllendi og afréttarland“ var óskipt. Er mörkum þess lýst í bréfi áreiðarmanna og jafnframt ógilt eldri skjöl fyrir þessum jörðum. Meginhluti þessa bréfs er tekinn upp í kafla 5.6. en hér er endurtekið það sem segir um mörkin:

> Þó er athugandi við þessi skipti að hér er alleina tiltekið [talað: undirstrikað þ.e. yfirstrikað] um búfjárhaga: so sem engi útbeit og haglendi. En*n* hlutaðeigendur semjast uppá að Fjallendi og Afrettarland sé óskipt og brúkist í sameiníngu eptir tiltölu af ofann nefndum eigendum þessara þrigga jarða í eptir greind örnefni. Úr Fálka klett á há Reiði. Úr Reiði beint austur yfir Fjallgarð í Sandá móts við Hafrafellstúngu land. Þaðann beint Austur uppá há Alptadyngu Fjallgarð. Þaðann á há Búngu. Þaðann í so nefnda Sandhnjuka. Þaðann í ytri Hrútá þar sem hún fellur í Selá, og eptir sem Hrúta ræður í Dauðagil Úr Dauðagili í Krumma skarð og þaðann í Hrafnakle[tta].

[159] *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 232.
[160] Halldór Árnason (1791-1861) hélt Presthóla 1832-1848. Páll Eggert Ólason: *Íslenzkar æviskrár* II, bls. 242.
[161] *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 240.
[162] *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 254.
[163] *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 254.

> Þetta land sem hér er að framan greint: Á Eigandi Hóls eptir réttri tiltölu við Víðirhól og Hólsel.[164]

Hinn 30. júní árið 1876, fóru fram landskipti milli Fagradals, Nýjahóls og Gamlahóls. Þar er vitnað til „heiðarmerkja“ eins og eldri skjöl greini. Raunar er víðar vitnað til eldri skjala. Um „sameignarland“ jarðanna, þar með talið heiðarlandið, segir í öðru bréfinu (bréfin nær samhljóða nema um stafsetningu):

> Bugana framan við melagötu ofanvið Hólselsland, og svo nefnda lauftorfu austan á fjarðarsundsás, brúka þessir 3. nefndu bæir - sem skiptin eru gjörð á milli - í sameiningu til beitar. Og móana utan og vestan við Þorgrímslæki, útað fornum heiðar merkjum, eiga þeir einsog heiðina fyrir ofan í sameiníngu, eptir réttri tiltölu við dyrleika þeirra.
>
> [...]
>
> Af þessu landaskipta brifi leiðir að [allir] [hér hefur molnað úr skjalinu og er þetta orð ágiskun] eldri samningar eru með því, úr gildi gengir, og hefur það hér eptir fyrir alda og óborna fullkomið lagagildi.[165]

Þorvaldur Thoroddsen segir í *Lýsingu Íslands* árið 1919:

> Upp af Múlasýslum og Norður-Þingeyjarsýslu eru afarvíðáttumikil beitarlönd og afréttir, enda fjárrækt þar með miklum blóna, t.d [...] Fjallasveit og víðar. Upp af Þistilfirði er mikill og grösugur heiðafláki, er heitir Búrfellsheiði, enda hefir þar áður verið mikil bygð; í Fjallasveit eru mikil víðirlönd og mellönd, og lifa menn þar því nær eingöngu á sauðfjárrækt.[166]

Stjórnarráð Íslands sendi öllum sýslumönnum landsins bréf 29. desember 1919. Þar var þeim tilkynnt að vegna þingsályktunar um rétt ríkisins til vatnsorku í almenningum frá 27. september beri þeim að skila skýrslu við fyrsta tækifæri um svæði í sýslum þeirra sem teljast vera almenningar og um afréttarlönd sem ekki sannanlega hafa tilheyrt eða tilheyri nú nokkru lögbýli.[167] Steingrímur Jónsson, sýslumaður í Þingeyjarsýslu, svaraði 6. apríl 1920 og í svari hans kemur m.a. eftirfarandi fram:

> Um aðra almenninga en þessa er mér ekki kunnugt, en vel má vera, að í óbygðum Norður-Þingeyjarsýslu séu einhver lönd, sem rétt sé að telja almenninga, þó mér reyndar þyki það fremur ólíklegt. Einnig má vera, og er enda líklegt, að suður af Fnjóskadal, vestanvert við afrétt Bárðdæla, séu svæði sem telja beri til almenninga.[168]

Jóhann Stefánsson, sýslumaður í Þingeyjarsýslu, lýsir „afréttum“ og fjallskilum þannig vorið 1959:

[164] Skjal nr. 2 (140) a-b.
[165] Skjöl nr. 2 (141) a-b og nr. 2 (142) a-b.
[166] Þorvaldur Thoroddsen: *Lýsing Íslands* III, bls. 195.
[167] Skjal nr. 2 (39).
[168] Skjal nr. 2 (40).

Hverjir afréttir eru í sýslunni?

Fjallahreppur:

Hólssandur liggur milli Öxarfjarðar og Fjallahrepps, afrétt tilheyrandi báðum þeim hreppum. Takmörk að vestan Jökulsá á Fjöllum. Austan Krókavötn og Flár. Búfjárhagar Hólssels ráða að sunnan.

Búrfellsheiði, liggur milli Fjallahreppa og Svalbarðshrepps, afréttarland 3ja hreppa, Öxarfjarðarhrepps, Svalbarðshrepps og Fjallahrepps. Gangnam0örk milli hreppa um Heiðagilshrygg, Svartás í Þorsteinsnef að norðan, í Þvergilshæð að austan. Takmörk að sunnan landamerki Víðihóls og Fagradals.

Útfjallgarður. Takmarkast að austan af Bungutorfum, Austari-brekkum á Haugsfjallgarði. Gulsgili og skarði að sunnan. Landamerkjum Víðihóls að vestan. Afréttir Vopnfirðinga liggja á þessu gangnasvæði að austan.

Framfjallgarður tekur við sunnan Útfjallgarðs, takmarkast að austan af Dimmukvísl og Öskufjallgarði. Gengið þar móti Vopnfirðingum, sem eiga afrétti þar að.

Grímsstaðanúpar. Takmarkast af Biskupshálsi að austan og Skarðsá að sunnan, Jökulsá á Fjöllum liggur þar að vestan. Að norðan búfjárhagar Grímsstaða. (Oddviti)

Öxarfjarðarhreppur:

Afréttur Öxarfjarðarhrepps takmarkast af þessum línum:

Að norðan úr Brunná, eftir landamerkjagirðingu á Núpsmýri austur yfir Öxarnúp beina stefnu í Gæsavatn, þaðan í Hraunsnef, þá ræður Botnsgilsfarvegur að upptökum Djúpár, eftir Djúpá í Langás, þaðan í Búrfellshól og í Fossinn í Fossá. Eftir það ræður Sandá í Svartárkvísl, þaðan beina stefnu um Svartás í Reyði. Úr Reyði í Fálkaklett í Syðra Norðmelsfjall og í Jökulsá. (Oddviti)

Presthólahreppur:

Úttakmörk afréttar hreppsins má segja þau sömu og takmörk hreppsins sjálfs, og verður að telja hreppinn sjálfum sjer nógan með sumarhaga. Inntakmörk afréttar eru þar, sem eftir venju á hverri jörð, úttakmörk búfjárhaga eru, en

þeir eru það landsvæði, sem næst liggur byggðinni, og búfénu er að jafnaði haldið á haust, vetur og vor. (Oddviti)

[...]

Fjallahreppur:

Um eignarrétt að afréttum í hreppnum skal þetta tekið fram: Það af Hólssandi, sem liggur innan hreppamarka Hólsfjalla, mun tilheyra Hólsseli, Búrfellsheiði er sameiginleg afrétt allra hreppsbúa, og liggur ekki innan landamerkja neinnar jarðar Fjallahrepps, en þó innan hreppamarka. Sama er að segja um Útfjallgarð. Aftur á móti er Framfjallgarður og Grímsstaðagnúpur í Grímsstaðalandi og eign þeirra bænda er þar búa. (Oddviti)

Öxarfjarðarhreppur:

Afréttir allar eru í einkaeign. Aðalafréttarlöndin eiga eftirtaldar jarðir: Þverá, Sandfellshagi, Hafrafellstunga, Austara-Land og Hafursstaðir. Auk þess eiga nokkrar fleiri jarðir afréttir í smáum stíl. (Oddviti)

Presthólahreppur:

Afréttur allur er í einkaeign, þ.e. jarðeigenda, og fyrst og fremst notaður af búendum hreppsins sjálfs. (Oddviti)

[...]

Hverjar reglur gilda um upprekstrarrétt á afrétti í sýslunni, t.d. hvort hann er takmarkaður eða háður sérstöku leyfi árlega af hálfu afréttareiganda eða hreppsnefndar?

Fjallahreppur:

Engar reglur gilda um upprekstur á afrétti í hreppnum, þar sem fje er jafnan sleppt í búfjárhaga á vorin, þar sem landrými er hér mikið á öllum jörðum. (Oddviti)

Öxarfjarðarhreppur:

Engar reglur gilda um upprekstrarrétt. (Oddviti)

Presthólahreppur:

Vart er hægt að tala um upprekstur í þeirri merkingu, sem víða tíðkast á landi hér. Fénu er „sleppt í heiðina“, (málvenja hér) að vorinu, oftast að sauðburði loknum, nú orðið, og er engum takmörkunum háð nema veðráttunni og fjáreigendum sjálfum. (Oddviti)

> [...]
>
> Fjallahreppur:
>
> Engir almenningar eða öræfi liggja að afréttarlöndum hreppsins.
>
> Öxarfjarðarhreppur:
>
> Afréttarlönd í Öxarfjarðarhreppi eru lokaður hringur og takmarkast eða liggja saman við afréttir Presthólahrepps að norðan, Svalbarðshrepps að austan og Fjallahrepps að sunnan.
>
> Presthólahreppur:
>
> Afréttur Presthólahrepps er innilokaður, þ.e. afréttur næstu hreppa Svalbarðs- og Öxarfjarðarhrepps-, liggja utanvið.
>
> [...]
>
> Rétt samkvæmt bréfum oddvitanna vottar:
>
> Skrifstofu Þingeyjarsýslu og Húsavíkurkaupstaðar, 13. maí 1959
>
> Sýslumaður Þingeyjarsýslu
>
> Jó[han]n Skaptason.[169]

Afréttarlöndum Hólsfjallamanna, leitarsvæðum og fjallskilum er þannig lýst í *Göngum og réttum*:

> Afréttarlönd Fjallamanna liggja austan og norðan Hólsfjallabyggðarinnar og eru allmikil að yfirferð, þótt dagsgöngur séu þar víðast.
>
> Merkjalínur afréttarlanda þessara eru sem hér segir: Að vestan ræður Jökulsá á Fjöllum, að sunnan Grímsstaðanúpar að sýslumörkum Norður-Múlasýslu eða landamerkjum Víðidals. Liggur sú lína að austan að Dimmukvísl norðaustan í Dimmafjallgarði, þar sem mætast afréttarlönd Vopnfirðinga og Fjallamanna í austurenda Dimmagils. Frá Dimmagili liggur merkjalínan norðvestur Haugsöræfi um Bungu í Hölknárbotna, þar sem koma saman leitarlönd Þistilfirðinga og Fjallamanna. Að norðan liggja mörkin úr Hölknárbotnum vestur á Þorsteinsnef við Sandá, þaðan í Svartás, en hann er austan við fjallgarðinn vestan Búrfellsheiðar, þá vestur um Hólssand um fjallið Reyður og í Jökulsá. Norðan við þessa merkjalínu smala bæði Þistilfirðingar og Öxfirðingar.
>
> [...]
>
> Afréttarlönd þau, sem nú hefir verið stuttlega gerð grein fyrir, skiptast í fimm leitarsvæði: Núpa, Syðra- og Ytra-Fjallgarðsstykki, Hólssand og Búrfellsheiði.

---

[169] „Upplýsingar um afréttir og fjallskil í Þingeyjarsýslu árið 1959“, bls. 1-7.

> Tekur aðeins dag að ganga leitarsvæði þessi nema Búrfellsheiði. Hún er smöluð á tveim dögum, og hefjast göngur þar degi fyrr en á hinum leitarsvæðunum, eða 19. september.
>
> Eigi er það nema hluti Búrfellsheiðar, sem Fjallamenn smala. Mikinn hluta hennar ganga Öxfirðingar, svo og Þistilfirðingar. Eru réttir eða aðhöld á tveim stöðum í heiðinni til að draga sundur fé í fyrstu göngum eftir sveitum. Er annað hjá Búrfelli, en þar er leitarmannakofi Axfirðinga, en hitt er á eyðibýlinu Hvannstöðum, þar sem Fjallamenn hafa gangnaskýli. Fyrri gangnadaginn smala Fjallamenn að Hvannstöðum og reka í aðhaldið. Koma þar Axfirðingar og Þistilfirðingar eftir fé sínu, [...]
>
> Um 24 menn voru taldir þurfa í fyrstu göngur Fjallamanna, auk sendimanna á réttir í Axarfjörð, Þistilfjörð og Víðidal.[170]

Eftir að þetta var ritað var girt landgræðslugirðing á Hólsfjöllum árið 1953 og Öxfirðingar tóku við göngum á a.m.k. hluta lands utan girðingar en Landgræðslan sá um smölun innan girðingar.[171] Síðan urðu Hólsfjöll sauðlaus og byggð lagðist af að mestu.

Leitarsvæði Öxfirðinga eru þessi samkvæmt *Göngum og réttum*:

> Takmörk Öxarfjarðarhrepps í heiðunum eru þessi:
>
> Að norðan úr Brunná um Núpsvatn norðarlega og til suðausturs um þvera Núpa, um Gæsavatn nálægt miðju, og sama stefna austur yfir Mýrarselsás, um Hraunnef og austur skammt norðan við eyðibýli, sem Melur heitir, og í vatnsfarveg, sem kemur sunnan úr Botnagili. Ræður sá vatnsfarvegur suður að Botnagili og það svo suður úr. Um Botnagil eru vatnaskil milli Ormarsár og Djúpár, sem fellur suður Djúpárbotna og síðan austur í Svalbarðsá. Úr Botnagili að sunnan eru merkin í Djúpá, austur af Einbúa. Ræður þá Djúpá suður að nyrðri enda Langáss og í vörðu yzt á ásnum. Á þar að ráða bein stefna úr Einbúanum, sem er vestur af Djúpárbotnum norðarlega og í vörðuna. Þá eftir há-Langás í aðra vörðu syðst á Langás. Þaðan bein stefna um Búrfellsvötn í Búrfellshól, sem er fast við norðausturhorn Búrfells. Úr Búrfellshól eru mörkin suðaustur í Fossá, um brúnina rétt ofan við eyðibýlið Foss. Ræður þá Fossá merkjum austur í Sandá. Þá Sandá suður þangað, sem Svartáskvísl fellur í hana, og eftir það Svartáskvísl að upptökum. Frá upptökum Svartáskvíslar er bein stefna vestur yfir Svartás og Laufskálafjallgarð, nokkru sunnan við Reiðgil og vestur í há-Reyður, sem er vestur á Hólssandi. Úr Reyður suður í Fálkaklett, en svo heitir hæsta standbergið nyrzt í Vestur-Vegg. Úr Fálkakletti er bein stefna suðvestur um hábungu Syðra-Norðmelsfjalls í Jökulsá og ræður svo áin þaðan norður.
>
> Leitarsvæði Öxfirðinga er háð þessum sömu merkjum að öðru leyti en því, að Hólsfjallamenn hafa gengið allstórt stykki af því að sunnan á Hólssandinum,

---

[170] Bragi Sigurjónsson: *Göngur og réttir* V, bls. 200-202.
[171] Bragi Sigurjónsson: *Göngur og réttir* V, bls. 197-198.

> allt norður að syðra Reyðarhorni og niður á miðjan Sand og Norðmelseyrar norður undir Selfoss. Ganga því Öxfirðingar ekki nema upp að miðjum Hólssandi, þó að mikið landflæmi þar sunnan við tilheyri Hafursstöðum í Öxarfirði.
>
> Afréttarsvæðin eru þessi:
>
> Hafursstaðaheiði liggur meðfram Jökulsá upp að miðjum Hólssandi og austur að Reyður.
>
> Landsheiði tekur við þar norður af og nær austur á Borgarás og suðaustur að Reyður. Var með henni jafnvel oft áður fyrr smalað allt austur að Smjörhólsárfarvegi.
>
> Tunguheiði tekur við þar austan við, alla leið austur að Laufskálafjallgarði og norður að Gilsbakkaá.
>
> Núpar og Urðir heitir leitarsvæðið þar norður af og allt norður að sveitarmörkum.
>
> Þessi leitarsvæði eru öll gengin hvert út af fyrir sig, og farið á sama degi til byggða aftur, enda er þar enginn leitarmannakofi.
>
> Búrfellsheiði er aðskilin frá áðurnefndum leitarsvæðum af allmiklum fjallgarði, sem heitir Laufskálafjallgarður, og liggur heiðin meðfram honum að austanverðu, það er að segja sá hluti, sem tilheyrir Öxarfirði. Annars eiga Fjöllungar leitarsvæði suður af Öxfirðingum og Þistilfirðingar austar í Búrfellsheiðinni.
>
> Öxfirðingar eiga þarna í Búrfellsheiðinni gangnakofa, sem stendur vestan undir háu fjalli, er Búrfell heitir. Fyrstu göngur eru alltaf gengnar á tveim dögum og þá gist í kofanum.[172]

Engin „afrétta“- eða leitalýsing úr Presthólahreppi er í *Göngum og réttum* en umsögn er í *Lýsingu Þingeyjarsýslu*:

> Afréttarland er allur miðhluti skagans, þegar heimalöndum sleppir, en þau ná saman strandlengis. Göngur eru hér því mjög auðveldar, aðeins einn dagur, [...] Leitarstykki eru þrjú: Vestur-Sléttuheiði, Austur-Sléttuheiði og Hólsheiði. Aðalfjallskilarétt er á Blikalóni.[173]

Samkvæmt *Lýsingu Þingeyjarsýslu* eru leitarsvæði Öxfirðinga fimm: 1. Hafursstaðaheiði, sem nær austur á Reyði og suður um Hólssand, alla leið upp á mólendi Fjallamegin. Merki um Fálkaklett á svonefndum Vesturvegg og hábungu Syðra-Norðmelsfjalls. 2. Landsheiði, norðan við Hafursstaðaheiði og nær að Tunguheiði. Austurmörkin um Reyði og Borgarás. Með henni smalað nokkuð suðaustur fyrir Reyði, austur í Geilar og að Smjörhólsá. 3. Tunguheiði sem sé öll í landi Hafrafellstungu og nær suður í Flár og austur að Laufskálafjallgarði en norður

[172] Bragi Sigurjónsson: *Göngur og réttir* V, bls. 183-184.
[173] *Lýsing Þingeyjarsýslu. Norður-Þingeyjarsýsla*, bls. 104-105.

að Gilsbakkaá. 4. Urðir sem ná frá Gilsbakkaá norður að landi Presthólahrepps. Merki um Gæsavatn. 5. Búrfellsheiði sem að mestu tilheyri Hafrafellstungu, öll austan við Laufskálafjallgarð, út og suður með honum að austanverðu. Að henni liggja Hvannstaðafjallgarður og til austurs frá honum Svartás, að norðaustan Súlnafjallgarður.[174]

Gagnafyrirkomulag í Öxarfirði hefur breyst mikið á síðustu áratugum. Þannig segja Karl Sigurður Björnsson og Guðmundur Theodórsson árið 1987 að fé Öxfirðinga hafi vegna fækkunar fjár í Fjallahreppi og eyðingar innstu býla í Þistilfirði farið mjög út fyrir takmörk Öxarfjarðarhrepps. Því hafi samist um að Öxfirðingar gangi langt inn á aðliggjandi svæði. Vegna fólksfæðar og víðáttu gangnasvæðisins sé „afréttinni“ skipt niður í þrjú aðalgangasvið og réttað úr hverju fyrir sig með nokkurra daga millibili í fyrstu göngum.[175]

Þessi þrjú svæði munu vera Búrfellsheiði, Seljaheiði og Hólssandur og Flár vestan Hvannstaðafjallgarðs, auk þess Framheiðar sem áður kölluðust Lands- og Hafursstaðaheiðar.[176]

### 5.9.1 Hólsfjöll

Opinber hreppsmálafundur var haldinn á Víðirhóli 1. maí 1894 og var þá tekin ákvörðun um heimalönd (búfjárhaga) og „afrétti“ sveitarinnar. Takmörkin voru sett með eftirfarandi hætti:

> Línan utan um heimaland Hólsfjallasveitar sje frá Kallhól við Jökulsá austur með Fremri-Núp í Núpaskarði; þaðan í Biskupsöxl um Tungufjöll í Hrafnakletta í Austari-Fjallgarði, ofan við (Víðihóls-)Bæjarkrubb í Langamúla; þaðan í þvert vestur sunnan Krókavatna í Fálkaklett og vestur í Klettakrár við Jökulsá; síðan ræður Jökulsá í Kallhól.[177]

Á sama fundi var samþykkt að allir mættu að venju sleppa fé sínu í heimalöndum og að þau yrðu hreinsuð ásamt „afréttum“ af gangnamönnum. Einnig var tveimur mönnum falið að gera upp niðurfallinn gangnakofa á Hvannstöðum á kostnað sveitarinnar.

Að afloknu hreppaskilaþingi að Grundarhóli 18. júní 1909 var haldinn hreppsmálafundur. Þar var m.a. rætt um að ákveða takmörk á búfjárhögum og afréttarlandi sveitarinnar. Komist var að þeirri niðurstöðu að sömu takmörk skyldu ráða og verið höfðu en þau voru svohljóðandi:

---

[174] *Lýsing Þingeyjarsýslu. Norður-Þingeyjarsýsla*, bls. 71-74.
[175] Bragi Sigurjónsson: *Göngur og réttir* V, bls. 194-195.
[176] Bragi Sigurjónsson: *Göngur og réttir* V, bls. 195-200.
[177] Skjal nr. 2 (84).

> Úr Kallhól í Núpaskarð þaðan norður Ytri nup í Biskupsöxl þaðan bein lína í Tungufjöll, yfir Víðirholsfjallgarð í Krubbabrun þaðan norður í Langamúla þaðan vestur í Krókavötn og Fálkaklett og sama lína vestur í Jökulsá.[178]

Aðalfundur fyrir Fjallahrepp var haldinn að Grímsstöðum 10. maí 1913. Þar var m.a. rætt um kofabyggingu í Heljardal og var ákveðið að verja til þess peningum úr sveitarsjóði og hreppsnefnd falin framkvæmd málsins við hlutaðeigandi hreppa.[179]

Nokkra innsýn inn í fyrirkomulag gangna í Fjallahreppi má fá af fylgiskjali gangnaseðilsins árið 1913. Þar koma eftirfarandi upplýsingar fram:

> Göngurnar hefjast í Búrfellsheiði að morgni 18. þ.m. en degi síðar á hin svæðin og fje sje komið til rjettar að Grundarhóli árd(egis) þann 20. mánaðarins en úr 2. göngu 25. en 3. göngum 10. október. Þar sem að engin vissa er fyrir að Þistilfirðingar mæti með rekstrana er þessi sem ætlaður er 1. rekstur ætlað að fara úteptir úr Hvannstaðakofa að Halfnaðri heiðargöngunni ef þá er fengin vissa hjá gangnamönnum úr Þistilfirði að ekki verði mætt. En ef þeir segja að mætt verði að ljúka þá heiðargöngunni og mæta síðan. Af fjallskilasjóði verður greitt fyrir að taka af Flautafellsrjett ef ekki verður mætt en þeir sem sækja rekstrana útvega mann til þess.[180]

Einnig má sjá af fyrrnefndu fylgiskjali að gangnaforingjar eru fimm talsins og svæðin sem þeim er falin umsjón yfir eru Búrfellsheiði, Hólssandur, Útfjallgarður, Framfjallgarður og Núpar.

Upplýsingar um réttir í Fjallahreppi er að finna í fjallskilabók hreppsins og eru þær dagsettar 12. september 1915 að Grímsstöðum. Þar kemur þetta m.a. fram:

> Fje sje komið til rjettar að Grundarhóli árdegis Mánudaginn 20. þ.m. svo menn geti dittað að rjettinni áður en rekið er inn. Auk þess er ætlast til að aukarjettirnar sjeu settar svo í stand að hægt sje að reka í þær í haust. Grímsstaðamenn gjöri við aukarjettina þar og Hólsselsmenn við rjettina þar ásamt manni frá Jóhannesi í Fagradal og á það að gjörast Fimtud. 16 þ.m. og aukarjettina að Víðihóli gjöri þeir við Víðihólsbændur og Nyhóls og leggi Sigurður í Hólsseli eitthvað til þess, og framkvæmist það Föstud. 17. þ.m.[181]

Eftirfarandi upplýsingar um fyrirkomulag gangna í Fjallahreppi eru líkast til forrit gangnaseðils sem dagsett er að Grundarhóli 10. september 1916. Þar segir:

> Göngur byrja í Búrfellsheiði mánudaginn 18. sept., en degi síðar annarsstaðar. Fé sé komið til réttar að Grundarhóli árdegis á miðvikudag. Axfirðingum skal mæta til sundurdráttar við Langavatn. Burfellsheiðarsafn rekist að Víðihóli og þaðan til rettar að Grundarhóli.[182]

---

[178] Skjal nr. 2 (85).
[179] Skjal nr. 2 (86).
[180] Skjal nr. 2 (93).
[181] Skjal nr. 2 (94).
[182] Skjal nr. 2 (95).

Þær upplýsingar sem fylgja hér á eftir um fyrirkomulag gangna í Fjallahreppi eru ódagsettar en eru líkast til frá árinu 1917. Þar kemur fram að það ber, að ósk Öxfirðinga, að draga fé þeirra úr Búrfellsheiðarsafni á Hvannstöðum og reka til móts við þá. Einnig ber gangnaforingja Búrfellsheiðar að sjá um, ef mögulegt er, að Fjallafé náist úr safni Þistilfirðinga.[183]

Í fjallskilabók Fjallahrepps er að finna eftirfarandi upplýsingar frá árinu 1928. Þar segir að gangnaforingi Búrfellsheiðar ráðstafi gangnamönnum að sækja á Búrfellsafrétt og Halldórskot og til smölunar í Fosshólum. Jafnframt er ætlast til þess að gangnamenn Búrfellsheiðar fari einum degi fyrr en venjulega og byggi rétt á Hvannstöðum.[184]

Almennur hreppsmálafundur fyrir Fjallahrepp var haldinn að Grímsstöðum 7. júní 1928. Þar voru fjallskilamál m.a. rædd og samþykkt að leggja niður síðasta rekstur á milli Fjalla og Þistilfjarðar og hreppsnefnd falið að semja við Öxfirðinga um að þeir taki Fjallafé í Þistilfirði úr þriðju og fjórðu rétt og reki í Öxarfjörð. Hreppsnefnd var einnig falið að sjá um að sett yrði upp aðhald fyrir haustið á Hvannstöðum og að mælast til við Öxfirðinga að þeir gerðu slíkt hið sama hjá Búrfellskofa fyrir næsta haust.[185]

Hreppsmálafundur Fjallahrepps var haldinn að Grímsstöðum 26. júní 1938. Þar var hreppsnefnd falið að ráða fjóra menn til þess að fara í vorgöngur í Búrfellsheiði utan Mynnis, væntanlega Hólsmynnis, á kostnað fjallskilasjóðs.[186]

Hinn 30. október 1938 var almennur hreppsmálafundur haldinn að Grímsstöðum. Þar kom fram að fjallskilum var ágreiningslaust lokið samkvæmt gangnaseðli. Samþykkt var þó að tveir til þrír menn færu aukaleit í Búrfellsheiði og að fjallskilasjóður skyldi borga þeim laun. Að öðru leyti væru afréttarlöndin gefin upp til eftirleitar.[187]

Á almennum hreppsmálafundi að Grímsstöðum 2. júlí 1939 var ákveðið að fjallskilasjóður skyldi kosta fjóra menn í rúningssmölun í Búrfellsheiði utan Mynnis, þ.e. líkast til Hólsmynnis. Um tilhögun smölunarinnar segir:

> [...] þessir Búrfellsheiðarmenn smali vestan við Hvannstaðafjallgarð og sunnan við Minni til bæja. Menn þessir sje 1 frá Fagradal, 1 frá Hólsseli, 2 frá Víðihóli, Sveini á Nýjahóli er ætlað fara á Búngutorfur og á móti Heiðarmönnum. Menn úr Hólsseli smali við Hólssand frá Grímsstöðum og Grundarhóli fjallgarðinn og Núpana.[188]

Hinn 27. júní 1943 á almennum hreppsmálafundi á Grímsstöðum var samþykkt að vorgöngur í Búrfellsheiði yrðu kostaðar af fjallskilasjóði. Oddvita var

[183] Skjal nr. 2 (96).
[184] Skjal nr. 2 (98).
[185] Skjal nr. 2 (87).
[186] Skjal nr. 2 (88).
[187] Skjal nr. 2 (89).
[188] Skjal nr. 2 (90).

einnig falið að tilkynna Öxfirðingum að Fjallamenn væru ekki mótfallnir því að hætta að ganga Fosshóla utan við Svartáskvísl.[189]

Fjallskilareglugerð fyrir Norður-Þingeyjarsýslu austan Jökulsár var gefin út árið 1894. Í I. kafla, „Um fjallskil o.fl.", segir m.a.:

> 1. gr. Norður-Þingeyjarsýsla, austan Jökulsár, er eitt fjallskilafjelag og er hver hreppur deild út af fyrir sig, sem aptur skiptist, þar sem þörf gjörist, í smærri deildir, eptir því sem landi og vatnsföllum hagar. Hreppsnefndirnar skipta hver sínum hreppi eptir samkomulagi hreppsbúa í þessar smærri deildir og skal rita þær með tölu og ummerkjum í fjallskilabók hreppsins.
>
> 2. gr. Yfirstjórn allra fjelagsdeildanna hefur sýslunefndin á hendi samkvæmt tilsk. 4. maí 1872, en hreppsnefndirnar hafa að öðru leyti alla stjórn og framkvæmd í fjallskilamálum á hendi innbyrðis í deildunum.
>
> 3. gr. Allt land skiptist í afrjetti og heimalönd. Það skulu vera afrjettir, sem að fornu hafa verið. Svo getur og sýslunefndin ákveðið nýja afrjetti eptir uppástungum hreppsnefndanna, enda komi þær eigi í bága við 50. gr. stjórnarskrárinnar.
>
> 4. gr. Hver hreppsnefnd ákveður í sínum hrepp takmörkin á milli afrjetta og heimalanda, eptir að hún hefur borið sig saman um það við landeigendur og aðra, er hlut eiga að máli. - Verði ágreiningur millum hreppsnefndar og hlutaðeiganda í tjeðu efni, skal leggja málið undir sýslunefndina til endilegs úrskurðar. - Síðan semur sýslunefndin skrá yfir allar afrjettir í sýslunni með tölu og ummerkjum, og sömuleiðis yfir allar fjárrjettir sýslunnar. Skal í skrá þessari tekið fram, undir hvert hreppsfjelag hver afrjettur heyrir og hverjar afrjettir og heimalönd ganga skal að hverri rjett. Skal síðan rita skrána í fjallskilabók hvers hrepps.
>
> 40. gr. Hver hreppsnefnd haldi sjerskilda fjallskilabók staðfesta af oddvita sýslunefndarinnar. Í hana skal rita auk þess, sem áður er tilgreint (sbr. 1. 4. og 12. gr.) allar þær ákvarðanir, sem hreppsnefndin gjörir um fjallskilamálefni. Oddviti sýslunefndarinnar getur heimtað endurrit af fjallskilabókinni, hvenær sem með þarf.[190]

Síðasta fjallskilasamþykkt Norður-Þingeyjarsýslu austan Jökulsár var gefin út árið 1996. Fyrstu greinarnar tóku þá nokkrum breytingum svo sem:

> 1. gr. Norður-Þingeyjarsýsla austan Jökulsár og Bakkahlaups er eitt fjallskilaumdæmi sem skiptist í fimm fjallskiladeildir: Langanesdeild, Þistilfjarðardeild, Sléttudeild, Núpasveitardeild og Öxarfjarðardeild. Deildaskiptingu má breyta að fengnu samþykki héraðsnefndar.
>
> 2. Héraðsnefnd hefur yfirstjórn allra fjallskilamála í umdæminu, en hreppsnefnd annast framkvæmd þeirra hver í sínum hreppi.

[189] Skjal nr. 2 (92).
[190] Skjal nr. 4 (6).

> 4. gr. Hver hreppsnefnd, eða fjallskilastjóri fyrir hennar hönd, skal halda sérstaka fjallskilabók. Í þá bók skal skrá allt er viðkemur fjallskilamálum hreppsins. [...]

Greinar nr. 6–9 breyttust ekki, nema orðið *héraðsnefnd* kom í stað orðsins *sýslunefnd*, og aftan við fyrri málsgrein 8. greinar kom:

> eða fjallskiladeild[191]

[191] Skjal nr. 4 (12).

# 6 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

## 6.1 Almenn atriði og dómafordæmi í þjóðlendumálum

Í úrskurðum óbyggðanefndar á fyrsta landsvæðinu sem tekið var til meðferðar, sjá mál nr. 1–7/2000, er í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum á næsta landsvæði sem tekið var til meðferðar er í kaflanum *Viðauki við almennar niðurstöður óbyggðanefndar* aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við, sjá mál nr. 1–5/2001. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki með úrskurðum í málum á þriðja svæðinu, nr. 1–9/2003, og því fjórða, nr. 1–6/2004. Sami viðauki fylgir hér og með öðrum úrskurðum í málum á fimmta landsvæðinu sem óbyggðanefnd hefur tekið til umfjöllunar, nr. 1–5/2005.

Á þeim tíma sem liðinn er frá því *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og viðauki við þær birtist hefur Hæstiréttur kveðið upp nokkurn fjölda dóma sem fela í sér afstöðu réttarins til atriða sem almenna þýðingu hafa við efnislega úrlausn þjóðlendumála. Skal þar fyrst getið um dóm Hæstaréttar frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005, sem fjallað var um í inngangi að niðurstöðum óbyggðanefndar í málum á svæði 4. Svo sem þar segir verður sú ályktun af honum dregin, sbr. nú einnig dóm Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006, að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verði að leysa úr máli á þeim grundvelli. Í tilvikum ríkisjarða hefur því þó verið lýst yfir af hálfu íslenska ríkisins að í þjóðlendukröfu felist ekki afsal á eignarlandi og því eigi niðurstaða óbyggðanefndar, að því leyti sem hún tekur til ríkisjarða, að ráðast af sömu atriðum og lögð séu til grundvallar um annað eignarland. Aðrir dómar varða fremur heimildamat og sönnunarkröfur, nánar tiltekið tveir dómar Hæstaréttar frá 21. október 2004 (mál nr. 47 og 48/2004); þrír dómar frá 11. maí 2006 (mál nr. 496/2005, 454/2005 og 345/2005); tveir dómar frá 28. september 2006 (mál nr. 497/2005 og 498/2005); tveir dómar frá 5. október 2006 (mál nr. 67/2006 og 133/2006) og nú síðast þrír dómar frá 16. maí 2007 (mál nr. 448/2006, 536/2006 og 24/2007).

Sú umfjöllun um einstök landsvæði sem hér fer á eftir er í beinu samhengi og samræmi við framangreindar *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*, ásamt viðauka við þær, og vísar til þeirra. Fyrirliggjandi dómar og úrskurðir óbyggðanefndar eru einnig fordæmi við úrlausn málsins, í þeim tilvikum að reynt hefur á atriði sem almenna þýðingu hafa.

Hér á eftir verður fyrst lagt mat á hvort dómar gefi tilefni til að herða sönnunarkröfur til landamerkjabréfa jarða og að því loknu fjallað almennt um stofnun heiðarbyggðar á Norðausturlandi. Þá verður gerð grein fyrir landnámi á því svæði sem mál þetta varðar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega

stöðu einstakra landsvæða, í staðfræðilegri röð.[192] Loks verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar.

### 6.1.1 Gildi landamerkjabréfa jarða

Í forsendum dóms Hæstaréttar í máli nr. 48/2004, sem birtur er í dómasafni þess árs á bls. 3796, tók rétturinn almenna afstöðu til mats á gildi landamerkjabréfa, annars vegar jarða og hins vegar annarra landsvæða, og inntaks eignarréttar á svæði, sem lýst er í landamerkjabréfi jarðar, sbr. einnig tilvísanir í síðari dómum í þjóðlendumálum, t.d. máli nr. 345/2005. Orðrétt segir svo:

> Við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði, sem þar er lýst, skiptir almennt máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði, en þekkt er að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig til dæmis afrétti, sem ekki tengjast sérstaklega tiltekinni jörð. Felur landamerkjabréf fyrir jörð í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega.

Einnig kemur fram það álit réttarins að áritun um samþykki eigenda aðliggjandi jarða, þinglýsing og innfærsla í landamerkjabók auki sönnunargildi landamerkjabréfs. Sama máli gegnir ef ekki hefur verið ágreiningur um merki viðkomandi jarðar. Hins vegar verði ekki litið fram hjá þeirri staðreynd að fyrir gildistöku laga nr. 58/1998 hafi engum verið til að dreifa sem gat sem handhafi beins eignarréttar gert samninga um mörk þess lands sem nú nefnist þjóðlenda. Þá verði þess að gæta að með því að gera landamerkjabréf gátu menn ekki einhliða aukið við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Verði til þess að líta hvort til séu eldri heimildir sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfi, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu lands.

Segja má einnig að í nýjustu dómum, sbr. mál nr. 536/2006 og 24/2007, hafi enn verið hnekkt á þýðingu þess að landsvæði teljist innan merkja jarðar. Samkvæmt þessu er óbyggðanefnd rétt að leggja áfram áherslu á landamerkjabréf jarða, sbr. umfjöllun um þau í *Almennum niðurstöðum*, enda þótt með skýrum fyrirvörum sé.

Umfjöllun dómstóla um landamerkjabréf jarðanna Úthlíðar, Stafafells (hluta), Skaftafells og Hóla gefur þó tilefni til að huga sérstaklega að því hvort óbyggðanefnd beri að herða kröfur til sönnunar eignarlands innan landamerkjabréfa jarða, frá því sem lagt er til grundvallar í *Almennum niðurstöðum*. Viðkomandi landsvæði voru öll talin eignarlönd en í forsendum dóma samt sem áður lýst efasemdum um að svo væri að öllu leyti.

---

[192] Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á skýrslu Hjörleifs Guttormssonar, náttúrufræðings, sbr. skjal nr. 15, útgefnum kortum Landmælinga Íslands, örnefnaskrám frá Örnefnastofnun Íslands, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3., og almennum uppsláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

Í tilvikum Úthlíðar og þess hluta Stafafellslands sem liggur sunnan og vestan Jökulsár, sbr. mál nr. 48/2004 og 498/2005, lágu fyrir bæði landamerkjabréf og eldri heimildir um merki. Lýsingar þessar fengu vel samrýmst en beinn eignarréttur á hluta þeirra landsvæða sem afmörkuð voru þrátt fyrir það talinn vafa undirorpinn. Fram kemur að staðhættir og fyrirliggjandi heimildir um gróðurfar styðji ekki að þar hafi verið stofnað til beins eignarréttar með námi. Ekki voru þó talin skilyrði til að skilja þessi landsvæði undan eignarlandi jarðanna, einkum þar sem ekkert hefði komið fram af hálfu íslenska ríkisins sem leggja mætti til grundvallar við nánari afmörkun að þessu leyti. Varðandi umræddan hluta Úthlíðar var einnig tekið fram að ekki hefði verið sýnt fram á að landsvæðið hefði verið nýtt sem samnotaafréttur.

Í tilvikum Skaftafells og Hóla, sbr. mál nr. 496/2005 og 48/2004, voru landamerkjabréf fyrir hendi en engar eldri heimildir. Um landamerkjabréf Skaftafells, sem er ódagsett en var þinglesið á árinu 1890, segir svo í dómi Hæstaréttar:

> Þótt landamerkjabréfið geti haft sönnunargildi um mörk eignarlands Skaftafells með því að það var áritað um samþykki af eigendum aðliggjandi jarða, þinglesið og fært í landamerkjabók, verður að líta til þess að ekki var á valdi eigenda jarðarinnar að auka með landamerkjabréfinu við land sitt eða annan rétt umfram það, sem áður hafði verið. Getur landamerkjabréf þetta því ekki eitt og sér nægt gegn andmælum áfrýjanda til að sanna beinan eignarrétt eigenda Skaftafells II að landinu á Skeiðarársandi, sem deilt er um í málinu, heldur verða önnur atriði jafnframt að koma til, sem stutt geta sömu niðurstöðu, sbr. dóm Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 [sem fjallar m.a. um Hóla], sem birtur er í dómasafni þess árs á bls. 3796.

Hér skal einnig getið dóms í máli nr. 345/2004, varðandi jörðina Fell í Suðursveit. Þar lá fyrir skýr eldri heimild, nánar tiltekið lögfesta frá árinu 1851, þar sem merki inn til landsins voru m.a. miðuð við aðliggjandi jökul. Landamerkjabréf jarðarinnar frá árinu 1922 var mun óskýrara, náði skemur inn til landsins, þ.e. í átt að jökli, og gat ekki sérstaklega um merki gagnvart jöklinum. Fjalllendið næst jökli var dæmt þjóðlenda og þannig fremur miðað við hina yngri heimild, þ.e. landamerkjabréfið, sem náði skemur en hin eldri. Þar höfðu þó önnur atriði einnig vægi.

Óbyggðanefnd hefur nú þegar kveðið upp úrskurði sem fjalla um fjölda jarða á sunnanverðu landinu, þ.e. svæðum 1–4, og heimilda um afmörkun og eignarréttindi á ágreiningssvæðum verið skipulega leitað, m.a. á Þjóðskjalasafni og hjá sýslumannsembættum. Séu þær skoðaðar heildstætt kemur í ljós að landamerkjabréf hátt í tvöhundruð jarða hafa verið könnuð sérstaklega. Í upp undir helmingi tilvika hefur það verið elsta lýsing á merkjum jarðar og beinn samanburður við eldri heimildir þannig ekki mögulegur. Því fer einnig fjarri að eldri heimildir séu almennt heildstæðar merkjalýsingar. Þvert á móti geta þær verið brotakenndar og jafnvel fremur falið í sér vísbendingar en ótvíræðar lýsingar. Loks eru tíu tilvik þar sem

ekkert landamerkjabréf, í skilningi landamerkjalaga, er fyrir hendi og verður ekki séð að það hafi nokkurn tíma verið gert. Að því er varðar mikinn meirihluta jarða á svæðum 1–4, var niðurstaðan sú að aðrar heimildir um merki, væru þær til, ýmist styddu lýsingu bréfs eða mæltu henni ekki í mót. Merkjum væri því rétt lýst í landamerkjabréfi, svo sem óbyggðanefnd skýrði það. Tekið skal fram að sú skýring var í ákveðnum tilvikum önnur en málsaðila.

Svo sem að framan greinir virðast dómstólar þannig gera fremur strangar kröfur til landamerkjabréfa jarða, þ. á m. að þau hafi stuðning af öðru og þá einkum eldri heimildum. Til þess ber þó að líta að fleiri atriði eru hér samofin og lögð til grundvallar niðurstöðu hverju sinni, þar á meðal mismunandi vægi eða trúverðugleiki einstakra heimilda, nýting, gróðurfar og staðhættir. Með hliðsjón af því og með tilliti til stjórnskipulegrar jafnræðisreglu telur óbyggðanefnd að fara beri varlega í að draga víðtækar ályktanir af þessari umfjöllun. Líta ber til þess að eftir að gengið hafði verið frá landamerkjabréfi, með tilheyrandi opinberri skráningu, hafði jarðeigandi síður ástæðu til að varðveita skjöl sem þar kann að hafa verið byggt á. Eðlilegt verður að telja að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem fyrir hendi kann að vera í slíkum tilvikum.

Niðurstaða óbyggðanefndar er því sú að ekki sé ástæða til að herða sérstaklega kröfur um sönnun eignarlands innan lýsingar í landamerkjabréfi jarðar, umfram það sem áður hefur verið lagt til grundvallar og samrýmist vel þeirri almennu afstöðu Hæstaréttar til landamerkjabréfa sem áður var lýst. Eftir sem áður er ljóst að dómstólar gera nokkuð strangar kröfur til sönnunar eignarlands, sbr. einnig þá meginreglu í íslenskum rétti að sá sem telur til eignarréttar yfir landi verður að færa fram heimildir fyrir eignartikalli sínu. Jafnframt liggur fyrir að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2005, þar sem segir svo:

> [...]nær frá upphafi Íslandsbyggðar mörkuðu menn sér ekki eingöngu ákveðin landsvæði, sem voru háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu manna. Meðan landsvæði gaf eitthvað af sér lágu hagsmunir til þess að halda merkjum réttindanna við, hvers eðlis sem þau voru. Af framanrituðu þykir leiða að skýra verði hvaða réttindi það séu sem menn voru að skipta á milli sín.

### 6.1.2 Heiðarbýli á Norðausturlandi

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er gerð almenn grein fyrir þeirri stofnun eignarréttar sem heimilaður var í nýbýlatilskipun frá 15. apríl 1776, um landnám og byggingu eyðijarða, og síðar nýbýlalögum, nr. 15/1897.[193] Að því er varðar

[193] Sbr. kafla 3.3. í viðauka.

Norðausturland sérstaklega í þessu sambandi benda heimildir til að í kjölfar nýbýlatilskipunar og fram yfir miðja 19. öld hafi þar verið stofnað til heiðarbyggðar í meiri mæli en í þeim landshlutum sem áður hafa komið til umfjöllunar hjá óbyggðanefnd. Byggð þessi stóð að jafnaði stutt, oft slitrótt, og þegar komið var fram á miðja 20. öld var henni nær alveg lokið. Í kjölfar gildistöku landamerkjalaga voru ýmist gerð sérstök landmerkjabréf fyrir slík heiðarbýli eða þau felld innan landamerkjalýsingar tiltekinnar jarðar.

Samkvæmt ákvæðum nýbýlatilskipunar gat slík býlisstofnun hvort heldur er verið í landi jarðar eða utan þess. Kveðið var á um útmælingu viðkomandi landsvæðis undir stjórn sýslumanns og útgáfu amtmanns á byggingarbréfi til handa nýbýlingi, enda hefði skilyrðum verið fullnægt.

Í þeim tilvikum að stofnað var til nýbýlis í landi jarðar með lögformlegum hætti, sbr. einkum 2. gr. nýbýlatilskipunar, er ljóst að með því hefur ekki orðið breyting á eignarréttarlegri stöðu landsvæðisins. Hér gegnir sama máli og ef þar var stofnað til byggðar með öðrum hætti, svo sem leigu eða sölu hluta jarðar.[194] Um slík landsvæði hlýtur því að fara eftir sömu sjónarmiðum og jarðir almennt, hvernig sem formlegum frágangi hefur verið háttað. Um jarðir almennt vísast nánar til *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*.

Hafi hins vegar tekist byggð utan jarðar, sbr. einkum 4. gr. nýbýlatilskipunar, verður að kanna hvort þar hafi verið stofnað til lögformlegs nýbýlis. Hafi svo verið, er ljóst að viðkomandi landsvæði er eignarland, þá þegar af þeirri ástæðu. Ella verður að líta svo á að ekki hafi verið stofnað til beins eignarréttar á grundvelli þeirrar löggjafar. Eignarréttarleg staða viðkomandi landsvæðis breyttist því ekki, hvernig sem henni var farið. Annað mál er að í kjölfarið kann að hafa stofnast þar eignarland á öðrum grundvelli, sbr. lög nr. 46/1905 um hefð.

Heiðarbyggð á Norðausturlandi er nefnd ýmsum nöfnum í heimildum, einkum nýbýli, afbýli, heiðarkot og hjáleiga. Notkun þessara hugtaka er misvísandi og tekur ekki endilega mið af ákvæðum nýbýlatilskipunar eða nýbýlalaga. Þannig kann tiltekið býli að vera nefnt nýbýli í heimildum án þess að byggingarbréf liggi fyrir. Málsmeðferð nýbýlaumsóknar getur þá af einhverjum ástæðum hafa lokið á einhverju stigi, svo sem eftir útmælingu, eða jafnvel ekki hafist yfirleitt. Á hinn bóginn getur verið að byggingarbréf hafi verið gefið út en býlið þrátt fyrir það nefnt annað en nýbýli, t.d. hjáleiga.

Útgáfa byggingarbréfs, sem stundum er nefnt nýbýlaleyfi, tekur af vafa um stofnun eignarlands og að landsvæði hafi frá þeim tíma öðlast stöðu jarðar að lögum. Að öðru leyti hlýtur að þurfa að leggja mat á eignarréttarlega stöðu viðkomandi landsvæðis áður en þar tókst byggð og hvort sú staða hafi tekið breytingum síðan. Í því sambandi ber að líta til þeirra krafna sem Hæstiréttur hefur gert til sönnunar eignarlands, sbr. kafla 6.1.1.

[194] Sbr. kafla 4.2. í viðauka.

## 6.2 Landnám

Í kafla 5.1. hér að framan er gerð grein fyrir frásögn *Landnámu* varðandi þau landsvæði sem hér eru til umfjöllunar. Svo sem þar kemur fram eru Sturlubók og Hauksbók *Landnámu* nær samhljóða um landnám í Öxarfirði. Nefndur er landnámsmaðurinn Einar Þorgeirsson og bræðurnir Vestmann ok Vémundur sem „[...] fóru til Íslands ok sigldu fyrir norðan landit ok vestr um Sléttu í fjörðinn. Þeir settu öxi í Reistargnúp ok kölluðu því Öxarfjörð; þeir settu örn upp fyrir vestan ok kölluðu þar Arnarþúfu, en í þriðja stað settu þeir kross; þar nefndu þeir Krossás. Svá helguðu þeir sér allan Öxarfjörð.“ Frásögn Þórðarbókar/Melabókar *Landnámu* er ekki fyllilega samhljóða þegar þar segir: „Svá helguðu þeir sér land fyrir austan Jökulsá; þá höfðu þeir numit allan Öxarfjörð.“

Örnefnin Arnarþúfa og Krossás þekkjast ekki nú en talið er að Reistargnúpur sé sennilega Snartarstaðanúpur.

Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrlausnum sínum byggt á því að skýrar frásagnir *Landnámu* hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar en talið hæpið að af takmörkuðum lýsingum í *Landnámu* verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi, sbr. einnig dóm Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2005, sem fjallaði um Hoffells-Lambatungur í Nesjum. Af þeim frásögnum *Landnámu* sem að framan er lýst verður ekki ráðið hversu langt inn til landsins landnám í Öxarfirði náði og að því leyti verða þannig engar afdráttarlausar ályktanir af þeim dregnar. Þá skal þess getið að í máli nr. 4/2005 hjá óbyggðanefnd er komist að sömu niðurstöðu að því er varðar landnámslýsingar í Þistilfirði. Að öðru leyti vísast til þeirrar umfjöllunar um einstök landsvæði sem hér fer á eftir.

## 6.3 Arnarstaðir, Arnarhóll og Hrauntangi

### 6.3.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands Arnarstaða, Hrauntanga og Arnarhóls, sbr. landamerkjabréf Arnarstaða, dagsett 12. ágúst árið 1887 og þinglýst 6. júní 1889. Innan þess eru einnig býlin Hrauntangi og Arnarhóll sem stofnað var til á síðari tíma.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá Þverárhyrnu (punktur 13) en þaðan er tekin bein stefna í punkt 14 sem er þar sem syðri landamerkjalína Efri-Hóla kemur í Ormarsá sem er við Hraunnef við Ormarsá utan við Arnarstaðavatn. Á móti hafa gagnaðilar, þinglýstir eigendur Arnarhóls, Arnarstaða og Hrauntanga, lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggi innan þeirra merkja sem lýst er í landamerkjabréfi fyrir Arnarstaði. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.3.

Að Arnarstöðum liggur til austurs ágreiningssvæði í máli 4/2005 hjá óbyggðanefnd og Þverá til suðurs. Landsvæðið sem um ræðir er nokkuð gróið, þá helst mólendi. Austast rennur Ormarsá og liggur Arnarstaðavatn þar hjá í um 200 m hæð yfir sjávarmáli. Rauðhólar (303 m) liggja suðvestan Arnarstaðavatns í Rauðhólahrauni sem er hraunbreiða. Rauðhólahraun liggur að rótum Kálfafjalla (um 420 m) að vestan. Vestan Kálfafjalla liggja Grjótfjöll (379 m) og norður úr þeim liggur hryggur en á honum er Skottuþúfa (282 m). Eftir því sem vestar dregur frá Kálfafjöllum tekur land að lækka og undirlendi tekur við. Frá ágreiningssvæðinu eru um sautján km í beinni loftlínu til sjávar og frá bæjarstæði Arnarstaða eru um tveir km til sjávar. Einnig ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Öxarfjarðarhreppi, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 15.

### 6.3.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(6), er á því byggt að grundvöllurinn að beinum eignarrétti að landi hérlendis hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalaus svæði orðið með tímanum fleiri. Þetta sé helst ráðið af lögtöku nýbýlatilskipunar konungs 1776 sem beinlínis hafi verið lögtekin svo til væru úrræði til að gera eigendalaus svæði að eignarlöndum og efla þar með byggð. Öxarfjörður hafi verið numinn eftir því sem greint sé í heimildum en ekkert sé minnst á heiðarnar þar fyrir ofan. Þar á móti komi svo landnám Ketils þistils, frá Hundsnesi til Sauðaness, sem sömuleiðis geti ekki um hálendið og heiðarnar milli Öxarfjarðar og Þistilfjarðar. Talið er að sneið af suðausturhorni lands Arnarstaða sé þjóðlenda því á þessum slóðum hafi verið heiðarbýli sem óvíst sé að byggð hafi verið í eignarlandi.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl 5 og 5(11), er byggt á þinglýstum landamerkjabréfum og öðrum skráðum eignarheimildum sem þeir hafi fyrir þessari eign sinni og einnig þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Þá sé fullur hefðartími liðinn frá því landamerkjabréfi fyrir Arnarstaði hafi verið þinglýst. Gagnaðilar hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi Arnarstaða sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar og öll nýting háð leyfi frá eigendum. Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Taka verði *Landnámu* með fyrirvara sem heimild og að það verði að telja röksemdir ríkisins þess efnis að landnám hafi ekki náð til heiða algerlega ósannaðar enda ekki reistar á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Vísað er sérstaklega til jafnræðisreglu stjórnsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Gagnaðilar hafi í ljósi eignarheimilda sinna og viðurkenningar ríkisvaldsins á þeim lengi haft réttmætar ástæður til að vænta þess að jörðin sé beinum eignarrétti háð.

### 6.3.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Arnarstöðum og þeim býlum öðrum sem stofnað var til í landi jarðarinnar er rakin í kafla 5.2. Þar kemur fram að Arnarstaða er getið í heimildum allt frá því um miðja 15. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.[195] Svo sem rakið er í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámabók* hversu langt inn til landsins landnám á þessu svæði náði. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé innan þess.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Arnarstaða er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, dagsettu 12. ágúst 1887 og þinglesnu 6. júní 1889, og eldri heimild, þ.e. lögfestu sem lesin var upp á manntalsþingi á Presthólum 3. maí árið 1736. Einnig verður litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Athugun þessi tekur til austur- og suðausturmerkja Arnarstaða, að því leyti sem þau liggja innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Arnarstaða verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins.

Verður þá fyrst litið til suðausturmerkja Arnarstaða. Samkvæmt landamerkjabréfinu eru merki til suðausturs, gagnvart Þverá, miðuð við Kálfhól, síðan í Hraunnef sem er næst utan við Mýrarsel. Lýsing lögfestunnar er í samræmi við þetta. Í landamerkjabréfi Þverár, þinglesnu 7. júní 1889, eru austanverð norðurmerki Þverár, gagnvart Arnarstöðum, miðuð við „vörðu utan á hrauntanganum við Ormarsá þar sem Axarfjarðarheiðar vegurinn liggur ofan í ána, þaðan beina stefnu vestur í miðjan austari Kálfhól“. Bréf Arnarstaða er ekki áritað vegna Þverár en bréf Þverár er áritað vegna Arnarstaða. Engar eldri heimildir finnast um norðurmerki Þverár, sbr. kafla 5.3. Þessar lýsingar á mörkum í landamerkjabréfum Arnarstaða og Þverár sýnast þannig vera í innbyrðis samræmi.

Samkvæmt landamerkjabréfi Arnarstaða eru merki til austurs, gagnvart ágreiningssvæði í máli nr. 4/2005 hjá óbyggðanefnd, miðuð við hraunnef sem er næst fyrir norðan Arnarstaðavatn en þaðan eftir sömu línu til Ormarsár sem ræður á austurkant landamerkjum til hraunnefs fyrir utan Mýrarsel. Norðanverðum vesturmerkjum Heiðarmúla er eins lýst í landamerkjabréfi fyrir það landsvæði, dagsettu 28. júní 1884 og þinglesnu 16. maí 1885. Bréf Arnarstaða er mögulega áritað vegna Heiðarmúla en því verður þó ekki slegið föstu. Bréf Heiðarmúla er ekki áritað vegna Arnarstaða.

Í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882 var gert landamerkjabréf fyrir jörðina Arnarstaði. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum hennar sé þar rétt lýst. Landamerkjabréf Arnarstaða er undirritað af fyrirsvarsmanni jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna.

[195] Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur jarðarinnar Arnarstaða hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um þýðingu landamerkjabréfa fyrir jarðir við mat á sönnun um eignarhald að landi vísast til þess sem rakið er í kafla 6.1.1. Í málinu hafa ekki komið fram nein gögn sem hnekkt geta landamerkjabréfinu eða rýrt eignarréttarlegt sönnunargildi þess.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Arnarstaðir hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1887, svo sem þeim er nánar lýst hér framar, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Þó nýting heiðarlands jarðarinnar hafi eðli málsins samkvæmt verið takmarkaðri en láglendishlutans þá leiðir það eitt og sér ekki til neinnar eignarréttarlegrar aðgreiningar.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru þannig um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldin hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Arnarstaða sé þjóðlenda. Er það raunar mat óbyggðanefndar að verulega hafi skort á efnislegan rökstuðning ríkisins fyrir kröfulínu sinni við skriflega og munnlega reifun málsins. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[196]

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Arnarstaða, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.4 Þverá

### 6.4.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands Þverár, sbr. ódagsett landamerkjabréf þinglesið 7. júní 1889. Engar heimildir hafa fundist um stofnun nýbýla á því landsvæði sem hér er til umfjöllunar.

[196] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum* óbyggðanefndar (í viðauka).

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá Fjórðungshóli (punktur 12) í Þverárhyrnu (punktur 13). Þaðan er tekin bein stefna í punkt 14 sem er þar sem syðri landamerkjalína Efri-Hóla kemur í Ormarsá, sem er við Hraunnef við Ormarsá utan við Arnarstaðavatn. Á móti hafa gagnaðilar, þinglýstir eigendur Þverár, lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggi innan þeirra merkja sem lýst er í landamerkjabréfi fyrir Þverá. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.3.

Að Þverá liggja Arnarstaðir, Arnarhóll og Hrauntangi til norðurs, Sandfellshagi til suðurs og til austurs ágreiningssvæði í máli nr. 4/2005 hjá óbyggðanefnd. Landsvæðið sem um ræðir er nokkuð gróið, þá helst mólendi austan til en graslent vestan til. Liggur austasti hlutinn í um 250 m yfir sjávarmáli. Gæsavatn liggur norðaustan til á landsvæðinu og sunnan vatnsins liggur Kerlingahryggur (343 m). Til vesturs upp af Gæsavatni liggur Fjallgarður og Tröllagil sunnan undir hæsta tindi hans (360 m). Vestan Fjallgarðs er Fremridalur en vestan í honum rís land skarpt og stendur Þverárhyrnan þar hæst (540 m). Norðan Þverárhyrnu stendur Ytrahorn (471 m). Vestan Þverárhyrnu og Ytrahorns lækkar land og við tekur undirlendi. Frá ágreiningssvæðinu eru um 10 km í beinni loftlínu til sjávar og frá bæjarstæði Þverár eru um 8 km til sjávar. Einnig ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Öxarfjarðarhreppi, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 15.

### 6.4.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(6), er á því byggt að grundvöllurinn að beinum eignarrétti að landi hérlendis hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalaus svæði orðið með tímanum fleiri. Þetta sé helst ráðið af lögtöku nýbýlatilskipunar konungs 1776 sem beinlínis hafi verið lögtekin svo til væru úrræði til að gera eigendalaus svæði að eignarlöndum og efla þar með byggð. Öxarfjörður hafi verið numinn eftir því sem greint sé í heimildum en ekkert sé minnst á heiðarnar þar fyrir ofan. Þar á móti komi svo landnám Ketils þistils, frá Hundsnesi til Sauðaness, sem sömuleiðis geti ekki um hálendið og heiðarnar milli Öxarfjarðar og Þistilfjarðar. Talið er að sneið af Þverárlandi sé þjóðlenda því á þessum slóðum hafi verið heiðarbýli sem óvíst sé að byggð hafi verið í eignarlandi.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl nr. 6 og 5(11), er byggt á þinglýstum landamerkjabréfum og öðrum skráðum eignarheimildum sem þeir hafi fyrir þessari eign sinni og einnig þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Þá sé fullur hefðartími liðinn frá því landamerkjabréfi fyrir Þverá hafi verið þinglýst. Gagnaðilar hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi Þverár sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar og öll nýting háð leyfi frá eigendum. Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land sé

undirorpið fullkomnum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Taka verði *Landnámu* með fyrirvara sem heimild og að það verði að telja röksemdir ríkisins þess efnis að landnám hafi ekki náð til heiða algerlega ósannaðar enda ekki reistar á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Vísað er sérstaklega til jafnræðisreglu stjórnsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Gagnaðilar hafi í ljósi eignarheimilda sinna og viðurkenningar ríkisvaldsins á þeim lengi haft réttmætar ástæður til að vænta þess að jörðin sé beinum eignarrétti háð.

### 6.4.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Þverá er rakin í kafla 5.3. Þar kemur fram að Þverár er getið í heimildum allt frá því á 15. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.[197] Svo sem rakið er í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámabók* hversu langt inn til landsins landnám á þessu svæði náði. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé innan þess.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Þverár er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar sem þinglýst var árið 1889. Merkjum Þverár gagnvart Sandfellshaga er einnig lýst í áreiðargerð sem farin var á landamerki Þverár og Sandfellshaga 14. júlí 1845. Þá má finna vitnisburð um landamerki Þverár frá árinu 1547 og 1548 en þar er aðeins að finna lýsingu á neðsta hluta landsins sem er ekki innan kröfulínu íslenska ríkisins. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Þverá. Athugun þessi tekur til suður-, austur- og norðausturmerkja Þverár að því leyti sem þau liggja innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Þverár verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins.

Þá verður litið til suðurmerkja Þverár. Samkvæmt landamerkjabréfi Þverár er miðað við að merki þeirra til suðurs, gagnvart Sandfellshaga, liggi „að sunnan úr Merkidal beina stefnu í vörðu á Kálfhól, þaðan beina stefnu í vörðu utan á hrauntanganum við Ormarsá þar sem Axarfjarðarheiðar vegurinn liggur ofan í ána“. Bréfið er áritað vegna Sandfellshaga. Í áreiðargerð sem farin var á landamerki Þverár og Sandfellshaga árið 1845 er að finna lýsingu á merkjum milli Þverár og Sandfellshaga. Sú lýsing fær vel samræmst tilvitnaðri landamerkjalýsingu Þverár. Merki Þverár eru einnig í samræmi við lýsingu í landamerkjabréfi Sandfellshaga, dagsettu 16. janúar 1883 og þinglesnu 25. júní 1884.

Austurtakmörk Þverár, gagnvart Heiðarmúla sem er á ágreiningssvæði í máli nr. 4/2005 hjá óbyggðanefnd,eru miðuð við „vörðu utan á hrauntanganum við Ormarsá þar sem Axarfjarðarheiðar vegurinn liggur ofan í ána, þaðan beina stefnu vestur í miðjan austari Kálfhól“. Bréfið er ekki áritað vegna Heiðarmúla. Merkjum

[197] Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Heiðarmúla er eins lýst í landamerkjabréfi fyrir landsvæðið, dagsettu 28. júní 1884 og þinglesnu 16. maí 1885.

Samkvæmt landamerkjabréfi Þverár eru merki landsvæðisins til norðausturs,gagnvart Arnarstöðum, miðuð við „Ormarsá þar sem Axarfjarðarheiðar vegurinn liggur ofan í ána, þaðan beina stefnu vestur í miðjan austari Kálfhól, þaðan beina stefna utan við ytra Þverahorn þaðan beina stefnu í mitt Merkigil þaðan beina stefnu í vörðu á austari Brunnárbakka“. Bréfið er áritað vegna Arnarstaða. Austanverðum suðurmerkjum Arnarstaða er lýst í landamerkjabréfi fyrir jörðina dags. 12. ágúst 1887 og þingl. 6. júní 1889. Lýsingin er í samræmi við merki Þverár. Bréfið er ekki áritað vegna Þverár. Lögfesta fyrir jörðinni Arnarstöðum frá 1736 fær samrýmst þessari lýsingu.

Í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882 var gert landamerkjabréf fyrir jörðina Þverá. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum hennar sé þar rétt lýst. Landamerkjabréfið er undirritað af fyrirsvarsmanni jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Þverár hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um þýðingu landamerkjabréfa fyrir jarðir við mat á sönnun um eignarhald að landi vísast til þess sem rakið er í kafla 6.1.1.

Í málinu hafa ekki komið fram nein gögn sem hnekkt geta landamerkjabréfinu eða rýrt eignarréttarlegt sönnunargildi þess.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Þverá hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1889, svo sem þeim er nánar lýst hér framar, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldin hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þó nýting heiðarlands jarðarinnar hafi eðli málsins samkvæmt verið takmarkaðri en láglendishlutans þá leiðir það eitt og sér ekki til neinnar eignarréttarlegrar aðgreiningar. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Þverár sé þjóðlenda. Er það raunar mat óbyggðanefndar að verulega hafi skort á efnislegan rökstuðning ríkisins fyrir kröfulínu sinni við skriflega og munnlega reifun málsins. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða

til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[198]

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Þverár, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.5 Sandfellshagi

### 6.5.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands Sandfellshaga, sbr. landamerkjabréf dagsett 16. janúar árið 1883 og þinglesið 25. júní 1884.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá Fjórðungshóli (punktur 12) í Þverárhyrnu (punktur 13). Á móti hafa gagnaðilar, þinglýstir eigendur Sandfellshaga, lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggi innan þeirra merkja sem lýst er í landamerkjabréfi fyrir Sandfellshaga. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.4.

Að Sandfellshaga liggur Þverá til norðurs og til austurs er ágreiningssvæði í máli nr. 4/2005 hjá óbyggðanefnd. Til suðurs er Hafrafellstunga. Landsvæðið sem um ræðir liggur í yfir 300 m hæð yfir sjávarmáli. Urðir liggja að suðvestan og ná að Gilsbakkaárfarvegi að sunnan, norður að Mýrarselsbotnum og austur að Djúpárbotnum. Sunnan úr Urðum ganga Sauðafellsmúlar (529 m). Norðaustan Urða lækkar land og er þar vot- og mólendi. Austast á Urðum er Þverfell (368 m), norðvestan Djúpárbotna. Suðaustan til á landsvæðinu liggur Einbúi (353 m) en frá bæjarstæði Sandfellshaga og að Einbúa eru um 14 km í beinni loftlínu. Frá vesturmörkum ágreiningssvæðisins og til sjávar eru um 13 km. Einnig ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Öxarfjarðarhreppi, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 15.

### 6.5.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(6), er á því byggt að grundvöllurinn að beinum eignarrétti að landi hérlendis hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalaus svæði orðið með tímanum fleiri. Þetta sé helst ráðið af lögtöku nýbýlatilskipunar konungs 1776 sem beinlínis hafi verið lögtekin svo til væru úrræði til að gera eigendalaus svæði að eignarlöndum og efla þar með byggð. Öxarfjörður hafi verið numinn eftir því sem greint sé í heimildum en ekkert sé minnst á heiðarnar þar fyrir ofan. Þar á móti komi svo landnám Ketils þistils, frá Hundsnesi til Sauðaness, sem

[198] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum* óbyggðanefndar (í viðauka).

sömuleiðis geti ekki um hálendið og heiðarnar milli Öxarfjarðar og Þistilfjarðar. Vísað er í dóm Hæstaréttar frá árinu 1999 á bls. 2006 en þar hafi tveir menn verið sýknaðir af ákæru fyrir að hafa verið við rjúpnaveiðar án leyfis eiganda jarðarinnar Sandfellshaga í Öxarfirði. Hæstarétti hafi þótt þinglýst landamerkjabréf jarðarinnar eitt og sér ekki vera nægilega styrk heimild um beinan eignarrétt að heiðinni. Rökstuðningur Hæstaréttar hafi verið á þá leið að ekki þóttu líkur á námi landsins, nýtingin væri einungis afréttarnot og ekki bundin við Sandfellshagabændur. Þá hafi hæð yfir sjó og gróður skipt máli og þar sem heiðarbyggð þriggja býla hafði risið austast á heiðinni og eitt býlið innan merkja hafi verið á það bent að engin gögn hefðu verið lögð fram um það að frá Sandfellshaga hefði verið veitt leyfi fyrir býlinu eða því verið afsalað til Sandfellshaga þegar byggð lagðist af. Í dómi Hæstaréttar sé vikið að vitnaframburði fyrrum bónda á Sandfellshaga og fyrrum bónda á Klifshaga um mörk heimalanda og afrétta, sem hvað Sandfellshaga varðaði, hafi verið um þremur km austan við bæjarhúsin á jörðinni. Verði að telja líklegt að af umfjöllun í þessum dómi verði að haga kröfugerð á þessu svæði sem næst því að telja heimalönd jarðanna Sandfellshaga og Þverár innan eignarlanda en austar taki við þjóðlenda.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl nr. 7 og 5(11), er byggt á þinglýstum landamerkjabréfum og öðrum skráðum eignarheimildum sem þeir hafi fyrir þessari eign sinni og einnig þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Þá sé fullur hefðartími liðinn frá því landamerkjabréfi fyrir Sandfellshaga hafi verið þinglýst. Gagnaðilar hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi Sandfellshaga sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar og öll nýting verið háð leyfi frá eigendum. Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Taka verði *Landnámu* með fyrirvara sem heimild og að það verði að telja röksemdir ríkisins, þess efnis að landnám hafi ekki náð til heiða algerlega ósannaðar, enda ekki reistar á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Vísað er sérstaklega til jafnræðisreglu stjórnsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Gagnaðilar hafi í ljósi eignarheimilda sinna og viðurkenningar ríkisvaldsins á þeim lengi haft réttmætar ástæður til að vænta þess að jörðin sé beinum eignarrétti háð. Þá er sérstaklega mótmælt rökstuðningi fyrir kröfulínu ríkisvaldsins þar sem vísað sé í sýknudóm rjúpnaveiðimannsins í refsimáli, svonefndan Sandfellshagadóm. Fráleitt sé að grundvalla kröfulínuna á niðurstöðu Hæstaréttar í þessu sakamáli.

### 6.5.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Sandfellshaga er rakin í kafla 5.4. Þar kemur fram að Sandfellshaga er getið í heimildum allt frá því um miðja

15. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.[199] Svo sem rakið er í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámabók* hversu langt inn til landsins landnám á þessu svæði náði. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja fremur líklegt að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé innan þess.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Sandfellshaga er lýst í landamerkjabréfi frá 16. janúar 1883 og þinglesnu 25. júní ári síðar. Einnig má finna lýsingu á merkjum Sandfellshaga gagnvart Þverá í áreiðargjörð frá 14. júlí 1845 sem farin var á landamerki Þverár og Sandfellshaga. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Sandfellshaga. Athugun þessi tekur til norður-, austur- og suðausturmerkja Sandfellshaga, að því leyti sem þau liggja innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Sandfellshaga verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins.

Verður þá litið til norðurmerkja Sandfellshaga. Samkvæmt landamerkjabréfi Sandfellshaga er miðað við að merki þeirra til norðurs, gagnvart Þverá, liggi „úr vörðunni við Ormarsá og beina línu vestur í Kálfshól og þaðan í Vörðuhól“. Bréfið er áritað vegna Þverár. Í áreiðargjörð sem farin var á merki Þverár og Sandfellshaga er merkjum milli jarðanna lýst með svofelldum hætti: „Landamerkin millum Þverar og Sandfellshaga gánga nedanfrá Merkidal, beina stefnu upp og [aust]ur á Vörduhól, og verdur svonefndur Skurdur í midri Fo[gruhlid] töluverdt fyrir sunnan þessa sjonarlínu, og altso ekki í Þverár landi; úr Vorduhól aptur beina stefnu austurí Hædirnar rétt sunnanvid Þverárhorn, þad er ad seigia adra hæd næst þeirri ytstu eda utaní Millumhædina, sunnan vid Heidarveigin; Þadan réttsínis austurí midjan Kalfhól, sem er sunnan og vestanvid sokalladan Gjæsavatnsflóa; á midjum þessum hól hlódu areidarmennirnir Vördu til merkis, ístadin fyrir þá gomlu vordu sunnaná hólnum; Þadan (nl. úr vördunni nyu) rettsinis austurá Kéllíngarhrigg, í vördu nygjörda nordan vid sydstu og hædstu Búnguna þar, og er þá komid [yfirstrikað utfi] nordurfyrir Heidarveiginn; og geingur þessi lína rétt sunnanvid sokalladan Gjæsavatnsflóa, sem liggur allur nordvestanvid Kéllíngarhrigg, og millum hans og Kalfhóls, og innilikst eptir þessu allur í Þverár Land; úr Vördunni á Kellíngarhrigg rettsínis í sokalladan Hrauntánga, þó nordarlega ad vestan fram, og nordan vid Myrarsel þar hjá, hvar Sandfellshaga, og Arnastada Lönd synast ad mætast austanvid Þverár Land“. Þessi eldri heimild er í góðu samræmi við lýsingu landamerkjabréfs Sandfellshaga. Landamerkjum Þverár er lýst í landamerkjabréfi fyrir jörðina, ódagsett en þingl. 7. júní 1889. Þau eru í samræmi við lýsingar á merkjum Sandfellshaga.

Samkvæmt landamerkjabréfi Sandfellshaga eru merki jarðarinnar til austurs, gagnvart Heiðarmúla og Þverfellslandi á ágreiningssvæði í máli nr. 4/2005 hjá óbyggðanefnd, „úr vörðum í Langás í Djúpá og eftir henni í gil, sem liggur milli Djúpárbotna og Mýrarsels og þaðan í vörðu við Ormarsá“. Bréfið er hvorki áritað

[199] Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

vegna Heiðarmúla né Þverfellslands. Engar eldri heimildir finnast um merki Sandfellshaga að þessu leyti, sbr. kafla 5.4. Landamerkjum Heiðarmúla er eins lýst í landamerkjabréfi fyrir landsvæðið, dagsettu 28. júní 1884 og þinglesnu 16. maí 1885. Bréfið er áritað vegna Sandfellshaga. Landamerkjum Þverfellslands er lýst í landamerkjabréfi fyrir jörðina Garð, dagsettu 25. nóvember 1887 og þinglesnu 26. júní 1890. Samkvæmt landamerkjabréfi Garðs er merkjum Þverfellslandsins gagnvart Sandfellshaga lýst svo: „[...]að sunnan og vestan ræður Djúpá frá ósi til upptaka sinna í Djúpárbotnum“. Bréfið er ekki áritað vegna Sandfellshaga. Engar eldri heimildir finnast um merki Þverfellslands, sbr. mál nr. 4/2005 hjá óbyggðanefnd. Merki Þverfellslands og Sandfellshaga eru í samræmi.

Samkvæmt landamerkjabréfi Sandfellshaga eru merki jarðarinnar til suðurs, gagnvart Hafrafellstungu, úr „Fjórðungshól og þaðan í vörðu í Langás austur í Búrfellsheiði“. Bréfið er áritað vegna Hafrafellstungu. Samkvæmt landamerkjabréfi fyrir Hafrafellstungu, eru merki jarðarinnar til norðausturs, gagnvart Sandfellshaga, „á Fjórðungshól, þaðan í þverfell á hlið við Sandfellshaga land og með því í vörðu þá er stendur á Langa ás“. Bréfið er áritað vegna Sandfellshaga. Eldri heimildir um Hafrafellstungu fá samrýmst þessu, sbr. kafla 5.5.

Þrátt fyrir að lýsingar í landamerkjabréfum Sandfellshaga, Hafrafellstungu og Garðs virðist í samræmi er afmörkun kröfulínu eigenda Sandfellshaga til suðausturs og Hafrafellstungu til norðausturs ekki í fullu samræmi við afmörkun á kröfulínu eigenda Garðs vegna Þverfellslands. Miðað við orðfæri landamerkjabréfs Hafrafellstungu og Sandfellshaga vegna suðurmerkja jarðarinnar virðast mörkin ekki ná að Djúpá en það fær einnig stuðning af framburði eiganda Hafrafellstungu fyrir óbyggðanefnd. Þessi óvissa helgast einnig af vafa um hvar er að finna vörðu í Langás en það kennileiti kemur fyrir bæði í landamerkjabréfum Sandfellshaga og Hafrafellstungu. Að þessu virtu verður að miða við að land Sandfellshaga nái ekki norðaustur fyrir Djúpá.

Í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882 var gert landamerkjabréf fyrir jörðina Sandfellshaga. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum Sandfellshaga sé þar rétt lýst. Landamerkjabréf Sandfellshaga er undirritað af fyrirsvarsmanni jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur jarðarinnar hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um þýðingu landamerkjabréfa fyrir jarðir við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til þess sem rakið er í kafla 6.1.

Hér kemur til sérstakrar athugunar hæstaréttardómur sem þýðingu getur haft fyrir hið eignarréttarlega mat. Er vísað til dómsins af ríkisins hálfu en um er að ræða dóm Hæstaréttar frá árinu 1999 á bls. 2006. Í því máli voru tveir menn sýknaðir af ákæru fyrir að hafa verið við rjúpnaveiðar án leyfis eiganda jarðarinnar Sandfellshaga í Öxarfirði. Óumdeilt var að mennirnir voru innan merkja jarðarinnar eins og þeim er lýst í landamerkjabréfi.

Í tilvitnuðum dómi var í forsendum byggt efnislega á eftirtöldum sex atriðum öðrum fremur þegar sýknað var vegna vafa um beinan eignarrétt: 1) Ekki hefði verið sýnt fram á upphaflegt landnám; 2) hæð yfir sjávarmáli og staðhættir mæltu gegn beinum eignarrétti; 3) um einhæf not til sumarbeitar hefði verið að ræða; 4) lýsing umboðsmanns Munkaþverárklaustursjarða frá 1878 væri ekki talin styðja sjónarmið um eignarland; 5) engin gögn lægju fyrir þess efnis að leitað hefði verið til eiganda Sandfellshaga þegar nýbýlið Melur var stofnað á austurmörkum jarðarinnar; 6) framburðir tveggja staðkunnugra manna fyrir héraðsdómi þess efnis að land Sandfellshaga hefði skipst í heimaland og afrétt.

Við mat á þýðingu þessa dóms er fyrst til þess að líta að þar er fjallað um sekt eða sýknu í refsimáli. Dómurinn felur ekki í sér efnislega niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins og er því ekki formlega bindandi fyrir það mál sem hér um ræðir.

Að því er varðar þau atriði sem leiddu til sýknu í málinu ber í fyrsta lagi að skoða þau í ljósi þeirrar meginreglu refsiréttar að vafa beri að meta ákærða í hag. Í umræddu refsimáli nægði vafi um beinan eignarrétt til sýknu af ákæru um að hafa verið við veiðar án leyfis landeiganda. Sönnunarmat hér er annað. Í öðru lagi liggur nú fyrir sú skýra afstaða Hæstaréttar í svokölluðum þjóðlendumálum að landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða en landamerkjabréf fyrir önnur landsvæði. Meta verði þó hvert og eitt landamerkjabréf, m.a. út frá eldri merkjalýsingum, staðháttum, gróðurfari og nýtingu, sjá nánar í kafla 6.1.1. Áður höfðu dómstólar ekki tekið óyggjandi afstöðu til þess að einkarétti hvernig mörk jarðar gagnvart öðrum landsvæðum, fyrst og fremst óbyggðum, skyldu afmörkuð. Er því eðlilegt að í refsimálum hafi verið talinn vafi á ferðum. Loks er því í þriðja og síðasta lagi við að bæta að í máli því sem hér er til úrlausnar hjá óbyggðanefnd hafa komið fram ný gögn, nánar tiltekið áreiðargjörð frá 14. júlí 1845 sem er eldri en landamerkjabréf Sandfellshaga og styður þá lýsingu merkja sem þar greinir.

Verður þá næst litið nánar til einstakra atriða í þeirri röksemdafærslu sem leiddi til vafa um beinan eignarrétt og sýknu í umræddu refsimáli. Um þýðingu þriggja fyrstnefndu atriðanna, þ.e. landnáms, staðhátta og nytja af landinu, vísast til almennrar umfjöllunar óbyggðanefndar um vægi þeirra atriða[200], dóma Hæstaréttar í þjóðlendumálum, sem og til sérstakrar útlistunar á þeim atriðum í þessu máli. Verða

[200] Sjá *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* (í viðauka).

þau ein og sér ekki talin leiða til þess að sönnur bresti fyrir beinum eignarrétti innan marka Sandfellshaga svo sem þeim er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar 1883. Þegar fjórða atriðið, þ.e. lýsing umboðsjarða Munkaþverárklausturs, er virt með hliðsjón af öllum þeim gögnum sem aflað hefur verið til viðbótar þeim sem lágu fyrir við uppkvaðningu hæstaréttardómsins árið 1999 verður tæplega talið að sú lýsing ein og sér megni að hnekkja eignarréttartilkalli innan merkja jarðarinnar. Þá hefur óbyggðanefnd ekki tekist, þrátt fyrir umfangsmikla eftirgrennslan, að afla neinna marktækra gagna um stofnun býlisins Mels við austurmörk jarðarinnar. Um stofnunarhátt heiðarbýla á þessum landshluta vísast almennt til úttektar í kafla 6.1.2. Þannig liggur ekkert fyrir um það hvort til skammvinnrar byggðar á því heiðarbýli var stofnað með eða án samþykkis þáverandi eiganda Sandfellshaga eða hvort ætlunin var að stofna til hjáleigu ellegar nýbýlis á grundvelli nýbýlatilskipunar frá 15. apríl 1776. Að minnsta kosti liggur ekkert fyrir í þá veru að ætlunin hafi verið sú að stofna til nýbýlis á grundvelli þeirrar löggjafar. Að þessu virtu, með hliðsjón af umfjöllun í kafla 6.1.2 og sambærilegri stöðu í tilviki fjölmargra þeirra jarða sem til umfjöllunar eru á svæði 5 hjá óbyggðanefnd, þá verður ekki séð að nú verði neinar ályktanir dregnar af þessu til eða frá.

Eftir standa þá fyrst og fremst, og valda nokkrum vafa, framburðir tveggja staðkunnugra manna fyrir héraðsdómi þess efnis að land Sandfellshaga hafi skipst í heimaland og afrétt. Þegar tilvitnaðir framburðir í sakamálinu eru nánar virtir er fyrir það fyrsta nauðsynlegt að geta þess að alls báru sex aðilar um þetta atriði fyrir dómi. Sigurður Jónsson (fæddur 1917), fyrrverandi bóndi að Sandfellshaga, svaraði játandi spurningu um mörk heimalands og afréttar og lýsti þeim austan Sandfells; Grímur Jónsson (fæddur 1922), bóndi á Klifshaga, kannaðist líka við mörk afréttar og heimalands og vísaði til Sandfells, Þverárhyrnu og Vörðuhóls um nánari útlistun þeirra marka; Björn Benediktsson (fæddur 1930), fyrrverandi bóndi sem bjó þá á Sandfellshaga, kannaðist ekki við nein slík mörk; Þórarinn Björnsson (fæddur 1933), bóndi, til heimilis að Sandfellshaga I, taldi hugsanleg mörk heimalands og afréttar afar óljós en vísaði þó til Vörðuhóls, Kálfhóls og Þverfells um möguleg mörk; Gunnar Björnsson (fæddur 1965), bóndi í Sandfellshaga II, kannaðist ekki við slík mörk heimalands og afréttar og sama kom fram í framburði Björns Víkings Björnssonar (fæddur 1968) bónda, til heimilis að Sandfellshaga II. Í skýrslutökum fyrir óbyggðanefnd könnuðust þeir Öxfirðingar sem þar gáfu skýrslu ekki við mörk afrétta og heimalanda á svæðinu og almennt séð má segja að sú skoðun hafi verið uppi, sem og víðar á svæði 5 hjá óbyggðanefnd, að eiginlegir afréttir þekktust ekki sem slíkir þó svo nýting heiðarlands jarðanna væri takmarkaðri en láglendisins.

Óbyggðanefnd telur það ekki tæka niðurstöðu að einkarétti, með hliðsjón af öðrum gögnum málsins, að byggja eignarréttarlega aðgreiningu lands innan jarðarinnar á svo óljósum framburðum um möguleg mörk heimalands og afréttar. Þeir eiga sér auk þess hvorki stoð í landamerkjabréfi né eldri heimildum um jörðina. Í

þeim framburðum þar sem kannast er við slíka skiptingu er enn fremur ekki miðað við sömu mörk. Þá telur óbyggðanefnd allt eins líklegt að með tilvísun þessara vitna í sakamálinu til „afréttar“ sé vísað til notkunar þessa hluta jarðarinnar sem beitilands fremur en að í því felist eignarréttarleg skírskotun. Um þessar forsendur vísast síðan, og í dæmaskyni, til sambærilegra niðurstaðna óbyggðanefndar í máli nr. 4/2001, varðandi stöðu Reifsdals í Hoffellstorfu í Nesjum; máls nr. 5/2001, varðandi stöðu fjalllendis Bæjar í Lóni, og máls nr. 6/2003, varðandi stöðu svokallaðs Höfðabrekkuafréttar.

Að öllu þessu virtu og því sérstaklega áréttuðu að um einkamál er að ræða og breytta sönnunarstöðu og sönnunarmat frá því sem var í tilvitnuðum refsidómi frá árinu 1999 verður að hafna þeim rökum íslenska ríkisins að af umræddum dómi leiði að land Sandfellshaga innan afmörkunar í landamerkjabréfi jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Sandfellshagi hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind voru 1883, svo sem þeim er nánar lýst hér framar, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Þó nýting heiðarlands jarðarinnar hafi eðli málsins samkvæmt verið takmarkaðri en láglendishlutans þá leiðir það eitt og sér ekki til neinnar eignarréttarlegrar aðgreiningar. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Sandfellshaga sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[201]

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Sandfellshaga, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.6 Hafrafellstunga

### 6.6.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands Hafrafellstungu, sbr. landamerkjabréf dagsett 20. janúar 1888 og þinglesið 29. júní sama ár. Í *Nýrri jarðabók 1861* segir að býlið Foss, liggjandi á Búrfellsheiði, sé hjáleiga frá Hafrafellstungu. Þar var búið á árunum 1846-1868 og 1870-1873. Um það voru deilur hvort býlið tilheyrði Hafrafellstungu eða Svalbarði. Fyrirliggjandi gögn benda til að áreið á landið hafi staðið til en ekki verður

[201] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum* óbyggðanefndar (í viðauka).

séð hvort hún hafi farið fram. Af heimildum verður ekki skýrlega ráðið hvorri jörðinni býlið tilheyrði.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá Reyði (punktur 9) og beina stefnu í hæsta hnjúkinn á Kollöldu (punktur 10), þaðan í hæsta hnjúkinn á Dalfjalli (punktur 11). Frá punkti ellefu er svo dregin lína að Öxarfjarðarheiði og allt í Fjórðungshól (punktur 12). Á móti hafa gagnaðilar, þinglýstir eigendur Hafrafellstungu, lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggi innan þeirra merkja sem lýst er í landamerkjabréfi fyrir Hafrafellstungu. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.5.

Að Hafrafellstungu liggur Sandfellshagi til norðurs. Til norðausturs og austurs er ágreiningssvæði í máli nr. 4/2005 hjá óbyggðanefnd. Til suðurs eru Hvannstaðir og landsvæði á Hólsfjöllum, sbr. kafla 6.6. og 6.7. Landsvæðið sem um ræðir er víðfeðmt og liggur að mestu í yfir 300 m hæð yfir sjávarmáli. Sauðafellsmúlar (529 m) eru nokkrir fjallahnjúkar nyrst á landsvæðinu austan Gilsbakkaár. Sunnan hæsta hnjúks Sauðafellsmúla er lægð en litlu sunnar rís bratt Sauðafell (548 m). Austan Sauðafells er lægð er kallast Sauðafellsblá. Tunguheiði er stórt flæmi vestan til á svæðinu. Liggur hún sunnan Gilsbakkaár, austur að Laufskálafjallgarði og suður í mýrardrög er kallast Flár. Norðan í Flám eru nokkur fjöll og mætti þar nefna Þrístiklufjall (434 m), Hraundalsbrík (Bríkur), (403 m), Dalfjall (496 m) og Kollöldu (648 m). Syðri hluti Tunguheiðar er lítt gróinn til hálfgróinn. Austan Tunguheiðar er Búrfellsheiði og eru þær landfræðilega aðskildar með bröttum Laufskálafjallgarði sem hefur leguna norður-suður. Á honum eru allnokkrir hnjúkar sem liggja í um 500-800 m yfir sjávarmáli. Hæstur þeirra er Gagndagahnúkur (816 m) og liggur hann upp af Krubbum. Austan til í Laufskálafjallgarði renna allnokkrar ár í dældum og giljum.

Búrfellsheiði, sem liggur austan til á landsvæðinu, er flatlend og gróin. Töluvert er um votlendi á henni en einnig er nokkuð af mólendi, kjarri/skóglendi og grasi. Heiðin liggur í um 300 m hæð yfir sjávarmáli. Syðst á henni rís bratt móbergsfjall, Búrfell (605 m). Umhverfis Búrfell er nokkuð um vötn og ber þar helst að geta Búrfellsvatna er liggja í um 308-327 m yfir sjávarmáli norðaustan fellsins. Frá bæjarstæði Hafrafellstungu suður í hæsta punkt í Reyði eru rúmlega 22 km. Frá bæjarstæðinu austur í Búrfell eru einnig rúmlega 22 km í beinni loftlínu. Þá ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Öxarfjarðarhreppi, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 15.

### 6.6.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(6), er á því byggt að grundvöllurinn að beinum eignarrétti að landi hérlendis hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalaus svæði orðið með tímanum fleiri. Þetta er talið helst ráðið af lögtöku nýbýlatilskipunar

konungs 1776 sem beinlínis hafi verið lögtekin svo til væru úrræði til að gera eigendalaus svæði að eignarlöndum og efla þar með byggð. Öxarfjörður hafi verið numinn eftir því sem greint sé í heimildum en ekkert sé minnst á heiðarnar þar fyrir ofan. Þar á móti komi svo landnám Ketils þistils, frá Hundsnesi til Sauðaness, sem sömuleiðis geti ekki um hálendið og heiðarnar milli Öxarfjarðar og Þistilfjarðar. Tunguheiðin sé öll innan landamerkjalýsingar Hafrafellstungu samkvæmt landamerkjabréfi og nái lýsingin norður fyrir Gilsbakkaá. Hér verði að gera þá athugasemd að þessi merkjalýsing sé á skjön við lýsingu merkjanna í máldaga frá 1400 sem taki einungis til heimalandsins. Verði því að hafna sönnunargildi þessa landamerkjabréfs um mörk eignarlands enda eigi heimildir um fjallskil á svæðinu ekki heldur við eignarland. Lýsing lands Hafrafellstungu nái allt austur í Þistilfjörð og hafi með landamerkjalýsingu fyrir Svalbarðskirkjuland í Þistilfirði náðst samkomulag um hvernig þessar jarðir hafi ætlað sér að skipta milli sín Búrfellsheiðinni sem í raun sé sameiginlegt afréttarland þriggja sveita.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl nr. 8 og 5(11), er byggt á þinglýstum landamerkjabréfum og öðrum skráðum eignarheimildum sem þeir hafi fyrir þessari eign sinni, og einnig þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Þá sé fullur hefðartími liðinn frá því landamerkjabréfi fyrir Hafrafellstungu hafi verið þinglýst. Gagnaðilar hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi Hafrafellstungu sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar og öll nýting háð leyfi frá eigendum. Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Taka verði *Landnámu* með fyrirvara sem heimild. Það verði að telja röksemdir ríkisins, þess efnis að landnám hafi ekki náð til heiða, algerlega ósannaðar enda ekki reistar á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Vísað er sérstaklega til jafnræðisreglu stjórnsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Gagnaðilar hafi í ljósi eignarheimilda sinna og viðurkenningar ríkisvaldsins á þeim lengi haft réttmætar ástæður til að vænta þess að jörðin sé beinum eignarrétti háð.

### 6.6.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Hafrafellstungu er rakin í kafla 5.5. Þar kemur fram að Hafrafellstungu er getið í heimildum allt frá því á 13. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.[202] Svo sem rakið er í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámabók* hversu langt inn til landsins landnám á þessu svæði. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja fremur líklegt að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé innan þess. Vafi um landnám hlýtur þó að vaxa eftir því sem sunnar dregur og land hækkar.

[202] Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Hafrafellstungu er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 20. janúar 1888 og þingl. 29. júní sama ár. Þá er að finna lýsingu á merkjum Hafrafellstungu í óársettum máldaga sem er líklega frá um 1400 og lögfestum frá árunum 1741, 1752, 1808 og 1829. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Hafrafellstungu. Athugun þessi tekur til suður-, austur- og norðurmerkja Hafrafellstungu, að því leyti sem þau liggja innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Hafrafellstungu verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins.

Fyrst verða merki Hafrafellstungu skoðuð eins og þeim er lýst í landamerkjabréfi fyrir jörðina, þá verða eldri merkjalýsingar athugaðar og að endingu verður litið til merkja aðliggjandi landsvæða.

Verður þá fyrst litið til norðurmerkja Hafrafellstungu, samkvæmt afmörkun á korti gagnvart Þverfellslandi, á ágreiningssvæði í máli nr. 4/2005 hjá óbyggðanefnd, og hins vegar gagnvart Sandfellshaga. Samkvæmt landamerkjabréfi Hafrafellstungu eru norðausturmerki frá Fjórðungshóli „þaðan í þverfell á hlið við Sandfellshagaland og með því í vörðu þá er stendur á Langa ás. Bréfið er áritað vegna Sandfellshaga en ekki vegna Þverfellslands. Samkvæmt landamerkjabréfi Sandfellshaga, dagsettu 16. janúar 1883 og þinglesnu 25. júní 1884, eru merki til suðurs, gagnvart Hafrafellstungu, miðuð við Fjórðungshól og þaðan í vörðu í Langás austur í Búrfellsheiði. Bréfið er áritað vegna Hafrafellstungu. Þessi lýsing er í samræmi við merki Hafrafellstungu. Engar eldri heimildir finnast um þessi merki Sandfellshaga. Landamerkjum Garðs er lýst í landamerkjabréfi fyrir landsvæðið, dagsettu 25. nóvember 1887 og þinglesnu 26. júní 1890. Land Garðs er tvískipt en að Sandfellshaga liggur svokallað Þverfellsland liggjandi „í afréttarlöndum inn til heiða“, svo vitnað sé til orðalags bréfsins. Samkvæmt landamerkjabréfi Garðs er merkjum Þverfellslandsins gagnvart Sandfellshaga lýst svo: „[...]að sunnan og vestan ræður Djúpá frá ósi til upptaka sinna í Djúpárbotnum. Bréfið er ekki áritað vegna Hafrafellstungu. Engar eldri heimildir finnast um þessi merki Þverfellslands, sbr. mál nr. 4/2005 hjá óbyggðanefnd. Samkvæmt afmörkun gagnaðila, þinglýstra eigenda Hafrafellstungu, Sandfellshaga og Garðs er skörun á mörkum Hafrafellstungu, Sandfellshaga og Þverfellslands. Af landamerkjalýsingum verður hins vegar ráðið að merki landsvæðanna séu í samræmi og nái landamerki Hafrafellstungu ekki norður fyrir Djúpá, sjá nánar kafla 6.5. hér að framan og kafla 6.4. í máli nr. 4/2005 hjá óbyggðanefnd.

Samkvæmt landamerkjabréfi Hafrafellstungu eru merki til austurs, gagnvart Svalbarðskirkjulandi og Vatnsenda, á ágreiningssvæði í máli nr. 4/2005 hjá óbyggðanefnd, „á hlið með Svalbarðskirkjulandi ræður Langásin til syðri enda hans, þaðan beina stefnu í ós þann er liggur úr norðausturhorni Stórabúrfellsvatns, þaðan beina línu í hásuður yfir vatnið austan við hólma í því, á hól þann er stendur austan við norðaustur hornið á Búrfelli, síðan sömu stefnu til Dettifossár, svo ræður hún

austur til Sandár, er svo ræður suður til Svartáshvíslar þar hún fellur í ána, síðan ræður kvíslin til upptaka sinna“. Bréfið er áritað vegna Svalbarðs en ekki vegna Vatnsenda. Samkvæmt landamerkjabréfi Svalbarðs, dagsettu vorið 1887 og þinglesnu 26. júní 1890, eru merki Svalbarðs gagnvart Hafrafellstungu miðuð við Djúpá, frá þeim stað þar sem hún fellur í Svalbarðsá, að ytri Langássenda og svo Langás en síðan skilur heiðarlönd Svalbarðskirkju og Hafrafellstungu bein lína úr fremri Langássenda suður í upptök kvíslar þeirrar er fellur úr stóra Búrfellsvatni (Hólmavatn) en þaðan réttsýnis í Dettifossá og ræður sú á síðan landamerkjum austur til Sandár. Bréfið er áritað vegna Hafrafellstungu. Eldri heimildir um Svalbarð styðja þessa lýsingu, sjá nánar í máli 4/2005 hjá óbyggðanefnd. Þessi lýsing er í samræmi við lýsingar á merkjum Hafrafellstungu. Hafrafellstunga á einnig merki gagnvart Vatnsenda í Svalbarðshreppi. Samkvæmt landamerkjabréfi Vatnsenda frá 4. júní 1889 og þinglesnu 26. júní 1890 eru merki þess landsvæðis til vesturs gagnvart Hafrafellstungu um Sandá, frá Þorsteinsnefi til Tröllkonuhlaups. Bréfið er ekki áritað vegna Hafrafellstungu. Engra eldri heimilda nýtur við um merki Vatnsenda, sjá nánar í máli 4/2005 hjá óbyggðanefnd. Lýsingin er í samræmi við merki Hafrafellstungu.

Samkvæmt landamerkjabréfi Hafrafellstungu eru merki til suðurs gagnvart Hvannstöðum og afréttarlandi Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls, sem svo er kallað í landamerkjabréfi, úr upptökum Svartáskvíslar beina stefnu í vestur yfir fjallgarðinn og með fjallalöndum sömu stefnu í há Reiði. Bréfið er áritað vegna Víðirhóls. Samkvæmt landamerkjabréfi Hvannstaða frá 24. maí 1890 og þinglesnu 12. júní 1891, eru merki til norðurs gagnvart Hafrafellstungu frá „Hafrafellstungu merkja línu, þaðan í upptök Svartásskvíslar, og ræður landamerkjum þar til hún fellur í Sandá“. Bréfið er áritað vegna Hafrafellstungu.

Samkvæmt landamerkjabréfi afréttarlands Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls, sem dagsett er 3. júní 1890 og þinglesið 12. júní 1891, eru merki til norðurs gagnvart Hafrafellstungu frá Reiði og þaðan beint austur á fjallgarð á móts við Hafrafellstunguland og ræður þaðan Hvammstaðafjallgarður suður í Mýrgil. Bréfið er áritað vegna Hafrafellstungu. Árið 1848 fóru fram skipti milli jarðanna Hóls, Hólssels og Víðirhóls. Eru þar tiltekin mörk Hóls en allmikið land var óskipt „fjalllendi og afréttarland“ og er mörkum þess lýst. Sú merkjalýsing gagnvart Hafrafellstungu er í samræmi við landamerkjabréf landsvæðis á Hólsfjöllum. Þó er þar miðað við að landsvæði sem afmarkað er í landamerkjabréfi Hvannstaða rúmist innan þeirrar lýsingar.

Nauðsynlegt er, m.a. vegna málatilbúnaðar ríkisins, að huga nánar að eldri heimildum um afmörkun Hafrafellstungu og samræmi við yngri heimildir. Verður þá vikið að eldri heimildum um merki Hafrafellstungu. Í máldaga sem líklega mun vera frá því um 1400 er lýsing á merkjum Hafrafellstungu sem hljóðar svo: „hun a skoginn j sliettafelli riettsynis vth epter fells lag firir vestan tungu [fra] nonvordu vth [j] branslæk. Enn fur ofan rædur gardur sa er liggur vt vr s[o]mu nonvordu j branslæk

sem er smiorhols landamerkis gardur. Enn hafrafells tungu oc arlækiar [ærlækiar, skv. öðru afriti] landamerki skilur gardur sa er geingur vm þuera tungu j motz vid smiorhols lag j sliet[t]a felli. [...] hun a tueggia hrossa afdratt arliga med vnnin vid j ormarz lonz landamerki vr fiordungs [þetta orð mun óglöggt skv. útgefanda fornbréfasafnsins] hol j þuerfell. þadan riettsynis framan vid mosfell austur j Sandá. enn hid fremra rædur vrdar as. reyda j motz vid hol a fialli".

Varðveittar eru einnig lýsingar á merkjum Hafrafellstungu í lögfestum frá árunum 1741, 1752, 1808 og 1829. Þær eru í meginatriðum samhljóða um efni en framsetning breytileg. Í lögfestu frá 1741 er merkjum Hafrafellstungu lýst svo: „Er þessari Jordu Eigia ad filgia til Vmm merkia þessra skoginn j sliettafelle Riettsins ut Eptir fells Lág firir Vestan tungu Nonuordu j brandslæk Enn firir ofann rædur gardur sá Er gliggur Vr somu Nonuordu j brans læk sem Er SmiorHols landa Merkisgardur so og j gard þann er geingur [u]mm þuera tungu j mots uid SmiorHols laag j sleettafelli [...] landarEign Vr fiordungs Hol j þuerfell þadann Riettsins framann uid moosfell austur j sanda aa, Enn hid fremra Rædur Vrdaraas og Reidur Mots uid Hool á fialle firirbid eg huörium Manni."

Í lögfestu sem útbúin var 1752 og þinglesin á manntalsþingum sem voru haldin á Ærlæk 8. júní 1752 og Skinnastað 29. júní 1824 er merkjum Hafrafellstungu lýst svo: Vm Merkia Austur J fiordungz hool þadann J Þuerfell, þadann Riettsyniz framann Vid Mosfell austur j Sandaa, og so frammefter t<il> moss Vid Hool a Fÿalle, Enn firir framann og Vestann Rada Reidar Melar og Vrdar As og Vt ÿ gard þann sem geingur Vm þuera tungu Moss Vid Smiorhoolz lág J slietta Felle og Rædur so smiörhólz Aa til lækiardalz fossa J þann Farveg fellur Vt med gilsbacka Aas. Allar framangreindar lýsingar fá efnislega vel samrýmst lýsingum í landamerkjabréfi fyrir afmörkun Hafrafellstungu en um útleggingu þeirra að eignarrétti verður nánar fjallað hér á eftir.

Í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882 var gert landamerkjabréf fyrir jörðina Hafrafellstungu. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum hennar sé þar rétt lýst. Landamerkjabréfið er undirritað af fyrirsvarsmönnum jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki hennar án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur jarðarinnar hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um þýðingu landamerkjabréfa fyrir jarðir við mat á sönnun um eignarhald að landi vísast til þess sem rakið er í kafla 6.1.1.

Af hálfu ríkisins hefur kröfugerð þess einkum verið skýrð með vísan til þess að ólíklegt sé að umrætt land hafi verið numið nema að hluta. Svo sem fram hefur komið telur óbyggðanefnd að ekkert verði fullyrt í þeim efnum. Í öðru lagi hefur af

ríkisins hálfu verið vísað til þess að elsta heimildin um afmörkun jarðarinnar, máldaginn frá því um 1400, sé í ósamræmi við lýsingu í landamerkjabréfi, þ.e. gangi skemur. Eins og áður hefur komið fram telur óbyggðanefnd að lýsingar á mörkum jarðarinnar í þeim máldaga og yngri lögfestum fái efnislega vel samrýmst lýsingum í landamerkjabréfi fyrir afmörkun Hafrafellstungu. Á það má þó fallast að framsetning merkjalýsinga í máldaganum sé ekki glögg og ósamfelld. Í lögfestu 1752 má finna fyrstu samfelldu lýsingu merkja sem að öllu leyti samrýmist lýsingu landamerkjabréfs. Þessi óskýrleiki í elstu heimild dugir þó ekki til að draga þær ályktanir að eignarland jarðarinnar hafi í upphafi verið minna og ber ríkið sönnunarbyrði þar um. Að öllu þessu virtu verður ekki talið að fram hafi komið gögn eða sönnunarfærsla sem hnekkt geta landamerkjabréfinu frá 1888 eða rýrt eignarréttarlegt sönnunargildi þess.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Hafrafellstunga hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1888, svo sem þeim er nánar lýst hér framar, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki talin hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þó nýting heiðarlands jarðarinnar hafi eðli málsins samkvæmt verið takmarkaðri en láglendishlutans þá leiðir það eitt og sér ekki til neinnar eignarréttarlegrar aðgreiningar. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Hafrafellstungu sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[203]

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Hafrafellstungu, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

[203] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum* óbyggðanefndar (í viðauka).

## 6.7 „Afréttarland jarðanna Víðirhóls, Hólssels, Fagradals og Nýhóls“ á Hólsfjöllum

### 6.7.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem sameignarlands Víðirhóls, Nýhóls og Fagradals, sbr. landamerkjabréf dagsett 3. júní 1890 og þinglesið 12. júní 1891.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá hornmarki milli Grímsstaða og Víðirhóls sem er í Hrafnaklettum, nyrst í Tungufjöllum fyrir sunnan Víðirhólafjallgarð (punktur 5), þaðan í háa fjallgarðinn fyrir ofan Krubbana (punktur 6) og svo beina stefnu út fyrir ofan Bunguvatnsmýrar að Langamúla (punktur 7). Frá Langamúla er fylgt norðurmörkum Víðirhóls og Fagradals allt að Fálkakletti (punktur 8), þaðan er dregin lína norður í Reyði (punktur 9). Samkvæmt þessari kröfugerð er þjóðlenda á öllu því landsvæði sem afmarkað er í framangreindu landamerkjabréfi. Á móti hafa gagnaðilar, þinglýstir eigendur Víðirhóls, Nýhóls og Fagradals, lýst kröfu um beinan eignarrétt að sama svæði. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í köflum 3.6. og 3.7.

Að landsvæðinu liggur Víðirhóll og Hafursstaðir til vesturs og Hafrafellstunga og Hvannstaðir til norðurs. Til austurs er ágreiningssvæði í máli nr. 4/2005 og máli nr. 3/2005 hjá óbyggðanefnd. Þá er til suðurs landsvæði sem eigendur Grímsstaða hafa gert tilkall til. Landsvæðið sem um ræðir er víðfeðmt og einkennist af gróðurlitlum melum. Það er að jafnaði í 400-500 m hæð en á því eru einnig nokkur fjöll og fjallgarðar sem fara hæst í um 1000 m hæð. Nyrðri hluti svæðisins liggur í um 400 m hæð yfir sjávarmáli vestan og sunnan Hvannstaðafjallgarðs sem rís skarpt úr annars hallalitlu umhverfi. Að vestanverðu er Hólssandur. Nokkuð er um vötn á nyrðri hlutanum og ber þá helst að nefna Silungavatn (443 m) sem liggur suðvestan undir Hvannstaðafjallgarði. Mynnisvötn (432 m) liggja sunnan Silungavatns, vestan undir Þórfelli og vestan við suðurenda Mynnisvatna eru Krókavötn (477 m).

Syðri hluti landsvæðisins, liggjandi sunnan Hvannstaða, er fjalllendur. Þórfell (631 m) liggur þar nyrst. Austan Þórfells eru Heljardalsfjöll (950 m), allbrött og mikil um sig. Milli Heljardalsfjalla og Þórfells liggur fjallgarður er nefnist Mosar (700 m) með leguna norður-suður. Á fjallgarði þessum eru nokkrir hnúkar en syðst á honum er hæsta fjall svæðisins Bunga (960 m). Milli Mosa og Heljardalsfjalla liggja Hölknárbotnar þar sem Hölkná á upptök sín. Mórilludalur er lægð er liggur vestan Bungu í um 540 m hæð yfir sjávarmáli. Suðaustan Bungu er fjallið Haugur (965 m). Austurhlíðar Haugs eru allbrattar og renna þar niður nokkrar smáár í Haugsvatn sem liggur suðaustur undir Haugi í rúmlega 600 m hæð yfir sjávarmáli. Vestan Haugs liggur Mórauðifjallgarður með nokkra hnúka. Lambahnúkur (655 m) er sá syðsti en hæsti hnúkurinn liggur fyrir miðjum fjallgarði og nær í 740 m hæð yfir sjávarmál. Sunnan Mórauðafjallgarðs og Fjallgarðsár, sem úr honum rennur, liggur strýtulaga fjall er nefnist Hólskerling (801 m) og eru norðurhlíðar þess allbrattar. Norðaustan

Hólskerlingar liggur Haugsnybba (935 m). Austurhlíðar hennar eru allbrattar og renna nokkrar smáár úr giljum þeirra í Haugsvatn.

Einnig ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Öxarfjarðarhreppi, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 15.

### 6.7.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(6), er á því byggt að grundvöllurinn að beinum eignarrétti að landi hérlendis hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalaus svæði orðið með tímanum fleiri. Þetta er talið helst ráðið af lögtöku nýbýlatilskipunar konungs 1776 sem beinlínis hafi verið lögtekin svo til væru úrræði til að gera eigendalaus svæði að eignarlöndum og efla þar með byggð. Öxarfjörður hafi verið numinn eftir því sem greint sé í heimildum en ekkert sé minnst á heiðarnar þar fyrir ofan. Þar á móti komi svo landnám Ketils þistils, frá Hundsnesi til Sauðaness, sem sömuleiðis geti ekki um hálendið og heiðarnar milli Öxarfjarðar og Þistilfjarðar. Landamerkjaskrá hafi verið rituð fyrir afréttarlönd jarðanna Víðirhóls, Hólssels, Fagradals og Nýhóls en þetta afréttarsvæði kallist Útfjallgarður. Rök mæli með því að telja Útfjallgarð til þjóðlendu.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl nr. 9, 10 og 5(11), er byggt á þinglýstum landamerkjabréfum og öðrum skráðum eignarheimildum sem þeir hafi fyrir þessari eign sinni og einnig þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Þá sé fullur hefðartími liðinn frá því landamerkjabréfunum hafi verið þinglýst. Öll afnot og nytjar landsins séu háð leyfi gagnaðila enda enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess. Upphaflega hafi verið til ein stofnjörð, þ.e. Hóll á Fjalli, en út úr henni hafi síðan verið skipt einstökum jörðum, sbr. Fagradal, Víðirhól og Nýhól. Landsvæðið sé hluti þeirrar stofnjarðar. Samkvæmt ofangreindum heimildum hafi gagnaðilar óskoraðan eignarrétt fyrir þessu eignarlandi sínu með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar. Þá er vísað til þess að eignarheimildir hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna og því byggi eignarhaldið enn fremur á viðskiptavenju. Ríkið hafi margsinnis í aldanna rás viðurkennt að umrætt land sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Vísað er sérstaklega til jafnræðisreglu stjórnsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Gagnaðilar telja að taka verði *Landnámu* með fyrirvara sem heimild og að það verði að telja röksemdir ríkisins þess efnis að landnám hafi ekki náð til heiða algerlega ósannaðar enda ekki reistar á neinum hlutlægum sönnunargögnum.

### 6.7.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á landsvæði því sem hér er til umfjöllunar er rakin í kafla 5.6. og er einnig gerð grein fyrir Hól á Fjalli/Nýhól, Víðirhól, Hólsseli og Fagradal sem þó liggja utan við kröfusvæði íslenska ríkisins. Þar kemur fram að Hóls á Fjalli er getið í heimildum allt frá 1500 og hefur haft stöðu sjálfstæðrar jarðar.[204] Engin gögn hafa hins vegar fundist um afmörkun á þeirri jörð. Þó segir í lögfestu fyrir Hafrafellstungu frá árinu 1741 að suðurmörk jarðarinnar séu til móts við Hól á Fjalli, eða eins og segir í lögfestunni: „og Reidur Mots uid Hool á fialle".

Hólssel, Víðirhóll, Fagridalur koma til sögunnar á 18. og 19. öld. Tvær hinar síðarnefndu voru byggðar þar til um miðja 20. öld en í Hólsseli er enn búið. Þess svæðis sem hér um ræðir, þ.e. „afréttarlandsins", er fyrst getið í heimild frá 1848 þar sem lýst er annars vegar mörkum Hóls, þ. á m. gagnvart Hólsseli og Víðirhóli, og hins vegar „fjalllendis og afréttarlands" þessara þriggja jarða. Til eru landamerkjabréf fyrir Fagradal og Víðirhól frá 1885 og Nýjahól frá 1888. Árið 1890 var svo gert sérstakt landamerkjabréf fyrir „afréttarland jarðanna Víðirhóls, Hólssels, Fagradals og Nýhóls". Ekki er ljóst hvort eða hver þessara landsvæða hafa áður verið hluti jarðarinnar Hóls eða tilheyrt henni með einhverjum hætti.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum „afréttarlandsins" er lýst í landamerkjabréfinu, dagsettu 3. júní 1890 og þinglesnu 12. júní 1891, og hvað ráðið verður af öðrum heimildum um sama efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Athugun þessi tekur til alls landsvæðisins enda allt innan kröfulínu íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins.

Verður þá fyrst litið til vesturmerkja „afréttarlandsins" . Hluti vesturmerkjanna liggur að jörðunum Víðirhól og Fagradal að suðvestan. Þessum merkjum er hvorki lýst í landamerkjabréfinu né öðrum heimildum um landsvæðið. Verður því að líta til merkjalýsinga aðliggjandi jarða við afmörkun landsvæðisins gagnvart þeim. Samkvæmt landamerkjabréfi Víðirhóls, dagsettu 7. ágúst 1885 og þinglesnu 31. maí 1886, eru merki gagnvart landsvæðinu svofelld: „að austan ræður bein stefna úr Hrafnaklettum í háa fjallgarðinn fyrir ofan Krubbana, þaðan bein stefna út fyrir ofan Bunguvatnsmýrar að Langamúla. Að utan ræður bein stefna þvert vestur fyrir utan Ytri-Fagradal." Samkvæmt landamerkjabréfi Fagradals, ódagsettu en þinglesnu 31. maí 1886, eru merki gagnvart landsvæðinu miðuð við „að austan frá Hóli í Lækjum, beina stefnu út fyrir austan fremri Fagradal og út mitt Fagradalsengi út fyrir Ytri-Fagradal þaðan beina stefnu vestur sunnan við Krókavötn á austari Vegg".

Þá taka við þau vesturmörk sem afmörkuð eru í landamerkjabréfi fyrir „afréttarlandið", gagnvart jörðinni Hafursstöðum, en þeim er lýst þannig að farið sé úr

---

[204] Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Fálkakletti í há Reiði. Í merkjalýsingu frá 1848 er óskiptu „fjalllendi og afréttalandi“ lýst til vesturs með sama hætti og gert er í landamerkjabréfi fyrir „afréttarlandið“. Samkvæmt landamerkjabréfi Hafursstaða „með Árholti í Axarfirði“, dagsettu 30. október 1889 og þinglesnu 24. júní 1890, er austurmörkum gagnvart „afréttarlandinu“ lýst með sama hætti og fram kemur í landamerkjabréfi fyrir landsvæðið.

Samkvæmt landamerkjabréfi fyrir „afréttarlandið“ eru merki til norðurs, gagnvart Hafrafellstungu, og til vesturs og norðurs, gagnvart Hvannstöðum, frá Reiði og þaðan beint austur á fjallgarð á móts við Hafrafellstunguland og „ræður þaðan Hvammstaðafjallgarður suður í Mýrgil, þaðan í ytri Minnisöxl og þaðan í Klettagil“. Bréfið er áritað vegna Hafrafellstungu en ekki Hvannstaða. Í fyrrnefndri merkjalýsingu frá 1848 er óskiptu „fjalllendi og afréttalandi“ lýst til norðurs, frá Reiði beint austur yfir Fjallgarð í Sandá á móts við Hafrafellstunguland og þaðan beint austur uppá „Alptadyngu Fjallgarð“. Þessar lýsingar fást samræmst merkjum Hafrafellstungu eins og þeim er lýst í landamerkjabréfi frá 20. janúar 1888 og þinglesnu 29. júní sama ár. Merki Hafrafellstungu eru í samræmi við eldri heimildir um jörðina, þ. á m. lögfestu frá 1741, sjá kafla 5.5. Samkvæmt landamerkjabréfi Hvannstaða, dagsettu 24. maí 1890 og þinglesnu 9. júlí 1891, fá merki Hvannstaða samræmst merkjum landsvæðisins eins og þeim er lýst í landamerkjabréfi.

Samkvæmt landamerkjabréfi „afréttarlandsins“ eru merki til austurs, þ.e. gagnvart ágreiningssvæði í máli nr. 3 og 4/2005 hjá óbyggðanefnd, frá Klettagili og þaðan suður, austan við Bungu, og suður á Austaribrekku við Dauðagil. Bréfið er ekki áritað vegna aðliggjandi landsvæða. Í merkjalýsingunni frá 1848 er afmörkun til austurs og suðurs lýst, frá Alptadyngju fjallgarði og þaðan á há Bungu. „Þaðann í so nefnda Sandhnjuka. Þaðann i ytri Hrútá þar sem hún fellur í Selá, og eptir sem Hrútá ræður í Dauðagil.“ Um merki aðliggjandi landsvæðis í Svalbarðshreppi er fjallað í máli nr. 4/2005 og um merki aðliggjandi landsvæðis í Vopnafjarðarhreppi er fjallað í máli nr. 3/2005 hjá óbyggðanefnd.

Ekki er samræmi milli þeirra lýsinga sem til eru á merkjum „afréttarlandsins“. Eldri heimildin frá 1848 lýsir merkjum lengra til austurs heldur en gert er í landamerkjabréfinu, allt austur upp á há „Alptadyngu Fjallgarð“ og síðar í Ytri-Hrútá. Samkvæmt kröfulýsingu er miðað við afmörkun í landamerkjabréfinu og mörk landsvæðisins til austurs dregin meðfram hreppamörkum Öxarfjarðar- og Svalbarðshrepps. Um þessi mörk er ekki ágreiningur nú og telur óbyggðanefnd að lýsing landamerkjabréfsins geti samræmst þeirri afmörkun sem dregin hefur verið upp.

Samkvæmt landamerkjabréfi landsvæðisins eru merki til suðurs, gagnvart kröfusvæði eigenda jarðarinnar Grímsstaða, eftir Dauðagili í Krummaskarð og þaðan í Hrafnagil. Bréfið er ekki áritað vegna Grímsstaða. Í merkjalýsingunni frá 1848 er miðað við sömu merki. Samkvæmt landamerkjabréfi Grímsstaða, dagsettu 31. maí 1886, eru merki til norðurs miðuð við Ytri-Vatnsleysu að upptökum en þaðan beina

stefnu í Selá þar sem Hrútá fellur í hana. Bréfið er áritað vegna Hólssels, Víðirhóls og Grundarhóls. Samkvæmt þessu ná mörk Grímsstaða og „afréttarlandsins“ ekki saman, sjá nánar í kafla 6.9. um Grímsstaði.

Í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882 var gert landamerkjabréf þar sem lýst er sérstaklega „afréttarlandi jarðanna Víðirhóls, Hólssels, Fagradals og Nýhóls“. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum landsvæðisins sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Umrætt landamerkjabréf er þinglesið og fært í landamerkjabók. Eftir sem áður þarfnast eignarréttarleg staða þessa landsvæðis athugunar enda þekkt að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir. Með því að gera landamerkjabréf hafa menn ekki getað einhliða aukið við land sitt eða annan rétt. Frá upphafi Íslandsbyggðar helguðu menn sér ekki eingöngu ákveðin landsvæði, sem voru háð beinum eignarrétti, heldur einnig ítök, afrétti og öll önnur réttindi sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra. Meðan landsvæði gaf eitthvað af sér lágu hagsmunir til þess að halda við merkjum réttindanna, hvers eðlis sem þau voru. Um þetta má t.d. vísa til dóms Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2006 (Hoffellslambatungur). Í ljósi dóma Hæstaréttar um eignarréttarlega þýðingu landamerkjabréfa og Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar liggur jafnframt fyrir að með gerð landamerkjabréfs varð ekki einhliða stofnað til eignarréttar á landsvæði sem ekki var fyrir undirorpið eignarrétti.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Svo sem rakið er í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámabók* hversu langt inn til landsins landnám á þessu svæði náði. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga hlýtur vafi um landnám að vaxa eftir því sem sunnar dregur og land hækkar.

Elsta heimildin um landsvæðið í þeirri mynd sem hér um ræðir er frá 1848. Þar er lýst annars vegar þáverandi mörkum Hóls og hins vegar „fjalllendis og afréttarlands“ Hóls, Hólssels og Víðirhóls. Í skjalinu sem útbúið var af þessu tilefni kemur fram að „Fjallendi og Afrettarland sé óskipt og brúkist í sameiníngu eptir tiltölu“ af eigendum þessara þriggja jarða. Þar segir einnig að þetta land eigi „Eigandi Hóls eptir réttri tiltölu við Víðrhól og Hólsel“. Árið 1890 var svo gert landamerkjabréf fyrir „afréttarland jarðanna Víðirhóls, Hólssels, Fagradals og Nýhóls“ en merkjum þess hefur verið lýst hér að framan. Þar kemur einnig fram að Grundarhóll eigi frían upprekstur fyrir geldfé sitt.

Í landamerkjabréfum Fagradals og Víðirhóls sem gerð voru árið 1885 segir að jarðirnar eigi að tiltölu í óskiptu heiðarlandi Fjallajarða. Þá kemur fram í landamerkjabréfi Nýjahóls, sem þinglesið var 29. júní 1888, að melstykki tilheyri jörðinni. Það er í Hólselsmelum fram að beinni stefnu úr Einbúa í Vörðu sunnan á Gildru í Hólakerlingu

Innan þess landsvæðis sem lýst er í skjalinu frá 1848 var býlið Hvannstaðir byggt árið 1854 en byggð lagðist þar af árið 1878. Landamerkjabréf var gert fyrir

Hvannstaði 24. maí 1890. Ekki liggja fyrir nein gögn um það í skjóli hvaða heimildar stofnað var til býlisins en ekki virðist hafa verið gerður reki að því að stofna til nýbýlis á grundvelli nýbýlatilskipunar frá árinu 1776, sjá nánar um Hvannstaði í kafla 6.8.

Óbyggðanefnd telur að þær heimildir sem hér hafa verið raktar og varða eignarréttarlega stöðu landsvæðisins bendi til þess að um sé að ræða land í afréttareign fremur en beinum eignarrétti undirorpið. Landamerkjabréf fyrir landsvæðið bendir ótvírætt til þess að um sé að ræða afrétt enda segir þar í upphafi bréfsins: „Landamerkjaskrá fyrir afrjettarland jarðanna.“ Þessu til stuðnings eru landamerkjabréf jarðanna Víðirhóls og Fagradals. Þar segir að jarðirnar eigi að tiltölu í óskiptu heiðarlandi Fjallajarða. Engin gögn liggja fyrir um að landsvæði þetta hafi nokkurn tíma verið byggt eða nýtt til annars en sumarbeitar fyrir búfé. Sama verður einnig ráðið af staðháttum og gróðurfari en land þetta er að mestum hluta auðnir og fjalllendi, hálent og fjarri byggð. Inn á land þetta hefur búfénaður leitað frá öðrum jörðum án hindrana.

Gagnaðilar hafa m.a. stutt eignarréttarkröfu sína þeim rökum að upphaflega hafi verið til ein stofnjörð, þ.e. Hóll á Fjalli, en út úr henni hafi síðan verið skipt einstökum jörðum, sbr. Fagradal, Víðirhól og Nýhól. Af heimildum verður hins vegar ekkert ráðið um það hvort landsvæði þetta hafi verið hluti jarðarinnar Hóls á Fjalli, afréttarland hennar eða hvorugt. Óljós tilvísun til merkja Hóls í lögfestu fyrir Hafrafellstungu tekur ekki af tvímæli um þetta. Hvergi kemur fram í fyrirliggjandi heimildum að litið hafi verið svo á að svæðið hafi verið undirorpið beinum eignarrétti.

Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til landsvæðisins hafi orðið til á þann veg að það hafi verið tekið til sumarbeitar fyrir búpening. Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að afréttarlandið sé að einhverju leyti innan upphaflegs landnáms á þessu svæði eða hafi á annan hátt orðið undirorpið beinum eignarrétti. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til í öndverðu. Í því efni brestur því sönnun, samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir.

Að öllu framgreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að umrætt landsvæði sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun hefur verið háttað hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Þá leiðir rannsókn óbyggðanefndar einnig til þeirrar niðurstöðu að „afréttarlandið“ sé þjóðlenda.[205] Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið sé í afréttareign Víðirhóls, Nýhóls og Fagradals.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að umrætt landsvæði, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

---

[205] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum* óbyggðanefndar (í viðauka).

*Úr Fálkakletti í há Reiði, þaðan beint austur á fjallgarð á móts við Hafrafellstunguland og ræður þaðan Hvannstaðafjallgarður suður í Mýrgil, þaðan í ytri Minnisöxl, og þaðan í Klettagil. Úr Klettagili austur í sveitarfélagamörk og kröfulínu gagnaðila og þeim fylgt austan við Bungu og suður á Austaribrekku við Dauðagil. Þá er kröfulínu gagnaðila fylgt eftir Dauðagili í Krummaskarð og þaðan í Hrafnaklett. Síðan ræður bein stefna úr Hrafnaklettum í háa fjallgarðinn fyrir ofan Krubbana, þaðan bein stefna út fyrir ofan Bunguvatnsmýrar að Langamúla. Úr Langamúla ræður bein stefna þvert vestur fyrir norðan Ytri-Fagradal og þaðan beina stefnu vestur sunnan við Krókavötn á austari Vegg og þaðan aftur í Fálkaklett.*

Sama landsvæði er í afréttareign jarðanna Víðirhóls, Nýhóls og Fagradals, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

## 6.8 Hvannstaðir

### 6.8.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands Hvannstaða, sbr. landamerkjabréf dagsett 24. maí 1890 og þinglesið 12. júní 1891.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína mun vestar og sunnar en landsvæði þetta liggur og gerir þannig þjóðlendukröfu til svæðisins í heild sinni. Á móti hafa gagnaðilar, þ.e. þinglýstir eigendur Víðirhóls, lýst kröfu um beinan eignarrétt að Hvannstöðum eins og þeim er lýst í landamerkjabréfi. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.7.

Að Hvannstöðum liggur til suðurs og vesturs „afréttarland á Hólsfjöllum“, sbr. kafla 6.7. Til norðurs er Hafrafellstunga en til austurs er ágreiningssvæði í máli nr. 4/2005 hjá óbyggðanefnd. Landsvæðið sem um ræðir liggur í um 400 m hæð yfir sjávarmáli og er nokkuð gróið. Vestan til liggur Hvannstaðafjallgarður og er hæsti tindur hans í 763 m yfir sjávarmáli. Nyrst í Hvannstaðafjallgarði er Svartás og sunnan undir honum er nokkuð bratt gil sem um rennur Svartáskvísl sem rennur til norðurs í Fossá. Svæðið sunnan Fossár og austan Hvannstaðafjallgarðs er í tæplega 400 m hæð yfir sjávarmáli, flatlent og er að mestu votlendi. Nokkrar ár renna úr austanverðum Hvannstaðafjallgarði í Hvannstaðakvísl en hún rennur úr Mýrgili sem er sunnan til á fjallgarðinum og fellur til norðausturs í Sandá. Syðst á svæðinu hækkar land skarpt norðvestan undir Heljardalsfjöllum.

Einnig ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Öxarfjarðarhreppi, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 15.

### 6.8.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(6), er á því byggt að grundvöllurinn að beinum eignarrétti að landi hérlendis hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalaus svæði orðið með tímanum fleiri. Þetta er talið helst ráðið af lögtöku nýbýlatilskipunar konungs 1776 sem beinlínis hafi verið lögtekin svo til væru úrræði til að gera eigendalaus svæði að eignarlöndum og efla þar með byggð. Öxarfjörður hafi verið numinn eftir því sem greint er í heimildum en ekkert sé minnst á heiðarnar þar fyrir ofan. Þar á móti komi svo landnám Ketils þistils, frá Hundsnesi til Sauðaness, sem sömuleiðis geti ekki um hálendið og heiðarnar milli Öxarfjarðar og Þistilfjarðar. Eyðibýlið Hvannstaðir sé byggt árið 1854 í afréttarlandi Fjallamanna, lengst frá byggð norður undir Búrfellsheiði. Byggð hafi lagst þar af árið 1878 en samt hafi verið gert landamerkjabréf fyrir eyðibýlið 1890. Öll rök mæli með því að telja land Hvannstaða til þjóðlendu þar sem ekki hafi verið fengið nýbýlisleyfi samkvæmt tilskipun frá 1776. Ráði þar heimildir um að býlið hafi verið byggt í afréttarlandi og svo lega býlisins á háfjöllum, fjarri allri byggð.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl 9 og 5(11), er byggt á þinglýstu landamerkjabréfi og öðrum skráðum eignarheimildum sem þeir hafi fyrir þessari eign sinni og einnig þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Þá sé fullur hefðartími liðinn frá því landamerkjabréfunum hafi verið þinglýst. Öll afnot og nytjar landsins séu háð leyfi gagnaðila enda enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess. Samkvæmt ofangreindum heimildum hafi gagnaðilar óskoraðan eignarrétt að þessu eignarlandi sínu með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar. Þá er vísað til þess að eignarheimildir hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna og því byggi eignarhaldið ennfremur á viðskiptavenju. Ríkið hafi margsinnis í aldanna rás viðurkennt að umrætt land sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Vísað er sérstaklega til jafnræðisreglu stjórnsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Gagnaðilar telja að taka verði *Landnámu* með fyrirvara sem heimild og að það verði að telja röksemdir ríkisins þess efnis að landnám hafi ekki náð til heiða algerlega ósannaðar enda ekki reistar á neinum hlutlægum sönnunargögnum.

### 6.8.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á Hvannstöðum er rakin í kafla 5.7. Þar kemur fram að Hvannstaða er fyrst getið á manntalsþingi að Skinnastað árið 1867. Auk þess eru Hvannstaðir taldir með Víðirhóli í fasteignamati 1916-1918. Er hér um að ræða eitt svokallaðra heiðarbýla, sbr. kafla 6.1.2., í byggð á árunum 1854-1878. Svo sem rakið er í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámabók* hversu langt inn til landsins landnám á þessu svæði náði. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við

túlkun landnámslýsinga hlýtur vafi um landnám að vaxa eftir því sem sunnar dregur og land hækkar.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Hvannstaða er lýst í landamerkjabréfi fyrir landsvæðið, dagsettu 24. maí 1890 og þinglesnu 12. júní 1891, en bréfið er undirritað af eigendum Víðirhóls. Engra eldri heimilda nýtur við um merki Hvannstaða. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Hvannstöðum. Athugun þessi tekur til alls landsvæðisins enda allt innan kröfulínu íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Hvannstaða verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins.

Samkvæmt landamerkjabréfi Hvannstaða eru merki til norðurs, gagnvart Hafrafellstungu, og til austurs, gagnvart Vatnsenda í Svalbarðshreppi sem er á ágreiningssvæði í máli nr. 4/2005 hjá óbyggðanefnd, frá Hvannstaðafjallgarði (í bréfinu nefndur „Hvammstaðafjallgarður") út að „Hafrafellstúngu merkja línu, þaðan í upptök Svartásskvíslar, og ræður landamerkjum þar til hún fellur í Sandá; þaðan bein stefna í Þorsteinsnef og þaðan í Sandhaug á Alptadyngjufjallgarði; að austan ræður Fjallgarðurinn frá Sandhaug að Klettagili". Bréfið er áritað vegna Hafrafellstungu. Merkjum Hafrafellstungu er eins lýst í landamerkjabréfi fyrir jörðina frá 20. janúar 1888 og þinglesnu 29. júní sama ár. Bréfið er áritað af eiganda Víðirhóls vegna Hvannstaða. Eldri heimildir um Hafrafellstungu styðja lýsingu bréfsins, sbr. kafla 5.5. Samkvæmt landamerkjabréfi Vatnsenda frá 4. júní 1889 og þinglesnu 26. júní 1890, eru merki að austan frá „Álftadyngjufjallgarðshaus þaðan ræður sama stefna í suður þar til tekin verður bein lína vestur í Sandá um Þorsteinsnef. Að vestan ræður Sandá frá Þorsteinsnefi." Bréfið er ekki áritað vegna Hvannstaða. Þessar línur virðast í samræmi.

Samkvæmt landamerkjabréfi Hvannstaða eru merki gagnvart „afréttarlandi" á Hólsfjöllum að sunnan frá Sandhaug að Klettagili í Mynnis öxl og þaðan í Mýrdalgil en að vestan ræður Hvannstaðafjallgarður út að Hafrafellstungu merkja línu. Bréfið er undirritað af eigendum Víðirhóls og samþykkt vegna Fagradals, Nýhóls og Hólssels. Í landamerkjabréfi „afréttarlands jarðanna Víðirhóls, Hólssels, Fagradals og Nýhóls" frá 3. júní 1890 og þinglesnu 12. júní 1891, er einnig miðað við sömu kennileiti. Í sama bréfi „afréttarlandsins" er vísað í landamerkjabréf fyrir Víðirhól frá 1848 sem ekki hefur fundist þrátt fyrir athugun Þjóðskjalasafns.

Svo sem rakið er í kafla 6.7. liggur fyrir í máli þessu heimild frá árinu 1848 þar sem lýst er afmörkun „fjalllendis og afréttarlands" jarðanna Hóls, Hólssels og Víðirhóls. Sú merkjalýsing nær lengra til austurs heldur en landamerkjabréfið og tekur m.a. til þess landsvæðis sem afmarkað er í framangreindu landamerkjabréfi Hvannstaða. Samkvæmt því liggja Hvannstaðir á því landsvæði sem árið 1848 var afmarkað sem „fjalllendi og afréttarland" jarðanna Hóls, Hólssels og Víðirhóls.

Í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882 var gerð „landamerkjaskrá eyðijarðarinnar" Hvannstaða. Þrír nafngreindir einstaklingar undirrita landamerkjabréf

þetta að Víðirhóli 24. maí 1890 sem „eigendur að ofangreindu landi“. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum Hvannstaða sé þar rétt lýst. Umrætt landamerkjabréf er þinglesið og fært í landamerkjabók. Eftir sem áður þarfnast eignarréttarleg staða þessa landsvæðis athugunar enda þekkt að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir. Með því að gera landamerkjabréf hafa menn ekki getað einhliða aukið við land sitt eða annan rétt. Frá upphafi Íslandsbyggðar helguðu menn sér ekki eingöngu ákveðin landsvæði sem voru háð beinum eignarrétti heldur einnig ítök, afrétti og öll önnur réttindi sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra. Meðan landsvæði gaf eitthvað af sér lágu hagsmunir til þess að halda við merkjum réttindanna, hvers eðlis sem þau voru. Um þetta má t.d. vísa til dóms Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2006 (Hoffells-Lambatungur). Í ljósi dóma Hæstaréttar um eignarréttarlega þýðingu landamerkjabréfa og Almennrar niðurstaðna óbyggðanefndar liggur jafnframt fyrir að með gerð landamerkjabréfs varð ekki einhliða stofnað til eignarréttar á landsvæði sem ekki var fyrir undirorpið eignarrétti.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Svo sem rakið er í kafla 6.7. verður ekkert um það ráðið af heimildum hvort landsvæði það sem afmarkað er árið 1848 sem „fjalllendi og afréttarland“ jarðanna Hóls, Hólssels og Víðirhóls hafi verið hluti jarðarinnar Hóls á Fjalli, afréttarland hennar eða hvorugt. Stærsti hluti þess svæðis sem þannig er lýst 1848 liggur innan landamerkjabréfs „afréttarlands“ á Hólsfjöllum, frá 3. júní 1890, en land Hvannstaða, svo sem það er afmarkað í landamerkjabréfi frá 24. maí 1890, liggur á því norðaustanverðu.

Heimildir um Hvannstaði eru takmarkaðar en þar mun hafa verið byggð á árunum 1854-1878. Í *Lýsingu Þingeyjarsýslu* segir að býlið Hvannstaðir sé byggt í landi Víðirhóls, norðarlega í Búrfellsheiði. Árið 1890, eftir að byggð lagðist af á Hvannstöðum, gerðu eigendur Víðirhóls landamerkjabréf fyrir þessa „eyðijörð“ og Hvannstaðir eru taldir með Víðirhóli í fasteignamati 1916-1918.

Engar heimildir finnast um að merki Víðirhóls hafi frekar en hinar jarðirnar náð yfir land Hvannstaða. Á manntalsþingi að Skinnastað 9. júlí 1867 var presturinn spurður um hvernig stæði á býlinu Hvannstöðum og gaf hann skýrslu um þau efni. Sú skýrsla finnst ekki þrátt fyrir athugun Þjóðskjalasafns. Landið er að mestum hluta auðnir og fjalllendi. Það liggur hátt og er fjarri byggð. Frá því býlið fór í eyði hefur notkunin takmarkast við upprekstur sauðfjár.

Ekkert liggur fyrir um í skjóli hvaða heimildar stofnað var til býlis á Hvannstöðum þegar komið var fram á miðbik 19. aldar. Þannig verður hvorki séð að landið hafi verið byggt af einhverjum sem taldi til eignarréttar að svæðinu né að gerður hafi verið nokkur reki að því að stofna til nýbýlis á grundvelli

nýbýlatilskipunar frá árinu 1776. Af því leiðir að Hvannstaðir hafa ekki stöðu jarðar að lögum, sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Kemur þá til skoðunar hvort stofnast hafi til eignarréttar að landsvæðinu á grundvelli hefðar. Svo sem áður er rakið voru Hvannstaðir í byggð á árunum 1854-1878. Sú hagnýting landsins fyrir setningu laga um hefð nr. 46/1905 gat ekki að þágildandi lögum stofnað til eignarréttar yfir landinu. Vísast um þetta til almennra niðurstaðna óbyggðanefndar.[206] Þá hafa ekki verið leidd í ljós nein þau umráð landsins eftir gildistöku hefðalaga sem falið geta í sér óslitið hefðarhald þannig að eignarréttur hafi stofnast á grundvelli hefðar.

Að öllu framgreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að umrætt landsvæði sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Þá leiðir rannsókn óbyggðanefndar einnig til þeirrar niðurstöðu að á umræddu landsvæði sé þjóðlenda.[207]

Svo sem að framan er rakið liggja engin marktæk gögn frammi því til stuðnings að sá hluti afréttarlands jarðanna sem seinna er afmarkaður sérstaklega sem Hvannstaðir hafi fremur tilheyrt Víðirhóli en hinum jörðunum. Að réttu lagi hefðu Hvannstaðir því sömu eignarréttarlegu stöðu og afréttarlandið. Með hliðsjón af dómum Hæstaréttar frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005, 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 og forræði aðila á kröfugerð er það niðurstaða óbyggðanefndar að Hvannstaðir séu þjóðlenda í afréttareign eigenda Víðirhóls.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að Hvannstaðir, svo sem þeir eru afmarkaðir hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Að sunnan ræður bein stefna úr Klettagili í Mynnisöxl og þaðan í Mýrdalgil. Að vestan ræður Hvannstaðafjallgarður út að mörkum Hafrafellstungu og þaðan í upptök Svartásskvíslar en hún ræður merkjum þar til hún fellur í Sandá. Þaðan er kröfulínu gagnaðila og sveitarfélagamörkum fylgt í Þorsteinsnef og þaðan í Sandhaug á Álftadyngjufjallgarði. Að austan ræður Fjallgarðurinn frá Sandhaug að Klettagili með kröfulínu gagnaðila.*

Sama landsvæði er í afréttareign jarðarinnar Víðirhóls, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

## 6.9 Grímsstaðir

### 6.9.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem eignarlands Grímsstaða. Grímsstöðum er nú skipt í Grímsstaði I og II og Grímstungu, sem var byggð úr Grímsstaðalandi 1937, en hún skiptist í

---

[206] Sjá viðauka.
[207] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum* óbyggðanefndar (í viðauka).

Grímstungu I, II og III. Land Grímsstaða og Grímstungujarða er óskipt. Grímsstaðir II eru í eigu íslenska ríkisins.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá þeim stað þar sem Grímsstaðaland byrjar við Svartfell á Dimmafjallgarðsvegi á sýslumörkum (punktur 1) þaðan að Dimmagili (punktur 2), svo að næsta punkti, sem er þar sem Fremri-Hrútá fellur í Selá (punktur 3), þaðan í upptök Ytri Vatnsleysu (punktur 4), þaðan í hornmark milli Grímsstaða og Víðirhóls, sem er í Hrafnaklettum sem eru nyrst í Tungufjöllum fyrir sunnan Víðirhólafjallgarð (punktur 5). Á móti hafa gagnaðilar, þinglýstir eigendur Grímsstaða I, Grímstungu, Grímstungu II og Grundarhóls, lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggi innan þeirra merkja sem lýst er í landamerkjabréfi fyrir Grímsstaði. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.8. Formlega séð er ekki um það ágreiningur með aðilum að allt land Grímsstaða sé eignarland. Undir rekstri málsins hefur hins vegar komið í ljós efnislegur ágreiningur um afmörkun Grímsstaða til norðausturs sem ekki hefur reynst unnt að leysa þrátt fyrir ítrekuð tilmæli óbyggðanefndar. Er því nauðsynlegt að taka afmörkun jarðarinnar til efnislegrar meðferðar.

Samkvæmt afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins liggja að Grímsstöðum til norðurs og austurs Hólssel, Grundarhóll, Víðirhóll, „afréttarland“ á Hólsfjöllum og ágreiningssvæði í máli nr. 3/2005 hjá óbyggðanefnd. Landsvæðið sem um ræðir er fjalllent og liggur í yfir 600 m hæð yfir sjávarmáli. Hluti þess tilheyrir svokölluðum Dimmafjallgarði og Haugsöræfum. Austast liggja Hrútafjöllin. Eru þau allhá og brött, þá helst að austaverðu. Austan Hrútafjalla liggur bratt Kollufell (735 m) og norðaustan þess rennur Ytri-Hrútá til suðausturs í Selá. Sunnan Hrútafjalla liggur Vegafjall (656 m og 657 m). Milli Hrútafjalla og Vegafjalls liggur Bjarnalækjardalur. Vestan Hrútafjalla og Vegafjalls rennur Fremri-Hrútá til suðausturs, um Dimmagil í Selá. Dimmagil hefur leguna austur-vestur og er staðsett sunnan Öskufjallgarðs (810 m), nokkru vestan Hrútafjalla. Upp af Dimmagili er norðurhluti Dimmafjallgarðs en norðan hans er suðurhluti Haugsöræfa. Sá hluti Haugsöræfa er liggur innan umrædds landsvæðis liggur í yfir 600-800 m hæð yfir sjávarmáli. Krummaskarð eru þrengsli sem Ytri-Vatnsleysa skerst í gegn milli Krummaskarðshnúks og Hólskerlingar vestast á svæðinu. Vestan Krummaskarðshnúks tekur land að lækka til vesturs. Frá bæjarstæði Grímsstaða í Hrúthól, austast á landsvæðinu, eru um 30 km, mælt í beinni loftlínu. Einnig ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Öxarfjarðarhreppi, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 15.

### 6.9.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(6), er á því byggt að grundvöllurinn að beinum eignarrétti að landi hérlendis hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir

það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalaus svæði orðið með tímanum fleiri. Þetta sé talið helst ráðið af lögtöku nýbýlatilskipunar konungs 1776 sem beinlínis hafi verið lögtekin svo til væru úrræði til að gera eigendalaus svæði að eignarlöndum og efla þar með byggð. Öxarfjörðurinn hafi verið numinn eftir því sem greint er í heimildum en ekkert sé minnst á heiðarnar þar fyrir ofan. Þar á móti komi svo landnám Ketils þistils, frá Hundsnesi til Sauðaness, sem sömuleiðis geti ekki um hálendið og heiðarnar milli Öxarfjarðar og Þistilfjarðar. Punktar 1-5 í kröfulínunni séu allt landamerkjapunktar Grímsstaðajarðarinnar. Í landamerkjabréfi Grímsstaða segi að Grímsstaðir eigi land úr Hrútá þar sem hún falli í Selá vestur Dimmagil í Svartfell. Þessari lýsingu mæti svo lýsingin í landamerkjabréfinu á þá leið að farið sé frá upptökum Ytri-Vatnsleysu, þaðan beina stefnu í Selá þar sem Hrútá falli í hana. Nú vilji svo til að bæði séu til Fremri-Hrútá og Ytri-Hrútá og þessar fyrrgreindu lýsingar bendi frekar til að miðað sé við Fremri-Hrútá þar sem Dimmagil er nærri Fremri-Hrútár en fjarri Ytri-Hrútá. Annað Dimmagil finnist einnig norðar en sé lína dregin í þann punkt yrði stefnulínan frá upptökum Ytri-Vatnsleysu í Hrútá afkáraleg.

Af hálfu gagnaðila, sbr. skjöl nr. 11 og 5(11), er byggt á þinglýstum landamerkjabréfum og öðrum skráðum eignarheimildum sem þeir hafi fyrir þessari eign sinni og einnig þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Þá sé fullur hefðartími liðinn frá því landamerkjabréfi fyrir Grímsstaði hafi verið þinglýst. Gagnaðilar hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi Grímsstaða sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar og öll nýting háð leyfi frá þeim. Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Taka verði *Landnámu* með fyrirvara sem heimild og að það verði að telja röksemdir ríkisins, þess efnis að landnám hafi ekki náð til heiða algerlega ósannaðar enda ekki reistar á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Ekkert komi fram í kröfugerð ríkisins sem bendi til annars en að allt land innan landamerkja Grímsstaða og Grundarhóls samkvæmt landamerkjabréfum hafi verið nýtt sem fullkomið eignarland eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Verði og að telja að það hafi mikla þýðingu að gagnaðilar hafi um langt skeið gengið út frá því að merkjum sé rétt lýst og eigendur grannjarða virt og viðurkennt merkin. Vísað er sérstaklega til jafnræðisreglu stjórnsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Gagnaðilar hafi í ljósi eignarheimilda sinna og viðurkenningar ríkisvaldsins á þeim lengi haft réttmætar ástæður til að vænta þess að jörðin sé beinum eignarrétti háð.

### 6.9.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Grímsstöðum er rakin í kafla 5.8. Þar kemur fram að Grímsstaða er getið í heimildum allt frá því á 14. öld. Af

þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.[208] Svo sem rakið er í kafla 6.2. er því ekki lýst í Landnámabók hversu langt inn til landsins landnám á þessu svæði náði. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga hlýtur vafi um landnám að vaxa eftir því sem sunnar dregur og land hækkar.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Grímsstaða er lýst í landamerkjabréfum, hið eldra ódagsett en þinglesið 31. maí 1886 og hið yngra dagsett 15. maí 1922 og þinglesið sama ár. Landamerkjabréfin eru nánast samhljóða. Þá er sérstök ástæða til að geta þess um eldri heimildir að í minnisbók Odds Einarssonar Skálholtsbiskups er vitnisburður Björns Jónssonar um landamerki Grímsstaða frá 4. júlí 1630. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Grímsstöðum. Athugun þessi tekur til austanverðra norðurmerkja Grímsstaða að því leyti sem þau liggja innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Grímsstaða verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins.

Samkvæmt landamerkjabréfum Grímsstaða eru merki þeirra til norðurs, gagnvart „afréttarlandi“ á Hólsfjöllum og ágreiningssvæði í Vopnafjarðarhreppi í máli nr. 3/2005 hjá óbyggðanefnd, svofelld: Miðað er við Ytri-Vatnsleysu að upptökum hennar en þaðan beina stefnu í Selá, þar sem Hrútá fellur í hana, svo er farið vestur Dimmagil í Svartfell á Dimmafjallgarðsvegi. Bæði eldra og yngra bréf Grímsstaða er áritað vegna Grundarhóls, Víðirhóls, Hauksstaða og Hólssels. Í vitnisburði Björns Jónssonar um landamerki Grímsstaða frá 4. júlí 1630 segir að aldrei hafi hann annað „hejrtt nie vitad enn hun ætte Land ut ad þeirre a sem kallast Vassleisa og fellur austur (epter) auræfum a milli Holz og Grijmzstada og sudur fra a motz vid Modrudal ad þeirre storu vordu sem kollud er Biskupzvarda og stendur a Grijmstadahalse. huor hallded er ad skilie Nordlendinga og austfirdinga fiordung. og vestur i Jokulsaa.“

Samkvæmt landamerkjabréfi fyrir afréttarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls („afréttarland“ á Hólsfjöllum), frá 3. júní 1890 og þinglesnu 12. júní 1891, eru merki til suðurs frá Dauðagili og eftir því í Krummaskarð og þaðan í Hrafnaklett. Bréfið er líklega áritað vegna Grímsstaða án þess að því verði þó slegið föstu. Í heimild frá árinu 1848 þar sem lýst er afmörkun „fjalllendis og afréttarlands“ jarðanna Hóls, Hólssels og Víðirhóls er merkjum til suðurs lýst frá Sandhnjúkum og í Ytri-Hrútá, þar sem hún fellur í Selá, og eftir því sem Hrútá ræður í Dauðagil. Síðan úr Dauðagili í Krummaskarð og þaðan í Hrafnakletta.

Um aðliggjandi landsvæði í Vopnafjarðarhreppi er fjallað í máli nr. 3/2005 hjá óbyggðanefnd. Hauksstaðir í Vopnafjarðarhreppi eru utan þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins en samkvæmt afmörkun gagnaðila liggja Grímsstaðir að Hauksstöðum. Þá var Arnarvatn í upphafi afbýli frá Hauksstöðum og rúmast landamerki þess frá 1921 innan þeirra merkja sem lýst er í landamerkjabréfi Hauksstaða frá 1885. Samkvæmt síðastnefndu bréfi eru mörk jarðarinnar til vesturs frá Graslækjarós sem fellur í Selá en þaðan eins og Selá ræður allt inn í Selárbotna

[208] Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

sem liggja austur úr Grímsstaðadal. Bréfið er ekki áritað vegna Grímsstaða. Yngra bréf Hauksstaða frá 1921 er áritað vegna Grímsstaða. Landamerkjabréf var gert fyrir Arnarvatn 1921. Þar er merkjum lýst til vesturs „yfir Sandhæð að Selá. Síðan ræður Selá alt inn í Selárbotna, sem liggja austur úr Grímsstaðadal“. Bréfið er áritað vegna Grímsstaða.

Af framangreindu verður ráðið að norðurmerki þau sem gagnaðilar miða við í kröfugerð sinni eru í ósamræmi við landamerkjabréf Grímsstaða. Þar segir að land Grímsstaða afmarkist af Ytri-Vatnsleysu og til upptaka hennar en síðan beina stefnu í Hrútá, þar sem hún fellur í Selá, vestur Dimmagil í Svartfell á Dimmafjallgarðsvegi. Gagnaðilar miða hin umþrættu mörk hins vegar við Krummaskarð (punktur 8), síðan Dauðagil (punktur 7), þaðan í Ytri-Hrútá þar sem hún fellur í Selá (punktur 6), og þá Dimmagil (punktur 5). Hér virðist miðað við heimild frá árinu 1848 þar sem lýst er afmörkun „fjalllendis og afréttarlands“ jarðanna Hóls, Hólssels og Víðirhóls, sjá nánar í kafla 6.7. Þessi lýsing nær norðar og austar en landamerkjabréf Grímsstaða miðar við. Afmörkun Grímsstaða verður því ekki byggð á henni og breytir hér engu þó eigandi Grímsstaða sem einnig var eigandi Hólssels hafi skrifað þar undir.

Íslenska ríkið hefur hins vegar afmarkað Grímsstaði frá Dimmagili (punktur 2) að Fremri-Hrútá þar sem hún fellur í Selá (punktur 3), þaðan í upptök Ytri-Vatnsleysu (punktur 4) og síðan í Hrafnakletta (punktur 5).

Í landamerkjabréfum Grímsstaða eru tveir punktar óglöggir, annars vegar upptök Vatnsleysu og hins vegar Hrútá, þ.e. hvort um sé að ræða Fremri-Hrútá eða Ytri-Hrútá. Samkvæmt upplýsingum frá Vatnamælingum Orkustofnunar eru upptök Ytri-Vatnsleysu í ágætu samræmi við afmörkun ríkisins á þeim punkti (punktur 4), sjá skjal 17. Verður því að miða við að farið sé með Ytri-Vatnsleysu til upptaka hennar í punkti 4 hjá íslenska ríkinu.

Um Hrútá segir í landamerkjabréfunum að Grímsstaðir eigi land úr Hrútá þar sem hún fellur í Selá, *vestur Dimmagil*. Þessi lýsing bréfsins bendir til að frekar sé miðað við Fremri-Hrútá en Ytri- því Dimmagil liggur mun nær Fremri-Hrútá en Ytri-Hrútá. Hafi ætlunin verið sú að merkin færu í Selá úr Ytri-Hrútá og fylgdu Selá þar til kæmi að þeim stað þar sem Fremri-Hrútá fellur í Selá og þaðan vestur Dimmagil er ljóst að lýsing bréfsins fær ekki staðist. Að öllu þessu virtu er því rétt að miða við að fylgt sé línu íslenska ríkisins milli punkta 3 og 4 við afmörkun á jörðinni. Hér verður þó ekki tekin afstaða til eignarréttarlegrar stöðu landsvæðisins en um hana verður fjallað síðar.

Í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882 var gert landamerkjabréf fyrir Grímsstaði. Annað landamerkjabréf var síðan gert eftir gildistöku landamerkjalaga nr. 41/1919. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum Grímsstaða sé þar rétt lýst. Landamerkjabréf Grímsstaða er undirritað af þeim sem töldu til réttar yfir landinu, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við

nágranna sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að þeir sem hafa talið til réttar yfir landinu hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um þýðingu landamerkjabréfa fyrir jarðir við mat á sönnun um eignarhald að landi vísast til þess sem rakið er í kafla 6.1.1.

Í málinu hafa ekki komið fram nein gögn sem hnekkt geta lýsingu á mörkum jarðarinnar í landamerkjabréfum eða rýrt eignarréttarlegt sönnunargildi þeirra. Á hinn bóginn hafa engin haldbær gögn verið færð fram fyrir þeirri afmörkun jarðarinnar að norðan sem gagnaðilar hafa byggt á í kröfugerð sinni. Verður hún því ekki lögð til grundvallar í málinu.

Ekki eru heimildir um annað en að Grímsstaðir hafi verið byggðir og nýttir eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru hér að framan hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki talin hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Grímsstaða sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[209]

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Grímsstaða, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

Af framangreindri afmörkun leiðir hins vegar að umrætt land norðan þeirra marka sem hér eru lögð til grundvallar telst ekki hluti Grímsstaðajarðarinnar. Það er hins vegar sjálfstætt álitaefni hvort Grímsstaðir eigi eitthvert eignarréttarlegt tilkall til þess landsvæðis. Afmörkun aðliggjandi jarða og landsvæða, sbr. t.d. áritun vegna Hauksstaða í Vopnafjarðarhreppi á landamerkjabréf Grímsstaða og áritun Grímsstaða á landamerkjabréf Hauksstaða, benda til þess að gagnaðilar hafi talið til einhvers réttar yfir umþrættu landsvæði og slíkt verið viðurkennt af eigendum aðliggjandi jarða. Til sömu niðurstöðu leiðir kröfugerð og málatilbúnaður aðila í máli þessu. Engra heimilda nýtur hins vegar við sem styðja að hið umþrætta land hafi nokkurn tímann verið háð beinum eignarrétti. Þá hefur heldur ekki verið færð fram sönnun þess að

[209] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum* óbyggðanefndar (í viðauka).

skilyrðum eignarhefðar hafi verið fullnægt en hagnýting hins umþrætta lands fyrir setningu laga nr. 46/1905 um hefð gat ekki að þágildandi lögum stofnað til eignarréttar yfir landinu, sjá Almennar niðurstöður óbyggðanefndar[210] um þetta. Ekki hefur verið sýnt fram á að umráð landsins eftir gildistöku fyrrgreindra laga hafi verið slík að þau fælu í sér óslitið hefðarhald þannig að beinn eignarréttur hafi stofnast á grundvelli hefðar. Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu gagnaðila ekki verið sýnt fram á að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda. Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið sé í afréttareign eigenda Grímsstaða.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Frá upptökum Ytri-Vatnsleysu beina stefnu í Selá, þar sem Fremri-Hrútá fellur í hana. Þaðan er Selá fylgt þar til Ytri-Hrútá fellur í hana og síðan Ytri-Hrútá í Austaribrekku við Dauðagil. Síðan eftir Dauðagili að þeim stað þar sem gilið breytir um stefnu og þaðan skemmstu leið til suðvesturáttar yfir í Ytri-Vatnsleysu. Þá er Ytri-Vatnsleysu fylgt til áðurnefndra upptaka.*

Sama landsvæði er í afréttareign jarðarinnar Grímsstaða, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

### 6.10 Um málskostnað

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við mat á fjárhæð kostnaðar hefur nefndin enn fremur litið til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu.

[210] Sjá viðauka.

## 7 ÚRSKURÐARORÐ[211]

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. „afréttarland“ á Hólsfjöllum, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Úr Fálkakletti í há Reiði, þaðan beint austur á fjallgarð á móts við Hafrafellstunguland og ræður þaðan Hvannstaðafjallgarður suður í Mýrgil, þaðan í ytri Minnisöxl, og þaðan í Klettagil. Úr Klettagili austur í sveitarfélagamörk og kröfulínu gagnaðila og þeim fylgt austan við Bungu og suður á Austaribrekku við Dauðagil. Þá er kröfulínu gagnaðila fylgt eftir Dauðagili í Krummaskarð og þaðan í Hrafnaklett. Síðan ræður bein stefna úr Hrafnaklettum í háa fjallgarðinn fyrir ofan Krubbana, þaðan bein stefna út fyrir ofan Bunguvatnsmýrar að Langamúla. Úr Langamúla ræður bein stefna þvert vestur fyrir norðan Ytri-Fagradal og þaðan beina stefnu vestur sunnan við Krókavötn á austari Vegg og þaðan aftur í Fálkaklett.*

Sama landsvæði er í afréttareign jarðanna Víðirhóls, Nýhóls og Fagradals, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Hvannstaðir, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Að sunnan ræður bein stefna úr Klettagili í Mynnisöxl og þaðan í Mýrdalgil. Að vestan ræður Hvannstaðafjallgarður út að mörkum Hafrafellstungu og þaðan í upptök Svartásskvíslar en hún ræður merkjum þar til hún fellur í Sandá. Þaðan er kröfulínu gagnaðila og sveitarfélagamörkum fylgt í Þorsteinsnef og þaðan í Sandhaug á Álftadyngjufjallgarði. Að austan ræður Fjallgarðurinn frá Sandhaug að Klettagili með kröfulínu gagnaðila.*

Sama landsvæði er í afréttareign jarðarinnar Víðirhóls, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir og liggur norðaustan Grímsstaða en suðaustan „afréttarlands“ á Hólsfjöllum, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Frá upptökum Ytri-Vatnsleysu beina stefnu í Selá, þar sem Fremri-Hrútá fellur í hana. Þaðan er Selá fylgt þar til Ytri-Hrútá fellur í hana og síðan Ytri-Hrútá í Austaribrekku við Dauðagil. Síðan eftir Dauðagili að þeim stað þar sem gilið breytir um stefnu og þaðan*

[211] Sjá til skýringar fylgiskjal nr. I (Kort). Við afmörkun þjóðlendu í hverju máli fyrir sig er miðað við orðalag í fyrirliggjandi heimildum um það landsvæði sem til meðferðar er. Blæbrigðamunur kann því að vera á lýsingum á sömu línu á milli einstakra mála.

*skemmstu leið til suðvesturáttar yfir í Ytri-Vatnsleysu. Þá er Ytri-Vatnsleysu fylgt til áðurnefndra upptaka.*

Sama landsvæði er í afréttareign jarðarinnar Grímsstaða, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Útlagður kostnaður málsaðila, annarra en fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins, utan þóknunar lögmanns, hefur þegar verið endurgreiddur úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998. Þóknun málflytjanda, Sigurðar Jónssonar hrl., ákvarðast kr. 2.880.000,- og greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

Gerður er fyrirvari um hnitasetningu þjóðlendulínu að liðnum málsskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu. Þá getur skipan þjóðlendu innan staðarmarka sveitarfélaga komið til endurskoðunar.

Karl Axelsson

Allan V. Magnússon

Benedikt Bogason

## VIÐAUKI

**Almennar niðurstöður óbyggðanefndar í málum nr. 1-7/2000 (Uppsveitir Árnessýslu) og 1-5/2001 (Sveitarfélagið Hornafjörður).**

*Sjá bls. 151-215.*

## FYLGISKJÖL

**I. Kort**
**II. Aðilaskrá**
**III. Skjalaskrá**




Yfirlitskort
Mál nr. 5/2005
Öxarfjarðarhreppur

ÓBYGGÐANEFND
ÞJÓÐLENDUR

- Mörk þjóðlendu skv. úrskurði óbyggðanefndar
- Mörk afréttareignar innan þjóðlendu skv. úrskurði óbyggðanefndar
- Aðalkrafa ríkisins um þjóðlendumörk
- Varakrafa ríkisins um þjóðlendumörk
- Kröfur gagnaðila ríkisins
- Afmörkun á kröfugerð ábúenda
- Skörun á kröfum gagnaðila ríkisins
- Mörk sveitarfélaga

1-9 Kröfulínupunktar Sigurðar Jónssonar hdl. f.h. annara eigenda Grímsstaða en ríkisins
Um tölusetta kröfulínupunkta vísast til kröfulýsinga málsaðila
Línur sem liggja samsíða hafa sömu staðsetningu

Dags. 29. maí 2007 Blað nr. ÖX-01

LANDFORM ehf

Kortagrunnur: IS50V birt með leyfi Landmælinga Íslands (L05040005)

LANDSLAGSARKITEKTAR FÍLA, AUSTURVEGUR 6, 800 SELFOSS, s/482 4090 fax/482 3542, landform@landform.is

**II. Aðilaskrá**

| Þjóðlendur | Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins |
|---|---|
| Arnarstaðir | Guðrún S. Kristjánsdóttir |
| Arnarstaðir | Gunnar Einarsson |
| Arnarhóll | Guðrún S. Kristjánsdóttir |
| Arnarhóll | Gunnar Einarsson |
| Sameignarland Hólssels, Fagradals, Nýhóls og Víðirhóls | Ragnar Þ. Guðmundsson (Nýhóll og Fagridalur) |
| | Guðlaug Ólafsdóttir (Víðirhóll) |
| | Gunnlaug Ólafsdóttir (Víðirhóll) |
| | Gunnlaugur Ólafsson (Víðirhóll) |
| | Margrét Pála Ólafsdóttir (Víðirhóll) |
| | Oktavía Halldóra Ólafsdóttir (Víðirhóll) |
| | Stefán Sigurður Ólafsson (Víðirhóll) |
| Grímsstaðir I | Guðný María Hauksdóttir |
| Grímsstaðir I | Jóhannes Haukur Hauksson |
| Grímsstaðir II | Jarðasjóður Íslands |
| Grímstunga I | Kristín Axelsdóttir |
| Grímstunga II | Bragi Benediktsson |
| Grundarhóll | Bragi Benediktsson |
| Grundarhóll | Páll Kristjánsson |
| Hafrafellstunga I og II | Hafrafellstunga ehf. |
| Hrauntangi | Bragi Stefánsson |
| Hvannstaðir | Guðlaug Ólafsdóttir |
| Hvannstaðir | Gunnlaug Ólafsdóttir |
| Hvannstaðir | Gunnlaugur Ólafsson |
| Hvannstaðir | Margrét Pála Ólafsdóttir |
| Hvannstaðir | Oktavía Halldóra Ólafsdóttir |
| Hvannstaðir | Stefán Sigurður Ólafsson |
| Sandfellshagi I | Þórarinn Björnsson |
| Sandfellshagi II | Björn Víkingur Björnsson |

| | |
|---|---|
| Sandfellshagi II | Gunnar Björnsson |
| Þverá | Árni Jón Kristjánsson |
| Þverá | Benedikt Kristjánsson |
| Þverá | Kristján Benediktsson |

## III. Skjalaskrá[1]

**Lagt fram af Jóni Sigurðssyni hdl. f.h. fjármálaráðherra:**

| | |
|---|---|
| 1 | Kröfulýsing fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins um þjóðlendumörk á svæði 5. Öxarfjarðarhreppur ásamt Raufarhöfn, dags. 10.11.2004. |
| 1(1) | Skjalaskrá, dags. 10.11.2004. |
| 1(2) | Tilvísanaskrá, dags. 6.2.2004. |
| 1(3) | Kort sem sýnir kröfulínu fjármálaráðherra á svæðinu Öxarfjarðarhreppur ásamt Raufarhöfn. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni, landfræðingi (mælikvarði 1:100.000). Ódags. en mótt. 2.11.2004. |
| 1(4) | Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðherra, dags. 1.3.2004. Tilkynning um meðferð á svæði V, Norðausturlandi. |
| 1(5) | Bréf fjármálaráðuneytisins til óbyggðanefndar um þjóðlendukröfur á svæði V, Norðausturlandi, dags. 11.11.2004. |
| 1(6) | Greinargerð fjármálaráðuneytisins fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 9.12.2005. |
| 1(7) | Kort sem sýnir breytingar á kröfulínu íslenska ríkisins, dags. 10.7.2006. |

**Lagt fram af óbyggðanefnd:**

| | |
|---|---|
| 2 | Yfirlit Þjóðskjalasafns Íslands yfir heimildaleit í óprentuðum (A-skjöl) og prentuðum (B-skjöl) frumgögnum, dags. 10.8.2006. |
| | *Landamerkjabækur (skjalaflokkur A.1.):* |
| 2(1) a-b | Víðihóll á Fjöllum, dags. 7.8.1885, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík. *(Merkt 1 a-b, nr. 1)* |
| 2(2) a-b | Grímsstaðir og Nýibær á Fjöllum, þingl. 31.5.1886, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík. *(Merkt 2 a-b, nr. 1).* |
| 2(3) | Grímsstaðir og Nýibær á Hólsfjöllum, dags. 15.5.1922 og 19.6.1922. *(Merkt 3, nr. 1).* |
| 2(4) a-b | Hvannstaðir/Hvammsstaðir, dags. 24.5.1890, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík. *(Merkt 4, nr. 1)* |
| 2(5) a-b | Fagridalur á Hólsfjöllum. Einnig er lýst mörkum Gamlahóls. Þingl. 31.5.1886, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík. *(Merkt 5 a-b, nr. 1).* |
| 2(6) a-b | Afréttarland (Víðihóls, Hólssels, Fagradals og Nýhóls) á Hólsfjöllum, dags. 3.6.1890, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík. *(Merkt 6 a-b, nr. 1).* |
| 2(7) a-b | Grundarhóll og Langavatn á Hólsfjöllum, dags. 2.6.1886, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík. *(Merkt 7 a-c, nr. 1).* |
| 2(8) a-b | Nýhóll á Hólsfjöllum. Þingl. 29.6.1888, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík. *(Merkt 8 a-b, nr. 1).* |
| 2(9) a-b | Hólssel á Hólsfjöllum, dags. 26.5.1889, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík. *(Merkt 9 a-b, nr. 1).* |
| 2(10) a-b | Hafrafellstunga í Öxarfirði, dags. 20.1.1888, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík. *(Merkt 1 a-c, nr. 2).* |
| 2(11) a-b | Sandfellshagi í Öxarfirði, dags. 16.1.1883, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík. *(Merkt 2 a-b, nr. 2).* |
| 2(12) a-b | Þverá í Öxarfirði. Þingl. 7.6.1889, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík. *(Merkt 3, nr. 2).* |
| 2(13) a-b | Hafursstaðir og Árholt í Öxarfirði, dags. 30.10.1889, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík. *(Merkt 4 a-b, nr. 2).* |
| 2(14) a-b | Daðastaðir og Þjófsstaðir í Núpasveit, dags. 6.8.1887, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík. (*Merkt 1, nr. 3).* |

[1] Skjölum er raðað undir efnisflokka og þau því ekki í réttri númeraröð að öllu leyti. Sjá einnig í kafla 4.2.

2(15) a-b Arnarstaðir í Núpasveit,dags. 12.8.1887, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík. (*Merkt 2 a-b, nr. 3*).

2(16) Valþjófsstaðir og Einarsstaðir í Núpasveit, dags. 7.4.1894. (*Merkt 3 a-b, nr. 3*).

2(21) Sjá skjal nr. 2(65).

2(22) a-b Heiðarmúli, dags. 28.6.1884, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík. (*Merkt 1, nr. 4*).

2(23) a-b Garður, dags. 25.11.1887, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík. (*Merkt 2 a, nr. 4*).

2(24) a-b Svalbarð, dags. 9.12.1922, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík. (*Merkt 5 ab, nr. 4*).

2(25) a-b Laxárdalur, dags. 15.8.1886, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík. (*Merkt 15 a-b, nr. 4*).

2(26) Arnórsstaðir, Víðirhólar, Möðrudalur, útdráttur úr dómsmálabók Norður-Múlasýslu, dags. 20.9.1888. (*Merkt 11 a-b, nr. 4*).

2(27) Möðrudalur, þingl. 25.7.1923, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Seyðisfirði. (*Merkt 31 a-b, nr. 4*).

2(28) Víðidalur, þingl. 27.7.1922. (*Merkt 32 a-b, nr. 4*).

2(29) Selsárvellir, dags. 31.12.1974. (*Merkt 14, nr. 2*).

2(30) Efrihólar, dags.22.1.1900. (*Merkt 4 a-b, nr. 3*).

2(31) Núpur, dags. 16.1.1883. *(Merkt 5, nr. 2)*.

2(32) Ærlækur, dags. 10.7.1885. *(Merkt 6 a-b, nr. 2)*.

2(33) Skinnastaðir með hjáleigum: Akur, Akursel, Staðarlón (=Hróastaðir), dags. 15.10.1886. (*Merkt 7 a-b, nr. 2*).

2(34) Klifshagi, dags. 29.1.1884. (*Merkt 8 a-b, nr. 2*).

2(35) Gilsbakki, dags.10.8.1885. (*Merkt 9 a-b, nr. 2*).

2(36) Bjarnarstaðir, dags. 10.5.1890. (*Merkt 10 a-b, nr. 2*).

2(37) Smjörhóll, dags. 10.5.1890. (*Merkt 11, nr. 2*).

2(65) Ytra-Áland, dags. 15.5.1886. *(Merkt 9, nr. 4)*.

2(120) Austaraland, dags. 11.4.1890. *(Merkt 12, nr. 2)*.

2(123) a-b Svalbarðskirkjuland, þingl. 26.6.1890, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík. *(Merkt 4 a-b, nr. 4)*.

2(126) Selsárvellir, dags. 31.12.1974. *(Merkt 14, nr. 2)*.

2(127) Hauksstaðir, dags. vorið 1885. *(Merkt 15 a-b, nr. 2)*.

2(128) a-b Vatnsendi, dags. 4.1.1889, ásamt óstaðfestri uppskrift. *(Merkt 14, nr. 4)*.

2(129) a-b Hvammur, dags. 2.7.1886, ásamt óstaðfestri uppskrift. *(Merkt 16 c-d, nr. 1)*.

2(130) a-b Hvammur, dags. 2.7.1886, ásamt óstaðfestri uppskrift. *(Merkt 16 a-b, nr. 5)*.

*Jarðabréf á Þjóðskjalasafni (skjalaflokkur A.2.):*

Þar er tilvísun til vitnisburðar um landamerki *Grímsstaða*, sem er í minnisbók Odds Einarssonar biskups AM 243, 4to. Jón Þorkelsson gerði endurrit. (Sjá skjalaflokkinn *Önnur óprentuð frumgögn (A.16.)*).

2(66) Afrit af makaskiptabréfi fyrir Klifshaga og *Hóli á Fjalli*, dags. 21.9.1563. *(Merkt 1 a-d, nr. 2)*.

2(67) Kaupbréf fyrir Hafrafellstungu 1549, afrit, sem virðist rifið úr bók, og staðfest eftirrit þess, gert 16.6.1858. Þar er vikið að eign kirkjunnar í *Hafrafellstungu*, jörðum, ítökum og veiðivötnum og landi austur á fjöllum. *(Merkt 2 a-f, nr. 2)*.

2(68) a-b Lögfesta *Hafrafellstungu* 1752, ásamt uppskrift. *(Merkt 3 a-b, nr. 2)*.

2(69) a-b Lögfesta *Hafrafellstungu* 1808, ásamt uppskrift. *(Merkt 4 a-b, nr. 2)*.

2(70) a-b Lögfesta *Hafrafellstungu* 1809, ásamt uppskrift. *(Merkt 5 a-b, nr. 2)*.

2(71) a-b Vitnisburður 1845, um leyfisveitingar *Hafrafellstungubónda* til grasatekju í Búrfellsheiði, ásamt uppskrift. *(Merkt 6 a-b, nr. 2).*

2(72) a-b Lögfesta *Hafrafellstungu* 1829, ásamt uppskrift. *(Merkt 7, nr. 2).*

2(73) Uppköst að landamerkjalýsingu Hafrafellstungu. *(Merkt 8 a-d, nr. 2).*

2(74) Bréf Svalbarðsprests, dags. 8.5.1885, þar sem hann óskar að eigandi hluta Hafrafellstungu samþykki *landamerkjalýsingu Svalbarðs móti Hafrafellstungu*. Neitun Hafrafellstungueiganda, dags. 19.5. s.á. Lýsing Svalbarðsprests, dags. 28.3.1885. *(Merkt 9 a-d, nr. 2).*

2(140) a-b Landskipti milli Hóls, Víðirhóls og Hólssels á Hólsfjöllum, lýst er mörkum sameiginlegs fjalllendis og afréttarlands, dags. 29.7.1848, ásamt uppskrift. *(Merkt 1. a-c, nr. 1).*

2(141) a-b Landskipti milli Fagradals, Nýjahóls og Gamlahóls, dags. 30.6.1876, ásamt uppskrift. *(Merkt 2 a-b, nr. 1).*

2(142) a-b Landskipti milli Fagradals, Nýjahóls og Gamlahóls, dags. 30.6.1876, ásamt uppskrift. *(Merkt 3 a-c, nr. 1).*

2(143) Landamerkjabréf fyrir heimalandi Nýjahóls, ódags. en þingl. 29.6.1888. *(Merkt 4 a-b, nr. 1).*

2(144) Landamerkjabréf fyrir eyðijörðinni Kvannastöðum/Hvannastöðum, dags. 24.5.1890. *(Merkt 5 a-b, nr. 1).*

2(145) Landamerkjabréf fyrir afréttarlandi Víðirhóls, Hólssels, Fagradals og Nýjahóls, dags. 3.6.1890. *(Merkt 6 a-b, nr. 1).*

*Landskiptabækur (skjalaflokkur A.4.):*

Ekkert lagt fram undir þessum lið.

*Fasteigna- og jarðamöt (skjalaflokkur A.5.):*

2(17) Fasteignamat 1916-1918: *Fjallahreppur:* Grímsstaðir (landamerkjum með Nýjabæ lýst, bls. 26), Grundarhóll, Víðihóll með Hvannsstöðum (landamerkjum lýst, bls. 27), Fagridalur með Gamlahóli (landamerkjum lýst, bls. 28), Nýihóll (landamerkjum lýst, bls. 29), Hólssel (landamerkjum lýst, bls. 30-31). *Öxarfjarðarhreppur:* Þverá, Sandfellshagi (landamerkjum lýst, bls. 33), Hafrafellstunga (landamerkjum lýst, bls. 36-37), og Hafursstaðir (landamerkjum lýst, bls. 39). *Presthólahreppur:* Daðastaðir og Þjófsstaðir (landamerkjum lýst, bls. 47), Arnarstaðir (landamerkjum lýst, bls. 48), Hrauntangi, Valþjófsstaðir og Einarsstaðir (landamerkjum Valþjófsstaða og Einarsstaða lýst, bls. 49). *(Merkt 1 a-f, nr. 1, 1 a-f, nr. 2 og 1 a-f, nr. 3).*

2(38) Jarðamat 1849: *Presthólahreppur*: Daðastaðir með Þjófsstöðum, Arnarstaðir, Valþjófsstaðir með Einarsstöðum. *Skinnastaðahreppur*: Þverá, Sandfellshagi, Hafrafellstunga með Fossi, Hóll, Víðirhóll, Grímsstaðir með Nýjabæ, Hólssel, Hafursstaðir. *(Merkt 2 a-d, nr. 2 og 2 a-c, nr. 3).*

2(58) a-b Jarðamat 1804: Núpur, Þverá, Sandfellshagi, Hafrafellstunga, Hóll, Grímsstaðir, Hólssel, Hafursstaðir, Skinnastaðir, ásamt uppskrift af því helsta. (*Merkt 3 a-f, nr. 2).*

2(59) a-b Jarðamat 1804: Daðastaðir með Þjófsstöðum, Arnarstaðir, Valþjófsstaðir með Einarsstöðum, ásamt uppskrift af því helsta. (*Merkt 3 a-b, nr. 3).*

2(81) Fasteignamat 1930-1932: *Grímsstaðir I*. Afréttarland er sagt víðáttumikið og kjarngott. Sambærilegar lýsingar eru á öllum öðrum jörðum í Fjallahreppi, þ.e. Grímsstöðum II og III, Grundarhóli, Víðirhóli I og II, Fagradal, Nýjahóli og Hólsseli. Engar lýsingar eru frá ábúendum jarða. *(Merkt 2, nr. 1).*

2(82) Fasteignamat 1930-1932: *Þverá, Sandfellshagi I- II, Hafrafellstunga I.-II, Hafursstaðir*. Áþekkar lýsingar á afréttarlandi eiga við flestar jarðir í efri hluta sveitarinnar, þ.e. þær, sem eiga land til heiðar. Engar lýsingar eru frá ábúendum jarða. *(Merkt 4 a-f, nr. 2).*

2(83) Fasteignamat 1930-1932: *Daðastaðir, Arnarstaðir, Hrauntangi, Valþjófsstaðir, Einarsstaðir, Efrihólar*. Engar lýsingar eru frá ábúendum jarða. *(Merkt 4 a-f, nr. 3).*

2(118) Fasteignamat 1916-1918. *Austaraland. (Merkt. 5 a-b, nr.2*).
2(119) Fasteignamat 1932. *Austaraland. (Merkt 6 a-d, nr. 2).*

*Bréfabækur, bréfasöfn og gerðabækur sýslumanna, hreppa og sáttanefnda (skjalaflokkur A.6.):*

2(41) a-b Áreið á *land Skinnastaðakirkju fram til heiðar upp til móts við Hól á Fjalli*, dags. 25.7.1831. Snerist einkum um mörk við Austara- og Vestaraland, ásamt uppskrift. (*Merkt 1 a-b, nr. 1).*

2(42) Á Skinnastaðaþingi, dags. 21.6.1848, lesin lögfesta Skinnastaðaprests fyrir *Norðmel á Hólsfjöllum* (7. liður). (*Merkt 2 a-c, nr. 1).*

2(43) a-b Sátt um landamerki *Hólssels og Fagradals*, dags. 27.8.1909. (*Merkt 3 a-f, nr. 1).*

2(44) Árið 1798 voru lesnar á Skinnastaðaþingi *lögfestur fyrir Skinnastaðaprestakall* og *Hafrafellstungu*, „hvortveggi ó áfrýuð." (inntak vantar). (*Merkt 1, nr. 2).*

2(45) Árið 1799 lesin l*ögfesta* fyrir *Þverá* í Öxarfirði (án inntaks). „Protesterud af Prestenum Sra Þorsteini Jónssyni, ad því leiti sem hún á seilest Kyrkjunnar Land á Skinnastödum fyrer nedann Brunná." (*Merkt 2, nr. 2).*

2(46) Árið 1809 lesnar á Skinnastaðaþingi lögfestur fyrir *Svalbarði í Þistilfirði, Hafrafellstungu* og Klifshaga (inntak vantar). (*Merkt 3, nr. 2).*

2(47) Lesin lögfesta fyrir *Hafrafellstungu* á Skinnastaðaþingi 1824 (inntak vantar). (*Merkt 4, nr. 2).*

2(48) Lesið á Skinnastaðaþingi, dags. 12.7.1831, forboð eigenda og ábúenda *Hafrafellstung*u mót álftaveiði í tilteknum takmörkum á *Búrfellsheiði*, dags. sama dag. Sama forboð lesið á Presthólaþingi, dags. 14.7.s.á., og á Svalbarðsþingi, dags. 18.7. s.á. (*Merkt 5 a-d, nr. 2).*

2(49) a-b Áreið á landamerki *Þverár og Sandfellshaga*, dags. 14.7.1845, ásamt uppskrift. (*Merkt 6 a-c, nr. 2).*

2(50) a-b Þinglesinn s*áttasamningur um merki Þverár og Sandfellshaga*, dags. 14.1.1846, einnig kaupbréfum fyrir *Hólsseli* (5. liður) og *Víðihóli* (6. liður) og brigð á því síðara (7. liður) á Skinnastaðaþingi, dags. 14.5.1847, ásamt uppskrift. (*Merkt 7, nr. 2).*

2(51) Skinnastaðaþing, dags. 9.7.1867: „7. Var presturinn aðspurður um hvernig standi á jörðinni *Hvannstöðum* og gefur þann þar að lútandi svofelda skýrslu." (*Merkt 8 a-c, nr. 2 og A. 6. 8 a-c*).

2(52) Manntalsþing í Presthólum, dags. 25.6.1709. Upplesin *lögfesta fyrir hálfum Arnarstöðum* (án inntaks). (*Merkt 1 a-c, nr. 3).*

2(53) a-b Lögfesta fyrir *Arnarstöðum* í Núpasveit, dags. 3.5.1736, ásamt uppskrift. (*Merkt 2 a-c, nr. 3).*

2(54) Lögfesta fyrir *Valþjófsstöðum* með tilteknum landamerkjum, dags. 13.8.1739, lesin á Presthólaþingi s.á. (bls. 234) (Inntak kemur ekki fram). (*Merkt 3 a-c, nr. 3).*

2(55) Árið 1804 lesin á Presthólaþingi lögfesta fyrir *Valþjófsstöðum* (inntak vantar). (*Merkt 4 a-b, nr. 3).*

2(56) Lesinn á Presthólaþingi 1825 vitnisburður, dags. 28.6.1801, um að Kjarnagerðisdalur hafi verið talinn tilheyra afbýlinu *Einarsstöðum*. (*Merkt 5, nr. 3).*

2(57) Á Presthólaþingi, dags. 17.5.1883, var: „1. Lesin lögfesta fyrir *Valþjófsstöðum* dags. 21.6.1804, og þinglesin að Presthólum, dags. 6.7.1804. 2. Lesinn vitnisburður um sömu jörð dags. 2.10. 1863.“ (*Merkt 6 a-c, nr. 3).*

2(60) a-b Sátt um beit á Daðastaðamýri milli bænda á Arnarstöðum og Daðastöðum móti frí grasaheiði, dags. 27.4.1818, ásamt uppskrift. (*Merkt 7, nr. 3).*

2(61) a-b Sátt um Árdalsflöt og Þverfellsbotna í Arnarstaðalandi milli Arnarstaða-, Daðastaða og Þjófsstaðabænda, dags. 27.10.1832, ásamt uppskrift. (*Merkt 8, nr. 3).*

2(84) Hreppsnefndarfundur að Víðihóli, dags. 1.5.1894. *M.a. tilgreind takmörk heimalanda og afréttar sveitarinnar. (Merkt 4 a-c, nr. 1).*

2(85) Hreppsmálafundur að Grundarhóli, dags. 18.6.1909. *Tilgreind takmörk búfjárhaga og afréttarlands sveitarinnar*. *(Merkt 5 a-b, nr. 1).*

2(86) Aðalfundur fyrir Fjallahrepp haldinn að Grímsstöðum, dags. 10.5.1913. Rætt m.a. um *kofabyggingu í Heljardal. (Merkt 6 a-c, nr. 1).*

2(87) Almennur hreppsmálafundur að Grímsstöðum, dags. 7.6.1928. Rætt um fjallskilamál og hreppsnefnd falið uppsetning *aðhalda á Hvannastöðum* og að mælst verði til við Öxfirðinga að þeir setji upp *aðhald við Búrfellskofa*. *(Merkt 7 a-b, nr. 1).*

2(88) Hreppsmálafundur að Grímsstöðum, dags. 26.6.1938. Fjórir menn ráðnir til að fara í *vorgöngur á Búrfellsheiði* á kostnað Fjallskilasjóðs. *(Merkt 8 a-b, nr. 1).*

2(89) Almennur hreppsmálafundur að Grímsstöðum, dags. 30.10.1938. Samþykkt að nokkrir menn fari í *aukaleit í Búrfellsheiði* á kostnað fjallskilasjóðs. *(Merkt 9, nr. 1).*

2(90) Almennur hreppsmálafundur, dags. 2.7.1939, að Grímsstöðum. M.a. um að fjallskilasjóður greiði fyrir fjögurra manna *rúningssmölun í Búrfellsheiði*. *(Merkt 10, nr. 1).*

2(91) Almennur hreppsmálafundur, dags. 20.6.1941, að Grímsstöðum. M.a. um að fjallskilasjóður greiði fyrir fimm manna *rúningssmölun í Búrfellsheiði. (Merkt 11, nr. 1).*

2(92) Almennur hreppsmálafundur, dags. 27.6.1943, að Grímsstöðum. M.a. um að *vorgöngur í Búrfellsheið*i verði kostaðar úr fjallskilasjóði. *(Merkt 12, nr. 1).*

2(93) Fylgiskjal með gangnaseðlinum 1913. Þar koma fram upplýsingar um *fyrirkomulag gangna*. *(Merkt 13, nr. 1).*

2(94) Upplýsingar um fyrirkomulag gangna, dags. 12.9.1915, á Grímsstöðum. *(Merkt 14, nr. 1).*

2(95) Upplýsingar um fyrirkomulag gangna, dags. 10.9.1916, á Grundarhóli. *(Merkt 15, nr. 1).*

2(96) [1917] Upplýsingar um fyrirkomulag gangna. *(Merkt 16, nr. 1).*

2(97) Samningur um sundurdrátt og rekstur fjár milli Fjalla- og Öxarfjarðarhrepps, dags. 9. og 15.9.1917. *(Merkt 17, nr. 1).*

2(98) 1928. Upplýsingar um fyrirkomulag gangna og um réttarbyggingu á Hvannstöðum. *(Merkt 18, nr. 1).*

2(99) Vorfundur Öxarfjarðarhrepps að Skinnastað, dags. 5.5.1920. Umræða um fjallskilamál, m.a. kosnir menn til að endurskoða fjallskilareglugerð austan Jökulsár. *(Merkt 9, nr. 2).*

2(100) Vorfundur Öxarfjarðarhrepps að Skinnastöðum, dags. 30.5.1921. Umræða um fjallskilamál, m.a. um fyrirhugaðar *breytingar á fjallskilareglugerð*. *(Merkt 10 a-b, nr. 2).*

2(101) Hreppsfundur Öxarfjarðarhrepps að Skinnastað, dags. 18.6.1925. Umræða um fjallskilamál, m.a. um samkomulag við Þistilfirðinga um *göngur í Búrfellsheiði, Djúpárbotna og Seljaheiði*. *(Merkt 11 a-b, nr. 2).*

2(102) Almennur sveitarfundur að Skinnastað, dags. 16.6.1928. Samþykkt um að gera vorgöngur í heiðalönd hreppsins, *hreppsnefnd annast um Búrfellsheiði* en heiðareigendur um hinar. *(Merkt 12, nr. 2).*

2(103) Vorfundur Öxarfjarðarhrepps haldinn í skólahúsi hreppsins, dags. 12.6.1931. Samþykkt að öll *heimalönd ofan Sandár* yrðu á komandi hausti smöluð á kostnað fjallskilasjóðs í fyrstu göngum. *(Merkt 13 a-b, nr. 2).*

2(104) Vorfundur Öxarfjarðarhrepps að Skinnastað, dags. 10.4.1913. Rætt um *refaveiðar í Búrfellsheiði, Tunguheiði, Landsheiði og Hafursstaðaheiði*. *(Merkt 14 a-b, nr. 2).*

2(105) Vorfundur Öxarfjarðarhrepps að Skinnastað, dags. 15.4.1918. Rætt um *fjallskilamál*, m.a. um byggingu kofa í Búrfellsheiði. *(Merkt 15 a-b, nr. 2).*

2(106) Hreppskilafundur að Ærlæk, dags. 10.-11.11.1919. Fjallskilastjóra falið að færa inní fjallskilabók hreppsins skrá yfir allan *afrétt sveitarinnar með glöggri skiptingu á honum og heimalöndunum*. *(Merkt 16 a-b, nr. 2).*

2(125) Landamerkjabréf Möðrudals með hjáleigunum Lóni, Gestreiðarstöðum og Fögrukinn, gert af Stefáni Einarssyni, dags. 20.3.1884. *(Merkt 87).*

*Kirknaskjöl (skjalaflokkur A.7.):*

2(18) a-b Máldagi Hafrafellstungukirkju. Þar er lýst mörkum skógareignar og einnig landamerkjum (tvö samhljóða afrit), ásamt uppskrift. *(Merkt 1 a-b, nr. 2).*

2(19) a-b Lögfesta Nikulásar Runólfssonar fyrir Hafrafellstungu 1741, ásamt uppskrift. (*Merkt 2 a-b, nr. 2).*

2(20) a-b Byggingarbréf fyrir Hafursstöðum, dags. 31.1.1850. Vikið að landinu í Norðmel, ásamt uppskrift. (*Merkt 3 a-c, nr. 2).*

*Vísitasíubækur biskupa (skjalaflokkur A.8.):*

Ekkert lagt fram undir þessum lið.

*Skjalasöfn presta og prófasta (skjalaflokkur A.9.):*

2(62) Reikningur Skinnastaðakirkju 1591: „Skÿnnastada k[ir]kia hun aa alltt hejmaland mille merke gardds et Brands lækiar ... Land eign framm vid gil fram fra londum, þar med fÿski vatn et Bæiar stædi: v hrossa gongu j Holss jordu a vetur". (*Merkt 1 a, nr. 2).*

*Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanna og landshöfðingja (skjalaflokkur A.10.):*

2(117) Skýrsla sýslumanns í Þingeyjarsýslu yfir jarðir í Ærlækjar-, Presthóla-, Svalbarðs- og Sauðanesþingsóknum með dýrleika, nöfnum eigenda og ábúenda m.m. auk hjáleigna gerð 1754. *(Merkt 1 a-f.*

2(131) a-b Bréf Guðmundar Jónssonar prests á Svalbarði til biskups, dags. 13.1.1845, varðandi umdeilt nýbýli, væntanlega Foss á mörkum landa Svalbarðs og Hafrafellstungu, ásamt uppskrift. *(Merkt 1 a-c, nr. 4).*

2(132) a-b Bréf stiftamtmanns til séra Guðmundar á Svalbarði og prófasts í Þingeyjarprófastsdæmi, dags. 14.3.1845, varðandi nýbýlismálið, ásamt uppskrift. *(Merkt 2 a-b, nr. 4).*

2(133) a-b Bréf prófasts í Þingeyjarprófastsdæmi til stiftsyfirvalda, 3.1.1846, varðandi nýbýli, væntanlega Foss, sem er á mörkum Svalbarðs og Hafrafellstungu, ásamt uppskrift. *(Merkt 3 a-b, nr. 4).*

2(134) a-b Bréf amtmanns í Norður- og Austuramti til stiftsyfirvalda, dags. 11.6.1846 varðandi nýbýli í landi Svalbarðs, væntanlega Foss, ásamt uppskrift. *(Merkt 4, nr. 4).*

2(135) a-b Bréf stiftamtmanns til prófasts í Þingeyjarprófastsdæmi, dags. 2.11.1846, varðandi nýbýlisbyggingu (væntanlega Foss) í landi Svalbarðs, ásamt uppskrift. *(Merkt. 5 a-b, nr. 4).*

*Skjalasöfn Stjórnarráðs Íslands (skjalaflokkur A.11.):*

2(39) Sjá skjal nr. 4(75).

2(40) Sjá skjal nr. 4(76).

2(64) Sala *Hafursstaða*, dags. 14.5.1910. Lýsing á jörð og landamerkjum, dags. 10.3.1909, fylgir með. (*Merkt 1 a-c, nr. 2).*

2(107) Sala Sandfellshaga, dags. 15.10.1908. Með fylgir virðingargerð jarðarinnar, dags. 22. 10. 1906. *(Merkt 2 a-e, nr. 2).*

2(108) Sala Daðastaða með Þjófsstöðum, dags. 14.9.1915. Með fylgir virðingargerð, dags. 18.11.1914. *(Merkt 1 a-d, nr. 3).*

2(109) Sala Efrihóla. Virðingargerð Efrihóla, dags. 26.10.1916. *(Merkt 2 a-b, nr. 3).*

2(110) Sala Efrihóla, dags. 19.7.1918. Með fylgir virðingargerð, dags. 16.11.1914. *(Merkt 3 a-d, nr. 3).*

2(124) Skýrsla um tekjur og útgjöld Skinnastaðaprestakalls, dags. 11.6.1867. Meðal tekna af ítökum, ískyldum o.s.frv., sem öðrum eru leigð, er 5 kapla ganga í Hólsjörðu á Fjalli fyrir 2 rd. og 48 skildinga. [Væntanlega er átt við Norðmel]. *(Merkt 1 a-b, nr. 1).*

*Bréfasöfn og bréfabækur biskupa (skjalaflokkur A.12.):*

2(63) Skýrsla um tekjur Skinnastaðaprestakalls (brauðamat), dags. 21.10.1854. Talin fimm kapla ganga í Hólsjörðu á Fjalli á vetrum. (*Merkt 1 a-b, nr. 1).*

2(75) Greinargerð um *Skinnastaðaprestakall* 1782, með lögfestu 1778, ásamt upp-

a-b skrift á því helsta. Skýrslur um brauð og kirkjur í Hólabiskupsdæmi 1782. *(Merkt 1 a-d, nr. 2).*

2(76) a-b Greinargerð vegna gjafabréfa Skinnastaðakirkju 1744, ásamt uppskrift af klausu úr máldaga. (*Merkt 2 a-d, nr. 2).*

2(77) a-b Greinargerð um *Presthólaprestakall* 1782, ásamt uppskrift af því helsta. Skýrslur um brauð og kirkjur í Hólabiskupsdæmi 1782. *(Merkt 1 a-c, nr. 3).*

2(78) a-b Greinargerð vegna gjafabréfa *Presthólakirkju* 1744, ásamt uppskrift. *(Merkt 2, nr. 3).*

2(136) a-b Biskup til amtmanns í Norður- og Austuramti varðandi byggingu nýbýlis í landi Svalbarðs, væntanlega Foss, dags. 14.5.1846, ásamt uppskrift. *(Merkt 1 a-b, nr. 4).*

2(137) a-b Bréf biskups til prófasts í Þingeyjarprófastsdæmi, dags. 2.11.1846, varðandi nýbýli á mörkum Svalbarðs- og Hafrafellstungulanda, væntanlega Foss, ásamt uppskrift. *(Merkt 2, nr. 4).*

2(138) a-b Bréf Vigfúsar Sigurðssonar prests á Svalbarði til biskups, dags. 3.1.1849, varðandi ágreining milli Svalbarðs og Hafrafellstungu, þar sem býlið Foss var reist, ásamt uppskrift. *(Merkt 3 a-b, nr. 4).*

2(139) a-b Bréf biskups til séra Vigfúsar Sigurðssonar á Svalbarði, dags. 12.3.1849, varðandi landamerkjaágreining við Hafrafellstungu (væntanlega Fossland, ásamt uppskrift. *(Merkt. 4 a-b, nr. 4).*

*Klausturumboð (skjalaflokkur A.13.):*

2(79) Lýsing *Núps og Sandfellshaga*, dags. 1.5.1878. Munkaþverárklaustur XI, 6. Lýsing umboðsjarða 1878. *(Merkt 1 a-d, nr. 2)*

2(80) Lýsing *Daðastaða* með hjáleigunni *Þjófsstöðum*, dags. 1.5.1878. Munkaþverárklaustur XI, 6. Lýsing umboðsjarða 1878. *(Merkt 1 a-b, nr. 3).*

*Önnur óprentuð frumgögn (skjalaflokkur A.16.):*

2(121) Vitnisburður Björns Jónssonar, dags. 4.7.1630, um landamerki Grímsstaða á Fjalli. Faðir hans byggði jörðina úr eyði og lögfesti hana. Segir Björn eiganda Hóls á Fjalli hafa fyrir fáum árum viljað eigna sér hluta landsins (uppskrift Jóns Þorkelssonar eftir AM 243, 4to) (*Merkt 1 a-b, nr. 1).*

*Sá hluti skjalasafna stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja sem prentaður er í Lovsamling for Island (skjalaflokkur B.6.):*

2(112) Bréf kirkju- og kennslumálaráðuneytisins til landshöfðingja varðandi makaskipti á *Norðmel* á Hólsfjöllum, eign Skinnastaðaprestakalls, og hluta á Leifsstöðum í Öxarfirði, dags. 25.10.1873. *(Merkt 1, nr. 1).*

2(113) Yfirlit um öll prestaköll á Íslandi og tekjur þeirra 1748. *(Merkt 1 a-b, almennt).*

2(114) Fyrirmæli til Ólafs Gíslasonar Skálholtsbiskups varðandi löggildingu máldagabókar Gísla Jónssonar, dags. 5.4.1749. *(Merkt 2, almennt).*

2(115) Bréf tollkammersins til stiftamtmanns um uppörvun til byggingar eyðijarða á Íslandi, dags. 14.3.1775. *(Merkt 3 a-c, almennt).*

2(116) Tilskipun um réttindi fyrir þá, sem vilja byggja eyðijarðir eða óbyggðar lendur á Íslandi, dags. 15.4.1776. *(Merkt 4 a-e, almennt).*

*Bréfabækur biskupa (skjalaflokkur B.8.):*

Ekkert lagt fram undir þessum lið.

*Alþingisbækur Íslands (skjalaflokkur B.9.):*

2(122) Kaupbréf fyrir 8 hndr. í Austaralandi árið 1768. XV.b., bls. 112.

*Bréfasöfn og bréfabækur biskupa:*

3 Ekkert lagt fram undir þessum lið, sjá skjalaflokk A.12. í skilabréfi Þjóðskjalasafns Íslands, skjal nr. 2.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

4 Yfirlit óbyggðanefndar yfir heimildaleit í óprentuðum (A-skjöl) og prentuðum (B-skjöl) frumgögnum, dags. 16.8.2006.

*Afsals og veðmálabækur (skjalaflokkur A.3.):*

4(13) Arnarstaðir í Núpasveit, síða úr Veðmálaregistri Þingeyjarsýslna.
4(14) Fagridalur á Hólsfjöllum, síða úr Veðmálaregistri Þingeyjarsýslna.
4(15) Grímsstaðir I á Fjöllum, síða úr Veðmálaregistri Þingeyjarsýslna.
4(16) Grímsstaðir II á Fjöllum, síða úr Veðmálaregistri Þingeyjarsýslna.
4(17) Grundarhóll á Fjöllum, síða úr Veðmálaregistri Þingeyjarsýslna.
4(18) Hafrafellstunga I í Öxarfirði, síða úr Veðmálaregistri Þingeyjarsýslna.
4(19) Hafrafellstunga II, síða úr Veðmálaregistri Þingeyjarsýslna.
4(20) Hóll á Fjöllum, síða úr Veðmálaregistri Þingeyjarsýslna.
4(21) Hrauntangi í Presthólahreppi, síða úr Veðmálaregistri Þingeyjarsýslna.
4(22) Nýhóll á Fjöllum, síða úr Veðmálaregistri Þingeyjarsýslna.
4(23) Sandfellshagi I í Öxarfirði, síða úr Veðmálaregistri Þingeyjarsýslna.
4(24) Víðihóll á Fjöllum, síða úr Veðmálaregistri Þingeyjarsýslna.
4(25) Þverá í Öxarfirði, síða úr Veðmálaregistri Þingeyjarsýslna.
4(26) Arnarstaðir í Presthólahreppi, yfirlitssíða úr Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(27) Arnarhóll (Arnarstaðir 1/2 ) í Presthólahreppi, yfirlitssíða úr Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(28) Grundarhóll í Fjallahreppi, yfirlitssíða úr Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(29) Hafrafellstunga I í Öxarfjarðarhreppi, yfirlitssíða síða úr Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(30) Hafrafellstunga II í Öxarfjarðarhreppi, yfirlitssíða úr Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(31) Hrauntangi í Presthólahreppi, yfirlitssíða úr Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
